



---

SKÝRSLA FORSETA  
um störf  
Alþýðusambands Íslands  
árið 2006

# Skýrsla forseta 2006

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands er unnin af starfsfólki á skrifstofu Alþýðusambandsins, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalýðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Listasafns ASÍ.

**Ritstjóri:** Guðmundur Rúnar Árnason

**Ábyrgðarmaður:** Grétar Þorsteinnsson

**Útlitshönnun og prentvinnsla:** Ísafoldarprentsmiðja

**Myndir:** Róbert og starfsfólk Alþýðusambands Íslands

**Kápuhönnun:** Auglýsingastofa Skaparans

Skýrslan er lögð fyrir sjötta ársfund ASÍ

26. og 27. október 2006

Reykjavík, október 2006 – Ísafoldarprentsmiðja

# EFNISYFIRLIT

<b>Inngangur</b> .....	<b>15</b>
<b>Ársfundur ASÍ 2005</b> .....	<b>17</b>
Setning fundarins .....	17
<i>Ávarp félagsmálaráðherra</i> .....	22
<i>Kjörbrefanefnd</i> .....	29
Afgreiðsla fundarskapa ársfundar .....	30
Kjör starfsmanna ársfundar .....	30
Skýrsla forseta og reikningar ASÍ.....	30
<i>Samstæðureikningur ASÍ 2004</i> .....	33
<i>Umræða um skýrslu forseta og reikninga</i> .....	34
<i>Reikningar ASÍ og stofnana afgreiddir</i> .....	34
Málefni – framsögur, umræður og afgreiðsla .....	35
<i>Efnahags- og kjaramál</i> .....	35
<i>Lífið í vinnunni</i> .....	36
<i>Jafnréttisstefna</i> .....	37
<i>Staða og starfshættir verkalýðshreyfingarinnar</i> .....	37
<i>Önnur mál</i> .....	38
<i>Kosningar og kosningaúrslit</i> .....	39
<i>Tillaga um kjörnefnd</i> .....	39
Samþykktir ársfundar .....	39
<i>Framtíðarsýn Alþýðusambands Íslands</i> .....	39
<i>Tillögur ársfundar ASÍ 2005 um aðgerðir til að auka skilvirkni í starfi ASÍ</i> .....	40
1. <i>Stjórnskipulag ASÍ</i> .....	40
2. <i>Samstarfssamningur landssambanda</i> .....	41
3. <i>Samstarf á grunni atvinnugreina</i> .....	41

4. Endurskoðun og samræming á lögum ASÍ .....	41
Tillögur ársfundar ASÍ 2005 um sérstakt kynningarátak fyrir sterkari ímynd verkalýðshreyfingarinnar .....	42
<i>Staðan</i> .....	42
<i>Hugmyndir verkefnishóps um fyrstu skref</i> .....	42
<i>Stefnumótun</i> .....	42
<i>Fjármögnun</i> .....	43
Stefna ASÍ í jafnrétti kvenna og karla.....	43
<i>Verkefni verkalýðshreyfingarinnar</i> .....	43
Lífið í vinnunni .....	44
<i>Framtíðarsýn ASÍ</i> .....	44
<i>Tillögur</i> .....	46
Ályktun um kjaramál .....	53
Ályktun um skattamál .....	53
Ályktun um íslenskan lánamarkað.....	54
Ályktun um fullgildingu ILO samþykktar 158.....	54
Ályktun um stuðning við frumvarp til laga um breytingar á skaðabótalögum.....	55
Fundarslit.....	55
Listi yfir fulltrúa á ársfundi ASÍ 2005 .....	58
Félög með beina aðild að ASÍ.....	58
Landssamband Ísl. Verzlunarmanna.....	58
MATVÍS .....	59
Rafiðnaðarsamband Íslands.....	60
Samiðn.....	60
Sjómannasamband Íslands .....	60
Starfsgreinasamband Íslands .....	61
Breytingar á ársfundarfulltrúum.....	64

<b>Af vettvangi miðstjórnar ASÍ .....</b>	<b>65</b>
Ályktun um raforkuverð.....	67
Uppsagnir starfsmanna á Keflavíkurflugvelli .....	67
Kjör og réttindi fatlaðra starfsmanna á vernduðum vinnustöðum .....	68
1. maí 2006.....	69
<b>Efnahags-og verðlagsmál .....</b>	<b>71</b>
Efnahagsmálin.....	71
<i>Ójafnvægi í þjóðabúskapnum</i> .....	72
<i>Mikil vöxtur einkaneyslu</i> .....	73
<i>Skuldir heimilanna vaxa hratt</i> .....	73
<i>Mikil vöxtur í fjárfestingum</i> .....	74
<i>Illa gengur að halda aftur af samneyslunni</i> .....	74
<i>Mikið ójafnvægi í utanríkisviðskiptum</i> .....	75
<i>Verðlag, vextir og gengi</i> .....	76
<i>Miklar launahækkarnir</i> .....	79
<i>Gott atvinnuástand</i> .....	80
Verðlagseftirlit ASÍ.....	81
<b>Kjaramál og kjarasamningar .....</b>	<b>86</b>
Endurskoðun kjarasamninga 15.11.2005 .....	86
<i>Niðurstaða endurskoðunarinnar</i> .....	87
Kjarasamningar og kjarabreytingar hjá hinu opinbera .....	95
<i>Samningur Eflingar við Reykjavíkurborg</i> .....	95
<i>Launaráðstefna sveitarfélaga</i> .....	95
<i>Launabreytingar sjálfseignarstofnum kostuðum af ríki</i> .....	95
<i>Launabreytingar hjá ríki</i> .....	96
Endurskoðun kjarasamninga 22. júní 2006.....	96
Úrskurðir Kjaradóms og Kjaranefndar .....	98

Réttarstaða fatlaðra á vinnumarkaði - Sameiginleg yfirlýsing	
ASÍ og Hlutverks.....	114
Kjarasamningur um fjarvinnu .....	115
<b>Atvinnumál .....</b>	<b>120</b>
Atvinnuástandið .....	120
Grunngerð atvinnulífsins.....	122
Nýsköpun atvinnulífsins.....	122
Atvinnugreinar /byggðamál .....	124
Atvinnumálanefnd ASÍ.....	126
Annað starf að atvinnumálum.....	126
<b>Velferðarmál .....</b>	<b>128</b>
Jöfnuður.....	128
Tryggingamál .....	132
Velferðarnefnd ASÍ.....	134
Annað starf að velferðarmálum.....	134
<b>Félags- og vinnumarkaðsmál.....</b>	<b>136</b>
Ný lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir.....	137
<i>Starf nefndar félagsmálaráðherra um endurskoðun laganna.....</i>	<i>137</i>
<i>Bókun vegna skýrslu nefndar um endurskoðun laga</i>	
<i>um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir .....</i>	<i>140</i>
<i>Endurskoðun kjarasamninganna í nóvember 2005 og júní 2006 .</i>	<i>141</i>
<i>Ný lög taka gildi 1. júlí 2006 .....</i>	<i>141</i>
Jafnréttis- og fjölskyldumál.....	142
<i>Jafnréttis- og fjölskyldunefnd .....</i>	<i>142</i>
<i>24. október 2005 – Kvinnafriðagurinn.....</i>	<i>142</i>
<i>8. mars – alþjóðlegur baráttudagur kvenna.....</i>	<i>143</i>

<i>Konur og hnattvæðing – er heimurinn eitt atvinnusvæði?</i>	
<i>Ávarp á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2006.....</i>	<i>143</i>
<i>Endurskoðun jafnréttislaga 96/2000.....</i>	<i>145</i>
<i>Launaleynd.....</i>	<i>145</i>
<i>Úrlausn ágreiningsmála vegna meintra brota á lögum 96/2000..</i>	<i>146</i>
<i>Kærunefnd jafnréttismála.....</i>	<i>146</i>
<i>Tillaga að nýju úrræði – úrslausn ágreiningsmála</i>	
<i>innan fyrirtækja.....</i>	<i>147</i>
<i>Jafnréttisáætlanir.....</i>	<i>148</i>
<i>Bætur vegna brota á lögnum.....</i>	<i>148</i>
<i>Aðild kvenna að stjórnnum hlutafélaga.....</i>	<i>149</i>
<i>Fæðingar- og foreldraorlofslögin.....</i>	<i>149</i>
<i>Málefni foreldra langveikra barna – ný löggjöf.....</i>	<i>150</i>
<i>Fræðsla og kynning.....</i>	<i>151</i>
<i>Lífeyrismál.....</i>	<i>151</i>
<i>Vinnuvernd.....</i>	<i>152</i>
<i>Vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og „Lífið í vinnunni“.....</i>	<i>153</i>
<i>Evrópsk vinnuverndarvika.....</i>	<i>153</i>
<i>Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd.....</i>	<i>153</i>
<i>Ábyrgðarsjóður launa.....</i>	<i>153</i>
<i>Framkvæmd EES-samningsins.....</i>	<i>155</i>
<i>Samninganefndir vegna EES reglna.....</i>	<i>155</i>
<i>Stækkun EES og opnun vinnumarkaðarins.....</i>	<i>156</i>
<i>Upplýsingar og samráð.....</i>	<i>156</i>
<i>Nefnd um endurskoðun laga um starfsmenn í hlutastörfum.....</i>	<i>157</i>
<i>Evrópukjarasamningar.....</i>	<i>158</i>
<i>Vaxholm og Viking málin.....</i>	<i>158</i>
<i>Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.....</i>	<i>159</i>
<i>„Einn réttur – Ekkert svindl“.....</i>	<i>159</i>
<i>Átakinu haldið áfram.....</i>	<i>161</i>

<i>Greinargerð starfsmanna átaksins „einn réttur – ekkert svindl“.</i>	162
<i>Frankvæmd samnings ASÍ og SA um málefni útlendinga.....</i>	165
<i>Starfshópur um starfsmannaleigur og lagasetning.....</i>	165
<i>Frjáls för launafólks og nýju aðildarríkin.....</i>	168
<i>Stækkun EES og frjáls för launafólks 1. maí 2006 –</i>	
<i>Hvað vill ASÍ? Minnisblað 20. mars 2006.....</i>	169
<i>Frestheimildir ekki nýttar.....</i>	174
<i>Kröfur um frekari styrkingu vinnumarkaðarins.....</i>	174
<b>Endurskoðun kjarasamninga í júní 2006.....</b>	<b>176</b>
<i>Kárahjúkar.....</i>	176
<i>Öryggismál.....</i>	177
<i>Starfsréttindi.....</i>	178
<i>Innheimtumál.....</i>	178
<i>Karperm.....</i>	179
<b>Fræðslu- og menntamál.....</b>	<b>180</b>
Félagsleg fræðsla.....	181
<i>MFA - fræðsludeild ASÍ.....</i>	181
<i>Þjónusta fræðsludeildar.....</i>	181
<i>Trúnaðarmannanámskeið.....</i>	181
<i>Formlegt mat á trúnaðarmannanámi.....</i>	182
<i>Háskólanám.....</i>	182
<i>Námskeið.....</i>	182
Útgáfa.....	182
<i>Einelti á vinnustað.....</i>	183
<i>Vefnám fyrir trúnaðarmenn.....</i>	183
<i>Handbók trúnaðarmannsins.....</i>	183
<i>Kynningar.....</i>	183
Önnur störf.....	183
<i>Genfarskólinn.....</i>	183



<i>Starfsmenntaverðlaun</i> .....	183
Nýr framhaldsskóli .....	185
<i>Skipulag framhaldsskólans</i> .....	185
Starfsmenntaráð .....	188
Vika símenntunar og starfsmenntaverðlaunin .....	189
MENNT, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla .....	189
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins .....	190
<i>Stjórn</i> .....	190
<i>Starfsmenn</i> .....	190
<i>Þjónustusamningur ASÍ og SA við menntamálaráðuneytið</i> .....	191
<i>Húsfélag</i> .....	191
<i>Þjónustu- og samstarfssamningar við fræðsluaðila</i> .....	192
<i>Meginmarkmið þjónustusamningsins</i> .....	192
<i>Nýjar námsleiðir</i> .....	192
<i>Gæði náms</i> .....	193
<i>Upplýsingar um markhópinn</i> .....	194
<i>Þróun mats á raunfærni</i> .....	194
<i>Uppbygging námsferilsskrár</i> .....	196
<i>Þróun náms- og starfsráðgjafar</i> .....	196
<i>Þróun aðferða í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun</i> .....	197
<i>Einstaklingsmiðuð náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun</i> .....	198
<i>Námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn</i> .....	198
<i>Greiðslur til vottaðs náms</i> .....	198
<i>Söfnun og miðlun upplýsinga</i> .....	199
<i>Önnur verkefni</i> .....	200
<i>Norrænt tengslanet um nám fullorðinna</i> .....	200
<i>Fagmenntun á sviði verslunar og þjónustu</i> .....	200
<i>Starfsgreinaráð fjármála-, verslunar- og skrifstofugreina</i> .....	201
<i>Fyrirmyndarfyrirtæki 2006</i> .....	201

Mímir – símenntun.....	201
Ágrip af sögu Mímis - símenntunar.....	202
Nám til eininga.....	203
Nám samkvæmt námskrám Menntamálaráðuneytisins.....	203
Nám samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	204
Nám fyrir atvinnulífið .....	205
Tómstunda- og einstaklingsnámskeið.....	208
Íslenska fyrir útlendinga.....	210
Námsráðgjöf.....	211
Erlent samstarf.....	212
Þróunarverkefni .....	212
Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar.....	213

## **Erlend samskipti . . . . . 215**

Norræna verkalyðssambandið - NFS .....	216
Undirnefnd NFS um lausn ágreiningsmála í ESB vinnurétti.....	216
Árlegur samráðsfundur lögfræðinga aðildarsamtaka NFS.....	217
Ráðstefna NFS um hreyfanleika launafólks í Evrópu .....	218
Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi (VN) .....	218
Evrópusamband verkalýðsfélaga - ETUC.....	218
Samningar aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um varnir gegn áreiti og ofbeldi.....	219
NETLEX – Network of Legal Experts .....	219
Ráðgjafarnefnd EFTA .....	219
Helstu verkefni Ráðgjafarnefndarinnar .....	220
Ráðgjafarnefnd EES.....	220
Alþjóðavinnuálastofnunin - ILO.....	220
94 og 95 þing ILO .....	220
Sendinefndin.....	220
Samþykkt um aðbúnað og hollustuhætti – önnur umræða.....	221

<i>Setning tilmæla um ráðningarsamband</i> .....	221
<i>Almenn umræða um tæknilega aðstoð ILO</i> .....	222
<i>Nefnd um framkvæmd samþykkt</i> .....	222
<i>Mat</i> .....	222
<i>Norræna ILO samstarfið</i> .....	222
<i>Þrithliðanefnd ILO á Íslandi</i> .....	223
Kynniserð ASÍ til Kaupmannahafnar og Brussel .....	223
<b>Lagabreytingar og skipulagsmál.....</b>	<b>224</b>
Laganefnd.....	224
Skipulags- og starfsháttanefnd .....	224
<i>Viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélag</i> ASÍ.....	225
<i>Reglugerðum leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu meðal</i> <i>félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ</i> .....	237
<b>Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ.....</b>	<b>243</b>
Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2006 .....	244
Ímynd ASÍ .....	244
ASÍ vefurinn.....	244
<b>Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur .</b>	<b>246</b>
<i>Frumvarp til laga um starfsmannaleigur, 366. mál.</i> .....	246
<i>Þingsályktunartillaga um afkomutryggingu aldraðra og</i> <i>öryrkja, 4. mál.</i> .....	249
<i>Frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál.</i> .....	250
<i>Þingsályktunartillaga um fullorðinsfræðslu, 25. mál.</i> .....	250
<i>Þingsályktunartillaga um samstarfsverkefni ríkis og</i> <i>sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla, 26. mál.</i> .....	251
<i>Þingsályktunartillaga um náms- og starfsráðgjöf í</i> <i>grunn- og framhaldsskólum, 14. mál.</i> .....	252

<i>Þingsályktunartillaga um nýskipan í starfs- og fjöltækninámi, 15. mál.</i> .....	252
<i>Frumvarp til laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, 328 mál.</i> .....	253
<i>Frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, 389 mál.</i> .....	255
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjógvun ), 340 mál.</i> .....	255
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. 45. mál.</i> .....	255
<i>Þingsályktunartillaga um könnun á viðhorfum og væntingum til stjórn málaþátttöku, áhrifa og valda kvenna, 29. mál.</i> .....	257
<i>Þingsályktunartillaga um hlut kvenna í sveitarstjórnnum, 34. mál.</i> .....	257
<i>Frumvarp um breyting á hegningarlögum nr. 19, 12 febrúar 1940 (heimilisofbeldi), 365 mál</i> .....	257
<i>Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997, 371. mál</i>	258
<i>Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál.</i> .....	260
<i>Frumvarp til laga um hlutafélög, 461. mál, EES-reglur, upplýsingaákvæði, og frumvarp til laga um einkahlutafélög, 462. mál. EES-reglur, upplýsingaákvæði.</i> .....	260
<i>Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 448. mál.</i> .....	261
<i>Frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 388. mál</i> .....	261
<i>Frumvarp til laga um hlutafélög, 444. mál, stjórnarhættir, starfskjör stjórnenda, og frumvarp til laga um einkahlutafélög, 445. mál með sama heiti.</i> .....	261
<i>Frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög ...</i>	262
<i>Frumvarp til laga um hlutafélög, 436. mál, opinber hlutafélög ...</i>	264
<i>Frumvarp til laga um hlutafélög, 461. mál, EES-reglur,</i>	

<i>upplýsingaákvæði, og frumvarp til laga um einkahlutafélög,</i>	
<i>462. mál. EES-reglur, upplýsingaákvæði.....</i>	<i>264</i>
<i>Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur</i>	
<i>ríkisins, 392. mál.....</i>	<i>265</i>
<i>Þingsályktunartillaga um stefnumótandi byggðaáætlun</i>	
<i>fyrir árin 2006-2009, 391. mál.....</i>	<i>265</i>
<i>Frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs, 403. mál.....</i>	<i>266</i>
<i>Frumvarp um vatnalög, 268. mál.....</i>	<i>267</i>
<i>Frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 58. mál.....</i>	<i>267</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 5/1998,</i>	
<i>kosningar til sveitastjórna, 75. mál.....</i>	<i>267</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vegabréf,</i>	
<i>nr. 136 22. desember 1998, 615. mál.....</i>	<i>268</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum 19/1979, um rétt</i>	
<i>verkafélks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna</i>	
<i>sjúkdóms- og slysaforfalla, 172 mál.....</i>	<i>268</i>
<i>Þingsályktunartillaga um hreyfingu sem valkost í</i>	
<i>heilbrigðiskerfinu, 220. mál. ....</i>	<i>293</i>
<i>Þingsályktunartillaga um opinbera nefnd sem vinnu gegn</i>	
<i>kynbundnum launamun. 224. mál.....</i>	<i>293</i>
<i>Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir,</i>	
<i>nýsköpun og atvinnuþróun, 731. mál.....</i>	<i>294</i>
<i>Frumvarp til laga um kjararáð, 710. mál.....</i>	<i>296</i>
<i>Frumvarp til laga um atvinnu- og búseturétt launafólks</i>	
<i>innan EES og atvinnuréttindi útlendinga (ríkisborgarar</i>	
<i>nýrra aðildarríkja), 771 mál.....</i>	<i>297</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vísinda- og</i>	
<i>tækniráð, 744. mál.....</i>	<i>305</i>
<i>Frumvörp til laga um atvinnuleysistryggingar (742 mál)</i>	
<i>og vinnumarkaðsaðgerðir (788 mál).....</i>	<i>306</i>

<i>Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, 708. mál</i> .....	307
<i>Frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald ofl., 794. mál.</i>	307
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, 793. mál</i> .....	308

**Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum** .....

**310**

**Fastanefndir ASÍ - málefnanefndir** .....

**322**

**Listasafn ASÍ** .....

**326**

*Yfirlit yfir starfsemi safnsins október 2005 - september 2006*.....

326

*Sýningastarfsemi Listasafns ASÍ* .....

326

*Sýningar í Listasafni ASÍ október 2005 - september 2006*.....

327

*Aðrir viðburðir í safninu*.....

329

*Safnaeign, safnauki og millisafnalán* .....

330

*Listi yfir ný aðföng safnsins:* .....

330

*Millisafnalán:*.....

331

*Vinnustaðasýningar* .....

332

*Niðurlag*.....

332

**Fundir og fundasókn miðstjórnarmanna**

**frá 5. október 2005 til 4. október 2006** .....

**334**

**Ýmsar upplýsingar úr skýrslum aðildarfélaganna** .....

**336**

**Reikningar ASÍ og stofnana árið 2005** .....

**361**

# Inngangur

Skýrsla forseta fyrir árið 2006 er hefðbundin. Hún er hefðbundin að því leyti að efnistöð eru með líku sniði og verið hefur undanfarin ár og hún er jafnframt hefðbundin hvað það varðar að hún er meiri að vöxtum en árið á undan. Skýringanna á því er einkum að leita í því að starf okkar verður sífellt umfangsmeira og öflugra, auk þess sem hjá okkur og starfsfólki ASÍ byggist sífellt upp þekking og reynsla sem gera starfið enn meira og markvissara.

Skýrsla forseta er fyrst og fremst hugsuð til afnota fyrir okkur sjálf, félögin og forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalyðsfélaganna. Hún er uppflettirit um það sem fram fór á árinu og síðast en ekki síst er hún væntanlega ómetanlegur fjársjóður fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar.

Samhliða skýrslu forseta höfum við nú um nokkurra ára skeið gefið út smærri skýrslu – Árið í hnotskurn – þar sem við höfum leitast við að draga fram nokkur mikilsverð viðfangsefni ársins og segja frá þeim í stuttu máli. Þessari útgáfu hefur verið dreift víða og hún hefur fengið verðuga athygli og góðar viðtökur.

Árið hefur sannarlega verið viðburðaríkt. Þannig hafa kjarasamningar verið endurskoðaðir tvívegis frá því að við komum síðast saman til ársfundar fyrir um það bil ári síðan. Í báðum tilvikum tengdist það óstöðugleika og ég vil segja óstjórn í efnahagsmálum. Í nóvember síðastliðnum var samkvæmt ákvæðum kjarasamninganna gert ráð fyrir endurmati út frá verðlagsforsendum – og eins og við fórum yfir á síðasta ársfundi, þá voru þær kolsprungnar. Það náðist samkomulag um ákveðna launalagfæringu og í tengslum við endurskoðunina gaf ríkisstjórnin yfirlýsingu, sem fól í sér mikilvæga áfanga í að treysta stöðuna á vinnumarkaði. Þar má nefna hækkun atvinnuleysisbóta og tekjutengingu þeirra. Þar er jafnframt lögð áhersla á markviss úrræði, ráðgjöf og þjálfun, sem taka mið af aðstæðum og þörfum hvers einstaklings og miða að því að bæta stöðu hans við starfsleit. Ríkisstjórnin lýsti sig auk þess reiðubúna til að leggja fram umtalsverða fjármuni til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA. Í þriðja lagi lofaði ríkisstjórnin því að setja lög um starfsmannaleigur og í fjórða lagi hét ríkisstjórnin því að setja 100 milljónir króna til viðbótar í að efla fullorðinsfræðslu og styrkja möguleika fólks á vinnumarkaði til að auka við menntun sína og fá hana viðurkennda.

Eins og við þekkjum, átti aftur að endurskoða kjarasamninga í nóvember í ár, en sl. vor kom forysta Samtaka atvinnulífsins að máli við okkur og óskaði eftir því að þessari endurskoðun yrði flýtt, fyrst og fremst vegna þess að verðbólga væri komin á hættulegt stig og ýtti undir óvissu á vinnumarkaði. Í framhaldi hófust síðan viðræður við ríkisstjórnina um aðkomu hennar að málinu. Þann 22. júní var undirritað samkomulag aðila, þar sem taxtalaun

hækkuðu um 15.000 kr. og þeim sem ekki starfa á töxtum voru tryggðar a.m.k. 5,5% launahækkun á liðnum 12 mánuðum. Auk þess stóðu ASÍ og SA saman að ákveðinni tillögugerð varðandi erlenda starfsmenn, gerviverktöku, opinber innkaup og lögbrot í atvinnustarfsemi.

Aðkoma ríkisstjórnarinnar tengdist hækkun skattleysismarka og tengingu þeirra við neysluverðsvísitölu, endurskoðun vaxtabóta, ef í ljós kæmi að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hefði leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum, barnabætur miði við 18 ára aldur, eins og sjálfræðisaldur. Jafnframt fólust í fyrirheitum ríkisstjórnarinnar talsvert auknir fjármunir til starfsmenntamála og fullorðinsfræðslu, auk hækkunar grunnbóta atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga í samræmi við hækkun lægstu launa í tengslum við endurskoðunina. Þetta er allt útlistað með nákvæmum hætti í skýrslunni.

Kaflinn um félags- og vinnumarkaðsmál er ábúðarmikilli í skýrslunni. Þar er fyrirferðarmikil umfjöllun um ný lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, margvíslega vinnu að jafnréttismálum og málefni útlandinga á vinnumarkaði, svo fátt eitt sé nefnt.

Kaflinn um menntamálin ber það með sér að það er mikið um að vera á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar í þeim efnum og endurskoðun kjarasamninganna, bæði í nóvember og júní fela það í sér að mikilvægi þessa málaflökks mun verða enn meira á komandi árum. Sá mikilvægi áfangi náðist á árinu að fyrsti hópurinn, alls 25 einstaklingar, útskrifaðist úr háskólanáminu fyrir talsmenn stéttarféлага, en það hefur verið skipulagt í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Þetta samstarf hófst haustið 2004 og nú stunda 27 nemendur þetta nám.

Skipulagsmálin verða til umræðu á ársfundinum og sömuleiðis hnattvæðingin og staða launafólks. Þess sér stað víða í skýrslunni að unnið hefur verið að undirbúningi þeirrar umfjöllunar á árinu.

Ég tel að það sé óhætt að halda því fram að hnattvæðingin muni hafa áhrif á starf okkar á komandi árum og ef til vill gera til okkar nýjar kröfur, ekki síst kröfur um aukið alþjóðlegt samstarf.

Við minnumst þess nú, að á þessu ári eru 90 ár eru síðan fulltrúar nokkurra verkalýðsfélaga komu saman og stofnuðu Alþýðusamband Íslands. Þeir höfðu það að leiðarljósi að með sameinuðum kröftum næðu þeir meiri árangri í baráttu sinni. Það hefur ekkert breyst. Þannig er það í dag, við skilum meiri árangri ef við berjumst í sameiningu. Það er allur heimurinn undir: Okkar veröld – baráttunnar virði!

24. október, 2006

*Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ*





*Við upphaf ársfundarins 2005 söng Hildur Vala nokkur lög við undirleik Jóns Ólafssonar.*

## Ársfundur ASÍ 2005

### Setning fundarins

Ársfundur Alþýðusambands Íslands árið 2005 var haldinn á Hótel Nordica, 20. – 21. október. Við upphaf fundarins kl. 10:00 flutti Hildur Vala Einarsdóttir söngkona nokkur lög við undirleik Jóns Ólafssonar.

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, setti fundinn með eftirfarandi ávarpi:

*„Félagsmálaráðherra, góðir félagar.*

*Ég býð ykkur öll velkomin til fimmta ársfundar Alþýðusambands Íslands. Ég veit að við eigum eftir að eiga saman annasama en góða tvo daga.*

*Áður en við skildum hér að afloknum síðasta ársfundi, lögðum við línur um hvað hér yrði til umfjöllunar á þessum ársfundi sem nú er að hefjast.*

*Vissulega munum við halda okkar striki hvað það varðar, en jafnframt munum við fjalla ítarlega um stöðuna í efnahags- og kjaramálunum.*

*Verðlagsákvæði kjarasamninga og ýmsar aðstæður í samfélaginu kalla á það.*

*Hvaða aðstæður eru það? kann einhver að spyrja.*

*Þó það komi betur fram í framsögum og umræðum síðar á fundinum, þá get ég ekki látið hjá líða að nefna þætti eins og þann óstöðugleika í efnahagslífinu sem við búum við og neikvæð áhrif alþjóðavæðingarinnar á íslenskan vinnumarkað. Því til viðbótar hef ég undanfarið gert að umtals-efni það andrúmsloft græðgi sem ríkir í samfélaginu.*

*Það hefur verið að fjara undan gildum samkenndar og samhjálpur. Aðgerðir stjórnvalda undanfarin misseri hafa ekki miðað að því að hamla gegn þessari óheillaþróun. Því miður.*

*Að mínu viti eykur samspil afleiðinga alþjóðavæðingarinnar og græðginnar sem ég nefndi á þann óstöðugleika sem er í samfélaginu. Ég óttast að þessi óstöðugleiki muni birtast okkur á fleiri sviðum verði ekki við því brugðist.*

*Við höfum því verk að vinna, félagar!*

*Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hafa verið í miklum brennidepli undanfarið. Ég ætla ekki að rekja hvað hefur gerst á árinu í því sambandi – það þekkja allir átakið Einn réttur - ekkert svindl, sem við hleyptum af stokkunum síðastliðið vor.*

*Í þeirri vinnu sem þar hefur verið unnin hefur mikið óréttlæti verið afhjúpað. Það er ljóst að sumir atvinnurekendur hafa notað ástandið til þess að hagnast á aðstæðum útlendinga sem hingað koma í leit að atvinnu. Það er jafnljóst að reglur og lagaumhverfi hafa ekki verið undir þetta búin.*

*Við höfum þrýst á um úrbætur – og vissulega hefur nokkuð áunnist. Ég ber til dæmis ekki saman aðstæður við Kárahnjúka í dag og þær sem við sáum þar í upphafi. Það kostaði hins vegar heilmikla vinnu og átök. Gleymum því ekki.*

*Við gerum þá kröfu til atvinnurekenda og stjórnvalda, að það sé gert sem þarf til að þessir hlutir séu í lagi. Atvinnurekendur verða að taka til í sínum garði – passa upp á sitt fólk. Stjórnvöld verða að tryggja regluverk-ið.*

*Þar rís hæst um þessar mundir augljós og yfirþyrmandi skortur á lögum – bitastæðum lögum - um starfsmannaleigur. Við vitum allt sem við þurfum að vita um ástandið og afleiðingarnar. Það er ekki eftir neinu að bíða. Þetta hefur dregið alltof lengi.*

*Félagar.*

*Ein af helstu uppsprettum mismununar í þjóðfélaginu er menntakerfi-ið. Um leið er menntakerfið – ef rétt er á haldið – sterkasta tækið til að*

minnka muninn og auka á jafnréttið. Krafan um jafnrétti til náms er eitt stærsta viðfangsefnið í því sambandi.

Það var því heldur dapurleg framsetningin í fjárlagafrumvarpinu, þar sem því var lýst hvernig ætlunin væri að ráðstafa 870 milljóna viðbótarframlagi í menntamál. Auðvitað mörg góð og þörf viðfangsefni á ferðinni, en ekki króna í starfsmenntamál eða fullorðinsfræðslu – fræðslu þeirra sem hafa minnstu menntunina! Þetta eru önnur fjárlögin frá kosningum og engir viðbótarfjármunir settir í þennan málaflökk.

Jafnrétti kynjanna er ofarlega á baugi í starfinu hjá okkur núna – jafnréttismálin eru sérstakt viðfangsefni á fundinum. Þar verður meðal annars kynntur afrakstur af því starfi sem hefur verið í gangi frá síðasta ársfundi. Við réðum sérstakan starfsmann til að sinna þessu verkefni og þess sér stað í verkefnum fundarins.

Ég bind miklar vonir við að jafnréttisáætlunin sem ég geri ráð fyrir að verði hér samþykkt, verði lóð á vogarskálarnar í að eyða því hrópandi óréttlæti sem kynbundinn munur á kjörum er. Við eigum ekki að líða hann.

Skýrustu birtingarmynd óstöðugleikans sem ég minntist á áðan finnum við í efnahagsástandinu. Það reynir örugglega á ákvæðin um endurskoðun launaliðarins í kjarasamningunum frá vorinu 2004.

Í aðdraganda þessara kjarasamninga lögðum við áherslu á samþættingu efnahags- atvinnu- og félagsmála. Við lögðum mikla vinnu í undirbúning þessara tillagna – og þær eiga ekkert síður við í dag en þá. Ég fullyrði að við værum ekki í þessari stöðu ef okkur hefði auðnast að fá viðsemjendur okkar – atvinnurekendur og stjórnvöld – til að ganga þennan veg með okkur.

Við höfum hamrað á mikilvægi þessarar samþættingar og reynt að afla henni fylgis þessara aðila um nokkurt skeið. Það hefur því miður borið afar takmarkaðan árangur.

*Félagar.*

Ég hef hér lýst ástandi sem við þekkjum öll. Það blasir við okkur á hverjum degi. Það birtist í daglegum viðfangsefnum okkar. Það er jafnljóst, að við erum ekki sátt við það. Samt viðgengst það. Eigum við ekki að geta fært þetta til betri vegar? Erum við ekki nógu mörg? Ekki nógu sterk?

Ég tel að ég geti fullyrt að við erum nógu mörg. Það skapar okkur auðvitað mögulegan styrk – en mögulegur styrkur er ekki raunverulegur styrkur nema við séum reiðubúin til að beita honum. Og aðrir skynji að við séum reiðubúin til að beita honum.

Undanfarin ár höfum við unnið gott starf hvað það varðar að þetta raðirnar og losa okkur undan vandamálum sem hrjáðu hreyfinguna á tímabili. Við erum því í dag betur undir það búin að styrkja hreyfinguna enn frekar. Við erum sterk – en við þurfum að verða enn sterkari. Á okkur hvílir einfaldlega sú ábyrgð. Jarðvegurinn er frjór og þörfin er brýn. Við þurfum einfaldlega að styrkja verkalýðshreyfinguna enn frekar.

Við getum sem betur fer talað um þetta tæpitungulaust. Það er mikils virði. Þá erum við líka tilbúin að stíga næsta skref.

Breytingar á vinnumarkaði verða sífellt hraðari, ekki síst vegna alþjóðavæðingarinnar og nýrrar tækni. Skipulag okkar hreyfingar er ekki eins skýrt og afmarkað og áður. Fyrirtæki hafa stækkað og runnið saman og þau eru ekki eins bundin við tiltekna staði og áður. Hlutabréfavæðingin í atvinnulífinu hefur enn frekar kynt undir.

Síðan hefur skörun milli félagssvæða og starfshópa stundum verið vandamál. Það hefur leitt til ágreinings í okkar röðum.

Í undanförunum kjarasamningum hafa atvinnurekendur teflt fram fámennum hópi starfsmanna sinna – í stað þess að forystumennirnir hafi staðið í eldlínunni. Þeir hafa stundum ráðið ferðinni, við hverja er rætt og hvenær.

Ef við ætlum ekki að sætta okkur við þær aðstæður sem ég hef hér rakið og gera má ráð fyrir að muni verða enn meira áberandi í framtíðinni – þá verður að bregðast við með viðeigandi hætti.

Það er ríkur skilningur í þjóðfélaginu á mikilvægi sterkrar verkalýðshreyfingar. Hins vegar segja þær rannsóknir sem við höfum unnið frá síðasta ársfundi okkur að hreyfingin þyki of þunglamaleg og gamaldags. Við þurfum því að efla og bæta ímynd verkalýðshreyfingarinnar út á við. Landsmenn vilja að við séum sterk.

Þess vegna er ábyrgð okkar mikil. Og við skulum ekki telja okkur trú um að þetta sé bara spurning um að pakka hlutunum inn. Þetta verkefni snýst ekki bara um að fá einhverja góða auglýsingastofu til að hanna nýja ímynd fyrir verkalýðshreyfinguna.

Þó að öll framsetning og ímyndarvinna sé mikilvæg – þá er hún lítils virði ef það er ekki burður í innihaldinu.

Þess vegna segi ég við ykkur nú, ágætu félagar. Við þurfum að endurskoða starfshætti hreyfingarinnar og stöðuna í heild. Hvar erum við stödd og hvert viljum við stefna?

Við höfum lagt niður fyrir okkur nokkur viðfangsefni sem verða reifuð á þessum ársfundi. Sum þeirra munum við væntanlega afgreiða núna, en önnur verða sett í áframhaldandi úrvinnslu og koma til afgreiðslu á næsta ársfundi.

Það sem við höfum einsett okkur að afgreiða á þessum fundi er ný framtíðarsýn Alþýðusambandsins – hvorki meira né minna. Ég vona að það hvarfli ekki að nokkrum hér inni að þar með ætlum við að hverfa frá grundvallargildum verkalyðshreyfingarinnar. Þvert á móti. Við ætlum að reyna að meitla þau í stuttan aðgengilegan texta sem segir hvert við viljum stefna á allra næstu árum.

Við gerum jafnframt ráð fyrir að þessi ársfundur afgreiði ákveðnar reglur um sjúkrasjóði, sem feli í sér þau lágmarksréttindi sem þeim beri að tryggja.

Í þriðja lagi er lagt upp með að á þessum fundi verði afgreidd stefna í ímyndar- og kynningarmálum. Í því felst ekki að við trúum því að hreyfingin hafi fengið nýja ímynd eftir þennan fund, heldur miklu fremur að við mótum stefnu og áætlun um hvernig við ætlum að haga vinnunni við mótun nýrrar ímyndar. Það er síðan lengri tíma verkefni.

Eftir þennan ársfund er síðan gert ráð fyrir að fjalla nánar um ákveðna þætti. Þar má nefna viðfangsefni eins og hverjir taka ákvarðanir – hvar og hvenær? Auk þess er ástæða til að ræða verkaskiptingu milli félaga, sambanda og heildarsamtakanna – skýra og skerpa á því hvaða mál við fjöllum um á sameiginlegu borði.

Ég ætla ekki að fara nánar út í einstaka efnisþætti í þessari vinnu – í sem stystu máli snýst hún um að auka skilvirknina í starfi okkar.

Í þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram, held ég að við höfum komist nær kjarna málsins en oft áður. Við erum að ræða um innihald og aðferðir – ekki bara form og áferð.

Ég er jafnframt þeirrar skoðunar að við höfum náð þessum góða takti í vinnunni af því að við erum tilbúin. Við erum sterk saman og erum staðráðin í að verða ennþá sterkari.

Ég hef trú á því, að nú séum við betur í stakk búin til að fást við þessi viðfangsefni en áður. Formenn landssambanda og stærstu félaga hafa nú í allmarga mánuði verið í umfangsmikilli greiningar- og undirbúningsvinnu. Við höfum lagt mikið á okkur. Við höfum talað hreint út hvert við annað – og það geta menn ekki nema þegar félagslegt ástand er gott og trúnaður ríkir.

Þess vegna segi ég að við séum reiðubúin til að stíga næsta skref. Við erum reiðubúin að gera það sem gera þarf til að hreyfingin hafi þann styrk sem hún á að hafa – og getur auðveldlega haft.

Ef við höfum trú á því sjálf félagar – þá munu aðrir skynja það.

Þá verður hinn mögulegi styrkur raunverulegur. Þá getum við knúid á um breytingar á því sem við getum ekki sætt okkur við.

*Verkalýðshreyfingin er tilbúin í þetta verkefni. Hún er tilbúin að ganga til móts við nýja tíma.*

*Það er ekki eftir neinu að bíða.*

*Fimmti ársfundur Alþýðusambands Íslands er settur og ég bið Ingi-  
björgu R. Guðmundsdóttur, varaforseta sambandsins að taka við stjórn  
fundarins.“*

## **Ávarp félagsmálaráðherra**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir varaforseti ASÍ tók við fundarstjórn og bauð félagsmálaráðherra **Árna Magnússon** velkominn til fundarins. Ráðherra flutti eftirfarandi ávarp:

*„Ágætu ársfundarfulltrúar.*

*Það eru liðin rétt tvö ár síðan ég fyrst fékk tækifæri til að ávarpa árs-  
fund Alþýðusambands Íslands sem félagsmálaráðherra. Þetta hefur verið  
viðburðarríkur tími og með nokkrum sviptingum á sviði vinnumarkaðsmála  
þótt að mínu mati hafi tekist nokkuð vel til þegar á heildina er litið. Þar  
skiptir auðvitað höfuðmáli að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði  
tókust án átaka.*

*Það er að mínu mati stundum hollt að velta fyrir sér, rifja upp og  
halda til haga ákveðnum grundvallaratriðum. Í okkar samfélagi hefur  
mótast almenn samstaða um að gefa heildarsamtökum atvinnurekenda og  
launafólks nokkuð mikið svigrúm til að semja sín á milli um kaup og kjör  
á vinnumarkaði.*

*Þetta gerir það að verkum að svigrúm stjórnámamannanna verður  
að sama skapi þrengra. Það er einfaldlega ekki hægt að verða við kröfum  
annars aðilans án þess að hyggja að afstöðu hins og kanna hvaða áhrif  
tilteknar aðgerðir hafa á umhverfið bæði í heild sem og á einstökum svið-  
um og greinum. Ég legg á það áherslu að ráðuneytið er ráðuneyti beggja  
aðila, bæði atvinnurekenda og launafólks. Hlutverk okkar er oftar en ekki  
hliðstætt hlutverki sáttasemjara í þeim skilningi að það ber að leita leiða  
sem báðir aðilar geti sætt sig við ... og í versta falli búið við. Slíkar lausnir  
eru sjaldnast hristar fram úr erminni. Leit að þeim tekur tíma.*

*Ég hef á þeim tíma sem ég hef gegnt embætti félagsmálaráðherra  
lagt áherslu á náð og reglubundið samráð við samtök atvinnurekenda og  
launafólks. Á þessum tíma hafa verið haldnir nokkuð reglulega samráðs-  
fundir með fulltrúum Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins. Á  
fundunum hafa fulltrúar heildarsamtakanna farið yfir helstu hagsmunamál  
sín og þar hafa farið fram hreinskiptin skoðanaskipti. Það hefur ekki farið  
fram hjá mér að fulltrúum Alþýðusambandsins hefur á stundum fundist*

hlutirnir ganga hægt og óþarflega langur tími líða án þess að botn fáiast í mál. Þetta má að einhverju leyti til sanns vegar færa en eðli þeirra mála er um ræðir er nú það að þar takast á ólíkir hagsmunir og skoðanir og því taka þau tíma.

Ég leyfi mér að nefna reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga, starfsemi starfsmannaleiga og fullgildingu alþjóðasamþykktar Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda í þessu sambandi.

Í þessum málum sem og öðrum hefur ráðuneytið fylgt þeirri stefnu að vera vettvangur fyrir skoðanaskipti, reynt að skapa gagnkvæmt traust á milli aðila og freistað þess að beita á jákvæðan hátt áhrifum sínum til að niðurstaða fáiast sem dragi úr ágreiningi, skapi forsendur fyrir því að vél samfélagsins gangi sem snurdulausast og starfsfólk búi við gott vinnuumhverfi. Þetta er að mínu mati forsendan fyrir því að hægt sé að viðhalda og endurbæta það velferðarsamfélag sem við búum við hér á landi. Þetta hefur ekki alltaf reynst auðvelt og auðvitað hafa menn mismunandi skoðanir á því hvernig til hefur tekist. Það er eðlilegt.

Ánægjulegasta þróunin á þessum tveimur árum snertir atvinnustigið. Fyrr í mánuðinum hélt Vinnuáráðsstofnun ársfund sinn og þar var farið útarlega yfir framvinduna á vinnumarkaðinum, lagðar fram tölur um stöðuna og reynt að spá fyrir um þróunina næstu misserin. Það sem stendur upp úr er að fá lönd ef nokkur geta státað af jafngóðu atvinnuástandi og Íslendingar. Í síðasta mánuði var skráð atvinnuleysi 1,4% af vinnuaflinu. Þetta eru mikil umskipti á síðastliðnum tveimur árum svo að ekki sé talað um ástandið eins og það var árið 1995 þegar núverandi stjórnarsamstarf hófst en þá mældist atvinnuleysið fimm prósent. Stundum er eins og mönnum finnst þetta sjálfsagt og eðlilegt mál. Það er það hins vegar ekki. Markviss stjórnarstefna skiptir hér sköpum. Auðvitað dettur engum í hug að neita því að ytri aðstæður hafa áhrif á framvinduna heima fyrir ekki síst í landi sem á jafnmikið undir utanríkisviðskiptum og Íslendingar. En slæm stefna, framtaks- og viljaleysi og bábiljur ýmiss konar geta gert slæmt ástand ennþá verra.

Ríkisstjórnin hefur á stundum sætt harðri gagnrýni fyrir stefnu sína í atvinnuáráðum. Andstæðingar stóriðjuframkvæmda á Austurlandi hafa notað hvert tækifæri til að beina skeytum sínum að stjórnvöldum og reynt eftir mætti að torvelda vinnu á virkjunarsvæðinu allt undir merkjum náttúruverndar. Auðvitað ber að taka tillit til viðkvæmrar náttúru landsins þegar ráðist er í stórframkvæmdir. Almennigur gerir hins vegar þær kröfur til stjórnvaldamanna að þeir leggi sig fram um að þjóðin hafi vinnu og njóti fjárhaglegs öryggis og lífsgæða. Undir þeim kröfum viljum við rísa.

Ég tel að því verði ekki í móti mælt að ríkisstjórnin hefur fylgt framsækinni stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum sem er að bera mikinn árangur eins og sjá má hvert sem litið er. Sumir segja að árangurinn sé of mikill og að það megi greina ýmis hættumerki. Ábendingar og áhyggjur talsmanna heildarsamtaka á vinnumarkaði hafa hvorki farið fram hjá mér né öðrum í ríkisstjórninni en bent hefur verið á að verðbólga sé mun meiri en gert var ráð fyrir þegar kjarasamningar voru undirritaðir í ársbyrjun 2004. Ég ætla ekki að draga úr áhyggjum manna yfir þessari þróun. Þvert á móti tel ég mjög mikilvægt að ríkisvald, sveitarfélög og samtök aðila vinnumarkaðarins taki höndum saman um að stýra þjóðarskúttunni gegnum þann efnahagslega brimskafl sem við blasir næstu mánuðina eins og ég orðaði það á ársfundi Starfsgreinasambandsins fyrir skömmu.

Árangursríkt samstarf tryggir að Ísland verði áfram í fremstu röð þegar litið er til atvinnustigs og hagsældar almennings. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar áttu mjög góðan fund með fulltrúum verkalyðshreyfingarinnar fyrir í þessari viku þar sem öll helstu mál voru reifuð. Það kom glöggt í ljós hve hagsmunir okkar fara vel saman og fyrir mig er ánægjulegt að taka þátt í verkefni þar sem ég finn að menn koma fram af skynsemi og yfirvegum. Og ég get alveg sagt það hér í þennan hóp að ykkar forystusveit er sterk, ákveðin, raunsæ og framsýn. Ég segi framsýn af því að mér finnst afar mikilvægt að við, stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins, séum framsýn. Við eigum ekki að horfa á hlutina gerast, við eigum saman að móta framtíðina. Það eru margar áhugaverðar hugmyndir og mikilvægar lausnir sem eru þegar til skoðunar og menn farnir að reifa sín á milli. Þær varða m.a. starfsmannaleigur, atvinnuleysisbótakerfið, fræðslumál og málefni lífeyrissjóða. Allt mikilvæg grundvallaratriði sem mikilvægt er að við náum að þróa saman.

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hafa mikið verið til umfjöllunar á undanförunum tveimur árum. Aukin umsvif innanlands og velgengni íslenskra fyrirtækja í útlöndum hafa valdið mikilli eftirspurn eftir vinnuafli. Fyrirtæki hafa keppst um starfsmenn ekki síst í byggingariðnaði. Þetta hefur stórlega dregið úr atvinnuleysi eins og ég kom að fyrir í ræðu minni. En fleira hefur gerst.

Ásókn í erlent vinnuafl hefur farið verulega fram úr því sem áður hefur þekkt hér á landi. Gissur Pétursson gerði þessu vel skil í ræðu sinni á ársfundi Vinnuálastofnunar en eins og kunnugt er fer stofnunin með veitingu atvinnuleyfa. Hinn 1. maí 2004 fjölgaði aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagsvæðið úr 15 í 25. Að öllu jöfnu hefðu reglur um gagnkvæmt frelsi til að ferðast í atvinnuskyni um svæðið tekið gildi við þessi



tímamót. Íslensk stjórnvöld ákváðu hins vegar að beita nokkrum takmörkunum gagnvart 8 þeirra til að hafa betri stjórn á málunum. Af takmörkunum leiðir að áfram þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir borgara þessum frá 8 nýju aðildarríkjum.

Á aðlögunartímabilinu hefur nokkuð borið á því að íslensk fyrirtæki ráði til sín starfsmenn með þjónustusamningum við erlendar starfsmannaleigur. Þetta hefur haft í för með sér að kjör og aðstæður þeirra sem hingað koma til starfa fyrir milligöngu starfsmannamiðlana eða á grundvelli þjónustusamninga eru í mörgum tilvikum óljós og erfitt að sannreyna að fylgt sé íslenskum lögum og samningum sem eru í gildi um þetta efni. Þetta er þó ekki séríslenskt fyrirbrigði. Um þetta er eðlilega rætt á öllu EES-svæðinu, enda byggist frjálst flæði vinnuafls á þeim ágæta samningi sem við höfum öll hagnast á. Ég hef viljað ná samstöðu um að taka á þessum hlutum með samræmdum hætti og tekið málið upp við erlenda og innlenda aðila.

Ég hef sagt að vel komi til greina að setja sérstaka löggjöf um starfsmannaleigur eða setja ákvæði í gildandi löggjöf sem taka sérstaklega á starfsmannaleigum. Það er engu síður skýrt í mínum huga að við þurfum að vernda það kerfi sem við höfum verið að byggja upp saman á síðustu öld. Við ætlum ekki að kasta því fyrir róða. Þeir sem koma erlendis frá inn á okkar vinnumarkað þurfa hins vegar að virða okkar leikreglur kjósi þeir að starfa hér á landi. Það er í mínum huga algjört grundvallaratriði.

Það er enn verið að skoða starfsemi starfsmannaleiga og veit ég að það er kominn skriður á viðræður innan nefndarinnar. Það liggur fyrir að samtök aðila vinnumarkaðarins eru ekki á sama máli um þetta efni jafnframt því sem efnið er flókið og að mörgu að hyggja.

Sveigjanleikinn á innlendum vinnumarkaði hefur reynst mikilvægur í því skyni að mæta sveiflum í efnahagslífinu en ég hef jafnframt lagt á það áherslu að fyrirtæki ráði til sín starfsfólk með hefðbundnum hætti. Þá er ég ekki síður að vísa til þess mikilvæga hlutverks sem aðilarnir sjálfir hafa við að halda uppi skipulagi á vinnumarkaði og móta leikreglurnar í samvinnu við stjórnvöld. Löng hefð er fyrir því hér á landi að aðilar vinnumarkaðarins semji um kaup og önnur starfsskilyrði og hafa þeir samningar haft almennt gildi á íslenskum vinnumarkaði. Við höfum ekki líðið að slíkir samningar séu brotnir og það ætlum við heldur ekki að gera nú. Um það eru allir sammála.

Síðustu vikurnar hafa birst tvær gagnmerkar skýrslur um stöðu og framvindu efnahagsmála. Önnur er tekin saman af starfsfólki Seðlabankans en hin af fjármálaráðuneytinu. Þegar á heildina er litið er ástæða til gleðjast yfir góðum árangri. Hagvöxtur hefur verið mikill og verður ekki lát á næsta ári. Á árinu 2004 var hann hvorki meira né minna en 6,2%,

á þessu ári er gert ráð fyrir að hann verði 6 % en eitthvað minni á árinu 2006. Það sem hlýtur að skipta launafólk miklu er að þrátt fyrir meiri verðbólgu hefur kaupmáttur launa haldið áfram að aukast. Á tímabilinu júlí 2004 til júlí 2005 hækkaði launavísitalan um 6,6% og kaupmáttur launa um 2,9% á þessum tíma. Í skýrslunum er einnig dregin upp glögg mynd af vandanum sem við er að glíma.

Viðskiptahalli hefur aukist mjög mikið, raungengi hefur ekki verið hærra í langan tíma, íbúðaverð hefur hækkað mikið, skuldir heimila, fyrirtækja og þjódarbúsins hafa því miður vaxið umtalsvert. Í stað þess að nota góðærið á sama hátt og ríkissjóður og grynka á skuldum hafa einstaklingar og fyrirtæki aukið við skuldaklafann. Við þessu hefur Seðlabankinn aðeins átt eitt svar og það er að hækka stýrivexti sem hafa haldið raungengi íslensku krónunnar háu með tilheyrandi vanda fyrir fyrirtæki sem eru í framleiðslu á vöru og þjónustu fyrir markaði í útlöndum.

Í skýrslu Seðlabankans er þetta orðað þannig að vandamálið nú sé jafnvel meira en um aldamótin. Á móti komi að gjörbreytt umgjörð peningastefnunnar frá fyrra tímabili felur í sér aukið svigrúm til þess að takast á við verðbólgu. Það er nauðsynlegt að hlutadeigandi setjist sem fyrst niður og ræði þau úrræði sem koma til álita. Það er enginn sem græðir á því ef efnahagsmálin fara úr böndunum allra síst skuldsettar fjölskyldur.

Það var viðbúið að nokkur spennu myndi ríkja í efnahagslífi þjóðarinnar á þessum tíma þegar framkvæmdir þær sem nú eiga sér stað vegna stóriðjuframkvæmda í landinu væru í hámarki. Ofan á það hefur síðan bæst hækkan á olúverði í ljósi heimsviðburða og hækkan húsnæðisverðs sem kemur í kjölfar breytinga á húsnæðismarkaði og innkomu banka og sparisjóða á þann markað. Þetta og eflaust eitthvað fleira er ástæða þess að verðbólga er að aukast með þeim alvarlegu fylgisfiskum sem það hefur í för með sér. Þeir eru til sem vilja eigna Íbúðalánasjóði og aðgerðum í húsnæðismálum á síðasta ári, sem raunar leiddi af sér 1% lækkun á langtímavöxtum, þensluna í hagkerfinu, það er mikil einföldun.

Í því samhengi vil ég minna á það að útlán Íbúðalánasjóðs á síðastliðnu ári eru eitthvað nálægt 70-80 milljörðum króna, sem er í ágætum takti við þau útlán sem hafa verið hjá sjóðnum á undanförunum árum. Á sama tíma hafa útlán bankanna vegna húsnæðislána verið um 280 milljarðar króna. Ég hafna því þeim málflutningi að Íbúðalánasjóður eigi stærsta sök á því að hér fari verðbólgan hækkan, hann á eflaust sinn þátt í því en það verður hver að taka það sem hann á í því og þar eru bankarnir og sparisjóðir engin undantekning. Nú fer fram athugun á því hvort Íbúðarlánasjóður geti og eigi að starfa með sama hætti og hann hefur gert

til þessa. Miklar og örar breytingar hafa orðið á húsnæðismarkaði undangengna mánuði og ljóst að þessi markaður er í sífellndri þróun.

Ég hef lagt upp með að starfshópurinn sem vinnur að úttekt á framtíðarhlutverki Íbúðarlánasjóðs skili af sér áfangaáliti fyrir lok mánaðarins og allt útlit er fyrir að það muni ganga eftir. Þær ábendingar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur komið fram með eru í takt við þetta og ég vil vekja sérstaka athygli á því að í skýrslu sjóðsins er lögð áhersla á að við varðveitum góða kosti þess kerfis sem við höfum þegar byggt upp. Mér finnst sjálfum að það gleymist oft í umræðunni sem vel er gert og ég hef fengið tækifæri til þess sem félagsmálaráðherra að kynna afar góðu þróunarstarfi sem unnið hefur verið hjá sérfræðingum Íbúðalánasjóðs.

Fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins komu í heimsókn hingað til lands og undirbyggju þá skýrslu sem nú hefur litið dagsins ljós og vitnað hefur verið til. Þeir hældu ítrekað mörgu í uppbyggingu Íbúðalánasjóðs en gagnrýndu annað. Ég vil undirstrika það hér að markmið stjórnsvalda er fyrst og fremst að tryggja að allir íbúar þessa lands, hver sem kjör þeirra eru og hvar á landinu sem þeir búa njóti öruggs umhverfis þegar íbúðarhúsnæði er annars vegar. Gott húsnæðiskerfi og öruggt aðgengi að hagstæðu fé til þess að eignast húsnæði er og verður einn af horsteinum þess þjóðfélags sem við viljum sjá. Því megum við aldrei gleyma. Við eigum hins vegar í þessu sem öðru að líta til þess sem vel er gert í nágrannalöndum okkar og að sjálfsgöðu að þróa okkur áfram í takt við tímann. Það vil ég gera og að því er nú unnið.

Meðal mikilvægustu mála sem framundan eru hjá okkur eru starfsmenntamálin og starfsendurhæfing. Þetta er eitt af þeim grundvallaratriðum sem við þurfum að vinna að og er ein hlið á þríhyrningnum þar sem byggt er á efnahagsmálum, atvinnumálum og velferðarmálum og mikilvægi þess að þessi svið spili saman, samfélaginu í heild til hagsbóta.

Ég veit að þið eruð sammála mér um þetta. Þetta ræddum við meðal annars á mjög góðum fundi sem ég átti með forystumönnum Alþýðusambandsins í sl. viku. Þeir vöktu m.a. réttilega athygli mína á því að tímabært sé að skoða starfsmenntamálin í víðara samhengi en áður hefur verið gert. Þá sérstaklega með tilliti til þeirra sem hafa litla sem enga fagmenntun en vilja bæta stöðu sína á vinnumarkaði eða einfaldlega komast inn á hann aftur eftir að hafa helst úr lestinni.

Ég hef lýst mig reiðubúinn til þess að fara ítarlega yfir þessi mál m.a. í samvinnu við menntamálaráðherra og aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að auka sveigjanleika og mæta raunverulegum þörfum samfélagsins. Þessi mál eru víðfeðm og snerta marga fleti en ég hef sjálfur áhuga á því að finna lausnir sem varða sem flesta hópa í okkar ágæta

þjóðfélagi. Hópa sem einhverra hluta vegna ganga ekki beina braut að því er atvinnu varðar. Markmið mitt er að ná á skynsamlegan og raunhæfan hátt utan um atvinnulausa, þá sem eru lítið menntaðir, öryrkja, geðfatlaða og aðra þá sem hafa af einhverjum ástæðum ekki verið fullir þátttakendur í samfélaginu og atvinnulífinu. Allt eru þetta mjög mikilvægir hópar þar sem fjöldi hæfra einstaklinga hefur af misjöfnum ástæðum lent á hliðarlínunni. Það eigum við ekki að viðurkenna sem óbreytanlega staðreynd. Nei, til mín hafa líka komið afar áhugasamir og kraftmiklir einstaklingar í þjóðfélaginu sem hafa lýst áhuga á því að taka höndum saman með mér og mínu fólki til þess að byggja upp víðtæka starfsendurhæfingu og mér finnst áhugavert að finna flöt á slíku samstarfi. Í mínum huga er þetta eitt af stærri málunum framundan, mál sem nást þyrfti þjóðarsátt um og ég hef mikinn áhuga á því að leggjast með ykkur á árararnar í þeim efnum.

Þessi mál tengjast að sjálfsögðu einnig störfum nefndar sem ég setti á laggirnar í fyrra. Hún er skipuð fulltrúum Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, fjármálaráðuneytisins og tveimur fulltrúum mínum. Nefndin fékk það hlutverk að endurskoða málefni er varða atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir.

Markmiðið með endurskoðuninni er að bæta stöðu og öryggi fólks í atvinnuleysi, tryggja gæði vinnumarkaðsaðgerða og auka skilvirkni og þjónustu við hinn atvinnulausa almennt. Nefndinni var sérstaklega falið að fjalla um stjórnvöld, ábyrgð og yfirstjórn í málaflökknum, bótarétt, bótatíma og bótafjárhæðir auk þess að fjalla um samræmingu í tryggingarvernd og auka stuðning við fólk utan vinnumarkaðar.

Nefndin hefur haldið fjölda funda og haft samráð við fjölmarga aðila sem með málefni atvinnulausra fara. Mér er tjáð að gott samstarf hafi verið innan nefndarinnar og að starf hennar hafi verið mjög uppbyggilegt þar sem fram hafi komið mjög framsæknar hugmyndir um bætt kjör og þjónustu til handa hinum atvinnulausa. Ég hef lagt á það áherslu að nefndin skili af sér fljótlega enda hugsanlegt að þær hugmyndir sem þar eru uppi á borði geti nýst við þá endurskoðun á kjarasamningum sem nú stendur yfir.

Ágætu ársfundarfulltrúar.

Í þessu sem öðrum verkefnum er gott samstarf og traust algjört grundvallaratriði. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka góð og ég vil segja gefandi kynni af forystu ASÍ. Ég met þessi samskipti mikils og mun leggja mitt af mörkum til þess að stjórnvöld og samtök aðila vinnumarkaðarins geti stigið í takt og haldist í hendur næstu ár. Á því er mikil þörf og for-

*senda þess að hagstæðar aðstæður verði þjóðinni gjöfular í margvíslegum skilningi en snúist ekki upp í andstæðu sína.“*

## **Kjörbréfanefnd**

**Guðmundur P. Jónsson** formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir álitni nefndarinnar. Með honum í nefndinni störfuðu auk Guðmundar, þau Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Ísleifur Tómasson.

Í máli Guðmundar kom fram, að nefndin hafi verið skipuð þann 5. október og hafi komið saman þann 18. október til að fjalla um innkomin kjörbréf og verklag vegna ársfundarins. Fram kom, að samkvæmt lögum hafi landssamböndum og landsfélögum með beina aðild alls verið úthlutað 290 fulltrúum á ársfund. Jafnframt hafi miðstjórn ASÍ samþykkt á fundi sínum þann 7. september að úthluta einu aðildarfélagi sem ekki náði inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 30. greinar laga einum fulltrúa, í samræmi við 3. mgr. 30. greinar laganna.

Þann 18. október höfðu 52 aðildarfélög og deildir og tvö landssambönd vegna 15 aðildarfélaga sinna sent inn kjörbréf vegna 290 fulltrúa.

Í ræðu formanns nefndarinnar kom fram að frammi lægi listi með nöfnum þeirra ársfundarfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir. Jafnframt kom fram, að hefðu ársfundarfulltrúar athugasemdir við listann, skyldu þeir koma þeim á framfæri við starfsmann nefndarinnar, Halldór Grönvold.

Í framsögu formanns kom jafnframt fram, að nokkrar óskir hefðu borist um breytingar og að unnið væri úr þeim.

Að afloknum þeim fresti sem gefinn hafði verið, voru kynntar breytingar á kjörbréfum vegna Afls – starfsgreinafélags Austurlands, Félags járníðnaðarmanna, Verkalýðsfélags Akraness, Verkalýðsfélags Borgarness og VR. Tillaga kjörbréfanefndar, með áður nefndum breytingum var samþykkt samhljóða.

## **Afgreiðsla fundarskapa ársfundar**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir gerði grein fyrir tillögum miðstjórnar ASÍ að breytingum á fundarsköpum ársfundar. Tillögurnar voru byggðar á vinnu skipulags- og starfsháttanefndar og sneru einkum að breytingu á 3. kafla fundarskapa að því er varðar skipan og störf nefnda á ársfundi og grein 5.4. um önnur mál á ársfundi.

Auk Ingibjargar tók **Sveinn Hálfðánarson** til máls og lagði til orðalagsbreytingu á grein 2.6 þess efnis að í stað þess að mæla fyrir um að allt talað orð skuli tekið upp á segulbönd skuli það hljóðritað. Fundarsköp með þessum breytingum borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

## **Kjör starfsmanna ársfundar**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir gerði tillögu um Þórunni Sveinbjörnsdóttur sem fundarstjóra á ársfundinum og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þórunn tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Jóhönnu Vilhelmsdóttur sem fyrsta varafundarstjóra og Þóru Stefaníu Jónsdóttur sem annan varafundarstjóra. Tillaga Þórunnar var samþykkt samhljóða.

Því næst gerði fundarstjóri tillögu um Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur og Súsönnu Vilhjálmisdóttur sem skrifara. Gerð var tillaga um Ingvar Sverrisson og Stefán Úlfarsson sem ritara fundargerðar ársfundar. Tillögur fundarstjóra voru samþykktar samhljóða.

## **Skýrsla forseta og reikningar ASÍ**

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ fylgdi skýrslu forseta úr hlaði með eftirfarandi ræðu:

*„Fundarstjóri - félagar.*

*Þið hafið væntanlega á borðum ykkar skýrslu forseta um störf Alþýðusambands Íslands frá því á síðasta ársfundi og til dagsins í dag.*

*Það gefst ekki tóm til að ræða mjög útarlega um innihaldið í skýrslunni. Það er ekki heldur mjög skynsamlegt að eyða dýrmætum tíma okkar í það. Ég vísa þess í stað í skýrsluna sjálfa.*

*Auk hinnar hefðbundnu skýrslu forseta, gefum við nú út í þriðja sinn Árið í hnotskurn. Þar var sagt frá ýmsum viðfangsefnum okkar á árinu í stuttu máli. Í stað þess að rekja í löngu og útarlegu máli einstök viðfangsefni, eru nokkur mikilvæg tekin út og þeim gerð skil í stuttu ágripi.*

*Þessari útgáfu hefur verið mjög vel tekið, bæði innan hreyfingarinnar, en einnig utan hennar. Við sendum Árið í hnotskurn á stóran hóp fólks sem við teljum að geti hagnýtt sér efnið og við teljum að það eigi erindi til.*

*Árinu í hnotskurn verður dreift hér á fundinum.*

*Þó svo ég ætli ekki að rekja efni skýrslu forseta, þá langar mig að nefna nokkur atriði sem voru fyrirferðarmikil í starfi okkar á árinu. Ég ætla fyrst að minnst á lífeyrismálin.*

*Tvö viðfangsefni voru öðrum meira áberandi í þeirri vinnu, annars vegar aldurstenging ávinnslu lífeyrisréttinda og hins vegar réttarstaða þeirra sjóðsfélaga sem hafa áunnið sér og munu ávinna sér lífeyrisréttindi í mörgum lífeyrissjóðum vegna hreyfanleikans á vinnumarkaði.*

*Samhliða þessu þurfti nefndin að útfæra það með hvaða hætti hækkinin á framlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóði sem samið var um í kjarasamningunum myndi leiða til ávinnslu réttinda.*

Síðan hefur afar mikið verið fjallað um efnahagsmálin, ekki síst þróun verðlagsmála. Verðbólga hefur verið mun meiri heldur en kjarasamningar gerðu ráð fyrir og við höfum sent frá okkur varnaðarorð með reglulegu millibili. Ríkisstjórnin hefur ekki brugðist við með neinum útspilum, en vísar í skattalækkunar sem stjórnarflokkarnir lofuðu fyrir síðustu kosningar og eru að líta dagsins ljós.

Því er haldið fram að þær komi í staðinn fyrir þá kaupmáttarrýrnun sem verðbólgan hefur í för með sér og að það væri glapræði fyrir okkur að sækja það sem vantar upp á að kjarasamningar haldi.

Við höfum bent á, að þó við séum auðvitað fylgjandi skattalækkunum, einkum ef þeim er beitt til tekjujöfnunar og ef þær eru ekki fjármagnaðar með niðurskurði í velferðarkerfinu – að þá séu þessar skattalækkunar ekki vel tímasettar.

Það er ljóst í mínum huga, að ef okkur á að auðnast að vinna okkur út úr þeirri stöðu sem efnahagsmálin eru sannarlega komin í, þá verður ríkisstjórnin að koma að lausninni með myndarlegum hætti.

Við höfum átt einn fund með fulltrúum ríkisstjórnarinnar. Á fundinum var lögð áhersla á að það væri ákjósanlegast ef ekki kæmi til uppsagnar á launalið samninganna – en til þess að svo geti orðið verður ríkisstjórnin og ekki síður atvinnurekendur að spila einhverju bitastæðu út.

Velferðarmálin hafa oft komið til umræðu á ársfundum Alþýðusambandsins og þó þau hafi ekki verið meðal allra stærstu viðfangsefnanna á árinu, hefur ýmislegt verið starfað á þeim vettvangi.

Velferðarnefndin vann til dæmis síðastliðið ár með fulltrúum ASÍ í þremur opinberum nefndum. Þar er um að ræða nefnd sem var falið að finna leiðir til að auka rétt foreldra á vinnumarkaði til að sinna langveikum börnum; nefnd um endurskoðun lyfjalaga; og nefnd um endurskoðun heilbrigðislaða.

Við höfum ítrekað, í viðræðum við ríkisstjórn og víðar, rætt um mikilvægi þess að bæta hag foreldra langveikra barna. Þess vegna var það áfangasigur þegar nefndinni sem var falið að leita leiða til að auka rétt þessa hóps skilaði tillögum sem eru í vinnslu í ráðuneytinu. Í þeirri vinnu er byggt á tillögum nefndarinnar. Þarna munaði örugglega um kröfur Alþýðusambandsins og starf fulltrúa þess í nefndinni.

Allmikil erlend samskipti fóru fram á árinu. Þar er meðal annars um að ræða Norræna samstarfið, starfið í Evrópusambandi verkálýðsfélaga, samstarfið á vettvangi Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar, Vestnorræna samstarfið, auk starfa okkar í ráðgjafarnefndum EFTA og EES.

Hins vegar ber líklega hæst þær tilraunir sem nú er verið að gera á

vettvangi Alþjóðasambands frjálsra verkalýðsfélaga. Þar er nú verið að reyna að leiða saman öll alþjóðleg samtök launafólks í eina samstillta heild. Þing sambandsins í Japan í desember markaði þar skýrar áherslur og línur.

Jafnvel má gera ráð fyrir því að ný alþjóðleg samtök launafólks líti dagsins ljós á næsta ári – 2006.

Lykilorðið í þessari vinnu allri er Alþjóðavæðing samstöðunnar. Með því er lögð áhersla á að aðeins þannig geti verkalýðshreyfingin mætt neikvæðum áhrifum alþjóðavæðingar og aukinnar samkeppni. Ég er þess fullviss, að gangi þetta eftir, verði alþjóðleg verkalýðshreyfing enn beittara vopn en hingað til.

Það er mikilvægt að launafólk í heiminum stilli saman strengina í þessu sambandi. Við höfum ekki farið varhluta af neikvæðum áhrifum alþjóðavæðingarinnar á Íslandi á undanförunum misserum. Talsverður fjöldi útlendinga hefur komið hingað til lands í leit að atvinnu og sumir atvinnurekendur hafa misnotað aðstöðu þessa fólks, brotið á því kjarasamninga og réttindi – og um leið reynt að knýja niður kjör á vinnumarkaðnum.

Baráttan gegn félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði hefur raunar verið eitt fyrirferðarmesta viðfangsefnið í störfum okkar á árinu. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það hér – það verður eitt af helstu viðfangsefnum verkalýðshreyfingarinnar á komandi árum.

Þó ýmislegt hafi áunnist síðan við höfum þessa baráttu undir kjörordinu Einn réttur – ekkert svindl!, þá er ljóst að enn er margt óunnið. Ég nefndi í setningarávarpi mínu að það þyrfti að skerpa á ýmsum reglum og tilfinnanlega vantar lög um starfsmannaleigur og starfsemi þeirra.

Ég get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um jafnréttismálin. Við fórum af síðasta ársfundi með samþykktir í farteskinu sem við höfum unnið eftir síðan.

Þó svo jafnrétti kvenna og karla sé einn af hornsteinunum undir grundvallarhugsjónum verkalýðshreyfingarinnar, þá höfum við sett þetta mikilvæga viðfangsefni í mun markvissari farveg en áður.

Að lokum langar mig að minnast nokkrum orðum á allt það starf sem unnið hefur verið í kjölfar samþykktar síðasta ársfundar um stöðu og starfshætti hreyfingarinnar.

Þessi vinna hefur að mestu farið fram á vettvangi formanna landsambanda og stærstu félaga. Við höfum látið framkvæma útarlegar rannsóknir á viðhorfum almennings til hreyfingarinnar, viðfangsefna hennar og framgöngu. Við höfum jafnframt látið gera rannsóknir meðal nokkurra rýnihópa, meðal fjölmiðlafólks, stjórnmálamanna, fjölskyldufólks, félaga í verkalýðsfélögum og fleiri hópa.



*Þessar rannsóknir hafa skilað okkur afar mikilsverðu hráefni í okkar vinnu. Við höfum skilgreint verkefnið þannig að það snúist einkum um fjóra þætti. Í fyrsta lagi snýst það um framtíðarsýn, í öðru lagi um skilvirkara stjórnkerfi, í þriðja lagi um réttindi félagsmanna og í fjórða lagi um ímynd hreyfingarinnar.*

*Við fjöllum um alla þessa þætti á þessum ársfundi, en vinnunni er langt því frá lokið. Hér er einungis um að ræða áfanga á langri leið og við sjáum fram á mikla vinnu framundan.*

*Ég segi fyrir mitt leyti félagar – ég hlakka til hennar. Ég hlakka til hennar vegna þess að það sem við höfum gert hefur nú þegar skilað okkur þó nokkrum árangri og miðað við það hvernig hópurinn er innstilltur, þá efast ég ekki um að verkefnið á eftir að skila okkur miklum árangri og enn sterkari samtökum en þau eru í dag.*

*Félagar.*

*Í setningarávarpi mínu sagði ég að við værum sterk. Ég sagði jafnframt að við ætluðum að verða enn sterkari. Ég held því að við stöndum á ákveðnum tímamótum í því sambandi. Við höfum náð mjög góðum takti og eftir þennan ársfund verðum við tilbúin að stíga næsta skref – stórt skref inn í framtíðina.*

*Að lokum vil ég þakka félögum mínum í miðstjórn og félagsmönnum Alþýðusambandsins samstarfið á liðnu tímabili og starfsfólki á skrifstofu ASÍ fyrir allt það starf sem það hefur innt af hendi.“*

## **Samstæðureikningur ASÍ 2004**

**Gylfi Arnbjörnsson**, framkvæmdastjóri ASÍ, gerði grein fyrir samstæðureikningi ASÍ árið 2004. Félagslegir skoðunarmenn samþykktu reikninga 3. maí og miðstjórn ASÍ samþykkti þá á fundi sínum 18. maí 2005. Endurskoðendur hafa áritað samstæðureikning án athugasemda.

Í samstæðunni eru Sambandssjóður ASÍ, Vinnudeilusjóður ASÍ, Menningar- og fræðslusjóður, Listasafn ASÍ, Eignarhaldsfélagið Sætúni 1 ehf., Mímirsimenntun ehf. og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.

Stærsti tekjuliður sambandssjóðsins eru skattar sem voru árið 2004 kr. 144.453.415 og höfðu aukist um tæpar 8,7 milljónir frá fyrra ári. Framlög og styrkir voru kr. 95.265.149, aðrar tekjur um 108.125.403 og samanlagðar rekstrartekjur kr. 347.843.967.

Rekstrargjöld á árinu 2004 voru alls kr. 320.587.016. Laun og starfsmannakostnaður voru kr. 165.034.658 og hækkaði sá liður um rúmar 22 milljónir frá fyrra ári, sem skýrist einkum af fjölgun starfsmanna og aukinni starfsemi í einstökum stofnunum innan samstæðunnar. Annar rekstrarkostnaður árið 2004 var kr. 146.245.677 og afskriftir fastafjármuna kr. 9.306.681.

Afkoma samstæðunnar árið 2004 var kr. 36.150.268, sem er hækkun um rúmar 14 milljónir frá fyrra ári.

Eignir samstæðunnar eru kr. 751.343.774, samanborið við kr. 703.454.948 árið 2003. Eigið fé samstæðunnar er kr. 359.746.361 og er hlutfall Sambands-  
sjóðs ASÍ þar stærst, eða kr. 192.182.798.

## **Umræða um skýrslu forseta og reikninga**

**Rannveig Sigurðardóttir** tók til máls. Hún benti á að hún hefði fyrst kvenna tekið að sér fundarstjórn á ársfundi ASÍ. Rannveig óskaði skýringa á því hvers vegna ASÍ hefði ekki veitt Alþingi umsagnir um eftirfarandi þrjú lagafrumvörp sem lögð voru fram á 130., 131. og 132 löggjafarþingi.

1. Frumvarp til breytinga á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
2. Frumvarp til breytinga á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.
3. Frumvarp til breytinga á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

**Halldór Grönvold** varð til svara. Í máli hans kom fram, að ASÍ hefði veitt umsögn um frumvarp til breytingu á lögum nr. 96/2000, en þar er m.a. lögð til aukin upplýsingaskylda atvinnurekanda varðandi laun og önnur starfskjör. Hvað varðar frumvarp til breytinga á lögum 19/1997 þá var þingflokkur Vinstri grænna veitt umsögn um það mál. Í umsögn ASÍ er lýst yfir stuðningi við efni frumvarpsins og jafnframt vísað til þeirrar vinnu sem fram hefur farið af hálfu ASÍ gagnvart stjórnvöldum. Að sögn Halldórs var ekki veitt umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 97/2002. Í því er m.a. lagt til að atvinnuleyfi verði gefið út á nafn starfsmanns en ekki atvinnurekanda líkt og gildandi lög kveði á um. Halldór sagði að núverandi fyrirkomulag hefði þann kost að á grundvelli þess mætti draga atvinnurekanda til ábyrgðar vegna launa starfsmanns og vegna kostnaðar við heimför erlends verkafólks. Um kosti og galla þessa fyrirkomulags væru hins vegar skiptar skoðanir innan ASÍ. Niðurstaða ASÍ var því sú á þeim tímapunkti þegar beiðni um umsögn barst að ekki væru forsendur að svo stöddu fyrir því að veita þá umsögn.

Örn Friðriksson tók til máls og benti á að í næstu ársskýrslu yrðu birtar myndir af starfsfólki ASÍ, ásamt lýsingu á starfi viðkomandi.

## **Reikningar ASÍ og stofnana afgangur**

Að þessum umræðum loknum voru reikningar ASÍ bornir undir atkvæði og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

## *Málefni – framsögur, umræður og afgreiðsla*

### **Efnahags- og kjaramál**

**Ólafur Darri Andrason**, hagfræðingur ASÍ, kynnti spá hagdeildar ASÍ um helstu þjóðhagsstærðir fyrir árin 2006 og 2007. Hagspáin er birt í heild sinni í haustskýrslu Hagdeildar ASÍ 2005 undir heitinu „Erum við í góðum málum?“

Í máli Ólafs Darra kom fram, að yfirskrift skýrslunnar skírskotaði til þess að sumir hefðu líkt stöðu efnahagsmála við veisluhöld. Staðan væri þó orðin sú, að ójafnvægi og óvissa einkenndu veisluna, einkaneysla hefði vaxið hratt, viðskiptahalli væri í sögulegu hámarki, verðbólga langt umfram verðbólgu-umarkmið Seðlabankans, stýrivextir væru háir og gengi krónunnar hátt. Við þetta bættist verulegt ósamræmi í hagstjórn. Þannig teldi Seðlabankinn að framleiðsluspenna í hagkerfinu væri í „sögulegum hæðum“ og að skortur væri á aðhaldi í ríkisfjármálum, en fjármálaráðuneytið teldi hins vegar að spennan nú væri ekkert sérstaklega mikil og aðhaldið í ríkisfjármálum nægjanlegt. Þrátt fyrir þetta sagði Ólafur Darri að Hagdeildin spáði „mjúkri lendingu“ hagkerfisins eftir það hagvaxtarskeið sem nú stæði sem hæst – en að lítið mætti út af bera til að lendingin yrði harkaleg. Spáin byggði á þeirri meginforsendu að aðhaldssöm peningamálastefna Seðlabankans næði að draga úr verðbólgu í lok næsta árs en það myndi aftur skapa forsendur til vaxtalækkana og veikningar krónunnar. Missi fjármálamarkaðurinn hins vegar tiltrú á efnahagsstefnu stjórnvalda gæti krónan fallið mikið og hratt.

Því næst gerði Ólafur Darri grein fyrir spá Hagdeildar um þróun helstu þjóðhagsstærða, þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi miklum hagvexti á næsta ári, en úr honum dragi árið 2007. Að lokum vék Ólafur Darri að stöðu kjarasamninga. Hann sagði að forsendur samninganna væru brostnar. Verðbólga hefði verið langt umfram það sem gengið hefði verið útfrá. Þá væru litlar vísbendingar um launaskrið. Hann sagði að það kæmi í ljós fyrir 15. nóvember hvort samkomulag næðist um ásættanleg viðbrögð í sérstakri forsendunefnd samningsaðila. Ef slíkt samkomulag næðist ekki sköpuðust forsendur til upp-sagnar kjarasamninga frá næstu áramótum.

Gunnar Páll Pálsson, formaður kjara- og skattanefndar ASÍ, tók til máls og gerði grein fyrir drögum að þremur ályktunum nefndarinnar, um íslenskan lánamarkað, skattamál og kjaramál.

Nokkrar umræður urðu í kjölfar framsagna og við síðari umræðu. Fram kom, að mikil samstaða hefði verið í nefndinni um ályktunartillögur um lánamál og kjaramál og minniháttar breytingar lagðar til á þeim. Skoðanir hefðu aftur á móti verið skiptar um skattamálin. Fram kom minnihlutaálit, kynnt af Sigurði T. Sigurðssyni. Við atkvæðagreiðslu var tillaga minnihluta nefndarinn-

ar felld, en aðrar tillögur samþykktar með áorðnum lítils háttar breytingum. Nánari grein er gerð fyrir tillögnum og umræðum á fundinum í fundargerð ársfundar 2005.

Samþykktar ályktanir ársfundarins er að finna aftar í þessum kafla.

### **Lífið í vinnunni**

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður vinnumarkaðsnefndar ASI, og Halldór Grönvold, starfsmaður nefndarinnar, gerðu grein fyrir drögum að tillögum nefndarinnar um „Lífið í vinnunni“.

Það var rífað upp, að á ársfundi Alþýðusambands Íslands 2004 hafi verið samþykkt að greinargerð sem lögð var fyrir fundinn um „Lífið í vinnunni“ skyldi vísað áfram til frekari vinnslu með það að markmiði að leggja að nýju fyrir ársfund ASI 2005. Nú lögju fyrir drög að samþykkt um „Lífið í vinnunni“, sem skiptast í tillögur um markmið og leiðir til að auka gæði „lífsins í vinnunni“ annars vegar og hins vegar í greinargerð sem byggir á upplegginu sem afgreitt var á ársfundinum 2004 með lagfæringum og breytingum.

Í framsögu kom fram, að með lífinu í vinnunni er átt við þá þætti sem hafa áhrif á líðan launafólks í vinnunni en það eru m.a. umhverfi vinnunnar og vinnustaðarins, skipulag vinnunnar og vinnufyrirkomulag og samskipti og félagsleg tengsl á vinnustað.

Markmiðið með þessari vinnu sé að stéttarfélögin og launafólkið sjálft hafi meira um það að segja en nú er, hvernig vinnuáðstæður, vinnustaðurinn og vinnan sjálf og skipulagning hennar þróast og að viðurkennt verði að þessir þættir og áhrif starfsmanna á mótun þeirra varði beint hagsmuni launafólks.

Margvíslegar breytingar í þjóðfélaginu, skipulagi vinnunnar og vinnuáðstæðum, geri það að verkum að verkalýðshreyfingin þurfi stöðugt að endurmeta verkefni sín og starfsaðferðir. Þau þurfi í enn ríkari mæli en hingað til að skilgreina sig sem lífsgæðafélög.

Líflegar umræður urðu um framsögu nefndarinnar og við aðra umræðu eftir umfjöllun í nefndinni. Fram kom, að á fundi nefndarinnar hefði einnig verið rætt um ILO-samþykkt 158 og mikilvægi þess að hún verði fullgilt hér á landi. Nefndin leggur til að ársfundur samþykki áskorun til ríkisstjórnarinnar um fullgildingu samþykktarinnar.

Tillaga nefndarinnar um lífið í vinnunni, með þeim breytingum sem voru samþykktar í nefndinni og tillaga hennar um áskorun til ríkisstjórnarinnar um fullgildingu ILO-samþykktar nr. 158 voru síðan samþykktar samhljóða.

Nánar er greint frá umræðum í fundargerð ársfundar 2004. Samþykktar ályktanir eru birtar í heild sinni aftar í þessum kafla.

## **Jafnréttisstefna**

Stefanía Magnúsdóttir, formaður jafnréttis- og fjölskyldunefndar, kynnti drög að stefnu ASÍ varðandi jafnrétti kvenna og karla.

Stefanía vísaði til samþykktar ársfundar 2004, þar sem því var beint til miðstjórnar ASÍ að móta markvissa jafnréttisáætlun sem m.a. skuli miða að því að auka hlut kvenna í stjórnnum og áhrifastöðum innan verkalýðshreyfingarinnar og í samtökum henni tengdri. Einnig var samþykkt að leggja fyrir ársfund 2005 jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun sem aðildarfélög gætu unnið eftir. Til að efla starf ASÍ á þessu sviði hefur verið ráðinn jafnréttisráðgjafi á skrifstofu ASÍ, Maríanna Traustadóttir.

Stefanía sagði að jafnréttis- og fjölskyldumál væru einn af þeim málaflokkum sem tengjast flestum þáttum í starfi ASÍ með beinum eða óbeinum hætti. Hafi ASÍ alla tíð lagt áherslu á að konum og körlum væri gert jafn hátt undir höfði á vinnumarkaðnum. Krafan um jafnan rétt og jöfn tækifæri kvenna og karla til starfa og launa væri einnig grundvallarmannréttindi.

Aukinn réttur og möguleikar foreldra til að samræma atvinnuþátttöku og einkalíf er lykilatriði í stefnu ASÍ í jafnréttis- og fjölskyldumálum. Taka verði tillit til kröfu ungs fólks um að hér sé byggt upp samfélag og réttindakerfi sem sé í takt við nýja tíma og nýjar áherslur um fjölskyldulíf og frítíma. Mikilvægur þáttur í þeim efnum væri að tryggja foreldrum sem besta möguleika til að vera í samvistum við börn sín, einkum á fyrstu æviárum þeirra.

Stefanía minnti á að árið 2000 hafi verið samþykkt á Alþingi ný lög um fæðingar- og foreldraorlof og að sú lagasetning hafi m.a. verið árangur af starfi ASÍ að þessum málaflokki. Í máli Stefaníu kom fram að hlutverk verkalýðshreyfingarinnar varðandi jafnrétti kvenna og karla er margþætt og að mikilvægt sé að efla samstarf við önnur samtök launafólks og alla aðra aðila vinnumarkaðarins, auk þess sem leita þurfi samstarfs við hagsmun- og félagasamtök sem vinna að jafnrétti kvenna og karla. Í þessu sambandi benti hún sérstaklega á nauðsyn þess að hreyfingin beiti sér fyrir því að jafnréttisfræðsla komi sem námsefni inn í öll skólastig.

Allmargir tóku til máls í umræðum og var samhljómur í sjónarmiðum ræðumanna. Uppleggið sem var kynnt við fyrri umræðu tók lítills háttar breytingum í meðförum nefndar og var síðan samþykkt samhljóða á fundinum. Nánar er gerð grein fyrir umræðum um jafnréttismál í fundargerð ársfundar 2004.

## **Staða og starfshættir verkalýðshreyfingarinnar**

Finnbjörn Hermannsson, talsmaður skipulags- og starfsháttanefndar, gerði grein fyrir tillögu um „framτίðarsýn Alþýðusambands Íslands“ og Kristján Gunnarsson gerði grein fyrir tillögum um aðgerðir til að auka skilvirkni í

starfi og skipulagi ASÍ. Fram kom að tillögurnar væru um margt róttækar og þær kölluðu á mikla umræðu. Tillögurnar eru í fjórum meginliðum: Skipulag, samstarfssamningur landssambanda, samstarf á grunni atvinnugreina og endurskoðun og samræming á lögum ASÍ.

Sigurður Bessason gerði grein fyrir tillögu formanna landssambanda og stærstu aðildarfélaganna um breytingar á lögum ASÍ varðandi réttindi í sjúkrasjóðum aðildarfélaganna og áframhaldandi vinnu að tryggingaréttindum launafólks og Guðmundur Gunnarsson gerði grein fyrir tillögum um sérstakt kynningarátak fyrir sterkari ímynd verkalýðshreyfingarinnar.

Allmargir tóku þátt í umræðum um fram komnar tillögur. Tillagan um breytingar á lögum ASÍ vegna réttinda í sjúkrasjóðum tók nokkrum breytingum í nefnd og að loknum umræðum síðari dags ársfundarins voru allar tillögurnar samþykktar með miklum meirihluta atkvæða.

Nánari grein er gerð fyrir umræðum í fundargerð ársfundar 2005. Samþykktar tillögur eru aftar í þessum kafla.

## Önnur mál

Sigurður T. Sigurðsson gerði grein fyrir tillögum Verkalýðsfélagsins Hlífar að þremur ályktunum ársfundar ASÍ 2005:

1) Ályktun um hækkun á skattleysismörkum; 2) ályktun um afnám verðtryggingar á íbúðalánum; og 3) ályktun um ráðningarvernd samkvæmt samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunar nr. 158.

Guðmundur Ingi Kristinsson gerði grein fyrir drögum að ályktun ársfundar ASÍ 2005 um stuðning við frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum.

Fundarstjóri gerði grein fyrir ályktun sem fundinum barst frá trúnaðarráði starfsmanna Ísals en þar er stuðningi lýst við drög að ályktun Hlífar um ráðningarvernd.

Drögum að ályktunum um hækkun á skattleysismörkum og um afnám verðtryggingar á íbúðalánum var vísað til kjara- og skattanefndar. Drögum að ályktunum um ráðningarvernd og ályktun trúnaðarráðs starfsmanna Ísals var vísað til jafnréttis- og fjölskyldunefndar.

Í ljósi tillögu Guðmundar Inga og ábendinga hans lagði Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ fram tillögu í nafni miðstjórnar ASÍ, um stuðning við breytingar á skaðabótalögum.

Tillögunni var vísað til skipulags og starfsháttanefndar.

Nokkrar umræður urðu um tillögurnar og meðferð þeirra. Nánari grein er gerð fyrir þeim í fundargerð ársfundar 2005. Svo sem fram hefur komið að framan, var samþykkt áskorun til ríkisstjórnarinnar um fullgildingu ILO-samþykktar 158 og tillaga um stuðning við breytingu á skaðabótalögum var sam-

þykkt og er birt aftar í þessum kafla. Aðrar tillögur voru afgreiddar í nefnd og ekki bornar undir atkvæði á fundinum.

### **Kosningar og kosningaúrslit**

Formleg dagskrá ársfundar hófst síðari daginn um kl. 11:20, með kosningum. Kjörnefnd gerði tillögu um Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur í embætti varaforseta til ársfundar 2007. Jafnframt gerði nefndin tillögu um eftirfarandi aðalmenn í miðstjórn til ársfundar 2007: Pétur Sigurðsson, Jón Inga Kristjánsson, Þórunni Sveinbjörnsdóttur, Kristján Gunnarsson, Sævar Gunnarsson, Guðmund Gunnarsson og Gunnar Pál Pálsson. Gerð var tillaga um eftirfarandi varamenn í miðstjórn til 2006: Björn Ágúst Sigurjónsson, Svein Hálfðánarson, Konráð Alfredsson, Rögnu Larsen og Unni Helgadóttur.

Kjörnefnd gerði tillögu um Rannveigu Sigurðardóttur og Einar Jón Ólafsson sem skoðunarmenn reikninga ASÍ og Þórð Ólafsson og Pál H. Jónsson til vara.

Allar tillögur kjörnefndar voru samþykktar samhljóða.

### **Tillaga um kjörnefnd**

Kjörnefnd gerir tillögu um eftirfarandi fulltrúa í kjörnefnd til loka ársfundar 2006: Stefanía Magnúsdóttir, Kristín Björnsdóttir, Ísleifur Tómasson, Guðmundur Þ. Jónsson, Kolbeinn Gunnarsson, Ásgerður Pálsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Niels S. Olgeirsson og Konráð Alfredsson.

Tillagan var samþykkt með meginþorra atkvæða.

## ***Samþykktir ársfundar***

### **Framtíðarsýn Alþýðusambands Íslands**

Alþýðusamband Íslands er heildarsamtök launafólks á Íslandi og beitir sér fyrir velferð og lífsgæðum landsmanna. Það berst fyrir bættum kjörum, jöfnum rétti, sömu launum fyrir sömu störf og leggur sérstaka áherslu á jafnan rétt óháð kyni, búsetu og þjóðerni. Samtökin gera þá kröfu til íslensks velferðarsamfélags að þar njóti allir sömu tækifæra til menntunar og heilbrigðisþjónustu. ASÍ vill stuðla að öfluglu og alþjóðlega samkeppnishæfu atvinnulífi sem gefur launafólki tækifæri til símenntunar og starfsþroska. Samtökin beita sér ennfremur fyrir því að verðmætasköpun atvinnulífsins skiptist með réttlátum hætti og skipi um leið íslensku samfélagi í fremstu röð á meðal þjóða heims.

Á Íslandi á enginn að líða skort. ASÍ leggur áherslu á aðgengi allra vinnufúsra handa að fullri atvinnu og gerir kröfu um vandaða samfélagsþjónustu sem tryggir öllum tækifæri til menntunar og starfa, einkum ungu fjölskyldu-

fólki. ASÍ beitir sér fyrir sjálfsögðum rétti aldraðra og öryrkja til lífsgæða og jöfnu aðgengi barna og unglinga að þróttmiklu og þroskandi æskulýðsstarfi.

Bætt líf skjör í landinu eru aflvaki blómlegrar menningarstarfsemi, gæða fjölskyldulífsins og heilbrigðara samfélags. ASÍ gerir sér grein fyrir styrk heildarinnar og kappkostar að vinna daglegt starf sitt með þeim hætti að launafólk fylki sér að baki samtökunum, jafnt í varðstöðu þeirra sem sókn, og leggist með þeim á árar til þess að gera gott samfélag ennþá betra.

### **Tillögur ársfundar ASÍ 2005 um aðgerðir til að auka skilvirkni í starfi ASÍ**

Lagt er til að Skipulags- og starfsháttanefnd verði falið að vinna tillögur sem teknar verði til afgreiðslu á ársfundi ASÍ 2006 um eftirtalda þætti varðandi innra skipulag og skilvirkni varðandi stefnumótun og ákvarðanatöku á vettvangi ASÍ:

#### **1. Stjórnskipulag ASÍ**

##### **Ársfundir/þing**

Gerðar verði tillögur um breytingar á ársfundum ASÍ í samræmi við hugmyndir sem Skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ hefur kynnt.

**Miðstjórn/Sambandsstjórn ASÍ** verði æðsta vald um málefni ASÍ á milli ársfunda/þinga.

Miðstjórn/Sambandsstjórn endurspegli þá hópa félagsmanna sem Alþýðusambandið samanstendur af. Sambandsstjórnin verði nægilega fjölmenn til að tryggja framangreind markmið, en um leið ekki fjölmennari en svo að hún sé vel starfhæf. Miðstjórn/sambandsstjórn verði ekki skipuð fleiri en 30 fulltrúum.

Miðstjórn/Sambandsstjórn ASÍ móti meginlínur fyrir starfsemi Alþýðusambandsins innan þess ramma sem lög og ársfundir/þing ASÍ ákvarða.

Miðstjórn/Sambandsstjórn komi saman reglulega tvisvar til fjórum sinnum á ári á milli þess sem ársfundir/þing eru haldin og oftast ef þörf krefur.

**Framkvæmdastjórn ASÍ** skipuð forseta og varaforseta ASÍ sem kosnir eru beinni kosningu á ársfundi/þingi ASÍ, auk fulltrúa sem eru tilnefndir beint af aðildarsamtökum ASÍ. Framkvæmdastjórn verði fámenn og saman fari umboð og ábyrgð.

Framkvæmdastjórn ASÍ beri ábyrgð á daglegu starfi skrifstofu ASÍ og fylgi eftir ákvörðunum ársfunda/þinga ASÍ og miðstjórnar/sambandsstjórnarfunda. Þá er framkvæmdastjórn vettvangur fyrir samráð, sameiginlega stefnumótun og ákvarðanir landssambandanna innan ASÍ.



Framkvæmdastjórn ASÍ komi saman reglulega tvisvar í mánuði og oftar ef þörf krefur. Lögð verði áhersla á að framkvæmdastjórnin hafi frumkvæði og geti jafnframt brugðist skjótt við aðstæðum sem upp koma.

## **2. Samstarfssamningur landssambanda**

Unnin verði í nánu samráði við landssamböndin innan ASÍ, drög að samstarfssamningi landssambanda innan ASÍ. Markmið slíks samstarfssamnings er að skilgreina með skýrari og kerfisbundnari hætti en nú er hvaða málefni skuli fjallað um á sameiginlegum vettvangi innan ASÍ og hvernig skuli með markvissum hætti fjallað um viðkomandi mál og komist að niðurstöðu. Undir samstarfssamninginn falli bæði málefni er varða samskipti við aðila utan Alþýðusambandsins, s.s. stjórnvöld, samtök atvinnurekenda, önnur samtök launafólks og alþjóðasamtök og stofnanir. Þá fjalli samstarfssamningurinn einnig um það hvaða innri mál skuli falla undir samninginn og hvernig skuli á haldið. Samstarfssamningur taki á eftirtöldum þáttum:

- Hvaða málefni falla undir samstarfssamninginn.
- Hvaða samráðsferill skuli settur upp.
- Hvaða tímaviðmið beri að virða í samráðinu.
- Hvernig komist er að niðurstöðu um það mál sem er í vinnslu á hverjum tíma.
- Hvernig gengið er frá umboði til ASÍ varðandi þau mál sem ákveðið er að ASÍ fari með á hverjum tíma.

Niðurstaðan verði kynnt og staðfest á ársfundi ASÍ 2006.

## **3. Samstarf á grunni atvinnugreina**

Hafin verði vinna sem miðar að því að á vettvangi aðildarsamtaka ASÍ verði þróað samstarfsform sem byggja á atvinnugreinaskiptingu. Markmiðið er að aðildarsamtök ASÍ geti sameiginlega mætt samtökum atvinnurekenda sem grundvöllur eru á atvinnugreinum og átt við þau samskipti sem miða að því að gæta hagsmuna launamanna í viðkomandi atvinnugreinum. Þau málefni sem sérstaklega verði litið til eru annars vegar kjarasamningar og hins vegar menntunarmál í viðkomandi atvinnugreinum.

Það fyrirkomulag sem hér er verið að vísa til er í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað annars staðar á Norðurlöndunum og nægir í því sambandi að nefna myndun svokallaðra „Kartela“ í Danmörku.

## **4. Endurskoðun og samræming á lögum ASÍ**

Hafin verði vinna við endurskoðun og samræmingu á lögum ASÍ sem hafi að markmiði að lögin endurspegli þá ákvörðun sem tekin var árið 2000 um að

Alþýðusamband Íslands sé samband landssambanda og landsfélaga með beina aðild.

Niðurstaðan verði kynnt og afgreidd á ársfundi ASÍ 2006.

## **Tillögur ársfundar ASÍ 2005 um sérstakt kynningarátak fyrir sterkari ímynd verkalýðshreyfingarinnar**

### ***Staðan***

Í greiningu og vinnu formanna landssambanda og stærstu félaga á stöðu og starfsháttum verkalýðshreyfingarinnar hefur komið í ljós að ímynd verkalýðshreyfingarinnar þykir um margt þunglamaleg og gamaldags og kynningarstarf og fjölmiðlasamskipti þarfnist endurskipulagningar. Á sama tíma sýna landsmenn mikinn skilning á mikilvægt öflugrar verkalýðshreyfingar fyrir þróun samfélagsins og réttindum launafólks. Mikilvægt er því talið að styrkja stöðu ASÍ sem samnefnara samtaka launafólks bæði gagnvart viðsemjendum verkalýðshreyfingarinnar, félagsmönnum hennar og almenningi í landinu.

### ***Hugmyndir verkefnishóps um fyrstu skref***

Formenn landssambanda og stærstu félaga telja mikilvægt að gera ímynd ASÍ beittari og forseta sambandsins sýnilegri. Jafnframt er talið að hreyfingin verði að marka sér ákveðna almannatengslastefnu sem setji ASÍ, samböndum og félögum viðmiðunarramma þannig að hægt verði að stilla einstaka miðla og útgáfustarf hreyfingarinnar betur saman. Jafnframt er talið mikilvægt að leitast við að fjölga stuttum fréttum á netmiðlum hreyfingarinnar til þess að laða fjölmiðla frekar að þeim og að sérstaklega verði skoðað hvernig standa megi að kynningarátaki um verkalýðshreyfinguna og hvers vegna fólk eigi að vera í stéttarfélögum.

### ***Stefnumótun***

Eðlilegt er að takast á við þetta verkefni með ítarlegri greiningu og stefnumótunarvinnu um kynningarstarf hreyfingarinnar með sérstaka áherslu á stöðu og hlutverk ASÍ samhliða skoðun á kynningarstarfi einstakra sambanda og aðildarfélaga í þeim efnum með hugsanlegum ábendingum um hvar gera megi betur. Afrakstur stefnumótunarvinnunnar verði tillögur um nýjar áherslur og leiðir í kynningarstarfi. Móta þarf aðgerðaáætlun til lengri og skemmri tíma þar sem markmið og heildarstefna, orðfæri og hugtök, merki, litir, áferð, markhópar, leiðir og miðlar, talsmenn o.s.frv. verði skýrð. Gert er ráð fyrir að þessi greiningar- og stefnumótunarvinna kosti um 10 mill.kr. Byggt á þessari vinnu verði síðan farið í 3-5 ára kynningarátak til þess að áþreifanlegur árangur í sterkari ímynd verði að veruleika. Gera má ráð fyrir að slíkt átak kosti um 15 mill.kr. á ári.

### ***Fjármögnun***

Átakið verði fjármagnað úr Sambandssjóði og Menningar- og fræðslusjóði. Það kann að leiða til að afkoma Sambandssjóðs fyrir fjármagnsliði verði neikvæð þennan tíma en gengið er út frá því að heildarafkoma sjóðsins verði jákvæð.

### **Stefna ASÍ í jafnrétti kvenna og karla**

Eitt af hlutverkum verkalýðshreyfingarinnar er að fylgja eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það felur m.a. í sér að komið verði á og viðhaldið jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins.

Til þess að ná fram ofangreindum markmiðum skal efla og styrkja samstarf við önnur samtök launafólks og alla aðra aðila vinnumarkaðarins. Einnig á verkalýðshreyfingin að leita samstarfs við önnur hagsmuna- og félagasamtök sem vinna að jafnrétti kvenna og karla.

Vinna á markvisst með aðildarsamtökum ASÍ að því að efla vitund og skilning á mikilvægi jafnréttis kvenna og karla. Heildarsamtök og einstök stéttarfélag eiga að setja sér framsækna og markvissa stefnu í jafnrétti kvenna og karla og framkvæmdaáætlun þar sem hægt er að mæla árangur og þróun markmiða.

### ***Verkefni verkalýðshreyfingarinnar***

- Auka umræðu um jafnrétti kvenna og karla.
  - Halda málstofur og fræðslufundi um jafnrétti kvenna og karla á vinnumarkaði til að leggja áherslu á hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í jafnréttismálum.
- Stuðla að því að öll aðildarsamtök og stéttarfélag innan ASÍ setji sér jafnréttisáætlun í samræmi við jafnréttislögin.
  - Samkvæmt jafnréttislögum (13. gr.) ber atvinnurekendum og stéttarfélagum að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Einnig er kveðið á um að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn, skuli setja sér jafnréttisáætlun eða taka sérstaklega á jafnrétti kynjanna í starfsmannastefnu sinni.
  - Skrifstofa ASÍ setji gott fordæmi og semji jafnréttisáætlun sem nýtist áfram sem fyrirmynd fyrir aðildarsamtök og stéttarfélag.
- Auka fræðslu um jafnrétti kvenna og karla.
  - Fræðsla um jafnrétti kvenna og karla verði á vegum MFA og Félagsmálaskólans.
  - Trúnaðarmenn fái fræðslu um gerð og framkvæmd jafnréttisáætlana,

- þannig að þeir geti skapað jákvætt aðhald og eftirfylgni með gerð þeirra og framkvæmd.
- Lögð verði áhersla á að jafnréttisfræðsla komi sem námsefni inn í öll skólastig.
  - Auka hlut kvenna í stjórnnum og áhrifastöðum innan verkalýðshreyfingarinnar og í samtökum þeim tengdum, s.s. stjórnnum lífeyrissjóða.
  - Byggja upp tengslanet kvenna sem eru talsmenn verkalýðshreyfingarinnar; kjörnir fulltrúar, starfsmenn, sérfræðingar, trúnaðarmenn, og virkir félagsmenn.
  - Leggja áherslu á samþættingu og innleiðingu hennar sem aðferðar til að tileinka sér nýjan hugsunarhátt og verklag meðal kvenna sem eru talsmenn verkalýðshreyfingarinnar.
  - Tillit verði tekið til samþættingar heimilis og vinnu við tímasetningar á fundum og öðrum félagslegum atburðum.
  - Útrýma kynbundnum launamun með öllum tiltækum ráðum.
    - Greina hvar er að finna upplýsingar um kynbundinn launamun og hvernig hægt er að nýta þær í þágu verkalýðshreyfingarinnar.
    - ASÍ komi með tillögur og athugasemdir um aðferðarfræði til þeirra sem gera launakannanir.
  - Sett verði mælanleg markmið er varða jafnrétti kvenna og karla og árangur verði metinn árlega með kerfisbundnum hætti.
    - Skoða hlutfall kvenna og karla í nefndum og ráðum út frá hlutfalli kynjanna í viðkomandi stéttarfélögum.
    - Fylgja eftir markmiðum jafnréttisáætlana og niðurstöðum launakannana.
  - Fylgja eftir þeim lögum sem kveða á um jafnrétti kvenna og karla og veita atvinnurekendum aðhald í þeim efnun.
    - o Fylgja því eftir að atvinnurekendur vinni markvissa jafnréttisáætlun og jafni stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar eða taki sérstaklega á jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni.

## **Lífið í vinnunni**

### ***Framtíðarsýn ASÍ***

Starf stéttarfélaganna og verkalýðshreyfingarinnar allrar mun í náinni framtíð snúast um þrjú nátengd verkefni:

- Hefðbundna launa- og kjarabaráttu,
- Að auka gæði vinnunnar, vinnuumhverfis og vinnustaðarins - „lífsins í vinnunni“,
- Að hafa mótandi áhrif á samfélagið með heildstæðri sýn á efnahags,

atvinnu- og félagsmál, með áherslu á öflugt atvinnulíf, fulla atvinnu og öflugt og traust mennta- og velferðarkerfi fyrir alla.

Með „lífinu í vinnunni“ er átt við þætti sem hafa áhrif á líðan launafólks í vinnunni. Þeir þættir varða m.a.:

- Umhverfi vinnunnar og vinnustaðinn,
- Vinnuna, skipulag vinnunnar og vinnufyrirkomulag,
- Samskipti og félagsleg tengsl á vinnustað.

Markmiðið er að stéttarfélögin og launafólkið sjálft hafi meira um það að segja en nú er, hvernig vinnuaðstæður, vinnustaðurinn og vinnan sjálf og skipulagning hennar þróast og að viðurkennt verði að þessir þættir og áhrif starfsmanna á mótun þeirra varði beint hagsmuni launafólks.

Breytingar í þjóðfélaginu og á vinnuaðstæðum, skipulagi vinnunnar og samfélaginu á vinnustað, m.a. vegna tækniþróunar og nýrra stjórnunaraðferða í fyrirtækjum, alþjóðavæðingar og (hlutabréfa)markaðsvæðingar fyrirtækja, hafa skapað nýjar aðstæður og ný úrlausnarefni.

Í ljósi breyttra aðstæðna og nýrra verkefna er mikilvægt að verkalyðs-hreyfingin endurmeti stöðugt verkefni sín og starfsaðferðir til að tryggja sem bestan árangur við að auka lífsgæði félagsmanna sinna í vinnunni. Í þeim skilningi þurfa verkalyðsfélög, fremur enn nokkru sinni fyrr, að skilgreina sig sem lífsgæðafélög. Mikilvægur þáttur þeirra lífsgæða eru gæði „lífsins í vinnunni,“.

Markmiðið er góð störf, góðar vinnuaðstæður og gott samfélag á vinnustað. Að launafólk búi við hóflegan vinnutíma, líði vel í vinnunni og á vinnustað, hafi verkefni við hæfi sem unnin eru við góðar aðstæður og að vinnuframlag þess sé metið að verðleikum.

Jafnrétti til launa og jafnir möguleikar kvenna og karla á vinnumarkaði og í starfi er eitt mikilvægasta verkefnið sem verkalyðshreyfingin stendur frammi fyrir til að tryggja gæði lífsins í vinnunni.

Mikilvægt er að tryggja að sem flestir hafi möguleika á að taka virkan þátt á vinnumarkaði með reisu. Það gildir um eldra fólk á vinnumarkaði. Það gildir einnig um fólk sem býr við fötlun og skerta starfsorku.

Mikilvægur þáttur „lífsins í vinnunni“ er að launafólki séu sköpuð skilyrði til að þróast í starfi, takast á við ný verkefni eða skipta um starfsvettvang ef aðstæður krefjast eða það vill einfaldlega breyta til. Þannig eru öflug og góð grunnmenntun og símenntun órjúfanlega tengd „lífinu í vinnunni“.

Örar breytingar í atvinnulífinu, á störfum og skipulagningu vinnunnar kalla á að skilgreint verði upp á nýtt hvað átt er við með því að fólk sé virkt á vinnumarkaði. Þar þarf að skoða heildstætt samspil atvinnuþátttöku, tímabila án starfs - atvinnuleitar, endur- og eftirmenntunar og einkalífs, s.s. vegna fjölskylduábyrgðar, fæðingar- og foreldraorlofstöku og einstaklingsþróunar.

## *Tillögur*

### **1. Starfsfólk á vinnustað og fulltrúar þeirra láti sig varða og hafi áhrif á vinnuumhverfið, vinnuna og samfélagið á vinnustað.**

Mikilvægt er að starfsfólk á vinnustað og trúnaðarmenn þess beiti sér til að hafa áhrif á gæði vinnuumhverfis, vinnunnar sjálfrar og samfélagsins á vinnustað.

Mikill árangur hefur náðst á undanförunum árum og áratugum við að bæta öryggi og aðbúnað á vinnustöðum. Á sama tíma hafa breyttar aðstæður og ný þekking skapað ný úrlausnarefni á þessu sviði. Vaxandi kröfur um arðsemi fyrirtækja, nýjar stjórnunaraðferðir og tækni fela í sér aukið álag á launafólk og meiri hörku á vinnumarkaði. Afleiðingarnar birtast m.a. í aukinni streitu og öðrum sál-félagslegum vandamálum tengdum vinnunni. Nauðsynlegt er að verkalýðshreyfingin takist á við þessar nýju aðstæður og fái stjórnvöld og samtök atvinnurekenda til samstarfs í þessum efnum.

Lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað - vinnuverndarlögin, ásamt reglugerðum og reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra, eru mikilvægt tæki í þessu starfi. Sama gildir um tilskipun Evrópusambandsins um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs og samninga aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um réttindi starfsmanna í fjarvinnu og varnir gegn vinnustreitu, sem ber að fullgilda hér á landi.

Til að ná framangreindum markmiðum hefur Albýðusamband Íslands í samvinnu við aðildarfélög sín, ákveðið að leita eftir samstarfi við Vinnueftirlit ríkisins og samtök atvinnurekenda um sérstakt átak til að efla umfjöllun um lífið í vinnunni og vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og stofnunum. Fyrirhugað er að átakið hefjist veturinn 2005 – 2006 og verði þrjúþætt:

- Sérstakt átak verði gert til að;
  - kynna nýja reglugerð um skipulag vinnuverndarstarfs í fyrirtækjum,
  - kynna reglugerð um einelti á vinnustöðum,
  - kynna önnur verkfæri sem útbúin hafa verið með það að markmiði að efla umræðu og þátttöku starfsmanna og fulltrúa þeirra í umfjöllun og ákvörðunum um vinnuumhverfi, skipulag vinnunnar og samfélagið á vinnustað,
  - auka áherslu á varnir gegn streitu og sál-félagslegum áhættuþáttum við vinnu.
- Unnið verður að því að efla og styrkja kerfi öryggisnefnda og öryggis-trúnaðarmanna og öryggisvarða á vinnustöðum og treysta þannig skipulegt vinnuverndarstarf í fyrirtækjum. Markmiðið er að fjölga þeim fyrirtækjum sem eru með skipulagt innra vinnuverndarstarf um 20% á ári næstu tvö árin.
- Unnið verði að því að hrinda í framkvæmd hér á landi með samningum

við samtök atvinnurekenda evrópskum samningum um fjarvinnu og varnir gegn vinnustreitu.

Framangreindum markmiðum verði náð með öfluggu kynningar- og útbreiðslustarfi á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar og í samstarfi við Vinnu-  
eftirlit ríkisins og samtök atvinnurekenda. Þá verði skipulagt sérstakt fræðslu-  
átak fyrir öryggistrúnaðarmenn, félagslega trúnaðarmenn og stjórnir og starfs-  
menn stéttarféлага.

### **Til umhugsunar og umræðu**

Í umræðum í Vinnumarkaðsnefnd ASÍ um framangreindar tillögur kom fram að oft reyndist erfitt að fá félagsmenn til að taka að sér störf trúnaðarmanna og öryggistrúnaðarmanna. Það er því mikilvægt að mati nefndarinnar að skoðað verði hvernig gera má starf trúnaðarmannsins eftirsóknarverðara og efla þá og styrkja enn frekar í starfi sínu. Nefndin leggur áherslu á að á vettvangi aðild-  
arfélaganna og ASÍ fari fram umræða um þetta brýna mál, enda ljóst að öflugt trúnaðarmannakerfi er mikilvægur þáttur í öllu starfi verkalýðshreyfingarinnar og þá ekki síst hvað varðar þá þætti er varða lífið í vinnunni.

### **2. Jafnrétti og jafnir möguleikar kvenna og karla til launa og starfa**

Markmið verkalýðshreyfingarinnar er að launafólk njóti sömu kjara og rétt-  
inda og möguleika á vinnumarkaði, óháð kynferði. Aðeins þannig verður tryggt að gæði lífsins í vinnunni séu þau sömu fyrir konur og karla. Kynbund-  
inn launamunur og mismunur á grundvelli kynferðis á vinnumarkaði eru með  
öllu óásættanleg.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eiga að tryggja jafnrétti og jafna stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Lögin og þau úrræði sem þar er að finna eru mikilvæg verkfæri fyrir starf verkalýðshreyfingarinnar í tengslum við jafnrétti á vinnumarkaði. Þá ganga kjarasamningar út á að sömu laun og starfskjör gildi fyrir bæði kynin.

- Mikilvægt er að verkalýðshreyfingin taki ákveðin og markviss skref sem miða að jafnrétti og jöfnum möguleikum kynjanna á vinnumarkaði og setji fram aðgerðaáætlun um það hvernig að því verður unnið.
- Nauðsynlegt er að verkalýðshreyfingin vinni með skipulögðum hætti að jafnréttismálunum innan eigin raða og í þeim stofnunum sem hún á aðild að, samtímis því sem kröfur verði gerðar til fyrirtækja og stofnana um markvissar aðgerðir í þessum efnum.

Til að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi jafnréttis kynjanna á vinnumark-  
aði mun ársfundur ASÍ 2005 fjalla sérstaklega um markmið og aðgerðaáætlun í jafnréttismálum.

### 3. Öflug menntun og fræðsla er lykillinn

Mikilvægur þáttur „lífsins í vinnunni“ er að launafólki séu sköpuð skilyrði til að eflast og þróast í starfi, takast á við ný verkefni eða skipta um starfsvettvang ef aðstæður krefjast eða það vill breyta til. Þannig er öflug og góð grunnmenntun og símenntun órjúfanlega tengd „lífinu í vinnunni“.

Jafnframt er ljóst að mannaúður verður einungis ávaxtaður með fræðslu og þróun. Öflug menntastarfsemi fyrir alla er lykillinn að því að rækta mannaúðinn og auka framsækni í atvinnulífinu og samfélaginu almennt. Öflug endur- og eftirmenntun – símenntun er mikilvæg forsenda þess að bæta gæði lífsins í vinnunni. Um leið er menntun við hæfi fyrir alla ein mikilvægasta forsenda jöfnuðar og jafnréttis í þekkingarsamfélaginu.

Öflug og framsækin menntastefna verður að byggja á:

- Traustri og góðri grunnmenntun, og
  - Menntun alla ævina – símenntun
- Öflug og framsækin menntastefna verður jafnframt að tryggja öllum:
- Framboð á menntun við hæfi hvers og eins,
  - Möguleika/skilyrði til að nýta sér þá menntun sem í boði er
- Öflug framsækin menntastefna er mikilvæg fyrir:
- Einstaklingana, því hún er lykillinn að stöðu þeirra á vinnustað, í atvinnulífinu og að virkri þátttöku þeirra í samfélaginu almennt
  - Fyrirtækin og atvinnulífið almennt, því hún er forsenda þróttmikillar og framsækinnar atvinnustarfsemi og skapar fyrirtækjum skilyrði til að til-einka sér nýja tækni og nýjar framleiðsluaðferðir
  - Samfélagið í heild, því hún er mikilvæg forsenda sjálfbærs samfélags jöfnuðar, lýðræðis og velferðar.

Mikilvægt er að menntun verði viðurkennd sem mikilvægasta fjárfestingin:

- Fyrir einstaklingana
- Fyrirtækin og atvinnulífið
- Samfélagið allt

Mikill árangur hefur náðst varðandi menntunarmál launafólks á síðustu árum. Öflugar og vaxandi menntastofnanir og fræðslusjóðir starfs- og atvinnugreina hafa verið byggðir upp í samstarfi verkalýðshreyfingarinnar og samtaka atvinnurekenda. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur mikilvægt þróunarstarf á sviði raunfærnimats, námsmats og námsþróunar fyrir fólk í atvinnulífinu. Þá hefur samstarf símenntamiðstöðva og stéttarfélaga vítt og breitt um landið skilað mikilvægum árangri.

Mikilvægt er að verkalýðshreyfingin þrói og efli enn frekar frumkvæði sitt og samstarf við atvinnurekendur, menntayfirvöld og aðra á sviði menntunar.



Það gildir um málaflökkinn í heild sinni, en þó sérstaklega hvað varðar málefni þeirra sem komnir eru út á vinnumarkaðinn.

- Meta þarf árangurinn af því starfi sem nú er unnið í menntamálum og með hvaða hætti megi efla það enn frekar út frá markmiðum verkalýðshreyfingarinnar.
- Gera fólki á vinnumarkaði mögulegt að sækja sér frekari menntun og þjálfun í vinnutíma.
- Móta þarf stefnu varðandi fullorðinsfræðslu almennt. Þar þarf að skilgreina hverjir eigi að bera ábyrgð á hvaða þáttum hennar og hvar kostnaðurinn eigi að liggja. Slík stefna þarf að fela í sér hvata til að boðið sé upp á sem fjölbreyttasta fullorðinsfræðslu og símenntun og hvata til einstaklinganna að sækja sér slíka menntun. Efla þarf fullorðinsfræðslu, endur- og eftirmenntun og gera hana markvissari en nú er.
- Sérstaklega þarf að skoða nauðsyn þess að sett verði sérstök löggjöf um fullorðinsfræðslu til að efla réttindi og möguleika fólks sem komið er út á vinnumarkað eða er að koma aftur út á vinnumarkaðinn til að sækja sér menntun.
- Nýtt tækifæri til náms fyrir þá sem hafa litla formlega viðurkennda menntun, þar sem þekkingargrunnurinn er treystur með skipulegum hætti er eitt stærsta og mikilvægasta verkefnið sem íslenskt samfélag þarf að takast á við á næstu árum.
- Vinna þarf markvisst að því að nýta menntun sem úrræði í tengslum við starfsendurhæfingu og virkar vinnumarkaðsaðgerðir gagnvart atvinnulausum, eldra fólki á vinnumarkaði og fötludum.

#### **4. Að samræma atvinnuþátttöku og einkalíf**

Markmið verkalýðshreyfingarinnar er að launafólki líði vel í vinnunni og á vinnustað. Það hefur einnig mikilvæg jákvæð áhrif á sjálfsímynd og allt líf viðkomandi. Jafnframt leggur verkalýðshreyfingin áherslu á mikilvægi þess að launafólki sé gert mögulegt að samræma sem best atvinnuþátttöku og einkalíf, „lífið í vinnunni“ og „lífið utan vinnu“. Þegar vel tekst til við að flétta þetta tvennt saman, skapast jafnvægi sem tryggir betur lífsgæði fyrir alla. Árekstrar og átök á milli þessara þátta valda að sama skapi togstreitu og vanlíðan.

Með löggjöf og kjarasamningum um rétt launafólks til orlofs, veikinda- og slysaréttar, fæðingar- og foreldraorlofs, hvíldartíma og hámarksvinnutíma, fræðslusjóði, endur- og eftirmenntun o.fl. hafa verið stigin mikilvæg skref sem eiga að auðvelda launafólki að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldu- og einkalíf.

Verkefni verkalýðshreyfingarinnar er að vinna að því að auka og bæta möguleika launafólks til að samræma atvinnuþátttöku sína og einkalíf.

- Auka þarf möguleika launafólks til sveigjanlegs vinnutíma, þannig að launafólk geti betur samræmt atvinnuþátttöku og einkalíf.
- Bæta þarf réttindi launafólks í veikindum og slysum og auka tryggingavernd.
- Bæta þarf réttindi foreldra á vinnumarkaði vegna veikinda barna, einkum vegna langveikra barna.
- Tryggja þarf foreldrum á almennum vinnumarkaði rétt til greiðslna í orlofi sem ávinnst við töku fæðingarorlofs.
- Vinna þarf að því að foreldraorlof verði raunverulegur kostur við að samræma atvinnuþátttöku og fjölskylduábyrgð. Forsenda þess er að foreldrum verði tryggðar greiðslur í foreldraorlofi.
- Meta þarf hvort menntareikningar, eða annað form sparnaðar, með þátttöku og stuðningi atvinnurekenda og stjórnvalda eru vænlegur kostur fyrir launafólk.

## 5. Sértek úrlausnarefni

Auk þeirra þátta sem fjallað hefur verið um hér að framan er mikilvægt að verkalýðshreyfingin móti sér framtíðarsýn og skilgreini verkefni sín varðandi sértek úrlausnarefni sem varða „lífið í vinnunni“ gagnvart tilteknum hópum en jafnframt með beinum og óbeinum hætti alla sem eru á vinnumarkaði.

### *Fjölpjódlegur vinnumarkaður og erlent launafólk*

Miklar breytingar hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði á síðustu árum með aukinni alþjóðavæðingu og vaxandi fjölda útlendinga við störf hér á landi. Markmið verkalýðshreyfingarinnar er að allt launafólk á íslenskum vinnumarkaði, óháð þjóðerni eða uppruna, njóti sömu launa og starfskjara. Hér gildi einn réttur þar sem ekkert fyrirtæki kemst upp með að svindla á erlendum starfsmönnum sínum og stunda félagsleg undirboð. Hér fara saman hagsmunir alls launafólks og samfélagsins í heild. Þá þarf að tryggja raunverulega möguleika erlends launafólks til að þróa sig í starfi og til símenntunar. Einnig er mikilvægt að tekið verði á sérstökum úrlausnarefnum sem tengjast vinnuumhverfi, skipulagi vinnunnar og samfélaginu á fjölmennigarlegum vinnustöðum.

Verkalýðshreyfingin hefur aflað sér mikilvægrar reynslu í starfi sínu undanfarna mánuði og misseri gegn félagslegum undirboðum og misnotkun með erlent vinnuafl. Fyrst í gegnum átökin við Impregilo á Kárahnjúkum og síðan með áttakinu „Einn réttur – Ekkert svindl“. Í þessu starfi hefur komið í ljós að verulega vantar á að löggjöf og reglur á íslenskum vinnumarkaði og stjórnsýslan hafi verið búin undir þau úrlausnarefni sem alþjóðavæðingin og félagsleg undirboð hafa skapað.

- Verkalýðshreyfingin verður að knýja á um að löggjöf og framkvæmd verði treyst til að tryggja betur réttindi erlendra starfsmanna og koma í veg fyrir undirboð fyrirtækja með erlent vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði. Löggjöf um réttindi og skyldur starfsmannaleiga og einkarekinna vinnu-miðlana, innlendra jafnt sem erlendra, gegnir hér lykilhlutverki. Þá er mikilvægt að treysta alla stjórnslu og eftirlit stjórnvaldsstofnana og verka-lyðshreyfingarinnar með það að markmiði að koma í veg fyrir misnotkun á erlendu launafólki.
- Vinna verður að því að gefa erlendu launafólki hér á landi raunverulega möguleika til að efla sig og styrkja í starfi og vera fullgildir þátttakendur á vinnumarkaði og í samfélaginu. Hér gegnir framboð á öflugri fræðslu í íslensku og um íslenskt samfélag lykilhlutverki.
- Mikilvægt er að verkalýðshreyfingin í samstarfi við atvinnurekendur og samtök þeirra efla fræðslu og leiðbeiningar um samstarf og samskipti á fjölbjóðlegum vinnustöðum.

### ***Rétturinn til vinnu - eldra fólk á vinnumarkaði <sup>1</sup>***

Verkalýðshreyfingin leggur áherslu á að eldra launafólk geti starfað með fullri reisu og réttindum, þar til það lætur af störfum. Það er mikilvægt fyrir eldra fólk á vinnumarkaði, en það er jafnframt mikilvægt fyrir fyrirtækin og samfélagið allt að njóta þekkingar þess og reynslu. Til að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að tryggja möguleika eldra fólks á vinnumarkaði til að sækja sér endur- og eftirmenntun við hæfi og tryggja því möguleika á sveigjanlegum starfslokum.

Núverandi löggjöf eða reglur á vinnumarkaði tryggja ekki að tekið sé tillit til sérstakra hagsmuna eða þarfa eldra fólks á vinnumarkaði. Á vettvangi Evrópusambandsins hafa hins vegar verið samþykktar reglur sem hafa að markmiði að treysta stöðu eldra fólks á vinnumarkaði og sem miða að því að atvinnurekendur nýti starfskrafta þess. Þessar reglur hafa einnig verið lög-leiddar í Noregi og stjórnvöld hér á landi hafa lýst yfir vilja sínum til að taka upp meginreglur þeirra.

- Vinna ber að því að teknar verið upp í löggjöf hér á landi meginreglur tilskipunar Evrópusambandsins um réttindi eldra fólks á vinnumarkaði.
- Vinna ber að því að þróa sérstaklega framboð á endur- og eftirmenntun fyrir eldra fólk á vinnumarkaði til að treysta stöðu þess og tryggja að reynsla þess og þekking nýtist sem best. Mikilvægur liður í slíku starfi er

---

<sup>1</sup> Einnig skal bent á niðurstöður nefndar félagsmálaráðherra um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði og sérstakar tillögur fulltrúa ASÍ o.fl.

að tryggja möguleika þess til að fá metna raunfærni sína og hvetja eldra fólk til að nýta sé slíka kosti.

- Mikilvægt er að þróa á vinnumarkaði aðferðir þar sem eldra fólk getur miðlað af þekkingu sinni og reynslu til yngri starfsmanna.
- Vinna þarf að því að auka möguleika eldra fólks á vinnumarkaði til sveigjanlegra starfsloka.

### ***Rétturinn til vinnu - fatlaðir á vinnumarkaði*<sup>2</sup>**

Verkalýðshreyfingin leggur áherslu á að fólk með skerta starfsorku vegna fötlunar geti verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Það er mikilvægt fyrir viðkomandi einstaklinga, en það er jafnframt mikilvægt fyrir fyrirtækin og samfélagið allt að njóta starfskrafta þess. Jafnframt verður að tryggja að þau störf og úrræði sem í boði eru séu við hæfi viðkomandi einstaklinga. Þá er mikilvægt að virkja þeirra eigin frumkvæði og sköpunarkraft. Til að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að tryggja möguleika fatlaðra til starfshæfingar og þjálfunar og endur- og eftirmenntun við hæfi.

Núverandi löggjöf og reglur á vinnumarkaði fela í sér takmarkaða möguleika og réttindi fyrir fólk með skerta starfsorku. Á vettvangi Evrópusambandsins hafa verið samþykktar reglur sem hafa að markmiði að treysta stöðu og auka möguleika fatlaðra á vinnumarkaði og sem miða að því að atvinnurekendur nýti starfskrafta þeirra. Þessar reglur hafa einnig verið lögleiddar í Noregi. Þá hefur Alþjóðavinnuálfstofnunin samþykkt viðmiðunarreglur um „Fötlunarstjórnun á vinnustað“ sem ætlaðar eru til leiðbeiningar vegna þátttöku fatlaðra á vinnumarkaði.

- Vinna ber að því að meginreglur tilskipunar Evrópusambandsins um réttindi og stöðu fatlaðra á vinnumarkaði verði teknar upp í löggjöf hér á landi.
- Vinna ber að því að þróa sérstaklega framboð á endur- og eftirmenntun fyrir fólk með skerta starfsorku á vinnumarkaði til að treysta stöðu þess. Mikilvægur liður í slíku starfi er að tryggja möguleika þess til að fá metna raunfærni sína ásamt hvatningu til þess að nýta sér slíka kosti.
- Mikilvægt er að þróa aðferðir og möguleika þar sem fatlaðir á vinnumarkaði geta nýtt eigið frumkvæði.
- Vinna þarf að því að auka möguleika fólks með skerta starfsorku á vinnumarkaði með auknum sveigjanleika við skipulagningu vinnunnar og vinnuumhverfis.

---

<sup>2</sup> Sjá einnig viðmiðunarreglur ILO, Fötlunarstjórnun á vinnustað. Útgefandi ASÍ.

Samþykktinni fylgir greinargerð um Lífið í vinnunni sem samþykkt var á ársfundi Alþýðusambands Íslands 2005.

### ***Ályktun um kjaramálf***

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru í uppnámi vegna mikillar verðbólgu og ójafnvægis í hagkerfinu. Við þessar aðstæður er sá ávinningur sem samningarnir áttu að skila launafólki, að mestu horfinn.

Það reynir á endurskoðunarákvæði kjarasamninga nú þegar ljóst er að forsendur þeirra eru brostnar. Markmiðin sem samningsaðilar settu sér um stöðugleika í afkomu og skilyrðum launafólks og fyrirtækja, jafnt í efnahagslegum og félagslegum skilningi, hafa ekki náðst. Ársfundur ASÍ lýsir yfir vilja samtaka launafólks til þess að eiga aðild að því að endurnýja og treysta grundvöll og markmið kjarasamninganna. Skilyrði þess að svo megi verða er að atvinnurekendur og stjórnvöld axli ábyrgð á þessari stöðu. Verkefnið er að endurnýja tiltrú á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífinu og bæta launafólki það sem aflaga hefur farið.

Samtök launafólks sýndu mikla ábyrgð með gerð langtímasamninga árið 2004 og vildu með því skapa svigrúm til þess að takast á við fyrirséða óvissu í efnahagsmálum. Ársfundurinn leggur því sérstaka áherslu á að tiltrú og vilji launamanna til endurnýjunar langtímasamninga hverfur, ef endurskoðunarákvæðin virka ekki þegar á reynir.

Náist ekki viðunandi lausn við endurskoðun kjarasamninganna telur ársfundur ASÍ einsýnt að til uppsagnar þeirra muni koma 10. desember þannig að uppsögn þeirra taki gildi frá og með næstu áramótum.

### ***Ályktun um skattamál***

Ársfundur Alþýðusambands Íslands krefst þess að ríkisstjórnin og Alþingi standi betur vörð um tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins. Á liðnum árum hefur skattbyrðin í vaxandi mæli færst frá hátekjufólki til lág- og millitekjufólks.

Ársfundur ASÍ skorar á ríkisstjórn og Alþingi að gæta hagsmuna lág- og millitekjufólks, nú þegar boðað hefur verið að skattar verði lækkaðir um allt að 25 milljarða á næstu tveimur árum. Forgangsverkefnin eru að taka upp lægra skattþrep á lægri tekjur, hækka barnabætur og lækka virðisaukaskatt á matvæli. Ársfundurinn telur eðlilegt að meira samræmi sé í skattlagningu fjármagnstekna og launatekna.

Framangreindar skattkerfisbreytingar koma lág- og millitekjufólki að mestu gagni.

### **Ályktun um íslenskan lánamarkað**

Ársfundur ASÍ krefst þess að stigin verði markviss skref á allra næstu árum til að færa íslensk lánakjör að því sem gerist í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Þrátt fyrir vaxtabreytingar undanfarin misseri er ljóst, að Íslendingar búa við verulega hærra vaxtastig en í viðmiðunarlöndunum.

Ársfundur ASÍ telur mikilvægt að Hagdeild ASÍ skoði hvort lítið íslenskt myntsvæði og óstöðugt efnahagslíf standi í vegi fyrir lækkun vaxta til lengri tíma.

### **Ályktun um fullgildingu ILO samþykktar 158**

Ársfundur Alþýðusambands Íslands skorar á ríkisstjórnina að fullgilda nú þegar samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar nr. 158 um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda sem félagsmálaráðherra fól þríhliða nefnd ASÍ, SA og ráðuneytisins að fjalla um í kjölfar samþykktar á síðasta ársfundi ASÍ. ASÍ og SA náðu ekki samstöðu um málið og er nú skorað á ráðherra og ríkisstjórn að taka af skarið og leggja samþykktina fram til staðfestingar nú þegar.

### **Greinargerð**

Á samráðsfundi félagsmálaráðherra með fulltrúum Alþýðusambands Íslands, sem haldinn var 22. nóvember 2004, var ráðherra gerð grein fyrir helstu samþykktum á ársfundi ASÍ 2004, þar á meðal ályktun um að hefja baráttu fyrir því að stjórnvöld fullgildi samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Samþykktin tryggir launafólki lágmarks mannréttindi við uppsagnir úr starfi. Eins og nú er hátt- að málum er hægt að segja starfsmanni upp starfi án þess að tilgreina neina ástæðu þó að eftir henni sé leitað.

Málinu var vísað til þríhliða nefndar ráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins um málefni ILO og tók hún samþykktina til umfjöllunar þegar á fundi sínum þann 29. nóvember 2004. Ákveðið var að ASÍ og SA gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum í skriflegum greinargerðum.

Greinargerð ASÍ var skilað 13. janúar 2005. Í henni er dregin saman kjarni samþykktar nr. 158, fjallað um um samkynja ákvæði í endurskoðaðri gerð félagsmálasáttmála Evrópu frá árinu 1996 og ýtarlegt yfirlit gefið um hliðstæð ákvæði í löggjöf nokkurra nágrannalanda. Áhersla er lögð á að málið snúist ekki um að atvinnurekendur hafi ekki rétt til að segja upp starfsmanni. Það varði hins vegar rétt starfsmanna til að fá upplýsingar um ástæður uppsagnar og hvort þær byggist á málefnalegum ástæðum. Jafnframt er bent á að starfsmönnum sé mismunað á þessu sviði eftir því hvort þeir starfi á almennum vinnumarkaði eða eru í þjónustu hins opinbera.

Veruleg vanhöld voru á því að greinargerð væri skilað af hálfu SA þó til-mæli þar að lútandi væri ítrekuð á 9 fundum nefndarinnar. Greinargerð barst loks í lok ágúst 2005. Niðurstaða SA er sú að ákvörðun um fullgildingu samþykktarinnar jafngildi ákvörðun um grundvallarbreytingar á íslenskum vinnu-rétti. Hér á landi gildi meginregla um gagnkvæman uppsagnarrétt að virtum lög- og samningsbundnum uppsagnarfresti og að almennt þurfi ekki að rök-styðja uppsagnir starfsmanna. Meginregla ILO samþykktarinnar sé hins vegar sú, atvinnurekendum sé bannað að segja upp starfsfólki nema gild ástæða í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmannsins eða rekstrarlegar ástæður fyr-irtækisins sé fyrir uppsögninni. Hvort gild ástæða sé fyrir hendi sé sönnunar-atríði hverju sinni og sönnunarbyrðin um það hvíli á atvinnurekanda.

Nefndin hefur nú lokið umfjöllun um málið og ljóst að ASÍ og SA eru mjög ósammála um mat á því hvaða afleiðingar það hafi fyrir íslenskan vinnumarkað verði samþykktin fullgilt. Málið er nú til ákvörðunar hjá félags-málaráðherra og ríkisstjórn.

### ***Ályktun um stuðning við frumvarp til laga um breytingar á skaðabótalögum***

Ársfundur ASÍ skorar á Alþingi að samþykkja breytingar á skaðabótalögum í samræmi við frumvarp sem allsherjarnefnd hefur lagt fram. Í frumvarpinu er tekið á miklu óréttæti í núgildandi skaðabótalögum sem hefur valdið því að heimilt hefur verið að draga frá skaðabótum ýmsar greiðslur sem tjónþolar eiga rétt á

### **Fundarslit**

**Grétar Þorsteinsson**, forseti ASÍ, sleit ársfundi ASÍ 2005 með eftirfarandi ræðu:

*„Fundarstjórar - góðir félagar.*

*Dagskrá þessa fimmta ársfundar ASÍ er tæmd. Okkur hefur gengið vel í umfjöllun um þau viðfangsefni sem hafa verið rædd og afgreidd. Við komum vel undirbúin og vel stemmd til fundarins. Og vinnan hér á fundinum hefur verið í sama dúr – kröftug og skilvirk. Þetta hefur sett mark sitt á alla vinnu – og niðurstöðurnar.*

*Audvitað koma fram mismunandi sjónmið vegna einstakra atriða, jafnt í umræðum á fundinum sem í nefndunum.*

*Við erum búin að fjalla útarlega um mörg mál. Þannig hefur umræðan um efnahags-, kjara- og skattamál verið fyrirferðarmikil – eðlilega eins og aðstæður í þjóðfélaginu eru. Haustiþá hagdeildarinnar var lögð fram og þar kemur fram að það er mikil þensla og mikil þörf á að gæta aðhalds.*

Við sendum atvinnurekendum og ríkisstjórninni skýr skilaboð frá þessum fundi.

Við afgreiddum nýja stefnu Alþýðusambandsins í málefnum karla og kvenna og ég er þess fullviss að það hve mjög við höfum sett jafnréttismálin í forgrunn á eftir að skila sér í auknu jafnrétti kynjanna. Jafnframt hljótum við að senda frá þessum fundi baráttukveðjur á baráttufundinn sem haldinn verður á mánudaginn í tilefni af 30 ára afmæli kvennafrídagsins. Ég hvet alla sem hér eru til að taka þátt í aðgerðum dagsins.

- Áfram stelpur! -

Þeir pappírar sem lágu fyrir fundinum um lífið í vinnunni runnu ljúflega í gegn, enda málið búið að vera lengi í vinnslu og vel undirbúið.

Þó öll þessi mál séu mikilvæg og umfjöllunin um þau eigi eftir að skila okkur miklu í framtíðinni, er ég þó þeirrar skoðunar að mestu tímamótin felist í umfjöllun og afgreiðslu um tillögur um starfshætti verkalýðshreyfingarinnar.

Yfirskrift fundarins var - Sterkari saman. - Þessi augljósu sannindi - eru grunnurinn að öllu okkar starfi. Þau eru meitluð í allt okkar skipulag.

Það þýðir þó ekki, að skipulag, verkefni og starfsaðferðir okkar hafi verið meitluð í stein í eitt skipti fyrir öll. Við þurfum alltaf að vera reidubúin að endurskoða þau tæki sem við höfum til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri og hugsjónum í framkvæmd.

Þess vegna fagna ég þeim tillögum sem voru samþykktar í því sambandi á fundinum. Ég fagna þeirri framtíðarsýn Alþýðusambandsins sem var samþykkt í morgun. Það er þó ekki þannig að í henni felist neinn afsláttur frá hugsjónum okkar og grundvallarsjónarmiðum. Fjarri því. Í þeim texta sem var samþykktur í morgun, er einungis verið að draga saman í skarpan og stuttan texta það sem mestu máli skiptir.

Félagar,

Ég sagði í setningarávarpi mínu að við hefðum náð góðum takti í samstarfinu innan verkalýðshreyfingarinnar. Þessi fundur staðfestir það. Við erum sterk saman.

Við þurfum aftur á móti að verða enn sterkari. Launafólk á Íslandi þarf á því að halda. Þjóðfélagið þarf á því að halda.

Ég fullyrði að eftir þennan ársfund – með þær samþykktir sem hér hafa verið afgreiddar í farteskinu – erum við tilbúin að stíga næsta skref.

Það líður að lokum þessa fundar.

Ég vil áður en ég slít fundinum óska Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, varaforseta, til hamingju með endurkjörið. Sama gildir um þá aðal- og



varamenn í miðstjórn sem hér hafa verið endurkjörnir. Ég veit að samstarfið við allt þetta góða fólk verður gott hér eftir sem hingað til.

Að lokum vil ég þakka fundarstjórum og riturum fyrir störf sín, sem hafa gengið fram af mikilli röggsemi eins og við var að búast.

- Ég þarf ekki að taka það fram að mér hefur liðið ákaflega vel í þessum félagsskap. -

Gefum þessum glæsilegu félögum okkar gott klapp.

Jafnframt vil ég þakka starfsfólki Alþýðusambandsins og öðrum þeim sem hafa tekið þátt í að gera framkvæmd fundarins jafn góða og hún hefur verið. Hún hefur verið með miklum ágætum.

Ég vil biðja starfsfólkið að koma í salinn og gefa okkur kost á að þakka fyrir með lófaklappi.

Félagar.

Ég þakka ykkur fyrir samstarfið þessa tvo daga og óska öllum góðrar heimferðar.

Fimmta ársfundi Alþýðusambandsins er slitið.“

# Listi yfir fulltrúa á ársfundi ASÍ 2005

## Félög með beina aðild að ASÍ

### Félag bókagerðarmanna

Bragi Guðmundsson  
Elín Sigurðardóttir  
Georg Páll Skúlason  
Pétur Ágústsson  
Sæmundur Árnason

### Félag ísl. hljómlistarmanna

Árni Friðrik Scheving  
Sigurgeir Sigmundsson

### Félag leiðsögumanna

Pétur Jónsson

### Flugfreyjufélag Íslands

Jarprúður Guðnadóttir  
Sigrún Jónsdóttir

### Mjólkurfræðingafélag Íslands

Kristján Rudolf Larsen

### Landssamband Ísl.

#### Verzlunarmanna

#### Verzlunarmannafélag

#### Reykjavíkur

Alfreð Gústaf Maríusson  
Anna Björg Siggeirsdóttir  
Arngrímur Friðrik Pálmason  
Auður Arnarsdóttir  
Árni G. Ferdinandsson  
Árni Steingrímsson  
Árni Svanur Guðbjörnsson  
Ásmundur I. Þórisson  
Ásta Ágústsdóttir

Benedikt Vilhjálmsson  
Birna Dís Benediktsdóttir  
Edith Alvarsdóttir  
Einar Karl Birgisson  
Einar Magnús Nikulásson  
Elías Guðmundur Magnússon  
Elísabet Magnúsdóttir  
Elsa Unnur Guðmundsdóttir  
Grétar Hannesson  
Guðmundur Ingi Kristinsson  
Guðmundur Jónsson  
Guðmundur Pétursson  
Guðrún Helga Stefánsdóttir  
Gunnar Böðvarsson  
Gunnar Helgi Guðmundsson  
Gunnar Páll Pálsson  
Gunnlaugur Magnússon  
Hafdís Júlía Hannesdóttir  
Hannes Þ. Sigurðsson  
Hildur Mósesdóttir  
Hreinn Ómar Smáráson  
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir  
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir  
Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir  
Jón Hrafn Guðjónsson  
Jón Magnússon  
Jónína Sóley Ólafsdóttir  
Júlfana Pálsdóttir  
Júnía Þorkelsdóttir  
Kolbrún Friðriksdóttir  
Kristín Sigurðardóttir  
Lykke Bjerre Larsen  
Magnús Bogason  
Magnús Leifur Sveinsson  
Margrét Sigurðardóttir  
Margrét Sveinsdóttir

Margrét Sverrisdóttir  
Margrét Torfadóttir  
Ólafur Már Sigurðsson  
Ólafur Ólafsson  
Ólafur Sigurþór Sveinsson  
Óskar Kristjánsson  
Pétur Ástbjartsson  
Ragnar Engilbertsson  
Rannveig Sigurðardóttir  
Reynir Jóseppson  
Rósmarý Úlfarsdóttir  
Rúnar Bragi Guðlaugsson  
Sesselja Jónsdóttir  
Sigurbjörg Þorláksdóttir  
Sigurhans Wium Hansson  
Sigurlaug Hilmarsdóttir  
Stefanía Magnúsdóttir  
Steinar J. Kristjánsson  
Steinn Gunnarsson  
Stella Breiðfjörð Magnúsdóttir  
Súsanna Gísladóttir  
Sæmundur Bjarnason  
Sæmundur Karl Jóhannesson  
Valur Magnús Valtýsson  
Valva Árnadóttir  
Þorlákur Jóhannsson  
Þorsteinn Bjarnason  
Þyri Emma Þorsteinsdóttir

#### **Verslunarmannafélag**

##### **Hafnarfjarðar**

Jón Ragnar Jónsson  
Sólveig Haraldsdóttir  
Unnur Helgadóttir

#### **Verslunarmannafélag Suðurnesja**

Ásta Pálína Stefánsdóttir  
Bryndís Kjartansdóttir  
Guðbrandur Einarsson  
Ingunn Steina Pétursdóttir

#### **Verkalýðsfélag Borgarness**

Einar Oddur Pálsson

#### **Verslunarmannafélag**

##### **Skagfirðinga**

Hjörtur S. Geirmundsson

#### **Félag verslunar-**

##### **og skrifstofufólks Akureyri**

Elísabet Hallgrímsdóttir  
Reynir Svanholt Sveinsson  
Svavar Hannesson  
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

#### **Verslunarmannafélag Húsavíkur**

Ágúst Sigurður Óskarsson

#### **Verslunarmannafélag Austurlands**

Kristín María Björnsdóttir

#### **Verslunarmannafélag**

##### **Vestmannaeyja**

Guðrún Erlingsdóttir

#### **Verslunarmannafélag Suðurlands**

Jónína Sigurðardóttir  
Margrét Ingbórsdóttir

#### **Verkalýðsfélag Vestfirðinga**

Finnbogi Sveinbjörnsson

#### **Vökull, stéttarfélag**

Þorkell Kolbeins

#### **MATVÍS**

Jón Karl Jónsson  
Níels Sigurður Olgeirsson  
Sigurður Magnússon  
Þorsteinn Ómar Gunnarsson

**Rafiðnaðarsamband Íslands**

Anna Nína Stefnisdóttir  
Björn Ágúst Sigurjónsson  
Einar B. Sigurgeirsson  
Einar Jón Ólafsson  
Georg Grundfjörð Georgsson  
Grétar Birkir Guðmundsson  
Guðmundur Gunnarsson  
Hafliði S. Sívertsen  
Hannes Páll Þórðarson  
Haraldur Hafsteinn Jónsson  
Helgi Jónsson  
Hermann Lúðvíksson  
Ísleifur Tómasson  
Jóhann Snorri Bjarnason  
Oddur Sigurðsson  
Sigurgeir Ólafsson  
Sigurjón Ingvarsson  
Svanur Þorsteinsson  
Þór Ottesen Pétursson  
Þórunn Stefanía Jónsdóttir

***Samiðn*****Trésmiðafélag Reykjavíkur**

Finnbjörn A. Hermannsson  
Grétar Þorsteinsson  
Kolbeinn Árnason  
Sigurjón Einarsson  
Þorbjörn Guðmundsson

**Félag hársnyrtisveina**

Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir  
Súsanna Björg Vilhjálmsdóttir

**Félag iðn- og tæknigreina**

Ármann Ægir Magnússon  
Georg Óskar Ólafsson  
Gunnar Björn Gunnbjörnsson  
Hilmar Harðarson  
Sveinn Ingason

Tryggvi Frímann Arnarson  
Vilhjálmur G. Gunnarsson

**Iðnsveinafélag Suðurnesja**

Adólf Sigurgeirsson  
Jón Halldórsson  
Sigfús Rúnar Eysteinnsson

**Verkalýðsfélag Akraness**

Guðmundur Rúnar Davíðsson

**Félag byggingamanna Eyjafirði**

Guðmundur Friðfinnsson  
Guðmundur Ómar Guðmundsson

**ÞINGIÐN**

Jónas Kristjánsson

**AFL, Starfsgreinafélag****Austurlands**

Finnur Þorsteinsson

**Félag járníðnaðarmanna**

Guðmundur Smári Guðmundsson  
Gunnar Ingvar Leifsson  
Gylfi Ingvarsson  
Haraldur Guðjón Samúelsson  
Vignir Eypórsson  
Örn Friðriksson

**Félag málmíðnaðarmanna****Akureyri**

Brynjólfur Jónsson  
Hákon Hákonarson

**Sjómannasamband Íslands**

Matsveinafélag Íslands  
Páll Þorgeirsson

**Sjómannafélag Eyjafjarðar**

Knútur Eiðsson  
Konráð Þorsteinn Alfreðsson  
Sigurður Viðar Heimisson

**AFL, Starfsgreinafélag****Austurlands**

Björgvin Pétur Erlendsson

**Sjómannafélagið Jötunn**

Elías Björnsson  
Porkell Árnason

**Starfsgreinasamband Íslands****Efling, stéttarfélag**

Andrés Þ Gardarsson  
Anna María Arnardóttir  
Arthur Daníel O Brien  
Ágúst Elfs Gústafsson  
Ágúst Ingi Sigurðsson  
Berglind Jónína Gestsdóttir  
Bjarni Bjarnason  
Fanney Helga Friðriksdóttir  
Franz Arason  
Guðjón Ágúst Norðdahl  
Guðjón Elvar Hjartarson  
Guðlaugur Bjarnason  
Guðmundur Þ. Jónsson  
Guðrún Hlín Adolfsdóttir  
Halldór Guðjón Björnsson  
Hjördís Baldursdóttir  
Hulda Björg Ásgeirsdóttir  
Ingi Bjarnar Guðmundsson  
Ingunn Þorsteinsdóttir  
Jódís Sigurðardóttir  
Jón Bjarnason  
Jón Friðrik Hrafnsson  
Jóna Sveinsdóttir  
Jónína Sigurðardóttir  
Karlotta Sigríður Óskarsdóttir

Kristbjörg B Guðjónsdóttir  
Kristín Guðbj. Benediktsdóttir  
Kristín Helga Jónatansdóttir  
Lilja Eiríksdóttir  
Magnús Jakobsson  
Oliver Þórisson  
Ólafur Einar Ólafsson  
Ólafur Guðmundsson  
Ólafur Haraldsson  
Ragna S. Sveinbjörnsdóttir  
Ragnar Ólason  
Rannveig H. Gunnlaugsdóttir  
Sigurður Bessason  
Sigurlín Ágústsdóttir  
Snorri Ársælsson  
Stefán Viðar Egilsson  
Steinn G. Lundholm  
Stella Guðnadóttir  
Sverrir Bergmann Egilsson  
Thelma Björk Brynjólfsdóttir  
Theodóra S. Theodórsdóttir  
Valur Steingrímsson  
Viðar Ottesen  
Þorbjörg Kristjánsdóttir  
Þorsteinn M. Kristjánsson  
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir  
Þuríður Ingimundardóttir

**Verkalýðsfélagið Hlíf**

Guðbjörg Skúladóttir  
Kolbeinn Gunnarsson  
Linda Baldursdóttir  
Ragnar Árnason  
Reynir Albertsson  
Sigríður Þorleifsdóttir  
Sigurður Tr. Sigurðsson

**VI og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.**

Guðmundur Finnsson  
Kristján G. Gunnarsson

Kristrún Jónsdóttir  
Marta Baldvinsdóttir  
Ragnar Guðleifsson  
Sigurbjörg Eiríksdóttir  
Steingerður Hermannsdóttir

**Verkalýðsfélag Grindavíkur**  
Benoný Benediktsson

**VI. og sjóm.fél. Sandgerðis**  
Baldur Matthíasson

**Verkalýðsfélag Akraness**  
Bryndís Ólöf Guðjónsdóttir  
Jón Jónsson  
Vilhjálmur E. Birgisson  
Þórarinn Helgason

**Verkalýðsfélag Borgarness**  
Baldur Jónsson  
Sveinn Gunnar Hálfánarson

**Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar**  
Guðrún Fríða Pálsdóttir

**Stéttarfélagið Samstaða**  
Ásgerður Pálsdóttir  
Eiríkur Pálsson

**Verkalýðsfélagið Stjarnan**  
Þórunn S. Kristinsdóttir

**Verkalýðsfélag Stykkishólms**  
Þorsteinn Sigurðsson

**Verkalýðsfélagið Valur**  
Kristján Jóhannsson

**Verkalýðsfélag Vestfirðinga**  
Gunnhildur Björk Elíasdóttir  
Helgi Sigurjón Ólafsson  
Pétur Sigurðsson  
Sólrún Bryndís Aradóttir

**Aldan, stéttarfélag**  
Hjördís Rakei Gunnarsdóttir  
Þórarinn Guðni Sverrisson

**Verkalýðsfélagið Vaka**  
Signý Jóhannesdóttir

**Eining - Iðja**  
Anna Júlíusdóttir  
Björn Snæbjörnsson  
Elísabet Jóhannsdóttir  
Eyþór Karlsson  
Guðrún Fanney Skarphéðinsdóttir  
Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir  
Margrét Haukdal Marvinsdóttir  
Marzibil E. Kristjánsdóttir  
Matthildur Sigurjónsdóttir  
Sigríður K. Bjarkadóttir  
Valdimar Gunnarsson

**Verkalýðsfélag Húsavíkur**  
Aðalsteinn Árni Baldursson  
Kristbjörg Sigurðardóttir  
Krístrún Sigtryggsdóttir

**Verkalýðsfélag Þórshafnar**  
Kristinn Lárússon

**AFL, Starfsgreinafélag Austurlands**  
Einar Már Kristinsson  
Guðni Sigmundsson  
Gyða Vigfúsdóttir  
Jón Ingi Kristjánsson

Sigurbjörg Kristmundsdóttir  
Sverrir Mar Albertsson  
Þóra Elísabet Ívarsdóttir

**Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar**  
Haukur Guðjónsson

**Vökull, stéttarfélag**  
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir  
Reynir Arnórsson

**Drifandi, stéttarfélag**  
Arnar G. Hjaltalín  
Guðný Óskarsdóttir

**Verkalýðsfélag Suðurlands**  
Eiríkur Tryggvi Ástþórsson  
Már Guðnason

**Verkalýðsfélag Öxarfjarðar**  
Olga Gísladóttir

**Báran, stéttarfélag**  
Ásdís Ágústsdóttir  
Óðinn Kalevi Andersen  
Ragna Gissurardóttir  
Vernharður Stefánsson

**VI. og sjóm.fél. Boðinn**  
Jóna Sigríður Gestsdóttir  
Sigríður Stefánsdóttir

**VI. og sjóm.fél. Bolungarvíkur**  
Sveinn Árni Þór Þórisson

*Þetta eru þeir fulltrúar sem áttu seturétt á ársfundinum 20. október 2005.*

## Breytingar á ársfundarfulltrúum

### **AFL - Starfsgreinafélag**

#### **Austurlands**

##### **Út:**

Sigurður Hólm Freysson  
Snorri Hallgrímsson  
Sveinn Brimir Björnsson  
Stefán Guðnason

##### **Inn:**

Einar Már Kristinsson  
Gyða Vigfúsdóttir  
Finnur Þorsteinsson  
Þóra Elísabet ívarsdóttir

### **Félag járníðnaðarmanna**

##### **Út:**

Helgi Jóhannsson

##### **Inn:**

Gunnar Ingvar Leifsson

### **Vlf. Akraness**

##### **Út:**

Sigurður Guðjónsson

##### **Inn:**

Guðmundur Rúnar Davíðsson

### **Vlf. Borgarness**

##### **Út:**

Guðrún H. Pálmadóttir  
S. Haukur Valsson

##### **Inn:**

Einar Oddur Pálsson  
Baldur Jónsson

### **Verzlunarmannafélag**

#### **Reykjavíkur**

##### **Út:**

Júlfanna Sóley Gunnarsdóttir  
Eva Hrund Willatzen  
Guðfinna Helgadóttir  
Ingimundur Kristinn Guðmundsson  
Klara Ósk Bjartmarz  
Margrét Eiríksdóttir  
Marólína Arnheiður Magnúsdóttir  
Sigurbjörn G. Eggertsson  
Þorkell Vignir Viðarsson

##### **Inn:**

Rósmary Úlfarsdóttir  
Magnús Bogason  
Ásta Ágústsdóttir  
Sesselja Jónsdóttir  
Ólafur Már Sigurðsson  
Margrét Sveinsdóttir  
Rúnar Bragi Guðlaugsson  
Ólafur Ólafsson  
Óskar Kristjánsson

### **Efling, stéttarfélag:**

##### **Út:**

Helga Björnsdóttir

##### **Inn:**

Thelma B. Brynjólfsdóttir





*Yfirskriftn á 1. maí var Ísland allra og vísaði til þess að landið er allra íbúa þess, en ekki sumra. Á leið 1. maígöngunnar í Reykjavík hafði verið komið fyrir fánum sem minntu á nokkra sigra í 90 ára sögu Alþýðusambandsins.*

## Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

### *Miðstjórn*

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá seinni hluta júní fram í ágúst ár hvert. Miðstjórnin er æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins á milli ársfunda ASÍ. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktar ársfunda ASÍ.

Fjölmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá ársfundi ASÍ 2005. Í upphafi árs 2006 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2006. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar þann ramma sem starfsemin byggir á og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og nýtingu þeirra fjármuna sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Eins og áður fjallaði miðstjórn um allar tilnefningar af hálfu ASÍ í opinberar nefndir og ráð og mótaði umboð fyrir fulltrúa Alþýðusambandsins í því starfi.

Um fjöllun um félagsleg undirboð og starfsemi fyrirtækja, bæði innlendra og erlendra, sem byggir á misnotkun á erlendu launafólki var fyrirferðamikil í starfi miðstjórnar á tímabilinu eins og árið á undan, enda ljóst að um víðtæk og alvarleg áhrif á íslenskan vinnumarkað er að ræða. Á vettvangi miðstjórnar snerist umræðan um grundvallaratriði varðandi vinnumarkaðinn og mikilvægi þess að treysta réttindi launafólks og framkvæmdina varðandi þátttöku erlends launafólks á vinnumarkaði. Af hálfu miðstjórnar eru markmiðin skýr, að tryggja að erlent launafólk njóti sömu réttinda og kjara og íslenskt launafólk, en sé ekki notað til félagslegra undirboða á vinnumarkaði eða í svarta atvinnustarfsemi. Hér koma einnig til stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og þróunin á Evrópuvettvangi. Af þessu tilefni ákvað miðstjórn að halda áfram fram á mitt ár 2006 áttakinu „Einn réttur – Ekkert svindl“ sem hrint var af stað í byrjun maí 2005. Einnig kom til umfjöllunar í miðstjórn löggjafarstarf tengt málaflokknum, aðild ASÍ að því og niðurstöður. Nánar er fjallað um málefni erlends verkafólks á íslenskum vinnumarkaði og áttakið „Einn réttur – Ekkert svindl“ annars staðar í skýrslunni.

Þá voru efnahags- og kjaramálin einnig fyrirferðamikil á vettvangi miðstjórnar. Á fundum miðstjórnar var gerð ítarleg grein fyrir stöðu og þróun efnahags- og kjaramálanna. Þá var endurskoðun kjarasamninganna, bæði í nóvember 2005 og júní 2006, og eftirmálar ítrekað til umfjöllunar. Loks má nefna umfjöllun á vettvangi miðstjórnar um Kjaradóm og kjaranefnd og úrskurði þeirra. Þessum málum er einnig gerð ýtarleg skil annars staðar í skýrslunni.

Á vordögum 2006 voru afgreidd á Alþingi ný lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Hvorutveggja höfðu verið í undirbúningi um nokkurt skeið með virkri þátttöku fulltrúa ASÍ. Þessi löggjöf og afstaða Alþýðusambandsins var ítrekað til umfjöllunar í miðstjórn og er gerð frekari grein fyrir henni annars staðar í skýrslunni.

Önnur mál sem fjallað var um á vettvangi miðstjórnar og gerð er grein fyrir annars staðar í skýrslunni voru m.a. málefni foreldra langveikra barna, málefni lífeyrissjóðanna, málefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, málefni sjúkrasjóða og viðmiðunarreglugerð fyrir þá og reglugerð um allsherjaratkvæðagreiðslur. Þá var á fundi miðstjórnar ASÍ 30. ágúst samþykkt umsókn nýs félags járníðnaðarmanna og velstjóra að Alþýðusambandinu með fyrirvara um samþykkt ársfundar sambandsins. Eru þá ótalin fjölmörg mál ef varða innri málefni verkalýðshreyfingarinnar og samskipti ASÍ við fjölmarga aðila, samtök og stofnanir, innanlands og erlendis.

Loks má nefna að undirbúningur fyrir ársfund ASÍ 2006 hefur verið á dagskrá miðstjórnar á seinni hluta tímabilsins.

Hér á eftir er gerð grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til, og sem ekki er fjallað um annars staðar í henni.

### **Ályktun um raforkuverð**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 8. febrúar 2006 var fjallað hækkun raforkuverðs í kjölfar breytinga á raforkulögum. Eftirfarandi ályktun var samþykkt:

„Miðstjórn ASÍ mótmælir hækkun á raforkuverði til neytenda í kjölfar breytinga á raforkulögum og krefst þess að endurskoðun laganna hefjist nú þegar með það að markmiði að tryggja hagsmuni almennings.“ Þetta er meðal þess sem kemur fram í ályktun sem miðstjórn ASÍ samþykkti á fundi sínum í dag.

*Miðstjórn ASÍ mótmælir hækkun á raforkuverði til neytenda í kjölfar breytinga á raforkulögum og krefst þess að endurskoðun laganna hefjist nú þegar með það að markmiði að tryggja hagsmuni almennings.*

*Rafmagnsreikningar heimilanna hafa hækkað um allt að 13,5% í þéttbýli og 32,7% í dreifbýli. Breytingarnar eru mismunandi eftir dreifiveitum en fastagjöld hafa hækkað mest.*

*Miðstjórnin minnir á að fulltrúar ASÍ og BSRB vöruðu við því að raforkuverð kæmi til með að hækka í kjölfar þessara breytinga, en stjórnvöld fullyrtu hið gagnstæða.*

*Miðstjórnin ítrekar að landfræðileg lega Íslands útilokar bæði heimili og fyrirtæki frá því að geta tekið þátt í raunverulegum innri markaði. Jafnframt munu áform stjórnvalda um sameiningu orkufyrirtækja leiða til meiri fákeppni.“*

### **Uppsagnir starfsmanna á Keflavíkurflugvelli**

Á fundum miðstjórnar var ítrekað fjallað um atvinnumál á Suðurnesjum í framhaldi af uppsögnum starfsmanna í herstöðinni á Miðnesheiði. Á fundi sínum 22. mars 2006 samþykkti miðstjórn eftirfarandi ályktun:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir þungum áhyggjum yfir horfum í atvinnulífi á Suðurnesjum, í kjölfar fyrirvaralausrar ákvörðunar bandarískra stjórnvalda um að draga stórlega úr umsvifum í herstöðinni á Miðnesheiði.

*Þessi ákvörðun mun hafa mikil áhrif á störf og afkomu um sex hundruð launamanna og fjölskyldna þeirra á Suðurnesjum sem eru í beinni þjónustu hersins auk hundruða annarra vegna neikvæðra margfeldisáhrifa. Miðstjórn leggur áherslu á að sómasamlega verði staðið að starfslokum þeirra sem*

missa vinnuna og væntir þess að hugað verði sérstaklega að því fólki sem líkur eru á að eigi erfitt með að finna annað starf, til dæmis vegna aldurs. Miðstjórn telur afar mikilvægt að virkar vinnumarkaðsaðgerðir á svæðinu verði eflaðar, sérstaklega með auknu fjármagni í starfs- og endurmenntun þessa fólks.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að íslensk og bandarísk stjórnvöld leggi sitt af mörkum til að draga úr áhrifum þessara breytinga fyrir þetta starfsfólk og samfélagið á Reykjanesi. Í því sambandi verði m.a. horft til þess að nýta búnað og aðstöðu sem til staðar er til nýrrar uppbyggingar atvinnutækifæra á svæðinu, en það er skylda bandarískra stjórnvalda að leggja sitt af mörkum til að skapa því fólki ný störf sem hefur þjónað varnarliðinu, sumt alla sína starfsævi.“

## **Kjör og réttindi fatlaðra starfsmanna á vernduðum vinnustöðum**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. apríl var samþykkt að staðfesta eftirfarandi yfirlýsingu Alþýðusambands Íslands og Hlutverks – samtaka um vinnu og verkþjálfun um kjör og réttindi fatlaðra starfsmanna á vernduðum vinnustöðum:

„Alþýðsamband frjálsra verkalýðsfélaga (ICFTU) ákvað á heimsráðstefnu sinni í Miyazaki í Japan, dagana 5.-10. desember 2004, að vinna að fullri samlögun fatlaðra „að samfélaginu og vinnustöðum með því að stuðla að menntun, starfsþjálfun og endurhæfingu, berjast gegn öllum tegundum mismununar, aðlögun vinnustaða og umhverfis og samvinnu við stjórnvöld og atvinnurekendur.“

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Hlutverk - samtök um vinnu og verkþjálfun, sem eru heildarsamtök vinnu- og hæfingarstaða fatlaðra, deila þessu viðhorfi og hafa átt samvinnu vegna réttarstöðu fatlaðra starfsmanna á vinnustöðum fatlaðra. Í niðurstöðum könnunar sem ASÍ og Hlutverk gerðu fyrir skömmu kemur fram, að á meirihluta vinnustaða fatlaðra njóta starfsmenn lágmarksréttinda skv. kjarasamningum og að þar eru laun greidd í hlutfalli við umsamda kauptaxta miðað við metna vinnugetu starfsmanna.

Samtökin eru sammála um að það sé mannréttindamál að allir sem geta og vilja vinna eigi kost á atvinnu. Tryggja þarf að í samfélaginu séu til staðar úrræði fyrir þá sem þurfa stuðning við að komast í atvinnu og til að halda henni til frambúðar.

Samtökin telja mikilvægt að íslenskt samfélag geri sér grein fyrir þeim verðmætum sem fólgin eru í virkri þátttöku fatlaðra í atvinnulífinu. Fjöldi fatlaðra starfar á almennum vinnumarkaði, nýtur sömu kjara og annað launafólk og á aðild að verkalýðsfélögum og stofnunum þeirra, þ.m.t. lífeyrissjóðum.

Verkefni sambandsaðila Hlutverks er að hjálfa fólk til starfa á almennum vinnumarkaði og veita þeim atvinnu sem ekki eiga þess kost að starfa á almennum vinnumarkaði, eða eiga ekki afturkvæmt þangað.

Samtökin skora jafnframt á íslensk stjórnvöld að hrinda í framkvæmd tilskipunum Evrópusambandsins um bann við mismunun á vinnumarkaði hér á landi.

Alþýðusamband Íslands og Hlutverk eru sammála um að stuðla að því, að á öllum vinnustöðum fatlaðra séu réttindi skv. kjarasamningum virt. Meðal þessara réttinda eru:

- Að gerðir séu skriflegir ráðningar- og/eða þjónustusamningar við fatlaða starfsmenn
  - Að vinnugeta fatlaðra starfsmanna sé metin á hlutlægan og samræmdan hátt og laun skv. kjarasamningum greidd eftir því.
  - Að réttur sé til sumarorlofs á launum
  - Að greiddar séu desember- og orlofsuppbætur í sama hlutfalli og laun
  - Að yfirvinnuálag sé greitt þegar yfirvinna er unnin að loknum dagvinnutíma
  - Að réttur til greiðslu launa í forföllum vegna veikinda og slysa sem ekki eru tengd fötlun viðkomandi sé virtur
  - Að allir fatlaðir starfsmenn njóti slysatryggingar eins og annað starfsfólk við störf sín, á leið til og frá vinnu og í frítíma
  - Að fatlaðir starfsmenn njóti samningsbundins uppsagnarfrests frá störfum
  - Að fatlaðir starfsmenn eigi aðild að viðeigandi stéttarfélagum og sjóðum á grundvelli gildandi kjarasamninga og laga
- Samtökin beina því jafnframt til allra sem ekki hafa nú þegar í gildi samninga um kjör sem samræmast ofanrituðu, að gera nauðsynlegar breytingar og hrinda þeim í framkvæmd eigi síðar en 1. september 2006.

## **1. maí 2006**

Yfirskrift 1. maí aðgerða verkalýðshreyfingarinnar árið 2006 var Ísland allra. Um þessa yfirskrift sagði eftirfarandi í tilkynningu frá Alþýðusambandinu.

Yfirskrift aðgerða 1. maí, Ísland allra, minnir á að landið er allra íbúa þess – en ekki sumra. Í samfélaginu sem byggir landið eiga allir sama rétt. Í sameiningu höfum við byggt upp sterkan efnahag og atvinnulíf sem með margvíslegum hætti skapar samfélaginu mikinn auð. Þessi verðmæti eru ekki einkaeign sumra - heldur sameign allra.

1. maí tekur gildi opnun vinnumarkaðarins gagnvart átta nýjum aðildarríkjum ESB og EES svæðisins. Verkalýðshreyfingin hefur á undanförunum

*missurum háð harða baráttu um jafna stöðu þessara félaga okkar á vinnu-  
markaði undir kjörordinu „Einn réttur – ekkert svindl“. Krafa okkar er að  
allir sem vinna á íslenskum vinnumarkaði njóti sömu kjara og sömu réttinda  
– að Ísland sé okkar allra.*

*Yfirskriftin vísar þannig til hugsjóna verkalýðshreyfingarinnar. Meðal  
Íslendinga er viðtæk samstaða um þróun samfélags þar sem allir búa við sama  
rétt hvað varðar aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun, atvinnu og almenn-  
um lífsgæðum ásamt stuðningi við þá sem eiga undir högg að sækja.*

*Þess vegna eigum við að skipta jafnar. Aldraðir eiga sinn sjálfsagða rétt  
sem daglega er brotinn á þeim. Ævintýrlegur auður safnast með óeðlilegum  
hætti á örfáar hendur á meðan fjöldi fólks býr við fátækt. Með æ gleggri hætti  
má sjá mismunandi aðstæður og aðgengi ungs fólks að menntunartækifærum  
og sömuleiðis tækifæri til menntunar á fullorðinsárum.*

*Dæmi um misrétti í stað jafnréttis má lengi telja. Ísland er þess vegna oft  
á tíðum aðeins allra í orði en ekki á borði. Krafa dagsins er að Ísland sé allra  
í raun.*



*Efnahagslífið hefur einkennst af miklu ójafnvægi í þjóðarbúskapnum undanfarin misseri. Brugðist hefur verið við mikilli þenslu með erlendu vinnuafli.*

## Efnahags- og verðlagsmál

### *Efnahagsmálin*

Umfjöllun um efnahagsmál var fyrirferðarmikil í starfi ASÍ á síðasta ári og það sem af er þessu ári. Mest fór fyrir umræða um þróun og horfur í efnahagsmálum og umfjöllun um efnahagstjórn líkt og undanfarin tvö ár. Hagdeildin hefur tekið virkan þátt í efnahagsumræðunni í samfélaginu og m.a. sent frá sér nokkrar skýrslur um þau málefni.

Haustskýrsla Hagdeildar var gefin út í október 2005, í tengslum við ársfund ASÍ. Í henni var birt hagspá fyrir árin 2006 og 2007 og umfjöllun um efnahagstjórn. Í skýrslunni er varað við því að stjórnvöld séu að gera alvarleg mistök í efnahagsstjórn, þar sem Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið hafa afar mismunandi sýn á stöðu þjóðarbúsins og bregðist því mismunandi við aðstæðum. Segir m.a. í skýrslunni:

*„Líkur á hagstjórnarmistökum verða að teljast miklar í ljósi þess að fjármálaráðuneytið virðist frekar telja ástæðu til að stíga á bensínið á meðan Seðlabankinn er á bremsunni.“*

Vorskýrsla Hagdeildar var gefin úr í apríl sl. með endurskoðaðri hagspá Hagdeildar frá haustinu 2005. Í skýrslunni er einnig fjallað sérstaklega um tvö mál sem hafa verið ofarlega á baugi, útgáfu erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum, svokölluðum jöklabréfum og frekari stóriðjuframkvæmdir. Eins og í fyrri skýrslum er varað við hagstjórnarmistökum og kallað eftir samræmdum aðgerðum Seðlabanka og ríkisins.

Í upphafi þessa árs gaf Hagdeildin út skýrslu um lífsskjör á Norðurlöndum. Í skýrslunni er fjallað um lífsskjör hér á landi og á öðrum Norðurlöndum. Niðurstöður skýrslunnar eru í meginatriðum þær að ráðstöfunartekjur á Íslandi, að teknu tilliti til verðlags, eru sambærilegar við eða heldur lakari en á Norðurlöndunum auk þess sem vinnutími hér á landi er mun lengri og opinber þjónusta dýrari.

### Ójafnvægi í þjóðarbúskapnum

Efnahagslífið hefur einkennst af miklu ójafnvægi í þjóðarbúskapnum undanfarin misseri. Yfirstandandi hagvaxtarskeið hófst árið 2003 með stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi. Allt bendir til þess að hagvöxtur hafi náð hámarki árið 2004 en þá var hann 7,7%. Í fyrra reyndist hann 7,5% samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands.

#### Helstu kennitölur

Hlutfallsleg magnbreyting	2000	2001	2002	2003	2004	2005*
Hagvöxtur	4,4	3,6	-0,3	2,7	7,7	7,5
Verðbólga	5,0	6,7	4,8	2,1	3,2	4,0
Kaupmáttur launa	1,6	2,0	2,2	3,4	1,4	2,7
Atvinnuleysi <sup>1</sup>	1,3	1,4	2,5	3,4	3,1	2,6
Einkaneysla	4,2	-2,9	-1,6	6,1	6,8	12,3
Samneysla	4,3	3,1	5,1	1,6	2,9	3,3
Fjármunamyndun	12,0	-4,1	-15,8	13,4	27,4	37,6
Útflutningur	4,3	7,4	3,8	1,6	8,4	7,1
Innflutningur	8,6	-9,1	-2,6	10,8	14,4	28,9
Viðskiptajöfnuður <sup>2</sup>	10,1	-4,2	1,4	-4,7	-9,8	-15,9
Framleiðni	3,0	2,2	-1,2	2,1	6,4	6,3

Heimild: ASÍ, Seðlabanki, Hagstofa, Vinnuálastofnun og fjármálaráðuneyti

<sup>1</sup> Hlutfall atvinnulausra af heildarþjóðdar á vinnumarkaði.

<sup>2</sup> Hlutfall af landsframleiðslu

\* Bráðabirgðatölur fyrir 2005

Kröftugur vöxtur fjárfestinga og einkaneyslu hafa drifið áfram hagvöxtinn síðustu ár. Stóriðjuframkvæmdirnar náðu hámarki á fyrri hluta þessa árs og á næstu misserum fer að draga úr umfangi þeirra. Það dregur því heldur úr hagvexti á þessu ári og því næsta.



Miðstjórn ASÍ hefur ítrekað lýst yfir áhyggjum sínum af þróun efnahagsmála og varað við mistökum í hagstjórn. Í apríl sl. sendi hún frá sér ályktun þar sem hún lýsir miklum áhyggjum af óstöðugleika í efnahagsmálum og krefst þess að ríkisstjórnin axli ábyrgð og leggi fram raunhæfar tillögur til úrbóta. Í ályktuninni segir:

*„Miðstjórn ASÍ lýsir miklum áhyggjum yfir óstöðugleika í efnahagsmálum. Gengissveiflur hafa verið miklar; viðskiptahalli í sögulegu hámarki, einkaneysla mikil og fjárfestingar miklar. Þessi óstöðugleiki hefur leitt til þess að verðbólgan hefur verið óviðunandi um nokkuð langt skeið og verðbólguhorfur eru slæmar fyrir næstu misseri. Afleiðingin er sú að kaupmáttur launa margra heimila dregst saman og greiðslubyrði lána vex hratt. Allar líkur eru því á að kjarasamningar verði í uppnámi í haust.*

*Einsýnt er að núverandi hagstjórn hefur brugðist. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa frekar ýtt undir verðbólgu en hamlað gegn henni. Illa tímasettar breytingar á íbúðalánakerfinu og illa tímasettar skattalækkanir hafa aukið á þensluna og ójafnvægið í hagkerfinu. Seðlabankinn hefur einn setið uppi með ábyrgðina á hagstjórninni og hann hefur beitt þeim úrræðum sem hann hefur. Niðurstaðan er þekkt; háir vextir, miklar gengissveiflur og allt of mikil verðbólga. Slík hagstjórn dugar ekki til að treysta og undirbyggja nauðsynlegan stöðugleika. Sveiflur í afkomuskilyrðum fólks og fyrirtækja eru of miklar til að það geti samrýmt stöðugleikastefnunni.*

*Framvinda efnahagsmála ræðst mikið af trúverðugleika hagstjórnarinnar næstu mánuði og misseri. Miðstjórn ASÍ gerir þá kröfu til ríkisstjórnarinnar að hún axli þegar ábyrgð á ástandi efnahagsmála og leggi fram raunhæfar tillögur til úrbóta.“*

## **Mikill vöxtur einkaneyslu**

Einkaneysla hefur vaxið kröftugt undanfarin ár. Á síðasta ári jókst einkaneyslan um ríflega 12% frá árinu áður. Þetta er umtalsvert meiri vöxtur en síðustu tvö árin.

Miklar launahækkanir á tímabilinu, auknar ráðstöfunartekjur, auðvelt aðgengi að lánsfé og sterk staða krónunnar hafa ýtt undir neyslu heimilanna. Verð á innfluttum neysluvörum lækkaði nokkuð á síðasta ári þegar krónan styrktist og mörg heimili nýttu sér það.

Horfur eru á að heldur dragi úr vexti einkaneyslunnar á síðari hluta ársins. Aðgengi heimilanna að lánsfé hefur minnkað og verð á innfluttum neysluvörum hækkaði í kjölfar gengislækkunar.

## **Skuldir heimilanna vaxa hratt**

Skuldir heimilanna hafa vaxið hratt á síðustu tveimur árum. Stærstur hluti

lánanna fór í að fjármagna kaup á íbúðarhúsnæði en umtalsverður hluti þeirra var notaður til þess að fjármagna mikla einkaneyslu. Um síðustu áramót voru skuldir heimilanna komnar í 1.176 milljarða króna eða um 209% af ráðstöfunartekjum og höfðu aukist um rúmar 208 milljarða frá sama tíma árið áður. Á haustmánuðum í fyrra hækkuðu bankarnir vexti á íbúðalánum og hertu á útlánaskilyrðum. Í kjölfarið hefur heldur hægt á skuldasöfnun heimilanna. Íslensk heimili njóta nú þess vafasama heiðurs að vera í hópi skuldugustu heimila í heiminum. Erfið skuldastaða heimilanna veldur nokkrum áhyggjum því hún dregur úr hæfni heimilanna til að bregðast við óvæntum áföllum eins og atvinnuleysi eða veikindum.

Það er þó vert að hafa í huga að eignir heimilanna eru um 1.400 milljarðar umfram skuldir og hafa verið að aukast töluvert. Í árslok 2005 námu eignir heimilanna, án eigna í lífeyrissjóðum, um 2.500 milljörðum króna og höfðu aukist um 520 milljarða frá árinu á undan.

### **Mikil vöxtur í fjárfestingum**

Fjárfestingar voru miklar á síðasta ári eins og árið þar á undan. Að mestu má rekja þær til stóriðjuframkvæmda og tengdra orkuvera, en einnig til mikilla fjárfestinga í íbúðarhúsnæði. Í heildina jukust fjárfestingar um ríflega 37% í fyrra. Munar mestu um fjárfestingar til atvinnuvega en þær jukust um ríflega 60%. Toppi stóriðjuframkvæmda var náð á fyrri hluta þessa árs og má gera ráð fyrir að heldur fari að draga úr umfangi þeirra þegar líður á árið. Í kjölfarið mun hægja á vexti fjárfestinga til atvinnuvega.

Fasteignamarkaðurinn hefur verið líflegur síðustu tvö ár. Mikil eftirspurn og hátt verð á íbúðarhúsnæði hafa leitt til þess að fjárfestingar til íbúðarhúsnæðis jukust um tæp 12% á síðasta ári. Verulega hefur dregið úr hækkunum á íbúðaverði að undanförunu og í kjölfarið mun draga úr vexti fjárfestinga.

Verulega dró úr fjárfestingum hins opinbera á síðasta ári, eða um 13%. Það sem af er ári hafa fjárfestingar hins opinbera aukist á ný og á fyrstu 6 mánuðum ársins jukust þær um 2,5%. Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í vor, ákvað ríkisstjórnin að grípa til sérstakra aðhaldsaðgerða og var einn liður þeirra að fresta öllum útboðum og nýframkvæmdum á vegum ríkisins um óákveðinn tíma. Því má búast við að það dragi úr á fjárfestingum hins opinbera á síðari hluta ársins.

### **Illu gengur að halda aftur af samneyslunni**

Eins og undanfarin ár hefur gengið illa að halda aftur af vexti samneysluútgjalda hins opinbera. Í fyrra jukust þau um 3,3% en árið 2004 um 2,8%. Í vor voru sveitarstjórnarkosningar og horfur eru á að útgjöldin hafi aukist umfram áætlanir. Sagan sýnir að illu gengur að hafa hemil á útgjöldunum á

kosningaári. Á næsta ári eru Alþingiskosningar og má því búast við að vöxtur samneyslunnar verði einnig umfram áætlanir af sömu ástæðum og í ár. Vegna brotthvarfs Varnarliðsins nú á haustmánuðum mun ríkið taka yfir mörg af þeim verkefnum sem það sinni áður. Má því búast við nokkurri aukningu á samneysluútgjöldum vegna þessa.

Þrátt fyrir töluverða útgjaldaaukningu hjá ríkinu er ríkissjóður rekinn með verulegum afgangi bæði í ár og í fyrra. Skýrist það að langmestu leyti af því að tekjur ríkissjóðs eru að aukast langt umfram gjöld. Má rekja tekjuaukninguna að mestu leyti til sölu Símans í fyrra og hærri tekju- og veltuskatta vegna aukinnar þenslu. Í því sambandi má nefna að í fyrra jukust skatttekjur og tryggingagjöld um 21,6% og það sem af er þessu ári hafa þau aukist um 13%.

Í fyrra var þetta hlutfall 5,6% en árið á undan var það 1,3%. Í fljótu bragði virðist sem aðhald í ríkisfjármálum hafi verið mikið í fyrra en þegar horft er fram hjá hagnaðinum af sölu Símans blasir við að í raun var lausung í ríkisfjármálum, sem nam um 0,3% af landsframleiðslu. Í samanburði má nefna að í síðustu uppsveiflu fór þetta hlutfall í 2,5% og dugði þá ekki til að halda aftur af þenslunni. Eins og fram hefur komið hafa Hagdeildin og Miðstjórn ASÍ ítrekað varað við of litlu aðhaldi í ríkisbúskapnum og bent á að ríkið sé að endurtaka hagstjórnarmistökin frá síðustu uppsveiflu.

Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í vor, ákvað ríkisstjórnin að grípa til aukinna aðhaldsaðgerða til að tryggja viðunandi hjöðnun verðbólgunnar. Er farið að gæta aukins aðhalds og var tekjujöfnuður orðin 3,2% af landsframleiðslu á fyrri hluta ársins.

### **Mikið ójafnvægi í utanríkisviðskiptum**

Innflutningur jókst verulega á síðasta ári eða um tæp 29% og hefur vaxið kröftuglega á yfirstandandi ári. Fyrstu sjö mánuði ársins jókst hann um tæp 24%. Það kemur ekki á óvart að innflutningur fjárfestingavara hefur vaxið einna mest en innflutningur á neysluvörum hefur einnig haldið áfram að vaxa mikið þrátt fyrir gengislækkun krónunnar í vor. Horfur eru á að heldur hægi á vexti innflutnings þegar líður á árið, þegar dregur úr innflutningi í tengslum við stóriðjuframkvæmdirnar.

Útflutningur jókst um rúm 7% á síðasta ári. Þar af jókst þjónustuútflutningur um 19% en vöruútflutningur stóð nánast í stað. Útflutningur sjávarafurða vegur mest í heildarvöruútflutningi eða um 55%. Styrking krónunnar og minni fiskafli á síðasta ári eru helstu ástæður fyrir því að útflutningur sjávarafurða jókst aðeins um 0,8%. Verð sjávarafurða í erlendri mynt hækkaði töluvert á síðasta ári og hefur haldið áfram að hækka það sem af er þessu ári. Vegna styrkingar krónunnar á síðasta ári lækkaði verð sjávarafurða aftur á móti í íslenskum krónum um 2,9%. Það sem af er þessu ári hefur verðið hins vegar

hækkað verulega í kjölfar gengislækkunarinnar á fyrri hluta ársins. Á fyrri hluta þessa árs jókst verðmæti útfluttra sjávarafurða um 2,2% og horfur eru á að það muni halda áfram að aukast út árið þrátt fyrir áframhaldandi samdrátt í afla.

Útflutningur áls nemur um 19% af heildarútflutningi landsins. Í fyrra jókst álútflutningur um tæp 10% frá árinu á undan. Verið er að taka í notkun nýja viðbót við Norðurál og á næsta ári hefst framleiðsla í álverinu við Reyðarfjörð. Álútflutningur mun því halda áfram að aukast bæði á þessu ári og því næsta.


Mikið ójafnvægi hefur verið í utanríkisviðskiptum landsins síðustu tvö ár þar sem innflutningur hefur verið langt umfram útflutning. Viðskiptahallinn var ríflega 162 milljarðar í lok 2005. Var hann þá kominn í sögulegt hámark og mældist 16% af landsframleiðslu. Ekkert lát er á vexti hallans og var hann kominn í 23% af landsframleiðslu á miðju þessu ári. Þetta er mjög mikill viðskiptahalli í alþjóðlegum samanburði og veldur mörgum áhyggjum. Heldur mun draga úr hallanum þegar líður á árið þegar innflutningur í tengslum við stóriðjuframkvæmdir minnkar og stefnir allt í að hann verði svipaður á þessu ári og í fyrra. Búast má við því að hann haldi áfram að minnka og hann verði að mestu horfinn 2008, ef ekki verður ráðist í frekari stóriðjuframkvæmdir. Skuldasöfnun þjóðarbúsins við útlönd ber viðskiptahallanum glöggt vitni. Mikil viðskiptahalli mun fyrr eða síðar leiða til aðlögunar hagkerfisins að nýju jafnvægi í formi gengislækkunar krónunnar.

### **Verðlag, vextir og gengi**

Þrátt fyrir háa stýrivexti og strangt aðhald í peningamálum hefur Seðlabankanum ekki tekist að halda aftur af verðbólgunni. Hún hefur verið langt umfram 2,5% verðbólguþröskulmarkmið bankans og vel fyrir ofan 4,0% efri vikmörkin um tólf mánaðaskeið. Verðlag hækkaði um 4% á síðasta. Mikil verðhækkun á íbúðarhúsnæði var helsta skýringin á verðbólgunni í fyrra, en íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 34%. Heldur hefur dregið úr verðhækkunum það sem af er ári og búast má við að áfram hægi á verðhækkunum.

Það sem af er þessu ári þá hefur verðbólga verið mjög mikil. Mældist hún mest í ágúst 8,6% og hefur ekki verið jafn mikil síðan í mars 2002. Það sem kynti undir verðbólgunni á þessu ári er mikil hækkun á verði innfluttra vara í kjölfar lækkunar á krónunni á fyrri hluta ársins. Einnig hafa orðið miklar verðhækkanir á ýmsum innlendum vörum og ýmiskonar mat- og dagvörum frá áramótum. Frá síðustu áramótum hækkaði verð á dagvörum um rúm 8%. Heldur dregur úr verðbólgunni og er hún nú í september 7,6%. Ræður þar mestu að hægt hefur á verðhækkunum á íbúðarhúsnæði og eins hefur verð á olíu og bensíni lækkað. Búast má við að verðbólga fari lækkandi á næstu mán-

## 12 mánaða verðbólga



uðum, þar sem áhrif gengislækkunarinnar í vor fara dvínandi og áfram mun draga úr verðhækkunum á íbúðahúsnæði.

Frá því í maí 2004 hefur Seðlabankinn hækkað stýrivexti um 8,7 prósentustig og eru þeir nú 14,0%, sem er 3,6 prósentustigum hærra en í síðustu uppsveiflu. Vaxtamunur við útlönd hefur aukist að sama skapi úr 3,4% í 10%. Líkur eru á að stýrivexti hafi náð hámarki en þó er hugsanlegt að Seðlabankinn hækki stýrivexti í eitt skipti enn, í nóvember við útgáfu Peningamála um 0,25% og það verði síðasta hækkun þeirra. Búast má við að stýrivextir fari síðan að lækka á næsta ári. Hvenær bankinn byrjar að lækka vexti og hversu hratt hann gerir það ræðst af þróun verðlags og verðbólguvæntingum á næstu mánuðum.

ASÍ hefur gagnrýnt Seðlabankann undanfarna mánuði fyrir að hækka stýrivextir óþarflega mikið. Í frétt sem samtökin sendu frá sér í ágúst sl. var varað við því að frekari hækkun stýrivaxta sé ávísun á harkalega lendingu þjóðarbúsins á næsta ári. Í fréttinni segir:

*„Ákvörðun Seðlabankans um að hækka stýrivexti í 13,5% leiðir til harðrar lendingar í íslensku efnahagslífi á næsta ári með minni hagvexti, lægri kaupmætti og auknu atvinnuleysi. Auk þess sem hætta er á að stýrivaxtahækkunin nú leiði til þess að gengi krónunnar hækki frekar sem stuðlar að því að viðskiptahallinn og ytra ójafnvægi hagkerfisins leiðréttist hægar en ella.*

*Hlutverk Seðlabankans við núverandi aðstæður er vandasamt. Annars vegar þarf bankinn að berjast gegn verðbólgu og hins vegar að hafa í huga*

væntanlega niðursveiflu í efnahagslífinu. Vandi bankans er ekki síst sá að áhrifin af vaxtaákvörðuninni skilar sér út í hagkerfið á næstu 18 til 24 mánuðum. Gripi bankinn til of harðra aðgerða nú mun það leiða til harkalegrar lendingar í íslensku efnahagslífi strax á næsta ári.


Þrátt fyrir mikla verðbólgu nú eru ýmis teikn á lofti um að hún muni lækka hratt á næstu mánuðum. Gripið hefur verið til aðgerða til að ná niður verðbólgu. Samkomulag á vinnumarkaði frá því í júní eyðir óvissu og dregur úr verðbólguvæntingum og frestun framkvæmda ríkis og sveitarfélaga dregur úr þenslu. Að auki eru margar vísbendingar um að það hægi á í efnahagslífinu. Mikið hefur dregið úr fjölda þinglýstra kaupsamninga og íbúðaverð lækkaði í síðustu mælingu Hagstofunnar. Það hægir á kortaveltu, útlán lánastofnanna dragast saman og nýskráningum bíla hefur fækkað. Stóriðjuframkvæmdir hafa þegar náð hámarki, gengisfall krónunnar hefur stöðvast og krónan styrkst á ný að undanfögnu.

Líkur eru því á að verðbólgan hafi náð hámarki. Þriggja mánaða verðbólgan hefur lækkað hratt að undanfögnu og víst er að næsta mæling Hagstofunnar sýni lækkandi verðbólgu. Seðlabankinn virðist lítið tillit taka til þessara atriða.

Það hafa margir gagnrýnt Seðlabankann fyrir að hækka vexti of seint og of lítið í baráttu við verðbólguna. Margt bendir til þess að sú gagnrýni hafi átt rétt á sér. Miðað við aðhaldsleysið í ríkisfjármálunum hefðu vextir í upphafi hagsveiflunnar þurft að hækka meira og hraðar en þeir gerðu. En sá tími er liðinn. Nú erum við stödd í lok hagsveiflunnar og bankinn þarf að taka mið af þeim horfum sem framundan eru. Bankinn bætir ekki upp mistök fortíðar með því að gera önnur mistök í dag.“

Miklar breytingar hafa orðið á viðskiptaumhverfi íslensku krónunnar á síðasta ári. Mikill vaxtamunur hefur vakið athygli umheimsins á henni og laðað að erlenda fjárfesta. Í ágúst 2005 hófu erlendir fjárfestar að gefa út skuldabréf í íslenskum krónum, svokölluð jöklabréf. Í kjölfarið streymdi inn erlent fjármagn og krónan styrktist verulega. Gengi íslensku krónunnar var því mjög sterkt á síðasta ári og var gengisvísitalan að meðaltali 108 stig. Styrktist krónan um 10% frá árinu á undan. Sterkust varð hún í nóvember, fór í rúm 100 stig. Vísitala gengis mælir verð erlendra mynta í íslenskum krónum og lækkar þegar krónan styrkist. Mikil umskipti urðu á stöðu krónunnar á þessu ári. Á fyrstu mánuðum ársins lækkaði hún um 20% á skömmum tíma. Gerðist það í kjölfar neikvæðrar umræðu erlendra aðila um íslenskt efnahagslíf og leiddi til þess að tiltrú erlendra fjárfesta minnkaði á krónunni. Í kjölfarið dró úr innstreymi erlends fjármagns til landsins. Í sumar fóru að berast jákvæðar fréttir af íslensku fjármálakerfi og í kjölfarið jókst tiltrú fjárfesta aftur. Hefur útgáfa jöklabréfa tekið við sér að nýju og krónan hefur í kjölfarið styrkst aftur

## Gengisvísitala íslensku krónunnar janúar 2006 - september 2006



þó hún eigi langt í land með að ná fyrri hæðum. Stendur gengisvísitalan nú í rúmum 122 stigum en sveiflast að undanfögnu á milli 120 – 125 stiga. Stórir gjalddagar voru á krónubréfum nú í september sl. og ríkti nokkur óvissa um þróun gengisins í kringum þá. Virðist krónan hafa staðið þá af sér og hefur heldur styrkst. Í Vorskýrslu Hagdeildar 2006 er gerð nánari grein fyrir krónubréfunum og áhrifum þeirra á íslenskt efnahagslíf.

Erfitt er að gera sér grein fyrir þróun gengisins á næstu mánuðum. Viðskiptahallinn er mikill en um 30% hans má rekja til mikils innflutnings á fjárfestingavörum til stóriðjuframkvæmdanna og tengdra orkuvera. Þessi hluti viðskiptahallans mun leiðrétast af sjálfu sér við lok stóriðjuframkvæmda og veldur því ekki miklum áhyggjum. Það eru hins vegar hin 70% sem vert er að hafa áhyggjur af. Líkur eru á að sá hluti viðskiptahallans leiði til snarprar aðlögunar þjófðarbúsins í formi gengislækkunar við lok stóriðjuframkvæmdanna. Líklegt er að hluti þeirrar aðlögunar hafi þegar átt sér stað á fyrstu mánuðum ársins þegar krónan féll um 20%. Margt bendir til þess að sú aðlögun hafi ekki verið næg og búast megi við annarri gengislækkun á næsta ári þegar Seðlabankinn fer að lækka vexti og vaxtamunur við útlönd minnkar. Ómögulegt er að sjá fyrir hvenær aðlögunin mun eiga sér stað eða með hvaða hætti, þ.e. snarpri gengislækkun eða gengissigi.

### Miklar launahækkanir

Annað árið í röð hefur verið erfitt að meta nákvæmlega launaþróun á almennum markaði þar sem Hagstofan hefur aðeins birt takmörkuð gögn fyrir árið

2005. Skortur á sundurliðuðum upplýsingum hefur valdið vandræðum við endurskoðun kjarasamninga, bæði síðastliðið haust og eins nú á vormánuðum, þar sem ekki hefur verið hægt að leggja nákvæmt mat á launþróun einstakra hópa á almennum markaði.

Launavísitala Hagstofunnar sem lýsir launabreytingum á öllum vinnu- markaðnum hækkaði um 6,8% í fyrra en á sama tíma var verðbólga 4%. Hækkun launavísitölunnar umfram almennar kjarasamningsbundnar hækkanir skýrist að stærstum hluta af hækkunum hjá opinberum starfsmönnum og af launaskriði á almennum markaði.


Í ágúst sl. hækkaði launavísitalan um 10,6% frá sama tíma í fyrra. Ástæður þeirra hækkana voru þrífættar; hækkanir hjá hinu opinbera, launaskriði á almennum vinnumarkaði og hækkanir vegna endurskoðunar kjarasamninga í júní 2006. Gera má ráð fyrir að heldur hægi á launaskriði á næstu mánuðum.

Þrátt fyrir töluverðar launahækkanir á síðasta ári hefur mikil verðbólga orðið til þess að kaupmáttur launa hefur hækkað minna. Kaupmáttur launa jókst því aðeins um 2,6% á síðasta ári. Ráðstöfunartekjur hafa hækkað nokkuð á tímabilinu. Skýrist það af aukinni atvinnuþátttöku, minna atvinnuleysi, lengri vinnutíma og skattalækkun um síðustu áramót. Áætlað er að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi aukist um 4,2% á síðasta ári.

## Gott atvinnuástand

Staðan á vinnumarkaði er góð um þessar mundir og hefur heldur batnað frá síðasta ári. Hlutfall atvinnulausra af heildarfjölda fólks á vinnumarkaði var

### Atvinnuleysi





í ágúst sl. 1,2% og hefur ekki verið jafn lítið síðan í október 2001. Á sama tíma í fyrra var atvinnuleysið 1,8% og hefur því batnað nokkuð. Í einstaka atvinnugreinum hefur borið á skorti á vinnuafli og hefur það leitt til nokkurs launaskriðs í þessum greinum.

Þrátt fyrir gott atvinnuástand voru ríflega 1.900 manns á atvinnuleysissskrá í ágúst sl. en hafði fækkað nokkuð frá því á sama tíma í fyrra en þá voru um 2.850 manns án atvinnu.

Áfram hefur dregið úr atvinnuleysi ungmenna og langtímaatvinnuleysi. Vísbendingar eru um að heldur sé að draga úr þenslu á vinnumarkaði. Lausum störfum hefur fækkað nokkuð frá því á sama tíma í fyrra. Í ágúst voru laus störf 616 en voru á sama tíma í fyrra 1.912.

### ***Verðlagsefirlit ASÍ***

Alþýðusambandið heldur úti starfsemi verðlagsefirlits í þeim tilgangi að veita markaðsaðilum á neytendamarkaði nauðsynlegt aðhald til þess að koma í veg fyrir óhóflegar verðhækkanir sem rýra kaupmátt félagsmanna. Til þess að svo megi verða eru vel upplýstir neytendur lykilatriði. Mikilvægasti þátturinn í starfsemi verðlagsefirlitsins er því að koma greinargóðum verðupplýsingum á framfæri við neytendur.

Líkt og fyrri ár hefur verðlagsefirlitið lagt megináherslu á að kanna verð á matvöru sem er einn stærsti útgjaldaliður heimilanna og hefur verðlag á þeim því afgerandi áhrif á kjör launafólks. Umræðan um hátt matvöruverð hér á landi var hávær á árinu m.a. í tengslum við nefnd sem forsætisráðherra skipaði um leiðir til lækkunar á matvöruverði ( sjá nánar umfjöllun um matvæla-verðsnefnd) og tók Alþýðusambandið virkan þátt í þeirri umræðu. Gerðar hafa verið sjö stórar kannanir á matvöruverði frá því sl. haust þar sem kannað var verð á 200-300 vörutegundum í hvert sinn. Þar af var gerð ein könnun í góðri samvinnu við aðildarfélög á ný stöðum á landinu auk höfuðborgarsvæðisins. Í maí var í fyrsta sinn gerð könnun samtímis í matvöruverslunum í Reykjavík og í höfuðborgum hinna Norðurlandanna. Reyndist matarkarfan allt að 50% dýrari í Reykjavík en þar sem hún var ódýrust, í Stokkhólmi.

Birting á niðurstöðum matvörukannana hefur verið með ýmsum hætti, bæði hafa verið birtar niðurstöður beint úr könnunum en einnig unnar umfjallanir og samanburður úr hverri könnun fyrir sig. Þetta hefur átt þátt í að vekja umræðu í samfélaginu og fengið góða umfjöllun í fjölmiðlum.

Tekin var upp sú nýbreytni á árinu 2005 að nota handtölvubúnað við gerð matvörukannana en horfið aftur frá því á árinu 2006 þar sem það reyndist of kostnaðarsamt og tafði framkvæmdina.

Verðlagseftirlitið hefur einnig gert minni verðkannanir á árinu á ýmiss konar vörum og þjónustu.

- Kostnaður vegna reksturs einkabílsins verður sífellt stærri hluti af útgjöldum heimilanna. Könnuð voru verð á hjólbarðaskiptingum, umfelgunum og jafnvægisstillingum á ýmsum gerðum bíla og gjaldskrár á smurstöðvum í október 2005.
- Umræður um hátt lyfjaverð hér á landi hafa verið miklar á undanförunum árum. Mikil fækkun hefur orðið á smásöluaðilum og tvær stórar smásölukeðjur skipta nú með sér nánast öllum neytendamarkaðnum með lyf í landinu. Lyf er mjög frábrugðin öðrum neysluvörum, verðmyndun þeirra er flókin auk þess sem þau eru mikilvægur hluti heilbrigðiskerfisins og því afar mikilvægt að gott eftirlit sé með þessum markaði. Gerðar voru kannanir á lyfjaverði í samstarfi við Landlæknisembættið í nóvember 2005 og aftur í júní 2006. Í báðum könnunum reyndist umtalsverður verðmunur milli lyfjaverslana bæði á verði lyfseðilsskyldra lyfja og á algengum lausa-sölu lyfjum sem seld eru án ávísunar frá lækni. Í báðum könnunum reyndist víða misbrestur á að lyfsalar sinntu þeirri skyldu sinni að upplýsa viðskiptavinum um að fáanlegt væri ódýrara samheitalyf í stað frumlyfsins sem læknir hafði ávísað. Verða þetta að teljast alvarleg tíðindi fyrir neytendur.
- Kostnaður við lántöku vegna húsnæðiskaupa er hár hér á landi og þrátt fyrir mikla keppni banka og sparisjóða um hylli viðskiptavina reynist samkeppni lítil þessu sviði. Í könnun sem gerð var á þessum kostnaði í nóvember 2005 reyndist lítill munur á vöxtum og þeim gjöldum sem fjármálastofnanir innheimta við lántöku og greiðslu húsnæðislána. Heildarkostnaður einstaklings sem tekur 10 milljóna króna húsnæðislán var að meðaltali tæpar kr. 257.000. Þar af eru kr.152.000 kostnaður til lánveitanda og kr. 105.000 opinber gjöld.
- Bækur eru vinsælar til jólagjafa og var verð á nýjum jólabókum skoðað á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri í desembermánuði 2005.
- Breytingar urðu á raforkumarkaði í upphafi árs 2006 þegar almennir notendur gátu valið sér raforkusala. Viðskipti vegna flutnings og dreifingar á raforku eru áfram bundin við dreifiveituna sem hefur sérleyfi á viðkomandi landssvæði. Verðlagseftirlitið fjallaði talsvert um þessar breytingar og tók saman í janúar 2006 upplýsingar um gjaldskrár þeirra orkusala sem bjóða raforku til neytenda og kostnað við flutning og dreifingu raforku hjá dreifiveitunum sjö sem starfræktar eru.
- Fiskverð í fiskbúðum og fiskborðum stórmarkaða var kannað í janúar og aftur í september 2006 og reyndist umtalsverður verðmunur milli verslana í báðum könnunum. Verð á fiski hækkaði mikið á milli þessara tveggja kannana, flestar tegundir um 10% - 15%. Sú breyting varð á markaðs-

aðstæðum á tímabilinu að einn aðili hefur keypt upp rekstur 6 fiskverslana á höfuðborgarsvæðinu þar sem starfræktar eru um 20 fiskbúðir og rekur þær nú sem keðjuverslun líft og tíðkast víða í smásöluverslun.

- Símakostnaður margra heimila er hár og oft erfitt fyrir viðskiptavini að bera saman hin mismunandi tilboð símafyrirtækjanna til að átta sig á hver hinn endanlegi kostnaður af þjónustunni verður. Í febrúar 2006 var kostnaður af símtölum í heimasíma og GSM síma skoðaður.
- Þjónustugjöld banka og sparisjóða eru há og oft ógegnisæ fyrir viðskiptavini. Yfirlit yfir þessi gjöld var tekið saman í apríl 2006.
- Verð á páskaeggjum var kannað í apríl 2006.
- Verð í byggingavöruverslunum var skoðað í apríl 2006.
- Flestar barnafjölskyldur með börn í yngri bekkjum grunnskólanna nýta sér sumarnámskeið til þess að brúa bilið milli sumarleyfis í skólanum og hjá foreldrum. Kostnaður foreldra við þessi námskeið er mjög mismunandi og var í júní 2006 tekin saman könnun á verði á fjölmörgum námskeiðum sem í boði voru, bæði á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka. Áætla má að kostnaður foreldra geti numið 20-30 þúsund krónum á sumri fyrir eitt barn.
- Verð á nýjum skólalabókum fyrir framhaldsskólanema var kannað í ágúst 2006 og einnig var samhliða því í fyrsta sinn gerð könnun á skiptibókamörkuðum þar sem nemendur geta keypt og selt notaðar bækur. Í ljós kom að umtalsverður munur var á innkaupsverði og söluverði og nam álagningin allt að 63 prósentum.
- Verðlagseftirlitið fékk bifreiðaeigenda til liðs við sig til að kanna verð á bíltryggingum hjá tryggingafélögum í ágúst 2006 og reyndist allt að 30.000 króna munur á ársiðgjaldi skyldutryggingar milli félaga auk þess sem skilmálar um iðgjaldaauka og bónusreglur voru nokkuð mismunandi milli félaga.

Auk hefðbundinna verðkannanna verðlagseftirlitsins hafa verið gerðar nokkrar samantektir um verðlagsmál og ýmsan kostnað sem snýr að neytendum. Hér verður stuttlega greint frá þeim helstu og niðurstöðum þeirra.

- Samantekt um verðmyndun á lyfseðilsskyldum lyfjum var gerð í nóvember 2005 þar sem farið var yfir hvernig endanlegt verð á lyfjum til neytenda er samsett, hver er munur á frumlyfi og samheitalyfi og hvaða áhrif innkoma samheitalyfs á markaðinn hefur á verð og greiðsluþátttöku almannatrygginga. Þá var gerður samanburður á verði lyfseðilsskyldra lyfja sem könnuð voru, bæði í apríl og nóvember 2005, og ástæður hækkana eða lækkana til neytenda greindar. Í ljós kom að heildarverð lyfjanna sem skoðuð voru

hafði lækkað milli kannanna en ekki var sjálfgefið að sú lækkun skilaði sér til neytenda sem jafnvel greiddu herra verð fyrir lyfin.

- Í júní 2006 var gerð önnur samantekt um lyfjaverð þar sem greind var verðbreyting á fjórum tegundum lyfseðilsskyldra lyfja hjá markaðsráðandi lyfsölukeðjum á tímabilinu frá apríl 2005 - júní 2006. Niðurstaðan var sú að samhliða lækkun á leyfilegri hámarksmásöluálagningu hafa lyfjabúðirnar dregið úr afslætti sem þær veita af hluta sjúklings í lyfjaverðinu og þannig minnkað verulega ávinning neytenda af samkomulagi um lægra lyfjaverð sem gert var við lyfjasmásala árið 2005. Auk þess sinnti hvorug lyfsölukeðjan þeirri lagalegu skyldu sinni að upplýsa neytendur um ódýrara samheitalyf sem hefði getað lækkað lyfjakostnað.
- Samantekt um breytingar á álagningu og gjaldskrár 15 stærstu sveitarfélaga í landinu var lögð fyrir miðstjórn í janúar 2006. Í flestum sveitarfélögum lækkuðu álagningarprósentur fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði en sorphirðugjöld hækkðu hins vegar víðast hvar. Leikskólagjöld lækkuðu mikið í Reykjavík og á Akureyri milli árunna 2005 og 2006 og jókst munur á hæstu og lægstu leikskólagjöldum milli sveitarfélaga á milli ára, einkum fyrir forgangshópa. Aðrar almennar gjaldskrár sveitarfélaga hækkðu flestar í takt við verðlagsþróun.
- Raforkukostnaður heimila hefur hækkað mikið á síðustu árum þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar voru á raforkulögum á árinu 2003 og tryggja áttu aukna hagkvæmni í rekstri orkufyrirtækja. Í samantekt sem gerð var í febrúar á heildarkostnaði meðalheimilis vegna raforkunotkunar á árunum 2004-2006 kom fram allt að 14% hækkun í þéttbýli og 33% í dreifbýli. Heildarkostnaður minni heimila hefur hækkað mun meira vegna mikilla hækkana á fastagjöldum sem innheimt eru óháð notkun á raforku.
- Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga vorið 2006 var gjaldtaka í leik- og grunnskólum talsvert til umræðu. Verðlagseftirlitið tók í febrúar saman kostnað barnafjölskyldna vegna leikskólavistunar auk gæslu og hádegisverðar í grunnskólum í stærstu sveitarfélögum landsins. Allt að 40% munur reyndist milli sveitarfélaga á þeim kostnaði sem hjón m. tvö börn, 4 og 7 ára, greiða fyrir þessa þjónustu og voru gjöldin allt frá kr. 470.000 á ári niður í kr. 330.000 sem er umtalsverður kostnaður fyrir margt launafólk.

Verð á íbúðarhúsnæði hefur hækkað mikið sl. tvö ár og samhliða því hefur fasteignamat íbúðarhúsnæðis einnig hækkað mikið. Til þess að fá rétta mynd af breytingum á álagningu fasteignagjalda á undanförunum árum er því nauðsynlegt að setja þessar hækkanir í samhengi við breytingar á álagningarprósentum. Samantekt um fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði á árunum 2003-2006 í stærstu sveitarfélögum var gerð í mars 2006 og var þar m.a. skoðuð

uppbygging fasteignagjalda af íbúðarhúsnæði, þróun fasteignamats og tekjur sveitarfélaganna af fasteignasköttum. Niðurstaðan var sú að gjöld á 90 m<sup>2</sup> íbúð í fjölbýli hafa hækkað frá 15% upp í 61% á tímabilinu allt eftir sveitarfélögum og hlutfallslega enn meiri hækkun hefur orðið á gjöldum af sérbýliseignum.



*Launaliður kjarasamninga hefur verið endurskoðaður tvisvar á tímabilinu. Frá undirritun í júní sl.*

## **Kjaramál og kjarasamningar**

Frá hausti 2005 hafa kjarasamningar verið endurskoðaðir tvívegis, kjaramál ófaglærðra hjá ríki og sveitarfélögum tekið miklum breytingum og Kjaradómur fellt umdeildan úrskurð sem leiddi til þess að lögum um Kjaradóm og Kjarnefnd var breytt.

Auk þess er í kaflanum gerð grein fyrir sameiginlegri yfirlýsingu ASÍ og Hlutverks um réttarstöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum og kjarasamningi sem ASÍ og SA gerðu um fjarvinnu.

### ***Endurskoðun kjarasamninga 15.11.2005***

Í kjarasamningum landssambanda og félaga ASÍ við Samtök atvinnulífsins frá 2004 var eftirfarandi ákvæði um forsendur kjarasamninga:

*„Markmið aðila með samningi þessum er að stuðla að efnahagslegum stöðugleika og jafnvægi á vinnumarkaði, sem hvort tveggja er grundvöllur uppbyggingar og fjölgunar starfa. Í samræmi við þessi markmið hvílir samningur þessi á eftirfarandi forsendum:*

1. Að verðlag þróist í samræmi við verðbólguþétt Seðlabanka Íslands.
2. Að sú launastefna og þær kostnaðarhækkningar sem í samningnum felast verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði.

Fari svo á samningstímanum að ofangreindar forsendur bregðist geta aðilar að samningnum skotið málinu til sérstakrar forsendunefndar sem sett verður á fót til að stuðla að framgangi markmiða samningsins og festa forsendur hans í sessi.

Forsendunefndin skal skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af ASÍ og tveimur af SA og skal hún taka þegar til starfa. Verkefni hennar er að meta hvort ofangreindar forsendur standist og markmið náist. Nefndin skal jafnframt leita eftir samstarfi við stjórnvöld um það að fylgjast með þróun sem ógnað geti forsendum samningsins og eftir atvikum setja fram tillögur um viðbrögð þar sem við á.

Nefndin skal taka samningsforsendurnar til sérstakrar skoðunar fyrir 15. nóvember árin 2005 og 2006. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að marktækt frávik hafi orðið frá annarri eða báðum ofangreindra forsendna getur annað tveggja gerst. Efsamkomulag næst í nefndinni um viðbrögð getur hún úrskurðað að samningurinn haldi gildi sínu, að teknu tilliti til niðurstöðu nefndarinnar. Ef ekki næst samkomulag um viðbrögð er samningurinn uppsæjanlegur af hálfu samningsaðila. Uppsögn skal ákveða fyrir 10. desember og telst samningurinn þá vera laus frá næstkomandi áramótum að telja.

*Nefndin skal setja sér nánari starfsreglur.*

Flestir samningar sem á eftir fylgdu tengdu sig þessu ákvæði með þeim hætti að niðurstaða forsendunefndar ASÍ og SA myndi gilda fyrir viðkomandi samninga. Það átti bæði við um samninga félaga og landssambanda ASÍ við SA, einstaka atvinnurekendur og ríkið og einnig átti það við um samninga félaga opinberra starfsmanna við ríkið. Launanefnd sveitarfélaga og viðsemjendur nefndarinnar tengdu samninga sína þó ekki við forsendunefnd ASÍ og SA.

Þegar á árinu 2004 var ljóst að líkur væru á að verðlagsforsenda kjarasamninga stæðist ekki. Hagdeild ASÍ spáði í október 2004, 4,1% verðbólgu milli árána 2004 og 2005 og fjármálaráðuneytið spáði 3,5% verðbólgu á sama tímabili. Þegar tímabilið var síðan gert upp kom í ljós að verðbólgan var 4,04% sem var 1,54% stigum yfir viðmiði kjarasamninga og því kom til kasta forsendunefndarinnar að ná samkomulagi um endurskoðun kjarasamninga.

### **Niðurstaða endurskoðunarinnar**

Þann 15.11.2005 gekk forsendunefnd ASÍ og SA frá samkomulagi um endurskoðun kjarasamninga. Samkomulagið byggði á samráði ASÍ, SA og rík-

isstjórnarinnar. Samkomulaginu fylgdi yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til þess að treysta stöðuna á vinnumarkaði.

Samkvæmt samkomulagi forsendunefndarinnar hækkuðu laun félaga í aðildarfélögum Alþýðusambandsins sem eiga aðild að kjarasamningunum við SA um 0,65% í janúar 2007 til viðbótar við þá hækkun sem kveðið er á um í einstökum samningum. Jafnframt fengu allir sem höfðu verið í fullu starfi hjá viðkomandi fyrirtæki 26.000 króna eingreiðslu í desember 2005. Þessu til viðbótar hækkaði lágmarkstekjutrygging fyrir fulla dagvinnu í 108.000 kr. 1. janúar 2006 og í 110.000 kr. 1. janúar 2007.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar fól í sér fjögur meginatriði:

- ✓ Í fyrsta lagi lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún væri reiðubúin til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldsstofni samkvæmt nánari útfærslu milli aðila sem komi til framkvæmda á þremur árum, 0,15% 2007, 0,20% 2008 og 0,25% 2009. Þannig steig ríkisstjórnin mikilvægt skref í að axla ábyrgð vegna vaxandi örorkubyrði í lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ og SA. Þar með var geta sjóðanna til að standa við lífeyrisskuldbindingar aukin og mikilvæg skref stigin til að jafna lífeyrissréttindi í landinu.
- ✓ Í öðru lagi féllst ríkisstjórnin á kröfu ASÍ um hækkun atvinnuleysisbóta og tekjutengingu þeirra. Grunnbætur hækkuðu í 96.000 kr. á árinu 2000 og teknar voru upp tekjutengdar atvinnuleysisbætur sem nema allt að 70% af heildartekjum, með þaki við 180.000 krónur á mánuði. Bæturnar verða tekjutengdar í allt að þrjú mánuði eftir 10 daga á grunnbótum.
- ✓ Í þriðja lagi lofaði ríkisstjórnin að setja lög um starfsmannaleigur.
- ✓ Í fjórða lagi mun ríkisstjórnin setja 100 milljónir króna til viðbótar í að efla fullorðinsfræðslu og styrkja möguleika fólks á vinnumarkaði til að auka við menntun sína og fá hana viðurkennda.



## Samkomulag forsendunefndar ASÍ og SA

Í kjarasamningum sem gerðir voru á milli SA og aðildarféлага ASÍ árið 2004 eru samhljóða ákvæði um sammingsforsendur. Sammingsforsendurnar eru tvær, þ.e. að verðlag þróist í takt við verðbólguþátt Seðlabanka Íslands og að þær kostnaðarhækkanir sem í samningunum felast yrðu almennt stefnumarkandi fyrir aðra sammingsgerð á vinnumarkaði.

Sérstök forsendunefnd, skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af ASÍ og tveimur af SA, starfar skv. samningunum og er verkefni hennar er að meta hvort forsendur samninganna hafi staðist, leita eftir samstarfi við stjórnvöld og eftir atvikum setja fram tillögur um viðbrögð þar sem við á.

Samkvæmt samningunum skal taka forsendurnar til athugunar fyrir 15. nóvember árin 2005 og 2006. Ef sammingsforsendur hafa staðist halda samningarnir gildi sínu óbreyttir. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að marktækt frávík hafi orðið frá annari eða báðum sammingsforsendum getur hún annað hvort gert samkomulag um breytingar á samningunum, og halda þeir þá gildi sínu að teknu tilliti til niðurstöðu nefndarinnar, eða lýst því yfir að hún hafi ekki komist að samkomulagi og eru samningarnir þá uppsegjanlegir af hálfu sammingsaðila fyrir 10. desember nk. og gildir uppsögn frá og með næstu áramótum þar á eftir.

Nefndin er sammála um að sammingsforsendur hafi ekki staðist og hefur á þeim grundvelli gert eftirfarandi samkomulag.

### 1. Sérstök eingreiðsla í desember 2005

Eigi síðar en 15. desember 2005 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 26.000, til starfsmanna sem hafa verið í fullu starfi allt árið í sama fyrirtæki og eru í starfi í síðustu viku nóvember eða í fyrstu viku desember. Starfsfólk í hlutastarfi sem uppfyllir sömu skilyrði skal fá greitt hlutfallslega.


Uppgjörstímabil er almanaksárið, en fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur, eða meira, fyrir utan orlof. Starfsfólk með skemmri starfstíma skal fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma sinn. Eingreiðsla þessi verður þó eigi lægri en kr. 4.500 m.v. fullt starf.

Fjarvera frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskilyrðu atvinnurekenda lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs telst til starfstíma í þessu sambandi.

Við mat á störfum sem eðlis síns vegna miðast ekki við unna dagvinnutíma, skal miða við unna daga og vinnustundir (hámark 8 klst. á dag). Við útreikning eingreiðslunnar skal ekki draga frá starfstíma í barnsburðarleyfi skv. gildandi lögum.

Iðnemar á námssamningi og starfsbjálfunarnemar fá greiddar kr. 16.400. Réttur til greiðslu sérstakrar eingreiðslu skal vera í réttu hlutfalli við starfstíma. Fullt starf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur (1800 dagvinnustundir) eða meira fyrir utan orlof. Hjá iðnenum á námssamningi telst námstími í skóla sem unninn tími.

Starfsmaður sem er í ráðningarsambandi við fyrirtæki en er ekki á launaskrá vegna hráefnisskorts í desember missir ekki rétt til eingreiðslunnar og reiknast sá tími með



DOJA

við útreikning eingreiðslunnar mæti hann til vinnu að lokinni fjarveru vegna hráefnisskorts.

Orlof er innifalið í eingreiðslunni.

**2. Almenn launahækkun 1. janúar 2007 verði 0,65% hærrí en ella**


Almenn launahækkun 1. janúar 2007 verður 0,65% hærrí en samningar aðila kveða á um verði þeim ekki sagt upp frá og með ársbyrjun 2007.

**3. Lágmarkstekjur fyrir fullt starf**


Ákvæði í samningum aðila um lágmarkstekjur fyrir fullt starf verði kr. 108.000 frá 1.1. 2006 og kr. 110.000 frá 1.1. 2007.

Á grundvelli framangreindra breytinga á kjarasamningum, yfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands og samkomulags ASÍ og SA um meginútlínur í nýju kerfi atvinnuleysistrygginga, dagsett 15. nóvember 2005, halda kjarasamningar á samningssviði aðila gildi sínu áfram og uppsögn þeirra því ekki heimil í desember 2005. í framangreindu felst full og endanleg niðurstaða í starfi nefndarinnar vegna athugunar á samningsforsendum á árinu 2005.


Reykjavík, 15. nóvember 2005




Ari Edwald



Gylfi Ambjörnsson



Hannes G. Sigurðsson




Ólafur Darri Andrason

**Samkomulag**  
**ASÍ og SA um meginatriði breytinga**  
**á atvinnuleysistryggingum**


1. Grunnbætur atvinnuleysistrygginga verði 96.000 kr. við gildistöku kerfisbreytingar á árinu 2006 og taki 2,9% hækkun launa 1. janúar 2007.
2. Tekjutenging bóta verði miðuð við 70% af heildartekjum samkvæmt launaseðlum síðast liðna 6 mánuði, þó ekki síðasta mánuðinn fyrir atvinnumissi.
3. Hámarksbætur verði 180.000 kr. á mánuði.
4. Tekjutenging bóta hefjist eftir 10 virka daga á grunnbótum.
5. Réttur til tekjutengdra bóta verði að hámarki 3 mánuðir á þriggja ára tímabili.
6. Réttur til tekjutengdra bóta endumýist á 24 mánaða tímabili.

15. nóvember 2007

FhASÍ

  
Ingibjörg R. Lyngsmundsdóttir

FhSA

  
Ari K. Kvalheim

## Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar

### til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga


1. Ríkisstjórnin lýsir sig reiðubúna til samstarfs við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins um leiðir sem, auk aðgerða á vettvangi lífeyrissjóðanna sjálfra, draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða og jafna stöðuna milli einstakra sjóða. Til að vinna að framgangi þessa máls mun forsætisráðherra skipa nefnd fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða. Verkefni nefndarinnar verði meðal annars að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerfinu annars vegar og lífeyrissjóðakerfinu hins vegar þar sem fyrst og fremst verði horft til vangetu einstaklinga til að afla sér tekna. Jafnframt fjalli nefndin um leiðir til að efla starfsendurhæfingu í því skyni að hjálpa einstaklingum sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fest rætur á vinnumarkaði eða þurft að hverfa af vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku. Áhersla verði lögð á að bjóða einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem litið verði til starfsgetu einstaklinganna. Jafnframt verði kerfið gert einfaldara og skilvirkara og tryggð betri yfirsýn yfir þau úrræði sem eru í boði hverju sinni. Við frekari útfærslu skal meðal annars tekið mið af niðurstöðum nefndar um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir sbr. 4. lið. Ríkisstjórn og aðilar vinnumarkaðarins munu koma sameiginlega að fjármögnun þessara aðgerða sem hafð það að markmiði að sem flestir verði aftur virkir á vinnumarkaði.

Ríkisstjórnin lýsir því jafnframt yfir að hún er reiðubúin til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldstofni samkvæmt nánari útfærslu milli aðila og komi til framkvæmda á þremur árum, 0,15% 2007, 0,20% 2008 og 0,25% 2009.

2. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, að beita sér fyrir sérstöku átaki til að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra og einstaklinga með litla menntun, jafnframt því að bæta stöðu erlends vinnuafli í íslensku samfélagi. Áætlað er að kostnaður vegna þessa nemi 100 m.kr. á árinu 2006.
  - í fyrsta lagi hefur verið ákveðið að fela Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að útbúa námsefni og hjálfa leiðbeinendur f íslenskukennslu fyrir útlendinga. Með því er leitast við að koma til móts við þarfir útlendinga sem leita fótfestu á íslenskum vinnumarkaði og bæta félagslega stöðu þeirra.
  - í öðru lagi er gert ráð fyrir sérstökum framlögum úr ríkissjóði til að greiða fyrir námskeiðahald og endurmenntun einstaklinga á vinnumarkaði sem leggja stund á nám sem byggir á námskrám sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur vottað og menntamálaráðuneytið staðfest. Símenntunarmiðstöðvum, sem starfræktar eru um land allt, verður falið að annast þetta nám.
  - í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að framhald verði á samstarfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og menntamálaráðuneytisins um svokallað mat á raunfærni sem miðar að því að leggja mat á fyrra nám og færni einstaklinga sem vilja bæta við sig menntun.

- í fjórða lagi hefur verið ákveðið að efla náms- og starfsráðgjöf fyrir ófaglærða og bá sem litla menntun hafa. Menntamálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins munu láta fara fram athugun á því hvernig þeim stuðningi verði fyrir komið þannig að hann nýtist sem best og fleiri nýti sér þau sí- og endurmenntunartækifæri sem í boði eru. Í þessu skyni verður auknum fjármunum veitt til að standa straum af einstaklingsmiðaðri starfs- og námsráðgjöf á vegum símenntunarstöðvanna um land allt.
3. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að lög um starfsmannaleigur verði samþykkt fyrir jólahlé Alþingis. Í frumvarpinu verði kveðið á um eftirfarandi meginatriði sem verði skilyrði fyrir því að starfsmannaleigur starfi hér á landi:
- Starfsmannaleigubjónusta verði skráningarskyld hér á landi.
  - Starfsmannaleigur sem veita þjónustu á Íslandi samtals lengur en 10 virka daga á hverjum 12 mánuðum skulu hafa fulltrúa hér á landi og veita Vinnumálastofnun tilteknar upplýsingar um starfsemi sínar hér á landi áður en vinna hefst.
  - Starfsmannaleigum sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins eða EFTA ríkja verði óheimilt að veita hér þjónustu nema samningar sem Ísland á aðild að heimili.
  - Starfsmannaleigum verði óheimilt að krefja, semja um eða taka á móti greiðslum frá starfsmönnum fyrir að bjóða eða veita þeim vinnu, hvort sem er við upphaf ráðningarsambands eða síðar.
  - Starfsmannaleigur skulu gera skriflega ráðningarsamninga við starfsmenn sína.
  - Vinnumálastofnun verði gert heimilt að óska eftir upplýsingum sem stofnunin telur nauðsynlegar til að fylgjast með framkvæmd laganna frá starfsmannaleigum, þ.m.t. ráðningarsamningar og ráðningarkjör.
4. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lagasetningu um breytingar á greiðslu atvinnuleysisbóta í samræmi við það samkomulag sem nú liggur fyrir milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Þar er meðal annars gert ráð fyrir sérstakri hækkun lágmarksbóta, tekjutengingu atvinnuleysisbóta, styttingu greiðslutímabils o.fl. Þessar aðgerðir verða fjármagnaðar með greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði en sameiginlegur skilningur er á milli aðila um að ekki sé ástæða til að hækka atvinnutryggingagjald við gildistöku laganna þar sem sjóðurinn hafi svigrúm til að fjármagna þessar breytingar miðað við núverandi atvinnuleysisstig. Samkomulagið er í anda þeirrar niðurstöðu sem náðist í nefnd um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir sem skilaði félagsmálaráðherra skýrslu 9. nóvember 2005. Frekara mið skal tekið af niðurstöðum nefndarinnar við úrbætur á sviði atvinnuleysisbóta og vinnumarkaðsaðgerða svo sem varðandi starfsendurhæfingu sbr. 1. tölulið.

Reykjavík, 15. nóvember 2005





## ***Kjarasamningar og kjarabreytingar hjá hinu opinbera***

### **Samningur Eflingar við Reykjavíkurborg**

Eftir langa samningslotu í Karphúsinu skrifaði Efling, stéttarfélag undir samning við Reykjavíkurborg á miðnætti 4. desember 2005. Samningurinn er til þriggja ára eða með gildistíma frá 1. október 2005 til 31. október 2008.

Með nýjum kjarasamningi var sérstaklega verið að koma til móts við þá tekjulægri í starfi hjá Reykjavíkurborg. Upphafshækkun launa var að meðaltali ríflega 15% en hækkunin fólst annars vegar í nýrri launatöflu og hins vegar nýrri tengingu starfsmats við launatöflu. Þá var einnig samið um tvo viðbót-arlaunaflokka fyrir þá sem hafa fylgt símenntunaráætlun.

Framlag Reykjavíkurborgar í lífeyrissjóð fer í 10,25% 1. janúar 2006 og 11,5% 1. janúar 2007. Þá mun Reykjavíkurborg áfram greiða 2% í séreignarsjóð á móti 2% framlagi launamanns.

Framlag Reykjavíkurborgar í fræðslusjóð rúmlega tvöfaldaðist og fór í 0,6% frá 1. október 2005.

### **Launaráðstefna sveitarfélaga**

Fljótlega varð ljóst að samningur Eflingar við Reykjavíkurborg hefði áhrif víða því mikil óánægja kom upp í kjölfarið hjá starfsmönnum annarra sveitarfélaga. Til að koma til móts við óánægjuna ákvað Launanefnd sveitarfélaga á fundi sínum 28.1.05 að veita sveitarfélögum skilyrtar heimildir til tímabundinnar hækkunar launa.

Nefndin samþykkti að heimila sveitarfélögum að hækka með samskonar hætti lægstu laun starfsmanna í ASÍ og BSRB félögum sem launanefndin hefur samið við þegar á þessu ári um allt að 15 þús. kr. á mánuði. Hærra launaðir starfsmenn fá 1,5% launabætur umfram gildandi kjarasamninga skv. þessum heimildum árin 2007 og 2008

### **Launabreytingar sjálfseignarstofnana kostuðum af ríki**

Á vormánuðum kom upp megn óánægja hjá ófaglærðum starfsmönnum sjálfseignarstofnana sem kostaðar eru af ríkinu. Niðurstaða forstöðumanna stofnananna varð sú að ákvarða einhliða hækkanir á launum starfsmanna. Þannig gaf forstjóri Hrafnistu út eftirfarandi yfirlýsingu 28.4.06:

*„Hrafnistuheimilin hafa ákveðið að laun ófaglærðs starfsfólks er taka laun samkvæmt kjarasamningi Eflingar og Hlífar verð samræmd við þau laun sem í gildi eru hjá Reykjavíkurborg. Til þess að ná þessum markmiðum munu eftirfarandi launabreytingar eiga sér stað:*

- *Frá 1. maí 2006 verða laun hækkuð um 12% og nær sú hækkun til allra*

*starfsmanna ofangreindra félaga.*

- *Frá 1. september hækkar samanlagður launakostnaður um að minnsta kosti 4% hjá þessum félögum.*
- *Launahækkanir 1. september verða gerðar í samráði við starfsmenn hvernar stofnunar.*
- *1. janúar 2007 verður fullri samræmingu náð við samning Reykjavíkurborgar.*
- *Hrafnista mun leitast við, eins og kostur er, að hraða þeim hækkunum sem koma eiga til framkvæmda 1. janúar 2007.*
- *Til þess að tryggja að ofangreindum markmiðum sé náð mun Hrafnista kynna fulltrúum Eflingar og Hlífar um framgang mála sé þess óskað.“*

Aðrar sjálfseignarstofnanir afgreiddu launamál sinna starfsmanna með sambærilegum hætti.

### **Launabreytingar hjá ríki**

Þann 11.11.05 náðist samkomulag milli fjármálaráðuneytisins og SGS um lúkningu bókonar 4 með kjarasamningi aðila en sú bókun sneri að samanburði á kjörum starfsmanna í sambærilegum störfum hjá ríki sem annars vegar eru í félögum Starfsgreinasambandsins og hins vegar í félögum BSRB. Samkomulagið fólst í eftirfarandi atriðum:

1. „Fé sem jafngildir 1,5% af heildarlaunasummu SGS verði veitt til stofn-  
anasamninga samanburðarhópa skv. bókuninni 1. maí 2006 og á sama hátt  
1,2% 1. maí 2007.
2. Framlag vinnuveitanda í sjúkrasjóð skv. gr. 9.1 verði 0,55% frá 1. nóv-  
ember 2005.
3. Áfangahækkun launataxta 1. janúar 2008 verður 2,0%.“  
Þessu til viðbótar gaf fjármálaráðuneytið munnlega út að ófaglært starfs-  
fólk heilbrigðisstofnana ríkisins fengið sambærilegar kjarabætur og ófaglærðir  
hjá sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum fengu. Af því tilefni yrðu stofn-  
anasamningar á hverjum stað endurskoðaðir.

### **Endurskoðun kjarasamninga 22. júní 2006**

Á vormánuðum 2006 óskaði framkvæmdastjóri SA eftir því að endurskoðun kjarasamninga yrði flýtt. Meginrökin fyrir því að flýta endurskoðun kjarasamninga var sú að verðbólgan væri með öllu óviðunandi og hætta væri á að miklar verðbólguvæntingar festust í sess ef óvissa væri framundan á vinnumarkaði.

Í framhaldi af ósk SA hófust viðræður aðila með aðkomu ríkisstjórnarinnar. Þann 22.6.06 náðist samkomulag milli aðila sem sneri að fjórum þáttum:

1. Samkomulagi forsendunefndar ASÍ og SA.



2. Samningi um taxtaviðauka milli annars vegar ASÍ, landssambanda ASÍ og einstakra félaga og hins vegar SA.
3. Tillögum ASÍ og SA vegna erlendra starfsmanna, gerviverktöku, opinberra innkaupa og lögbrota í atvinnustarfsemi.
4. Yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Meginmarkmið samkomulags aðila vinnumarkaðarins og aðgerða ríkisstjórnarinnar var að eyða óvissu á vinnumarkaði og leggja grunn að hjöðnun verðbólgu þannig að hún væri komin í takt við 2,5% verðbólguviðmið kjarasamninga á síðari hluta ársins 2007.

Samkvæmt samkomulagi forsendunefndar ASÍ og SA skal starfsmanni sem er í starfi í júníbyrjun 2006 og hefur starfað samfellt hjá sama vinnuveitanda í a.m.k. 12 mánuði tryggð að lágmarki 5,5% launahækkun á þeim tíma. Hafi launahækkun starfsmannsins verið minni á tímabilinu hækkuðu laun hans frá 1. júlí 2006 um þá upphæð sem á vantaði til að 5,5% hækkuninni yrði náð. Með samkomulagi forsendunefndar taldist starfi hennar lokið og munu kjarasamningar halda gildi sínu út árið 2007.

ASÍ og landssambönd þess sömdu við SA um 15.000 kr. taxtaviðauka sem bættust við alla mánaðarlaunataxta kjarasamninga þessara aðila. Þessum taxtaviðauka var ætlað að draga úr því misvægi á vinnumarkaði sem myndast hafði vegna launahækkana hjá hinu opinbera. Taxtaviðaukinn hafði ekki áhrif á laun annarra en þeirra sem fengu greidd laun samkvæmt umsömdum launatöxtum. Starfsmenn sem voru á hærri launum en nemur launatöxtunum eftir hækkun áttu ekki rétt á hækkun sem nemur taxtaviðaukanum. Að auki var samið um að lágmarkslaun (lágmarkstekjur fyrir fullt starf) hækkuðu í 123.000 kr. á mánuði, frá 1. júlí 2006.

Ríkisstjórnin tók í yfirlýsingu sinni undir þau markmið sem ASÍ og SA settu sér um hjöðnun verðbólgu og lofaði ríkisstjórnin nánú samstarfi við að tryggja þær efnahagslegu forsendur sem liggja til grundvallar samkomulagi ASÍ og SA. Til að stuðla að áframhaldandi stöðugleika á vinnumarkaði lofaði ríkisstjórnin að beita sér fyrir eftirfarandi:

1. Að skattleysismörk hækki í 90.000 kr. 1. janúar 2007 og að persónuafsláttur verði framvegis endurskoðaður árlega þannig að hann hækki í samræmi við vísitölu neysluverðs.
2. Að ákvæði laga um vaxtabætur yrðu endurskoðuð ef í ljós kæmi að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hefði leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum.
3. Að um næstu áramót verði teknar upp greiðslur barnabóta til 18 ára aldurs í samræmi við sjálfræðisaldur.
4. Að ríkisstjórnin beiti sér fyrir að tekjuskattur einstaklinga lækki um 1% um næstu áramót.

5. Að framlög til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála verði aukin um 120 milljónir á ári og komi hækkunin til framkvæmda árið 2007. Fjármunirnir eru ætlaðir til námskeiðahalds og endurmenntunar einstaklinga á vinnumarkaði, til eflingar náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats og til eflingar símenntamiðstöðvar ASÍ á höfuðborgarsvæðinu, með sambærilegum hætti og gildir á landsbyggðinni.
6. Að vinnumarkaðurinn verði treystur og að unnið verði gegn gerviverktöku og ólöglegri atvinnustarfsemi. Yfirlýst markmið er að tryggja að réttur sé ekki brotinn á erlendu launafólki og þau fyrirtæki sem starfa hér á landi virði lög og kjarasamninga. Tillögur ASÍ og SA frá 20. júní sl. um þetta efni verði hafðar til hliðsjónar og fjármögnun til verkefnisins tryggð.
7. Að grunnfjárhæðir atvinnuleysisbóta hækkuðu 1. júlí 2006 um 15.000 kr. til samræmis við þær hækkunir sem fólust í samkomulagi ASÍ og SA. Hækkun þessi kom til viðbótar þeirri hækkun sem þegar hafði verið ákveðin. Jafnframt hækkar hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta í 185.400 kr.
8. Að greiðslur til aldraðra og öryrkja verða ákveðnar til samræmis við samkomulag aðila vinnumarkaðarins og hækkun atvinnuleysisbóta. Nánari útfærsla á þessum hækkunum verði í samráði við viðkomandi aðila

### Úrskurðir Kjaradóms og kjaranefndar

Þann 19.12.05 kvað Kjaradómur upp úrskurð um launakjör æðstu embættismanna þjóðarinnar og kjörna fulltrúa. Úrskurðurinn kallaði á hörð viðbrögð. Annars vegar úrskurðaði Kjaradómur að laun þeirra sem falla undir hann skyldu að jafnaði hækka um 8,15% frá 1. janúar 2006, sem var í litlu samræmi við þær 2,5% launahækkunir sem almennt var samið um í þjóðfélaginu. Hins vegar var það röksemdafærsla Kjaradóms fyrir hækkuninni sem mæltist illa fyrir en í úrskurðinum sagði m.a.: „*Kjaradómur gerði grundvallarbreytingar á launakerfi sínu með úrskurði 10. maí 2003 með því að samræma launatöflur sínar og kjaranefndar, svo sem rakið er í nefndum úrskurði. Raðaði Kjaradómur í samræmda launaflokka eftir því sem eðlilegt var talið með tilliti til sam- anburðar á störfum og ábyrgð sem nefnt er hér að framan. Kjaranefnd hefur í millitíðinni úrskurðað launahækkunir umfram hækkunir sem kjaradómur hefur úrskurðað, m.a. með færslum milli launaflokka. Þær ákvarðanir hafa áhrif á launakerfi Kjaradóms og verður að hafa hliðsjón af þeim. Er það nið- urstaða Kjaradóms að lagfæra beri launaflokka til samræmis við ákvörðun dómsins frá árinu 2003, til þess að viðhalda þeim grundvelli sem þar var lagður.*“ Kjaradómur rökstuddi með öðrum orðum hækkun sína að stórum hluta með vísan til úrskurða kjaranefndar en kjarnefnd hefur löngum rökstutt úrskurði sína með vísan til þess sem Kjaradómur hefur úrskurðað. Þannig rök-

studdi nefndin hækkar sínar 18. júní 2003 með vísan í úrskurð Kjaradóms frá 10. mars 2003. Kjaradómur sótti m.ö.o. rök í úrskurði Kjaranefndar og Kjaranefnd sótti aftur rök í úrskurði Kjaradóms.

Hörð viðbrögð leiddu til þess að forsætisráðherra fór þess á leit við Kjaradóm að hann endurskoðaði úrskurð sinn, áður en hann kæmi til framkvæmda. Dómurinn fundaði um óskina en hafnaði því að breyta úrskurðinum.

Í framhaldinu lýsti ríkisstjórnin því yfir að úrskurðurinn kæmi til framkvæmda en skipuð yrði nefnd sem fengi það hlutverk að endurskoða lögina um Kjaradóm og Kjaranefnd. Málið yrði síðan lagt fyrir þingið strax í janúar.

Af því tilefni sagði forseti ASÍ; „Niðurstaða Kjaradóms kemur á óvart. Ég vek athygli á því að þessi hópur, sem nú er að fá rúm 8% í hækkun, fékk um 5% fyrir á árinu, þannig að það er ekki eins og það sé verið að niðast á þessu fólki. Ég gef mér að ríkisstjórnin hljóti að hafa kannað málið út frá laga-  
legum sjónarmiðum áður en dómurinn var beðinn að endurskoða niðurstöðu sína. Nefnd sem á að skila einhverri niðurstöðu eftir að úrskurðurinn kemur til framkvæmda hefur ekkert að segja við þessar aðstæður. Nefndarskipunin er ágæt aðferð til að skoða fyrirkomulag svona ákvarðana í framtíðinni, en það dugar ekki núna. Ríkisstjórnin verður að bregðast við núna, áður en þetta kemur til framkvæmda. Það er nægur tími til stefnu fyrir áramót, ef viljinn er fyrir hendi. Ég hef skilið forsætisráðherra þannig að hann telji þessa hækkun óásættanlega. Við teljum ótækt að hún komi til framkvæmda og krefjumst þess að séð verði til þess að hún geri það ekki.“

Niðurstaðan varð sú að úrskurðurinn kom til framkvæmda en lög nr. 120/1996 um Kjaradóm og kjaranefnd voru felld úr gildi á vorþingi 2006 en þess í stað samþykkti Alþingi ný lög um Kjararáð sem taka skyldi við af Kjaradómi og kjaranefnd. Sjá nánar umfjöllun um umsagnir ASÍ um þingmál.

## Samkomulag forsendunefndar ASÍ og SA

Samningsforsendur sem tilgreindar eru í gildandi kjarasamningum SA og aðildarfélaganna ASÍ hafa ekki staðist vegna verðbólguþróunar. Forsendunefnd sem starfar á grundvelli samninganna hefur komist að eftirfarandi samkomulagi og er markmið þess að stuðla að því að stöðugt verðlag geti náðst á næsta ári.

### Launaþróunartrygging

Starfsmaður sem er í starfi í júlíbyrjun 2006 og starfað hefur samfellt hjá sama vinnuveitanda frá júní 2005 skal tryggð að lágmarki 5,5% launahækkun á þeim tíma. Hafi launahækkun starfsmanns verið minni á framangreindu tímabili skulu laun hans hækka frá 1. júlí um mismuninn á 5,5% og þeirri launahækkun sem hann naut á umræddu tímabili. Við samanburð launa á tímabilinu skal miða við föst viku- eða mánaðarlaun að viðbættum föstum álags- eða aukagreiðslum, hverju nafni sem þær nefnast.

Ákvæði þetta nær ekki til fiskimanna eða launamanna sem starfa í afkastatengdum launakerfum þar sem laun vegna frammistöðu eru meginhluti launa.

Á grundvelli framangreindrar viðbótar við samningsbundna launarþróun og yfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands, dags 22. júní 2006, úrskurðar nefndin að kjarasamningar á samningssviði aðila haldi gildi sínu áfram og uppsögn þeirra sé ekki heimil í desember 2006. Í framangreindu felst full og endanleg niðurstaða í starfi nefndarinnar vegna athugunar á samningsforsendum á árinu 2006.

Reykjavík, 22. júní 2006

  
Vilhjálmur Egiðsson

  
Gylfi Arnþórsson

  
Hannes G. Sigurðsson

  
Ólafur Darri Andrason

## SAMNINGUR UM TAXTAVIÐAUKA

milli

Alþýðusambands Íslands, Flóabandalagsins<sup>1</sup>, Landssambands íslenskra  
verslunarmanna, Matvæla- og veitingasambands Íslands, Rafiðnaðarsambands  
Íslands, Samiðnar- sambands iðnfélaga, Sjómannasambands Íslands og  
Starfsgreinasambands Íslands f.h. aðildarfélaga

og

Samtaka atvinnulífsins

1.gr.

### Grundvöllur samningsins

Samningur þessi á rætur sínar að rekja til kjarapróunar hjá opinberum aðilum og stofnunum sem reknar eru fyrir almannafé á undanförunum mánuðum og misserum. Sú þróun hefur valdið því að umtalsvert misvægi hefur skapast á milli samningsbundinna launataxta á samningssviði Samtaka atvinnulífsins og verkalýðsfélaga annars vegar og þeim sem gilda hjá hinu opinbera hins vegar.

Sérstökum taxtaviðauka, skv. 2. gr., er ætlað að draga úr því misvægi sem orðið hefur á launatöxtum í kjarasamningum aðila og hliðstæðum samningum opinberra aðila. Honum er sérstaklega ætlað að bæta stöðu þeirra sem fá greidd laun skv. töxtum kjarasamninga en hefur ekki áhrif til hækkunar launa þeirra sem hafa hærri laun en sem nemur launatöxtum kjarasamninga að viðbættum taxtaviðaukanum.

2.gr.

### Sérstök hækkun kaup-taxta kjarasamninga - taxtaviðauki

Frá 1. júlí 2006 bætist sérstakur taxtaviðauki, kr. 15.000, við alla mánaðarlaunataxta gildandi kjarasamninga og sérkjarasamninga aðila. Launataxtar ungmenna reiknast sem hlutfáll af byrjunarlaunum fyrir 18 ára og eldri eins og viðkomandi samningar kveða á um. Taxtaviðaukinn er sá sami í öllum launaflokkum og aldursþrepum og myndar því ekki grunn fyrir starfsaldurshækkanir. Taxtaviðaukinn myndar hins vegar grunn fyrir yfirvinnu- og vaktaálag, en ekki aðrar greiðslur sem reiknast af mánaðarlaunatöxtum kjarasamninga. Í þeim tilvikum þar sem laun einstaklinga eru samsett af launataxta kjarasamnings og ráðningarsamningsbundnum viðbótargreiðslum, hverju nafni sem þær nefnast, skulu viðbótargreiðslurnar lækka um allt að því jafn háa fjárhæð og taxtaviðaukanum nemur. Umsamdar viðbótargreiðslur skv. kjarasamningum, t.d. afkasta- eða frammistöðutengdir bónusar, skerðast þó ekki. Taxtaviðaukinn bætist ekki við ráðningarsamningsbundin laun sem eru hærri en sem nemur umsömdum launatöxtum að viðbættum taxtaviðaukanum.

3. gr.

### Frávik frá launaflokkakerfi

Starfsmaður með laun sem samsett eru af launataxta skv. kjarasamningi og ráðningarsamningsbundnum viðbótargreiðslum, sem kýs að halda þeim óskertum

<sup>1</sup> Til Flóabandalagsins teljast Efling-stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis

þrátt fyrir samkomulag þetta, skal tilkynna vinnuveitanda sínum það skriflega innan 15 daga frá gildistöku samkomulagsins. Hækkun af völdum taxtaviðaukans skv. 2. gr. samkomulags þessa breytir þá ekki launum hans.

#### 4. gr.

##### **Grein 1.3. Lágmarkstekjur fyrir fullt starf.**

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf, 173,33 unnar stundir á mánuði að meðaltali (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa hjá sama fyrirtæki í fjóra mánuði samfelld:

1. júlí 2006	kr. 123.000 á mánuði.
1. janúar 2007	kr. 125.000 á mánuði.

#### 5. gr.

##### **Launaþróun**

Einstaklingar sem fá hækkun á launum sínum vegna taxtaviðauka, sbr. 2. gr, eiga ekki rétt á hækkun skv. samkomulagi forsendunefndar ASÍ og SA um launaþróunartryggingu, dags. 22. júní 2006, nema í því tilvikum að samtala launaliða, að taxtaviðaukanum meðtöldum, nái ekki 5,5% hækkun á viðmiðunartímabilinu.

#### 6. gr.

##### **Fylgiskjöl**

Eftirfarandi fylgiskjöl eru hluti samnings þessa:


- Bókun um framkvæmd breytinga á launatöxtum
- Launaflokkar í kjarasamningi SA og aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands og Flóabandalagsins 1.7.2006 og 1.1.2007
- Bókun um framkvæmd 2. gr. um taxtaviðauka í bónuskerfum í fiskvinnslu með afkastaviðmiðanir
- Bókun um ákvæðisvinnutaxta aðra en taxta vegna ræstinga
- Launatöflur í aðalkjarasamningum verslunarmanna 1.7.2006 og 1.1.2007
- Launatöflur í kjarasamningi MATVÍS - Matvæla- og veitingasambands Íslands 1.7.2006 og 1.1.2007
- Launatöflur í aðalkjarasamningum aðildarféлага Samiðnar 1.7.2006 og 1.1.2007
- Launatöflur í aðalkjarasamningi RSÍ 1.7.2006 og 1.1.2007
- Launatöflur í kjarasamningum aðildarféлага SSÍ frá 1.7.2006 og 1.1.2007
- Launatöflur fyrir undirmenn á kaupskipum 1.7.2006 og 1.1.2007
- Launatöflur fyrir undirmenn á olli skipum 1.7.2006 og 1.1.2007
- Launatöflur í kjarasamningi Félags bókagerðarmanna
- Launatöflur í kjarasamningi Mjólkurfræðingafélags Íslands
- Launatöflur í kjarasamningi Félags leiðsögumanna
- Launatöflur í virkjunarsamningi

Reykjavík, 22. júní 2006

F.h. Alþýðusambands Íslands




F.h. Eflingar stéttarfélag




F.h. Landssambands íslenskra verslunarmanna /VR



F.h. Matvæla- og veitingasambands Íslands,



F.h. Samtaka atvinnulífsins



F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands,



F.h. Samiðnar - sambands íðnfélaga



F.h. Sjómannasambands Íslands



F.h. Starfsreinasambands Íslands



F.h. Verkalýðsfélagsins Hlífar



F.h. Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis



### Bókun um framkvæmd breytinga á launatöxtum

Samkomulag aðila miðar að því að færa launataxta að viðbættum taxtaviðauka nær greiddu kaupni án hækkunar á launum sem hærrí eru en nýju launataxtamír.

Við mat á því hvort breytingar á launatöxtum gefi tilefni til hækkunar launa sem fyrir gerð samningsins voru hærrí en launataxtinn, ber að leggja við launataxtann allar aukagreiðslur fyrir dagvinnu, aðrar en endurgjald á útlögðum kostnaði. Að frátöldum kjarasamningsbundnum afkasta- eða frammistöðutengdum bónusum skiptir engu hvaða nafni þær aukagreiðslur nefnast.

Þannig eiga laun sem t.d. eru samsett af taxtakaupi og prósentuálagi að reiknast sem ein upphæð. Reynist heildardagvinnulaun hærrí en viðkomandi launataxti að viðbættum taxtaviðauka þá eiga þau laun ekki að hækka. Af þessu leiðir að samsetning dagvinnulaunanna getur breyst. Dagvinnulaun hækka til samræmis við nýja taxa en álagshlutfallið lækkar tilsvarendi og vegur þ.a.l. minna í heildarlaununum en áður.

Ef ráðningarkjör starfsmanns eru þannig að hann taki laun skv. hærrí launaflokki eða starfsaldursþrepi en hann á tilkall til skv. kjarasamningi skal hann endurráðast í hina nýju og hærrí taxa miðað við raunverulegan starfsaldur og starfssvið.

Séu heildargreiðslur á mánuði fyrir 40 stunda vinnuvíku hærrí en nýi launataxtinn hækka þær ekki. Hækkun taxtans kemur þá fram í grunni fyrir yfirvinnu- og vaktálag en á móti lækka aukagreiðslur að sama skapi.

#### *Dæmi 1: Taxtakaup að viðbætri fastri krónutölu sem er hærrí en taxtaviðbótin*

	Kr.	Breyting
Laun skv 8. líf. SGS, 7 ára þrepi, kr. 119.417, að viðbætri ráðningarsamningsbundinni aukagreiðslu, kr. 20.000.		
Kauptaxta kjarasamnings	119.417	
Föst yfirborgun, skv. ráðningarsamningi	20.000	
<b>Samtals</b>	<b>139.417</b>	
Taxtaviðauki	15.000	
<b>Laun eftir breytingu</b>	<b>139.417</b>	0
Þar af nýr kauptaxti	134.417	15.000
Þar af ný, föst yfirborgun	5.000	-15.000

#### *Dæmi 2: Taxtakaup að viðbætri fastri krónutölu sem er lægri en taxtaviðbótin*

	Kr.	Breyting
Laun skv 8. líf. SGS, 7 ára þrepi, kr. 119.417, að viðbætri ráðningarsamningsbundinni aukagreiðslu, kr. 10.000.		
Laun skv. kauptaxta kjarasamnings	119.417	
Föst yfirborgun, skv. ráðningarsamningi	10.000	
<b>Samtals</b>	<b>129.417</b>	
Taxtaviðauki	15.000	
<b>Laun eftir breytingu</b>	<b>134.417</b>	5.000
Þar af nýr kauptaxti	134.417	15.000
Þar af ný, föst yfirborgun	0	-10.000

Kb  
Kk  
B  
B  
Jly  
G.F.-K  
B  
M



**Dæmi 3: Taxtakaup að viðbættu prósentuálagi sem nemur hærri fjárhæð en taxtaviðaukanum**

	Kr.	Breyting
Laun skv 8. lfl. SGS, 7 ára þrepi, kr. 119.417, að viðbætti ráðningarsamningsbundinni 20% yfirborgun á launataxta		
Laun skv. kauptaxta kjarasamnings	119.417	
Yfirborgun á taxta, 20%	23.883	
<b>Samtals</b>	<b>143.300</b>	
Taxtaviðauki	15.000	
<b>Laun eftir breytingu</b>	<b>143.300</b>	0
Þar af nýr kauptaxti	134.417	15.000
Þar af ný yfirborgun á taxta, 6,6%	8.883	-15.000

*Hafi einstaklingur sem ofangreint dæmi á við um fengið innan við 5,5% hækkun launa á tímabilinu júní 2005-júní 2006 á hann rétt á sérstakri hækkun vegna launaþróunartryggingar, sbr. samkomulag forsendunefndar SA og ASÍ dags. 22.6.2006.*

**Dæmi 4: Taxtakaup að viðbættu prósentuálagi sem nemur lægri fjárhæð en taxtaviðaukanum**

	Kr.	Breyting
Laun skv 8. lfl. SGS, 7 ára þrepi, kr. 119.417, að viðbætti ráðningarsamningsbundinni 5% yfirborgun á launataxta		
Laun skv. kauptaxta kjarasamnings	119.417	
Yfirborgun á taxta, 10%	11.942	
<b>Samtals</b>	<b>131.359</b>	
Taxtaviðauki	15.000	
<b>Laun eftir breytingu</b>	<b>134.417</b>	3.058
Þar af nýr kauptaxti	134.417	15.000
Þar af ný yfirborgun á taxta, 0%	0	0

Handwritten notes and signatures:

- Handwritten initials: "M", "FRH", "B", "cc", "SJ", "cc", "Jly", "G.K.", "UH".
- Handwritten signature: "cc".





**Bókanir vegna samninga SA annars vegar  
og SGS og Flóabandalagsins hins vegar**

**Bókun um framkvæmd 2. gr. um taxtaviðauka í bónuskerfum í fiskvinnslu með  
afkastaviðmiðanir**

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. um lækkun viðbótargreiðslna gegn hækkun launataxta af  
völdum taxtaviðauka skulu fastir bónusar, sem taka mið af afkastatengdum  
launakerfum sem byggja á reiknitölum, vera óbreyttir.

**Bókun um ákvæðisvinnutaxta aðra en taxa vegna ræstinga**

Ákvæðisvinnutaxtar skulu hækka um 7,5% frá 1.7.2006.


**Markmið ASÍ og SA um hjöðnun verðbólgu og samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda vegna samkomulags 22. júní 2006.**

Samkomulag hefur verið gert milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Alþýðusambands Íslands og landssambanda þess hins vegar um breytingar á kjarasamningum. Forsendunefnd aðilanna hefur ennfremur komist að samkomulagi um viðbrögð vegna verðbólgu umfram forsendur gildandi kjarasamninga. Þá hefur ríkisstjórnin gefið út sérstaka yfirlýsingu um aðgerðir í tengslum við þennan atburð.

Meginmarkmið samkomulags aðila vinnumarkaðarins og aðgerða ríkisstjórnarinnar er að breyta væntingum um verðbólgu á árinu 2007 þannig að á síðari hluta ársins verði verðbólga komin í takt við 2,5% verðbólguviðmið kjarasamninga og verðbólgu­markmið Seðlabanka Íslands.



Forsendunefnd samningsaðila hefur komist að samkomulagi um lágmarks kjarabreytingar sem taka gildi þann 1. júlí 2006. Samningar eru þar með ekki uppsegjanlegir og bundnir a.m.k. til ársloka 2007. Ennfremur hafa samningsaðilar gert kjarasamning þar sem gerðar eru tiltekna­r breytingar á samningsbundnum laun­atöxtum kjarasamninga á samnings­sviði SA og félaga innan ASÍ, sem ætlað er að draga úr því misvægi sem myndast hefur vegna meiri launahækkana hjá hinu opinbera á undanföllum mánuðum og misserum. Það er von samningsaðila að samkomulagið um launabreytingar verði til þess að tryggja ró á vinnumarkaði, þannig að launa- og verðlagsþróun styðji við markmið samningsaðila um hjöðnun verðbólgu.

Meginatriðið í þeirri hugmyndafræði og væntingum sem liggja að baki samkomulagi aðila vinnumarkaðarins er að lækkunarferill verðbólgunnar sé markviss og trúverðugur. Samningsaðilarnir gera þó ráð fyrir því að launahækkarnir hinn 1. júlí 2006 hafi einhver áhrif til hækkunar verðbólgu á árinu. Í ljósi útlits um lítinn sem engan hagvöxt á næsta ári er brýnt að fyrirtæki taki ekki á sig kostnaðarhækkanir og taki ákvarðanir um verðlagningu sem veikja stöðu þeirra. Samningsaðilar telja að út frá horfum í efnahagsmálum megi miða við að þriggja mánaða hækkun vísitölu neysluverðs verði undir:


- 3,7% á 3. ársfjórðungi 2006,
- 2,9% á 4. ársfjórðungi 2006
- 1,2% á 1. ársfjórðungi 2007
- 1,0% á 2. ársfjórðungi 2007
- 0,7% á 3. ársfjórðungi 2007
- 0,6% á 4. ársfjórðungi 2007

ASÍ og SA telja brýnt að hagstjórnin styrki þær væntingar sem samtökin hafa um lækkun verðbólgu á árinu 2007. Í því skyni telja ASÍ og SA nauðsynlegt að eiga formlengt samráð við ríkisstjórnina um gang efnahagsmála og verbóguhorfur út samningstímann. Í slíku samráði yrði þá lagt mat á stöðuna og fjallað eftir atvikum um viðbrögð og aðgerðir.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

  
  
Vilhjálmu Guðjónsdóttur  
Hannes G. Sigurðsson

F.h. Alþýðusambands Íslands og landssambanda þess

  
Guðrún Ásdóttir  
Ingibjörg R. Lyngmúndadóttir  
Olafur Dan  
Andriann



## **Tillögur ASÍ og SA vegna erlendra starfsmanna, gerviverktöku, opinberra innkaupa og lögbrota í atvinnustarfsemi**

ASÍ og SA leggja áherslu á að leikreglur á vinnumarkaði þurfa að vera skýrar og þeim fylgt eftir af stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins með markvissu og skilvirkni eftirliti. Tryggja verður með öllum tiltækum ráðum að réttur sé ekki brotinn á launafólki og þau fyrirtæki sem hafa hér starfsemi virði lög og kjarasamninga. Á það jafnt við um beinar ráðningar til innlendra fyrirtækja, starfsmenn hjá starfsmannaleigum eða frá erlendum þjónustufyrirtækjum og er það vilji aðila að samræma eins og kostur er réttindi og skyldur fyrirtækja og starfsmanna óháð rekstrar- og ráðningarformi. Þá er mikilvægt að tryggja skjóta málsmeðferð stjórnvalda og fullnægjandi viðurlagaheimildir þannig að fyrirtæki hagnist ekki á brotum.

Koma verður á virkri upplýsingagjöf til fyrirtækja og erlends launafólks um réttindi og skyldur á vinnumarkaði í samvinnu aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda og fjármagn tryggt.

ASÍ og SA hafa sérstaklega áhyggjur af stöðu mála í byggingastarfsemi, þjónustu tengdri mannvirkjagerð og veitingageiranum og tillögugerðin miðast fyrst og fremst við að bregðast við því ástandi sem er eða hugsanlega kann að skapast í þeim greinum.

ASÍ og SA eiga sæti í nefnd sem skipuð hefur verið af félagsmálaráðherra og er ætlað að gera tillögur um styrkingu vinnumarkaðarins. Nefndin skal skila niðurstöðum fyrir 1. nóvember nk. en ASÍ og SA telja mikilvægt að undirbúa og hrinda þegar í framkvæmd aðgerðum til að tryggja betur stöðu erlends launafólks og eftirlit með starfsemi fyrirtækja. Eftirfarandi tillögur eru jafnframt áhersluþættir ASÍ og SA í þeirri nefndarvinnu. Stefnt skal að því að efni þeirra verði að fullu komið til framkvæmda 1. janúar 2007.

Með vísan til ofangreindra markmiða gera ASÍ og SA eftirfarandi tillögur:

### **1. Starfsemi skráð á einum stað**

ASÍ og SA telja mikilvægt í þágu skilvirkni og eftirlits að þeir sem hafa með höndum starfsemi hér á landi skrái starfsemi sína og starfsmenn á einum stað og skráningarferli verði einfaldað eins og kostur er. Einnig verði hægt að nálgast á sama stað kynningarefni um réttindi og skyldur á íslenskum vinnumarkaði.

Tryggja verður með lögum að öll stjórnvöld, sem hafa með höndum eftirlit á vinnumarkaði, hafi aðgagn að skráningarupplýsingum og þeim gögnum sem skráningu fylgja, eftir því sem nauðsyn krefur vegna eftirlits. Skattýfirvöld geti t.a.m. óskað eftir aðgangi að ráðningarsamningum erlendra starfsmanna ef það er nauðsynlegt vegna álagningar skatta.

### **2. Skráning erlendra fyrirtækja í fyrirtækjaskrá**

Tryggja verður að öll fyrirtæki sem eru með starfsemi á Íslandi séu skráð í fyrirtækjaskrá, hvort sem þau eru með staðfestu á Íslandi eða veita hér tímabundna þjónustu. Fyrirtækjaskrá fái sjálfkrafa upplýsingar um fyrirtæki sem Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun er kunnugt um að starfi á Íslandi. Fyrirtækjaskrá sendi jafnframt sjálfkrafa upplýsingar til Útlendingastofnunar og Vinnumálastofnunar um erlend fyrirtæki sem skráð hafa starfsemi sína í fyrirtækjaskrá.

Sérstaklega verði kannað hvort erlend fyrirtæki sem hér veita þjónustu hafi heimild til þeirrar starfsemi í heimalandinu.

### **3. Skráning starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja**

Þegar erlend þjónustufyrirtæki sbr. lög nr. 54/2001 hefja hér starfsemi skulu þau tilkynna til Vinnumálastofnunar um alla erlenda starfsmenn, enda sé ætlað að starfsemin vari lengur en 10 virka daga. Þá ber þeim að tilkynna án tafar um allar breytingar á starfsmannahópnum. Vinnumálastofnun geti krafist að skrifleg staðfestingar á ráðningu og ráðningarkjörum fylgi tilkynningum. Einnig geti stofnunin krafist annarra upplýsinga sem hún telur nauðsynlegar til að ganga úr skugga um að þjónustan sé veitt hér á landi í samræmi við lög. Fyrst um sinn verði sú skylda afmörkuð við byggingastarfsemi og þjónustu tengda mannvirkjagerð. Vinnumálastofnun skal afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem útlendingur starfar afrit af staðfestingu ráðningar / ráðningarsamningi útlendingins óski stéttarfélagið eftir því enda liggja fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi.

Skilgreina þarf hvenær starfsmaður er sendur tímabundið til landsins til að veita þjónustu í skilningi 1. gr. laga nr. 54/2001

### **4. Upplýsingaskylda erlendra þjónustufyrirtækja**

Erlent þjónustufyrirtæki sbr. lög nr. 54/2001 skal afhenda notendafyrirtæki skriflega staðfestingu þess að það hafi uppfyllt lagaskyldur um skráningu fyrirtækis og starfsmanna og ber notendafyrirtæki skylda til að krefjast þeirrar staðfestingar við upphaf viðskipta. Notendafyrirtæki sæti viðurlögum (sektum) ef það hefur ekki sinnt þeirri skyldu sinni. Fyrst um sinn verði áhersla lögð á byggingastarfsemi og þjónustu tengda mannvirkjagerð. Trúnaðarmaður á vinnustað, eða viðkomandi stéttarfélag ef trúnaðarmaður er ekki á vinnustað, getur óskað upplýsinga um það hjá notendafyrirtækinu hvort þjónustufyrirtækið hefur uppfyllt þá skyldu sína.

### **5. Eftirlit yfirvalda á vinnustöðum og viðurlög við brotum**

Koma verður á virku eftirliti Vinnumálastofnunar og skattýfirvalda á vinnustöðum og leggja ASÍ og SA til að áhersla verði lögð á byggingastarfsemi, þjónustu tengda mannvirkjagerð og veitingastarfsemi. Kannað verði hvort launakjör erlendra starfsmanna séu í samræmi við skriflega staðfestingu ráðningar / ráðningarsamninga.

Ef brotið er með alvarlegum hætti gegn kjarasamningi og kjör ekki leiðrétt þrátt fyrir kröfur yfirvalda þar um, verði heimilt að beita viðurlögum þannig að vinnuveitandi hagnist ekki á brotinu. Áhersla verði lögð á skjóta og skilvirka meðferð mála.

Kannað verði hvort samþætta megi eftirlit Vinnueftirlits ríkisins og Vinnumálastofnunar, hvort tveggja til að tryggja virkara eftirlit og draga úr tilkostnaði.

### **6. Upplýsingagjöf til fyrirtækja og erlends launafólks**

#### Upplýsingagjöf til erlendra fyrirtækja

Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld útbúi sameiginlegt kynningarefni um íslenskan vinnumarkað og réttindi og skyldur fyrirtækja og launafólks. Það verði sent þeim erlendu fyrirtækjum sem hafa starfsemi hér á landi og verði einnig aðgengilegt svo íslensk fyrirtæki geti kynnt reglurnar fyrir erlendum viðsejendum sínum.

#### Upplýsingagjöf til íslenskra fyrirtækja

Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld efla jafnframt upplýsingagjöf til íslenskra fyrirtækja um tilkynningu og skráningu erlendra starfsmanna og réttarstöðu þeirra.



### Upplýsingagjöf til erlends launafólks

Þýða verður meginþætti kjarasamninga yfir á fleiri tungumál enda grundvallaratriði að launafólk þekki réttindi og kjör á íslenskum vinnumarkaði.

### **7. Persónuskilríki á byggingarvinnustöðum**

Unnið verði að útgáfu sérstakra persónuskilríkja til að auðvelda eftirlit á vinnumarkaði og verði sérstaklega litið til byggingarvinnustaða í því sambandi. Stjórnvöldum verði veitt heimild til að gera þá kröfu að starfsmenn beri frá fyrsta starfsdegi skilríki frá atvinnurekanda sínum, þar sem fram kemur nafn starfsmanns ásamt mynd, kennitala, heiti vinnuveitandans og kennitala hans. Sambærilegar kröfur verði gerðar gagnvart einstaklingsverktökum. Sá aðili sem ber ábyrgð á viðkomandi vinnustað skal sjá um að þessari skyldu sé framfylgt.

### **8. Tryggingamál erlendra starfsmanna**

Erlendir launamenn hjá þjónustufyrirtækjum skulu eiga rétt á tryggingum vegna dauða eða varanlegri örorku af völdum vinnuslysa og munu aðilar kanna hvort löggjöf og evrópskar reglur veiti þeim nægilega vernd í þessum tilvikum. Einnig þarf að gæta að sjúkra- og lífeyristryggingum erlends launafólks.

### **9. Gerviverktaka**

ASÍ og SA vilja að gert verði sérstakt átak gegn gerviverktöku. Fyrst í stað verði sjónum beint að byggingariðnaði. Að mati ASÍ og SA er nauðsynlegt að breyta lögum um skyldu atvinnurekenda til að halda eftir af launum starfsmanna vegna skatt- og meðlagsskulda.

#### Þáttur SA:

Áróður gagnvart atvinnurekendum þar sem þeir eru hvattir til að taka ekki þátt í gerviverktöku. Dregið verður fram hvaða hættur fylgja gerviverktöku.

#### Þáttur ASÍ:

Áróður gagnvart launafólki og einstaklingsverktökum. Dregið verður fram hvaða munur er á réttindum verktaka og launamanna. Kynningarefnið verði á nokkrum tungumálum.

#### Þáttur stjórnvalda:

Stór hluti þeirra sem starfa sem gerviverktakar bera því við að þeim sé ókleift að starfa sem launamenn vegna skattskulda og meðlagsskulda. Atvinnurekendur er skylt skv. lögum að halda eftir allt að 75% af launum starfsmanns vegna skatta og meðlaga og er ljóst að það sem eftir stendur nægir varla til framfærslu. Stjórnvöld verða að lækka þetta hlutfall þannig að starfsmaður haldi a.m.k. eftir helmingi launa sinna. Átak gegn gerviverktöku skilar ekki tilætluðum árangri ef slík verktaka ef eina tekjuöflunarleið fjölda manna.

Fyrirtækjum með marga einstaklingsverktaka verði gerð grein fyrir ákvæðum skattalaga og gefinn frestur til að gera hreint fyrir sínum dyrum. Aðgerðir boðaðar.

### **10. Opinber innkaup**

ASÍ og SA telja rétt að lögum um opinber innkaup verði breytt og gert skylt að könnuð sé viðskiptasaga tilboðsgjafa. Viðskiptasaga þeirra sem standi að félagi (stjórnendur, stjórnarmenn, eigendur) verði metin og félag verði ekki metið hæft sem tilboðsgjafi ef skilgreindar hlutlægar kröfur eru ekki uppfylltar. Þá verði sérstaklega kveðið á um skyldur verktaka til að greiða laun skv. kjarasamningum og lögum og hvernig skuli bregðast við brotum á því.

Gera verður breytingar á lögum um opinber innkaup til að sambærilegar reglur gildi um útboð sveitarfélaganna sem eru undir viðmiðunarfráhæðum Evrópska efnahagssvæðisins.



### 11. Bætt skattskil einstaklingsverktaka

Unnið verði að því að koma á einföldu og skilvirku fyrirkomulagi til að auðvelda einstaklingsverktökum að reikna skattskyldu og skil á opinberum gjöldum.

### 12. Lögprot í atvinnustarfsemi

Hrinda verður í framkvæmd tillögum sem settar hafa verið fram til að sporna við svartri atvinnustarfsemi, duldum launagreiðslum og brotum á reglum um virðisaukaskatt.

Þorri fyrirtækja fylgir lögum og reglum í hvívetna og skekkir það mjög samkeppnisstöðu þeirra ef hér fá að þrífast fyrirtæki sem fara á svig við lög. Gera verður sérstakt átak gegn brotum í veitingastarfsemi.

### 13. Samstarf ASÍ og SA

ASÍ og SA munu setja á fót sérstakan starfshóp sem ætlað er að fylgja eftir ofangreindum áhrslum.

f. h. A. S. F.  
Gísli Þ. Þorsteinsson  
Ingólfur R. Lyndmundaðóttir  
Hallgrímur Guðmundsson  
Kolbeinn Árnason  
Klaustur Guðmundsson  
Sigríður Þorsteinsdóttir  
Pjetur Steinarsson  
Þorsteinn Guðmundsson  
Dinkýora Guðmundsson  
Gísli Þorsteinsson  
Gísli Þorsteinsson  
Gísli Þorsteinsson

Þorsteinn Árnason  
Sigríður Þorsteinsdóttir  
Kolbeinn Árnason  
Vilhjálmur Guðmundsson  
Haraldur G. Sigurðsson

20.06.2006

## Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar

### til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulíffsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga

Ríkisstjórnin tekur undir þau markmið sem Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulíffsins hafa sett sér um hjöðnun verðbólgu á árinu 2007 og mun hafa náði samstarf við aðila til að tryggja þær efnahagslegu forsendur sem liggja til grundvallar samkomulagi þeirra, sérstaklega hvað varðar þróun verðlags. Í þessu skyni lýsir ríkisstjórnin sig reiðubúna til samstarfs um eftirfarandi aðgerðir til að stuðla að áframhaldandi stöðugleika á vinnumarkaði:

1. Persónuafsláttur einstaklinga hækki úr 29.029 krónum í 32.150 krónur um næstu áramót. Með þessari hækkun og lækkun tekjuskatts hækka skattleysismörk einstaklinga úr 79 þús.kr. í 90 þús.kr. á mánuði, eða um 14%. Ríkisstjórnin mun jafnframt beita sér fyrir því að persónuafsláttur verði endurskoðaður árlega, í fyrsta sinn frá 1. janúar 2008, og breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluvérs næstliðna tólf mánuði.
2. Ríkisstjórnin lýsir sig reiðubúna til að endurskoða ákvæði laga um vaxtabætur ef í ljós kemur við niðurstöðu álagningar í ágúst nk. að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hefur leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum.
3. Um næstu áramót verði teknar upp greiðslur barnabóta til 18 ára aldurs í stað 16 ára aldurs. Þessi breyting kemur til viðbótar við áður ákveðna 25% hækkun skerðingarmarka barnabóta og lækkun skerðingarhlutfalla.
4. Vegna ofangreindra breytinga mun ríkisstjórnin beita sér fyrir að tekjuskattur einstaklinga lækki um 1% um næstu áramót í stað 2% lækkunar sem áður var fyrirhuguð, þ.e. úr 23,75% í 22,75%.
5. Framlög til fullorðins- og starfsmenntamála verði aukin og kemur sú hækkun til framkvæmda á árinu 2007. Þessum fjármunum verður varið til námskeiðahalds og endurmenntunar einstaklinga á vinnumarkaði sem leggja stund á nám sem byggir á námskrám sem Fræðslumiðstöð atvinnulíffsins hefur vottað og menntamálaráðuneytið staðfest, til að efla náms- og starfsráðgjöf og raunfærismat í samvinnu við fræðslumiðstöðvar iðnaðarins fyrir launamenn sem hafa lokið hluta náms á skipulögðum starfsmenntabrautum og til að efla starfsemi símenntunarmiðstöðvar ASI á höfuðborgarsvæðinu. Nánar verður kveðið á um þennan stuðning í viðauka við þjónustusamning sem í gildi er milli menntamálaráðuneytis og Fræðslumiðstöðvar atvinnulíffsins. Gert er ráð fyrir því að verja 120 m.kr. til framangreindra verkefna á ársgrundvelli til viðbótar því fé sem þegar er veitt í þessu skyni.
6. Ríkisstjórnin hefur áður ákveðið að efna til samstarfs stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins þar sem farið verði yfir málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, enda mikilvægt að fjölgun erlendra fyrirtækja og útlendinga raski ekki þeim reglum og samskiptahefðum sem hafa mótast á íslenskum vinnumarkaði. Tryggja ber að réttur sé ekki brotinn á launafólki og þau fyrirtæki sem hafa hér starfsemi virði lög og kjarasamninga. Unnið verði að því að setja ítarlegri reglur um



tilkynningaskyldu þjónustuveitenda sem koma með starfsmenn sína hingað til lands og hvernig bæta megi framkvæmdina innan stjórnkerfisins í því skyni að tryggja að útlendingar dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti. Ríkisstjórnin lýsir sig jafnframt reiðubúna til að taka upp samstarf við aðila vinnumarkaðarins um átak gegn svartri atvinnustarfsemi. Megináhersla verður lögð á átak gegn hvers kyns gervivertöku, t.d. í byggingariðnaði, þjónustutengdri mannvirkjagerð og veitingastarfsemi, aukði eftirlit með starfsemi og skattskilum erlendra þjónustuveitenda og starfsmanna þeirra og átak á sviði útboðsmála sem miði að því að koma í veg fyrir undirboð sem byggji á svonefndu kennitölflakki eða á því að starfskjör starfsmanna viðkomandi verktaka uppfylli ekki íslensk lög og kjarasamninga. Ríkisstjórnin lýsir því yfir að fyrirbyggjandi tillögur aðila vinnumarkaðarins um þessi efni verði hafðar til hliðsjónar við endurskoðun laga og reglugerða og að fjármögnun verði tryggð.

7. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að grunnfjárhæðir atvinnuleysisbóta hækki hinn 1. júlí 2006 um 15.000 krónur til samræmis við þær hækkanir sem felast í samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Jafnframt mun hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta hækka úr 180.000 krónum í 185.400 krónur. Tilhögun breytinga á fyrirkomulagi bótagreiðslna elli- og örorkulífeyrisþega er til umfjöllunar á öðrum vettvangi þar sem nánari útfærsla þessara mála verður ákveðin til samræmis við fyrrgreindar ákvarðanir.

Reykjavík, 22. júní 2006



## **Réttarstaða fatlaðra á vinnumarkaði - Sameiginleg yfirlýsing ASÍ og Hlutverks**

Sérstakur samstarfshópur ASÍ og Hlutverks - samtaka um vinnu og verkþjálfun var settur á laggirnar á árinu 1999. Á árinu 2004 var ákveðið að gera tilraun til þess að framkalla sameiginlega viljayfirlýsingu aðila um réttarstöðu fatlaðra á vinnustöðum fatlaðra en engar samræmdar reglur voru til þar um. Þessu starfi lauk með sameiginlegri yfirlýsingu aðila þann 4. maí 2006. Þar segir:

„Alþjóðsamband frjálsra verkalýðsfélaga (ICFTU) ákvað á heimsráðstefnu sinni í Miyazaki í Japan, dagana 5.-10. desember 2004, að vinna að fullri samlögun fatlaðra „að samfélaginu og vinnustöðum með því að stuðla að menntun, starfsþjálfun og endurhæfingu, berjast gegn öllum tegundum mismununar, aðlögun vinnustaða og umhverfis og samvinnu við stjórnvöld og atvinnurekendur.“

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Hlutverk - samtök um vinnu og verkþjálfun, sem eru heildarsamtök vinnu- og hæfingarstaða fatlaðra, deila þessu viðhorfi og hafa átt samvinnu vegna réttarstöðu fatlaðra starfsmanna á vinnustöðum fatlaðra. Í niðurstöðum könnunar sem ASÍ og Hlutverk gerðu fyrir skömmu kemur fram, að á meirihluta vinnustaða fatlaðra njóta starfsmenn lágmarksréttinda skv. kjarasamningum og að þar eru laun greidd í hlutfalli við umsamda kaup-taxta miðað við metna vinnugetu starfsmanna.

Samtökin eru sammála um að það sé mannréttindamál að allir sem geta og vilja vinna eigi kost á atvinnu. Tryggja þarf að í samfélaginu séu til staðar úrræði fyrir þá sem þurfa stuðning við að komast í atvinnu og til að halda henni til frambúðar.

Samtökin telja mikilvægt að íslenskt samfélag geri sér grein fyrir þeim verðmætum sem fólgin eru í virkri þátttöku fatlaðra í atvinnulífinu. Fjöldi fatlaðra starfar á almennum vinnumarkaði, nýtur sömu kjara og annað launafólk og á aðild að verkalýðsfélögum og stofnunum þeirra, þ.m.t. lífeyrissjóðum.

Verkefni sambandsaðila Hlutverks er að þjálfa fólk til starfa á almennum vinnumarkaði og veita þeim atvinnu sem ekki eiga þess kost að starfa á almennum vinnumarkaði, eða eiga ekki afturkvæmt þangað.

Samtökin skora jafnframt á íslensk stjórnvöld að hrinda í framkvæmd tilskipunum Evrópusambandsins um bann við mismunun á vinnumarkaði hér á landi.

Alþýðusamband Íslands og Hlutverk eru sammála um að stuðla að því, að á öllum vinnustöðum fatlaðra séu réttindi skv. kjarasamningum virt. Meðal þessara réttinda eru:

- Að gerðir séu skriflegir ráðningar- og/eða þjónustusamningar við fatlaða starfsmenn.
- Að vinnugeta fatlaðra starfsmanna sé metin á hlutlægan og samræmdan

hátt og laun skv. kjarasamningum greidd eftir því.

- Að réttur sé til sumarorlofs á launum.
- Að greiddar séu desember- og orlofsuppbætur í sama hlutfalli og laun.
- Að yfirvinnuálag sé greitt þegar yfirvinna er unnin að loknum dagvinnutíma.
- Að réttur til greiðslu launa í forföllum vegna veikinda og slysa sem ekki er tengd fötlun viðkomandi sé virtur.
- Að allir fatlaðir starfsmenn njóti slysaftryggingar eins og annað starfsfólk við störf sín, á leið til og frá vinnu og í frítíma.
- Að fatlaðir starfsmenn njóti samningsbundins uppsagnarfrests frá störfum
- Að fatlaðir starfsmenn eigi aðild að viðeigandi stéttarfélögum og sjóðum á grundvelli gildandi kjarasamninga og laga.

Samtökin beina því jafnframt til allra sem ekki hafa nú þegar í gildi samninga um kjör sem samræmast ofanrituðu, að gera nauðsynlegar breytingar og hrinda þeim í framkvæmd eigi síðar en 1. september 2006.

### **Kjarasamningur um fjarvinnu**

Þann 5. maí 2006 undirrituðu ASÍ og SA kjarasamning um gildistöku Evrópu-kjarasamnings um fjarvinnu sem varðar kjör fjarvinnustarfsmanna og tryggir lágmarksinnihald og grundvöll frekari samninga aðila vinnumarkaðarins um það efni. Í honum er m.a. fjallað um skilgreiningu hugtaksins „fjarvinna“, hvernig henni verður komið á eða hún tekin af, um ráðningarkjör fjarvinnustarfsmanna, verndun rafræna gagna og einkalífs, um þann búnað sem nota skal, aðbúnað, hollustuhætti, skipulag vinnunnar og þjálfun starfsmanna. Meginreglur Evrópukjarasamningsins eru nokkuð skýrar og endurspeglar íslenski samningurinn hann. Í honum er m.a. fjallað um að fjarvinna sé frjálst og afturkallanlegt val ef hún er ekki hluti upphaflegrar starfslýsingar, að um hana skuli gera skriflega ráðningarsamninga eða skriflega staðfestingu. Tekið er fram að fjarvinnustarfsmenn skuli njóta sömu starfskjara og sambærilegir starfsmenn í starfsstöð atvinnurekanda og að atvinnurekandi beri allan kostnað af framkvæmd vinnunnar. Samningur ASÍ og SA er hugsaður sem rammisamningur til frekari útfærslu í samræmi við þarfir fyrirtækja og starfsmanna. Sú útfærsla getur átt sér stað í ráðningarsamningum og eftir atvikum í kjarasamningum aðila. Samningurinn er jafnframt merkilegt skref í átt að samræmdum Evrópskum kjarasamningum og undirstrikar einnig hlutverk og stöðu samtaka launafólks og atvinnurekanda innan stjórnerkis Evrópusambandsins. Samningurinn er svo hljóðandi:

## **Samkomulag**

### **Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands um fjarvinnu**

#### **1. Inngangur**

Samtök atvinnulífsins (SA) sem aðildarsamtök UNICE og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) sem aðildarsamtök ETUC eru aðilar að rammasamningi ETUC og EROCADRES/CEC annars vegar og UNICE/UEAPME og CEEP hins vegar um fjarvinnu frá 16. júlí 2002.

Samkvæmt rammasamningnum skulu aðildarsamtökin innleiða hann í samræmi við reglur og venjur sem fylgt er í samskiptum vinnuveitenda og launafólks í viðkomandi aðildarríkjum ESB og EES. SA og ASÍ hafa orðið sammála um að innleiða rammasamninginn með kjarasamningi þessum.

Til grundvallar rammasamningnum liggur að aðilar vinnumarkaðarins líta á fjarvinnu sem leið til að nútímavæða skipulag vinnunnar, samræma atvinnuþátttöku og einkalíf og veita starfsmönnum meira sjálfræði við framkvæmd verkefna sinna. Nýta beri á sem bestan hátt þau tækifæri sem upplýsingatæknin gefur og að saman fari sveigjanleiki í skipulagi vinnunnar og öryggi launafólks samhliða aukinni framleiðni og samkeppnishæfni fyrirtækja.

SA og ASÍ eru sammála um að samningur þessi skuli vera leiðsögn þegar samið er um fjarvinnu á íslenskum vinnumarkaði og við framkvæmd hennar, þó þannig að tekið sé tillit til ólíkra aðstæðna í mismunandi atvinnugreinum, starfsgreinum og fyrirtækjum.

#### **2. Skilgreining og gildissvið**

Fjarvinna er form hvað varðar skipulag og/eða framkvæmd vinnu með notkun upplýsingatækni innan ramma ráðningarsamnings eða í ráðningarsambandi þar sem vinna sem einnig væri hægt að inna af hendi í starfsstöð vinnuveitanda er unnin reglulega utan þeirrar starfsstöðvar.

Samningur þessi tekur til fjarvinnustarfsmanna.

Fjarvinnustarfsmaður er hver sá sem vinnur fjarvinnu eins og hún er skilgreind hér að ofan.

#### **3. Frjálst val**

Fjarvinna byggir á frjálsum vali viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda. Fjarvinna getur verið hluti upphaflegrar starfslýsingar eða hafa komist á sem óþvingað val aðila síðar.

Vinnuveitanda ber að gefa fjarvinnustarfsmanni skriflega viðeigandi upplýsingar, sbr. samkomulag SA og ASÍ frá 10. apríl 1996 um skyldu vinnuveitanda að ganga frá skriflegum ráðningarsamningum eða skriflegri staðfestingu ráðningar við starfsmenn, þar á meðal um viðeigandi kjarasamninga, lýsingu á þeirri vinnu sem inna skal af hendi o.s.frv. Sérstaða fjarvinnu krefst að jafnaði skriflegra viðbótarupplýsinga um atriði eins og hvaða deild fyrirtækisins fjarvinnustarfsmaður er tengdur, hver sé næsti yfirmaður hans/hennar eða aðrir sem hann eða hún getur snúið sér til með spurningar er varða starfið eða persónuleg mál, fyrirkomulag við skýrslugjöf o.fl.

Sé fjarvinna ekki hluti upphaflegrar starfslýsingar og vinnuveitandi býður fjarvinnu, getur launamaður tekið því tilboði eða hafnað því. Láti launamaður í ljós ósk til þess að taka upp fjarvinnu getur vinnuveitandi orðið við eða hafnað þeirri ósk.

Upptaka fjarvinnu hefur engin áhrif á stöðu fjarvinnustarfsmannsins sem launamanns. Höfnun starfsmanns á tilboði um fjarvinnu, er sem slík ekki gild ástæða fyrir uppsögn eða breytingum á ráðningarkjörum.

Sé fjarvinna ekki hluti upphaflegrar starfslýsingar er ákvörðun um að hefja fjarvinnu afturkallanleg samkvæmt ráðningarsamningi og/eða kjarasamningi. Afturköllun getur fallið í sér að horfið sé til starfs í starfsstöð vinnuveitanda að ósk starfsmanns eða vinnuveitanda. Nánari útfærsla byggir á ráðningarsamningi og/eða kjarasamningi.

#### **4. Ráðningarkjör**

Fjarvinnustarfmenn skulu njóta sömu réttinda og sambærilegum starfsmönnum í starfsstöð vinnuveitanda eru tryggð samkvæmt lögum og kjarasamningum. Hins vegar kann, til að taka tillit til sérstöðu fjarvinnunnar, að vera nauðsynlegt að gera viðbótar kjara- og/eða einstaklingsbundna samninga.

#### **5. Vernd gagna**

Vinnuveitandi ber ábyrgð á því, einkanlega að því er varðar hugbúnað, að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir, til þess að tryggja vernd þeirra gagna sem fjarvinnustarfsmaðurinn notar og vinnur með í starfi sínu.

Vinnuveitandi upplýsir fjarvinnustarfsmann bæði um lagareglur sem máli skipta og reglur fyrirtækisins varðandi verndun gagna.

Það er á ábyrgð fjarvinnustarfsmannsins að fara eftir þessum reglum.

Vinnuveitandi upplýsir fjarvinnustarfsmann sérstaklega um:

- allar takmarkanir á notkun upplýsingatæknibúnaðar eða verkfæra eins og internetsins,
- viðurlög ef ekki er eftir þeim farið.

#### **6. Einkalíf**

Vinnuveitandi virðir einkalíf fjarvinnustarfsmanns.

Sé komið fyrir einhverskonar eftirlitskerfi þá skal þess gætt að það sé í hlutfalli við markmiðið og tekið upp í samræmi við reglur Vinnueftirlits um skjávinna.

#### **7. Búnaður**

Öll álitaefni er varða búnað, ábyrgð og kostnað skulu skilgreind á skýran hátt áður en fjarvinna hefst.

Meginreglan er sú, að vinnuveitanda ber að útvega, tengja og halda við þeim búnaði sem nauðsynlegur er við reglulega fjarvinnu nema fjarvinnustarfsmaður noti sinn eigin búnað.

Sé fjarvinna innt reglulega af hendi, bætir eða greiðir vinnuveitandi beinan kostnað sem stafar af vinnunni, sérstaklega hvað varðar kostnað við samskipti.

Vinnuveitandi sér fjarvinnustarfsmanni fyrir viðeigandi möguleika á tæknilegri aðstoð.

Vinnuveitandi ber í samræmi við landslög og kjarasamninga ábyrgð á kostnaði vegna taps og skemmda á búnaði og gögnum sem fjarvinnustarfsmaður notar.

Fjarvinnustarfsmaður fer vel með þann búnað sem honum er séð fyrir og safnar hvorki né dreifir ólöglegu efni um internetið.

### **8. Aðbúnaður og hollustuhættir**

Vinnuveitandi ber ábyrgð á heilbrigði og öryggi fjarvinnustarfsmanns vegna vinnunnar í samræmi við löggjöf og kjarasamninga.

Vinnuveitandi upplýsir fjarvinnustarfsmann um stefnu fyrirtækisins í heilbrigðis- og öryggismálum vegna vinnunnar sérstaklega hvað varðar skjávinnu. Fjarvinnustarfsmaður fer með réttum hætti eftir þessari stefnu.

Til þess að staðfesta að viðeigandi reglum um heilbrigði og öryggi sé fylgt hafa vinnuveitandi, trúnaðarmenn og/eða viðeigandi yfirvöld aðgang að þeim stað þar sem fjarvinna fer fram, með þeim takmörkum sem lög og kjarasamningar geyma. Vinni fjarvinnustarfsmaður á heimili sínu er slíkur aðgangur háður fyrirfram tilkynningu og samþykki hans/hennar. Fjarvinnustarfsmaður getur og óskað eftir eftirlitsheimssókn.

### **9. Skipulag vinnunnar**

Innan ramma laga, kjarasamninga og reglna fyrirtækisins skipuleggur fjarvinnustarfsmaður sjálfur vinnutíma sinn.

Viðmið varðandi vinnuálag og kröfur til fjarvinnustarfsmanns eru þau sömu og fyrir sambærilega starfsmenn í starfsstöð vinnuveitanda.

Vinnuveitandi tryggir að gerðar séu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að fjarvinnustarfsmaður einangrist frá samfélagi við aðra starfsmenn í fyrirtækinu með því t.d. að gefa honum tækifæri til þess að hitta vinnufélaga með reglulegum hætti og eiga aðgang að þeim upplýsingum sem fyrirtækið veitir.

### **10. Þjálfun**

Fjarvinnustarfsmenn eiga sama aðgang að þjálfun og möguleikum til starfsframa eins og sambærilegir starfsmenn í starfsstöð vinnuveitanda og skulu háðir sömu stefnu hvað varðar mat á árangri í starfi og þessir starfsmenn.

Fjarvinnustarfsmenn hljóta viðeigandi þjálfun með tilliti til þess búnaðar sem þeir hafa til ráðstöfunar og sérkenna þessa forms á vinnuskipulagi. Yfirmaður fjarvinnustarfsmanns og beinir starfsfélagar hans geta jafnframt þurft þjálfun vegna þessa vinnuforms og stjórnunar þess.

### **11. Kjarasamningsbundin réttindi**

Fjarvinnustarfsmenn njóta sömu réttinda og starfsmenn í starfsstöð vinnuveitanda. Engar hömlur eru lagðar á samskipti þeirra við trúnaðarmenn.

Sömu skilyrði gilda um þátttöku þeirra og framboð í kosningu í þeim stofnunum sem koma fram fyrir hönd starfsmanna. Fjarvinnustarfsmenn eru taldir með við útreikning og ákvörðun viðmiðunarmarka stofnana (ráða) sem koma fram fyrir hönd starfsmanna í samræmi við lög, kjarasamninga eða venju. Tilgreina skal í upphafi hvaða einingu innan fyrirtækis launamaður tengist til að hann geti notið kjarasamningsbundinna réttinda sinna.

Trúnaðarmönnum skulu veittar upplýsingar og við þá haft samráð í samræmi við lög, kjarasamninga og venju þegar fjarvinna er tekin upp.

## 12. Samráðsnefnd

Samráðsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum samningsaðila skal fjalla um framkvæmd samningsins svo og útfærslu og túlkun einstakra ákvæða eftir því sem þurfa þykir.


Komi upp ágreiningur um túlkun samningsins er viðkomandi aðilum heimilt að vísa honum til nefndarinnar sem skal þá leitast við að ná sáttum.

Samningur þennan skal eftir því sem við á túlka í samræmi við rammasamninginn.

### Gildistími o.fl.

Samningur þessi tekur gildi 1. júní 2006.

Reykjavík, 5. maí 2006





*Atvinnuástandið hefur verið gott og skráð atvinnuleysi ekki jafn lítið frá því haustið 2001.*

## **Atvinnumál**

### *Atvinnuástandið*

Ástand á vinnumarkaði er tiltölulega gott um þessar mundir og hefur skráð atvinnuleysi ekki verið jafn lítið síðan haustið 2001. Líklegt er þó að framundan sé einhver samdráttur í framboði á störfum, bæði vegna minni umsvifa yfir veturinn og eins vegna aðlögunar hagkerfisins eftir mikla þenslu undanfarin ár.


Líkt og í fyrrahaust hefur gengið erfiðlega að manna ýmis umönnunarstörf. Þetta á sérstaklega við um Landspítala-háskólasjúkrahús þar sem erfiðlega hefur gengið að ráða hjúkrunarfræðinga til starfa. Staðan á leikskólunum virðist heldur betri en í fyrra. Í verslunargeiranum hafa sum fyrirtæki brugðið á það ráð að bjóða starfsmönnum þóknun, allt að 100 þús. kr., fyrir að finna nýja starfsmenn. Svo virðist sem ekki sé mikið verið að ráða í ný störf í byggingariðnaði og líklegt er að eitthvað fari að draga úr framkvæmdum á næstunni.

Í tengslum við brottför bandaríska hersins frá Keflavíkurflugvelli í haust var tæplega 600 starfsmönnum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli sagt upp störfum í mars sl. frá og með 30. september. Margir þeirra sem sagt var upp eru



félagar í Verslunarmannafélagi Suðurnesja eða Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur. Á vegum stéttarfélaganna og Reykjanesbæjar var strax sett á laggirnar þjónustumiðstöð til að aðstoða þá sem stóðu frammi fyrir því að missa vinnuna og aðstoða þá við atvinnuleit, endurmenntun o.fl.

Fjöldi atvinnulausra í lok mánaðar, ágúst 2005 til ágúst 2006



Samkvæmt upplýsingum frá Vinnuáætlun var atvinnuleysi í ágúst 1,2%. Þetta er heldur lægra hlutfall en í júlí en þá hafði það aukist örlítið frá því í júní. Aukið atvinnuleysi í júlí skýrist að hluta til af ofmati í kjölfar breytinga á verklagi með tilkomu nýrra laga um atvinnuleysistryggingar. Atvinnuleysi nú er mun lægra en á sama tíma í fyrra þegar það mældist 1,8%. Fjöldi skráðra atvinnulausra í lok ágúst var 1.945. Þeim fækkaði um 509 milli mánaða og um 814 milli ára. Atvinnuleysi minnkar bæði meðal karla og kvenna á höfuðborgarsvæðinu en hefur lítið breyst á landsbyggðinni síðustu 3 mánuði. Fjöldi nýrra tímabundinna atvinnuleyfa og skráninga starfsmanna frá nýjum aðildarríkjum ESB var 248 í ágúst. Þeim fækkaði um 52 milli mánaða og um 86 milli ára.

Samkvæmt upplýsingum úr vinnuáætlun Hagstofu Íslands var fjöldi á vinnuáætlun 178.700 manns á öðrum ársfjórðungi 2006 og fjölgaði um 9.800 milli ára. Þetta jafngildir því að atvinnuáætlun sé nú 85,1% (83,5% í fyrra). Atvinnuáætlun karla er 89,8% (88,0%) en kvenna 80,1% (78,9%). Fjöldi þeirra sem var á vinnuáætlun en hafði ekki starf var 7.200 manns eða 4% vinnuáflsins (samanborið við um 2,2% skráð atvinnuleysi á sama tíma). Atvinnuleysi mældist 3,9% hjá körlum en 4,1% hjá konum. Þegar lítið er til aldurs var atvinnuleysið mest meðal fólks á aldrinum 16-24 ára, eða 12,7%. Fjöldi þeirra sem var á vinnuáætlun og hafði starf var 171.600 manns og fjölgaði um 7.800 milli ára. Starfandi erlendir ríkisborgarar árið 2005 voru 9.010 eða um 5,5% af heildarfjölda starfandi.

Atvinnupáttaka, atvinnuleysi og fjöldi starfandi					
		03-2. ársfj.	04-2. ársfj.	05-2. ársfj.	06-2. ársfj.
Atvinnupáttaka	Hlutfallstölur	84,1	82,6	83,5	85,1
Atvinnuleysi	Hlutfallstölur	4,1	4	3	4
Vinnuafli	Áætlaður fjöldi	166.600	164.600	168.900	178.700
Starfandi	Áætlaður fjöldi	159.800	158.000	163.800	171.600
Atvinnulausir	Áætlaður fjöldi	6.800	6.600	5.000	7.200
Heildarvinnutími	Klukkustundir	41,9	42,2	43,1	42,1

Heimild: Hagstofa Íslands

## Grunngerð atvinnulífsins

Áliðnaður vex hratt á Íslandi um þessar mundir. Á þessu ári verða gangsett- ar stækkanir Norðuráls á Grundartanga. Á næsta ári verður svo Fjarðarál á Reyðarfirði gangsett. En þar með er ekki öll sagan sögð því í byrjun ársins komu fram í dagsljósið áform um stækkun /byggingu þriggja annarra álvera, stækkun álvers Alcans í Straumsvík, uppbygging nýs álvers Alcoa við Bakka og Norðuráls í Helguvík. Ef af öllum þessum framkvæmdum verður mun álframleiðslan nærri þrefaldast frá því sem nú er árið 2008 og nærri sexfaldast árið 2015. Álframleiðsla á Íslandi gæti þá numið 3,5-4% af heimsframleiðsl- unni. Þessi uppbygging myndi gerast í tveimur álfka stórum áföngum: Fyrri áfanga (sem er að mestu lokið) 2001-2007; og seinni áfanga 2007-2015. Það hafa löngum verið skiptar skoðanir um stóriðju á Íslandi. Einkum hefur verið tekist á um eignahald og orkuverð. Í tengslum við þær framkvæmdir sem nú standa yfir hefur einnig verið tekist á um umhverfismál og hliðaráhrif á aðrar atvinnugreinar.

Ríkisstjórnin hyggst verja innlendum hluta greiðslunnar fyrir Landssíma Íslands hf. í ýmiss innlend stórverkefni sem falla að mestu til á árunum 2007-2012. Þannig verður 15 milljörðum kr. varið á árunum 2007-2010 til fram- kvæmda í vegamálum, m.a. til byggingar Sundabrautar, fyrst yfir í Grafarvog og síðan með tilstilli einkaframkvæmdar um Álfsnes upp á Kjalarnes. Einnig verður að mestu lokið við tvöföldun Reykjanesbrautar. Þá verður 2,5 millj- örðum kr. varið til uppbyggingar fjarskiptaþjónustu í samræmi við gildandi fjarskiptaáætlun. Með þessu verður unnt að ljúka farsímavæðingu á þjóðvegi eitt og efla aðgang landsbyggðarinnar að háhraðatengingum. Loks verður um 18 milljörðum kr. varið til uppbyggingar sjúkrahúss á Landsspítalalóðinni á árunum 2008-2012. Með þessu framlagi er talið unnt að ljúka skipulagsvinnu og undirbúningi svæðisins, byggja aðstöðu fyrir slysa- og bráðþjónustu og koma upp aðstöðu fyrir rannsóknarstarfsemi.

Hinn 21. maí 2006 undirrituðu fulltrúar verktakafyrirtækjanna Háfells og Metrostav annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar samning um vegteng- ingu milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, svokölluð Héðinsfjarðargöng. Um er að ræða mestu framkvæmd sem Vegagerðin hefði samið um en samningsupp-

hæðin er um 6 milljarðar kr. Göngin sjálf verða samtals 10,3 km. löng. Með þessu verður leiðin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar alls um 15 km. löng – en leiðin sem nú er gjarnan farin um Lágheiði er 62 km. Verkaskipting milli Háfells og Metrostav verður með þeim hætti að tékkneska fyrirtækið sér um borun og sprengingar en Háfell um aðra þætti verkefnisins. Talið er að um og yfir 35 starfsmenn vinni við verkefnið þegar mest lætur. Framkvæmdir hófust í sumar og sprengingar í september. Verkinu á að vera lokið 10. desember 2009.

### **Nýsköpun atvinnulífsins**

OECD hefur hrundið af stað herferð í kortlagningu nýsköpunaraðgerða meðal aðildarlanda. Ísland var fyrsta landið sem var skoðað og var sendinefnd á vegum OECD stödd hér á landi í ársbyrjun 2005. Meðal helstu mála sem skoðuð voru má nefna: nýsköpunarkerfið í landinu almennt, forsendur vísinda og tæknistarfsemi, rannsóknir, þróun og nýsköpun í atvinnulífinu, tengsl á milli fyrirtækja, opinberra stofnana og háskóla um þekkingarsköpun, málefni mannauðs við vísindi og tækni og stjórnun nýsköpunarmála. Skýrsluhöfundar komust að þeirri niðurstöðu að árangur á sviði nýsköpunarmála hér á landi hafi batnað mikið á síðustu árum og að aðgerðir á sviði nýsköpunar muni halda áfram að þróast og vaxa. Bent er á að Íslendingar, sem og aðrir, standi frammi fyrir þörfinni á að auka möguleika og sveigjanleika atvinnulífsins, að koma á hentugu umhverfi fyrir frumkvöðla og að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum að hagnýta fyrirbyggjandi þekkingu. Þá er bent á mikilvægi hnattvæðingar á sviðum menntamála, rannsókna og nýsköpunar.

Vísinda- og tækniráð samþykkti nýja vísinda- og tæknistefnu til ársins 2009 á fundi sínum 1. júní. Undanfarin þrjú ár hefur Vísinda- og tækniráð lagt mesta áherslu á innviði og skipulagsmál rannsóknarstarfseminnar í landinu, eflingu háskólanna sem rannsóknarstofnana og eflingu samkeppnissjóða og samstillingu í starfsháttum þeirra. Árangur starfsins birtist m.a. í tvöföldun ráðstöfunarfjár samkeppnissjóða og umfangsmikilli nýsköpun í skipan rannsóknarstofnana og háskóla. Áfram verður haldið á þessari braut en í nýsamþykktri vísinda- og tæknistefnu beinist athyglin að fleiri þáttum þjóðlífsins. Undirstrikuð er staða Íslands í alþjóðlegu samhengi og sjónum beint að því að tryggja heildarsamhengi og gæði menntunar og rannsókna hjá stofnunum, fyrirtækjum og háskólum. Alþýðusambandið á fulltrúa í ráðinu og lögðu þeir sérstaka áherslu á atriði í stefnunni sem lúta að betri nýtingu opinbers fjármagns til rannsókna, uppbyggingu símenntunarkerfis og ábyrgð stjórnvalda að skapa stöðug skilyrði fyrir sprotafyrirtæki. (Sjá nánar um aðkomu ASÍ að Vísinda- og tækniráði í umfjöllun um annað starf að atvinnumálum).

Meðal þess sem Vísinda- og tækniráð hefur lagt áherslu á er sameining

opinberra rannsóknastofnana. Þessi áhersla ráðsins leiddi til þess að hafist var handa við undirbúning að sameiningu opinberra stofnana á sviði iðnaðar-rannsókna (Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins). Niðurstaðan varð sú að á vorþingi 2006 lögðu stjórnvöld fram fjögur tengd lagafrumvörp sem saman fela í sér tilraun til að endurnýja stuðningsumhverfi nýsköpunar í landinu.

Mest umtal fékk það frumvarp sem fjallaði um stofnun svokallaðrar „Nýsköpunarmiðstöðvar“. Í því var lagt til að Iðntæknistofnun, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og sá hluti Bygðastofnunar sem ekki fæst við fjármögnunarstarfsemi yrðu sameinaðar í eina stofnun – Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Hugmyndin var að hin nýja stofnun myndi heyra undir Iðnaðarráðherra sem skipaði henni forstjóra til fimm ára í senn. Forstjórinn færi með stjórn stofnunarinnar og daglegan rekstur. Innan Nýsköpunarmiðstöðvarinnar skyldu stundaðar tæknirannsóknir svo og rannsóknir á atvinnu- og byggðapróun. Innan hennar átti einnig að byggja upp þjónustumiðstöð. Þá var gert ráð fyrir að Nýsköpunarmiðstöð hýsti þrjá fjármögnunarsjóði: Bygðasjóð; Tryggingasjóð útflutnings; og Tækniþróunarsjóð.

Frumvarpið mætti talsverðri andstöðu í samfélaginu, m.a. frá Alþýðusambandinu. Það sem aðallega sætti gagnrýni var fyrirhuguð sameining Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins við óskylda starfsemi Bygðastofnunar. Andstaðan við frumvarpið leiddi til þess að það var dregið til baka en verður væntanlega lagt fram í nýrri mynd á haustþingi 2006. (Sjá nánar um aðkomu ASÍ að frumvarpi um Nýsköpunarmiðstöð í kafla um umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur).

### **Atvinnugreinar /byggðamál**

Þróun í landbúnaði hefur um margt verið jákvæð, mikil hagræðing hefur átt sér stað og sala á mjólkurvörum og lambakjöti hefur aukist verulega. Samt sem áður hafa komið fram vísbendingar um að hagræðing í greininni skili sér fremur hægt til neytenda. Í lok árs 2005 birtist t.d. skýrsla norrænna samkeppniseftirlita og sýndi að hvergi í Evrópu væri matvöruverð hærra en á Íslandi og í Noregi. Hluti skýringanna á þessu var rakin til innflutningshamla á búvörum. Meðal annars af þessum sökum skipaði forsætisráðherra svokallaða „matvæla-verðsnefnd“ í upphafi árs 2006 til að finna orsakir háss matvæla-verði á Íslandi og setja fram tillögur um hvernig megi færa það nær því sem gengur og gerist í helstu nágrannaríkjunum.

Í nefndinni sátu fulltrúar helstu hagsmunaaðila, þar á meðal fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands. Nefndarmenn náðu ekki samkomulagi um tillögur en formaður nefndarinnar skilaði sinni eigin skýrslu til forsætisráðherra þar sem hann gerir grein fyrir ástæðum háss matvæla-verðs og mati á áhrifum af

mögulegum aðgerðum til lækunar þess. Í skýrslunni kemur m.a. fram að með breytingum á núverandi stuðningskerfi í landbúnaði (ásamt ýmsum öðrum breytingum á tollum, vörugjöldum og virðisaukaskatti af matvælum) væri hægt að ná matvælavæðingunni hér á landi niður á sambærilegt stig og í nágrannalöndunum.

Í framhaldi af útkomu skýrslunnar lagði ASÍ til að tekin yrðu ákveðin skref í lækun verndartolla en stuðningi við landbúnað komið fyrir með öðrum og skilvirkari hætti, t.d. í formi beinna greiðslna. Þannig væri hægt að lækka matvælavæðingunni verulega nú þegar en um leið gefa bændum og launafólki í störfum tengdum landbúnaði eðlilegt svigrúm til að laga sig að þeim breyttu aðstæðum sem felast í virkara samkeppnisumhverfi. Í þessari tillögu fólust engir úrslitakostir heldur fyrst og fremst ákall um að allir hlutaðeigandi aðilar tækju höndum saman um að móta samhljóma tillögur er hnigu í þessa átt.

Ástand rækjustofna hefur verið lélegt að undanfögnu. Verulegur aflabrestur hefur orðið í úthafsækjuveiðum og innfjarðarækjuveiði er nú engin. Þetta hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir rækjuveiðina. Í ársbyrjun 2005 voru ellefu rækjuverksmiðjur starfandi á Íslandi en í árslok 2005 voru þær átta. Á sama tíma fækkaði störfum í rækjuvinnslu úr 450 í um 220. Þessi fækkun starfa skapar vandamál í smærri byggðarlögum sem treysta á þennan iðnað. Mest voru áhrifin í Súðavík, þar sem 30% starfa í byrjun árs 2005 voru í rækjuveiðnaði en í lok ársins voru þau engin vegna lokunar rækjuverksmiðja. Í Stykkishólmi voru um 7% starfa í rækjuveiðnaði í byrjun árs 2005 en í lok ársins voru þau engin.

Í mati Bygðastofnunar á framvindu byggðaáætlunar 2002-2005 kemur m.a. fram að markmið hafi um margt verið skýrari nú en í fyrri áætlunum. Hins vegar hafi skort á að þeim hafi verið fylgt nægjanlega vel eftir. Bent er á að aðgerðir í byggðamálum hafi ekki skilað nægum árangri á nokkrum landssvæðum, svo sem eins og á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, norðausturhorninu og sunnanverðum Austfjörðum. Sagt er að við þessu þurfi að bregðast en það hafi að nokkru leyti verið gert, t.d. með gerð vaxtarsamnings fyrir Vestfirði. Einnig sé unnið að slíkum samningum fyrir Suðurland og Vestmannaeyjar.

Á vörþingi 2006 ályktaði Alþingi um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009. Samkvæmt henni skulu stjórnvöld hafa þrjú meginmarkmið að leiðarljósi: Í fyrsta lagi að stórefla menntun á landsbyggðinni; í öðru lagi að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni og í þriðja lagi að efla Bygðastofnun og gera henni kleift með framlögum á fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála. (Sjá nánar um aðkomu ASÍ að hinni nýju byggðaáætlun í kafla um umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur)

## **Atvinnumálanefnd ASÍ**

Atvinnumálanefnd ASÍ er vettvangur umfjöllunar um atvinnumál innan sambandsins. Alls hefur nefndin hist sjö sinnum frá því á síðasta ársfundi. Í starfi sínu byggði nefndin á þeirri stefnu sem ASÍ hefur mótað í atvinnumálum síðustu misseri, Framtíð fyrir alla. Á síðasta ári var megináhersla lögð á að móta atvinnustefnu með skýra sýn á grunngerð atvinnulífsins, rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun svo og á einstakar rótgrónar atvinnugreinar eins og landbúnað og sjávarútveg.

Á miðstjórnarfundi 8. mars 2006 kynnti formaður Atvinnumálanefndar frumdrög að endurskoðaðri atvinnustefnu ASÍ. Á fundi miðstjórnar 5. apríl voru drögin rædd enn frekar. Á þessum fundum komu fram margvíslegar ábendingar um það sem betur mætti fara. Atvinnumálanefnd hefur farið yfir þessar ábendingar og falið formanni og starfsmanni nefndarinnar að gera nauðsynlegar endurbætur og hugsanlega þróa til hliðar aðgengilegri útgáfu af stefnunni.

## **Annað starf að atvinnumálum**

Alþýðusambandið á tvo fulltrúa í Vísinda- og tækniráði. Í mars sl. var skipað í ráðið fyrir tímabilið 2006-2009. Aðalverkefni þess fyrstu mánuðina var að afgreiða stefnu ráðsins til ársins 2009. Ráðið fékk drög að slíkri stefnu frá eldra ráði en eftir var að samþykkja þau með formlegum hætti. Þau atríði í stefnunni sem fulltrúar ASÍ í ráðinu gerðu helst athugasemdir við og /eða lagt áherslu á voru eftirfarandi:

- Fjármagn sem ætlaðir eru til rannsókna hjá ríkisaðilum – t.d. innan háskóla- og heilbrigðiskerfisins – verði sameinað stærri samkeppnisjóðum til að hækka styrki, stækka verkefni og tryggja sambærilega faglega umfjöllun um umsóknir.
- Áherslur í menntamálum eru of „línulegar“, þ.e. þær gera ráð fyrir að menntakerfið sé bein braut sem hefjist í leikskóla og endi í háskóla. Nauðsynlegt er að flétta betur starfsmenntamál inn í stefnuna. Líta ber á menntakerfið sem einskona viskubrunn sem fólk á að geta sótt í hvenær sem er á lífsleiðinni.
- Heildstæð stefnumótun í nýsköpun gerir kröfu um öfluga samþættingu atvinnu-, efnahags- og félagsmála. Of lítil áhersla á efnahagsþáttinn getur leitt til þess að tíðar og kröftugar sveiflur í gengi þurrki út allan ávinning í atvinnuþróun jafnóðum. Of lítil áhersla á félagslega þáttinn getur leitt til þess að skortur á menntun við hæfi hamli atvinnuuppbyggingu.
- Hið opinbera rekur umfangsmikla gagnagrunna á ýmsum sviðum, t.d. um veðurfar og náttúru. Líta má á þessa gagnagrunna sem auðlind í sam-eiginlegri eigu íbúa landsins. Tryggja þarf sameignarréttinn í reynd með

eðlilegum reglum um aðgang og nýtingu gagna í grunnunum.  
Á fundi sínum 1. júní 2006 samþykkti Vísinda- og tækniráð vísinda- og tæknistefnu til ársins 2009 þar sem m.a. var tekið tillit til ofanefndra athugasemda.



*Börn á Íslandi búa við mjög misjafnar aðstæður; t.d. hvað varðar skólamáltíðir, tómstunda- og íþróttastarf, stuðning við nám og fleira.*

## Velferðarmál

### *Jöfnuður*

Tekjuskipting hér á landi virðist hafa breyst verulega á síðustu árum. Allt fram á miðjan síðasta áratug var Ísland á svipuðu róli í skiptingu tekna og hin Norðurlöndin. Margt bendir hins vegar til að árið 2004 hafi Ísland allt í einu verið komið í hóp með löndum þar sem skiptingin er hvað ójöfnust. Ýmsar vísbendingar hafa komið fram um þessa þróun upp á síðkastið, m.a. í nýlegri grein eftir Þorvald Gylfason prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands um þróun hins svokallaða Gini-stuðuls; í rannsóknum Stefáns Ólafssonar prófessors við félagsvísindadeild Háskóla Íslands á íslenska velferðarkerfinu; og í skýrslu Rauða krossins Hvar þrengir að? sem kom út í maí 2006.

Viðtekinn mælikvarði á jöfnuð í skiptingu tekna milli manna er hinn svokallaði Gini-stuðull, þeim mun hærri sem hann er þeim mun meiri er ójöfnuðurinn. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu og útreikn-



ingum Þorvaldar Gylfasonar prófessors virðist þessi stuðull hafa hækkað hér á landi að jafnaði um eitt stig á ári síðan 1995. Tíu stiga munur á Gini-stuðli milli landa svarar til munarins á jöfnuði í tekjuskiptingu í Noregi og Bretlandi. Það sem verið er að bera saman hér eru ráðstöfunartekjur hjóna og sambýlisfólks með fjármagnstekjum skv. skattframtali ásamt barna- og vaxtabótum að frádregnum tekju-, eignar- og fjármagnstekjuskatti, þ.e. jöfnunaráhrif skattlagningar og almannatrygginga eru tekin með í reikninginn. Þorvaldur bendir á að haldi Gini-stuðullinn hér heima áfram að hækka um heilt stig á hverju ári þá verði hann kominn upp fyrir Gini-stuðul Bandaríkjanna eftir ellefu ár. Þessi þróun er umhugsunarefni segir hann m.a. vegna þess, að nýjar rannsóknir hagfræðinga benda til þess, að ójöfnuður geti dregið úr hagvexti til langs tíma litið

Helstu orsakir aukins ójafnaðar í tekjuskiptingu á Vesturlöndum eru annars vegar markaðsöflin, sem nú leika óheftari en áður; hins vegar skatta- og velferðarstefna stjórnvalda, en sum þeirra hafa dregið úr jöfnunaráhrifum eða ekki vegið fyllilega á móti auknum ójafnaðaráhrifum markaðsaflanna. Samkvæmt rannsóknum Stefáns Ólafssonar prófessors virðast Íslendingar hafa gengið lengra en aðrar vestrænar þjóðir í að draga úr jöfnunaráhrifum skatta- og velferðarkerfisins. Í rannsóknum sínum hefur hann m.a. skipti þjóðinni í tíu flokka eftir tekjum og skoðað hvernig bilið á milli hæstu og lægstu tíundarinnar hefur þróast á árunum 1995-2004 fyrir og eftir skatt. Í ljós kom að bilið milli hæstu og lægstu tíundanna hafði aukist um 18% fyrir skatta. Að hans sögn endurspeglar það breytingar af völdum markaðarins, tekjubilið hefur verið að breikka. En þegar skoðuð er þróunin hjá þessum tveimur hópum eftir skatta kemur í ljós að bilið milli þeirra hafði vaxið um 40%. Þetta þýðir að breytingar á skattkerfinu, sem eru á ábyrgð stjórnvalda, höfðu aukið tekjubilið í þjóðfélaginu rúmlega helmingi meira en markaðurinn gerði fyrir skatt,“. Ríkisvaldið jók sem sé ójöfnuðinn meira en markaðurinn.

Í skýrslu Rauða Krossins „Hvar þrengir að?“ eru birtar niðurstöður könnunar um hvaða hópar standa verst í samfélaginu. Könnunin byggir m.a. á viðtölum við hátt í sextíu álitsgjafa sem starfa í nánum tengslum við bágstadda. Þeir sem virðast standa verst í samfélaginu eru: Láglaunafólk (einkum einstæðar mæður, einhleypir karlar og innflytjendur), bótaþegar (einkum öryrkjar, aldraðir og geðfatlaðir) og börn sem skortir tækifæri. Ástæðan fyrir slæmri stöðu þessara hópa er gjarnan samspil margra þátta: Fjárhagsleg fátækt, ójöfnuður og félagsleg einangrun. Leiðir til úrbóta sem eru nefndar eru m.a. hækkan launa /bóta, minni tekjutengingar, betri menntu /endurhæfing og niðurgreiðsla vegna barna.

Að mörgu leyti koma þessar niðurstöður heim og saman við sambærilegar kannanir sem gerðar hafa verið á síðustu árum. Það vekur þó athygli í þessari

könnun hve staða innflytjenda og barna virðist oft slæm. Þessir tveir hópar eru taldir „áhættuhópar framtíðarinnar“. Meðal sérstakra vandamála innflytjenda eru: Lág laun, slæm vinnuástaða og búsetuskilyrði, umkomuleysi gagnvart atvinnurekendum, félagsleg einangrun eiginkvenna íslenskra karla sem og aðlögun að tungumáli, menningu, reglum og venjum íslensks samfélags. Meðal sérstakra vandamála fátækra barna eru: Umhverfi viðvarandi fátæktar („þriðja kynslóðin“), skortur á tækifærum á við önnur börn (skólamáltíðir, tómstunda- og íþróttastarf, stuðningur við nám). Athyglisvert er að nokkur munur virðist vera á getu sveitarfélaga til að veita þeim sem verst standa eðlilega aðstoð.

### **Húsnæðismál**

Miklar sviptingar hafa verið á húsnæðismarkaði síðustu misseri. Fyrst bötnuðu lánskjör verulega, síðan hafa þau versnað aftur og húsnæði snarhækkað í verði. Þessar sviptingar hafa haft margvísleg áhrif á ráðstöfunartekjur fólks.

Síðari hluta árs 2004 jókst eftirspurn íbúðahúsnæðis hratt í kjölfar greiðari aðgangs almennings að lánsfé. Framboðið jókst hinsvegar ekki jafn hratt þannig að húsnæðisverð hækkaði gríðarlega mikið á stuttum tíma. Fasteignamat hækkaði þannig að meðaltali um 29% árið 2005.

Ákveðinn vendipunktur varð undir lok síðasta árs þegar aðgangur að fjármagni tók aftur að þrengjast. Þannig hækkuðu vextir Íbúðalánasjóðs úr 4,15% í október 2005 upp í 4,70% í júlí 2006 (þ.e. vextir án heimildar til uppgreiðslu nema gegn sérstakri þóknun). Sambærilegir vextir voru komnir í 4,85% hjá KB banka 4,95% hjá Landsbankanum 4,95% hjá SPRON og 5,00% hjá Glitni. Enn þrengdist aðgangur að fjármagni þegar breytingar á fyrirkomulagi útlána Íbúðalánasjóðs, í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að draga úr þenslu í þjóðfélaginu, tóku gildi hinn 1. júlí sl. Ákveðið var að lækka lánshlutfall sjóðsins tímabundið úr 90% í 80% og hámarkslán úr 18 milljónum króna í 17 milljónir. Í kjölfarið hefur dregið úr fjölda samninga á húsnæðismarkaði, raunvirði húsnæðis hefur heldur lækkað og velta dregist saman. Þessi þróun gæti haldið áfram enn um sinn, ekki síst í ljósi þess að gera má ráð fyrir að í ár verði byggðar yfir 4.000 íbúðir meðan aðeins er þörf fyrir um 3.000 íbúðir til að anna eftirspurn.

Áhrif sviptinganna á húsnæðismarkaði á ráðstöfunartekjur fólks eru ekki augljós þar sem vaxtabreytingar hafa ýmiss hliðaráhrif ekki bara á eftirspurn og verð heldur einnig á fasteignagjöld, vaxtabætur, verðbólgu og afborganir verðtryggðra lána. Heildaráhrifin hafa líklega verið einna óhagstæðust fyrir fólk sem var að koma inn á fasteignamarkaðinn í fyrsta skipti, þ.e. breytingarnar fólu í sér eignatilfærslu frá þessum hópi til þess hóps sem átti húsnæði fyrir. Þá er ljóst að mörg heimili í landinu sem nýlega hafa keypt sér sitt fyrsta

húsnæði gætu að óbreyttu staðið frammi fyrir því að tapa verulegum fjármunum vegna skerðinga vaxtabóta.

Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í júní sl. fór Alþýðusambandið þess á leit við ríkisstjórnina að viðmiðunarupphæðum í vaxtabótakerfinu yrði breytt til að taka mið af hækkun fasteignamatsins og féllst hún á að „ákvæði laga um vaxtabætur verða endurskoðuð ef í ljós kemur að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hafi leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum“.

Í byrjun árs 2006 ákvað ríkisstjórnin að efna til samráðs við valda hagsmunaaðila um hlutverk og aðkomu stjórnvalda að íbúðalánum. Í lok september var ljóst að ekki næðist sátt um málið. Stjórnvöld hafa samt ákveðið að hefja undirbúning lagabreytinga sem heimila Íbúðalánasjóði að setja á fót fjármögnunarkerfi á heildsölustigi.

### **Heilbrigðismál**

Í tengslum við fyrirhugaða byggingu á 40 milljarða króna hátækni sjúkrahúsi og úttekt Ríkisendurskoðunar á Landsspítala-háskólasjúkrahúsi hafa umræður um opinbera stefnumótun í heilbrigðismálum verið nokkuð áberandi síðustu misseri. Þá hefur umræða um hátt lyfjaverð einnig farið hátt.

Í lok árs 2005 kynnti Ríkisendurskoðun skýrsluna Landspítali-háskólasjúkrahús – Árangur 1999–2004. Í henni kemur fram að stjórnendum Landspítala-háskólasjúkrahúss gekk allvel að halda kostnaði við rekstur spítalans niðri á tímabilinu 1999–2004. Þá náðist ágætur árangur í að auka afköst hans og flytja þjónustu af legudeildum til dag- og göngudeilda. Samanburður við átta bresk sjúkrahús bendir einnig til þess að spítalinn standi sig ágætlega þegar horft er til afkasta og gæða. Það megi hins vegar telja bagalegt fyrir spítalann að íslensk stjórnvöld hafa enn ekki mótað heildstæða stefnu um verkaskiptingu innan heilbrigðiskerfisins. Þetta væri sérstaklega bagalegt þegar hafðar væru í huga viðamiklar breytingar á starfsemi sjúkrahúsa í landinu á undanförunum árum, svo sem efling dag- og göngudeilda á kostnað legudeilda.

Ein helsta gagnrýni Ríkisendurskoðunar er þannig stefnuleysi í heilbrigðismálum. Það stendur reyndar að einhverju leyti til bóta þar sem nefnd sem heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra skipaði í október 2003 hefur nýlega skilað frá sér drögum að frumvarpi þar sem lögð er til veruleg breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu. Fyrirhugað er að leggja frumvarpið fyrir Alþingi haustið 2006. (Sjá nánar um aðkomu ASÍ að starfi þessarar nefndar í kafla um umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur).

Til hliðar við þessa nefnd starfaði önnur nefnd sem hafði það hlutverk að endurskilgreininga verksvið innan heilbrigðisþjónustunnar. Sú nefnd kom reyndar víða við og hvatti m.a. til opinskárrar umræðu um hvernig bregðast skuli við vaxandi fjárförf vegna heilbrigðisþjónustu. Einn möguleiki sem var

reifaður var að leyfa einstaklingum að greiða aukagjald en sem almennum sjúklingshlut nemur, til að flýta þjónustu eða fá viðbótarþjónustu hjá þeim veitendum heilbrigðisþjónustu sem fá greiðslur að einhverju leyti frá opinberum aðilum. Þrátt fyrir að þetta væri aðeins nefnt sem möguleiki vakti þetta nokkuð hörð viðbrögð. Þótti sumum sem þetta gæti leitt til þess að til yrði tvöfalt heilbrigðiskerfi. Aðrir bentu á að nýta mætti aukagjöldin til að fjármagna umbætur á heilbrigðiskerfinu.

Samkvæmt samningum stjórnvalda, annars vegar við Félag íslenskra stórkaupmanna og Actavis og hins vegar við fulltrúa lyfjasmásala, á lyfjaverð í heilðsölu á Íslandi að vera orðið áþekkt og í Noregi, Danmörku og Svíþjóð frá og með september 2006 og lyfjaverð í smásölu áþekkt og í Danmörku og Finnlandi frá og með árslokum. Samkvæmt upplýsingum heilbrigðisráðuneytisins stefnir í að þetta markmið náist. Það veldur samt verulegum áhyggjum að þessir samningar virðast ekki duga til að tryggja Íslendingum lyf á sambærilegu verði og er algengt í nágrannalöndunum.

Könnunum verðlagseftirlits ASÍ á lyfjaverði í apótekum á höfuðborgarsvæðinu hafa t.d. gefið til kynna að samhliða því sem hámarks leyfileg álagning hafi lækkað hafi apótek dregið úr þeim afslætti sem þau veita af hluta sjúklings í lyfjaverðinu og þannig minnkað verulega ávinning neytenda af samkomulaginu sem gert var við lyfjasmásalana í fyrra. Kannanirnar hafa einnig sýnt fram á að mörg apótek hafa virt að vettugi þá skyldu sem á þeim hvílir að upplýsa viðskiptavinum um ódýrari samheitalyf.

Talsvert miklar umræður urðu um þessi mál sl. vor þegar fram komu upplýsingar sem gáfu til kynna að hlutfall frumlyfja sé óvenju hátt hér á landi miðað við nágrannalöndin og hlutfall ódýrra samheitalyfja að sama skapi lágt. Nefnd á vegum heilbrigðisráðuneytisins hefur verið að fara ofan í þessi mál og er að vænta niðurstaðna frá henni í haust. (Sjá nánar um aðkomu ASÍ að starfi nefndarinnar í umfjöllun um störf Velferðanefndar ASÍ).

## **Tryggingamál**

Nokkur þróun hefur átt sér stað í umhverfi tryggingamála síðustu misseri. Að verulegu leyti á hún sér rætur í endurskoðun kjarasamninga á almennum markaði, fyrst í nóvember 2005 og síðar í júní 2006. Miklar umræður urðu einnig um sjúkratryggingar almannatrygginga á árinu 2006.

Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í nóvember 2005 lýsti t.d. ríkisstjórnin yfir að hún væri reiðubúin til samstarfs við aðila vinnumarkaðarinnar um leiðir til að draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða og jafna stöðuna milli einstakra sjóða. Einnig féllst hún á að beita sér fyrir lagasetningu um breytingar á greiðslu atvinnuleysisbóta í samræmi við samkomulag ASÍ og SA. Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í júní 2006 lýsti ríkisstjórnin

svo yfir að grunnfjárhæðir atvinnuleysisbóta svo og greiðslur til aldraðra og öryrkja myndu hækka 1. júlí til samræmis við launahækkanir á almennum vinnumarkaði. (Sjá nánar um endurskoðun kjarasamninga í umfjöllun um kjara- og skattamál).

Annars voru málefni aldraðra í sérstakri skoðun í nefnd sem forsætisráðherra skipaði í upphafi árs 2006. Hinn 19. júlí skilaði hún af sér tillögum um aðgerðir ríkisvaldsins í málefnum aldraðra sem skyldu koma til framkvæmda næstu fjögur árin. Meginatriði tillagnanna felast í: Hækkun lífeyrisgreiðslna almannatrygginga; einföldun bótakerfisins með fækkun og sameiningu bótaflokka; lækkun skerðingar bóta vegna tekna maka; lækkun skerðingar bóta vegna annarra tekna bótaþega; að tekið verði upp frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega; að starfslok verði sveigjanleg þannig að lífeyrisgreiðslur hækki við frestun á töku lífeyris; að heimajónusta verði stórauðin og áhersla færð frá stofnanajónustu; að fjármagn sem nú gengur til reksturs stofnana úr Framkvæmdasjóði aldraðra gangi til uppbyggingar öldrunarstofnana. Ríkisstjórnin hefur þegar fjallað um framangreindar tillögur og samþykkt að beita sér fyrir framkvæmd þeirra.

Í febrúar var gerð opinber samantekt sem unnin var af yfirstjórn og sérfræðingum sjúkratryggingasviðs Tryggingastofnunar „Réttlátari notendagjöld í sjúkratryggingum á Íslandi“. Þar kemur m.a. fram að hér á landi mismuni sjúkratryggingar almannatrygginga fólki eftir aldri, heilsu, sjúkdómum og tekjum. Í samantektinni er bent á að nauðsynlegt sé að taka til gagnerrar endurskoðunar allt regluverk um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga með það að markmiði að einfalda reglur til að tryggja jöfnuð. Meðal tillagna sem eru reifaðar er að tekið verði upp „samræmt afsláttarkort sem gildi fyrir alla mála-flokka sjúkratrygginga.“ Með slíku fyrirkomulagi bæru einstaklingar ákveðna sjálfsábyrgð. Þegar hún væri greidd myndi þátttaka sjúkratrygginga aukast verulega. Í samantektinni er einnig bent á að það væri mun sanngjarnara að miða afsláttarkort við hlaupandi tólf mánaða tímabil í stað almanaksárs.

Umræður um sjúkratryggingar almannatrygginga vöknudu einnig í sambandi við uppsögn hjartalækna á samningi Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá og með 1. apríl sl. Að óbreyttu hefði þetta þýtt að sjúkratryggingaréttur almennings í viðskiptum við þessa sérfræðilækna hefði fallið úr gildi. Stjórnvöld gripu því til þess úrræðis að koma á svokölluðu „valfrjálsum endurgreiðslukerfi“. Þetta þýðir að til þess að sjúklingur fái endurgreiddan kostnað þarf hann nú fyrst að leita til heimilislæknis sem skoðar hann og vísar áfram til hjartalækna þegar það á við. Sjúklingur sem kys að láta ekki reyna á það hvort hann geti fengið úrlausn vanda síns hjá heimilislækni og notfærir sér þjónustu hjartalækna sem ekki

er á samningi greiðir sjálfur fyrir þjónustu hjartalæknisins og á ekki endurgreiðslurétt gagnvart Tryggingastofnun.

### ***Velferðarnefnd ASÍ***

Velferðarnefnd ASÍ er vettvangur umfjöllunar um velferðarmál innan sambandsins. Alls hefur nefndin hist sex sinnum frá því á síðasta ársfundi. Í starfi sínu byggði nefndin á þeirri stefnu sem ASÍ hefur mótað í velferðarmálum síðustu misseri, Velferð fyrir alla. Í ár var megináhersla lögð á að nefndin starfaði sem bakland fyrir fulltrúa ASÍ í tveimur opinberum nefndum: Nefnd um endurskoðun heilbrigðislaða og nefnd um mótun lyfjastefnu.

Nefndin sem fjallar um endurskoðun heilbrigðislaða skilaði frá sér drögum að lagafrumvarpi um heilbrigðisþjónustu hinn 2. febrúar sl. og er fyrirhugað að leggja það fyrir Alþingi haustið 2006. Á fundum sínum í byrjun árs 2006 fjallaði Velferðarnefnd ítarlega um frumvarpsdrögin. Hinn 22. febrúar sendi nefndin drögin ásamt athugasemdum til miðstjórnar til lokaafgreiðslu. (Sjá nánar um aðkomu ASÍ að starfi þessarar nefndar í kafla um umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur).

Hin nefndin, sú sem fjallar um mótun lyfjastefnu, situr enn að störfum en gert er ráð fyrir að hún skili af sér haustið 2006. Áherslur fulltrúa ASÍ hafa verið á eftirfarandi atriði: Að tekið verði upp lyfjakort sem tryggir að enginn greiði meira en ákveðið hámark á ári fyrir lyfseðilsskyld lyf; að reglur um greiðsluþátttöku verði gerðar réttlátari þannig að mismunandi greiðsluþátttaka sé ekki tilviljunarkennd heldur taki mið af málefnalegum og sanngjörnum sjónarmiðum; að skoðað verði hvort skortur sé á samkeppni á heilidsölu- og smásölustigi lyfja og þá hvernig hægt sé að bregðast við; að Ísland axli aukna ábyrgð í lyfjamálum á alþjóðavettvangi m.a. í ljósi útrásar íslenskra lyfjafyrirtækja.

Hinn 5. janúar 2006 stóð Velferðarnefnd fyrir fundi með Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur stjórnarsýslufræðingi um íslenska heilbrigðiskerfið. Á fundi hinn 17. maí 2006 skipaði Velferðarnefnd, að beiðni miðstjórnar, fulltrúa ASÍ á ársfund Öldrunarráðs Íslands. Á fundi hinn 19. júní 2006 var rætt um að Velferðarnefndin tæki með ákveðnari hætti á málefnum ýmissa jaðarhópa í íslensku samfélagi.

### ***Annað starf að velferðarmálum***

Við gerð kjarasamninga á almennum markaði vorið 2004 urðu samningsaðilar ásáttir um að endurskoða slystryggingarákvæði kjarasamninga með það að markmiði að auka tryggingarvernd starfsmanna. Framkvæmdin á þessu samkomulagi hefur í reynd skipst í tvö skref: Hinn 15. júní 2004 voru váttrygginga-upphæðir slystrygginga launafólks hækkaðar um 20-40%; frá því í febrúar

2005 hafa síðan farið fram viðræður milli SA og slysatryggingahóps ASÍ (fulltrúar skipaðir af formönnum aðildarsamtaka ASÍ) um frekari endurskoðun. Stefnt er að því að ljúka þessum viðræðum haustið 2006.

Um árabíl hefur Alþýðusamband Íslands stutt við rekstur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Hinn 18. maí 2006 var haldinn ársfundur ráðgjafarstofunnar. Á fundinum fjölluðu m.a. Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ og Edda Rós Karlsdóttir forstöðumaður Greiningardeildar L.Í. um skuldir heimilanna. Á fundinum kom fram að á árinu 2005 afgreiddi ráðgjafarstofan tæplega 600 umsóknir einstaklinga og fjölskyldna um ráðgjöf vegna greiðsluferfiðleika en árið áður rúmlega 700. Svo virðist sem helsta skýringin á minnkandi aðsókn að ráðgjöf felist í góðu atvinnuástandi svo og nýjum möguleikum, eftir að viðskiptabankarnir komu inn á íbúðalánamarkaðinn haustið 2004, til að endurfjármagna eldri og óhagstæðari lán.



*Það var mikið fjallað um jafnréttismál á síðasta ársfundi. Það var því vel við hæfi að starfsmenn fundarins voru eingöngu konur. Grétar í góðum félagsskap.*

## Félags- og vinnumarkaðsmál

Alþýðusambandið og skrifstofa þess vinna árlega að miklum fjölda verkefna er tengjast vinnumarkaðs- og félagsmálum, eðli málsins samkvæmt. Með aðild sinni að stjórn Vinnuálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins, Jafnréttisráðs og Starfsmenntaráðs, auk fjölmargra nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála taka fulltrúar ASÍ virkan þátt í að móta og framkvæma stefnu stjórnvalda á þessu sviði.

Vinnumarkaðurinn einkenndist á tímabilinu af mikilli þenslu vegna verklegra framkvæmda og aukinna umsvifa á öllum sviðum samfélagsins. Samhliða hefur atvinnuleysi verið mjög lítið á tímabilinu.

Auk hefðbundinna verkefna var á tímabilinu unnið áfram að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir sem ASÍ á aðild að. Endurskoðuninni lauk á tímabilinu og tóku ný lög gildi 1. júlí sl. Jafnréttismál eru viðvarandi viðfangsefni Alþýðusambandsins og skrifstofu þess og hefur sá málaflokkur fengið stöðugt meira vægi í starfi sambandsins á síðustu misserum. Mikilvægur liður í því starfi var ráðning sérstaks sérfræðings í jafnréttismálum á skrifstofu ASÍ á árinu 2005. Þá kalla ný vinnuverndarlög



sem samþykkt voru á Alþingi 2003 á mikla vinnu við smíði reglugerða og reglna af ýmsu tagi. Þar ber hæst vinnu við reglugerð um áhættumat og innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og skilaði stjórn Vinnueftirlitsins tillögum sínum að nýrri reglugerð til ráðherra sl. vetur. Umræða um lífeyrismál hefur verið mikil á tímabilinu, bæði á vettvangi ASÍ og í samskiptum við samtök atvinnurekenda, í tengslum við þann vanda sem lífeyrissjóðirnir standa frammi fyrir vegna skuldbindinga sinna við sjóðsfélaga og umfjöllunar um breytingar á réttindaávinnslukerfi sjóðanna. Stefnumótun og eftirlit með framkvæmd EES samningsins er viðvarandi verkefni, þar sem stöðugt eru að bætast við nýjar reglur og ný úrlausnarefni. Þá hefur hnattvæðingin og málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði kallað á umræðu og stefnumótun og mikið starf í þessum málaflokki, þar sem áhersla Alþýðusambandsins hefur verið á að vernda og treysta þær reglur og hefðir sem mótast hafa í samskiptum á íslenskum vinnumarkaði og treysta réttindi launafólks. Loks má geta þess að ný lög voru samþykkt um réttindi foreldra langveikra barna vorið 2006, en ASÍ lagði mikilvæg lóð á vogarskálarnar þannig að þau næðu fram að ganga.

Fyrir liggur að þær miklu breytingar sem orðið hafa á verkefnum Vinnu-málastofnunar með nýrri og breyttri löggjöf og nýjum áherslum kalla á umræðu um stöðu og starfshætti stofnunarinnar í framtíðinni. Alþýðusambandið mun leggja mikla áherslu á að stofnunin fái þá fjármuni sem til þarf og jafnframt að starfsemi hennar verði styrkt og eflað til að hún geti sinnt sínum verkefnum í samræmi við það sem lög gera ráð fyrir.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nokkrum málaflokkum sem voru til umræðu og unnið var að á vettvangi ASÍ á tímabilinu.

## ***Ný lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir***

### **Starf nefndar félagsmálaráðherra um endurskoðun laganna**

Félagsmálaráðherra skipaði vorið 2004 nefnd til að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Í erindi ráðherra þar sem óskað var eftir tilnefningum segir m.a.:

*Markmiðið með endurskoðuninni er að bæta stöðu og öryggi fólks í atvinnuleysi, tryggja gæði vinnumarkaðsaðgerða og auka skilvirkni almennt. Nefndinni verður sérstaklega falið að fjalla um stjórnsýslu, ábyrgð og yfir-stjórn á málaflokknum. Enn fremur að fjalla um bótarétt, bótatíma, bótafjárhæð, samræmingu á tryggingavernd og stuðning við fólk utan vinnumarkaðar. Einnig að fara yfir ákvæði laga um vinnumarkaðsaðgerðir og meta árangur þeirra.*

Í skýrslu forseta ASÍ árið 2005 er fjallað ítarlega um áherslur ASÍ í starfi

nefndarinnar og stöðu mála á haustdögum 2005. Ekki er ástæða til að endurtaka þá umfjöllun hér, en þó er rétt að drepa á nokkur atriði.

Af hálfu Alþýðusambands var í mars 2003 mótuð stefna í málefnum atvinnulausra. Þar voru sett fram helstu áhersluatriði um:

- a) Hækkun bóta (lágmark sama og lægstu laun) og könnun á tekjutengingu m.v. fyrri laun viðkomandi.
- b) Einfaldari og skilvirkari stjórnsýsla í tengslum við atvinnuleysisbóta-kerfið.
- c) Áhersla á virkar vinnumarkaðsaðgerðir.
- d) Heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir með það að markmiði að treysta réttindi atvinnulausra og gera kerfi vinnumarkaðsaðgerða betra og skilvirkara.

Framangreind áhersluatriði lágu til grundvallar starfi fulltrúa ASÍ í nefndinni um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir.

Nefndin skilaði niðurstöðum sínum með viðamikilli skýrslu í byrjun nóvember 2005, þar sem farið er ítarlega yfir efni málsins og settar fram tillögur um meginefni nýrra laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Í flestum veigamestu atriðum byggði skýrslan á þeim sjónarmiðum sem Alþýðusambandið lagði fram í starfi sínu. Þó varð ekki sameiginleg niðurstaða hvað varðaði upphæð atvinnuleysisbóta og tekjutengingu þeirra. Í sem stystu máli var efni skýrslunnar eftirfarandi:

*Samspil atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða - fjármögnun.* Fallist var á þá áherslu ASÍ að skilja eigi á milli fjármögnunar vegna afkomu-tryggingar til atvinnulausra og fjármögnunar vegna vinnumarkaðsaðgerða. Það hefur verið skoðun ASÍ að Atvinnuleysistryggingasjóður eigi að vera tryggingasjóður fyrir fólk á vinnumarkaði verði það atvinnulaust, eftir þeim reglum sem um það gilda. Það sé hins vegar fyrst og fremst verkefni hins opinbera/ríkissjóðs að fjármagna vinnumarkaðsaðgerðir sem hafa að markmiði að styrkja stöðu fólks á vinnumarkaði, óháð því hvort viðkomandi eigi rétt til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði eða ekki.

*Samspil Atvinnuleysistryggingasjóðs og Vinnumálastofnunar – stjórnsýslan.* Telja verður að það meginmarkmið Alþýðusambandsins að tryggja sjálfstæði Atvinnuleysistryggingasjóðs frá Vinnumálastofnun hafi náðst. Lagt var upp með að sjóðurinn hafi sérstaka stjórn sem gæti hagsmuna sjóðsins gagnvart framkvæmdaaðilanum – Vinnumálastofnun, sem jafnframt annist gerð þjónustusamnings við stofnunina og eftirlit með framkvæmd hans. Þá var samstaða um mikilvægi þess að byggja upp öflugt samstarf á einstaka landssvæðum um atvinnumál og virkari vinnumarkaðsaðgerðir. Í því sambandi er sett fram tillaga um að sérstök Vinnumarkaðsráð landssvæðanna taki við af

svæðisráðunum með mun skýrara hlutverk og ábyrgð. Hins vegar var ekki fallist á sjónarmið ASÍ varðandi áframhaldandi hlutverk úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta og er af meirihluta nefndarinnar gerð tillaga um eina úthlutunarnefnd.

*Réttur til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði – meginatriðin.* Í skýrslunni er fjallað ýtarlega um réttindi til atvinnuleysisbóta og þar reynt að skýra og taka af öll tvímæli varðandi skilgreiningu á hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum, aldursmörk o.fl., og þá gjarnan í ljósi þeirra framkvæmdar sem þróast hefur. Sama gildir um þætti eins og biðtíma og viðurlög vegna rangra upplýsinga eða misnotkunar á sjóðnum, þótt eðlilegt sé talið að gera greinarmun á biðtímareglum vegna atvinnumissis af eigin ástæðum og hins vegar viðurlaga vegna brota. Loks var samstaða um að eðlilegt sé að fólk geti endurnýjað að fullu rétt sinn til greiðslna út atvinnuleysistryggingasjóði með þátttöku á vinnumarkaði í tiltekinn tíma, en ekki eins og var í þágildandi lögum að rétturinn endurnýjast ekki fyrr en viðkomandi hefur tæmt fyrri rétt sinn og síðan áunnið sér hann að nýju. Á móti er lagt til að bótatímabilið sé stytta í 3 ár.

*Áhersla á þjónustu við atvinnulaust fólk – ekki refsingu.* Samstaða var um að við endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir eigi að leggja áherslu á þjónustu og aðstoð við atvinnulausa við að komast aftur á vinnumarkaðinn. Aðstoð verði í formi virkra vinnumarkaðsúræða til að treysta stöðu viðkomandi og auka þannig möguleika þeirra á að fá starf við hæfi, þar sem viðkomandi einstaklingar eru meðhöndlaðir með virðingu sem viðskiptavinir. Lögð er áhersla á að efla upplýsingagjöf þess atvinnulausa um hagi sína menntun, reynslu, áhuga og hæfileika og ráðgjöf svæðisvinnumiðlana, bæði varðandi starfsleit og uppbyggingu viðkomandi. Þarna beri að líta á menntun og þjálfun sem mikilvæg úrræði, fyrir viðkomandi einstakling. Til að ná þessum markmiðum er lögð áhersla á að draga úr skráningum og stimplunum en nýta þess í stað tíma hins atvinnulausa og starfsmanna vinnumiðlana til leiðbeiningar og ráðgjafarstarfa og byggja upp hæfni á vinnumiðlunum á því sviði. Hér má nefna að nefndin tekur í tillögum sínum mið af fyrirkomulagi mála bæði í Danmörku og Hollandi þar sem framangreindar áherslur eru uppi.

*Virkar vinnumarkaðsaðgerðir – lykilatriði.* Í skýrslunni er lögð áhersla á að ný lög um málaflokkinn endurspegli sem best áherslu á mikilvægi virkra vinnumarkaðsaðgerða, í formi uppbyggilegra úrræða, mati á reynslu og áhugasviðum, menntun og starfsþjálfun, á forsendum viðkomandi einstaklinga. Þannig á markmið kerfisins að vera að efla fólk til virkrar og uppbyggilegrar þátttöku á vinnumarkaði.

*Upphæð atvinnuleysisbóta – bótatímabil. Eins og áður segir varð ekki samstaða í nefndinni um upphæð og tekjutengingu atvinnuleysisbóta. Af hálfu fulltrúa ASÍ í nefndinni var eftirfarandi bókun lögð fram:*

### **Bókun vegna skýrslu nefndar um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir**

*Nefnd um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir hefur starfað um nokkurn tíma og fyrir liggur að nú er komið að lokum í störfum nefndarinnar.*

*Það er mat fulltrúa ASÍ að starf nefndarinnar og sú samstaða sem þar hefur náðst um fjölmarga þætti sem ætlað er að bæta hag atvinnulausra og efla þjónustu við fólk sem er tímabundið án atvinnu sé með ágætum og geti orðið grunnur að mikilvægum úrbótum á löggjöf um þetta efni. Sama gildir um þá áherslu sem lögð hefur verið á að efla vinnumarkaðsúrræði.*

*Strax í upphafi nefndarstarfsins lagði fulltrúi ASÍ fram áherslur og tillögur Alþýðusambandsins í nokkrum mikilvægum þáttum. Eitt þessara atriða varðar upphæð og fyrirkomulag greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Jafnframt hefur ítrekað komið fram hjá fulltrúa ASÍ að möguleg sátt um ýmsa þætti er varða m.a. breytingar á stjórnskipulagi og ákvarðanatöku byggði á því að ásættanleg niðurstaða fáiast varðandi upphæð atvinnuleysisbóta.*

*Afhálfu fulltrúa ASÍ var í upphafi lögð áhersla á að grunnbætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði m.v. fullt starf yrðu þær sömu og lágmarkslaun fyrir fulla dagvinnu. Þá var jafnframt lagt til að atvinnuleysisbætur yrðu tekjutengdar og tækju mið af tekjum viðkomandi áður en hann/hún missti vinnuna. Miðað yrði við að atvinnuleysisbætur væru 80% af tekjum fyrir viðmiðunartímabil með hámarki sem gæti legið nærri hámarki sem gildir í Ábyrgðasjóði launa.*

### **Tillaga um upphæð atvinnuleysisbóta og fjármögnun þeirra**

*Í starfi nefndarinnar hefur fulltrúi ASÍ lagt áherslu á að samstaða næðist um upphæð atvinnuleysisbóta og frekari útfærslu. Til að svo mætti vera hefur Alþýðusambandið fallist á málamiðlun sem gengur út á eftirfarandi meginatriði:*

*a) Grunnbætur m.v. fullt starf verði 100.000 kr. á mánuði.*

*b) Atvinnuleysisbætur verði tekjutengdar að hluta þannig að viðkomandi fái sem svarar 80% af heildarlaunum á viðmiðunartímabili, þó þannig að hámarksbætur verði 250.000 kr. (sem svarar til 2,5 x grunnbóta).*

*Tekjutengingin komi til þegar viðkomandi hefur verið tvær vikur á grunnbótum og vari í allt að þrjá mánuði. Fyrstu tvær vikurnar eigi viðkomandi rétt á grunnbótum og svo aftur að loknu tímabili tekjutengdra bóta, ef viðkomandi er ennþá atvinnulaus.*

c) Atvinnuleysisbætur skv. framangreindu komi úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem fjármagnaður verði með tryggingagjaldi.

d) Einstaklingum eða samtökum þeirra verði heimilt að bæta tryggingavernd þeirra enn frekar án skerðingar á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði, en þó ekki umfram 100% af heildarlaunum á viðmiðunartímabilinu.

Að lokum skal áréttað sem áður hefur komið fram að af hálfu Alþýðusambandsins er gerður almennur fyrirvari við tillögur sem settar eru fram í skýrslunni um úthlutunarnefndir og fleiri þætti varðandi stjórnskipulag, enda byggir sátt um þá þætti á því að ásettannleg niðurstaða náist varðandi atvinnuleysisbætur.

Reykjavík, 1. nóvember 2005.

### **Endurskoðun kjarasamninganna í nóvember 2005 og júní 2006**

Væntanleg löggjöf um atvinnuleysisbætur og vinnumarkaðsaðgerðir, þar með talin upphæð og tekjutenging atvinnuleysisbóta komu til umfjöllunar í tengslum við endurskoðun kjarasamninganna 15. nóvember 2005. Þar náðist samkomulag á milli ASÍ og SA um hækkun og tekjutengingu atvinnuleysisbóta sem kom að verulegu leyti til móts við áherslur ASÍ, þótt upphæðir og hlutföll væru nokkuð lægri en ASÍ hafði lagt upp með. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við endurskoðunina kom síðan fram að hún mundi beita sér fyrir því að efni samkomulagsins yrði lögfest. Þá var við endurskoðun kjarasamninganna í júní 2006 samþykkt að grunnbætur atvinnuleysistrygginga tækju sömu hækkunum og lægstu laun og einnig var hámark tekjutengdra bóta hækkað umfram það sem áður hafði verið ákveðið.

### **Ný lög taka gildi 1. júlí 2006**

Á grundvelli skýrslu nefndar félagsmálaráðherra og samkomulags aðila vinnumarkaðarins frá því í nóvember 2005 var í samráði við aðila vinnumarkaðarins unnið að nýrri löggjöf um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir og voru frumvörp þess efnis lögð fram á Alþingi í apríl 2006. Frumvörpin voru í öllum aðalatriðum í samræmi við tillögur nefndar félagsmálaráðherra og þá hugmyndafræði sem þær byggðu á. Þá var upphæð og tekjutenging atvinnuleysisbótanna í samræmi við það sem samist hafði um.

Af hálfu Alþýðusambandsins var mikil áhersla lögð á að lögin yrðu samþykkt fyrir þinglok og að þau tækju gildi 1. júlí eins og lofað hafði verið. Það tókst, þrátt fyrir að hugmyndir hefðu verið á tímabili um að fresta gildistökunni fram á haust.

Í framhaldi af nýjum lögum hefur af hálfu ASÍ verið lögð áhersla á að þeim hluta þeirra sem snýr að aðstoð við atvinnuleitendur, ráðgjöf og vinnumarkaðsaðgerðin, verði hrint í framkvæmd að fullu í samræmi við anda laganna

og að nægilegt fjármagn verði tryggt til þess. Þá hefur Alþýðusambandið lagt áherslu á mikilvægi þess að stéttarfélögin verði virkur þátttakandi við framkvæmd laganna við að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna. Loks hefur skrifstofa ASÍ vetrið að vinna ítarlegt kynningar- og upplýsingaefni um efni laganna og framkvæmd þeirra, auk þess að standa fyrir námskeiðahaldi í samstarfi við MFA og Félagsmálaskólann í vetur, til að auka þekkingu starfsmanna stéttarfélaganna og efla starfsemi þeirra á þessu sviði.

### ***Jafnréttis- og fjölskyldumál***

Starfsárið 2005 – 2006 er fyrsta heila starfsár starfandi jafnréttisfulltrúa ASÍ sem hefur það sem meginverkefni að efla virkni jafnréttis- og fjölskyldumála í starfsemi sambandsins. Á ársfundi 2005 var samþykkt stefna í jafnrétti kvenna og karla, þar sem áhersla er á innra starf verkalýðshreyfingarinnar og mikilvægi þess að aðildarsamtök og stéttarfélög innan ASÍ setji sér framsækna og markvissa stefnu í jafnrétti kvenna og karla og þá um leið framkvæmdaáætlun þar sem hægt er að mæla árangur og þróun markmiða.

Að öðru leiti er stefna ASÍ í jafnrétti kvenna og karla sem samþykkt var á ársfundi sambandsins 2005 vegvísir jafnréttis- og fjölskyldufulltrúa ASÍ.

### **Jafnréttis- og fjölskyldunefnd**

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd er vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og umræðu um jafnréttis- og fjölskyldumál innan Alþýðusambandsins. Þá er nefndinni ætlað að hafa frumkvæði að stefnumótun og aðgerðum ASÍ á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála. Nefndin hefur fundað þrisvar sinnum frá síðasta ársfundi. Í starfi sínu byggir nefndin á þeirri stefnu sem ASÍ hefur mótað í jafnréttis- og fjölskyldumálum á undanförunum misserum.

### **24. október 2005 – Kvennafrídagurinn**

Fulltrúi ASÍ tók þátt í undirbúningi baráttufundar kvenna, ásamt öðrum heildarsamtökum launafólks og mörgum kvennasamtökum, þar sem minnst var að þrjátíu ár voru liðin frá Kvennafrídeginum árið 1975. Hátt í sextíu þúsund konur svöruðu kalli undirbúningshópsins um land allt, en markmið kvennafrídagins var það sama og fyrir þrjátíu árum, að sýna fram á verðmæti vinnuframlags kvenna fyrir íslenskt efnahagslíf og efla baráttuna fyrir efnahagslegu og félagslegu jafnrétti í íslensku samfélagi.

Í Reykjavík komu saman til baráttufundar um fimmtíu þúsund konur, fylltu götur borgarinnar allt frá Skólavörðuholtinu niður að Ingólfstorgi þar sem gengið var undir yfirskriftinni „Konur höfum hátt“. Hugmyndin var að konur hafi verið hljóðar of lengi. Nú var kominn tími til að konur létu í sér heyra og krefðust jafnréttis núna. Fyrir hönd heildarsamtaka launafólks héldu

hvatningaræður tvær ungar konur, Marín Þórisdóttir og Krístrún B. Loftsdóttir. Konur víða um land komu saman í tilefni dagsins s.s. á Akureyri, Sauðárkróki, Egilsstöðum og víðar.

## **8. mars – alþjóðlegur baráttudagur kvenna**

Allt frá árinu 2002 hefur ASÍ átt frumkvæði að því að kalla eftir samstarfi helstu samtaka launafólks og annarra aðila sem hafa sérstaklega látið sig jafnréttismál varða og staðið að opnum fundi 8. mars, alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Þessir aðilar eru ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, KRFÍ, SÍB, Jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa.

Líkt og í öðrum löndum Evrópu hefur íbúum af erlendum uppruna fjölgað mjög á íslenskum vinnumarkaði. Umræðan um áhrif hnattvæðingar og þá sérstaklega stöðu kvenna á vinnumarkaðnum hefur verið til umfjöllunar í samfélaginu. Samstarfshópurinn ákvað að beina sjónum að hnattvæðingunni og áhrifum hennar á konur og bar fundurinn yfirskriftina **Konur og hnattvæðing – er heimurinn eitt atvinnusvæði?** Fundargestir voru hátt í eitt hundrað og voru eftirfarandi erindi flutt. Kolbeinn H. Stefánsson, doktorsnemi í félagsfræði, flutti erindið **Hnattvæðing, konur og vinnumarkaðir – Gömul þemu í nýjum þjóðfélagsumhverfi?**, Ásbjörg Una Björnsdóttir, nemi í meistaranámi í alþjóðasamskiptum, fjallaði um **Ást til sölu: Staða farandverkakvenna í hagkerfi alþjóðavæðingar**, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, varaformaður Eflingar-stéttarfélags, lagði fram spurninguna **Eru erlendar konur velkomnar á íslenskum vinnumarkaði?** Og Wieslawa Vera Lupinska, túlkur hjá Alþjóðahúsi, sagði frá því **Hvernig er að vera pólsk kona á Íslandi**. Fundarstjóri var Sabine Leskopf frá Alþjóðahúsi.

Hér á eftir fylgir yfirlýsing sem samstarfsaðilarnir gáfu út í tilefni dagsins.

## **Konur og hnattvæðing – er heimurinn eitt atvinnusvæði? Ávarp á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2006.**

*Þegar þýska kvenréttindakonan og sósíalístitinn Clara Zetkin bar upp tillögu um sérstakan baráttudag kvenna á ráðstefnu árið 1910 var vel tekið í hugmyndina og ári síðar var dagurinn haldinn hátíðlegur í Danmörku, Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Þá varð reyndar 19. mars fyrir valinu en 1921 var ákveðið að þaðan í frá yrði 8. mars alþjóðlegur baráttudagur kvenna vegna þess að merkisviðburður í baráttu kvenna fyrir betri kjörum og friði hafði borið upp á þann dag. Á Íslandi hafa Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna minnst dagsins í meira en hálfa öld og í kjölfar þess að Sameinuðu*

þjóðirnar gerðu 8. mars að alþjóðlegum kvennadegi hafa fleiri bæst í þann hóp. Helstu bandalög launafólks á Íslandi í samvinnu við stofnanir sem láta sig jafnréttismál varða hafa á undanförunum árum notað daginn til að vekja athygli á stöðu kvenna á vinnumarkaði. Sjónum hefur oftast verið beint að launamuni kynjanna og ekki að ósekju því flestir virðast sammála um að það sé forgangsverkefni að útrýma þeim kynbundna launamun sem hér viðgengst. Krafan um launajafnrétti var til að mynda áberandi á baráttufundi þann 24. október síðastliðinn þegar um 60 þúsund konur komu í miðborg Reykjavíkur og víða um landið til að leggja áherslu á kröfur sínar um fullt jafnrétti.

Í ár var ákveðið að nota 8. mars til að skoða áhrif hnattvæðingar á konur og vinnumarkaðinn. Hnattvæðing sem er þýðing á enska orðinu globalization er tiltölulega nýtt í orðaforða okkar Íslendinga og kannski eru margir sem hafa aldrei velt því fyrir sér hvað það þýðir. Alger bylting í samskiptatækni er einn helsti grundvöllur hnattvæðingarinnar og nægir í því sambandi að nefna að við fáum nú fréttir af viðburðum í fjarlægum heimsálfum um leið og þeir gerast og fylgjumst gjarnan með þeim í beinni útsendingu líkt og heimsbyggðin öll. Tölvutæknin hefur sömuleiðis gert það að verkum að nú skiptir fjármagn um hendur á nokkrum sekúndum svo ekki sé minnst á samgöngutæknina sem gerir okkur kleift að fara á milli heimsálfa á nokkrum klukkustundum. Enn ein birtingarmynd hnattvæðingarinnar er stáukinn flutningur fólks milli atvinnusvæða og landa og þess hefur að sjálfsögðu gætt hér. Með undirritun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið má í raun segja að Evrópusambandslöndin, Ísland, Noregur og Lichtenstein, hafi orðið að einu atvinnusvæði. Það þýðir að Íslendingar þurfa engin sérstök leyfi kjósi þeir að stunda vinnu í aðildarlöndum Evrópusambandsins og er þetta atvinnufrelsi gagnkvæmt að því undanskildu að enn þurfa ríkisborgarar átta landa sem gengu í Evrópusambandið 2004 sérstök atvinnuleyfi.

Líkt og annars staðar í Evrópu hefur íbúum af erlendum uppruna fjölgað mjög á síðustu árum. Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar eru næstum 14 þúsund erlendir ríkisborgarar með lögheimili hérlandis eða 4,6% landsmanna. Hér hefur atvinnuástand verið með þeim hætti að við höfum kallað eftir vinnuafli að utan. Fólk af erlendum uppruna ber uppi framkvæmdirnar við Kárahnjúka og sama má segja um fiskvinnsluna víða um land. Þróunin hér hefur verið með svipuðum hætti og í nágrannalöndum okkar að því leyti að það eru einkum láglaunastörf sem bjóðast fólki af erlendum uppruna. Þetta eru störfin sem við Íslendingar kærum okkur ekki um vegna þess að við teljum launin ekki boðleg. Ætlum við að teljast raunverulegt lýðræðisríki verður að tryggja að allir íbúar landsins njóti jafnréttis, óháð uppruna, kynþætti eða tungumáli. Þá er ekki einungis vísað til þeirrar sjálfsögðu kröfu að allir fái sömu laun fyrir sömu vinnu heldur einnig þess að menntun og reynsla sé metin



*að verðleikum. Íslendingum þykir sjálfsagt að menntun okkar sé talin góð og gild í öðrum löndum og því eigum við að kappkosta við að gefa þeim sem hingað koma færi á að nýta sér þá menntun sem þeir hafa aflað sér, því þannig virkjum við best mannaudinn.*

*Atvinnuþátttaka kvenna er mikil héraendis og mun meiri en gengur og gerist í nágrennalöndum okkar. Forsenda þessarar miklu atvinnuþátttöku er ekki bara dugnaður heldur sú einfalda staðreynd að hér er gott félagslegt kerfi sem meðal annars birtist í framsækinni fæðingarorlofslöggjöf og öflugum leikskólum. Enn er þó verk að vinna í þeim málum því oft reynist erfitt að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til börn komast að á leikskólum. Lenging sameiginlegs fæðingarorlofs foreldra í eitt ár myndi strax bæta ástandið og hlýtur það að verða meðal baráttumála bandalaga launafólks á næstu árum. Það er líka verk að vinna inni á heimilunum því þrátt fyrir þá staðreynd að flestir feður nýti sér rétt sinn til fæðingarorlofs er fátt sem bendir til annars en að ábyrgð á heimilisstörfum og uppeldi sé enn að lang mestu leyti á herðum kvenna. Á meðan svo er hafa karlar augljóst forskot í atvinnulífinu og því er jöfn ábyrgð inni á heimilinu í raun forsenda jafnréttis á vinnumarkaði.*

### **Endurskoðun jafnréttislaga 96/2000**

Í tilefni þess að þrjátíu ár eru liðin frá því að fyrstu lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla voru samþykkt á Alþingi hefur félagsmálaráðherra skipað nefnd um endurskoðun á efni laganna. Alþýðusambandinu var gefinn kostur á að koma afstöðu sinni og athugasemdum varðandi jafnréttismál til nefndarinnar svo og að koma með tillögur til breytinga á lögumum.

Eitt af hlutverkum verkalýðshreyfingarinnar er að fylgja eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í athugasemdum Alþýðusambandsins til nefndarinnar er þetta markmið verkalýðshreyfingarinnar haft að leiðarljósi, en tölur um launamun kvenna og karla og aðstöðumun þeirra á ýmsum sviðum samfélagsins sýnir svo ekki verður um villst að enn er verk að vinna.

Meginefni athugasemda og tillagna jafnréttis- og fjölskyldunefndar ASÍ eru eftirfarandi:

### **Launaleynd**

Umræða um launaleynd hefur verið áberandi í þjóðmálaumræðunni. Því miður hefur ábendingum um að „afnema“ beri þessi leynd ekki verið mætt með málefnalegum hætti og umræðu sem varpað gæti ljósi á inntak og áhrif hennar á framkvæmd jafnréttislaga.

ASÍ bendir á að áskilnaður um launaleynd, þ.e. ákvæði þess efnis að starfsmanni sé óheimilt að viðlagðri refsingu, þ.m.t. uppsögn, að veita þriðja

aðila upplýsingar um laun sín eða önnur starfskjör, eigi ekkert erindi í ráðningarsamninga almenns launafólks. Slík ákvæði hafa ekkert með efndir ráðningarsamninga að gera, þ.e. daglega vinnuskyldu starfsmanns undir stjórn atvinnurekanda og endurgjaldið fyrir þá vinnu í formi launa og annarra starfskjara.

Að mati ASÍ eru samningsbundin ákvæði um launaleynd til þess fallin að skapa enn eina hindrun í vegi þess að jafnréttislög geti náð markmiðum sínum. Minnt er á að jafnréttislög byggja á þeirri forsendu að starfsmenn eigi að geta staðreynt hvort þeim sé mismunað í launum og það verður ekki gert nema þeir geti gengið sémilega óhikað til þess verks með samtölum við vinnufélaga sína, trúnaðarmann stéttarfélagins á vinnustaðnum og stéttarfélagið sjálft.

### **Úrlausn ágreiningsmála vegna meintra brota á lögum 96/2000**

Launafólki standa til boða ýmis úrræði til að ná fram leiðréttingu sinna mála telji það að atvinnurekandinn hafa brotið á sér samkvæmt jafnréttislögum. Þar er í fyrsta lagi um að ræða hin formlegu úrræði, sbr. málskot til kærunefndar jafnréttismála og eftir atvikum málaferli fyrir hinum almennu dómstólum en auk þess má ætla að viss hópur launafólks velji frekar þann kost að segja starfi sínu lausu og leiti með þeim hætti lausna á sínum málum. Vinnulöggjöfin hér sem annars staðar byggir á þeirri meginforsendu að launamaðurinn sé í veikari samningsstöðu en atvinnurekandinn og er reynt með ýmsu móti að jafna þá stöðu með lögum og kjarasamningum. Jafnréttislög eru af sama meiði. Kveða þau á um ýmis ákvæði sem hafa þann tilgang að auðvelda launafólki það verkefni að ná fram rétti sínum.

### **Kærunefnd jafnréttismála**

ASÍ hefur í umsögnum sínum til Alþingis um jafnréttislög lýst óánægju sinni með stöðu kærunefndar jafnréttismála og hvatt til þess að henni væru fengin aukin völd til að rannsaka og upplýsa mál og að niðurstöður hennar verði settar fram í formi úrskurða. Rökstudd tilmæli kærunefndar til atvinnurekanda um úrbætur eru góðra gjalda verð og nýtast án efa sem táknræn viðurkenning á því að málatilbúnaður launamanns hafi verið á rökum reistur. ASÍ minnir hins vegar á að kærunefndin hefur ekki vald til úrskurða um sektir eða féviti sem aftur hefur áhrif á það hvort og þá hversu hratt atvinnurekendur kjósa að bregðast við beiðnum hennar um upplýsingar. ASÍ leggur áhersla á að nefndin fái auknar heimildir og úrræði til að afla upplýsinga hratt og vel frá atvinnurekendum sem sakaðir hafa verið um brot á jafnréttislögum.

Að mati ASÍ geta stjórnvöld ekki í ljósi skuldbindinga sinna skv. stjórnarskránni og alþjóðlegum skuldbindingum mælt fyrir um efnisleg réttindi borgaranna á sviði jafnréttismála án þess að tryggja um leið að borgararnir

hafi fulla trú á þeim úrræðum sem nota á til að vinna að framgangi þessara markmiða.

ASÍ fer fram á það að nefndin skoði þann möguleika að kærunefnd jafnréttismála verði fengið vald til að kveða upp úrskurði í þeim málum sem vísað er til hennar og þeim úrskurðum verði, þar sem við á, veitt aðfararhæfi með lögum. Mæla mætti fyrir frestun aðfararhæfis í nokkra mánuði (3 til 6 mánuði) sem gæfi hlutaðeigandi atvinnurekendum rúman frest til að bera úrskurð nefndarinnar undir dómstóla.

### **Tillaga að nýju úrræði – úrslausn ágreiningsmála innan fyrirtækja**

Alþýðusambandið telur rök mæla með því að nýjar leiðir til úrlausnar ágreiningsmála samkvæmt jafnréttislögum verði kannaðar.

Þegar grunur leikur á því að jafnréttislög hafi verið brotin innan fyrirtækis, hvort sem hið meinta brot snýr að launum, stöðuveitingu eða öðrum þáttum, er nærtækast að leysa úr því máli með milligöngu viðkomandi stéttarfélags og trúnaðarmanns þess á vinnustaðnum. Sú aðferð dugar án efa í mörgum tilvikum. En ekki í öllum.

ASÍ er þeirrar skoðunar að með setningu reglna um meðferð ágreiningsmála, þar sem fjallað væri m.a. um hver mætti hefja mál og á hvaða forsendum, þ.m.t. um meðferð upplýsinga og trúnað, og hvernig standa bæri að því að ljúka slíkum málum, væri hægt að vinna markvisst að úrlausn slíkra mála.

ASÍ er ekki að kalla á að slíkar reglur verði í formi opinberra reglna en telur nauðsynlegt að þessi leið verði rædd innan nefndarinnar. ASÍ telur mikilvægt að nefndin sé upplýst um þessar hugmyndir og myndi sér skoðun á þeim enda yrði þetta úrræði, þ.e. ef aðilar vinnumarkaðarins ná saman um það, mikilvægur þáttur ásamt hinum formlegri úrræðum í því að framfylgja markmiðum jafnréttislaga.

Fordæmi að slíkri málsmeðferð má að nokkru leyti finna í samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um málefni útlendinga frá árinu 2004. Jafnréttismál eru að sönnu talsvert flóknari viðureignar en samamburðurinn við áðurnefnt samkomulag felst í því að þrátt fyrir ýmsa löggjöf sem mælir fyrir um með ótvíræðum hætti að erlendu launafólki skuli greidd sömu laun og Íslendingum fyrir sambærileg störf þá hafa veruleg undanbrögð verið þar á. Samkomulagið veitir trúnaðarmönnum stéttarfélaga auknar heimildir til að afla upplýsinga frá atvinnurekendum um starfskjör erlendra starfsmanna sem hjá þeim starfa og leggja mat á það hvort á þeim hafi verið brotinn réttur samkvæmt lögum og kjarasamningum. Mælt er fyrir um trúnaðarskyldu um slíkar upplýsingar, málskot til sérstakrar samráðsnefndar ASÍ og SA o.s.frv.

Tilvist slíkra reglna sem væru byggðar á samningi aðila vinnumarkaðarins myndi án efa senda út jákvæð skilaboð til starfsmanna um að tekið væri á

athugasemdom þeirra um ætluð brot atvinnurekanda á jafnréttislögum á jafnræðisgrundvelli.

### **Jafnréttisáætlanir**

Í 2. mgr. 13. gr. jafnréttislaga er tekið fram að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun. Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa sett sér slíka jafnréttisáætlun.

Það er álit Alþýðusambandsins að krafan um gerð jafnréttisáætlunar þjóni ekki fullkomlega markmiðssetningu laganna. Mikilvægt er að jafnréttisáætlun fylgi framkvæmdaáætlun og styrkir það framkvæmdaáætlunina að skýr ákvæði séu í lögnum um að fyrirtæki og stofnanir leggi fram skýrslu um þróun mála.

### **Bætur vegna brota á lögnum**

Samkvæmt 28. gr. jafnréttislaga er heimilt að dæma þann sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum til greiðslu skaðabóta samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, bætur vegna miska.

Í Hæstarétti hafa a.m.k. fallið tveir dómar þar sem atvinnurekandi hefur verið dæmdur til að greiða starfsmanni sínum „skaðabætur“ vegna brota á jafnréttislögum. Í fyrra málinu var bótakrafa starfsmannsins byggð á útreikningi á fjártjóni hans sem taldist vera sá munur er var á föstum launum hans og annars starfsmanns hlutaðeigandi atvinnurekanda yfir ákveðið tímabil.

Alþýðusambandið hefur miklar efasemdir um það að þessi aðferð uppfylli að öllu leyti ákvæði jafnréttislaga og tilskipana Evrópusambandsins sem löggin eru byggð á. Í þessum málum er atvinnurekandi einfaldlega dæmdur til að greiða starfsmanni sínum þau laun sem honum bar að greiða. Hér er því nánast um að ræða kröfu vegna vangoldinna launa frekar en hefðbundna skaðabótakröfu. Bera má þetta saman við atvinnurekanda sem verður uppvís að því að virða ekki ákvæði kjarasamnings um greiðslu lágmarkslauna. Krafa starfsmanns um leiðréttingu er ekki skilgreind sem skaðabótakrafa heldur sem krafa um það að atvinnurekandi verði eftir atvikum dæmdur til greiðslu vangoldinna launa. Sú aðferð sem beitt er við útreikning á bótakröfu samkvæmt jafnréttislögum felur í raun það í sér að bótaupphæðin er fyrirfram ákveðin, reyni hlutaðeigandi starfsmaður að leita réttar síns.

Að mati ASÍ nægir ekki að mæla einungis fyrir um að bætur svari til þess mismunar á þeirri upphæð sem atvinnurekandi greiddi starfsmanni sínum og þeirrar upphæðar sem honum bar að greiða, heldur verður jafnframt að mæla fyrir „viðurlög“ vegna brota atvinnurekandans. Þau viðurlög komi m.ö.o. til viðbótar við laun sem honum bar sannanlega að greiða starfsmanni sínum.

Því er einnig velt upp hvaða áhrif óbreytt lagaframkvæmd hvað þetta varð-  
ar hefur á samkeppnisstöðu fyrirtækja sem kjósa af fúsum og frjálsum vilja að  
fara að lögum í þessum efnunum.

### **Aðild kvenna að stjórnnum hlutafélaga**

1. gr. jafnréttislaga hefur að geyma þá almennu markmiðssetningu að allir ein-  
staklingar skuli eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfi-  
leika sína óháð kynferði. Í sömu grein eru taldar upp nokkrar leiðir til að gera  
þessi markmið að veruleika. Ein þessara leiða er að jafnréttissjónarmiða sé  
gætt á öllum sviðum samfélagsins. Önnur leið lýtur að því að vinna að jöfnum  
áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu. Sú  
þriðja snýr að því að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra  
í samfélaginu.

Alþýðusambandið kallar eftir því að nefndin ræði það efnislega hvernig  
túlka beri orðin „öllum sviðum samfélagsins“ og hvort og þá hvaða rök mæli  
með því að fyrirtæki í einkaeigu séu undanskilin því verkefni að vinna að  
auknum áhrifum kvenna við ákvarðanatöku og stefnumótun á vettvangi stjórna  
fyrirtækja.

ASÍ telur að þessi staða vekji upp mjög áleitnar spurningar um aðgengi  
kvenna að stefnumótun og töku ákvarðana í félögum sem koma að atvinnu-  
rekstri hér á landi. ASÍ telur að skoða verði alla kosti til að snúa þeirri þróun  
við. ASÍ bendir á að þróun í átt til aukins hlutar kvenna í stjórnnum félaga geti  
haft jákvæð áhrif á framkvæmd þess verkefnis að breyta núverandi stöðu í  
jafnréttismálum í íslenskum fyrirtækjum.

Að mati ASÍ bera stjórnarmenn fyrirtækja, hvort sem þeir sitja þar í  
umboði annarra eða vegna eignaraðildar sinnar, ábyrgð á því að starfsmanna-  
málum, þ.m.t. jafnréttismálum, sé hagað í samræmi við lög. Þannig getur  
stjórn hlutafélags, þ.m.t. almenningshlutafélags, ekki skotið sér undan ábyrgð  
á vanrækslu framkvæmdastjóra á því að fylgja eftir lögum um jafna stöðu og  
jafnan rétt kvenna og karla.

### **Fæðingar- og foreldraorlofslögin**

Framkvæmd laganna um fæðingar- og foreldraorlof er viðvarandi viðfangsefni  
á skrifstofu ASÍ.

Töluvert er um það að leitað sé til Alþýðusambandsins með fyrirspurnir og  
ábendingar um efni laganna og framkvæmd þeirra. Er stöðugt að koma betur í  
ljós að ljóst að þær breytingar sem gerðar voru á lögnum árið 2004 hafa haft  
ýmis neikvæð áhrif fyrir foreldra nýfæddra barna, eins og Alþýðusambandið  
benti reyndar á þegar þessar breytingar voru til umfjöllunar á Alþingi. Það er  
einkum tvennt sem þar skiptir máli og hvoru tveggja tengist þeim breytingum

sem gerðar voru á viðmiðunartímabili vegna útreiknings á upphæð fæðingarorlofsins og lengingu þess. Í fyrsta lagi hafa greiðslur í fæðingarorlofi í reynd almennt lækkað miðað við það sem áður var. Í annan stað eru stöðugt fleiri sem fá skertar greiðslur í fæðingarorlofi vegna þess að full atvinnuþátttaka hófst ekki fyrr en einhvern tímann á viðmiðunartímabilinu eða að rof hefur orðið á atvinnuþátttöku einhvern tímann á tímabilinu. Þá liggur fyrir að hefja þarf undirbúning undir breytingar á lögnum með það að markmiði að lengja fæðingarorlofið samhliða því sem sveitarfélög komi betur til móts við foreldra ungra barna með því að efla leikskólastigið og lækka aldursmörk vegna þeirra barna sem þjónustan nær til.

Á árinu ákvað Alþýðusambandið að styðja rannsókn á framkvæmd fæðingar- og foreldraorlofslaganna og reynslu og viðhorfum foreldra til þeirra. Fleiri koma að þessari rannsókn, bæði opinberir aðilar og úr atvinnulífinu. Þess er að vænta að niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir á næstu vikum. Vonir standa til að rannsóknin og niðurstöður hennar geti orðið mikilvægur vegvísir í umræðunni um áhrif laganna og þær úrbætur sem gera þarf á lögnum og framkvæmd þeirra.

Loks er mikilvægt að tryggja að flutningur framkvæmdar laganna frá Tryggingastofnun til Vinnuálastofnunar um næstu áramót verði til að auka og bæta upplýsingagjöf og þjónustu við foreldra.

### **Málefni foreldra langveikra barna ný löggjöf**

Eins og áður hefur komið fram skipaði félagsmálaráðherra nefnd á árinu 2001 sem hafði það hlutverk að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru frá vinnu og rétt til sjúkradagpeninga vegna langvarandi veikinda barns. Þórunn Sveinbjörnsdóttir var fulltrúi Alþýðusambands Íslands. Nefndin starfaði með hléum til vors 2005 þegar hún skilaði af sér skýrslu ásamt tillögum.

Í skýrslunni kemur fram að tillögur nefndarinnar miði að því að foreldrar geti verið virkir á vinnumarkaði þrátt fyrir veikindi barna þeirra þannig að koma megi í veg fyrir að þeir missi tengslin við vinnumarkaðinn. Er þess vegna talið mjög mikilvægt að foreldrar geti leitað til sjúkra- og styrktarsjóða stéttarféлага sinna á fyrstu mánuðunum. Nefndin telur enn fremur þýðingarmikið að starfsmenn mæti skilningi á vinnustað þegar börn veikjast alvarlega eða greinast fötluð. Tillögur nefndarinnar eru meðal annars byggðar á niðurstöðum könnunarinnar um aðstæður fjölskyldna langveikra barna. Samkvæmt þeim voru þeir foreldrar sem lögðu niður störf í kjölfar veikinda barnanna að meðaltali sex mánuði frá vinnu. Á þetta bæði við um mæður og fedur. Hins vegar benda niðurstöður könnunarinnar til þess að veikindi barna virðast koma verr niður á atvinnuþátttöku mæðra en fedra. Má því leiða að því líkur að úrbætur á þessu sviði komi til með að hafa meiri áhrif á stöðu mæðra langveikra eða

fatlaðra barna heldur en feður þeirra. Þó standa vonir til að tillögurnar hafi einnig jákvæð áhrif á stöðu feðranna í þessu sambandi þannig að foreldrar sjái sér frekar fært um að skipta með sér umönnun barna sinna.

Við endanlegan frágang málsins lét fulltrúi ASÍ bóka eftirfarandi:

Nú þegar kemur að því að nefndin ljúki störfum vil ég sem fulltrúi ASÍ láta eftirfarandi koma fram: Þessi niðurstaða sem nefndin er nú að skila af sér er mikilvægur áfangi á lengri leið til að tryggja stöðu foreldra langveikra barna þannig að ásættanlegt sé.

Það er hinsvegar mikilvægt að fram komi að þetta er áfangi á lengri leið þar sem sumir foreldrar þurfa að vera frá vinnumarkaði mun lengur en þessar niðurstöður ná til.

Í framhaldi af starfi framangreindrar nefndar var af hálfu félagsmálaráðherra samið lagafrumvarp sem lagt var fyrir Alþingi í árslok 2005. Frumvarpið var efnislega í samræmi við tillögur nefndarinnar og studdi ASÍ samþykkt þess með fyrirvara um þau ákvæði frumvarpsins sem sneru að því hvernig greiðslutímabil voru þrepuð inn á löngum tíma, þar sem gerðar voru alvarlegar athugasemdir.

Ný lög um greiðslur til foreldra langveikra barna voru afgreidd á Alþingi sl. vor og tóku gildi 1. júlí 2006.

## **Fræðsla og kynning**

Fræðsla er veigamikill þáttur í að fylgja eftir stefnu ASÍ í jafnrétti kvenna og karla. Því hefur verið lögð áhersla á að halda námskeið fyrir trúnaðarmenn og aðra talsmenn hreyfingarinnar þar sem áhersla er lögð á að efla vitund og skilning á mikilvægi jafnréttis og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins.

Kynning á málaflokknum felur í sér m.a. að setja fram upplýsingar í aðgengilegu formi, funda með sem flestum félagsmönnum og talsmönnum einstakra stéttarféлага, nýta fjölmiðla og ekki síst að ná til ungra kvenna og karla innan verkalýðshreyfingarinnar.

## **Lífeyrismál**

Verkefni Lífeyrisnefndar ASÍ á árinu hefur verið þrjúþætt. Í fyrsta lagi var í janúar óskað eftir upplýsingum frá þeim lífeyrissjóðum sem starfa á samningssviði ASÍ og SA um umfang og eðli byrði þeirra vegna greiðslu örorkulífeyris. Markmið þessarar gagnaöflunar var að leggja mat á umfang örorkunnar til þess að hægt yrði að leggja fram tillögur um skiptingu þeirra fjármuna sem samkomulag tókst um við ríkisstjórnina við endurskoðun kjarasamninga í nóvember 2005. Þegar engin svör höfðu borist í maí sl. var ákveðið að senda ítrekunarbréf og nú í byrjun október hafa engin svör enn borist. Ekki hefur því

verið hægt að móta neinar tillögur um skiptingu þessara fjármuna, en framlög hefjast í byrjun næsta árs.

Í öðru lagi lagði nefndin til við miðstjórn að Gylfi Arnbjörnsson tæki sæti í sérstakri nefnd forsætisráðherra um endurskoðun og samstillingu örorkubóta-kerfis almannatrygginga og lífeyrissjóðanna ásamt fyrirkomulagi endurhæfingar öryrkja. Hefur sú nefnd lagt talsverða vinnu í endurskoðun þessara mála og er tillagna að vænta á næstu vikum.

Í þriðja lagi hefur nefndin unnið að endurskoðun kjarasamninga ASÍ og SA um lífeyrismál frá 1969 og 1995 og lagt til talsverðar breytingar við atvinnurekendur. Á síðasta ári náðist samkomulag við SA um útfærslu réttinda þegar fólk fer á milli kerfa með jafna réttindaávinnslu og aldurstengda ávinnslu og verður það samkomulag fellt inn í þennan samning. Áætlað er að ljúka þessum viðræðum á næstu vikum.

## ***Vinnuvernd***

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa stöðugt mikilvægara hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og almenna líðan. Um leið liggur fyrir að áherslur á þessu sviði hafa tekið breytingum með aukinni þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem tengjast grundvallarþáttum varðandi öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Á undanförunum árum hefur athyglin í vaxandi mæli einnig beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og samskiptum á vinnustað.

Ný vinnuverndarlög sem samþykkt voru á Alþingi í mars 2003 endurspeglar nýja hugsun í vinnuverndarmálum. Í lögnum er mikil áhersla lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir með áhættumati á vinnustað og áætlunum um heilsuvernd starfsmanna, þar sem ábyrgð og skyldur atvinnurekenda eru settar fram með skýrum hætti. Þá eru komin inn mikilvæg ákvæði er varða félagslega og sálræna þætti vinnuumhverfis og vinnuverndar, þar sem sérstaklega er tekið á einelti á vinnustað og vörnum gegn því. Þessi atriði skipta mestu um vinnuverndarstarf á vinnustöðum og hagsmuni launafólks.

Á ársfundi ASÍ 2005 var samþykkt ítarleg stefna Alþýðusambandsins varðandi velferð launafólks á vinnustað og í vinnunni undir heitinu „Lífið í vinnunni“, þar sem tekið er á þeim málum sem mestu varða um stöðu og líðan launafólks í vinnunni. Ljóst er að vinnuvernd í víðasta skilningi skiptir þar megin máli, þótt fleiri þættir komi til.



## **Vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og „Lífið í vinnunni“**

Átak á grundvelli samþykktar ársfundar ASÍ 2005 um „Lífið í vinnunni“ sem samþykkt var að efna til í samstarfi við samtök atvinnurekenda og opinberra aðila hefur beðið þess að gefin yrði út ný reglugerð um vinnuverndarstarf í fyrirtækjum.

Vinna hófst á vettvangi stjórnar Vinnueftirlitsins við framangreinda reglugerð sem ætlað er að ná til allra þátta skipulags vinnuverndarstarfs í fyrirtækjum á árinu 2004. Skipaður var starfshópur fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og starfsmanna Vinnueftirlitsins til að vinna tillögur að reglugerð og skilaði hópurinn tillögum sínum til stjórnarinnar í byrjun árs 2006. Í reglugerðardrögunum er fjallað ítarlega um allt innra starf fyrirtækja að vinnuvernd og skipulagi þess, þ.m.t. það sem lýtur að áhættumati og aðgerðir í framhaldi af því og starfsemi öryggisnefnda, öryggisfulltrúa og öryggistrúnaðarmanna.

Stjórn Vinnueftirlitsins sendi félagsmálaráðherra tillögu að nýrri reglugerð sl. vor með ósk um að reglugerð yrði sett hið bráðasta. Það hafði ekki verið gert í lok september 2006 og er ljóst að enn mun átakið til að bæta gæði lífsins í vinnunni, sem Alþýðusambandið ætlar að standa fyrir, dragast í einhvern tíma.

## **Evrópsk vinnuverndarvika**

Evrópsk vinnuverndarvika árið 2006 verður að þessu sinni helguð ungu fólki á vinnumarkaðnum. Yfirskriftin er „Öruggr frá upphafi“. Fulltrúar ASÍ hafa tekið virkan þátt í undirbúningi vikunnar og munu fylgja því eftir þegar hún verður haldin seinni hluta október.

## **Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd**

Alþýðusamband Íslands á aðild að ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd, ásamt fulltrúum stjórnvalda og samtaka atvinnurekenda.

Á vettvangi ráðgjafarnefndarinnar er nú verið að fjalla um heildstæða endurskoðun á vinnuverndarlöggjöf á vettvangi Evrópusambandsins, með það að markmiði að gera hana einfaldari og skilvirkari.

## **Ábyrgðarsjóður launa**

Stjórn Ábyrgðarsjóðs launa lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er af félagsmálaráðherra til fjögurra ára í senn. Í stjórn sjóðsins eiga sæti Sævar Þór Sigurgeirsson formaður skipaður af ráðherra, Álfheiður M. Sívertsen f.h. Samtaka atvinnulífsins og Ingvar Sverrisson f.h. Alþýðusambands Íslands.

Samkvæmt ársreikningi Ábyrgðarsjóðs launa vegna 2005 voru tekjur af ábyrgðargjaldi 220 m.kr. og úthlutanir úr þrotabúum 70. m.kr. Gjöld voru hins vegar um 758. m.kr. og tekjuhalli sjóðsins á árinu því um 468 m.kr. Líkt og

undanfarin ár var tekjuhalla sjóðsins mætt með framlögum úr ríkissjóði með heimild í 3. mgr. 23. gr. laga 88/2003. Í árslok 2005 nam skuld Ábyrgðasjóðs launa við ríkissjóð 1.004,7 m.kr. og hafði versnað um 469,3 m.kr. á árinu. Eigið fé sjóðsins var neikvætt um 988 m.kr. í árslok 2005 og þrátt fyrir að ábyrgðargjaldsprósentan hafi, að tillögu stjórnar sjóðsins, verið hækkuð úr 0,04% af gjaldstofni í 0,1% mun það taka mörg ár að koma fjárhagsstöðu sjóðsins í viðunandi horf.

Samkvæmt d-lið 5. gr. laga nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa, njóta kröfur lífeyrissjóða vegna vangoldinna iðgjalda, sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir úrskurðardag eða frestingardag eftir atvikum, ábyrgðar sjóðsins. Ábyrgð sjóðsins takmarkast við 10% lágmarksiðgjald og allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd, sbr. 2. og 9. gr. l. 129/1997, og ákvæði í kjarasamningum. Í kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði 2004 var samið um hækkun í tveimur áföngum á framlagi atvinnurekanda í samtryggingarlífeyrissjóð; úr 6% af gjaldstofni í 7% frá og með 1. janúar 2005 og úr 7% í 8% frá og með 1. janúar 2007. Lágmarksiðgjaldið hækkaði því úr 10% í 11% þann 1. janúar sl. og verður komið í 12% þann 1. janúar 2007. Að óbreyttum lögum um Ábyrgðasjóð launa mun umsamið 2% viðbótagjald í samtryggingarlífeyrissjóð ekki njóta ábyrgðar sjóðsins með tilheyrandi réttindatapi fyrir sjóðsfélaga.

Fjármálaráðherra lagði fram á 132. löggjafarþingi frumvarp um breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, sbr. þskj. 427 — 371. mál. Var þar m.a. lögð til sú breyting á 1. gr. l. 129/1997 að í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 2. máls. l. mgr. 2. gr. laganna kæmi 12%. Var ákvæði frumvarpsins að þessu leyti rökstudd vísan til samninga aðila vinnumarkaðarins um hækkun á lágmarksiðgjaldinu. Að tillögu efnahags- og viðskiptanefndar var hins vegar ákveðið að fresta hækkun lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóða um 2%. Í skýringum fram-sögumanns nefndarinnar sagði að við umfjöllun málsins hefði komið fram að enn ætti eftir að ganga frá kjarasamningum við nokkra hópa. Taldi nefndin að ekki væri nauðsynlegt að gera umrædda breytingu að svo stöddu en lagði áherslu á að það yrði skoðað á næsta þingi.

Af hálfu fulltrúa ASÍ í stjórn Ábyrgðasjóðs launa hefur ítrekað verið bent á að ákvæði um ábyrgð sjóðsins á lágmarksiðgjöldum lífeyrissjóða verði að endurspegla ákvæði kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins um það efni. Stjórn Ábyrgðasjóðs launa sendi félagsmálaráðherra bréf í lok ágúst sl. þar sem honum var enn á ný gerð grein fyrir stöðu málsins. Er í bréfinu skorað á ráðherra að hann beiti sér fyrir því á komandi þingi að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á lögum nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa.

## ***Framkvæmd EES-samningsins***

Sá þáttur í starfi Alþýðusambands Íslands sem tengist Evrópusamvinnunni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er mikilvægur fyrir starfsemi ASÍ. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast með skýrustum hætti í þeim þætti starfsins sem snýr að undirbúningi og gildistöku tilskipana, samninga og reglna Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála hér á landi. Það er jafnframt ljóst að reglur á íslenskum vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem stefnt var að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Á árinu 2006 var gengið frá kjarasamningi milli ASÍ og SA um fjarvinnu, en með honum er gildistekinn hér á landi kjarasamningur aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um sama efni. Gerð er grein fyrir efni samningsins í þeim kafla skýrslunnar sem fjallar um kjarasamninga.

Ýmis viðfangsefni hafa komið upp varðandi framkvæmd EES samningsins á íslenskum vinnumarkaði. Fjallað er um nokkur þau helstu hér á eftir. Einnig vísast til kaflans um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði á öðrum stað í skýrslunni.

## **Samninganefndir vegna EES reglna**

Eins og áður hefur komið fram í skýrslu forseta ASÍ fyrir tímabilið 2001 til 2002 voru í desember 2001 samþykkt í miðstjórn ASÍ drög að samstarfssamningi aðildarfélaga ASÍ um gildistöku reglna sem ætlað er að hafa almenn réttaráhrif og sem gildisteknar eru með samningum aðila vinnumarkaðarins. Flest öll aðildarfélög ASÍ með þorra félagsmanna sambandsins hafa með formlegum hætti staðfest fyrir sitt leyti þennan samning með undirskrift hans.

Á grundvelli samstarfssamningsins hefur miðstjórn ASÍ staðfest reglur um málsmeðferð og framkvæmd mála á vettvangi Alþýðusambandsins.

Nú eru starfandi á vettvangi ASÍ samninganefndir um eftirtalda mála-flokka:

Tilskipun um upplýsingar og samráð

Tilskipun í vinnslu um útleigða starfsmenn

Reglur/tilskipun í undirbúningi um persónuvernd starfsmanna

Evrópusamning um varnir gegn vinnustreitu

Þessar samninganefndir hafa eðli málsins samkvæmt ólík verkefni, eftir stöðu hvers máls fyrir sig.

## ***Stækkun EES og opnun vinnumarkaðarins***

Fyrir Alþingi lá sl. vor að ákveða hvort halda ætti áfram að nýta aðlögunarheimildir vegna stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins árið 2004, og reyna þannig að takmarka fjölda þeirra launamanna sem kæmu inn á íslenskan vinnumarkað frá 8 nýjum aðildarríkjum EES í A-Evrópu. Það var tillaga ASÍ að farin yrði hin svokallaða „danska leið“ í þessum efnum, sem í reynd felur í sér mildasta form takmarkana. Á það var ekki fallist og var ákveðið að fella allar aðgangshindranir í gildi gagnvart íbúum þessara ríkja frá 1. maí 2006. Jafnframt féllst ríkisstjórnin á að sett yrði í gang vinna sem miðaði að því að styrkja íslenskan vinnumarkaði og treysta stöðu fólks af erlendum uppruna.

Í kaflanum um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði er fjallað nánar um þetta mál.

## **Upplýsingar og samráð**

Félagsmálaráðherra lagði fram á Alþingi síðasta vor frumvarp til laga um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum. Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði hér á landi ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002 um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins.

ASÍ og SA var á sínum tímið falið að semja um innleiðingu þessarar tilskipunar með kjarasamningi en þær viðræður báru ekki árangur.

Í frumvarpi félagsmálaráðherra er engu bætt við lágmarksákvæði tilskipunarinnar og má segja að frumvarpið sé lítið annað en þýðing á meginákvæðum hennar. Í umsögn ASÍ sem lögð var fram í maí sl. voru gerðar athugasemdir við fjölmörg atriði í frumvarpi ráðherra en það voru þó einkum þrjú atriði sem sérstök áhersla var lögð á. Í fyrsta lagi var gerður fyrirvari við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins þar sem lögð var til frestun á fullri gildistöku þess fram til 1. mars 2008. Í ákvæðinu segir að gildissvið laganna fram til 1. mars 2008 skuli takmarkast við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 100 starfsmenn. Eftir þann tíma muni reglurnar ná til fyrirtækja með að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn. Ákvæði frumvarpsins um frestun á fullri gildistöku er byggð á heimild í sérstöku bráðabirgðaákvæði í tilskipuninni. ASÍ mótmælti þeirri afstöðu félagsmálaráðherra að ástæða væri til að beita þessu bráðabirgðaákvæði. Um heimildarákvæði væri að ræða og aðildarríkjum því ekki skylt að beita því. Bent var á að ákvæðið um frestun á gildistöku væri fyrst og fremst hugsað fyrir þau aðildarríki sambandsins sem byggju við annars konar fyrirkomulag og hefðir í samskiptum launafólks og atvinnurekanda en þekkjast hér landi og var breskur vinnumarkaður sérstaklega nefndur í því sambandi. Sem mála-miðlun lagði ASÍ til að fullri gildistöku yrði frestað til 1. maí 2007 í stað 1.

mars 2008, en eftir þá dagsetningu tækju lögin til fyrirtækja þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn.

Í öðru lagi gerði ASÍ athugasemd við afmörkun á gildissviði frumvarpsins að teknu tilliti til starfsmannafjölda. Lögð var áhersla á að haga yrði gildistöku EES-tilskipana á sviði vinnuréttar þannig að hlutaðeigandi reglur næðu til alls launafólks á íslenskum vinnumarkaði, þ.e. taka yrði fullt tillit til aðstæðna á íslenskum vinnumarkaði hvað varðar meðalstarfsmannafjölda í fyrirtækjum. Í frumvarpinu væri miðað við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn. Tilskipun 2002/14/EB standi því hins vegar ekki í vegi að aðildarríki miði við lægri tölu en 50, jafnvel að miðað sé við fyrirtæki þar sem vinna a.m.k. 20 starfsmenn að jafnaði. Með því móti væru þær reglur sem tilskipunin geymir, og ekki aðeins reglurnar heldur jafnframt sú hugmyndafræði sem hún byggir á, innleiddar hér á landi að teknu tilliti til meðalstærðar íslenskra fyrirtækja. Yrði niðurstaðan hins vegar önnur væri verið að skipta íslensku launafólki í tvo hópa varðandi aðkomu þess að framkvæmd þessara reglna. Til samamburðar var bent á að skv. gildissvið danskra laga á þessu sviði væri miðað við fyrirtæki með a.m.k. 35 starfsmenn. Lagði ASÍ til í umsögn sinni til Alþingis að gildissvið laganna hvað varðar lágmarksfjölda starfsmanna skyldi koma til endurskoðunar fyrir árslok 2007.

Í þriðja lagi var gerð athugasemd við það að í frumvarpinu væri gert ráð fyrir þeim möguleika að aðilar vinnumarkaðarins semdu um frávik frá meginákvæðum þess að því tilskildu að markmiða laganna væri gætt. ASÍ lýsti yfir stuðningi við það fyrirkomulag að aðilum vinnumarkaðarins væri heimilt að semja um nánari fyrirkomulag og framkvæmd þessara reglna með kjarasamningum en alvarleg athugasemd var gerð við það að beinlínis væri gert ráð fyrir að í slíkum samningum væri vikið frá meginákvæðum tilskipunarinnar. Lagði ASÍ því til að lokaorð þessa ákvæðis yrðu felld brott.

Frumvarp félagsmálaráðherra hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi. Hann hefur hins vegar tilkynnt ASÍ um að hann hyggist leggja það fram í óbreyttri mynd á komandi löggjafarþingi 2006–2007.

### **Nefnd um endurskoðun laga um starfsmenn í hlutastörfum**

Nefndin er skipuð vegna endurskoðunar á undanþáguákvæði laga um starfsmenn í hlutastörfum og sem lúta að svokölluðum tímavinnustarfmönnum. ASÍ ásamt systursamtökum á opinberum markaði hefur lagt til að ákvæðin verði afnumin en störfum nefndarinnar er ekki lokið þegar ársfundur kemur saman. Nefndin kom saman til 4 formlegra funda á starfsárinu en einnig til óformlegra funda þess í milli.

## **Evrópukjarasamningar**

Einn rammisamningur sem gerður hefur verið á Evrópuvísu milli ETUC og UNICE, um vinnustreitu, bíður þess að verða hrint í framkvæmd með samningum aðila vinnumarkaðarins hér á landi. Frestur til að hrinda honum í framkvæmd er til 1. júlí 2007. Samningurinn hefur nú verið þýddur á íslensku fyrir tilstuðlan ASÍ og SA og er stefnt að því að ljúka viðræðum um gildistöku hans hér á landi fyrir lok árs 2006.

## **Vaxholm og Viking málin**

Tvö mál er bæði varða rétt og heimildir verkalýðshreyfingarinnar í Evrópu til kjarasamninga og aðgerða á vinnumarkaði, voru til meðferðar í dómstól Evrópusambandsins.

ASÍ fór þess á leit við íslensk stjórnvöld að þau skiluðu inn athugasemdum sínum til dómstólsins. Við þeirri ósk var orðið í málinu C-341/05, Laval and Partneri Ltd. gegn Svenska Byggnadsarbetareförbundet, Svenska Byggnadsarbetareförbundets og Svenska Elektrikerförbundet sem fjallaði um aðgerðir sænsku verkalýðshreyfingarinnar og ábyrgð á þeim. Í athugasemdum íslenska utanríkisráðuneytisins sagði m.a. að hvorki í reglum ES um frelsi í þjónustuviðskiptum, bann við mismunun og reglum um útsenda starfsmenn sé að finna takmarkanir á því að reglur gistiríkisins gildi um samskipti aðila á vinnumarkaði þ.m.t. um gerð kjarasamninga. Jafnframt sé gistiríkjunum heimilt að mæla fyrir um það að innlendir kjarasamningar gangi frammar kjarasamningum sem gerðir eru í sendiríkinu. Niðurlag athugasemda Íslands voru þessar: „Neither the rules of the EC Treaty on the freedom to provide services and the prohibition of discrimination on the grounds of nationality nor the provisions of Directive 96/71/EC of the European Parliament and of the Council of 16 December 1996 concerning the posting of workers, preclude trade unions in the host Member State to attempt by means of industrial actions to force a temporary provider of services established in another Member State to sign a collective agreement in respect of terms and conditions of employment of workers who are temporarily employed within their territory of the host Member State, provided that such industrial actions are lawful under the laws governing collective bargaining in the host Member State. Community law does not preclude Member States from giving precedence to collective agreements negotiated in the host Member State over collective agreements concluded in other Member States, for the purpose of defining the terms and conditions of employment of workers who are temporarily employed within their territory of the host Member State.“

Á óskir ASÍ um afskipti í Viking málinu C-438/05 var ekki fallist af hálfu stjórnvalda. Það mál fjallaði um rétt verkalýðshreyfingarinnar finnsku til þess að beita þvingunarúrræðum gagnvart finnskri útgerð sem hugðist flagga ferju

sem gengur milli Eistlands og Finnlands, frá Finnlandi til Eistlands. Ekki stóð til að um eigendaskipti yrði að ræða en finnsku áhöfninni skyldi skipt út fyrir eistneska á öðrum og lakari kjörum. Um er að ræða svipaðan ágreining og í Vaxholm málinu.

### ***Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði***

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hafa mikið verið til umfjöllunar á vettvangi ASÍ á undanförunum misserum og árum. Fyrir því eru margvíslegar ástæður.

Í fyrsta lagi má nefna að útlendingum á íslenskum vinnumarkaði fjölgað mikið á síðustu árum. Er áætlað að erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði séu a.m.k. 11.000 talsins, eða um 7% af öllu vinnuafli í landinu. Þá er áætlað að fólk af erlendum uppruna á vinnumarkaði sé hátt í 30.000 talsins.

Í annan stað hefur ágreinings- og átakamálum fjölgað. Upphaflega tengdist þessi þróun einkum framkvæmdunum á Kárahnjúkum og samskiptum verkalyðshreyfingarinnar og fleiri aðila við ítalska verktakafyrirtækið Impregilo. Síðan hefur starfsemi fyrirtækja, einkum í byggingariðnaði og mannvirkjagerð vítt og breitt um landið, sem nýtt hafa sér starfskrafta vaxandi fjölda erlends verkafólks skapað margvísleg vandamál og ágreining. Þetta á sérstaklega við um fyrirtæki, bæði erlend og innlend, sem gefa sig út fyrir að vera starfsmannaleigur, en einnig önnur erlend fyrirtæki sem starfa hér á landi sem þjónustuveitendur. Fjöldmörg atriði hafa komið upp í þessu sambandi, en flest tengjast þau meintri misnotkun fyrirtækja á erlendu verkafólki með brotum á kjarasamningum og lögum, skattaundanskotum og annarri vafasamri eða beinlínis ólöglegri framkvæmd.

Ljóst er að þau álitafni og ágreiningsmál sem komið hafa upp varðandi þessa starfsemi tengjast einnig með beinum hætti stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og framkvæmd EES samningsins, enda í flestum tilfellum tengd fyrirtækjum og verkafólki frá nýju aðildarríkjum EES.

Af hálfu Alþýðusambandsins hefur verið lögð mikil vinna í þennan málaflökk á síðustu árum með það að markmiði að styrkja íslenskan vinnumarkað og treysta réttindi og stöðu þeirra útlendinga sem koma hingað til starfa um lengri eða skemmri tíma.

Hér á eftir er fjallað um það helsta sem hefur verið að gerast á þessu sviði á árinu á vettvangi ASÍ og í starfi sambandsins.

### **„Einn réttur – Ekkert svindl“**

Aðgerðir verkalyðshreyfingarinnar 1. maí 2005 voru undir yfirskriftinni „Einn réttur – ekkert svindl“ og vísuðu þar til átaksins gegn félagslegum undirboðum og svartri atvinnustarfsemi með erlent verkafólk sem formlega var hrundið af

stað með blaðamannafundi 2. maí. Áður hafði átakið verið kynnt víða í stjórnkerfinu og meðal stjórnámálanna til að afla stuðnings og samstarfs um málið. Slíkri kynningu var síðan haldið áfram eftir að átakið hafði verið sett í loftið.

Í kynningu um átakið kom m.a. fram að markmið átaksins er að verja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir allt launafólk.

Átakið **beinist gegn** þeim atvinnurekendum sem misnota erlent verkafólk og skapa sér þannig forskot í samkeppni.

Átakið **beinist ekki gegn** erlendu verkafólki sem komið hefur hingað til lands í góðri trú.

Átakið miðar að því að ljósra upp um og uppræta félagsleg undirboð og ólöglega atvinnustarfsemi með erlendu verkafólki á íslenskum vinnumarkaði.

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að:

**Það tapa allir** á félagslegum undirboðum og ólöglegri atvinnustarfsemi með erlendu verkafólki

**Útlendingarnir tapa** af því þeir eru hlunnfarnir um laun, starfskjör og aðbúnað.

**Launafólk allt tapar** af því að félagsleg undirboð grafa undan kjörum og réttindum á vinnumarkaði.

**Fyrirtækin tapa** af því að félagsleg undirboð grafa undan samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem fara að leikreglum og eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi.

**Samfélagið í heild tapar** af því að félagsleg undirboð grafa undan velferðarkerfinu og því samfélagi sem við höfum byggt upp saman.

Tveir starfsmenn vinna að átakinu á skrifstofu ASÍ. Þeir munu taka við og fylgja eftir upplýsingum um meint félagsleg undirboð og svarta atvinnustarfsemi.

**Áhersla er lögð á að:**

- Upplýsa erlenda verkafólkið um réttindi sín með útgáfu upplýsingarits á 10 tungumálum.
- Upplýsa atvinnurekendur sem hyggjast ráða erlent verkafólk um skyldur sínar og hvernig þeir geti hagað sínum málum í sátt við verkalýðshreyfinguna.
- Upplýsa íslenskt launafólk og allan almenning um mikilvægi þess að uppræta félagsleg undirboð og svarta atvinnustarfsemi.
- Koma upplýsingum um meint brot til stjórnvalda og eftirlitsstofnana. Einnig hefur verið gefið út upplýsingarit ætlað atvinnurekendum og íslenskum starfsmönnum.

Þá er með átakinu lögð áhersla á að fyrirtæki ráði frekar erlenda starfsmenn



beint en í gegnum starfsmannaleigur og fylgi íslenskum kjarasamningum og lögum.

### **Átakinu haldið áfram**

Á fundi formanna landssambanda og stærstu aðildarfélaganna ASÍ 12. janúar 2006 var ákveðið að halda áfram fram á vor verkefninu „Einn réttur – Ekkert svindl“ á vettvangi ASÍ í samstarfi við landssamböndin og aðildarfélögin. Jafnframt var stýrihóp fulltrúa ASÍ, landssambandanna og stærstu aðildarfélaganna falið að gera tillögur um það á hvaða þætti áhersla yrði lögð varðandi rekstur verkefnisins og hvernig að þeim verður unnið.

Af hálfu stýrihópsins var lögð áhersla á eftirfarandi:

Mikilvægt er að þróunin verði sú að almennt eftirlit með kjörum útlendinga á íslenskum vinnumarkaði verði í framtíðinni borið uppi af aðildarfélagunum og samböndum ASÍ. Auk þess að sinna áfram eftirliti og vinna úr álit- og ágreiningsmálum í nánú samstarfi við aðildarfélögin og samböndin er mikilvægt að nota tímabilið fram á sumar til að draga saman reynsluna af átakinu hvað varðar eftirlit með kjörum erlendra starfsmanna og hvernig bregðast eigi við ef grunur er um að verið sé að brjóta á þeim.

1. Lagt var til að starfsmenn átaksins taki saman í samráði við stýrihópinn upplýsingar /leiðbeiningar/ verklagsreglur, ásamt viðeigandi gögnum sem aðildarfélögin/aðildarsamböndin geti stuðst við hvað varðar eftirlit og viðbrögð ef grunur er um að erlendir starfsmenn njóti ekki viðeigandi kjara eða réttinda. Þetta efni verði sett á innri vef ASÍ sem verið er að smíða með aðgengi aðildarfélaganna/sambandanna. Frumútgáfa af þessum gögnum liggja fyrir í síðasta lagi fyrir 1. maí nk.
2. Mikilvægt er að vinna reglur um samstarf stéttarféлага/sambanda þar sem félagssvæði skarast, hvort heldur um er að ræða skörun milli féлага/sambanda innan sömu starfs- eða atvinnugreinar eða skörun á landfræðilegum grunni. Markmiðið er að eftirlit með kjörum útlendinga og málafylgja verði öflugra og markvissara.
  - Lagt var til að starfsmenn átaksins ásamt fulltrúum úr stýrihópnum vinni sameiginlega að verklagsreglum um aðkomu og samstarf vegna vinnustaðaeftirlits og eftirfylgni. Slíkar verklagsreglur verði tilbúnar fyrir lok apríl nk.
3. Áfram verði unnið að útgáfu upplýsingaefnis fyrir fyrirtæki (innlend og erlend) sem eru með útlenda starfsmenn um réttindi þeirra og skyldur. Leitað verði samstarfs við SA, félagsmálaráðuneytið og viðkomandi stjórnvaldsstofnanir um slíka útgáfu eftir því sem við á. Þá verði skoðað með frekar upplýsingamiðlun til erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði og sérstaklega verið kannaðir möguleikar á samstarfi við stjórnvöld, Alþjóðahús og Fjölmenningssetrið á Vestfjörðum.

Á framangreindum grunni hefur verið unnið og var sl. vor sent út kynningar og leiðbeiningarefni fyrir aðildarsamtök ASÍ og starfsmanna þeirra, byggt á reynslu starfsmanna átaksins og annarra sem að málinu hafa komið á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar. Þá hefur verið skipulagt sérstakt námskeið byggt á þessari reynslu sem haldið verður í samræmi við óskir aðildarfélaganna.

### **Greinargerð starfsmanna átaksins „Einn réttur – ekkert svindl“**

Þegar átakan Einn réttur var hleypt af stokkunum af miðstjórn ASÍ, var ákveðið að skipa sérstakan stýrihóp frá aðildarfélögum ASÍ sem skyldi móta þá aðferðafræði sem beita átti til að gera verkefnið sýnilegt út á vinnustöðum.

Stýrihópurinn markaði þá stefnu í upphafi að mynda samstarf á milli félaga innan ASÍ á þeim svæðum á landinu þar sem mestur fjöldi erlendra starfsmanna var fyrir. Starfsmönnum verkefnisins á skrifstofu ASÍ sem fylgja áttu verkefninu eftir höfðu það hlutverk að koma á samstarfi milli félaganna og veita þeim þær upplýsingar og aðstoð sem óskað var eftir. Myndaðir voru samstarfshópar á milli félaganna á Eyjafjarðarsvæðinu, Austfjörðum og á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru veitt 3.965 ný atvinnuleyfi og 1.569 atvinnuleyfi framlengd á árinu 2005. Á þessu tímabili fjölgaði vinnustöðum um 344 þar sem starfsmenn með atvinnuleyfi hófu störf á. Alls komu starfsmenn inn á íslenskan vinnumarkað frá 36 þjóðlöndum sem þurftu atvinnuleyfi. Til viðbótar við þennan fjölda er áætlað að 2.960 starfsmenn hafi starfað hér á landi á síðasta ári frá gömlu aðildarríkjum EES samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Ef miðað er við ríkisfang þeirra sem komu til starfa hér á landi með atvinnuleyfi, þá komu flestir frá Póllandi, Kína og Litháen eða sem nemur 61%. Af þeim sem komu frá gömlu löndunum innan EES komu flestir frá Danmörku, Portúgal og Þýskalandi eða sem nemur 53%.

Mestur fjöldi erlendra starfsmanna var á Austfjörðum í störfum við virkjana- og stóriðjuframkvæmdir sem þar hafa staðið yfir. Næst fjölmennasta byggðarlagið sem tók á móti erlendum starfsmönnum var höfuðborgarsvæðið. Á því svæði störfuðu flestir í byggingavinnu, hótél – og veitingahúsum og verslunar- og þjónustustörfum.

Á Austurlandi voru aðstæður þannig að mestur fjöldi erlendra starfsmanna var á tveimur stórum vinnustöðum, við Kárahnjúka og á Reyðarfirði. Við Kárahnjúka hefur Oddur Friðriksson aðaltrúnaðarmaður sinnt þjónustu við erlenda sem og íslenska starfsmenn á svæðinu. Til að þjónusta íslenska og erlenda starfsmenn við framkvæmdirnar á Reyðarfirði réðu AFL, Stéttarfélag Austurlands og Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar sameiginlegan starfsmann, Rögnu Hreinsdóttur til verksins.

Á höfuðborgarsvæðinu voru vinnustaðirnir mun fjölmennari og dreifðari. Til að ná til sem flestra vinnustaða voru myndaðir samstarfshópar á milli þeirra félaga sem starfa á höfuðborgarsvæðinu og hafa félagsmenn í þeim starfsgreinum þar sem fjöldi erlendra starfsmanna er mestur. Hópurinn var myndaður af starfsmönnum frá Eflingu, Trésmíðafélagi Reykjavíkur, Hlíf, FIT, Félagi járníðnaðarmanna, RSÍ, MATVÍS og VR. Hóparnir skiptu sér upp eftir starfsgreinum. Þannig voru myndaðir hópar sem heimsóttu byggingavinnustaði, hótél – og veitingahús og verslunar – og þjónustufyrirtæki. Á öllum vinnustöðum sem heimsóttir voru var lögð áhersla á að setja sig í samband við forsvarsmenn fyrirtækjanna ef þess var kostur, ásamt því að ná tali af íslensku og erlendu starfsmönnum. Upplýsingum sem tilheyrðu hverjum hópi fyrir sig var komið á framfæri, þar sem fram komu helstu atriði sem verkalýðshreyfingin vildi koma á framfæri. Þannig fengu fulltrúar atvinnurekenda upplýsingabækling um helstu atriði þess hvernig standa ætti að ráðningu erlendra starfsmanna, bæði innan og utan EES með atvinnuleyfi eða án þess. Íslenskir og erlendir starfsmenn fengu upplýsingabækling um helstu atriði er varða réttindi og skyldur á vinnumarkaði ásamt sérákvæðum um erlenda starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði. Bæklingar eru til á íslensku en hafa einnig verið þýddir til viðbótar á 10 tungumál.

Alls voru heimsóttir 125 vinnustaðir, í sumum tilfellum þurfti að koma oftar en einu sinni á vinnustaði vegna fjölda starfsmanna. Flestir vinnustaðir voru í byggingariðnaði, bæði á nýbyggingarstöðum og við endurbætur á eldri húsum. Þar á eftir komu hótél – og veitingahús og svo verslanir og þjónustufyrirtæki.

Í flestum tilfellum var heimsóknum vel tekið bæði af hálfu forsvarsmanna fyrirtækjanna sem og starfsmanna. Áberandi var hvað íslenskum starfsmönnum þótti framtakið mikilvægt þar sem erlendu starfsmennirnir fengu meginupplýsingar um rétt sinn og skyldur á íslenskum vinnumarkaði á sínu móðurmáli. Ásamt því að fá grunnupplýsingar um launakjör í viðkomandi starfsgrein.

Áberandi var hvað launakjör starfsmanna voru mismunandi. Þeir erlendu starfsmenn sem komu frá gömlu ríkjunum innan EES höfðu í flestum tilfellum laun sem voru í samræmi við íslenska starfsmenn í viðkomandi starfsgrein. En þeir erlendu starfsmenn sem komu frá nýju aðildarríkjum EES voru í flestum tilfellum á lágmarkslaunum.

Annað atriði sem var mjög áberandi var vanþekking meðal erlendra starfsmanna sem komu frá nýju aðildarríkjunum og unnu við fagstörf. Að fagrétindi þeirra frá sínu heimalandi gætu gilt hér á landi við samskonar störf, hvað þá að það gæti leitt til hærri grunnlauna. Af þeim sökum höfðu fæstir þeirra meðferðis viðurkenningarskjöl til staðfestingar á sínum fagrétindum. Breytti

þar engu um hvort starfsmenn voru ráðnir beint til fyrirtækjanna, hjá starfsmannaleigum eða væru að störfum á grundvelli þjónustuviðskipta.

Greinilegt er að meginástæðan er upplýsingaskortur og vanþekking starfsmanna á hinum sameiginlega EES vinnumarkaði, en ekki síður á eðli og uppbyggingu þess íslenska.

Ekki er hægt að gera þá kröfu að það sé eingöngu í verkahring íslenskrar verkalýðshreyfingar að veita þessar upplýsingar. Ríkisvaldið verður einnig að koma að þessu verki ásamt því að sjá til þess að þessir einstaklingar hafi aðgang að ísl. heilbrigðis- og velferðarkerfi. Samtök atvinnurekenda geta heldur ekki fríað sig frá ábyrgð í þessu máli. Á það bæði við um það hvernig staðið er að ráðningu starfsmanna, en ekki síður að sjá til þess að erlendir stafsmenn fái sambærileg kjör og ísl. ríkisborgarar. Og að þekking þeirra og sérhæfni sé viðurkennd á sama máta og um íslenskan starfsmann væri að ræða.

Íslenskur vinnumarkaður byggir á því að hver og einn einstaklingur sem þar starfar afli sér upplýsinga um rétt sinn og stöðu. Gengið er út frá þeirri meginreglu að gerður sé ráðningarsamningur milli launamanns og atvinnurekenda sem taki mið af kjarasamningum og lögum sem gilda á ísl. vinnumarkaði. Ábyrgðin er alfarið sett yfir á þá sem gera samninginn. Íslenskur ríkisborgari getur aflað sér upplýsinga um sinn rétt og sína stöðu hjá verkalýðsfélagi, trúnaðarmanni á vinnustað eða á þar til gerðum upplýsingavefjum. Því er hins vegar ekki þann háttað þegar um er að ræða erlenda ríkisborgara sem koma frá nýju aðildarríkjum EES. Þeir koma frá löndum sem hafa haft aðra uppbyggingu á sínum vinnumarkaði. Þar sem launamyndum er með öðrum hætti og viðvarandi atvinnuleysi hefur verið án atvinnuleysisbóta í mörgum tilfellum.

Þó svo að eitthvað dragi úr fjölda erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði þegar mannvirkjagerð dregst saman er ljóst að inn á íslenskan vinnumarkað eru komnir erlendir ríkisborgarar til frambúðar. Áætla má að fjöldi þeirra verði á bilinu 6 til 7.000 einstaklingar að jafnaði. Til viðbótar við þann fjölda koma svo makar og börn.

Íslensk verkalýðshreyfing verðu því að fara í markvissar aðgerðir til að veita erlendum ríkisborgurum sem sækja sér atvinnu hér á landi, upplýsingar og aðstoð við að aðlaga sig að þeim leikreglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

Jafnframt því þarf að hafa uppi markvissa fræðslu um hlutverk og uppbyggingu ísl. verkalýðshreyfingar þar sem meginhluti þeirra erlendu ríkisborgara sem hingað koma, koma frá þjóðlöndum þar sem samfélagslegt hlutverk og staða verkalýðshreyfingarinnar er önnur en hér á landi.

Verkalýðshreyfingin er sá aðili sem á að beita sér fyrir því að erlendir ríkisborgarar eigi þess kost að aðlaga sig að íslensku samfélagi. Með því að eiga þess kost að geta stundað íslenskunám á vinnutíma án launaskerðingar.

Verkalýðshreyfingin verður að fylgja þeirri kröfu eftir við stjórnvöld til að koma í veg fyrir að erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði verði ekki einangraður hópur sem á ekki möguleika á framþróun og menntun innan samfélagsins.

Eins og íslensk verkalýðshreyfing hefur beitt sér á öflugan hátt til að auka möguleika sinna félagsmanna til almennrar og sérhæfðra menntunar, verður hún að beita sér sérstaklega fyrir markvissri menntun og aðlögun erlendra ríkisborgara að íslensku samfélagi.

### **Framkvæmd sammings ASÍ og SA um málefni útlendinga**

7. mars 2004 var undirritað samkomulag á milli ASÍ og SA um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, þar sem fjallað er um rétt trúnaðarmanna og fulltrúa stéttarféлага til að fá upplýsingar hjá fyrirtækjum um laun og starfskjör og starfsréttindi erlendra starfsmanna sem hjá þeim starfa. Jafnframt er að finna ákvæði um sérstaka samráðsnefnd ASÍ og SA sem hægt er að vísa málum til ef þörf krefur. Samráðsnefndin skal leitast við að upplýsa mál og leiða ágreining til lykta með viðræðum sín á milli. Efni samkomulagsins er birt í heild sinni í skýrslu forseta ASÍ fyrir árið 2004.

Samráðsnefndin kom saman til síns fyrsta fundar 24. júní 2005. Hún hefur alls fengið 11 mál til skoðunar og var því síðasta vísað til hennar í byrjun desember 2005. Nokkur árangur varð af afskiptum hennar í 3 málum, auk þess sem einhver mál voru leyst af deiluaðilum eftir að þeim var vísað til nefndarinnar og reyndi því ekki á afskipti hennar.

Það er ljóst að mati fulltrúa ASÍ í samráðsnefndinni að möguleikar hennar til að upplýsa mál eða leysa eru miklum takmörkunum háðir við óbreyttar aðstæður, einkum og sér í lagi þegar kemur að starfsemi starfsmannaleiga og annarra erlendra þjónustuveitenda hér á landi. Reynsla af starfi samráðsnefndarinnar eru því enn ein rökin fyrir mikilvægi þess að treysta regluverk á íslenskum vinnumarkaði og gera það allt skilvirkara.

### **Starfshópur um starfsmannaleigur og lagasetningu**

Miðstjórn skipaði þann 16. júní 2004 í þriggja manna starfshóp félagsmálaráðherra sem ætlað er að fjalla um stöðu starfsmannaleiga á íslenskum vinnumarkaði. Starf nefndarinnar fór hægt af stað og það var ekki fyrr en haustið 2005 sem verulegur skriður komst á störf nefndarinnar. Þá var myndaður starfshópur fulltrúa allra landssambanda til þess að vinna með fulltrúa ASÍ í nefndinni. Í lok september skilaði ASÍ inn ýtarlegri úttekt á lagaumhverfi starfsmannaleiga í Evrópu og undir lok október sérstökum áherslum sambandsins en þá voru viðræður hafnar vegna endurskoðunar kjarasamninga.

ASÍ lagði áherslu á að við stefnumótun og lagasetningu yrði haft að leiðarljósi:

- Að meginregla íslensk vinnumarkaðar verði áfram sú, að starfsmenn standi í beinu vinnuréttarlegu sambandi við þá atvinnurekendur sem njóta vinnuafls þeirra.
- Að þegar vikið sé frá ofangreindri meginreglu með þríhliða vinnuréttarsambandi starfsmanns, starfsmannaleigu og notendafyrirtækis sé tryggt að slíkir samningar grafi ekki undan fyrrgreindri meginreglu vinnumarkaðarins, veiki ekki félagsleg réttindi starfsmanna og flæki ekki eða dragi ekki úr skyldum atvinnurekanda og aðila vinnumarkaðarins.
- Að tryggt sé að starfsmönnum starfsmannaleigufyrirtækja sé ekki mismunad samborið við starfsmenn í beinu ráðningarsambandi við notendafyrirtækið.
- Að tryggt sé, að samkeppnisstöðu fyrirtækja sem kjósa að semja beint við sitt vinnuafll og þeirra sem kjósa eða þurfa um stundarsakir að nota útleigt vinnuafll sé ekki raskað.
- Að þær starfsmannaleigur sem eiga staðfestu utan Íslands en á EES séu sýnilegar innan stjórnsýslunnar með sama hætti og innlendar starfsmannaleigur. Því markmiði verður ekki náð án skilyrða um starfsleyfi eða annarskonar skráningu á starfsemi hér á landi.
- Að tryggður verði ákveðinn jöfnuður milli þeirra erlendu fyrirtækja sem hingað senda starfsmenn sína tímabundið og þeirra sem leigja hingað starfsmenn.

Í framhaldinu gerði ASÍ kröfu um tiltekna ráðstafanir stjórnvalda. Flestar náðu fram að ganga og birtast aðallega í lögum nr. 139/2005 frá 20.12 sem sát komst á um í starfshópnum, en upp úr stóð að ekki voru settar reglur um ábyrgð notendafyrirtækja. Meirihluti starfshóps formanna landssambandanna og miðstjórnar mátu stöðuna þannig að lengra yrði ekki komist að sinni. Kröfur ASÍ og viðbrögð við þeim voru eftirfarandi:

**„Lagasetning.** Sett verði sérstök lög um starfsemi starfsmannaleigufyrirtækja. Slík lagasetning byggji á þeim meginþáttum sem að ofan greinir. Um þau sjónarmið er ekki ágreiningur milli aðila vinnumarkaðarins eða við stjórnvöld. Stjórnvöldum ber einnig að virða þá grundvallarreglu að vinnuafll skuli ekki lúta sömu reglum og gilda um vöru og þjónustu og sem Ísland hefur m.a. gengist undir með aðild sinni að Alþjóðavinnuárástofnuninni. Sérstök, einföld og skýr lagasetning undirstrikar þær skyldur ásamt með því að auðvelda erlendu vinnuafli starfsmannaleigufyrirtækja innkomu á íslenskan vinnumarkað og einfaldar erlendum fyrirtækjum sem huga að starfsemi hér á landi að hrinda þeim áformum sínum í framkvæmd. (Þetta markmið ASÍ náðist.)

**Bann við mismunun.** Lögin kveði skýrt á um bann við mismunun gagnvart starfsmönnum starfsmannaleigufyrirtækja samanborið við fasta starfsmenn notendafyrirtækisins nema slík mismunun verði réttlætt á grundvelli hlutlægra ástæðna. Slíkt bann undirstriki jafnframt skuldbindingargildi viðeigandi kjarasamninga. (Þetta markmið náðist að hluta með styrkingu á ákvæðum laga 54/2001 um skilgreiningu launahugtaksins.)

**Starfsleyfi eða annarskonar skráning.** Lögin geymi hefðbundin skilyrði sem lúta að rekstrarformi, hæfi forsvarsmanna, upplýsingaskyldu gagnvart stjórnvöldum o.fl. (Þetta markmið náðist þ.a. mælt fyrir um skráningu og aðgerðaheimildir VMST og lögreglu.)

**Afleysingar.** Í lögnum sé undirstrikað það meginsjónarmið að um afleysingapjónustu sé að ræða sem komi til m.a. vegna lög- eða samningsbundinna leyfa fastra starfsmanna eða skyndilegrar eftirspurnar eftir vinnuafli vegna tímabundinna verkefna. Starfstími hjá hverju notendafyrirtæki sé þannig að jafnaði ekki umfram 6 mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili nema sérstakar hlutlægar ástæður réttlæti annað. (Þetta markmið náðist ekki.)

**Uppsögn/endurráðning.** Að uppsagnir fastra starfsmanna séu óheimilar ef tilgangurinn sé að ráða sömu starfsmenn eða aðra í gegnum starfsmannaleigu. (Þetta markmið náðist.)

Gjaldtaka. Öll gjaldtaka af starfsmönnum verði bönnuð. (Þetta markmið náðist.)

**Samkeppnisákvæði.** Óheimilt verði að banna starfsmönnum að segja upp starfi sínu og/eða að ráða sig beint hjá notendafyrirtæki að loknu starfstímabili. (Þetta markmið náðist.)

**Skriflegir ráðningarsamningar.** Ráðningarsamningar milli starfsmannaleigu og starfsmanna séu skriflegir og uppfylli skilyrði tilskipunar 91/533/EBE. Jafnframt verði kveðið á um upplýsingaskyldu gagnvart starfsmanni vegna hvers verkefnis sem hann er sendur í. (Þetta markmið náðist.)

**Upplýsingaskylda gagnvart stjórnvöldum.** Í samningum starfsmannaleigu og starfsmanna og milli starfsmannaleigu og notendafyrirtækis er höndlað um vinnuafli og mikilvægar skyldur gagnvart því og stjórnvöldum. Vegna þeirra mikilvægu og viðkvæmu hagsmuna sé tryggt, að öllum hlutaðeigandi sé skylt að veita stjórnvöldum upplýsingar um samninga sína og kjör starfsmanna. (Þetta markmið náðist.)

**Erlendar starfsmannaleigur.** Sömu reglur gildi um innlendar og erlendar starfsmannaleigur. Sérstakra ákvæða er þó þörf vegna erlendra starfsmanna starfsmannaleigufyrirtækja, hvort sem þær hafa staðfestu hér á landi eða annarsstaðar á EES svæðinu. Nauðsynlegt er því að tilkynnt sé sérstaklega um erlenda starfsmenn starfsmannaleigufyrirtækja, nöfn, fjölda, atvinnugrein, starfstíma, starfsréttindi o.fl. auk þess sem nauðsynlegt er að erlend starfs-

mannaleiga hafi hér á landi umboðs- eða talsmann í stöðumboði gagnvart stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins. ( Þetta náðist.)

**Ábyrgð notendafyrirtækja.** Lögakveðið verði að notendafyrirtæki hér á landi beri ábyrgð á þeim kröfum starfsmanna starfsmannaleigufyrirtækja á hendur starfsmannaleigunni, sem stofnast í og vegna starfa starfsmannanna hjá notendafyrirtækinu. Með því verði tryggt að notendafyrirtækið nýti sér ekki þjónustu starfsmannaleigufyrirtækja í þeim tilgangi að skjóta sér undan kröfum sem þau að jafnaði bera gagnvart eigin starfsmönnum. (Þetta markmið náði ekki fram að ganga.)

**Aðrar lagabreytingar.** Ákvæði 1. tl. 1.mgr. 3.gr. 54/2001 verði breytt og síðasti hluti þessa tölulíðs sem hljóðar svo „.....að því er varðar lágmarkslaun, yfirvinnugreiðslur, réttindi til orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarkshvildartíma.“ verði felldur niður þar sem orðlagið hefur verið mistúlkað á þann veg að lögin feli í sér tæmandi talningu réttinda meðan tilgangur ákvæðisins er að tryggja almenna vísun til lágmarksréttinda skv. kjarasamningum. Breyting þessi stangast ekki á við tilskipun 96/71/EB sbr. 7.mgr. 3.gr. hennar. (Náðist að hluta þ.e. launahugtakið lagfært.)

Þegar þessi sama tilskipun var innleidd þótti ekki nauðsynlegt að kveða skýrt á um flutnings- og upphaldskostnað útsendra starfsmanna sem atvinnurekandi ber. Eftir innleiðingu hefur hins vegar komið í ljós misbrestur á því og er lagt til að 2.ml. 7.mgr. 3.gr. tilskipunarinnar verði innleiddur með eftirfarandi ákvæði: „Atvinnurekanda sem fellur undir gildissvið laga þessara, sbr. 2. gr., er óheimilt að reikna greiðslur vegna kostnaðar sem hann hefur lagt út fyrir vegna ferða starfsmanns, gistingar og upphalds hans, inn í kröfu hans um lágmarkslaun skv. 1. tölulíð 3. gr.“ (Þetta náðist.)

## **Frjáls för launafólks og nýju aðildarríkin**

Málefni útlendinga á vinnumarkaði og staða þeirra voru ítrekað til umfjöllunar á vettvangi miðstjórnar ASÍ á tímabilinu. Þessi umræða tengdist mjög mál-efnum launafólks frá nýju aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins í A-Evrópu, einkum Póllandi og Eystrasaltsríkjunum, enda er þorri erlends verkafólks sem komið hefur á íslenskan vinnumarkað síðastliðin ár frá þessum ríkjum. Það var því eðlilegt að umræðan mundi tengjast beint og óbeint mögulegri framlengingu aðlögunarfrestsins vegna opunar vinnumarkaðarins gagnvart íbúum þessara ríkja. Aðlögunarfresturinn átti að renna út 1. maí 2006, en jafnframt var heimild til að framlengja hann um allt að tvö ár til viðbótar, ef ákvörðun yrði tekin um slíkt.

Miðstjórn ASÍ fjallaði um þetta mál ítrekað á fundum sínum í febrúar og mars sl. Af því tilefni var lagt fram minnisblað um efni málsins og aðdraganda, þar sem sett var fram greining á stöðunni og afstaða sambandsins skýrð.



En þar var m.a. lagt til að aðlögunarfresturinn yrði nýttur í allt að 2 ár til viðbótar með því að fara svokallaða „danska leið“ og tíminn nýttur til að styrkja vinnumarkaðinn enn frekar og búa hann undir frjálsa för launafólks frá ríkjum gömlu A-Evrópu. Minnisblaðið fylgir hér á eftir.

## **Stækkun EES og frjáls för launafólks 1. maí 2006 – Hvað vill ASÍ? Minnisblað 20. mars 2006**

Fyrir aðildarríkjum ESB/EES, þ.m.t. Íslandi, liggur að taka verður afstöðu til þess fyrir 1. maí nk. hvort nýta á aðlögunarfrestinn vegna frjálsrar farar launafólks frá 8 af 10 nýjum aðildarríkjum ESB/EES í allt að þrjú ár til viðbótar.

Hér að neðan er að finna áherslur Alþýðusambands Íslands hvað varðar afstöðu til frestunar á frjálsri för og aðra þætti sem ASÍ telur nauðsynlegt að taka samhliða afstöðu til þátttöku erlends launafólks á íslenskum vinnumarkaði.

### ***Staðan hér á landi***

#### *Þjónustusamningar og starfsmannaleigur*

Þegar metið er hvaða áhrif stækkun ESB og hnattvæðingin almennt hefur haft á íslenskan vinnumarkað er ljóst að stærstu vandamálin og lögbrotin sem komið hafa upp hafa ekki tengst launafólki frá nýju aðildarríkjunum sem komið hefur til starfa hér á landi í beint ráðningarsamband við fyrirtæki sem hér hafa staðfestu. Þá er ljóst að regluramminn er skýrastur hvað varðar það fyrirkomulag ráðningar, þar sem kjarasamningar og lög nr. 55/1980 gilda ótvírætt og án undantekninga. Þar með er ekki sagt að ekki hafa skapast vandamál vegna starfsfólks í beinni ráðningu, en þau eru af öðrum toga eins og kemur fram síðar.

Þau vandamál sem einkum hafa komið upp og tengjast íbúum nýju aðildarríkjanna eru bundin ýmiss konar þjónustustarfsemi, starfsmannaleigum og annarri þjónustustarfsemi, þar sem frestunin á frjálsri för á ekki við og þar sem ráðningarsamband viðkomandi starfsmanna er við fyrirtæki sem skráð eru erlendis. Í þeim tilfellur hefur upplýsingaöflun verið mjög erfið og ýmiss konar réttaróvissa hefur skapast varðandi réttarstöðu fyrirtækjanna og kjör starfsmanna.

Sú óvissa sem hér er vísað til varðar m.a. spurninguna um það að hve miklu leyti kjarasamningar og lög hér á landi gilda um hin erlendu þjónustufyrirtæki og starfsmenn þeirra. Þannig er ljóst að lög nr. 54/2001 um útsenda starfsmenn ná ekki til allra þeirra þátta sem lög og kjarasamningar hér kveða á um. Því er spurning að hve miklu leyti lög nr. 55/1980 vernda kjör hinna erlendu starfsmanna. Þá hafa komið upp spurningar um atriði eins og gildi vinnustaðapáttar kjarasamninga og ýmis sérkjör sem samið hefur verið um

í tilteknum notendafyrirtækjum eigi við um starfsmenn sem eru í ráðningarsambandi við starfsmannaleigu, eða annað þjónustufyrirtæki, sem samið er við. Þá má benda á þætti eins og stéttarfélagssáðild og greiðslur í félagssjóði stéttarfélaga, orlofs- og sjúkrasjóðsiðgjöld, skattalega stöðu fyrirtækjanna og einstaklinga og fleira.

Þá liggur fyrir að allar upplýsingar og eftirlit með starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja, veru starfsmanna á þeirra vegum og launum og öðrum starfskjörum þeirra hér á landi, hafa verið takmarkaðar og úrræði hefur skort til að bregðast við þegar tilefni hafa gefist til. Með lögum um starfsmannaleigur er reynt að bregðast við þessum vanda hvað varðar starfsmannaleigurnar, en önnur þjónustustarfsemi er þar undanskilin.

Loks má geta þess að þó ekki hafi enn sem komið er reynt mikið á gervi-verktöku af hálfu einstaklinga frá nýju aðildarríkjunum, þá er það vandamál sem eflaust á eftir að koma upp hér á landi í einhverjum mæli eins og annars staðar á næstu mánuðum.

Því hefur verið haldið fram að ákvörðunin um að fresta gildistöku frjálsu fararinnar gagnvart nýju aðildarríkjunum 1. maí 2004 hafi haft þveröfug áhrif miðað við það sem að var stefnt. Þannig hafi frestunin í reynd aukið þrýstinginn á að skorti á vinnuafli við stórfamkvæmdir og í byggingariðnaði hér á landi væri mætt með samningum við starfsmannaleigur og önnur þjónustufyrirtæki. Eitthvað kann að vera til í þessu. Í það minnsta jókst fjöldi umsókna um atvinnuleyfi og útgáfa þeirra verulega, þegar dregið var úr formkröfum vegna atvinnuleyfa fyrir borgara nýju ríkjanna sl. haust.

Á móti hefur verið bent á að áhrif frestunarinnar séu í reynd mjög takmörkuð eftir að fyrirkomulagi við afgreiðslu atvinnuleyfanna var breytt sl. haust og því felist í henni takmörkuð skýring á fjölda þeirra launamanna sem hingað koma á grundvelli þjónustusamninga. Þá er ákveðinn ótti við að ef allt verði gefið frjálst 1. maí nk. komi á skömmum tíma hingað til lands verulegur fjöldi verkafólks frá nýju aðildarríkjunum sem sé tilbúið til að setta sig við lakari kjör en hér gilda án þess að við því verði spornað. Þannig sé ákveðin hætta á að það eftirlit sem þó er til staðar í dag muni glatast án þess að nokkuð annað komi í staðinn.

#### *Erlent launafólk í beinu ráðningarsambandi*

Fjölgun erlends launafólks í beinu ráðningarsambandi við fyrirtæki sem starfa hér á landi hefur einnig skapað nýjar aðstæður og vandamál á vinnumarkaði. Hér er verið að vísa til þeirrar staðreyndar að fyrirtæki sem hér starfa og ráða útlendinga til vinnu hafa í vaxandi mæli ráðið viðkomandi starfsmenn á lægstu kjörum verkafólks sem heimiluð eru samkvæmt kjarasamningum, óháð því hvort viðkomandi einstaklingar vinna við sérfræðistörf eða störf sem krefjast

löggitra fagréttinda og ber að launa í samræmi við það. Þetta fyrirkomulag hefur sannanlega leitt til alvarlegra undirboða á íslenskum vinnumarkaði.

### ***Hver eru markmiðin?***

Markmiðin af hálfu verkalýðshreyfingarinnar þegar meta á hvers sé þörf og hvað þurfi að gerast 1. maí nk. eru m.a. eftirfarandi:

Að bein ráðning sé meginregla vegna starfa á íslenskum vinnumarkaði.

Að erlent launafólk sem starfar hér á landi njóti sömu launa og starfskjara og annarra réttindi og þeir sem fyrir eru á vinnumarkaði.

Að þær reglur sem gilda hér á landi um samskipti á vinnumarkaði séu við-urkenndar og virtar í reynd.

Mikilvægt er að fullnægjandi úrræði séu til staðar til að fylgjast með að kjarasamningar og lög séu haldin og hægt sé að fylgja því eftir eins og nauðsyn krefur.

Mikilvægt er að til séu á hverjum tíma sem áreiðanlegastar upplýsingar um þá útlendinga sem hér eru að störfum, fjölda, hvaðan þeir koma, hverjir það eru, hvar þeir starfa og við hvað þeir starfa.

## **Tillögur Alþýðusambands Íslands**

### ***Frestun á frjálstri för***

*1. Lagt er til að frjálstri för launafólks frá nýju aðildarríkjunum verði frestað í allt að þrjú ár í viðbót.*

Til að mæta þeim sjónarmiðum að ekki megi þrængja svo að möguleikum fyrirtækja hér á landi til að ráða einstaklinga frá nýju aðildarríkjunum beint að þau leiðist þess vegna frekar út í að nýta sér þjónustu starfsmannaleiga eða annarra þjónustufyrirtækja er lagt til að „danska leiðin“ verði farin.

Rökin fyrir þessari afstöðu eru að íslenskur vinnumarkaður er ekki enn tilbúinn til að taka við frjálstri för launafólks frá nýju aðildarríkjunum. Mikilvægt er að treysta frekar innviði vinnumarkaðarins og þær reglur og þau kjör sem þar gilda. Þá er mikilvægt að með þessari aðferð er helst mögulegt að fylgjast með fjölda þeirra sem koma hingað til starfa hjá fyrirtækjum sem hafa staðfestu hér á landi og hvaða kjörum þeir eru á.

Reynsla Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess hefur glögglega sýnt fram á að brot gagnvart erlendu starfsfólki eru mest þar sem upplýsingarnar eru minnstar og þar er jafnframt erfiðast að gæta hagsmuna þessara aðila.

### **Aðhald með starfsemi þjónustufyrirtækja**

Eins og áður hefur komið fram er stærsti vandinn varðandi bein brot á reglum tengdur starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja sem nýta sér launafólk frá nýju aðildarríkjunum.

## *2. Lagt er til að sett verði löggjöf um skráningarskyldu, upplýsingaskyldu, eftirlit og aðhald með þjónustufyrirtækjum*

Með lögum um starfsmannaleigur náðist mikilvægur áfangi varðandi það að fylgjast með starfsemi starfsmannaleiga hér á landi, kjörum starfsmanna þeirra og hvernig bregðast mæti við ef ástæður þættu til. Markmiðið var að ná böndum yfir þessa starfsemi og treysta réttindi starfsmanna starfsmannaleiga, einkum erlendra.

Lagt er til að þjónustufyrirtæki sem bjóða vinnuframlag starfsmanna sinna sem hluta af þjónustu sem veitt er hér á landi þurfi að uppfylla sömu skyldur og nú gilda um starfsmannaleigur, þ.e.:

- Skrá sig hér á landi
- Tilnefna fulltrúa sinn
- Upplýsa um þá starfsmenn sem fyrirtækið hefur á sínum vegum hér á landi á hverjum tíma (sbr. starfsmannaleigulögin)
- Veiti frekari upplýsingar um ráðningarsamninga og starfskjör eftir því sem Vinnumálastofnun gerir kröfur um
- Heimild Vinnumálastofnunar til að stöðva starfsemina ef ástæða er til
- Viðurlög í samræmi við heimildir í starfsmannaleigulögum

Auk laganna um starfsmannaleigur má benda á að fordæmi fyrir upplýsingagjöf af þessu tagi er þegar til staðar í 110. gr. reglugerðar um útlandinga sem vísa má til. Einnig ber að hafa í huga þá sátt sem nú virðist í sjónmáli um vinnutímatilskipunina á vettvangi ESB.

Ljóst er að við óbreytt ástand mun þrýstingurinn aukast enn frekar á að nýta þjónustusamninga, aðra en samninga við starfsmannaleigur. Þegar af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að slíkir samninga lúti a.m.k. sömu skilyrðum og samningar við starfsmannaleigur.

## *3. Gerð verði krafa um ábyrgð notendafyrirtækja.*

Þetta er krafa sem ASÍ setti fram við undirbúning löggjafarinnar um starfsmannaleigur. Framkvæmd laga um starfsmannaleigur hefur ekki gefið tilefni til að falla frá þessari kröfu, nema síður sé. Því er lagt til að ábyrgð notendafyrirtækja verði lögfest og þá gagnvart öllum notendafyrirtækjum, óháð því hvort um er að ræða samninga við starfsmannaleigur eða aðra þjónustuveitendur/verktaka.

## ***Almennt til að treysta kjör og réttindi erlendra starfsmanna á vinnumarkaði***

### *4. Úrræði aðila vinnumarkaðarins til að fá upplýsingar um raunveruleg laun og starfskjör erlends verkafólks verði treyst frekar.*

Skoda ber hvort hægt er að styrkja stöðu trúnaðarmanna/fulltrúa stéttarfélaga til að hafa eftirlit með kjörum erlendra starfsmanna enn frekar en nú er, sbr.

samkomulag ASÍ og SA frá 7. mars 2004 og 2. gr. laga nr. 55/1980. Reynslan hefur sýnt að það skortir á að samningurinn og lögin hafi að geyma fullnægjandi heimildir og skapi nauðsynlegt aðhald.

Þá er spurningin hvort ekki á að efla heimildir stjórnvalda (Vinnuálastofnunar) til að fá upplýsingar um kjör allra erlendra starfsmanna, líka þeirra sem eru í beinu ráðningarsambandi ásamt viðbragðsheimildum, líkt og gildir um starfsmannaleigur, þótt eftirfylgnin verði eftir sem áður fyrst og fremst í höndum aðila vinnumarkaðarins.

*5. Skipulagt samstarf stjórnvaldsaðila og aðila vinnumarkaðarins verði formundið og treyst með það að markmiði að samræma upplýsingagjöf og aðgerðir.*

Ljóst er að margt má bæta varðandi framkvæmdina af hálfu opinberra aðila, samræmda upplýsingasöfnun og miðlun og aðgerðir. Þetta gildir um þætti eins og útgáfu og eftirlit með kennitölum og virðisaukaskattsnúmerum til einstaklinga, skráningu og eftirlit með starfsemi og skattskilum og eftirlit með erlendum þjónustufyrirtækjum sem hér starfa. Hér koma m.a. til álita Vinnuálastofnun, Ríkisskattstjóri, Hagstofan (bráðum dómsmálaráðuneytið vegna kennitöluútgáfu), Útlendingastofnun og Ríkislögreglustjóri (auk lögregluembætta/sýslumanna í einstaka umdæmum).

*6. Aukin verði upplýsingagjöf og aðstoð við erlent verkafólk sem hér starfar.* Mikilvægt er að stjórnvöld leggi aukna fjármuni í upplýsingagjöf og aðstoð við erlent verkafólk sem hér starfar.

*7. Leita verður leiða til að koma í veg fyrir og draga eins og kostur er úr hættunni á gerviverktöku, þ.m.t. af hálfu útlendinga sem hingað koma til starfa.* Hér er um að ræða vandamál sem hefur verið vaxandi og ill viðráðanlegt víða í löndunum í kringum okkur, þar sem gerviverktaka hefur verið notuð af fyrirtækjum (og einstaklingum frá nýju aðildarríkjunum) til að komast undan þeim skyldum sem kjarasamningar og lög kveða á um.

## **Annað**

Auk þeirra atriða sem talin hafa verið upp hér að framan er mikilvægt að hugað verði að eftirtöldum þáttum í tengslum við þátttöku útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Um er að ræða þætti sem ekki eru hluti af viðræðunum um hvað tekur við 1. maí nk. Markmiðið er það sama, að vinna gegn félagslegum undirboðum og treysta stöðuna á íslenskum vinnumarkaði.

- Kannaðir verði kostir þess að ILO samþykkt nr. 94 um samninga á vegum opinberra aðila verði fullgild hér á landi, eða meginreglum hennar a.m.k. hrint í framkvæmd hér á landi.

Samþykktin gengur í aðalatriðum út á að við gerð verksamninga setji opinberir aðilar og fyrirtæki í ráðandi eigu opinberra aðila skilyrði er fela í sér að þjónustuaðilar séu skuldbundnir til að fylgja reglum sem eiga að koma í veg fyrir að þeir geti stundað félagsleg undirboð á vinnumarkaði.

### **Frestheimildir ekki nýttar**

Niðurstaða Alþingis var að nýta ekki frekari frestheimildir og opna íslenskan vinnumarkað fyrir launafólki frá nýjum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Þótt þetta væri ekki í samræmi við áherslur Alþýðusambandsins náðist mikilvægur árangur í málinu með viðræðum við stjórnvöld og Alþingi í tengslum við þessa afgreiðslu.

Í fyrsta lagi voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við lög um atvinnuréttindi útlendinga, þar sem fyrirtækjum er gert skylt að veita Vinnuálastofnun upplýsingar um alla útlendinga sem þau ráða til starfa frá framangreindum ríkjum og leggja jafnframt fram afrit af ráðningarsamningum sem tryggi útlendingnum laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Þá er Vinnuálastofnun skylt að afhenda trúnaðarmönnum eða stéttarfélögum þessi afrit ef þau óska eftir slíku. Brjótí fyrirtæki þessar reglur er Vinnuálastofnun heimilt að beita dagsektum.

Í annan stað fylgdi frumvarpinu yfirlýsing félagsmálaráðherra um að hann mundi setja á stofn samráðsnefnd stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um og gera tillögur sem miðuðu að því að styrkja vinnumarkaðinn og treysta stöðu útlendinga á vinnumarkaði.

### **Kröfur um frekari styrkingu vinnumarkaðarins**

Þegar niðurstaðan lá fyrir varðandi opnun vinnumarkaðarins 1. maí sl. og jafnframt að skipuð yrði nefnd aðila til að fjalla um vinnumarkaðinn og styrkingu hans voru á vettvangi ASÍ mótaðar þær áherslur sem fulltrúum ASÍ var ætlað að fylgja í starfi nefndarinnar.

**Áherslur Alþýðusambands Íslands í viðræðum samtaka launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda um réttindi launafólks á íslenskum vinnumarkaði, skyldur erlendra þjónustuveitenda og verktaka, ábyrgð notendafyrirtækja, aðgerðir gegn gerviverktöku, upplýsingar- og aðstoð við erlent launafólk, o.fl.**

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að starfshópur sá sem stjórnvöld ætla að koma á fót endurskoði reglur og framkvæmd vegna starfa útlendinga á

íslenskum vinnumarkaði með það að markmiði að gera löggjöf og stjórnábyrgð í þessum málaflokki einfaldari og skilvirkari.

Í starfi sínu á starfshópurinn að hafa eftirfarandi þætti að leiðarljósi:

- Að beint ráðningarsamband milli erlends launafólks og fyrirtækja sem það starfar fyrir verði meginregla í samræmi við það sem almennt gildir á íslenskum vinnumarkaði.
- Að fyrirtæki sem nýta erlent vinnuafl vegna framleiðslu sinnar og þjónustu, greiði laun og önnur starfskjör í samræmi það sem gildir almennt á íslenskum vinnumarkaði.
- Að fullnægjandi úrræði séu til staðar til að upplýsa og fylgja eftir að kjarasamningar og lög séu haldin.
- Að erlend fyrirtæki sem hafa launafólk í starfi hér á landi virði reglur, venjur og hefðir á íslenskum vinnumarkaði.
- Að á hverjum tíma verði til áreiðanlegar upplýsingar um útlendinga sem eru að störfum hér á landi.

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að starfshópurinn geri m.a. tillögur um eftirtalda þætti:

- Reglur um skyldur erlendra þjónustufyrirtækja, sem bjóða þjónustu sína hér á landi þar sem vinnuframlag er hluti af þjónustunni, til að skrá starfsemi sína hér og veita stjórnvöldum upplýsingar um hana.
- Skyldur notendafyrirtækja til að staðreyna að erlend þjónustufyrirtæki og/eða undirverktakar sem starfa fyrir þau uppfylli skyldur sínar gagnvart starfsmönnum sínum og íslensku samfélagi. Einnig ábyrgð notendafyrirtækja á starfseminni.
- Úrræði aðila vinnumarkaðarins (og stjórnvalda) til að fá upplýsingar um raunveruleg laun og starfskjör erlends verkafólks verði treyst frekar.
- Skipulagt samstarf stjórnvaldaaðila og aðila vinnumarkaðarins verði formbundið og treyst með það að markmiði að samræma upplýsingagjöf og aðgerðir.
- Upplýsingamiðlun og aðstoð við erlent launafólk sem er á íslenskum vinnumarkaði um réttindi þess og skyldur og þátttöku í íslensku samfélagi.
- Hvernig sporna megi við gerviverktöku.
- Skyldur opinberra aðila til að hafa í reglum sínum um útboð og verksamninga ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir félagsleg undirboð.

## ***Endurskoðun kjarasamninga í júní 2006***

Áður en kom til þess að nefndin um styrkingu vinnumarkaðarins hæfi störf sl. vor varð um það samkomulag á milli ASÍ og SA og láta reyna á hvort samkomulag gæti náðst um endurskoðun kjarasamninganna, sem ekki átti að fara fram fyrir en í nóvember. Jafnframt varð samkomulag um að einn þáttur í endurskoðuninni mundi snúa að styrkingu vinnumarkaðarins og stöðu útlendinga á vinnumarkaði.

Viðræður hófust um þennan þátt í byrjun júní sl. og lauk með sameiginlegum tillögum ASÍ og SA 20. júní, sem undirritaðar voru tveimur dögum síðar. Þá fékkst yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar við sama tækifæri, þar sem hún lýsir yfir stuðningi við tillögur ASÍ og SA og lýsir því yfir að hún muni beita sér fyrir því að þær komist í framkvæmd. (Tillögurnar og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 22. júní 2006 eru birtar í heild sinni í kaflanum um kjaramál í þessari skýrslu).

Að mati Alþýðusambandsins er í sameiginlegum tillögum ASÍ og SA að finna öll helstu efnisatriðin sem Alþýðusambandið lagði áherslu á í viðræðunum. Það verður því að telja að tillögurnar ásamt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hafi verið mikilvægur áfangi í baráttu sambandsins fyrir styrkingu vinnumarkaðarins og bættri stöðu erlends launafólk. Þó er ljóst að ekki náðist allt það sem gerðar voru kröfur um varðandi ábyrgð notendafyrirtækja.

Nefnd félagsmálaráðherra hóf síðan störf síðla sumars og var þegar á fyrsta fundi hennar ákveðið að leggja sameiginlegar tillögur ASÍ og SA til grundvallar í starfi hennar. Stefnt er að því að nefndin skili af sér tillögum sínum fyrir 1. nóvember nk.

## ***Kárahnjúkar***

Framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun eru komnar vel á veg. Vinna við klæðningu aðalstíflunnar hefur gengið vel og er ráðgert að byrjað verði að safna vatni í Háslón í lok september 2006.

Í lok ágúst 2006 voru starfsmenn á vinnusvæði Kárahnjúkavirkjunar um 1.990, þar af 398 Íslendingar. Meirihluti þessa hóps starfar undir stjórn aðalverktakans á svæðinu, byggingafyrirtækisins Impregilo, eða um 1.350 starfsmenn. Í þessum hópi eru einungis 30 Íslendingar og hefur þeim fækkað um 35 manns frá fyrra ári.

Að öllum líkindum mun fækka verulega í starfslíði Impregilo þegar nær dregur áramótum.

Að framkvæmdum á vinnusvæði virkjunarinnar koma auk aðalverktakans um tíu verktakafyrirtæki. Stærst er verktakasamsteypan Fosskraft með 50 starfsmenn en fyrirtækið hefur borið ábyrgð á byggingu stöðvarhúss og fallganga í Fljótsdal, Arnarfell með 127 starfsmenn en fyrirtækið hefur á þessu



ári m.a. unnið að sprengingu og borun veituganga Jökulsár í Fljótsdal og byggingu Ufsarstíflu, Suðurverk með 139 starfsmenn sem vinna við byggingu Desjarárstíflu og Sauðárdalsstíflu, Orkuvirki með 11 stafsmenn, Héraðsverk með 12 starfsmenn og Keflavíkurverktakar með 15 starfsmenn. Sem fyrr er mikil meirihluti starfsmanna þessarar fyrirtækja Íslendingar og hafa samskiptin við þessi fyrirtæki almennt verið með ágætum.

Önnur fyrirtæki á svæðinu eru erlend og má þar helst nefna DSD frá Þýskalandi sem vinnur að uppsetningu þrýstivatnspípa og loka í fallgöngum í Fljótsdal og Vatec frá Austurríki sem vinnur við að koma fyrir tæknibúnaði sem tengir saman vélar og spennu Kárahnjúkavirkjunar. Meirihluti starfsmanna þessarar fyrirtækja er erlendur.

Auk þess starfa um 70 manns á vegum eftirlitsaðilanna VIJV og KSJV en þar af eru nokkrir Íslendingar.

Stöðugleiki hefur verið í samskiptum launafólks og verkaka og metur yfirtrúnaðarmaður stéttarféлага á virkjunarsvæðinu það svo að launamál séu í nokkuð góðu lagi þegar á heildina er lítið. Samskiptin við Impregilo einkennast að sögn trúnaðarmanns af kurteisi og nær undantekningarlaust er hlustað á umkvartanir hans og umbeðnar leiðréttingar gerðar. Þó þarf stöðugt að fylgjast með því að yfirvinna starfsmanna fari ekki fram úr hófi, einkum nú á lokastigum nokkurra verkþátta. Þá gætir vaxandi spennu meðal starfsmanna því nær sem dregur að lokum þessa verkefnis.

### **Öryggismál**

Tvö banaslys urðu við Kárahnjúka árið 2006. Hið fyrra varð 27. mars en þá lést starfsmaður Arnarfells í sprengingu á vinnusvæði Kárahnjúkavirkjunar. Slysið átti sér stað þegar unnið var að undirbúningi sprengingar í bergi í aðgöngum 4 í Desjarárdal. Starfsmaðurinn sem lést var fæddur árið 1979.

Hið síðara varð 2. apríl en þá lést starfsmaður Suðurverks er hann var við vinnu sína sem stjórnandi stórrar beltagröfu í grjótnámu við Desjarárstíflu. Hann var fæddur árið 1973.

Í kjölfar þessara slysa fóru Rafiðnaðarsamband Íslands, Starfsgreinasamband Íslands, Samiðn og Alþýðusamband Íslands sameiginlega fram á að það við eftirlitsaðila með framkvæmdum við Kárahnjúka að þeir endurskoðuðu verkferla varðandi framkvæmd eftirlits með öryggismálum á svæðinu. Kröfðust landssamböndin þess jafnframt að tekin yrði saman skýrsla um orsakir aukinnar tíðni slysa og veikinda við Kárahnjúka og að settar yrðu fram tillögur um úrbætur ef í ljós kæmi að núverandi eftirlit væri ekki fullnægjandi. Á það var bent að unnið yrði í kapp við tímann á komandi sumri og mætti sú staða ekki leiða til óeðlilegs álags á verktaka og starfsmenn þeirra. Þessari kröfu

landssambandanna var mætt af fullum skilningi af hálfu framkvæmdaefirlitsins VIJV og KSJV, aðalverktakans og annarra verktaka á svæðinu.

Að sögn yfirtrúnaðarmanns sem hefur tekið þátt í störfum sérstakrar öryggisnefndar á Kárahnjúkum hefur ástand öryggismála tekið miklum framförum. Verkferlar við allt eftirlit á svæðinu hafa verið endurskoðaðir, þ.m.t. hefur eftirlit úti á vinnusvæðum verið aukið auk þess sem fleiri hafa verið kallaðar til verka sem ábyrgðarmenn með öryggi og aðbúnaði starfsmanna.

### ***Starfsréttindi***

Samráðsnefnd ASÍ og þeirra félaga sem aðild eiga að Virkjunarsamningnum hefur frá upphafi framkvæmda við Kárahnjúka gert athugasemdir vegna meintra brota aðalverktakans á iðnaðarlögum. Málið hefur einkum snert hagsmuni Samiðnar og RSÍ. Í síðustu ársskýrslu ASÍ var greint frá því að tveir starfsmenn Impregilo hefðu verið dæmdir í júní 2005 í héraðsdómi Austurlands fyrir brot á iðnaðarlögum. Sá málarekstur var að undirlagi samráðsnefndarinnar sem hafði ítrekað sent bréf til sýslumannsins á Seyðisfirði þar sem skorað var á hann að hefja rannsókn á þessum málum við Kárahnjúka.

Þessum málum var áfrýjað til Hæstaréttar sem komst að þeirri niðurstöðu í febrúar á þessu ári að vísa bæri málunum frá vegna formgalla í ákæruskjali. Þrátt fyrir þrýsting frá samráðsnefndinni hefur sýslumaðurinn á Austurlandi ekki enn brugðist við þessari niðurstöðu með útgáfu nýrrar ákæru.

Brot á iðnaðarlögum eru ekki bundin við aðalverktakann. Einn af stærstu verktökunum í hópi þeirra íslensku fyrirtækja sem koma að framkvæmdum á svæðinu hefur á síðustu mánuðum leigt til sín erlenda trésmiði í gegnum fyrirtæki á Akureyri. Í ljós hefur komið að starfsmannaleigan hefur ekki greitt þessum mönnum laun sem iðnaðarmönnum þrátt fyrir að fyrir liggja viðurkenning verktakans á því að hann kaupir vinnu þeirra miðað við þau kjör. Þá liggur fyrir að starfsmannaleigan hefur ekki óskað staðfestingar yfirvalda hér á landi á starfsréttindum hinna erlendu trésmiða. Ákveðið hefur verið að kæra fyrirtækið til lögreglu fyrir brot á iðnaðarlögum auk þess að huga verður að leiðréttingu á launum þessara manna.

### ***Innheimtumál***

Fyrir héraðsdómi Austurlands er nú rekið innheimtumál á hendur íslenskri starfsmannaleigu, 2b ehf., sem á síðasta ári leigði hóp af erlendum starfsmönnum til eins af undirverktökunum við Kárahnjúka. Við eftirgrennslan yfirtrúnaðarmanns kom í ljós að starfsmönnum voru ekki greidd laun í samræmi við Virkjunarsamning auk þess sem líkur voru leiddar að því að framkvæmdastjóri leigunnar hefði með ólögætum farið inn á bankareikninga þessara manna og tekið þar fé. Niðurstöðu í þessu máli er að vænta í október n.k.

Í öðru máli þar sem reyndi á ábyrgð starfsmannaleigu vegna vangoldinna launa var komist að samkomulagi utan réttar um að notendafyrirtækið myndi greiða starfsmönnunum það sem á vantaði upp á rétt laun skv. Virkjunarsamningi. Um var að ræða starfsmenn pólskrar starfsmannaleigu sem höfðu unnið undir stjórn þýsks verktakafyrirtækis í Fljótsdal um þriggja mánaða skeið. Ekki reyndist mögulegt á fá starfsmannaleiguna til að gangast við skuldbindingum sínum og var því gengið að notendafyrirtækinu.

### **Karperm**

Karperm er heiti á samstarfsnefnd sem skipuð er fulltrúum félaganna sem aðild eiga að Virkjunarsamningi annars vegar og Impregilo hins vegar. Nefndinni var komið á fót 7. mars 2005. Fulltrúar félaganna eru Skúli Thoroddsen frá SGS, Sverrir Albertsson frá AFLi - Starfsgreinafélagi Austurlands, Oddur Friðriksson yfirtrúnaðarmaður og Ingvar Sverrisson ASÍ. Af hálfu Impregilo hafa setið í nefndinni starfsmenn fyrirtækisins auk Þórarins V. Þórarinssonar lögmanns. Markmið nefndarinnar er að vera fastur vettvangur fyrir félögin og Impregilo til að fjalla um samskipti starfsmanna og aðalverktakans og taka ákvarðanir um atriði sem lúta að framkvæmd Virkjunarsamningsins og laga sem við geta átt.



*Það var mikið um að vera í menntamálunum á árinu og öflugt starf hjá þeim fræðslustofnunum sem verkalýðshreyfingin tengist.*

## Fræðslu- og menntamál

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess koma víða að menntamálum, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmörgum sviðum. Auk þess standa MFA-fræðsludeild ASÍ og Mímir-símenntun, sem er í eigu ASÍ, fyrir öflugum fræðslustarfi. Þá á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Starfsmenntaráði, MENNT, samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla, stjórn landsskrifstofu Leonardó starfsmenntaáætlunarinnar, 18 manna nefnd menntamálaráðuneytisins um verkmenntun á framhaldsskólastigi, auk þess að vera tilnefningaraðili í starfsgreinaráð á framhaldsskólastigi.

Ljóst er að aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á mikilvægi menntunar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar hefur fylgt aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má þess að sú þróun haldi áfram á næstu árum.

Á vettvangi Menntanefndar ASÍ hefur átt sér stað öflug umræða um stöðu og framtíð menntamála og um hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í þeim efnum. Þá fjallaði Menntanefnd ítrekað um áherslur ASÍ í menntamálum í tengslum við endurskoðun kjarasamninganna í nóvember 2005 og júní 2006.

Einnig var á vettvangi nefndarinnar fjallað ýtarlega um væntanlega símennta-áætlun Evrópusambandsins og tillögur nefndar um framhaldsskólann.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu á vettvangi Alþýðusambandsins eða sem ASÍ kom að.

## ***Félagsleg fræðsla***

### **MFA - fræðsludeild ASÍ**

Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA fræðsludeildar. Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Skólanefndin hittist fimm sinnum á skólaárinu. Félagsmálaskólinn fær framlag úr ríkissjóði til reksturs skólans og gerir skólastjóri fjárhagsáætlanir fyrir hann. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Þjónustusamningur er við Mími símenntun um ýmsa framkvæmdarþætti.

Í samstarfi við menntanefnd og einnig með skólanefnd Félagsmálaskólans mótar deildarstjóri heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf deildarstjórans og eru tengsl hans við talsmenn stéttarfélaga mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar.

### ***Þjónusta fræðsludeildar***

Markmið MFA er að bjóða upp á fræðslu og námskeið sem styrkja talsmenn í starfi til að þeir séu betur í stakk búnir að takast á við kröfur sem gerðar eru og stöðugar breytingar í samfélaginu. Lögð er áhersla á að námsframboð miðist við þarfir og aðstæður félaga hverju sinni. MFA býður upp á ráðgjöf og þarfagreiningu fyrir einstök félög og geta stéttarfélögin þannig nýtt sér námskeið og fræðslu til að móta starf og stefnu. Í samráði við þarfir félaga er hægt að þróa námskeið og námsefni.

### ***Trúnaðarmannanámskeið***

Fræðsludeildin er með námskeið fyrir trúnaðarmenn, starfsmenn, stjórnir og fulltrúa ASÍ í stjórnnum lífeyrissjóða. Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámskeið hjá fræðsludeildinni og í samráði við deildarstjóra eru gerð drög að dagskrá. Stéttarfélög geta einnig sent trúnaðarmenn sem lokið hafa grunnfræðslu á námskeið sem eru auglýst fyrir talsmenn.

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á árinu. 20 félög innan ASÍ voru með námskeið fyrir trúnaðarmenn sína. Tvö félög frá BSRB sendu trúnaðarmenn á námskeið. Alls voru 19 trúnaðarmannanámskeið haldin og voru þau allt frá einum degi til fimm. Alls sóttu 184 námskeiðin.

### ***Formlegt mat á trúnaðarmannanámi***

Gerður hefur verið samningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að fá trúnaðarmannanámið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Markmiðið með því samstarfi er að efla trúnaðarmannafræðsluna, fjölga námsþáttum og gera trúnaðarmönnum kleift að nýta sér námskeiðin ef þeir vilja halda áfram námi.

### ***Háskólanám***

Háskólanám fyrir talsmenn stéttarfélaga er í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Námið er skipulagt með þarfir forystu- og starfsmanna stéttarfélaga í huga, bæði hvað varðar námsgreinar og skipulag. Samstarfið hófst haustið 2004 og er fjórum önnum lokið. Fyrsti hópurinn sem hóf námið útskrifaðist vorið 2006, eða alls 25 nemendur. Nú stunda 27 nemendur háskólanámið. Námið er fjórar sjálfstæðar annir sem hægt er að taka í hvaða röð sem er, en samfellt nám tekur tvö ár. Hægt er að ljúka 18 háskólaeiningum á þessum tveimur árum. Námsfernið byggist á því starfi sem forystufólk og starfsmenn sinna, svo sem hagfræði, vinnurétti og löggjöf, fjármálum fyrirtækja, alþjóðaþróun og stjórnun. Kennsla fer fram á vinnutíma og eru kennsluhættir og aðferðir sniðnar að þörfum fólks sem vinnur samhliða námi.

### ***Námskeið***

Námskeið sem eru í boði fyrir stéttarfélög eru ýmist auglýst og þá opin öllum eða pöntuð af einstökum félögum.

*Haustið 2005 voru sjö námskeið í boði eða: Stjórnun breytinga, Velferð félagsmanna, Áfallahjálp og stjórnun, Tengslanet – leið til árangurs, Staða, hlutverk og framtíð verkalýðshreyfingarinnar, Sænska og orðaforði vinnu-markaðarins og Færnimappa talsmannsins.*

*Vorið 2006 voru níu námskeið í boði: Stafsmannamál og mannaútsjórnun, Upplýsinga- og samráðsskylda atvinnurekenda, Trúnaðarmaður starf hans og staða, Launaseðlar, launaútreikningar og tímaskrift, Að kenna fullorðnum, Streita og streitustjórnun, Hvernig verkalýðshreyfingu vilja konur, Túlkun talna og Starfsmannaleigur.*

Alls sóttu 250 talsmenn námskeiðin þetta skólaár.

### ***Útgáfa***

Á vegum fræðsludeildar er bæði gefið út efni í prentuðu formi og rafrænu. Til að auðvelda trúnaðarmönnum og félagsmönnum aðgengi að námi og fræðslu hefur verið gefið út gagnvirk vefnám sem er á Veraldarvefnum. Vefnámið gerir fólki kleift að sækja sér fræðslu hvar og hvenær sem því hentar.

### ***Einelti á vinnustað***

Námskeiðið er á Veraldarvefnum og er opið öllum. Það var gefið út fyrir þremur árum og eru að meðaltali sex heimsóknir inn á námskeiðið á dag. Nokkur félög og önnur samtök eru með lykku hjá sér inn á námskeiðið.

### ***Vefnám fyrir trúnaðarmenn***

Trúnaðarmenn munu nú eiga kost á að sækja fræðslu á Veraldarvefnum. Nýkosnir trúnaðarmenn eiga því tók á að sækja sér fræðslu um leið og þeir hafa verið kosnir og aðrir geta einnig nýtt sér námið til nánari fræðslu og uppriðjunar.

### ***Handbók trúnaðarmannsins***

Handbók trúnaðarmannsins kom út vorið 2004 og hefur selst í 1.084 eintökum. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Handbókin er í stöðugri endurskoðun og nú þegar er búið að endurskoða 5 tékklista. Tveir nýir tékklistar hafa bæst við: Hlutastörf og Tímabundin ráðning. Einnig hafa fimm tékklistar verið þýddir á þrjú tungumál: ensku, pólsku og portúgölsku þ.e. Trúnaðarmaðurinn, Erlendir starfsmenn, Ráðningarsamningur – ráðning-arbréf, Uppsögn ráðningarsamnings og Veikindaréttur. Fyrirhugað er að bæta við fleiri tungumálum.

### ***Kynningar***

Bæklingar eru gefnir út til að kynna starfsemi deildarinnar.

### ***Önnur störf***

#### ***Genfarskólinn***

Deildarstjóri er í stjórn Genfarskólans. MFA sendir tvo þátttakendur á Genfarskólann sem haldin er í tengslum við þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf.

#### ***Starfsmenntaverðlaun***

Deildarstjóri situr í dómnefnd Starfsmenntaverðlauna.

#### ***Fjármögnun fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar***

Við endurskoðun kjarasamninga í nóvember 2005 og aftur í júní 2006 náðist samkomulag við stjórnvöld um aukin framlög til fullorðins- og starfsmenntamála. Byggði þetta á niðurstöðum af umræðu innan raða ASÍ á sérstöku málþingi um fullorðins- og starfsmenntamál sem haldið var í september 2005. Meginniðurstöður málþingsins voru að krefjast jafnréttis til náms, þar sem fólk á vinnumarkaði sem sækir námskeið og náms- og starfsráðgjöf á vegum

fræðslustofnana aðila vinnumarkaðar njóti sömu greiðsluþátttöku ríkissjóðs eins og ef um formlegt nám væri að ræða.

Byggt á þessari stefnumörkun gerðu formenn landssambanda og stærstu félaga innan ASÍ, sem fara með formlegt umboð á vegum verkalyðshreyfingarinnar við endurskoðun kjarasamninga, fram á aukin framlög til bæði námskeiðahalds og náms- og starfsráðgjafar. Í nóvember lýsti ríkisstjórnin því yfir, að lagðar yrðu 100 mill.kr. til þessa verkefnis, þar sem lögð var áhersla á að framkvæmd náms- og starfsráðgjafar yrði staðsett í símenntamiðstöðvum vítt og breitt um landið og hjá Mími – símenntun á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt var um það samkomulag að framkvæmd námskeiðahalds fyrir þá sem ekki hafa lokið formlegu námi yrði hjá þessum aðilum auk fræðslustofnana iðngreinanna. Við útfærslu málsins af hálfu menntamálaráðuneytisins var sérstaklega óskað eftir því að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tæki að sér það hlutverk að skipta þessum fjármunum milli framkvæmda aðila og sinnti eftirliti með framkvæmd fyrir hönd ráðuneytisins. Að tillögu Menntanefndar ASÍ samþykkti miðstjórnin þessa málaleitan fyrir hönd ASÍ, en fyrir lá samþykki stjórnar SA. Í framhaldi af því var stjórn FA falið, í samráði við Menntanefnd, að útfæra leiðir til að skipta þessum fjármunum.

Nokkur ágreiningur varð um þessa skiptingu, þar sem forsvarsmenn fræðslustofnana iðngreina fannst þær afskiptar í málinu, en fyrir lá krafa ríkisstjórnarinnar hvert þessum fjármunum yrði varið. Á grundvelli þessarar umræðu varð samkomulag í miðstjórn að í næstu lotu viðræðna við stjórnvöld yrðu teknar upp viðræður um viðbótarfjármuni til þess að kosta náms- og starfsráðgjöf fyrir þá sem ekki hafa náð að ljúka formlegu iðnnámi. Þegar SA óskuðu eftir því að flýta endurskoðun kjarasamninga frá nóvember til maí/júní 2006 var þetta mál tekið upp við stjórnvöld, auk krafna um viðbótarfjármuni í námskeiðahald fyrir fólk á vinnumarkaði og kröfuna um að Mímir – símenntun ehf. fengi viðurkenningu sem símenntamiðstöð á höfuðborgarsvæðinu. Þann 22. júní náðist samkomulag við bæði SA um endurskoðun kjarasamninga og ríkisstjórnina um ýmis mál, m.a. 120 mill.kr. framlög til fullorðins- og starfsmenntamála. Yrði þessum fjármunum veitt til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins með þeim hætti að 10 mill.kr. færu til Mímis – símenntunar ehf. sem símenntamiðstöðvar, 30 mill.kr. til fræðslustofnana iðngreina vegna náms- og starfsráðgjafar og raunfærni og 80 mill.kr. til að fjármagna mótframlag ríkisins vegna námskeiða sem metin hafa verið til eininga á framhaldsskólastigi.



## **Nýr framhaldsskóli**

Menntamálaráðherra skipaði í byrjun árs nefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi. Af hálfu ASÍ var Stefán Ó. Guðmundsson skipaður í nefndina. Nefndin skilaði af sér skýrslu með ítarlegum og víðfeðmum tillögum í júní 2006 um uppbyggingu og framkvæmd starfsmenntunar á framhaldsskóla- og fagháskólastigi. Um meginniðurstöður nefndarinnar segir í skýrslunni:

„Starfsnámsnefnd gerir tillögu um breytingar á heildarskipulagi framhaldsskólans þar sem Nýr framhaldsskóli verði ein heild án aðgreiningar í bóknám og verknám, námið verði jafngilt, vinnustaðanámi breytt, stofnað verði fagháskólastig og breyting verði á skipan og fyrirkomulagi samstarfsnefndar og starfsgreinaráðanna, og samstarf skólastiganna verði formgert.

Í erindisbréfi Starfsnámsnefndar, dagsettu 12/01/06, er verksvið hennar tiltekið:

*„Nefndin skal kanna hvernig má stuðla að aukinni aðsókn að starfsnámi, einfalda skipulag námsins og tryggja fjölbreytt framboð, sveigjanleika og samfellu í skólastarfi, og bæta tengsl starfsnáms á framhaldsskólastigi við grunnskóla- og háskólastig.“*

Starfsnámsnefnd telur að með tillögum hennar verði þessum markmiðum náð.

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum og tillögum Starfsnámsnefndar. Í kafla 3 í skýrslunni er gerð ítarlegri grein fyrir hverri tillögu sérstaklega. Starfsnámsnefnd leggur til breytingar á lögum um framhaldsskóla til samræmis við tillögur þessar.

### **Skipulag framhaldsskólans**

Starfsnámsnefnd gerir tillögur um veigamiklar breytingar á skipulagi framhaldsskólans. Helstu tillögurnar eru þessar:

- Afnumin verði aðgreining náms í framhaldsskólum í starfsnám og bóknám.
- Nýr framhaldsskóli verði ein heild með fjölmörgum mismunandi námsleiðum. Skólum verði veitt frelsi til að skipuleggja og bjóða nám í samræmi við lokamarkmið námsins, þarfir nemenda og kröfur næsta viðtökuskólastigs og/eða atvinnulífs þannig að nemendur verði sem best búnir undir það nám er við tekur (viðtökumiðað nám). Nemandinn ljúki náminu á þeim tíma sem nauðsynlegur er með tilliti til þessara þátta.
- Nám í Nýjum framhaldsskóla til stúdentsprófs verði viðtökumiðað. Námið verði kjarni í íslensku, stærðfræði og ensku. Kjarni og nám umfram kjarna samkvæmt námskrá sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu verði metið jafnt til stúdentsprófs.

- Nám í hinum Nýja framhaldsskóla umfram kjarna verði skipulagt með formgerðu samstarfi framhaldsskóla og háskóla með tilliti til frekara náms og með samstarfi framhaldsskóla og atvinnulífs í gegnum starfsgreinaráðin.
- Stúdentspróf getur verið áfangi á leið nemanda til skilgreindra námsloka á tiltekinni námsleið.
- Almenna hluta aðalnámskrár og öðrum reglugerðum um skólastarf verði steipt saman í eina reglugerð um framkvæmd og skipulag skólastarfs í framhaldsskólum.
- Námskrár og lýsingar á einstökum námsleiðum hafi ekki reglugerðarígildi heldur verði staðfestar af menntamálaráðuneytinu fyrir hönd ráðherra með umburðarbréfi til skólanna.
- Náms- og starfsráðgjöf verði eflað í framhaldsskólum.

### ***Tengsl skólastiga***

Starfsnámsnefnd leggur áherslu á nauðsyn þess að efla verulega tengslin milli skólastiganna, annars vegar framhaldsskóla og grunnskóla og hins vegar framhaldsskóla og háskóla.

### ***Grunnskóli – Nýr framhaldsskóli***

- Skipuð verði samráðsnefnd skólastiganna.
- Áhersla á eflingu og kynningu starfsnáms í grunnskólum.
- Sérstök áhersla verði lögð á starfs- og námsráðgjöf í grunnskólum.

### ***Nýr framhaldsskóli - Háskólar***

- Formlegt samstarf um viðtökumiðað nám.
- Aukin tengsl Nýs framhaldsskóla og háskóla - frelsi til athafna og ákvarðana.
- Samstarf Nýs framhaldsskóla og háskóla/háskóladeilda um viðtökumiðað nám.

### ***Fagháskóli***

- Framhaldsskólar stofni fagháskóla.
- Fagháskólastigið verði sjálfstætt skólastig í framhaldi af Nýjum framhaldsskóla.
- Vaxandi aðsókn í háskólanám - skortur á starfstengdu framhaldsnámi.
- Atvinnulífið þarf starfsmenntað fólk með framhaldsmenntun.
- Skortur á tæknimenntuðu fólki með hagnýta færni.
- Þróun erlendis – stofnun fagháskóla.

### ***Ný samráðsnefnd starfsgreinaráða***

Skipuð verði samráðsnefnd starfsgreinaráðanna.

- Menntamálaráðherra tilnefni tvo fulltrúa, annar þeirra verði formaður.
- Formenn starfsgreinaráðanna verði sjálfskipaðir fulltrúar.

Hlutverk samráðsnefndar verði:

- Að vera samstarfsvettvangur starfsgreinaráðanna.
- Að vera ráðgefandi um stefnumörkun í starfsmenntamálum.
- Að sinna sameiginlegri kynningu starfsgreinaráðanna.
- Að fylgjast með nýjum starfsgreinum og staðsetja í starfsgreinakerfinu.
- Að gera tillögur um tilrauna- og þróunarverkefni í starfsnámi.

### ***Skipan starfsgreinaráða***

Starfsgreinaráð verði skipuð fyrir starfsgreinar með þessum hætti:

- Starfsgreinaráðin verði skipuð fimm fulltrúum.
- Tveir fulltrúar verði tilnefndir af samtökum atvinnurekenda.
- Tveir fulltrúar verði tilnefndir af samtökum launafólks.
- Einn fulltrúi verði tilnefndur sameiginlega af Félagi íslenskra framhaldsskóla og Kennarasambandi Íslands.

Hlutverk starfsgreinaráðanna verði:

- Að móta menntastefnu starfsgreina.
- Að gera tillögur að námskrám.
- Að gera tillögur að skipan og fyrirkomulagi starfsnáms.
- Að fylgjast með nýjum starfsgreinum á viðkomandi sviði.

### ***Námskráargerð***

- Námskrár í framhaldsskólum verði endurskoðaðar árlega.
- Komið verði á tryggum, einföldum vinnuferlum við endurskoðun þeirra.
- Samhliða endurskoðun námskráa verði námsefni yfirfarið og endurskoðað.

### ***Skipulag vinnustaðanáms***

Starfsnámsnefnd er í meginatriðum sammála tillögum nefndar um vinnustaðanám og leggur áherslu á eftirfarandi:

- Vinnustaðanám verði hluti aðalnámskrár.
- Yfirstjórn vinnustaðanáms verði í höndum starfsgreinaráðanna og skuli þau ráða umsjónaraðila vinnustaðanáms sem geti verið stofnun atvinnulífs eða skóli eftir því sem best henti.
- Skólar beri ábyrgð á að nemendur fái umsjón og þjónustu frá upphafi náms í skóla til loka starfsnáms á vinnustað og námsferillinn verði ein heild frá upphafi náms til atvinnuréttinda.

- Valin verði sérstök vinnustaðafyrirtæki, eftir umsókn eða ábendingu, og tryggt að þau hafi á að skipa einstaklingi er geti annast fræðslu á vinnustað og borið ábyrgð á því gagnvart umsjónaraðila námsins.
- Skoðuð verði lengd og fjölbreytni vinnustaðanáms þannig að með betra og markvissara skipulagi og kennslu á vinnustað verði lengd vinnustaðanáms stýtt.
- Teknar verði upp ferilbækur fyrir vinnustaðanám sem verði lagaðar að hverri atvinnugrein.
- Stofnaður verði sjóður með þátttöku atvinnulífs og stjórnvalda er annist greiðslur til að jafna kostnað milli þeirra fyrirtækja sem annast formlega vinnustaðakennslu og hinna sem það gera ekki. Settar verði reglur um þennan sjóð. Áhersla verði lögð á einfalt greiðsluferli.

### **Lög um framhaldsskóla**

Starfsnámsnefnd leggur til breytingar á lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla bæði á starfsnámskafla laganna sem og öðrum köflum eftir því sem faggreindar tillögur hafa kallað eftir. Tillögur Starfsnámsnefndar að lögum um hinn Nýja framhaldsskóla eru meðfylgjandi í sjálfstæðu skjali.“

Menntanefnd ASÍ fjallaði á fundum sínum um hugmyndir og tillögur Starfsnámsnefndarinnar og lýsti yfir fullum stuðningi við efni þeirra.

### **Starfsmenntaráð**

Á vettvangi Starfsmenntaráðs hefur undanfarin ár verið unnið á grundvelli stefnumótunar ráðsins frá árinu 2000.

Í byrjun árs 2006 hélt Starfsmenntaráð sinn árlega opna fund með samstarfsaðilum sínum og öðru áhugafólki, þar sem gerð var grein fyrir starfi ráðsins á undangengnu ári og stefnu við úthlutanir á árinu 2006. Starfsmenntaráð auglýsti í febrúar eftir umsóknum í Starfsmenntasjóð um styrki til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Að þessu sinni var ákveðið að auglýsa ekki eftir umsóknum í sérstök viðfangsefni, heldur að láta umsækjendur meta þörfina.

Til úthlutunar voru 55 milljónir króna. Alls bárust 82 umsóknir frá 50 aðilum samtals að fjárhæð kr. 155.869.540. Samtals fengu 30 aðilar úthlutað styrk vegna 42 verkefna að fjárhæð kr. 54.625.000.

Auk þessara hefðbundnu styrkja hafa verið veittir styrkir m.a. vegna Íslandsmóts iðnnema, viku símenntunar og Starfsmenntaverðlaunanna.

Starfsmenntaráð heimsótti sl. vetur fulltrúa atvinnulífs og fræðslumála í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi, kynnti starfsemi Starfsmenntaráðs, fékk kynningu á þeirri umræðu og uppbyggingu sem nú á sér stað um atvinnu og menntamál á þessum stöðum og átti skoðanaskipti við heimamenn.

Þá stóð Starfsmenntaráð ásamt Mennt fyrir ráðstefnu í maí undir yfirskriftinni Framtíðarsýn í menntamálum – samstarf atvinnulífs og skóla í Finnlandi og á Íslandi.

Loks má geta þess að Starfsmenntaráð fékk Jón Torfa Jónasson til að gera úttekt á stöðu og framtíð Starfsmenntaráðs. Um meginmarkmið verkefnisins segir í úttektinni m.a.: „Markmið þessarar skýrslu er að ræða atriði sem höfundur þykja mikilvæg við endurmat á stöðu Starfsmenntaráðs í því umhverfi atvinnu- og menntamála sem þróast hefur undanfarna áratugi. Skýrslan er skrifuð að tilhlutan Starfsmenntaráðs og gert var ráð fyrir að hún yrði almenns eðlis og veki spurningar. Sumt í skýrslunni kann að valda ágreiningi en það var samt sem áður ekki markmið höfundar. Á hinn bóginn reyndi ég heldur ekki að sneiða hjá ágreiningsefnum.“ Starfsmenntaráð væntir þess að úttekt Jóns Torfa verði mikilvægt innlegg inn í umræðuna um stöðu og framtíð Starfsmenntaráðs og starfsmenntunar hér á landi.

### ***Vika símenntunar og Starfsmenntaverðlaunin***

Eins og undanfarin ár átti ASÍ aðild að Viku símenntunar og Starfsmenntaverðlaununum árið 2006 og var fulltrúi ASÍ við undirbúning þessara atburða Eyrún B. Valsdóttir.

Vika símenntunar var haldin dagana 24. - 30. september 2006. Mennt sá um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar níu á landsbyggðinni og Mími á höfuðborgarsvæðinu.

Vika símenntunar er kynningar- og hvatningarátak og er ætlað að ná út um allt land. Markmið Vikunnar er að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi menntunar og þess að ávalt er hægt að bæta við sig þekkingu. Áhersla Vikunnar í ár er að ná til fólks sem hefur stutta formlega menntun og hvetja það til þess að sækja sér fræðslu. Átakinu er ætlað að hvetja, styðja og örva almenning til þess að afla sér upplýsinga um hvað í boði er og nýta sér það. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og Mímir á höfuðborgarsvæðinu munu skipuleggja dagskrá í Vikunni þar sem boðið verður upp á ókeypis námskeið og ráðgjöf og er almenningur hvattur til þess að nýta sér það. Vika símenntunar er kynningar- og hvatningarátak og er markmiðið að vekja fólk til umhugsunar um að menntun er æviverk og að alltaf er hægt að bæta við sig þekkingu.

Auglýst var eftir tilnefningum vegna Starfsmenntaverðlaunanna í september og munu þau verða afhent í nóvembermánuði.

### ***MENNT, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla***

Mennt hefur á undanförunum árum tekið að sér margvísleg verkefni fyrir menntayfirvöld, og aðila vinnumarkaðarins, auk þess að standa fyrir eigin viðburðum. Þar má nefna Viku símenntunar, Starfsmenntaverðlaunin, ráð-

stefnur um upplýsingatækni, Upplýsingaöflun og þjónustu vegna Evrópsku starfsmenntastofnunarinnar Leonardó DaVinci. Á vettvangi stjórnar Menntar hefur mikil umræða verið um væntanlegar breytingar á menntaáætlunum Evrópusambandsins eftir 2006 og hlutverk Menntar við framkvæmd nýrrar áætlunar hér á landi.

Stefnumótunarvinna hefur staðið yfir á vettvangi stjórnar Menntar að undanfögnu, þar sem leitast er við að greina stöðu og framtíð Menntar.

### ***Fræðslumiðstöð atvinnulífsins***

Síðastliðið ár hefur verið viðburðaríkt í starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Ber þar einkum að nefna nýjan þjónustusamning við menntamálaráðuneytið, ný viðfangsefni í samningnum svo og flutning starfseminnar í Skeifuna 8.

Þetta starfsár er það fjórða í röðinni, en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var stofnuð af ASÍ og SA í árslok 2002, en hóf starfsemi á miðju ári 2003. Starfsemin byggir á þjónustusamningi sem ASÍ og SA gera við menntamálaráðuneytið. Fyrsti þjónustusamningurinn var undirritaður í apríl árið 2003 og gildi út árið 2006. Hins vegar gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við niðurstöður ASÍ og SA um gildi kjarasamninga í nóvember 2005. Í þeirri yfirlýsingu var greint frá því að fé yrði aukið til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála. Ákveðið var að fela FA að vinna að þeim málum, sem yfirlýsingin kvað á um og var þjónustusamningurinn því endurnýjaður fyrr en ella eða í ársbyrjun 2006.

### **Stjórn**

Stjórnarmenn árið 2005-2006 voru Gylfi Arnbjörnsson, formaður, Gústaf Adolf Skúlason, varaformaður, Emil B. Karlsson, Finnbjörn A. Hermannsson, Garðar Vilhjálmsson og Ingi Bogi Bogason. Varamenn í stjórn voru: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fyrir hönd ASÍ og Jónína Gissurardóttir fyrir hönd SA. Þann 4. nóvember 2005 hætti Garðar Vilhjálmsson í stjórn og við tók Ingibjörg R. Guðmundsdóttir. Síðastliðið sumar tók Atli Lýðsson við stjórnarsetu af Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur og hún gerðist varamaður aftur.

Stjórnin hélt 8 stjórnarfundi á árinu. Ársfundur var haldinn 23. nóvember sl. Aðalfundur var haldinn 29. maí og framhaldsaðalfundur 11. september.

### **Starfsmenn**

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Ásmundur Hilmarsson, Bjarni Ingvarsson, Björn Garðarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Sigrún Jóhann-

esdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir og Sigríður Jóhannsdóttir. Stöðugildi voru tæplega 9,

### **Þjónustusamningur ASÍ og SA við menntamálaráðuneytið**

Í nýjum þjónustusamningi eru ákvæði um ný verkefni, ásamt því að skerpt hefur verið á skilgreiningum eldri verkefna í ljósi reynslunnar. Helstu markmið hins nýja samnings eru eins og áður að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, óháð búsetu. Jafnframt ber Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að styðja fræðsluaðila við að skilgreina menntunarfærir markhópsins og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þörfum þessa hóps.

Í þjónustusamningnum eru þrjú ný verkefni. Tvö þeirra varða beint samstarf við símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og Mími-símenntun í Reykjavík: Annars vegar að meta, í samstarfi við menntamálaráðuneytið, þarfir fyrir einstaklingsmiðaða náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, móta inntak og framkvæmd þjónustusamninga og skilgreina aðferðir við mat á árangri. Hins vegar að skilgreina reglur um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs og framkvæmd námskeiðahalds sem byggir á námskrám sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur vottað og menntamálaráðuneytið staðfest að meta megi til eininga á framhaldsskólastigi. Þetta verkefni snýr einnig að fræðslumiðstöðvum iðngreina. Þriðja verkefnið snýr að því að láta útbúa námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfra kennara/leiðbeinendur í notkun þess.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfseminni samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Loks verður greint frá nokkrum stórum verkefnum, sem hafa verið í gangi á árinu.

Samkvæmt þjónustusamningnum reka ASÍ og SA Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA) til að sinna verkefnum samkvæmt samningnum, auk þess að þjóna sameiginlegum fræðslustofnunum sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Samningsaðilar móta sameiginlega stefnu um einstök samstarfsverkefni en FA stjórnar framkvæmd þeirra að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.

### **Húsfélag**

Sem lið í þjónustu við fræðslustofnanir á vegum ASÍ og SA hefur FA boðið upp á húsnæðissamstarf. Mímir-símenntun, Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla og Landsmennt, starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni hafa leigt húsnæði af FA. Þann 1. september flutti þetta fræðslusamfélag starfsemi sína í Skeifuna 8, 2. hæð. Þar er rúmt um starfsemina, sem nú er öll á einni hæð. Auk skrifstofuaðstöðu er í húskaynn-

um FA aðstaða fyrir fjarfundarbúnað, tvö fundarherbergi og ein kennslustofa. Mímir-símenntun hefur á sínum snærum 7 kennslustofur. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa heimild til að nýta vinnu- og fundaraðstöðu hjá FA. Húsnæðið í Skeifunni 8 er talsvert stærra en fræðslusamfélagið hefur þörf fyrir núna. Þetta gefur aukna möguleika bæði á húsnæðissamstarfi við fleiri fræðsluaðila, en ekki síður vaxtarmöguleika fyrir núverandi samstarfsaðila. Meðan húsnæðinu hefur ekki verið ráðstafað til samstarfsaðila er það leigt út til óskyldrar starfsemi. Þegar þessi grein er skrifuð er húsnæðið í fullri nýtingu.

### **Þjónustu- og samstarfssamningar við fræðsluaðila**

Á síðastliðnu starfsári voru endurnýjaðir þjónustusamningar við allar símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og Mími-símenntun. Um er að ræða samninga sem kveða á um sameiginleg markmið og þjónustu ásamt samningum sem varða fjármögnun á vottuðum námsleiðum og náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk í atvinnulífinu, sem hefur skamma skólagöngu að baki. Skrifað var undir fyrstu samningana um miðjan mars og þá síðustu í byrjun júní.

### **Meginmarkmið þjónustusamningsins**

Meginmarkmiðið með verkefnum samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

### **Nýjar námsleiðir**

Á árinu hafa verið metnar og gefnar út 5 námskrár. Þær eru Grunnám fyrir skólaliða í samstarfi við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi. Námið er 70 kennslustundir að lengd og metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 6 einingar. Fagnámskeið II í heilbrigðis- og félagsþjónustu í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Námið er 60 kennslustundir að lengd og er metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 5 einingar. Fjölvirkjar í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Akureyrar. Námið er 170 kennslustundir að lengd og er metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 13 einingar. Vöruflutningaskólinn í samstarfi við Eimskipafélag Íslands. Námið er 339 kennslustundir að lengd og er metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 23 einingar. Verslunarfagnám í samstarfi við Samtök verslunar- og þjónustu og VR. Námskráin hefur verið tilraunakennd í Verslunarskóla Íslands. Námið er 510 kennslustundir að lengd, ásamt starfsþjálfun á vinnustað í 340 klukkustundir



undir leiðsögn starfsþjálfra og metið til styttingar á námi í framhaldsskóla um 51 einingu.

Á árinu var einnig farið yfir námskrár og gerð tillaga að mati til eininga á framhaldsskólastigi á fjórum námskrám fyrir byggingarliða í samstarfi við Menntafélag byggingariðnaðarins (nú Iðan). Námsleiðirnar eru Grunnám byggingarliða, 45 kennslustundir að lengd og metið til allt að 3 eininga. Húsbyggingarsvið byggingarliða, 200 kennslustundir að lengd og metið til allt að 16 eininga. Framleiðslu- og sölusvið byggingarliða, 200 kennslustundir og metið til allt að 16 eininga. Gatna- og jarðvinnusvið byggingarliða, 200 kennslustundir og metið til allt að 16 eininga.

Undirbúningur er í gangi vegna fleiri verkefna. Ber þar fyrst að geta samnings við Starfsgreinasamband Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar um að bæta námsframboð og þjálfun ófaglærðra starfsmanna í ferðaþjónustu á Íslandi. Verið er að hanna námskeið sem sett verða upp fyrir vorið 2007. Námskeiðið þarf að uppfylla kröfur starfsgreinarinnar og starfsmannanna og vera sniðið að þörfum fullorðins fólks. Unnið verður að námskráargerð á vegum FA.

Einnig er í gangi undirbúningur fyrir Alþýðusamband Ísland að námskráargerð og mati á námi fyrir trúnaðarmenn.

## **Gæði náms**

Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að tryggja að gæði fræðslunnar séu sem allra best hjá framkvæmdaraðilum námsins, en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sér ekki um framkvæmd námsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir hins vegar kröfu á samstarfsaðila sína um að þeir framfylgi almennum samningskilmálum FA, m.a. um gæði í framkvæmd og kennslu. Til að sinna þessu hefur verið unnið að eftirfarandi verkefnum:

Á árinu var unnin yfirgripsmikil vinna við að skilgreina gæðaviðmið í fræðslustarfsemi FA og samstarfsaðila í samstarfi við Arneyju Einarsdóttir hjá fyrirtækinu HRM. Handrit var tilbúið í árslok 2005 og sent símenntunarmiðstöðvunum til yfirlestrar. Fundur var haldinn með þeim í byrjun þessa árs. Þar var farið yfir gæðaviðmiðin og tekið tillit til athugasemda samstarfsaðilanna. Gæðaviðmiðin voru sett á vef FA í ársbyrjun 2006. Þau má finna á [www.frae.is](http://www.frae.is) undir liðnum gögn. Þar er sérstakur kafli undir heitinu gæðaviðmið.

Gæðaviðmiðin skiptast í eftirtalda kafla: Almennar upplýsingar, stjórnun og skipulag, námsmenn og inntak fræðslu, mat á árangri og þekkingarfyrirtækið. Valið hefur verið að hafa gæðaviðmiðin aðgengileg á vefnum til þess að samstarfsaðilar FA eigi auðvelt með að prenta út viðeigandi viðmið til að afhenda starfsmönnum sínum, kennurum eða nemendum. Markmiðið er að gæðaviðmiðin séu í notkun í nokkurn tíma og síðan yfirfarin með samstarfs-

aðilum á næsta ári. Ekki hafa verið gerðar áætlanir um eftirfylgni við gæðaviðmiðin, heldur er þess beðið hvort gæðakerfið ALL, sem Mennt hefur verið að þróa, muni verða sett á laggirnar. En starf Menntar að þessum málum var haft til hliðsjónar við þróun gæðaviðmiðana.

### **Upplýsingar um markhópin**

Nauðsynlegt er að afla upplýsinga um markhópin, þarfir hans og möguleika til að sækja nám eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði með öðrum hætti. Náms- og starfsráðgjöf hefur reynst vera góð leið til að afla upplýsinga um þarfir og áhugasvið markhópsins. Fræðslumiðstöðin hefur unnið í tilraunaverkefnum, sem varða náms- og starfsráðgjöf á undanförunum árum, en nú hefur það verkefni fengið byr undir báða vængi með fjármagni til að byggja upp ráðgjöf fyrir starfandi fólk um allt land. Þessu verkefni er lýst nánar hér að neðan.

Á árinu hefur FA tekið þátt í verkefni ásamt menntamálaráðuneytinu, sem varðar úrvinnslu úr efni sem Hagstofa Íslands safnaði í vinnumarkaðskönnun. Fyrstu drög að skýrslu eru að verða til núna á síðustu mánuðum ársins 2006. Skýrslan verður gott innlegg í stöðu fullorðinsfræðslunnar á Íslandi og ætti að geta orðið vegvísir að aðgerðum við að hækka þekkingarstigið hjá markhópi FA.

### **Þróun mats á raunfærni**

Þetta er eitt stærsta og víðamesta verkefni FA. Stöðugt er leitað leiða til að safna upplýsingum og prófa leiðir, aðferðir og tæki til raunfærnimats. Síðar á árinu er fyrirhugað að senda fyrstu stefnumarkandi tillögur til menntamálaráðuneytisins um tilhögun raunfærnimats. FA hefur tekið þátt í nokkrum tilraunaverkefnum á árinu. Þau verkefni sem hafa varðað mat til styttingar á námi í framhaldsskóla eru:

Tilraunaverkefni Mímis-símenntunar í samstarfi við fræðslumiðstöðvar iðngreina, Borgarholtsskóla og Iðnskólann í Reykjavík með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Í verkefninu var leitað leiða til að meta raunfærni þeirra starfsmanna í iðngreinum sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi og finna leið fyrir þá til að ljúka námi. Verkefnið þróaðist þannig að ákveðið var að leggja áherslu á eina iðngrein; vélvirkjun og samstarf við Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins og Borgarholtsskóla. Hlutverk FA var að vera ráðgefandi í ferlinu. Þátttakendur í verkefninu voru 18, en 16 manns fengu metna áfanga, að meðaltali 12 einingar á mann.

Tilraunaverkefni á vegum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS) í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja með styrk frá Starfsmenntasjóði. Markhópur verkefnisins voru byggingarverkamenn á Suðurnesjum sem hafa áhuga á að ljúka formlegu námi í byggingargreinum. Þeir sóttu nám á vegum

MSS og fóru í gegnum raunfærnimat á vegum MSS og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hlutverk FA var að vera ráðgefandi í ferlinu. Þátttakendur í verkefninu eru 19, átta manns hafa fengið um 30 einingar metnar og verkefnið er enn í vinnslu þegar þetta er ritað.

Í undirbúningi er verkefni á vegum SAMIÐNAR sem spröttið er úr vinnustaðakönnun Samiðnar, þar sem fram hefur komið að 60% þeirra sem gegna faglærðum störfum eru lærðir iðnaðarmenn, en 40% eru ófaglærðir. Af þeim ófaglærðu er helmingurinn erlendir starfsmenn og helmingurinn eru Íslendingar, sem hafa aflað sér þekkingar og færni með störfum sínum á vinnumarkaði. Markmiðið er að meta raunfærni þessara starfsmanna og búa til varanlega leið í menntakerfinu fyrir menn sem starfa sem faglærðir þótt þeir hafi ekki lokið námi í grein sinni. Um er að ræða allar greinar byggingariðnaðarins en tilraunaverkefnið mun beina sjónum að mati inn í húsasmíði.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók að sér að búa til farniviðmið fyrir Starfsgreinaráð íþrótta- og tómstundagreina vegna raunfærnimats til styttingar á námi á leik- og grunnskólabraut. Útbúinir voru tékklistar sem byggja á námskrá og áfangalýsingum. Tékklistarnir lýsa farniviðmiðum hvers áfanga fyrir sig. Þeir nýtast líka við sjálfsmat einstaklinga í áföngum námsins og sem undirstaða í greiningarviðtali við raunfærnimat.

FA gerði samning við Fræðsluráð hótél og matvælagreina (nú Iðuna) um að þróa aðferðafræði og tæki til skráningar, staðfestingar og mats á færni einstaklinga til styttingar á námi í matvæla- og veitingagreinum með vinnustaðanám í forgangi. Jafnhliða þessu starfi verða þróaðir gáttlistar og gæðaviðmið. Þetta verkefni er enn í gangi.

Þau verkefni sem hafa varðað mat á raunfærni í atvinnulífinu og FA hefur verið þátttakandi í eru:

Mannauður í þekkingarfyrirtæki á fjölþjóðlegum vinnustað: Líkan fyrir yfirfærslu þekkingar og færni á vinnustað. Verkefnið er þróunarverkefni Landspítala-háskólasjúkrahúss í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Verkefnið miðar að því að greina þekkingu sem til staðar er í mannauði vinnustaðarins, leita leiða til yfirfærslu þekkingar innan hans, efla samstarf og starfsanda og gera starfsmönnum kleift að þroskast og þróast í starfi. Markhópurinn er einstaklingar sem starfa á öldrunarsviði, með skamma skólagöngu að baki og er sérstök áhersla lögð á þátttöku nýbúa. Stýrihópur, skipaður fulltrúum samstarfsaðila, stýrir verkefninu. Starfstengd farniviðmið hafa verið þróuð. Alls 18 starfsmenn hafa farið í gegnum matsferli. Unnið er að þróun leiða við yfirfærslu þekkingar á milli starfsmanna.

Á árinu var fram haldið starfi í verkefninu VOW, en það byggir á styrk sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fékk frá Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun

Evrópusambandsins að upphæð 30 milljónir íslenskra króna í tilraunaverkefni sem ber titilinn „The Value of Work“ eða Gildi starfa. Unnið er að þróun aðferða til að meta raunverulega færni einstaklinga í atvinnulífinu. Fræðslumiðstöðin stýrir verkefninu. Samstarfslönd, auk Íslands, eru Danmörk, England, Kýpur, Slóvenía og Svíþjóð.

Samstarfsaðilar FA í verkefninu hér á landi eru Íslandsbanki, Landsbankinn, KB-banki, Menntaskólinn í Kópavogi, Samband íslenskra bankamanna, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, starfsgreinaráð fjármála- og verslunargreina og menntamálaráðuneytið. Fulltrúar þessara aðila mynda faghóp í verkefninu sem fer reglulega yfir framvindu mála. Sams konar faghópar hagsmunaaðila hafa verið myndaðir í hverju landi.

Verkefnið hefur nú staðið yfir í eitt ár af tveimur. Heimasíða verkefnisins er: [vow.siae.si/](http://vow.siae.si/) en einnig er hlekkur á heimasíðu FA [www.frae.is](http://www.frae.is). Kynn-ingarbæklingur um verkefnið er tilbúinn. Unnið er að handbók um staðla í störfum bankastarfsmanna og verða þeir tilraunakeyrdir fljótlega. Fjóla María Lárusdóttir og Bjarni Ingvarsson, starfsmenn FA, stýra verkefninu. Bjarni Ingvarsson gerir nánari grein fyrir verkefninu í grein sinni í Gátt.

### **Uppbygging námsferilsskrár**

Eitt af viðfangsefnum FA er að byggja upp kerfi fyrir námsferilsskrár (nemendabókhald) í samstarfi við fræðsluaðila og menntamálaráðuneytið þar sem m.a. verði tekið mið af mati á óformlegu námi og raunfærni.

Næsta skref í þessu starfi er að gera þarfagreiningu hjá samstarfsaðilum FA, þannig að skráningarkerfið nýtist þeim sem best. Á vormánuðum var leitað eftir tilboðum í þessa þarfagreiningu. Fljótlega verður gerður samningur við fyrirtækið Betri lausnir um að vinna þarfagreininguna í samráði við samstarfshóp, sem skipaður er þeim Sólveigu Sveinsdóttur, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Jóhanni Ingólfssyni, Farskóla Norðurlands vestra, Birni Garðarssyni, Fagraði verslunar- og þjónustu, Rósu Steinunni Jónsdóttur, Mími-símenntun og Birni Sigurjónssyni, Iðuni.

Þegar þessari þarfagreiningu lýkur er komið að því að hanna kerfið, en þær athuganir sem gerðar hafa verið benda til þess að heppilegt sé að aðlaga Innu, skráningarkerfi framhaldsskólanna að þörfum FA og samstarfsaðila.

### **Þróun náms- og starfsráðgjafar**

Það hefur verið liður í starfi FA frá upphafi að þróa leiðir til að veita náms- og starfsráðgjöf á vinnumarkaði. Markmiðið er einkum að ná sambandi við markhóp FA og greina þarfir, ásamt því að búa til námsleiðir, sem henta bæði einstaklingunum svo og þeim fyrirtækjum og stofnunum, sem þeir starfa í. Ekki er síður mikilvægt að hvetja til náms og ábyrgðar á eigin færniþróun. FA

hefur því unnið í nokkrum þróunarverkefnum á þessu sviði. Á síðastliðnu ári færðist náms- og starfsráðgjöfin út til samstarfsaðila FA með formlegum hætti. Hlutverk FA hefur því breyst í kjölfarið. Nú er mikilvægast að halda utan um og samræma þróun í málaflokknum. Frá því að byrjað var að ráða náms- og starfsráðgjafa hjá samstarfsaðilum FA hefur starfsemin beinst að því að veita handleiðslu um vinnuaðferðir við ráðgjöf á vinnumarkaði og í fyrirtækjum. Þessi náms- og starfsráðgjöf er um margt öðruvísi en sú ráðgjöf sem hefur tíðkast innan skólakerfisins og fyrir atvinnulausa. Námsráðgjöf á vinnustað er veitt á svæði og í tíma atvinnurekanda sem gerir hana sérstaka.

Þann 18. ágúst sl. var haldinn fyrsti fræðslufundur fyrir náms- og starfsráðgjafa hjá samstarfsaðilum FA. Á fundinum voru kynnt ýmis mál sem að gagni geta komið við ráðgjöfina. Jafnframt var farið yfir forsendur ráðgjafarinnar. Það er von okkar að þetta samstarf verði gjöfult í framtíðinni vegna þess að Ísland er að taka forystu meðal Evrópuþjóða í þessum málaflokki.

Á árinu lauk verkefni, sem FA tók þátt í með Eflingu-stéttarfélagi, Starfsafli, Starfsmennt samtökum atvinnurekanda og Flóabandalagsins og erlendum samstarfsaðilum sem laut að þróun námshvatningar á vinnustað. Lokaráðstefna var haldin í verkefninu í Kennaraháskóla Íslands 23. mars sl. Í verkefninu var lögð áhersla á að þjálfar starfsfólk (trúnaðarmenn, verkstjóra) í jafningjaráðgjöf. Þessi tegund ráðgjafar er vel þekkt í nágrannalöndum s.s. í Bretlandi þar sem þróuð hefur verið staða fræðslufulltrúa á vegum verkalyðshreyfingarinnar. Þessu verkefni hefur verið komið fyrir hjá Félagsmálaskóla alþýðu.

### **Þróun aðferða í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun**

Liður í því að auka gæði fræðslunnar er tilboð FA til samstarfsaðila sinna um námskeið í kennslufræði fullorðinna. Á síðastliðnu ári voru haldin 10 námskeið á vegum kennslufræðimiðstöðvar FA. Af þeim voru 5 af námskeiðinu Stiklur haldin hjá Mími-símenntun, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Þekkingarneti Austurlands, Tollstjóraembættinu og Ísbrú, sem er félagsskapur þeirra sem kenna nýbúum. Jafnframt voru haldin tvö starfsþjálfanámskeið, annað fyrir Verzlunarskóla Íslands og hitt fyrir Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Loks var haldið námskeið um fjarkennslu fyrir Alþýðusamband Íslands og námskeið um mismunandi námsnálgun var haldið með Ingimar Svanteson frá Svíþjóð, en það var jafnframt umfangsmesta námskeið ársins. Lýsing á Stiklum og öðrum mögulegum námskeiðum er á heimasíðu FA [www.frae.is](http://www.frae.is)

Jafnframt hefur verið byggt upp gagnasafn um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í húsakynnum FA og er bætt við safnið á hverju ári. Unnið hefur verið að skráningu safnsins á árinu. Í undirbúningi eru reglur um útlán og kynningu safnsins fyrir samstarfsaðilum FA.

## **Einstaklingsmiðuð náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun**

Samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið var ákveðið að verja 30 milljónum á árinu til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntarmiðstöðvunum og Mími-símenntun. Undirbúningsstarfið fór af stað af krafti um leið og nýr þjónustusamningur tók gildi. Unnið var að því að meta þarfirnar með því að taka saman yfirlit yfir markhópin eftir svæðum. Stuðst er við meðaltalstölur árána 2002-2004. Inntak samninga var mótað og þar með ýmis atriði varðandi kostnaðarþátttöku, svo og upplýsingasöfnun. Loks voru árangursmarkmið ákveðin. Þessi vinna var öll unnin í samráði við menntamálaráðuneytið. Á vormánuðum ársins 2006 voru samningar undirritaðir við alla til þess bæra aðila. Á haustmánuðum var ráðgjöfin komin í framkvæmd hjá þeim að einum aðila undanskildum. Framkvæmdin er unnin eftir þeirri fyrirmynd, sem varð til í tilraunaverkefninu “Námsráðgjöf á vinnustað“, sem FA tók þátt í á árunum 2003-2005.

## **Námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn**

Eitt af verkefnum FA samkvæmt nýjum þjónustusamningi er að láta útbúa námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfra leiðbeinendur í notkun þess. Þessu verkefni hefur miðað hægt á árinu, en áætlanir gera ráð fyrir að vinna við það hefjist í október og því ljúki ekki fyrir en snemma á næsta ári. Búið er að velja stýrihóp til að móta verkefnið. Í stýrihópnum verða eftirtaldir aðilar: Þorbjörg Halldórsdóttir og Sólborg Jónsdóttir hjá Mími-símenntun, Laufey Eiríksdóttir hjá Þekkingarsetri Austurlands, Birna Arnbjörnsdóttir hjá Háskóla Íslands, Þórleif Drífa Jónsdóttir frá Landspítala-háskólasjúkrahúsi, Sigrún Jóhannesdóttir og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Stýrihópurinn mun búa til mælistikur í námsefnisgerð í íslenskukennslu fyrir erlent starfsfólk, meta hvers konar námsefni muni henta best, skoða það efni sem til er og meta það út frá mælistikum. Síðan mun verða samið við höfunda um notkun þess efnis sem valið verður, greina hvaða efni vantar og semja við höfunda um að skrifa/hanna nýtt námsefni.

## **Greiðslur til vottaðs náms**

Samstarfsaðilar FA í þessu verkefni eru miðstöðvar símenntunar, Mímir - símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina. Skilgreining á vottuðu námi eru þær námsleiðir sem sérhannaðar hafa verið fyrir markhópin og metnar til eininga á framhaldsskólastigi.

Ákveðið var að verja 65 milljónum á árinu til framkvæmdar á vottuðum námsleiðum hjá samstarfsaðilunum. Undirbúningur fyrir þetta verkefni fólst í því að finna leiðir til að greiða framlag frá ríkinu til símenntunarmiðstöðva,

Mímis-símenntunar og fræðslumiðstöðva iðngreina vegna vottaðra námsleiða. Auk þess þurfti að semja reglur um framlagið, m.a. hvaða upplýsingum halda þarf saman vegna þessa starfs. Reglur voru unnar í nánu samráði við menntamálaráðuneytið. Ljóst er að þetta verkefni hefur farið vel af stað og eru flestir samstarfsaðilar FA að undirbúa framkvæmd á haustmánuðum, en eingöngu þrír þeirra fóru af stað með vottaðar námsleiðir á vorönn 2006. Meðal þeirra samninga sem gerðir hafa verið um framkvæmd vottaðs náms eru sjö af námsleiðinni Aftur í nám á þremur stöðum á landinu, sjö og hálfur Landnemaskóli á 8 stöðum á landinu, Jarðlagnatækni og hluti Grunnmenntaskóla í Reykjavík, fyrsti hluti Verslunarfagnáms á Akureyri, Grunnám fyrir skólaliða mun hefjast á tveimur stöðum á landinu, Fagnámskeið I fyrir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu á þremur stöðum á landinu, Fjölvirkjar í ferðaþjónustu munu hefjast á tveimur stöðum auk þess sem fjöldi fagnámskeiða og brúarleiða verður haldinn í Reykjavík fyrir starfsmenn leikskóla, heimaþjónustu og spítala. Ljóst má vera af þessari upptalningu að vöxturinn í þessu starfi er gríðarlegur, vel hefur gengið að dreifa þeim námsleiðum, sem hafa verið gefnar út og metnar, óháð búsetu.

### **Söfnun og miðlun upplýsinga**

Ársrit FA, Gátt, var gefið út í nóvember 2005. Þetta var annað ritið í röðinni. Áhersla í þessu riti var á kennslufræði í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Óhætt er að segja að þessu riti, svo og Gátt 2004, hafa verið vel tekið af viðtakendum. Enda er ekki mikið um faglegt efni um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun á íslensku. Í Gátt 2006 er sjónum áfram beint að kennslufræði, en nú fremur að sérstökum hópum heldur en almennri kennslufræði.

Ársfundur FA var haldinn 23. nóvember sl. Erindi fluttu Ingimar Svanteson frá Svíþjóð, sem talaði um mismunandi námsnálgun fólks undir heitinu Learning styles and study success, Elísabet Arnardóttir, greindi frá niðurstöðum úr lestrarrannsókn sinni og Guðmundar Kristmundssonar, en erindið bar nafnið Slakir lesarar. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir talaði um náms- og starfsráðgjöf fyrir starfandi fólk. Árni Sigurbjarnarson flutti erindi um samspil menntastofnana og samfélags. Gylfi Arnbjörnsson, stjórnarformaður FA, ávarpaði fundinn í upphafi og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA, kynnti Gátt 2005. Fundarstjóri var Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Samtökum verslunar- og þjónustu. Fundinn sóttu 64 manns.

Kynningarbæklingur um raunfærnimat kom út á haustmánuðum. Hann er ætlaður til notkunar í tilraunaverkefnum og er efni hans einkum beint að samstarfsaðilum í slíkum verkefnum. Í bæklingnum er raunfærni skilgreind og greint frá ferlinu í raunfærnimati. Dregin er fram gagnsemi raunfærnimats og

farið yfir hlutverk helstu ábyrgðar- og hagsmunaaðila. Jafnframt er útráttur úr evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni.

Kynningarbæklingur um náms- og starfsráðgjöf ásamt veggspjaldi kom einnig út á haustmánuðum. Kynningarefnið er ætlað samstarfsaðilum FA sem bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf. Í bæklingnum er höfðað bæði til einstaklinga á vinnumarkaði svo og fyrirtækja.

Kynningarbæklingar hafa verið gefnir út með nokkrum námsleiðum. Á árinu voru gefnir út bæklingar vegna námsleiðanna Aftur í nám, Jarðlagna-tækni og Verslunarfagnám.

## **Önnur verkefni**

### ***Norrænt tengslanet um nám fullorðinna***

Um næstkomandi áramót rennur út samningur sá sem FA gerði við NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna), en sá samningur var til tveggja ára frá áramótum 2004 til ársloka 2006. NVL er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Aðalviðfangsefni í starfsáætlun netsins hafa verið: 1. Efling gæða og þróun gæðamælinga innan fullorðinsfræðslu. 2. Símenntun og þróun raunfærni á mismunandi sviðum menntunar, mat á persónulegri og faglegri færni. 3. Þverfaglegt samstarf til þess að auka samkeppnishæfni atvinnu- og þjóðlífs. 4. Þverfaglegt samstarf til að efla persónulegan þroska fólks og lýðræðislega þátttöku í samfélaginu. Heimasíða netsins er [www.nordvux.net](http://www.nordvux.net). Mikið starf hefur verið unnið í netinu á síðastliðnu ári.

### ***Fagmenntun á sviði verslunar og þjónustu***

Í samningi milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Starfsmenntasjóða verslunar og skrifstofufólks og Fagráðs verslunar- og þjónustugreina er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falið að framkvæma tiltekin viðfangsefni á sviði fræðslumála. Meðal annars er um að ræða verkefni sem koma að heildarmynd og tengingu náms á sviðinu, kynningar og faglega vinnu vegna starfsmenntasjóðsins, náms- og starfsráðgjöf fyrir starfsmenn á vinnustöðum, vinnu að tillögum að nýju námi, ferilbókum og raunfærnimati. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins réð starfsmann til verkefnisins. Meðal þeirra verkefna sem fagráðið vann á árinu 2005-6 er eftirfylgni við framkvæmd tilraunakennslu í verslunarfagnámi sem Verslunarskóli Íslands hefur séð um. Tengt því er vinna við mótun ferilbókar nemenda í verslunarfagnámi. Þá er unnið að gerð tillagna að raunfærnimati fyrir umsækjendur í verslunarfagnámið. Fagráðið hefur skipulagt og haft umsjón með náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum, en Mímir-símenntun hefur séð um framkvæmd ráðgjafarinnar. Samhliða hafa verið kynningar á Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks.

Markmiðið með verkefninu er að efla fagmenntun á sviði verslunar- og



þjónustu og leitast er við að ná samlegðaráhrifum við aðra starfsemi FA eftir því sem kostur er.

### ***Starfsgreinaráð fjármála-, verslunar- og skrifstofugreina***

FA hefur gert samning um að greina þarfir og útbúa viðmið um úrvalsnáms-efni, sem hentar nýrri námskrá fyrir tveggja ára starfsnám í þjónustugreinum. Starfið er á byrjunarreit, en ljóst er að hér er um mjög nýja nálgun að ræða í tengslum við gerð kennsluefnis. Meðal afurða verkefnis mun verða lýsing á því hvaða námsefni þarf að útbúa til að fullnægja kröfum námskrár og á hvaða formi það á að vera, leiðbeiningar fyrir höfunda námsefnis um framsetningu og efnistöð, mælistika sem má nota við mat á gæðum námsefnis í starfsnámi, athugun og söfnun á dæmum um árangursríkt námsefni.

### **Fyrirmyndarfyrirtæki 2006**

Þau gleðilegu tíðindi bárust FA í nóvember að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefði lent í 12. sæti minni fyrirtækja sem fyrirmyndarfyrirtæki í könnun VR. Framkvæmastjóri FA tók við blómum og viðurkenningu af þessu tilefni þann 19. maí sl.

### ***Mímir – símenntun***

Mímir-símenntun hefur nú lokið þriðja starfsári sínu og hefur umfang starfseminnar vaxið verulega. Velta fyrirtækisins hefur aukist um 45% milli ára og nemendastundum hefur fjölgað um 80%. Slíkur vöxtur er ekki verk eins eða fárra einstaklinga heldur samstarf margra aðila og ber þar sérstaklega að þakka duglegu, áhugasömu og hæfu starfsfólki Mímis-símenntunar. Vöxtur fyrirtækisins skýrist að miklu leyti af mikilli aukningu í starfstengdu námi til eininga svo sem félagsliðabréu og brú fyrir aðstoðarfólk á leikskólum.

Í öllu starfi fyrirtækisins er lögð áhersla á að veita markhópi Mímis, sem er fullorðið fólk með stutta formlega skólagöngu, sem besta þjónustu. Mímir hefur einnig lagt sig fram um að sinna þörfum fólks sem vill auka færni sína í erlendum tungumálum eða taka tómsbundanámsskeið sér til gagns og ánægju. Einna mest var aukningin í námskeiðum fyrir erlent fólk sem vill og þarf að læra íslensku. Hefur sú aukning aðallega orðið vegna þjónustusamnings við Námsflokka Reykjavíkur um að Mímir annist íslenskukennslu fyrir útlendinga sem hafa búsetu í Reykjavík.

Eftirspurnin eftir námskeiðum sem gefa einingar inn í framhaldsskóla hefur farið vaxandi. Leiðir til að stunda nám til eininga eru einkum tvær hjá Mími-símenntun. Annars vegar að fylgja námskrám eða framhaldsskólaáföng-

um samþykktum af menntamálaráðuneytinu og hins vegar með námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Það er ljóst að á næstu árum verður haldið áfram að þróa nýjar námsleiðir til framhaldsskólaeininga sem hæfa fullorðnu fólki. Eins er fyrirsjáanlegt að eftirspurn eftir raunfærnimati til styttingar á námi muni aukast í nánustu framtíð. En raunfærni er samanlögð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frí-stundanámi, skólanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi. Mímir-símenntun hefur stýrt áhugaverðu þróunarverkefni sem felst í því að bjóða einstaklingum sem hófu iðnnám, hættu í náminu en vinna áfram í viðkomandi grein, að koma í raunfærnimat og í framhaldi af því að finna leiðir og hvetja viðkomandi til að ljúka námi í greininni. Vélvirkjun varð fyrst fyrir valinu en þegar þróunarverkefninu lýkur verður aðferðafræðin yfirfærð á aðrar iðngreinar.

Fullorðinsfræðsla og símenntun eru vettvangur sem er í hraðri þróun. Mímir-símenntun mun halda áfram að taka virkan þátt í þeirri þróun og í mörgum tilfellum leiða hana. Það eru hjartir og spennandi tímar framundan sem ögrandi verður að takast á við.

### **Ágrip af sögu Mímis – símenntunar**

Mímir- símenntun á sér traustar rætur hjá hugsjónamönnum innan verkalýðshreyfingarinnar sem lögðu áherslu á mikilvægi menntunar fyrir alþýðu manna. Rætur þeirrar starfsemi má rekja allt aftur til upphafs síðustu aldar. Þannig stóð Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík að stofnun Kvöldskóla verkamanna árið 1924 en þar voru kennd ýmis undirstöðufög. MFA hið eldra eða Menningar- og fræðslusamband alþýðu var svo stofnað á Alþýðusambandsþingi árið 1937 en tilgangur þess var að vinna að almennri menningu og fræðslu íslenskrar alþýðu. Árið 1942 fluttist starfsemin frá ASÍ. Á sambandsstjórnarfundi ASÍ árið 1969 var svo reglugerð fyrir MFA hið síðara samþykkt. Þar með hóf ASÍ aftur starfsemi Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Strax í upphafi var megináherslan lögð á fræðslumál. Haldin voru námskeið, fræðslufundir og ráðstefnur um málefni sem voru ofarlega á baugi hjá verkalýðshreyfingunni á þessum tíma. Árið 1975 stofnaði ASÍ svo Félagsmálaskóla alþýðu og sá MFA um rekstur hans. Ellefu árum síðar eða árið 1986 yfirtók MFA rekstur Tómskundaskólans sem hafði verið stofnaður árið áður af þremur einstaklingum. Árið 1989 setti Alþingi lög um Félagsmálaskóla alþýðu. Samkvæmt þeim er skólinn fyrir félagsmenn ASÍ og BSRB. Árið 1995 keypti Tómskundaskólinn Málaskólann Mími af Stjórnunarfélaginu. Í framhaldinu var nafni skólans breytt í Mími-Tómskundaskólann.

Enn urðu breytingar á fræðslustarfi á vegum ASÍ árið 2003. Þá var Mímir-símenntun ehf. stofnað og tók við hluta verkefna frá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu og öllum verkefnum frá Mími-Tómstundaskólanum. Þau verkefni sem varða fræðslu fyrir talsmenn verkalýðshreyfingarinnar fluttust með MFA og Félagsmálaskóli alþýðu til ASÍ. Enn sér þó Mímir að miklu leyti um námskeiðahald fyrir Félagsmálaskólann.

Markmið Mímis-símenntunar er að vinna að fullorðinsfræðslu og símenntun og reka mennta- og fræðslustarfsemi til almannaheilla. Markhópur Mímis símenntunar er einkum sá hópur sem stysta formlega menntun hefur að baki. Einstaklings- og tómstundanámið höfðar hins vegar til fólks úr öllum þjóðfélagsþópum. Þá hefur íslenskunám fyrir útlendinga nýlega orðið mjög stór þáttur í starfinu en það nám höfðar að sjálfsögðu til afmarkaðs hóps.

### **Nám til eininga**

Nám til eininga er ýmist samkvæmt samþykktum námskrám menntamálaráðuneytisins eða námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í mörgum tilfellum nýtist námið sem leið yfir í formlega skólakerfið en einnig er oft um að ræða starfstengt nám sem gefur aukin réttindi og kjarabætur. Nám samkvæmt þessum flokki getur bæði tilheyrt starfstengdu námi, til dæmis félagsliðanám og jarðlagnatæknunám og almennu námi en þar flokkast Grunnmenntaskóli, Landnemaskóli og Aftur í nám.

### *Nám samkvæmt námskrám menntamálaráðuneytisins*

#### **Félagsliðar**

Mímir tók við nýjum hópi í félagsliðanámi fyrir starfsfólk í heimaþjónustu. Þessi hópur sem starfar hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hóf nám sitt hjá Námsflokkum Reykjavíkur en fluttist til Mímis haustið 2005. Fyrir var hópur starfsmanna á geðsviði Landspítalans og voru því tveir hópar í félagsliðanámi hjá Mími á haustönninni. Námið tekur í allt fjórar annir og mæta nemendur einu sinni í viku og geta þannig tekið námið með vinnu. Að námi loknu fá nemendur starfsheitið félagsliði sem veitir þeim aukin réttindi og bætt kjör.

#### **Leikskólabrú fyrir 45 ára og eldri**

Haustið 2005 óskaði Efling stéttarfélag eftir samstarfi við Mími-símenntun um rekstur Leikskólabrúar fyrir leikskólastarfsmenn 45 ára og eldri. Námskeiðið er haldið á dagvinnutíma og er 31 eining í framhaldsskóla.

## **Námsleiðir Landspítala háskólasjúkrahúss**

Á árinu var að frumkvæði skrifstofu starfsmannamála LSH boðið upp á nýtt nám fyrir starfsfólk Landspítala háskólasjúkrahúss sem býðst að taka áfanga á framhaldsskólastigi samhliða vinnu. Námið sóttu meðferðar- og stuðningsfulltrúar á geðdeildum

### ***Nám samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins***

Nemendastundum í námi sem kennt er samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hefur fjölgað verulega eða um 56% milli árana 2004 og 2005. Þó hefur enn ekki náðst sá árangur sem náðist 2003 þegar kenndar voru yfir 15.000 nemendastundir í þessum fjórum námskrám. Skýringanna er að leita í því að þá luku yfir 30 einstaklingar 300 stunda námi í jarðlagnatækni. Það nám féll niður árið 2004 en aftur var boðið upp á það 2005 en þá með aðeins níu nemendum.

Þegar skoðuð er kynjaskipting í þessum fjórum námsleiðum sést að mun fleiri konur en karlar hafa lokið þeim. Á þessu er þó undantekning árið 2003 vegna mjög fjölmenns námskeiðs í jarðlagnatækni en aðeins ein kona hefur lokið jarðlagnatæknináminu.

### **Jarðlagnatækni**

Í mars 2005 luku níu manns námi í jarðlagnatækni. Námið er ætlað öllum þeim sem starfa við jarðlagnir, hvort sem er heitavatns-, kaldavatns- eða rafmagnslagnir. Einnig er fjallað um fjarskiptalagnir á námskeiðinu. Flestir þátttakenda komu frá Orkuveitu Reykjavíkur en einnig voru nemendur frá Gatnamálastofu og nokkrum verktakafyrirtækjum. Námið er 300 stundir. Starfsafl, Starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins styrkti félagsmenn sína til þátttöku.

### **Grunnmenntaskóli**

Vorið 2005 luku 15 manns námi úr Grunnmenntaskólanum sem er 300 stunda nám ætlað fólki með stutta skólagöngu að baki. Kennð er íslenska, stærðfræði, enska, sjálfsstyrking og tölvunotkun auk þess sem nemendur gera færnimöppu og fá námsráðgjöf. Haustið 2005 hófu svo 17 manns nám í nýjum Grunnmenntaskóla en þetta er í sjötta skiptið sem Mímir býður upp á þetta nám. Starfsafl og starfsmenntasjóður VR styrktu félagsmenn sína til þátttöku en einnig styrkti menntamálaráðuneytið námskeiðin.

## Aftur í nám


Námið er ætlað fullorðnu fólki með lestrar- og skriftarörðugleika. Þetta er 95 kennslustunda nám sem gefur allt að sjö einingar til framhaldsskóla. Námið hefst með sjálfsstyrkingu og í framhaldi af því fara nemendur í 30 klst einkatíma hjá Ron-Davis ráðgjafa. Eftir það er kennd íslenska og grunnatriði í tölvunotkun. Allir nemendur fá námsráðgjöf. Vorið 2005 luku 13 manns námskeiðinu, um haustið var haldið annað námskeið sem 11 manns luku. Starfsmenntasjóðir Eflingar, VR og fleiri stéttarfélaganna hafa styrkt félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu. Einnig styrkti menntamálaráðuneytið námskeiðin.


## Landnemaskólinn

Þetta er 120 stunda nám ætlað fólki af erlendum uppruna sem náð hefur nokkurri færni í íslensku tungu. Lögð er áhersla á að byggja upp færni þátttakenda í íslensku og þekkingu á íslensku samfélagi og menningu. Fimmti Landnemaskólinn hófst í október 2005 en sá fyrsti var haldinn vorið 2002. Starfsafl hefur styrkt nemendur til þátttöku en eingöngu félagsmenn Eflingar hafa sótt námskeiðin.

## Nám fyrir atvinnulífið

Hér flokkast námskeið sem ekki eru metin til eininga t.d. samskiptanámskeið og önnur styttri námskeið fyrir atvinnulífið. Námskeið á vegum Félagsmála-skóla alþýðu fyrir talsmenn verkálýðshreyfingarinnar flokkast einnig hér svo





og námskeið sem ætluð eru fólki utan vinnumarkaðar. Þá er markmiðið gjarnan að auðvelda því leið að námi eða vinnu við hæfi. Ef litið er til súluritanna þá eru hér bæði námskeið sem flokkast sem almenn námskeið, námskeið fyrir Vinnumiðlun og námskeið á vegum Félagsmálaskóla alþýðu.

### Námskeið á vegum Félagsmálaskóla alþýðu

Á árinu var haldið áfram að vinna samkvæmt þjónustusamningi við Félagsmálaskóla alþýðu um félagslega fræðslu og námskeið fyrir talsmenn verkalyðshreyfingarinnar. Haldin voru 26 trúnaðarmannanámskeið á árinu, þar af 17 almenn námskeið og níu sérhæfðari námskeið. Þar má telja námskeið um vinnuvernd, hagfræði, um íslenska vinnumarkaðinn og fleira. Önnur námskeið sem haldin voru í samstarfi við Félagsmálaskólann voru m.a. námskeið um færnimöppu, um tímastjórnun, námskeið um rekstur stéttarfélaga, sænskunámskeið, námskeið um áfallahjálp og stjórnun og fleiri námskeið. Auk þess sóttu nokkrir talsmenn stéttarfélaga háskólanám hjá Háskólanum á Akureyri. Námið var haldið í fjarnámi. Nemendastundum fjölgaði hjá Félagsmálaskólanum ef miðað er við árið 2004 en ekki tókst að ná sama árangri og árið 2003 þegar mjög mikil þátttaka var á námskeiðum skólans.

### Smíðjurnar

Mímir-símenntun sá um lokaþátt tveggja kvennasmiðja en átta vikur af þeirra námi voru í umsjón Mímis. Í október hófst ný kvennasmiðja en sú nær yfir 18 mánuði. Í ágúst mánuði hóf fyrsti hópur karlasmiðju nám hjá Mími. Allar eru

Þessar smiðjur á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og eru ætlaðar fólki sem hefur átt erfitt með að fóta sig á vinnumarkaði og hefur notið félagslegrar aðstoðar um nokkurt skeið.

### **Fagnámskeiðin**

Tveir hópar luku fagnámskeiðum fyrir starfsfólk í umönnun, annar á vorönn og hinn á haustönn. Athygli vekur að nærri helmingur þeirra sem luku námi fyrir almennt starfsfólk á öldrunar- og hjúkrunarheimilum er af erlendu bergi brotinn. Þá voru haldin fagnámskeið fyrir starfsfólk á leikskólum Reykjavíkurborgar.

### **Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar**

Nemendum á námskeiðum fyrir Vinnumiðlun Reykjavíkur fækkaði milli ára enda hefur atvinnuleysi verið lítið. Hins vegar fjölgaði nemendastundum ef miðað er við árið 2004. Ástæðu þess má rekja til þess að árið 2005 voru haldin bæði 90 og 25 stunda námskeið fyrir langtímaatvinnulausa. Þannig voru á árinu haldin tvö 90 stunda námskeið undir yfirskriftinni Aftur í starf. Það er nýtt námskeið fyrir einstaklinga sem hafa verið lengi atvinnulausir og er það kennt samkvæmt samningi við Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar. Þá var haldið 25 stunda námskeið, Reynsla er auður, fyrir 50 ára og eldri. Einnig voru haldin tölvu-, ensku- sjálfsstyrkingar- og samskiptanámskeið fyrir atvinnulausa.

### **Námskeið fyrir fyrirtæki**

Á árinu voru haldin samskipta- og þjónustunámskeið fyrir ýmis fyrirtæki. Einnig héldum við slík námskeið fyrir verkefnisstjóra og bættum þá við fræðslu um verkefnastjórnun. Þá voru haldin námskeið í símsvörun á ensku fyrir nokkur fyrirtæki.

### **Námskeið fyrir félagsmenn Eflingar**

Nokkur námskeið voru haldin sérstaklega fyrir félagsmenn Eflingar stéttarfélags. Þeirra á meðal voru námskeið um námstækni, tölvunámskeið, sjálfsstyrkingarnámskeið, framsögn og framkoma og námskeið um ferilskrá og atvinnuviðtöl.

### **Námskeið fyrir erlenda félagsmenn Eflingar**

Haldið var samskipta- og sjálfstyrkingarnámskeið fyrir Pólverja og námskeið fyrir Víetnama um uppbyggingu íslensks vinnumarkaðar, kynningu á Eflingu stéttarfélagi og samskipti á vinnustað. Á báðum námskeiðum var íslenskur kennari en Pólverji og Víetnami túlkuðu á viðkomandi mál.

## **Starfslokanámskeið**

Mímír heldur starfslokanámskeið fyrir fólk sem er að nálgast ellilífeyrisaldur. Þrjú starfslokanámskeið voru haldin á árinu, tvö fyrir félagsmenn Eflingar og eitt fyrir starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur.

## **Námskeið fyrir fanga á Litla Hrauni**

Haldið var tuttugu stunda samskiptanámskeið sem tókst mjög vel og voru þátttakendur ánægðir með námskeiðið. Styrkur frá dómsmálaráðuneytinu gerði þetta námskeið mögulegt en áframhald varð á starfinu í byrjun árs 2006.

## **Námskeið í samvinnu við Vernd fangahjálp**

Á vorönn 2005 voru haldin fjögur námskeið fyrir Vernd fangahjálp. Námskeiðin voru um samskipti, vinnumarkaðinn, raunfærnimat og ferilskrá og atvinnuviðtöl. Námskeiðin voru fjármögnuð af starfsmenntasjóðunum Starfsafli og Landsmennt en hvor sjóður greiddi helming kostnaðar.

## **Tómstunda- og einstaklingsnámskeið**

Á árinu 2005 voru haldin samtals 239 námskeið með 2.128 nemendum. Á vorönn var meiri þátttaka að venju. Vorönn nær yfir lengra tímabil og þar inn í koma t.d. sumarnámskeið barna. Meirihluti nemenda eru konur, eða tæp 70%. Nemendum fjölgaði ef miðað er við árið 2004 en hins vegar voru nemendastundir nú færri en þá. Þátttakendur eru á öllum aldri, þeir yngstu eru börnin sem sækja sumarnámskeið Mímis en þeir elstu voru einnig duglegir að sækja námskeið. Þannig voru 11% þátttakenda 61 árs og eldri og 2% eða 88 einstaklingar sem eru orðnir meira en 71 árs sóttu tómstundanámskeið hjá Mími-símenntun. Meirihluti þátttakenda er á miðjum aldri. Tungumál eru enn sem fyrr stærsti flokkurinn hér og þeim nemendum sem sækja þau námskeið fjölgar nokkuð milli ára.

## **Tungumál**

Námskeiðunum var skipt niður í 3 flokka á vorönn: Tungumál, Listir og menning og Gagn og gaman. Á haustönn bættist við nýr flokkur: Íslenska fyrir útlendinga en nánar er fjallað um hann á öðrum stað í Ársskýrslunni. Tungumálin voru langstærsti flokkurinn, kennd voru 94 námskeið á vorönn með 722 nemendum. Á haustönn voru haldin 60 námskeið með 518 nemendum. Boðið var upp á 17 tungumál sem kennd eru á mörgum stigum, byrjendur, framhaldshópar, lengra komnir og talmálshópar. Hvert námskeið er 18 kennslustundir. Einnig er einkakennsla í boði. Þá voru haldin 15 námskeið í Enskri símsvörun í samstarfi við Útflutningsráð. Langflestir nemendur sækja námskeið í spænsku en boðið er upp á átta stig auk talmálshópa. Næst spænskunni í vinsældum eru



enska og ítalska. Auk kvöldnámskeiðanna var boðið upp á dagtíma í ensku og spænsku. Meðal nýjunga á haustönn var taflenska fyrir byrjendur. Einnig eru í boði námskeið ætluð börnum í ensku, spænsku, leiklist og myndlist.

### **Gagn og gaman**

Á undanförunum árum hefur aðsókn að tómstundanámskeiðum minnkað og því var ákveðið að auglýsa færri titla á vorönn í flokknum Gagn og gaman. Af námskeiðum í flokknum Gagn og gaman hafa golfnámskeiðin notið mestra vinsælda. Nýmæli var námskeið um Stafræna myndavél, sem fékk góða aðsókn, Helga Braga leikkona var með nýtt námskeið sem bar yfirskriftina Daður og deit. Nýtt námskeið var einnig um Innanhússhönnun og skipulag sem Hrönn Sævarsdóttir innanhússarkitekt sá um. Mjög góð aðsókn var á því námskeiði og haldin voru tvö námskeið. Námskeið um GPS tæki hefur verið vel sótt. Námskeið um Gsm símann hafa verið haldin í samstarfi við Símann og gengið vel. Matargerðarnámskeið frá framandi löndum hafa einnig notið vinsælda. Nýmæli á vorönn var námskeið um Matargerð í Marokkó sem naut vinsælda. Einnig var góð aðsókn að nýju námskeiði um kransakökugerð. Tölvunámskeið fyrir eldri borgara haldið á dagtíma var nýjung og þátttaka var ágæt. Byrjað var að kenna þæfingu á haustönn, þátttaka var góð og haldin voru nokkur námskeið. Nokkuð fjölgaði þátttakendum í flokknum Gagn og gaman ef miðað er við árið 2004.

### **Listir og menning**

Vinsælustu námskeiðin í flokknum Listir og menning voru námskeið í umsjón Jóhönnu Kristjónsdóttur um menningarheim Araba, samtals tóku 68 nemendur þátt á vorönn og haustönn. Námskeiðið hefur verið haldið í nokkur ár og er alltaf jafn vinsælt. Góð aðsókn var einnig að tveggja kvöldna námskeiði um Madrid í umsjón Kristins R. Ólafssonar, fréttaritara. Alls sóttu 83 manns það námskeið á haustönn og vorönn. Námskeið í olíumálun undir leiðsögn Hörpu Björnsdóttur myndlistamanns njóta alltaf mikilla vinsælda.

Samvinna hefur verið við Borgarleikhúsið um leiklistarnámskeið auk námskeiða sem tengjast þeim verkum sem eru þar í sýningu. Endurtekið var námskeiðið um Vesturfarana í umsjón Viðars Hreinssonar, Gísla Sigurðssonar, Helgu Ögmundardóttur og Böðvars Guðmundssonar, 25 manns sóttu námskeiðið. Á haustönn var haldið námskeið um Sölu Völku sem tengdist sýningu Borgarleikhússins á leikgerð verksins. Fyrirlesarar voru Silja Aðalsteinsdóttir, Halldór Guðmundsson, Edda Heiðrún Backman og Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir. 20 manns sóttu fyrirlestrana. Af fleiri nýjum námskeiðum í þessum flokki má nefna námskeið um sögu og menningu Marokkó í umsjón Jóhönnu Á. H. Jóhannsdóttur og Brahim Bourhroucht. Samstarf var

við Úrval-Útsýn um námskeið um Marokkó og Madrid. Að lokum má nefna nýtt námskeið sem var haldið um Sakamálasögur frá 19. öld til okkar daga í umsjón Katrínar Jakobsdóttur.

### **Sumarnámskeið barna**

Í júní voru haldin tuttugu stunda sumarnámskeið barna, í viku í senn. Í þeim var fléttað saman kennslu, leikjum og útivist. Kennnd var enska, spænska, leiklist, myndlist og tæknilego. Mest þátttaka var í tæknilego og ensku.

### **Íslenska fyrir útlendinga**

Í framhaldi af ákvörðun Menntaráðs Reykjavíkurborgar um að Námsflokkar Reykjavíkur hættu íslenskukennslu fyrir útlendinga á eigin vegum var á haustmánuðum gerður samningur við Mími-símenntun um kennslu í íslensku fyrir útlendinga. Samningurinn nær til allt að 700 erlendra nemenda með búsetu í Reykjavík. Í samningnum er einnig gert ráð fyrir að Mímir taki að sér þróunarverkefni um nýja kennsluhætti og nálgun í námi í íslensku. Nemendum sem sóttu íslenskunámskeið fyrir útlendinga hjá Mími símenntun fjölgaði því mjög mikið og má segja að hér verði margföldun. Áberandi er hve ungt fólk á þrítugs- og fertugstaldri er í miklum meirihluta þeirra sem sækja námskeiðin. Þá eru konur í meirihluta þeirra sem sækja námskeiðin eða yfir 60%.

### **Almenn íslenskunámskeið**

Á haustönn 2005 var boðið upp á 25 stunda eða 50 stunda almenn íslenskunámskeið á fjórum stigum. Fjöldi hópa var 35. Markmið almennu námskeiðanna er að þjálfa nemendur í grunnþáttum tungumálsins með sérstakri áherslu á íslenskt talmál. Byrjendum er skipt í hópa eftir tungumálum. Á haustönn 2005 voru sérstakir byrjendahópar fyrir Tælendinga, Víetnama, Kínverja, skandinavískumælandi, portúgölskumælandi og nemendur sem tala slavnesk tungumál. Kennarar þessara hópa tala tungumál hópsins og nota það til stuðnings í kennslunni. Á öðrum byrjendanámskeiðum er notuð enska sem hjálparmál þótt kennsla fari að mestu leyti fram á íslensku. Framhaldsnemendur gátu farið í stöðumat þar sem kunnátta þeirra var metin til að finna námskeið við hæfi. Auk almennu námskeiðanna var boðið upp á eitt námskeið í ritun og eitt námskeið í talþjálfun fyrir framhaldsnemendur.

### **Starfstengd íslenskunámskeið**

Á haustönn 2005 voru haldin starfstengd íslenskunámskeið m.a. á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Hrafnistu í Reykjavík og hjá Samskipum.

Á Landspítalanum voru haldin námskeið fyrir starfsfólk í eldhúsi og starfs-

fólk í ræstingu og bítibúri. Námið var aðlagð að þörfum nemenda og bæði boðið upp talþjálfun og byrjenda- og framhaldsnámskeið. Hjá Samskipum var meirihluti nemenda frá Póllandi og fengu þeir því pólskumælandi kennara. Á Hrafnistu var hópurinn stór og í upphafi námskeiðs voru nemendur prófaðir til að geta betur aðlagð námið að ólíkum þörfum svo sem þörf fyrir framburðar- og hljóðæfingar. Á öllum námskeiðunum var bæði farið í starfstengt námsefni og almenna daglega málnotkun.

### **Vottun um íslenskukunnáttu**

Nemendur sem óska eftir að fá vottun um íslenskukunnáttu sína vegna umsóknar um búseturétt eða ríkisborgararétt geta tekið próf hjá Mími-símenntun gegn gjaldi.

### ***Flóttamenn***

Í fyrsta skipti í mörg ár gafst Reykjavíkurborg tækifæri til að taka á móti flóttamönnum sem komu til landsins seinni hluta árs 2005. Þeir komu frá Kólumbíu og Kosovó. Velferðarsvið Reykjavíkur leitaði til Mímis-símenntunar um að annast kennslu fullorðnu flóttamannanna. Aðaláherslan er lögð á kennslu í íslensku en einnig vegur samfélagsfræðslan þungt í náminu. Kennslan fer fram alla virka daga þrjá tíma í senn í níu mánuði.

### ***Námsráðgjöf***

Í lok ársins 2005 var ljóst að aukin áhersla yrði lögð á náms- og starfsráðgjöf hjá Mími-símenntun, ekki síst vegna væntanlegra samninga við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem mun í upphafi árs 2006 semja við framkvæmdaraðila um aukna námsráðgjöf á vinnustað.

Á árinu lauk þróunarverkefni sem Mímir símenntun stýrði um námsráðgjöf á vinnustað. Verkefnið hófst árið 2003 með styrk frá Starfsmenntaráði, Starfsafli – Starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins og Eflingu-stéttarfélagi. Markmiðið var að ná til einstaklinga sem hafa skamma skólagöngu að baki og aðstoða þá við að setja sér raunhæf námstengd markmið. Verkefnið var framkvæmt þannig að námsráðgjafar mættu á vinnustaði, héldu kynningarfundum og buðu fólki í framhaldi af því einstaklingsráðgjöf. Verkefnastjórar skiluðu ítarlegri skýrslu í lok verkefnisins.

Námsráðgjöf var einnig veitt í tengslum við Grunnmenntaskólann og námskeiðið Aftur í nám en öllum þátttakendum á þessum námskeiðum býðst einstaklingsráðgjöf í lok náms.

### ***Erlent samstarf***

Mímir-símenntun á fulltrúa í stjórn Fræðslusamtaka verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum, ABF Norden. Einn stjórnarfundur ABF Norden var haldinn á Íslandi á árinu.

Vorið 2004 hóf Mímir símenntun þátttöku í norrænu samstarfsverkefni um fullorðinsfræðslu en verkefnið er kallað MULTI. Markmið þess var að miðla reynslu og upplýsingum meðal þátttakenda um námsráðgjöf og stuðla að endurnýjun aðferða við kennslu fullorðinna námsmanna af erlendum uppruna. Markhópur verkefnisins er fullorðið fólk af erlendum uppruna sem kemur frá öðrum löndum en Skandinavíu. Árið 2005 fékkst styrkur til nýs verkefnis sem byggir á hugmyndafræðinni úr MULTI-verkefninu og ber sama nafn.

Að þessu sinni er áherslan lögð á hagnýtar aðferðir við framkvæmd fullorðinsfræðslu fyrir nýbúa. Meðal þess sem unnið er að er gerð einstaklingsáætlanu í námi, uppbygging liðsheilda þeirra kennara sem fást við fræðslu nýbúa og fleira. Fyrsti fundurinn var haldinn í Reykjavík í september 2005.

### ***Þróunarverkefni***

Þróunarverkefni ýmiss konar eru mikilvægur þáttur í starfinu enda eru þau forsenda framþróunar og þess að Mímir geti staðið í fararbroddi á sviði fullorðinsfræðslu og símenntunar fyrir fólk með stutta menntun. Starfsmenntasjóður félagsmálaráðuneytisins hefur veitt styrki til ýmissa verkefna en einnig hafa fengist styrkir frá menntamálaráðuneytinu úr Þróunarsjóði framhaldsskóla og frá fleiri aðilum. Árið 2005 fengust fimm styrkir frá Starfsmenntaráði vegna eftirfarandi verkefna:

### **Reynsla er auður**

Styrkur fékkst til að halda námskeið í samstarfi við Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins fyrir atvinnulaust fólk 50 ára og eldra. Námskeiðinu var ætlað að auðvelda fólki á bera kennsl á þann auð sem býr í reynslunni og auðvelda því að koma auga á nýja möguleika. Haldið var eitt tilraunanámskeið.

### **Styrkari staða**

Námskeiðinu er ætlað að styrkja stöðu fólks 50 ára og eldra á nútíma vinnu-markaði. Verkefnið var unnið í samvinnu við VR, Húsasmiðjuna og Ícelandair.

### **Færnimappa fyrir 50 ára og eldri**

Markmiðið með þessu verkefni er að aðlaga þá Færnimöppu sem hefur verið notuð þannig að hún henti fólki sem er 50 ára og eldra.

Námstækni í fullorðinsfræðslu: Verkefnið er ekki farið af stað en unnið verður að því á árinu 2006.

Fræðsluefni fyrir fanga. Undirbúningur verkefnisins hófst á árinu og verður unnið áfram að því árið 2006.

Auk þess var unnið að eftirfarandi eldri þróunarverkefnum styrktum af Starfsmenntasjóði:

### **Bætt um betur**

Verkefninu er ætlað að auðvelda fólki sem hafið hefur vélvirkjanám, vinnur við fagið en hefur ekki lokið sveinsprófi, að ljúka náminu. Notað er raunfærni-mat og nemendum gefst kostur á að taka þá áfanga sem upp á vantar. Auk þess býðst nemendum námsráðgjöf.

### **Ungir landnemar**

Í febrúar 2005 lauk námskeiði sem haldið var í því skyni að auka námsfram-boð ungs fólks af erlendum uppruna en námskeiðið hófst í nóvember 2004.

### **Fiskur og ferðaþjónusta**

Haldið var 300 stunda námskeið í samvinnu við Fræþing – Fræðslumiðstöð Þingeyinga. Á námskeiðinu var notuð námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnu-lífsins. Styrkur hafði fengist frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins, Landsmennt og Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks til að þróa námið, gera námsskrána og halda námskeið.

Frá menntamálaráðuneytinu fékkst styrkur úr Þróunarsjóði framhaldsskóla til þess að gera:

**Mat á námsleiðum** en í því fólst samanburður á Jarðlagnatækni og Grunn-menntaskóla en námsleiðirnar eru báðar 300 stunda, gerðar hafa verið náms-skrár fyrir þær og þær hafa verið metnar til eininga í framhaldsskóla.

### ***Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar***

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ, 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000, en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxtatekjur, auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Um tilgang sjóðsins segir í stofnskrá hans:

Tilgangur sjóðsins er m.a. að styrkja verkafólk til að afla sér fræðslu um málefni og starf verkalýðshreyfingarinnar.

Meðal hlutverka sjóðsins skal vera að stuðla að því að saga Dagsbrúnar verði skrifuð og gefin út.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, skipaðir af miðstjórn ASÍ. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil miðstjórnar ASÍ. Sú venja hefur skapast að forseti ASÍ og formaður Dagsbrúnar, nú Eflingar, hafa setið í stjórninni auk eins til viðbótar, sem nú er Halldór Björnsson.

### **Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar veitir eftirtalda styrki:**

1. Styrk til að sækja námskeið eða afla sér með öðrum hætti þekkingar á verkalýðshreyfingunni og málefnum launafólks, innanlands eða erlendis.

Um er að ræða styrki sem ætlaðir eru til að greiða að hluta til eða öllu leiti skráningargjöld, ferða- og/eða dvalarkostnað. Styrkirmir eru ætlaðir félagsmönnum í stéttarfélögum. Hámarksstyrkur er kr. 100.000.

Umsóknir um styrkina eru afgreiddar tvisvar á ári: 1. september (umsóknarfrestur til 15. ágúst) og 1. desember (umsóknarfrestur til 15. nóvember).

2. Styrk til verkefnis er varða íslenskt samfélag og málefni launafólks.

Styrkurinn er ætlaður til að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða sérstaklega íslenskt samfélag, vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar. Hámarksfjárhæð er kr. 500.000.

Styrkurinn er veittur einu sinni á ári. Umsóknir um styrkinn þurfa að berast fyrir 1. apríl. Styrknum er úthlutað 1. maí ár hvert.

Auglýst var í fyrsta sinn eftir umsóknum vegna fræðimannastyrksins í byrjun árs 2006. Fræðimannsstyrkinn að þessu sinni hlaut Margrét Einarsdóttir, til að vinna að verkefninu „Launavinna íslenskra ungmenna: Áhersla á vernd eða réttindi“. Rannsókn Margrétar, sem er undirbúningur doktorsverkefnis, byggir bæði á eigindlegum og meginndlegum aðferðum og um tilgang hennar segir m.a. í umsókn hennar: „Rannsókninni er ætlað að gefa fræðileg svör við því hvernig hægt er að sameina sjónarhorn sem leggja áherslu á vernd barna annars vegar og réttindi barna hins vegar og vera innlegg í fræðilega umræðu um vinnuhugtakið, efnahagslega stöðu barna, um barndóminn sem félagslega smíð (social construcion) og um aðferðir sem beitt er við rannsóknir á börnum og unglíngum.“



*Myndarlegur hópur fór á árinu í kynnisferð til Brussel á vegum félaga og landssambanda ASÍ.*

## Erlend samskipti

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvoru tveggja alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og ört vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingunni með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni og hættur, en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópuríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk, og leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

## ***Norræna verkalýðssambandið - NFS***

Stjórn Norræna verkalýðssambandsins – NFS – kemur saman tvisvar á ári, í maí og desember, og er hún samsett af forystumönnum aðildarsamtakanna. Forseti ASÍ og framkvæmdastjóri hafa setið þessa fundi fyrir hönd ASÍ. Starf NFS hefur á undanförunum árum í vaxandi mæli snúist um samstarf Norðurlandanna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi.

Á þriggja daga vinnufundi samtakanna í september sl., sem er einskonaþing þeirra, var fjallað ítarlega um stöðu Norðurlandanna og norræna velferðarsamfélagið á tímum hnattvæðingarinnar. Þá var einnig fjallað ítarlega um stöðu og framtíðarhlutverk NFS.

Fram kom á vinnufundinum að sá grundvöllur sem norræna velferðarsamfélagið og skipulag vinnumarkaðarins á Norðurlöndunum byggja á eigi mikilvægt erindi í þá umræðu sem nú á sér stað á Evrópuvísu og alþjóðavettvangi um hnattvæðinguna og hvernig best sé að bregðast við henni. Það sé hlutverk norrænnar verkalýðshreyfingar að skýra þann grundvöll og þær hefðir sem norræna velferðarsamfélagið byggir á og leggja þannig sitt af mörkum til að tryggja ábyrgari og réttlátari hnattvæðingu.

Þá var rætt um framtíðarhlutverk NFS, m.a. í ljósi þess að Tom Saxén, framkvæmdastjóri og Kristjan Vaigur, sérfræðingur í málefnum Eystrasaltsríkjanna, láta brátt af störfum. Samstaða var um það á vinnufundinum að leggja áherslu á að NFS hafi ríku hlutverki að gegna við að skipuleggja og samræma aðkomu norrænu verkalýðshreyfingarinnar í bæði evrópsku og alþjóðlegu samhengi. Þannig yrði slagkraftur okkar og áhrif mun meiri en ella. Jafnframt væri mikilvægt fyrir aðildarsamtökin að fela NFS það verkefni, í nánú samstarfi við aðildarsamtökin, að kynna kosti norrænu samfélagsgerðarinnar sem leið til þess að mæta vaxandi ógnunum af hnattvæðingunni. Í því sambandi væri mikilvægt að kynna þetta í formi áherslna og forgangsroðunar fremur en að fara í trúboð með algildi þessa kerfis.

Gert er ráð fyrir að stjórn samtakanna ákveði endanlega á fundi sínum í nóvember 2006 skipulag skrifstofunnar.

Nánar er hægt að kynna sér starf NFS á vef samtakanna [www.nfs.net](http://www.nfs.net).

### **Undirnefnd NFS um lausn ágreiningsmála í ESB vinnurétti**

Á fundi sínum 26. maí 2005 ákvað stjórn NFS að setja á fót sérstaka undirnefnd til þess að undirbúa aðkomu og stefnu NFS innan ETUC um lausn ágreiningsmála í ESB vinnurétti. Magnús M. Norðdahl var skipaður af hálfu ASÍ. Nefndin hittist 4 sinnum og skilaði greinargerð og tillögum til stjórnar NFS sem fylgdi málinu eftir innan ETUC. Meginatriði greinargerðarinnar voru eftirfarandi:



- Vandmál sem risið hafa vegna gildandi Evrópukjarasamninga:
  - Eru þeir skuldbindandi en UNICE virðist ekki líta svo á. Eru þeir uppsegjanlegir og þá af hvers hálfu (UNICE / SA)?
  - Er til staðar skylda til þess að innleiða þá þegar heim er komið (rakin dæmi).
  - Hvernig er hægt að tryggja að samningarnir séu túlkaðir með sama hætti í mismunandi Evrópulöndum (rakin dæmi)?
  - Sérstaða Íslands og Noregs en texti MMN hér að lútandi var felldur inn í greinargerðina.
- Hver ætti að vera framtíðarsýn NFS?
  - Sterk og félagsleg Evrópa þar sem verkalýðshreyfingin skiptir miklu máli.
  - Að það sé æskilegt að aðilar vinnumarkaðarins í Evrópu komi í auknum mæli að gerð þeirra réttarreglna sem gilda á Evrópskum vinnumarkaði, bæði tvíhliða með samningum en einnig sem virkur gerandi í þríhliða samstarfi við framkvæmdastjórnina ásamt UNICE.
  - Að sett verði á laggirnar Evrópsk „vinnuréttarræði“ til þess að leysa úr ágreiningi um túlkun og innleiðingu.
- Evrópsk vinnuréttarræði ættu að:
  - Koma til hliðar við þau úrræði sem gilda í einstökum ríkjum (félagsdómur, sáttasemjari etc.)
  - Hafi það verkefni að túlka Evrópusamningana og ákveða viðurlög ef þeir eru ekki innleiddir meðan úrræði í landsrétti taki á þessu eftir innleiðingu.
  - Samið verði um samningsbundna gerðarmeðferð (voldgift) eða dómstólameðferð en þó þannig að finna megi aðrar álíka lausnir, kjósi aðilar það við gerð hvers samnings. ASÍ lagði áherslu á í þessu sambandi að best væri að semja um eitt kerfi en ekki mörg en jafnframt að erfitt væri að innleiða ný dómstólaúrræði þar sem Ísland og Noregur gætu ekki innleitt slíkar reglur nema EES samningurinn yrði tekinn upp en það væri ekki á dagskrá.

### **Árlegur samráðsfundur lögfræðinga aðildarsamtaka NFS**

Fundurinn sem haldinn var í ágúst var að þessu sinni haldinn á Íslandi og í samvinnu ASÍ og BSRB. Efni fundarins var „Útlendingar á norrænum vinnumarkaði“. Gerð var grein fyrir nýrri löggjöf, kjarasamningum, stefnumótun og eftirliti á Norðurlöndunum. Fundinn sátu þeir Magnús M. Norðdahl og Ingvar Sverrisson fyrir ASÍ og Erna Guðmundsdóttir frá BSRB. Þátttaka frá hinum Norðurlöndunum var góð.

## **Ráðstefna NFS um hreyfanleika launafólks í Evrópu**

Dagana 28. og 29. mars 2006 stóð NFS fyrir ráðstefnu í Kaupmannahöfn um stöðuna á vinnumarkaði og erlent launafólk á Norðurlöndunum og í Evrópu almennt. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar samtaka launafólks alls staðar að af Norðurlöndunum. Á ráðstefnunni var fjallað um rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu bæði á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu, auk þess sem fulltrúar aðildarsamtakanna á Norðurlöndunum og í einstaka starfsgreinum gerðu grein fyrir stöðunni og þeim vandamálum sem blasa við á hverjum stað fyrir sig.

## ***Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi (VN)***

Til stóð að halda ársfund VN hér á landi í lok ágúst, en þar sem engin svör bárust frá grænlenku félögum okkar var þeim fundi frestað.

## ***Evrópusamband verkalýðsfélaga - ETUC***

Framkvæmdastjórn ETUC kemur saman 4 sinnum á ári í Brussel og á ASÍ einn stjórnarmann sem framkvæmdastjóri ASÍ hefur sinnt. Verkefni framkvæmdastjórnar á sl. ári hafa að stórum hluta markast af þremur þáttum.

ETUC hefur átt í reglubundnu samráði og samstarfi við framkvæmdastjórn ESB vegna ýmissa mála, einkum vegna fyrirhugaðra breytinga á þjónustutillskipuninni, með verulega rýmri heimildum atvinnurekenda til að nota svokallaðar upprunalausreglu. Skipulögð voru fjöldamótmæli fyrir framan þing Evrópusambandsins í Strassborg í febrúar og í aðdraganda þess tókst að gera samkomulag við þingmannahóp jafnaðarmanna og íhaldamanna um talsverðar breytingar á innihaldi tilskipunarinnar í átt við málflutning ETUC og aðildarsamtaka þess. Var þetta talsverður sigur fyrir ETUC í þessu erfiða máli, sigur sem Ráðherraráðið ákvað á fundi sínum í júní að virða. Tímabundið virðist þetta mál því vera út af borðinu, en þó má vænta þess að Framkvæmdastjórnin leiti leiða til þess að taka þessi mál upp að nýju, þó í öðru samhengi verði.

Mikil umræða hefur einnig orðið um fyrirhugaðar breytingar á vinnutímatskipuninni, þar sem atvinnurekendur hafa kynnt hugmyndina um að það séu mannréttindi að fá að vinna eins lengi og maður vill. Reyndar hefur Evrópuðómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að Bretland, sem fengið hefur undanþágu frá þessum reglum, beri samt sem áður að fylgja þeim og var það mikill áfangasigur. Hefur þetta sett Framkvæmdastjórninni stólinn fyrir dyrnar í fyrirhuguðum breytingum.

Eitt af stóru verkefnum ETUC á tímabilinu og á næstu mánuðum er að hefja viðræður við UNICE og Framkvæmdastjórn ESB um fastara form og innihald á viðræðum um Evrópusamninga. Norræna verkalýðshreyfingin lagði um síðustu áramót fram formlega tillögu til ETUC um evrópskt kerfi til lausn-

ar ágreinings um kjarasamninga sem innlegg í þessa umræðu. Ljóst er að þetta verður eitt að meginmálum á næsta þingi ETUC á næsta ári.

Um starf og stefnu ETUC má lesa á vef sambandsins: <http://www.etuc.org>.

### **Samningar aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um varnir gegn áreiti og ofbeldi**

Á vettvangi aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu, ETUC og UNICE/CEEP, hafa nú um nokkurt skeið staðið yfir viðræður um Evrópusamning um varnir gegn áreiti og ofbeldi á vinnustað. Viðræðurnar eru liður í samstarfi þessara aðila og voru ákveðnar fyrir nokkru síðan.

Ýmis vandamál hafa komið upp í viðræðunum, enda er viðfangsefnið flókið og mörg álitafni sem taka þarf á. Einnig er ljóst að samtök atvinnurekenda eru mjög á varðbergi gagnvart því að fyrirtækin verði ekki dregin til ábyrgðar eða sökuð um allt það áreiti og ofbeldi sem á sér stað gagnvart launafólki á vinnustað.

Stefnt er að því að ljúka samningaviðræðunum í lok árs 2006 eða byrjun árs 2007.

### **NETLEX – Network of Legal Experts**

Lögfræðingar aðildarsamtaka ETUC ( NETLEX ) hittust í Brussel í desember 2005. Magnús M. Norðdahl sótti fundinn. Fjallað var um evrópskan verkfallsrétt og stöðu hans og Evrópukjarasamninga á EES svæðinu. Sérstök áhersla var lögð á svokölluð Viking og Vaxholm mál. Íslendingum stóð til boða að senda athugasemdir til Evrópudómstólsins í báðum þessum málum. Það var ekki gert í Viking málinu þrátt fyrir óskir ASÍ þar um, en hins vegar var skilað inn athugasemdum í Vaxholm málinu.

### **Ráðgjafarnefnd EFTA**

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA ríkjanna og Þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA/EFTA-EES ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar Ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í Ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og

atvinnurekenda. Sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum.

Jon Veia frá norsku atvinnurekendasmötökunum (NHO) er nú formaður Ráðgjafarnefndarinnar, en Halldór Grönvold, varaformaður

### **Helstu verkefni Ráðgjafarnefndarinnar**

Ráðgjafarnefnd EFTA setti sér sérstaka starfsáætlun fyrir árið 2006. Áætlunin tekur eðli málsins mjög mikið mið af því sem er á gerast á vettvangi Evrópusambandsins og samningsins um Evrópska efnahagssvæðisins um þessar mundir. Þrjú áherslusvið í starfi nefndarinnar á árinu 2006 eru: Lissabon-áætlun Evrópusambandsins með sérstakri áherslu á innri markaðinn og virkni hans, Norræna viddin í samstarfi Evrópuríkja og nágretta þeirra og viðskipti EFTA ríkjanna við ríki utan Evrópu. Á tímabilinu ályktaði Ráðgjafarnefndin um þessi efni og fleiri, ein sér eða í samstarfi við aðila frá Evrópusambandinu í Ráðgjafarnefnd EES.

### **Ráðgjafarnefnd EES**

Haldinn var fundur í Ráðgjafarnefnd EES á Höfn í Hornafirði í júní 2006 þar sem sérstaklega var fjallað um Norrænu viddina í Evrópusamvinnunni og Lissabon-áætlunina og ályktað um seinna efnið.

## ***Alþjóðavinnuáætlunin - ILO***

### ***94 og 95 þing ILO***

#### **Sendinefndin**

Af hálfu stjórnvalda, Kristinn Árnason sendiherra í Genf og ásamt honum Gylfi Kristinsson, félagsmálaráðuneytinu, starfsmenn fastanefndarinnar í Genf og Eyjólfur Sæmundsson (Vinnueftirliti ríkisins). Af hálfu samtaka verkafólks sótti þingið Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ. Af hálfu atvinnurekenda sátu þingið Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur SA ( fyrri hluti þingsins ) og ásamt henni Jón H. Magnússon, lögfræðingur SA ( seinni hluti þingsins ). Þeir Sigurður Magnússon frá ASÍ og Páll Svavarsson frá BSRB sóttu Genfarskólann að þessu sinni en Sigurður myndaði jafnframt hluta af sendinefnd verkafólks. Til stóð að Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra myndi heimsækja þingið en af því varð ekki.

## **Samþykkt um aðbúnað og hollustuhætti – önnur umræða**

Eyjólfur Sæmundsson sat þessa nefnd af hálfu íslenskra stjórnvalda. Eyjólfur fékk heimild til þess að skipa sér undir merki Evrópusambandsins og starfaði með þeim hópi. Jafnframt sat þessa nefnd Páll Svavarsson. Öll norræna verkalyðshreyfingin utan Ísland tók formlegan þátt í störfum þessarar nefndar og sá Björn Eriksson (Noregi) um að samræma störf fulltrúanna. MMN hafði tekið þátt í undirbúningi þess starfs á liðnum vetri. Þessari samþykkt er ætlað að tengja saman og hnykkja á eldri samþykktum ILO um sama efni. Í henni er fyrst og fremst fjallað um nauðsyn og skyldu til þess að hafa gangandi áætlun og skipulagt kerfi í kringum aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og fleira í þeim dúr. Miklar efasemdir voru í hópi verkafólks um hvort við ættum yfir höfðuð að standa að þessari samþykkt þar sem hún gengi mjög stutt. Reynt var til hins ýtrasta að flytja tillögur um það sem betur mætti fara. Heildarniðurstaðan varð viðunandi og lauk með því að samþykkt var ný samþykkt. Samþykkt 186 ásamt viðeigandi tilmælum. Ekkert er því til hindrunar að samþykkt þessi ásamt tilmælum verði þegar í stað staðfest af Íslands hálfu.

## **Setning tilmæla um ráðningarsamband**

MMN sat þessa nefnd með fullum réttindum en auk þess fylgdi Sigurður Magnússon störfum hennar. Ibraím Pattel frá Suður-Afríku og fulltrúi verkafólks í stjórnarnefnd ILO stýrði störfum verkalyðshópsins og gerði það af stakri snilld. Andrew Finley frá Kanada af stýrði atvinnurekendahópnum. Hér er um gamalt mál að ræða. Upphaflega var reynt að setja samþykkt um „launaverktöku“ á árunum 1997 og 1998 en það tókst ekki. Almenn umræða var um málið 2003 og lauk henni með að ákveðið var að setja það á dagskrá 95 þings með það fyrir augum að setja um það tilmæli en til þess þarf bara eina umræðu. Fyrir nefndinni lágu drög að nýjum tilmælum sem útbúin höfðu verið af skrifstofu ILO. Þau drög byggja m.a. á svörum aðildarríkja ILO, þ.m.t. Íslands. Ekki tókst sátt um það í þríhliða nefnd ILO á Íslandi hvernig svara skyldi en fulltrúi stjórnvalda og ASÍ náðu þökkalegri sátt. Þau svör eru nokkuð á sama veg og annarra Evrópulanda og verkafólki hagstæð.

Meginátakalínur í nefndinni lágu um gildissvið tilmællanna. Atvinnurekendur lögðu upp með þá stefnu að tilmælin skyldu aðeins fjalla um þau tilvik þar sem atvinnurekandi reynir að dulbúa venjulegt ráðningarsamband sem eitthvað annað meðan verkalyðsarmurinn ásamt meirihluta ríkisstjórnanna vildu að þau tækju til dulbúinna ráðningarsambanda, óljósra og misvísandi ráðningarsambanda og til þríhliða ráðningarsambanda (t.d. starfsmannaleiga). Jafnframt var hart tekist á um það hvort tilmælin skyldu geyma opna og sveigjanlega leiðbeiningu til stjórnvalda um það hvernig greina mætti ráðningarsam-

bönd lögmætum viðskiptasamböndum en hvoru tveggja er mikilvægt fyrir launafólk og stjórnvöld m.a. hvað varðar afgreiðslu um málið. Sú umræða var erfið og þvældu atvinnurekendur henni meira og minna út og suður en með litlum árangri að lokum. Meðal annars ákváðu þeir að taka ekki þátt í störfum nefndarinnar á lokametrunum. Það bar engan árangur og talsverður hópur atvinnurekenda greiddi tilmælunum atkvæði sitt við lokaafgreiðslu þingsins. Evrópusambandið ásamt Afríkusambandinu, Nýja-Sjálandi og Nígeríu tryggðu viðunandi niðurstöðu í málinu. Að lokum voru tillögur nefndarinnar samþykktar sem tilmæli.

### **Almenn umræða um tæknilega aðstoð ILO**

Um er að ræða reglulega umræðu um stöðu, þróun og framtíð þeirrar tæknilegu aðstoðar sem veitt er af ILO en hún er annað stærsta hlutverk stofnunarinnar og tekur til sín verulega fjármuni af fjárlögum stofnunarinnar hverju sinni. Niðurstaða umræðunnar var allýtarleg. Þar er megináhersla lögð á koma stefnu ILO um mannsæmandi vinnu fyrir alla inn í verkefni hinna ýmsu stofnana Sameinuðu Þjóðanna, að þríhliða samstarf sé haft að leiðarljósi þegar tæknileg aðstoð er veitt, þróun samvinnuverkefna milli fyrirtækja, stofnana og einstakra ríkja o.fl. Þessari umræðu lauk síðan með sérstakri samþykkt þar sem lagt er fyrir Stjórnarnefndina að taka tillit til þess arna við frágang á fjárlögum þar til næsta almenna umræða fer fram á árinu 2011.

### **Nefnd um framkvæmd samþykpta**

Að lokinni almennri umræðu um skil á skýrslum og sérstakri umræðu um ástandið í Myanmar var fjallað um brot á samþykktum. Samtals var fjallað um brot 26 ríkja.

### **Mat**

Þingstörf tókust með ágætum þrátt fyrir að atvinnurekendur hafi reynt að tefja störf þeirrar nefndar sem fjallaði um vinnuréttarsambönd. Engir hnökrar urðu í atkvæðagreiðslum. Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti og tóku hinir íslensku nemendur virkan þátt í störfum hans. Svo virðist sem að samsetning hópsins hafi verið eilítið með öðrum hætti en oft áður og færri nemendur úr yngsta kantinum.

### **Norræna ILO samstarfið**

Sóttir voru tveir af fjórum samráðsfundum en annar þeirra var haldinn af ASÍ í Reykjavík. Fundurinn í Reykjavík var auk hefðbundinna starfa helgaður fyrirlestrum frá þeim Niels Enevoldsen og Jim Baker sem báðir starfa á vegum verkalýðshreyfingarinnar hjá ILO í Genf. Fjölluðu þeir annars vegar um

þróunaraðstoð ILO og hins vegar um áhrif verkalýðshreyfingarinnar á stjórn ILO. Á fundinum kom fram að einungis 22% fulltrúa á síðasta þingi hafi verið konur. Á fundi í Osló í lok febrúar 2006 var aðallega fjallað um ráðningarvernd launafólks. Þar kom fram að m.a. hafi Frakkland sagt sig frá ILO-158. Fjöldi þeirra þjóða sem opinberlega vilja ekki staðfesta skuldbindandi lágmarkssamþykktir stofnunarinnar fari vaxandi. Tilhneiging atvinnurekenda og margra ríkisstjórna sé sú að ekki verði gerðar nýjar samþykktir, gömlum verði breytt og öll lágmark færð niður. Þetta endurspeglar m.a. í tillögum að fjárlögum fyrir árin 2006-2008. Mikilumræða var einnig um framkvæmd síðasta þings, ræðutíma o.fl. tengt fundarsköpum og upplýst að stjórnarnefndin hafi sett sérstaka 24 manna nefnd til þess að fara yfir alla framkvæmd þingsins of fundarskóp þess.

### **Þríliðanefnd ILO á Íslandi**

*Nefndin sem skipuð er fulltrúum ASÍ, SA og félagsmálaráðuneytisins kom saman til 7 funda á árinu. Á fundum nefndarinnar er tekin afstaða til þess hvort fullgildinga beri nýjar samþykktir ILO og hvaða afstaða skuli tekin til einstakra mála á dagskrá Alþjóðavinnuálagingsins. Samstarf við SA að venju þungt.*

### **Kynnisferð ASÍ til Kaupmannahafnar og Brussel**

Alþýðusamband Íslands efndi til kynnisferð til Kaupmannahafnar og Brussel dagana 6. – 10. september 2006. Markmið ferðarinnar var að fá mynd af stöðu og þróun mála á Evrópuvísu og á alþjóðavettvangi. Sérstök áhersla var lögð á að fá upplýsingar um hnattvæðinguna og alþjóðastarf verkalýðshreyfingarinnar.

Alls tóku 34 forystumenn og starfsmenn ASÍ og aðildarsamtaka þess þátt í ferðinni.



*Það var talsvert um að vera á árinu hjá þeim nefndum sem fjalla um lög, skipulag og starfshætti. M.a. var afgreidd reglugerð um allsherjaratkvæðagreiðslu. Þessi mynd er aftur á móti af atkvæðagreiðslu á ársfundi.*

## Lagabreytingar og skipulagsmál

### *Laganefnd*

Laganefnd kom saman til 5 funda á starfsárinu og afgreiddi með umsögn til miðstjórnar lagabreytingar 14 aðildarsamtaka. Eins og áður var mest um minniháttar breytingar og breytingar vegna sameiningar aðildarfélaga.

### *Skipulags- og starfsháttanefnd*

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman til 12 funda á starfsárinu. Nefndin afgreiddi fyrir sitt leyti viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði og nýja reglugerð um framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu. Báðar voru síðan afgreiddar í miðstjórn. Á þriðja fundi nefndarinnar í febrúar 2006 hófst vinna við tillögur um nýtt stjórnskipulag ASÍ, byggt á umræðu á ársfundi 2005. Unnið var með um 30 hugmyndir og útfærslur sem lagðar voru fyrir miðstjórn. Niðurstaða náðist um þær tillögur og útfærslur sem miðstjórn ASÍ lagði fram ársfundi 2006 sem tillögur að breytingum á lögum ASÍ. Nefndin fjallaði einnig um aðild sameinaðs félags Félags járníðnaðarmanna og Vélstjóra og gaf miðstjórn umsögn sína þar um þar sem meirihluti nefndarinnar taldi ekki hindranir í



skipulagi ASÍ fyrir aðild hins nýja félags. Nefndin fékk á árinu nýtt hlutverk en henni ber nú að yfirfara og staðfesta breytingar á reglugerðum sjúkrasjóða aðildarfélaganna ASÍ. Á fundum sínum afgreiddi nefndin 32 reglugerðir en þar af var tveimur vísað til miðstjórnar þar sem tiltekin ákvæði þeirra stóðust ekki lög ASÍ.

### ***Viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaganna ASÍ***

Viðmiðunarreglugerð þessi geymir annars vegar ákvæði sem skuldbindandi eru skv. lögum ASÍ og hins vegar almenna viðmiðun um hentuga og lýsandi reglugerð fyrir sjúkrasjóði. Þau ákvæði reglugerðarinnar sem byggjast á lögum ASÍ, en þar er fyrst og fremst um að ræða 44.gr. laga ASÍ sbr. 12.gr. reglugerðarinnar, að undanteknu ákvæði 12.11, eru skuldbindandi. Í 44.gr. laga ASÍ segir:

*„Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags, öðlast þann rétt hjá nýju aðildarfélagi skv. þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því rétt hjá fyrri félaginu.*

*Öllum félögum innan sambandsins er skylt að setja sjúkrasjóðum félaganna reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingu miðstjórnar ASÍ og standast lágmarksákvæði laga ASÍ. Miðstjórn skal við umfjöllun sína hafa hliðsjón af viðmiðunarreglum sem ársfundur samþykkir. Breytingar á reglugerðum sjóðanna skulu sendar skrifstofu ASÍ.*

*Um skil og gerð ársreikninga fer skv. 41.gr. laga þessara. Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjúkrasjóðsins fá tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og semja skýrslu til stjórnar um athugun sína. Stjórn sjóðsins skal skila skrifstofu ASÍ úttekt þessari með ársreikningi viðkomandi árs.*

*Sjúkrasjóðir aðildarfélaganna skulu tryggja sjóðfélögum sem 1% iðgjald hefur verið greitt af í a.m.k. 6 mánuði, lágmarksbætur í veikinda- og slysatilfellum sem hér segir:*

*a. Dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum í 120 daga, að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga. Dagpeningar skulu að viðbættum bóttum almannatrygginga, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.*

*b. Dagpeninga í 90 daga, að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur*

skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðsfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og/eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.

c. Dagpeninga í 90 daga vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðsfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

d. Eingreiddar dánarbætur við andlát virks og greiðandi sjóðsfélaga sem nemi 180.000.- krónum m.v. starfshlutfall hans. Réttthafar bóta eru maki sjóðsfélaga og börn hans undir 18 ára aldri. Bótafjárhæð miðast við launavísitölu pr. 1.7 2006 og tekur sömu breytingum og hún.

e. Daga fjölda greiddra dagpeninga skv. a lið, til þeirra sem greitt er hlutfallslega lægra iðgjald af en 1%, er heimilt að skerða í sama hlutfalli og iðgjaldið er lægra en 1%.

f. Dagpeninga skv. a, b og c lið er heimilt að miða við meðaltal heildarlauna á síðustu 12 mánuðum í stað síðustu 6 mánaða, hafi tekjur sjóðsfélaga breyst verulega til hækkunar eða lækkunar á viðmiðunartímabilinu. Jafnframt er heimilt að ákveða hámark dagpeninga skv. a, b og c lið sem þó sé ekki lægra en 250.000.- á mánuði.

g. Réttur skv. a, b og c lið endurnýjast á hverjum 12 mánuðum, hlutfallslega eftir því sem hann er nýttur, talið frá þeim degi sem dagpeningagreiðslum lýkur hverju sinni og greiðslur iðgjalda hefjast að nýju.

Hafi iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðsfélaga, en hann getur fært sönnur á, að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði, skal hann njóta réttar skv. 4.mgr. eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd.

4. mgr. 44. gr. tekur gildi 1.7 2006 m.v. réttindaávinnslu frá 1.1 2006. Skila skal staðfestingu tryggingafræðings eða löggilts endurskoðanda skv.

3.mgr. 44.gr. í fyrsta sinn á árinu 2007 með ársreikningum fyrir fjárhagsárið 2006.“

### **1. gr. Nafn sjóðsins og heimili**

- 1.1 Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður NN, skammstafað Sjúkrasjóður NN.
- 1.2 Sjúkrasjóður NN er stofnaður samkvæmt samningi NN og XX [eða] (Með tilvísun til laga nr. 19, 1. maí 1979 og sjóða félaga sem sameinaðir voru sjúkrasjóði.)
- 1.3 Sjúkrasjóður NN er eign NN. Heimili hans og varnarþing er í BB.

Gert er ráð fyrir að í stað NN komi nafn viðkomandi félags, í stað XX komi viðsemjandi/viðsemjendur félagsins og að í stað BB komi nafn þess sveitarfélags sem sjóðurinn er með varnarþing sitt í. Þeir sem nota seinni möguleikann, það sem er innan svigans, eru t.d. verslunarmannafélögin sem fengu sjúkrasjóði með lögum. Þá er rétt að minna á að sumir sjúkra - og/eða styrktarsjóðir urðu til með einföldum samþykktum í félögunum áður en samnings- eða lögbinding sjúkrasjóða varð að veruleika. Í þeim tilvikum gildir seinni hluti setningarinnar innan svigans.

### **2. gr. Verkefni sjóðsins**

- 2.1 Verkefni sjóðsins er að veita sjóðsfélögum Sjúkrasjóðs NN fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum. Sjóðsfélagar eru þeir sem greitt hafa, eða fyrir þá hafa verið greidd, iðgjöld til sjóðsins.
- 2.2 Verkefni sjóðsins er ennfremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar.

*Forgangsverkefni sjóðanna er greiðsla bóta vegna sjúkra- og slysatilfella. Geta einstakra sjóða getur síðan leitt til þess að fleiri verkefnum sé sinnt.*

### **3. gr. Tekjur**

- 3.1 Tekjur sjóðsins eru skv. kjarasamningi NN sbr. 7. gr. laga nr. 19/1979, samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- 3.2 Vaxtatekjur og annar arður.
- 3.3 Gjafir, framlög og styrkir.
- 3.4 Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins/sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.

### **4. gr. Stjórn og rekstur**

- 4.1 Stjórn sjóðsins skal kosin með sama hætti og stjórn NN (eða á aðalfundi NN eða á aðalfundi sjóðsins) og ber stjórnin ábyrgð á öllum fjárreiðum sjóðsins.

- 4.2 Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við þau sjónarmið sem gilda skv. almennum stjórnarsýslureglum.
- 4.3 Heimilt er að fela skrifstofu NN fjárreiður og umsjón með sjóðnum. Þó skal halda bókhaldi sjóðsins aðskildu frá öðrum fjárreiðum NN.
- 4.4 Ávallt skulu liggja fyrir gögn um rétt einstaklings til greiðslu úr sjóðnum.

*Í greininni er gert ráð fyrir því að stjórn sjóðsins, sé kosin með formlegum hætti. Þá er gert ráð fyrir að hægt sé að kjósa sjóðnum stjórn með allsherjaratkvæðagreiðslu ef félagsstjórn er þannig kosin, á aðalfundi félagsins og á aðalfundi sjóðsins sé um sérstakan aðalfund sjóðsins að ræða. Jafnframt er ekkert því til fyrirstöðu, að stjórn félagsins sé jafnframt stjórn sjúkrasjóðs en fyrirkomulag þessa ræðst af lögum einstakra aðildarféлага. Síðasta möguleikanum er haldið opnum ef hugsanlega yrði um sameiningu sjúkrasjóða að ræða og því þyrfti að halda sjóðnum séraðalfund. Þá er í greininni gert ráð fyrir að sjóðurinn starfi eftir almennum stjórnarsýslureglum. Þá er í gr. 4.4 gert ráð fyrir að iðgjöld séu skráð á nafn hvers og eins og er það gert í ljósi hæstaréttardóms sem efnislega hefur þá þýðingu að sjóðsfélagsaðild að sjúkrasjóði sé óháð aðild að félagi því sem er vörsluadili sjóðsins og byggist einvörðungu á greiðslum til sjóðsins.*

## **5. gr. Bókhald, reikningar og endurskoðun**

- 5.1 Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af félagslegum skoðunar-mönnum og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund NN (aðalfund sjóðsins).
- 5.2 Endurskoðun ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.
- 5.3 Í ársreikningi eða skýringum með honum skal sundurliða sérstaklega kostnað vegna hvers og eins bótaflokks skv. 12.gr.
- 5.4 Um bókhald, reikninga og endurskoðun fer að öðru leyti skv. viðmiðunareglum um bókhald og ársreikninga stéttarféлага og landssambanda sbr. 3.mgr. 44.gr. laga ASÍ eins og þær reglur eru á hverjum tíma.

*Greinin byggir á 44.gr. sbr. 41.gr. laga ASÍ. Grein 5.2. samhljóða 19.gr. viðmiðunarreglanna og er tekin upp til áhersluauka.*

## **6. gr. Úttekt óháðra eftirlitsaðila**

- 6.1 Ár hvert, eigi síðar en 31. maí, skulu endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins sendir skrifstofu ASÍ.

- 6.2 Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og semja skýrslu til stjórnar um athugun sína. Stjórn sjóðsins skal senda miðstjórn ASÍ úttekt þessa með ársreikningi sjóðsins.
- 6.3 Við mat á framtíðarstöðu sjóðsins skal tilgreina rekstrarkostnað, ávöxtun sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Sérstaka grein skal gera fyrir áhrifum á afkomu sjóðsins vegna ákvarðana skv. greinum 12.3 og 12.4.
- 6.4 Geti sjóðurinn ekki staðið við skuldbindingar sínar skv. niðurstöðu úttektarinnar ber stjórn sjóðsins að leggja fyrir aðalfund tillögu að breytingu á reglugerð sem tryggir að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

*Greinin þarfnast í sjálfu sér ekki skýringa en rétt er að benda á að gert er ráð fyrir að niðurstaða úr óháðri úttekt, sem gera ber á fimm ára fresti, fylgi ársreikningum til miðstjórnar ASÍ, en þá ber að senda miðstjórn, ár hvert, skv. 41. grein laga sambandsins. Til að lágmarka kostnað við slíka úttekt er gert ráð fyrir að löggiltur endurskoðandi félagsins geti framkvæmt úttektina samhliða endurskoðun og ekki þurfi til þess sérstaka skoðun tryggingafræðings. Þá er gert ráð fyrir að sérstaklega sé kannað við þessa úttekt hver séu áhrif vegna greiðslna skv. greinum 12.3 og 12.4, á rekstrarafkomu sjóðsins. Þær greinar fjalla um styrki til sjóðsfélaga og stofnana sem ekki er hægt að tengja beinlínis upphaflegum markmiðum sjóðanna.*

## **7. gr. Ávöxtun sjóðsins**

- 7.1 Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins með eftirfarandi hætti;
- í ríkisskuldabréfum eða skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
  - með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
  - í bönkum eða sparissjóðum,
  - í fasteignum tengdum starfsemi sjóðsins,
  - á annan þann hátt er stjórn sjóðsins metur tryggan sbr. 11.gr. viðmiðunarreglna um bókhald og ársreikninga stéttarfélaga og landssambanda eins og þær eru á hverjum tíma sbr. 41.gr. laga ASÍ.

*Greinin þarfnast ekki skýringa.*

## **8.gr. Ráðstöfun fjármuna**

- 8.1 a) Ávallt skal þess gætt að ráðstöfun fjármuna sjóðsins brjóti ekki í bága við tilgang hans eða verkefni.

- b) Þegar um er að ræða ráðstöfun fjármuna til verkefna sem ekki falla undir meginþilgang sjóðsins með beinum hætti skal tryggt að um eðlilega ávöxtun þess fjármagns sé að ræða, sbr. a, b og c lið greinar 7.1.

*Í greininni er gert ráð fyrir að meginþilgangur sjóðsins, þ.e. að greiða bætur til sjóðsfélaga þegar launagreiðslum atvinnurekanda lýkur, sé hafður að leiðarljósi við ráðstöfun fjármuna sjóðsins og sé um að ræða ráðstöfun fjármuna sem ekki falla undir slíka skilgreiningu þá sé það tryggt að eðlileg ávöxtun sé af því fjármagni sem þannig er varið.*

### **9. gr. Grundvöllur styrkveitinga úr sjúkrasjóði**

- 9.1 Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 10. gr.
- 9.2 Einungis þeir sem sannanlega greiða eða er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast.
- 9.3 Þeir sem greidd hafa verið af til sjóðsins 1% iðgjöld í a.m.k. 6 mánuði.
- 9.4 Hafi umsækjandi verið fullgildur aðili í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ þar til hann byrjar greiðslu til sjóðsins, sbr. 10. gr.
- 9.5 Hafi iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðsfélaga, en hann getur fært sönnur á, að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði, skal hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd.

*Svo sem þessi grein ber með sér er gert ráð fyrir að grundvöllur þess að einstaklingar geti notið styrkja frá sjóðnum sé að þeir hafi, eða af þeim hafi verið, greitt til sjóðsins. Afleiðing þessarar túlkunar er að óheimilt er að greiða öðrum út úr sjóðnum. Réttindi úr sjúkrasjóði verða þannig ekki keypt með afturvirkum greiðslum. Þó ber að taka tillit til þess ef iðgjöld skila sér ekki frá atvinnurekanda þrátt fyrir að þau komi fram á reglulega útgefnum launaseðlum. Með því er átt við að ekki er nægilegt að framvísa launaseðlum sem útbúnir eru eftir á og jafnframt að um samtímagreiðslu launa hafi verið að ræða. Sjóðsfélaginn má þá ætla að þeim sé skilað. Þetta er svipuð regla og gildir um lífeyrissjóðina og því ekki fráleitt að sjúkrasjóðir taki upp svipaða reglu og lífeyrissjóðirnir, að senda sjóðsfélögum regluleg yfirlit. Þessi túlkun hefur þá afleiðingu að t.d. þeir sem einhverra hluta vegna hafa ekki greitt til sjúkrasjóðsins en hafa greitt félagsgjald eiga ekki rétt til styrkja úr sjóðnum. Til að mæta þessu gætu félög sem taka við félagsgjöldum án þess að greitt sé til sjúkrasjóðs greitt hluta þeirra félagsgjalda til sjúkrasjóðsins. Til að taka á þessu atriði mætti bæta við greinina sem 8.6 eftirfarandi texta. „Fé-*

lagsmenn NN sem greiða félagsgjald, en greiða ekki til sjúkrasjóðsins, geta ekki öðlast rétt til greiðslna úr sjóðnum nema stéttarfélagið tryggi greiðslur til sjúkrasjóðsins með hluta innheimtra félagsgjalda.“ Greinin 9.4 eins og hún er orðuð er miðuð við hefðbundinn launamann. Í þeim tilvikum þegar sjóðsfélaginn er jafnframt launamaður í eigin fyrirtæki, óháð félagsformi, og ber sjálfur eða aðili nákominn honum, ábyrgð á skilum iðgjalda hafa sjúkrasjóðirnar mun meira svigrúm til ákvarðana um réttindi sem aflast á grundvelli iðgjalda í vanskilum en ella. Þeim væri þá heimilt að fella ábyrgð alfarið niður eða takmarka hana við réttindi skv. gr. 12.1 þ.e. kjarnaréttinn en hvorki aðrar bætur né styrki.

## **10. gr. Samskipti sjúkrasjóða**

10.1 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags, öðlast þann rétt hjá nýjum sjóði skv. þeim reglum sem þar gilda eftir að hafa greitt í þann sjóð í einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrri sjóðnum.

10.2 Vinni maður á fleiri en einum vinnustað og hafi verið greitt í fleiri en einn sjúkrasjóð þegar sótt er um greiðslu, skal umsækjandi greina frá því í hvaða sjóði hann hefur greitt og er heimilt að fresta greiðslu bóta þangað til fyrir liggur staðfesting annarra sjóða á því að umsækjandi hafi ekki sótt um greiðslur þaðan. Sjúkrasjóðurinn skal leita slíkrar staðfestingar og gefa síðan öðrum sjóðum yfirlit yfir þær bætur sem greiddar eru vegna umsækjandans, tegund og fjárhæð bóta.

*Grein 10.1 er í samræmi við 1.mgr. 44.gr. laga ASÍ um réttindi þeirra sem flytjast milli sjóða. Þau réttindi varða einungis sjúkra- og slysadagpeninga en annarra réttinda afla nýir sjóðsfélagar skv. reglum þess sjóðs sem flust er í. Grein 10.2 er ætlað að koma í veg fyrir að hægt sé að sækja réttindi hjá mörgum sjóðum í ljósi greinar 10.1. Gert er ráð fyrir að þeir sem greitt hafi til fleiri en eins sjóðs sæki réttindi sín til þess sjóðs sem síðast var greitt til. Jafnframt er ráð fyrir því gert að þeir sem eiga réttindi á fleiri en einum stað gefi upp hvar þeir eiga réttindi og heimili þeim sjóði sem sótt er um hjá að leita upplýsinga um réttindi hjá öðrum aðilum og hvort viðkomandi hafi nýtt þau réttindi að fullu. Rétt er að benda á það hér að nauðsynlegt getur verið að setja inn á umsóknareyðublöð texta sem heimilar sjóðunum að leita upplýsinga um réttindi sjóðsfélaga þannig að umsækjanda sé ljóst þegar hann undirritar umsókn sína að hann með undirritun sinni gefi sjóðnum heimild til að leita slíkra upplýsinga.*

## 11. gr. Geymd réttindi

- 11.1 Heimilt er að veita þeim sem gengst undir starfsþjálfun, sækir námskeið eða stundar nám í allt að 24 mánuði og hefur síðan aftur störf á samningssviði aðildarfélaga ASÍ, endurnýjaðan bótarétt þegar greitt hefur verið til sjóðsins í einn mánuð, hafi umsækjandi áður verið fullgildur sjóðsfélagi. Sama gildir um þá sem hverfa frá vinnu vegna veikinda eða af heimilisástæðum.
- 11.2 Þeir sjóðsfélagar sem fara í lögbundið fæðingarorlof halda áunnum réttindum sínum hefji þeir þegar að loknu fæðingarorlofi aftur störf á samningssviði aðildarfélaga ASÍ enda ákveði viðkomandi að viðhalda rétti sínum með greiðslu félagsgjalds í fæðingarorlofi.

*Með gr. 11.1 þá er með henni verið að heimila þeim sem hverfa af vinnu-markaði af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í greininni rétt til þess að geyma réttindi sín sem endurnýjast eftir mánaðargreiðslu til sjóðsins innan 24 mánaða. Það er með öðrum orðum verið að koma í veg fyrir að þeir einstaklingar sem svo yrði ástatt um verði beittir þeim ákvæðum að þurfa að greiða til sjóðsins í 6 mánuði til að öðlast réttindi. Grein 11.2 endurspeglar meginreglu laga um varðveislu áunninna réttinda meðan á töku fæðingarorlofs stendur. Miðað er við að ekki sé tekið lengra fæðingarorlof en lögin gera ráð fyrir hverju sinni. Þeir sjóðsfélagar sem taka lengra fæðingarorlof myndu geta fallið undir heimildarákvæði gr. 11.1 um heimilisástæður sem er heimildarákvæði og því í valdi hvers sjóðs fyrir sig.*

## 12. gr. Styrkveitingar

- 12.1 Dagpeningar í veikinda- og slysaförföllum í 120 daga (**4 mánuði**), að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga. Dagpeningar skulu að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.
- 12.2 Dagpeninga í 90 daga (**3 mánuði**), að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðsfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og/eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerð-



- ingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.
- 12.3 Dagpeninga í 90 daga (**3 mánuði**) vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðsfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.
  - 12.4 Eingreiddar dánarbætur við andlát virks og greiðandi sjóðsfélaga sem nemi 180.000.- krónum m.v. starfshlutfall hans. Réttahafar bóta eru maki sjóðsfélaga og börn hans undir 18 ára aldri. Bótafjárhæð miðast við launavísitölu pr. 1.7 2006 og tekur sömu breytingum og hún.
  - 12.5 Daga fjölda greiddra dagpeninga skv. 12.1 lið, til þeirra sem greitt er hlutfallslega lægra iðgjald af en 1%, er heimilt að skerða í sama hlutfalli og iðgjaldið er lægra en 1%.
  - 12.6 Dagpeninga skv. 12.1, 12.2 og 12.3 er heimilt að miða við meðaltal heildarlauna á síðustu 12 mánuðum í stað síðustu 6 mánaða, hafi tekjur sjóðsfélaga breyst verulega til hækkunar eða lækkunar á viðmiðunartímabilinu. Jafnframt er heimilt að ákveða hámark dagpeninga skv. 12.1, 12.2 og 12.3 sem þó sé ekki lægra en 250.000.- á mánuði.
  - 12.7 Réttur skv. 12.1, 12.2 og 12.3 endurnýjast á hverjum 12 mánuðum, hlutfallslega eftir því sem hann er nýttur, talið frá þeim degi sem dagpeningagreiðslum lýkur hverju sinni og greiðslur iðgjalda hefjast að nýju.
  - 12.8 Heimilt er stjórn sjóðsins að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar.
  - 12.9 Styrkir til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn sjóðsins hverju sinni skv. gr. 2.2.
  - 12.10 Við ráðstöfun fjármuna skv. 12.8 og 12.9 skal þess gætt að möguleiki sjóðsins til að standa við upphaflegar skuldbindingar sínar vegna sjúkdóma og slysa skerðist ekki. Í reglulegri úttekt á afkomu sjóðsins, skv. 6. gr., skal úttektaraðili skoða þennan þátt sérstaklega.
  - 12.11 Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna bótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. bifreiðaslysa, þar sem bætur greiðast skv. skaðabótalögum.

*Í þessari grein er að finna ákvæði laga ASÍ um lágmarksréttindi í sjúkra-sjóðum og skýrir hún sig sjálf. Með alvarlegum veikindum maka í gr. 12.3 er átt við maka sem þarfnast sérstakrar umönnunar vegna alvarlegs sjúkdóms eða slyss þannig að hinn vinnandi maki neyðist til þess að leggja tímabundið niður launað starf sitt. Í grein 12.6 er heimilað að setja hámark á bætur. Með því er átt við hámarksfjárhæð að meðtöldum tryggingabótum og öðrum bótum*

sbr. 12.1 – 12.3. Með dagafjölda er átt við alla daga mánaðarins (7 daga vikunnar) þ.e. að réttindi skv. gr. 12.1 eru 4 mánuðir, skv. 12.2, 3 mánuðir og svo framvegis. Í grein 12.11 er fjallað um samspil bóta úr sjúkrasjóði við tiltekna tryggingar. Meginhlutverk sjúkrasjóðanna er að greiða bætur þegar samnings- eða lögbundnum rétti lýkur eða bæta þann rétt í tiltekinn tíma og sem tiltekið hlutfall launa. Þegar bótaskylda vegna slyss eða atvinnusjúkdóms fellur á tjónvald og bætur reiknaðar skv. skaðabótalögum fást greiddar úr hendi hans eða á grundvelli ábyrgðatryggingar, bætist tjón að fullu, þar með talið tímabundið tjón. Í þeim tilvikum er það andstætt markmiðum sjúkrasjóðanna að þeir komi inn með greiðslu dagpeninga sem í uppgjöri eru síðan dregnir frá bótum til sjóðsfélaga úr hendi tjónvalds eða ábyrgðatryggjanda hans. Til þess að brúa tímabundinn vanda tjónþolans dragi tjónvaldur eða ábyrgðatryggjandi uppgjör til hans, er sjúkrasjóði heimilt að veita sjóðsfélaga tímabundið lán að sömu fjárhæð og bætur úr sjóðnum myndu ella nema. Við uppgjör þess láns væri heimilt að lækka endurgreiðslu í sama hlutfalli og sök er skipt hafi sök að einhverju leiti verið felld á sjóðsfélaga.

### **13. gr. Lausn frá greiðsluskyldu**

13.1 Ef farsóttir geisa getur sjóðsstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðsstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð dagpeninga ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

*Líta ber á þessa grein sem neyðarrétt stjórnar sjóðsins til að losa hann undan skuldbindingum sínum.*

### **14. gr. Tilhögun greiðslna úr sjóðnum**

- 14.1 Afgreiðsla sjóðsins skal vera á skrifstofu (NN) og greiðir sjóðurinn allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.
- 14.2 Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um fyrirkomulag á greiðslu dagpeninga og aðra starfstillögum.
- 14.3 Stjórn sjóðsins og starfsmenn hans skulu hafa að leiðarljósi almennar stjórnsýslureglur um meðferð upplýsinga um umsóknir og afgreiðslu sjóðsins.
- 14.4 Umsóknum skal skilað á því formi sem stjórn sjóðsins ákveður og þeim fylgi nauðsynleg vottorð sem tryggja réttmæti greiðslna.

*Greinin fjallar um almennar afgreiðslureglur fyrir sjóðinn. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn starfi í samræmi við almennar stjórnsýslureglur sem hefur þá þýðingu að stjórn og starfsmönnum eru lagðar ákveðnar skyldur á herðar;*

*svo sem að svara erindum skriflega og að taka til afgreiðslu umsóknir svo fljótt sem verða má. Æskilegt er að mótaðar verði ákveðnar reglur um hvenær umsóknir eru teknar til afgreiðslu og þeim svarað að afgreiðslu lokinni.*

### **15.gr. Fyrning bótaréttar**

- 15.1 Réttur til dagpeninga í veikinda og slysaforföllum skv. gr.12.1 og 12.4 fellur niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.
- 15.2 Réttur til styrkja skv. reglugerð þessari fellur að öðru leyti niður sé þeirra ekki vitjað innan (X) mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

*Í umræðum við breytingar á reglugerð þessari kom fram, að fyrningartími þessi hefur að jafnaði ekki verið styttri en 6 mánuðir og að algengur fyrningarfrestur séu 12 mánuðir. Í 124.gr. l. 30/2004 um váttryggingasamninga sem gildi tóku 1.1 2006 segir um bætur úr slysatryggingum: „Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.“ Þó svo að sjúkrasjóðirnir starfi ekki samkvæmt lögum um váttryggingasamninga er edlilegt að sami frestur sé nýttur hvað varðar a.m.k. gr. 12.1. Sá réttur sem átt er við í 1.mgr. telst stofnast að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga. Sjúkrasjóðunum er síðan í sjálfsvald sett með hvaða hætti þeir ákveða þann frest sem virða bera vegna umsókna um m.a. styrki skv. 12.2, 12.3 eða aðra styrki sem þeir veita og ekki koma fram í viðmiðunarreglugerð þessari eins og t.d. styrki til líkamsræktar, vegna gleraugna-kaupa og fleira þess háttar.*

### **16. gr. Endurgreiðsla iðgjalda**

- 16.1 Iðgjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki.

*Greinin skýrir sig sjálf.*

### **17. gr. Upplýsingaskylda**

- 17.1 Stjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra til aðstoðar sjóðsins á aðgengilegan hátt m.a. með útgáfu bæklinga, dreifirita og/eða á heimasíðu félagsins.

*Hér er kveðið á um upplýsingaskyldu sjóðsstjórnar gagnvart sjóðsfélögum. Greinin er tilkomin vegna þess að nokkuð algengt virðist að sjóðsfélögum sé ekki ljós réttur sinn. Vert er að minna á að upplýsingaskyldan gildir gagnvart*

öllum sjóðfélögum, ekki einungis gagnvart félögum í því stéttarfélagi sem er vörsluaðili sjóðsins.

### **18. gr. Breyting á fjárhæðum og styrkjum**

18.1 Stjórn sjóðsins skal leggja fyrir aðalfund breytingar á almennum reglum um fjárhæðir styrkja sem sjóðurinn greiðir.

*Ekki er heimilt að ákveða réttindi lægri eða takmarkaðri en greinir í 12. gr. Geti sjóður ekki staðið við lágmarksskuldbindingar skv. 44. gr. laga ASÍ er nú heimilt að öðrum skilyrðum uppfylltum að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu hans og eftir atvikum félagsins við annað félag eða sjúkrasjóð. Slík sameining getur einnig að sjálfsögðu ákveðist þó sjóðir geti staðið við allar skuldbindingar sínar.*

### **19. gr. Breytingar á reglugerðinni**

19.1 Breytingar á reglugerðinni verða aðeins gerðar á aðalfundi og þurfa þær að vera samþykktar með meirihluta greiddra atkvæða fundarins. Slíkrar tillögu skal getið í fundarboði.

19.2 Breytingar á reglugerðinni skulu sendar skrifstofu ASÍ þegar og þær hafa verið samþykktar á aðalfundi.

*Í greininni er gert ráð fyrir að breytingar á reglugerðinni, aðrar en breytingar á fjárhæðum, séu lagðar fyrir aðalfund sjóðsins/félagsins, þeirra getið í fundarboði og að þær þarfnist stuðnings einfalds meirihluta greiddra atkvæða á fundinum. Sé um sameinaðan sjúkrasjóð fleiri félaga að ræða myndi ákvæðið eiga við um að breytingar gætu t.d. verið gerðar í sambandsstjórn eða öðrum sambærilegum fundi, allt skv. ákvæðum í reglugerð viðkomandi sjóðs. Margir sjúkrasjóðir hafa kosið að binda breytingar á reglugerðum sínum við 2/3 hluta greiddra atkvæða og er þeim heimilt að halda þeirri framkvæmd áfram enda felst í aukin lýðræðisleg trygging. Breytingar skulu jafnframt sendar skrifstofu ASÍ og skulu standast lágmarksákvæði laga ASÍ. Geri þær það ekki skal ASÍ bregðast við tafarlaust.*

**Þannig samþykkt á fundi miðstjórnar ASÍ þann 8. febrúar 2006**

# Reglugerð um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ

## I. Kaffli

### Hvenær skytt er að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu

#### 1. gr.

##### *Gildissvið*

Allsherjaratkvæðagreiðsla skal fara fram ef:

- a) félagsfundur samþykkir ályktun þar um,
- b) fundur félagsstjórnar og trúnaðarráðs samþykkir ályktun þar um,
- c) minnst 1/10 hluti fullgildra félagsmanna krefst þess skriflega,
- d) viðkomandi landssamband eða miðstjórn ASÍ fyrirskipar það eða
- e) lög ASÍ, viðkomandi aðildarfélags eða landssambands mæla svo fyrir.

Ákvæði reglugerðar þessarar eiga eftir því sem við á, um almenna og leynilega afgreiðslu kjarasamninga í póstatkvæðagreiðslu sbr. og 18. gr.

## II. Kaffli

### Form og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu

#### 2. gr.

##### *Form atkvæðagreiðslu*

Heimilt er að framkvæma allsherjaratkvæðagreiðslu með atkvæðagreiðslu á kjörstað/kjörstöðum, með póstatkvæðagreiðslu eða rafrænt.

#### 3. gr.

##### *Skipan kjörstjórnar o.fl.*

Við skyldubundna allsherjaratkvæðagreiðslu skv. 1. gr. skal kjörstjórn skipuð þremur mönnum. Félagstjórn og trúnaðarráð tilnefniir tvo menn en miðstjórn ASÍ skipar þann þriðja og er hann formaður kjörstjórnar. Jafnmargir skulu tilnefndir til vara á sama hátt.

Við aðrar allsherjaratkvæðagreiðslur þ.m.t. við afgreiðslu kjarasamninga skal kjörstjórn skipuð skv. ákvæðum laga viðkomandi félags eða sambands en ella skipar félagstjórn og trúnaðarráð kjörstjórn.

Kjörstjórn skal bóka allar ákvarðanir sínar og niðurstöður. Fulltrúum framboða skv. 5. gr. skal tilkynnt með hæfilegum fyrirvara um fundi kjörstjórnar og skal þeim heimilt að sitja fundi hennar.

#### **4. gr.**

##### *Trúnaðarmaður kjörstjórnar*

Kjörstjórn er heimilt að skipa sérstakan trúnaðarmann sinn, einn eða fleiri, til þess að annast um og bera ábyrgð við undirbúning kosninga og til þess að vera viðstaddan alla framkvæmd kosninganna.

Trúnaðarmaður skal hvorki vera einn frambjóðenda eða meðmælenda ef um stjórnar- eða fulltrúakjör er að ræða.

#### **5. gr.**

##### *Fulltrúar framboða*

Við stjórnar- eða fulltrúakjör er fulltrúum einstakra framboða heimilt að hafa umboðsmann sinn viðstaddan alla framkvæmd kosninga.

#### **6. gr.**

##### *Meðmælendur*

Til þess að bera fram lista eða tillögu við stjórnar- eða fulltrúakjör, þarf skrifleg meðmæli eða stuðning 1/10 hluta fullgildra félagsmanna, þó ekki fleiri en 300 né færri en 15.

Frambjóðandi getur verið meðmælandi á lista.

Tillögum stjórnar og trúnaðarráðs, þurfa engin meðmæli að fylgja. Sama á við ef allsherjaratkvæðagreiðsla byggir á e-lið 1. gr.

#### **7. gr.**

##### *Framboðsfrestur o.fl.*

Framboðsfrestur við stjórnar- eða fulltrúakjör skal minnst vera 7 sólarhringar, og skal listum eða tillögum skilað til kjörstjórnar áður en sá frestur er liðinn. Kjörstjórn sér um, að öll kjörgögn séu fyrir hendi þegar atkvæðagreiðsla á að hefjast. Komi aðeins fram einn listi eða ekki tillaga (uppástunga) um fleiri en kjósa á, þarf kosning ekki að fara fram.

#### **8. gr.**

##### *Auglýsing atkvæðagreiðslu*

Þegar framboðsfrestur er útrunninn og tillögum eða listum hefur verið skilað eða kjarasamningur er tilbúinn til afgreiðslu, skal kjörstjórn auglýsa allsherjaratkvæðagreiðsluna með minnst sjö sólarhringa fyrirvara, með uppfestum auglýsingum, auglýsingu í dagblöðum og/eða í útvarpi eða á annan þann hátt að tryggt sé að félagsmenn fái nægilega snemma vitneskju um atkvæðagreiðsluna.

Kjörstjórn skal í auglýsingunni tilgreina stað og stund og hve lengi kosningin stendur dag hvern séu atkvæði greidd á kjörfundi en ella hvenær kjörgögn verði póstlögð og hvenær þurfi að hafa borist kjörstjórn í síðasta lagi fari allsherjaratkvæðagreiðsla fram með póstatkvæðagreiðslu eða rafrænt.

## 9. gr.

### *Atkvæðagreiðsla á kjörstað*

Atkvæðagreiðsla á kjörstað ( kjörfundur ) skal standa yfir a.m.k. í 2 daga, minnst 8 klst. hvorn dag og skal þess gætt, að valinn sé sá tími dagsins er félagsmenn eiga hægst með að sækja kjörfund.

Kjörfundi skal þó lokið, þegar allir félagsmenn hafa kosið.

## 10. gr.

### *Póstatkvæðagreiðsla*

Póstatkvæðagreiðsla skal framkvæmd þannig að kjörstjórn sendir þeim er kosningarétt eiga kjörgögn. Þau eru:

- a. Kjörseðill.
- b. Umslag sem skal ómerkt eða merkt „Atkvæðaseðill“ (umslag 1).
- c. Umslag til eiginhandarundirritunar kjósanda (umslag 2).
- d. Sendiumslag, þ.e. umslag með utanáskrift kjörstjórnar (umslag 3 ).

Auk kjörgagna skulu fylgja leiðbeiningar um framkvæmd póstkosningar þar sem m.a. komi fram hvernig kjósandi tjáir vilja sinn, hvernig gengið skal frá kjörseðli og hvernig kjörgögnum skuli komið til skila. Taka skal skýrt fram fyrir hvaða tíma kjörseðill skuli hafa borist kjörstjórn, en miða skal við að kjósanda berist í hendur kjörgögn það tímanlega að öruggt sé að kjósandi geti komið kjörgögnum til kjörstjórnar innan tímamarka. Kjörgögn skulu þó póstlögð þannig þegar um skyldubundna atkvæðagreiðslu skv. 1.gr. er að ræða, að a.m.k. 14 dagar líði frá því kjörgögn eru póstlögð og þar til þeim á að hafa verið komið í hendur kjörstjórnar í síðasta lagi. Þá skal skýrt taka fram hvaða atvik geti valdið ógildi kjörseðils sbr. m.a. nánari fyrirmæli í 12. gr.

Kosning fer þannig fram að kjósandi tjáir vilja sinn eins og greinir í 12. gr. Að því loknu setur hann kjörseðilinn í umslag 1, lokar því og setur í umslag 2 sem hann áritar með eigin nafni. Hann setur umslag 2 þessu næst í umslag 3, sendiumslagið og sér um að koma því til skila til kjörstjórnar innan tilskilins tímafrests.

Kjörstjórn er heimilt að forprenta á bakhlið „umslags 2“ sbr. c. lið 1.mgr., nafn kjósanda, kennitölu hans og heimilisfang. Í þessu skyni er jafnframt heimilt að nota límmiða. Skýrt skal koma fram á umslaginu, að eiginhandarundirritun kjósanda skuli vera á bakhlið þess.

Kjörgögn sem kjósendur póstleggja til kjörstjórnar teljast afhent kjörstjórn ef þau eru tilbúin til afhendingar á póststöð (kjörstjórnar) í síðasta lagi við lokun póststöðvar þann dag sem kosningu líkur skv. 3. mgr. Kjósendum eða umboðsmönnum þeirra er heimilt að koma kjörgögnum sjálfir í hendur kjörstjórnar eða trúnaðarmanns kjörstjórnar með afhendingu þeirra á kjörstað.

## 11. gr.

### *Rafræn atkvæðagreiðsla*

Rafræn atkvæðagreiðsla skal framkvæmd þannig að kjörstjórn sendir þeim er kosningarétt eiga kjörgögn en þau eru aðgangsslykill að rafrænum kjörseðli.

Auk kjörgagna skulu fylgja leiðbeiningar um framkvæmd rafrænnar kosningar þar sem m.a. komi fram hvernig kjósandi tjáir vilja sinn og hvernig atkvæði hans komist til skila. Taka skal skýrt fram fyrir hvaða tíma atkvæði skuli hafa borist kjörstjórn, en miða skal við að kjósanda berist í hendur kjörgögn það tímanlega að öruggt sé að kjósandi geti greitt atkvæði sitt innan tímamarka. Kjörgögn skulu þó póstlögð þannig að a.m.k. 14. dagar líði frá því kjörgögn eru póstlögð og þar til þeim á að hafa verið komið í hendur kjörstjórnar í síðasta lagi.

Samhliða rafrænni kosningu, skal kjósendum ætíð gert mögulegt að fá aðgang að viðeigandi tölvubúnaði á kjörstað og skal í því efni farið að ákvæðum 15. gr. reglugerðar þessarar.

Þess skal gætt í hvívetna að ekki sé hægt að rekja greidd atkvæði til tiltekins eða tiltekinna kjósenda og skal þess skal gætt að rafræn atkvæði séu ekki sett í sameiginlegt safn til talningar fyrr en kosningu er lokið.

Komi í ljós við atkvæðagreiðslu að kjósandi hafi þegar nýtt kosningarétt sinn, annað hvort rafrænt eða á kjörstað, gildir það atkvæði sem síðast hefur verið greitt

Verklagsreglur og útbúnaður hér að lútandi skal samþykktur af kjörstjórn hverju sinni.

## 12. gr.

### *Um kjörseðla*

Atkvæðagreiðsla skal vera bundin við þá lista eða þær tillögur (uppástungur), sem fram koma samkvæmt 6. gr. eða þann kjarasamning sem í hlut á.

Sé kosið listakosningu skal á kjörseðli raða listum eftir þeirri röð, sem þeir berast til kjörstjórnar. Á hverjum lista skulu vera nöfn jafnmargra og kjósa á. Kjósandi tjáir þá vilja sinn með því að krossa við bókstaf eins listans.

Sé kosið persónubundinni kosningu en þó þannig að einstaklingum er stillt upp undir tilteknum listum skal á kjörseðli raða listum eftir sömu reglu og greinir í 1.mgr. Kjósandi tjáir þá vilja sinn með því að krossa við þá einstaklinga, er hann vill kjósa á einum eða fleiri listum. Þó skal kjósandi aldrei krossa við fleiri nöfn einstaklinga en kjósa skal í hvert embætti.

Sé kosið hreinni persónubundinni kosningu skal á kjörseðli raða framþjóðendum til hvers embættis í stafrófsröð eða draga um röð þeirra. Kjósandi tjáir þá vilja sinn með því að krossa við þá einstaklinga, er hann vill kjósa. Þó skal kjósandi aldrei krossa við fleiri nöfn einstaklinga en kjósa skal í hvert embætti.



Riti kjóssandi ekki nafn sitt eiginhendi á sendiumslag kjörgagna sbr. 10. gr. telst kjörseðill ekki gildur og skulu slík umslög ekki opnuð.

### **13. gr.**

#### *Hverjir hafa atkvæðisrétt*

Allir fullgildir félagsmenn njóta atkvæðisréttar. Geymi lög félags ekki sérstök ákvæði um hverjir teljast skuli fullgildir félagsmenn, skulu þeir félagsmenn hafa atkvæðisrétt, sem ekki skulda félagsgjald um áramót fyrir meira en eitt ár nema þrengri eða rýmri ákvæði séu þar um í lögum viðkomandi félags.

Við afgreiðslu kjarasamninga er félagsstjórn eða kjörstjórn að höfðu samráði við félagsstjórn heimilt að veita aukafélögum atkvæðisrétt.

Eftir að atkvæðagreiðsla hefur verið auglýst, má ekki veita nýjum félagsmönnum viðtöku í félagið með atkvæðisrétti, en þeir sem skulda geta öðlast atkvæðisrétt, ef þeir greiða skuld sína áður en atkvæðagreiðsla hefst. Þá er aukafélögum heimilt að gerast fullgildir félagar á sama tímabili, enda uppfylli þeir að öðru leyti inntökuskilyrði viðkomandi félags.

### **14. gr.**

#### *Kjörskrá, aðgangur og kærur*

Kjörstjórn skal sjá um, að kjörskrá ásamt lista yfir þá félagsmenn, sem ekki eru á kjörskrá vegna skulda, sé tilbúin þegar atkvæðagreiðsla er auglýst, og skal hvort tveggja liggja frammi frá þeim tíma og þar til atkvæðagreiðslu er lokið, á einhverjum þeim stað, er félagsmenn hafa greiðan aðgang að.

Meðmælendur hvers lista eða tillögu (uppástungu) hafa rétt til að fá sam-eiginlega eitt afrit af kjörskrá ásamt skuldalista, um leið og atkvæðagreiðsla er auglýst. Óheimilt er að afrita kjörskrá og/eða dreifa með nokkrum hætti.

Allar kærur vegna kjörskrár skal kjörstjórn úrskurða að viðstöddum fulltrúum eða umboðsmönnum framboðslista eða frambjóðenda í einstaklingskjöri jafnskjött og þær koma fram. Kærufrestur er til loka kjörfundar.

### **15. gr.**

#### *Um kjörstaði*

Kjörstaður skal vera starfsstöð eða aðsetur viðkomandi félags nema kjörstjórn ákveði annað. Hafi félagið fleiri en eina starfsstöð er heimilt að hafa kjörstað opinn í hverri þeirra.

Óheimilt er að viðhafa nokkurn kosningaáróður á kjörstað eða við hann.

### **16. gr.**

#### *Um kjörkassa*

Fyrir upphaf kjörfundar eða útsendingu kjörgagna innsiglar kjörstjórn kjörkassa með viðeigandi hætti og rífur sjálf þau innsigli við upphaf talningar atkvæða.

### **17. gr.**

#### *Talning atkvæða*

Kjörstjórn sér um talningu atkvæða að kjörfundi loknum. Umboðsmenn hvers lista eða tillögu (uppástungu) skulu hafa rétt til að hafa fulltrúa sinn við talningu atkvæða.

Auðir seðlar og ógildir teljast með greiddum atkvæðum en við talningu atkvæða skulu auð og ógild atkvæði lögð til hliðar og ekki tekið tillit til þeirra við útreikning á vægi atkvæða.

Upplýst skal um fjölda auðra og ógildra atkvæða þegar niðurstaða atkvæðagreiðslu er kynnt.

### **III. Kafli**

#### **Almenn allsherjaratkvæðagreiðsla um kjarasamning**

##### **18.gr.**

##### **Hvað er „almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla“**

Við afgreiðslu kjarasamnings, telst „almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla“ í skilningi 3.mgr. 5.gr. l. 80/1938 vera atkvæðagreiðsla framkvæmd í samræmi við ákvæði 10.gr. reglugerðar þessarar. Þó er heimilt að haga slíkri atkvæðagreiðslu þannig að við frumsendingu kjörgagna sé farið að reglum 11.gr. um rafræna atkvæðagreiðslu en kjósendum gert heimilt og mögulegt í tíma að fá send kjörgögn sem útbúin skulu í samræmi við ákvæði 10.gr.

### **IV. Kafli**

#### **Önnur ákvæði**

##### **19. gr.**

##### *Lausn ágreiningsmála*

Rísi ágreiningur út af skilningi á reglugerð þessari, úrskurðar miðstjórn ASÍ um ágreininginn.

##### **20.gr.**

##### *Reglugerðarheimild*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 33. grein laga Alþýðusambands Íslands og gildir fyrir öll aðildarsamtök ASÍ og deildir þeirra.

Þannig samþykkt með áorðnum breytingum á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 8. febrúar 2006.



*Starfsfólk ASÍ var kallað upp í lok ársfundar og því þakkað fyrir samstarfið á fundinum.*

## Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og framkvæmdastjóra ASÍ í samráði við Starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ.

Starfs- og fjárhagsáætlun var lögð fyrir miðstjórn í byrjun desember, þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar fyrir árið 2006 og hún síðan samþykkt á fyrsta fundi miðstjórnar í janúar 2006.

Starfsemin á skrifstofu ASÍ markaðist á tímabilinu einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er um í þessari skýrslu. Því til viðbótar komu fjölmörg mál til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Endurskoðun kjarasamninga í nóvember 2005 og aftur í júní 2006 í kjölfar tilboðs atvinnurekenda um verulegar launahækkanir í stað framlengingar kjarasamninga mótaði starfið talsvert. Málefni útlendinga og átakið „Einn réttur, ekkert svindl“ sem framlengt var fram á mitt ár 2006 hefur og mótað starf skrifstofunnar á tímabilinu. Margvísleg upplýsingagjöf er mikill og vaxandi þáttur í starfseminni, en nánar er fjallað um þau atriði hér á eftir.

## ***Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2006***

Starfsmenn Alþýðusambands Íslands voru þann 1. október síðastliðinn sem hér segir:

Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Grétar Þorsteinson, forseti ASÍ, Guðmundur Hilmarrson, sérfræðingur, Guðmundur Rúnar Árnason, ritstjóri og upplýsingafulltrúi, Berglind S. Guðnadóttir, ræstitæknir, Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Henný Hinz, verkefnisstjóri verðlagseftirlits, Ingibjörg Björnsdóttir, matráðskona, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur, Ingvar Sverrisson, lögfræðingur, Magnús Norðdal, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, Margrét Lind Ólafsdóttir, umsjónarmaður vefmála, María Haraldsdóttir, bókari, Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ, Eyrún Björk Valsdóttir, fræðslufulltrúi og deildarstjóri MFA fræðsludeildar ASÍ, sem hóf störf hjá sambandinu 1. ágúst sl., Sif Ólafsdóttir fulltrúi, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur, og Stefán Úlfarsson, hagfræðingur.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ársfundi, en Rannveig Einarsdóttir, deildarstjóri MFA fræðsludeildar ASÍ lét af störfum 1. júní að eigin ósk og Lind Einarsdóttir sem tók við starfi hennar 1. maí lét af störfum um miðjan júní að eigin ósk.

## ***Ímynd ASÍ***

Skrifstofa ASÍ lætur reglulega fara fram mælingar á viðhorfum almennings til Alþýðusambandsins. Slíkar mælingar eru til allt frá árinu 1986, en voru ekki gerðar með reglubundnu millibili fyrr en 1999/2000. Í könnun sem var gerð 1999 var næstum fimmtungur neikvæður í garð ASÍ og rúm 40% jákvæð. Eftir þingið 2000 voru jákvæðir ekki nema rétt rúmur þriðjungur og meira en helmingur var hlutlaus. Síðan þá hefur þróunin verið stöðug í rétta átt. Neikvæðir hafa verið innan við 10%, jákvæðum hefur fjölgað og hlutlausum fækkað. Í könnunum sl. heilt ár hafa jákvæðir verið fleiri en hlutlausir en eftir ágúst 2004 hafði það ekki gerst síðan 1994.

Á síðasta ársfundi var samþykkt að gera átak í kynningar- og ímyndarmálum og að halda áfram með þá skilgreiningarvinnu sem lagður hafði verið grunnur. Unnið hefur verið í samræmi við þær samþykktir.

## ***ASÍ vefurinn***

Umtalsverð vinna hefur verið lögð í að endurhanna og -skipuleggja vefsvæði ASÍ, bæði hvað varðar útlit og leiðarkerfi. Leitað hefur verið hófanna til ýmissa aðila, bæði innandyra og utan, í þessari vinnu og áhersla lögð á að

skilgreina alla þá ólíku notendahópa sem nýta sér vef ASÍ. Markmiðið með nýju leiðarkerfi er að þjónusta við þessa markhópa verði á sem bestan hátt og gera þeim kleift að nálgast hlutina á sem einfaldastan og skjótvirkastan hátt á vefnum. Leitað hefur verið til utanaðkomandi sérfræðinga m.t.t. viðmótsprófana (með aðkomu rýnihópa) og aðgengisúttektar fyrir blinda, sjónskerta, lesblinda og hreyfihamlaða. Gert er ráð fyrir að opna nýjan vef sambandsins í tengslum við ársfundinn í október.



*Jóhannes Kristjánsson, eftirherma, fór með ýmis gamanmál á ársfundinum og hermdi eftir ýmsu þjóðþekktu fólki eins og honum einum er lagið.*

## Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

### Frumvarp til laga um starfsmannaleigur, 366. mál.

*31. október 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

ASÍ leggur áherslu á að við stefnumótun og lagasetningu á þessu sviði verði að hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

- Að meginregla íslensk vinnumarkaðar verði áfram sú, að starfsmenn standi í beinu vinnuréttarlegu sambandi við þá atvinnurekendur sem njóta vinnuafls þeirra. Umgjörðin um það samband er einföld og traust og tryggir félagsleg réttindi starfsmanna, skyldur atvinnurekanda gagnvart starfsmönnum og stjórnvöldum og liggur til grundvallar því eftirliti sem haft er um vinnumarkaðinn og aðkomu aðila vinnumarkaðarins að honum.
- Að þegar vikið sé frá ofangreindri meginreglu með þríhliða vinnuréttarsambandi starfsmanns, starfsmannaleigu og notendafyrirtækis sé tryggt að slíkir samningar grafi ekki undan fyrrgreindri meginreglu vinnumarkaðarins, veiki ekki félagsleg réttindi starfsmanna og flæki

ekki eða dragi ekki úr skyldum atvinnurekanda og aðila vinnu-  
markaðarins.

- Að tryggt sé að starfsmönnum starfsmannaleigufyrirtækja sé ekki mismunað samanborið við starfsmenn í beinu ráðningarsambandi við notendafyrirtækið.
- Að tryggt sé, að samkeppnisstöðu fyrirtækja sem kjósa að semja beint við sitt vinnuafli og þeirra sem kjósa eða þurfa um stundarsakir að nota útleigt vinnuafli sé ekki raskað. Mikilvægt er í því sambandi að bæði beri sömu ábyrgð og hljóti sömu meðferð hvað varðar skyldur gagnvart skattayfirvöldum og stofnunum vinnu-  
markaðarins.
- Að þær starfsmannaleigur sem eiga staðfestu utan Íslands en á EES séu sýnilegar innan stjórnsýslunnar með sama hætti og innlendar starfsmannaleigur. Því markmiði verður ekki náð án skilyrða um starfsleyfi eða annarskonar skráningu á starfsemi hér á landi. Með þeim hætti verði einnig tryggt að innlendum starfsmannaleigum og starfsmannaleigum utan Íslands en á EES svæðinu sé ekki mismunað.
- Að í formála tilskipunar um útsenda starfsmenn er sérstaklega tekið fram að tilurð hennar hafi engin áhrif á rétt einstakra ríkja til að setja lög þar sem starfsheimildir starfsmannaleiga eru takmarkaðar. Þess sé hins vegar gætt að slík lagasetning fari ekki gegn skyldum Íslands skv. samningnum um EES svæðið.
- Að tryggður verði ákveðinn jöfnuður milli þeirra erlendu fyrirtækja sem hingað senda starfsmenn sína tímabundið og þeirra sem leigja hingað starfsmenn. Það á fyrst og fremst við um gjaldtöku í formi ferða og upphalds og um upplýsingaskyldu til stjórnvalda. Til þess að ná því markmiði þarf að endurskoða ákvæði laga 54/2001.

Í samræmi við ofanritað telur ASÍ að ráðstafnir stjórnvalda skuli lúta að eftirfarandi þáttum:

**Lagasetning.** Sett verði sérstök lög um starfsemi starfsmannaleigufyrirtækja. Slík lagasetning byggji á þeim megin sjónarmiðum sem að ofan greinir. Um þau sjónarmið er ekki ágreiningur milli aðila vinnu-  
markaðarins eða við stjórnvöld. Stjórnvöldum ber einnig að virða þá grundvallarreglu að vinnuafli skuli ekki lúta sömu reglum og gilda um vöru og þjónustu og sem Ísland hefur m.a. gengist undir með aðild sinni að Alþjóðavinnu-  
málastofnuninni. Sérstök, einföld og skýr lagasetning undirstrikar þær skyldur ásamt því að auðvelda erlendu vinnuafli starfsmannaleigufyrirtækja innkomu á íslenskan vinnu-  
markað og einfaldar erlendum fyrirtækjum sem huga að starfsemi hér á landi að hrinda þeim áformum sínum í framkvæmd.

**Bann við mismunun.** Lögin kveði skýrt á um bann við mismunun gagn-

vart starfsmönnum starfsmannaleigufyrirtækja samanborið við fasta starfsmenn notendafyrirtækisins nema slík mismunun verði réttlæt á grundvelli hlutlægra ástæðna. Slíkt bann undirstriki jafnframt skuldbindingargildi viðeigandi kjarasamninga.

**Starfsleyfi.** Lögin geymi hefðbundin skilyrði sem lúta að rekstrarformi, hæfi forsvarsmanna, upplýsingaskyldu gagnvart stjórnvöldum o.fl.

**Afleysingar.** Í lögunum sé undirstrikað það meginsjónarmið að um afleysingaþjónustu sé að ræða sem komi til m.a. vegna lög- eða sammingsbundinna leyfa fastra starfsmanna eða skyndilegrar eftirspurnar eftir vinnuafli vegna tímabundinna verkefna. Starfstími hjá hverju notendafyrirtæki sé þannig að jafnaði ekki umfram 6 mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili nema sérstakar hlutlægar ástæður réttlæti annað.

**Uppsögn/endurráðning.** Að uppsagnir fastra starfsmanna séu óheimilar ef tilgangurinn sé að ráða sömu starfsmenn eða aðra í gegnum starfsmannaleigu.

**Gjaldtaka.** Öll gjaldtaka af starfsmönnum verði bönnuð.

**Samkeppnisákvæði.** Óheimilt verði að banna starfsmönnum að segja upp starfi sínu og/eða að ráða sig beint hjá notendafyrirtæki að loknu starfstímabili.

**Skriflegir ráðningarsamningar.** Ráðningarsamningar milli starfsmannaleigu og starfsmanna séu skriflegir og uppfylli skilyrði tilskipunar 91/533/EBE. Jafnframt verði kveðið á um upplýsingaskyldu gagnvart starfsmanni vegna hvers verkefnis sem hann er sendur í.

**Upplýsingaskylda gagnvart stjórnvöldum.** Í samningum starfsmannaleigu og starfsmanna og milli starfsmannaleigu og notendafyrirtækis er höndlað um vinnuafli og mikilvægar skyldur gagnvart því og stjórnvöldum. Vegna þeirra mikilvægu og viðkvæmu hagsmuna sé tryggt, að öllum hlutaðeigandi sé skylt að veita stjórnvöldum upplýsingar um samninga sína og kjör starfsmanna.

**Erlendar starfsmannaleigur.** Sömu reglur gildi um innlendar og erlendar starfsmannaleigur. Sérstakra ákvæða er þó þörf vegna erlendra starfsmanna starfsmannaleigufyrirtækja, hvort sem þær hafa staðfestu hér á landi eða annarsstaðar á EES svæðinu. Nauðsynlegt er því að tilkynnt sé sérstaklega um erlenda starfsmenn starfsmannaleigufyrirtækja, nöfn, fjölda, atvinnugrein, starfstíma o.fl. auk þess sem nauðsynlegt er að erlend starfsmannaleiga hafi hér á landi umboðs- eða talsmann í stöðumboði gagnvart stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins.

**Ábyrgð notendafyrirtækja.** Lögákveðið verði að notendafyrirtæki hér á landi beri ábyrgð á þeim kröfum starfsmanna starfsmannaleigufyrirtækja á hendur starfsmannaleigunni, sem stofnast í og vegna starfa starfsmannanna



hjá notendafyrirtækinu. Með því verði tryggt að notendafyrirtækið nýti sér ekki þjónustu starfsmannaleigufyrirtækja í þeim tilgangi að skjóta sér undan kröfum sem þau að jafnaði bera gagnvart eigin starfsmönnum.

**Aðrar lagabreytingar.** Ákvæði 1. tl. 1.mgr. 3.gr. 54/2001 verði breytt og síðasti hluti þessa töluliðs sem hljóðar svo „.....að því er varðar lágmarkslaun, yfirvinnugreiðslur, réttindi til orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarkshvildartíma.“ verði felldur niður þar sem orðlagið hefur verið mistúlkað á þann veg að lögin feli í sér tæmandi talningu réttinda meðan tilgangur ákvæðisins er að tryggja almenna vísun til lágmarksréttinda skv. kjarasamningum. Breyting þessi stangast ekki á við tilskipun 96/71/EB sbr. 7.mgr. 3.gr. hennar.

Þegar þessi sama tilskipun var innleidd þótti ekki nauðsynlegt að kveða skýrt á um flutnings- og upphaldskostnað útsendra starfsmanna sem atvinnurekandi ber. Eftir innleiðingu hefur hins vegar komið í ljós misbrestur á því og er lagt til að 2.ml. 7.mgr. 3.gr. tilskipunarinnar verði innleiddur með eftirfarandi ákvæði: „*Atvinnurekanda sem fellur undir gildissvið laga þessara, sbr. 2. gr., er óheimilt að reikna greiðslur vegna kostnaðar sem hann hefur lagt út fyrir vegna ferða starfsmanns, gistingar og upphalds hans, inn í kröfu hans um lágmarkslaun skv. 1. tölulið 3. gr.*“

Að því er varðar upplýsingaskyldu fyrirtækja er lagt til að tekið verði upp í lög nr 54/2001 ákvæði m.a. varðandi hvenær hinir erlendu starfsmenn koma til landsins og hefja störf, við hvað þeir muni starfa og hve lengi, hvar þeir verði búsettir, hvort þeir hafi tilskilin starfsréttindi. Jafnframt verði þessum erlendu fyrirtækjum lögð sama skylda á herðar og erlendum starfsmannaleigum um að þau hafi hér á landi talsmann sem komi fram fyrir hönd þess gagnvart stjórnvöldum og öðrum hér á landi.

#### **Þingsályktunartillaga um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja, 4. mál.**

*25. nóvember 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja, 4. mál.

Markmið með tillögunni er að endurskoða tryggingar aldraðra og öryrkja og koma á „afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega“ m.a. í samráði við samtök aldraðra og öryrkja og aðila vinnumarkaðarins.

Í þessu samhengi er rétt að minna á að Alþýðusamband Íslands hefur þegar lagt fram heildstæðar tillögur á þessu sviði (sjá nánar skýrsluna Velferð fyrir alla á vef ASÍ [http://www.asi.is/displayer.asp?cat\\_id=561](http://www.asi.is/displayer.asp?cat_id=561)). Í þeim er m.a. lagt til:

- að réttur öryrkja til bóta almannatrygginga taki mið af því að framfærslubyrði þeirra er alla jafnan önnur og meiri en t.d. eldri borgara;

- að réttur þess sem verður fyrir örorku verði tryggður til að afla sér tekna í réttu hlutfalli við vinnugetu sína án skerðingar grunnörorkulífeyris;
- að tekjutengdur lífeyrir verði nýttur til jöfnunar á afkomu þeirra sem ekki geta aflað sér atvinnutekna vegna fötlunar sinnar svo og til jöfnunar á þeim mun sem er á afkomu þeirra sem njóta réttinda frá lífeyrissjóðum með föst réttindi á ábyrgð launagreiðenda og þeirra sem njóta réttinda frá lífeyrissjóðum með breytanleg réttindi án ábyrgðar launagreiðanda; og
- að geta almennu lífeyrissjóðanna til greiðslu eftirlauna verði aukin með því að jafna núverandi áhættutryggingu betur milli sjóðanna innbyrðis og frekari þátttöku almennatrygginga í þeim tryggingum.

Alþýðusamband Íslands tekur undir að endurskoða þurfi tryggingar aldraðra og öryrkja og lýsir yfir vilja til að ganga til samstarfs um það m.a. á grundvelli þeirra tillagna sem sambandið hefur lagt fram á þessu sviði.

### **Frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál**

*25. nóvember 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál.

Markmið frumvarpsins er að skjóta stoðum undir ályktun Alþingis frá því í vor um stefnu í fjarskiptamálum. Lagt er til að stofnaður verði sérstakur sjóður til að ráðstafa fjármunum til framkvæmda á þessu sviði. Ráðgert er að ráðstafa samtals 2.500 m.kr. af söluandvirði Landssímans til sjóðsins á næstu fjórum árum.

Alþýðusamband Íslands mælti með því í umsögn 3. maí sl. að fyrrnefnd ályktun Alþingis um stefnu í fjarskiptamálum yrði samþykkt. Alþýðusamband Íslands mælir einnig með því að það frumvarp sem hér er til umsagnar verði samþykkt.

### **Þingsályktunartillaga um fullorðinsfræðslu, 25. mál.**

*26. nóvember 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands tekur undir mikilvægi þess að efla og auka fullorðinsfræðslu þeirra sem minnsta menntun hafa hér á landi. Kannanir okkar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sýna að um 40% fólks á vinnumarkaði hefur brýna þörf fyrir aukna menntun og starfsfræðslu. Þrátt fyrir þetta er engin sérstök löggjöf hér á landi sem skilgreinir rétt fólks til fræðslu eftir að tilteknur aldri er lokið, nema það hyggi á nám í framhaldsskóla eða háskóla. Hafi

einstaklingur lokið stúdentsprófi, sem er skilyrði fyrir námi á háskólastigi, eru engin takmörk fyrir því hversu margar háskólagráður viðkomandi getur tekið með stuðningi ríkisins. Vilji einstaklingur sem á við lesblindu eða lestrarörðugleika að etja sækja slík námskeið (sem flest eru í boði utan hins hefðbundna skólakerfis) má hann kosta það sjálfur án aðstoðar frá hinu opinbera, en nýtur oftast stuðnings frá fræðslusjóði viðkomandi stéttarfélags hafi hann áunnið sér rétt þar. Þetta er óviðunandi og kallar á breytingar í jafnræðisátt þar sem allir landsmenn eigi rétt til að sækja sér nám eftir þörfum.

Þess má geta að Alþýðusambandið á fulltrúa í Verkefnisstjórn um símenntun á vegum menntamálaráðuneytisins, en eitt af verkefnum þessarar verkefnisstjórnar er að leggja mat á það hvort þörf sé á sérstakri löggjöf um fullorðinsfræðslu.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að fá fram vilja Alþingis í þessari vinnu og styður því samþykkt þessarar þingsályktunartillögu.

### **Þingsályktunartillaga um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla, 26. mál.**

*6. desember 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla, 26. mál.

Markmið með tillögunni er að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum.

Alþýðusamband Íslands hefur þegar sett fram tillögur á þessu sviði (sjá nánar Greinargerð vinnuhóps um fátækt, bls. 46-56 í skýrslunni Velferð fyrir alla sem hægt er að nálgast á vef ASÍ <http://www.asi.is>). Í þeim tillögum kemur m.a. eftirfarandi fram:

Til að koma til móts við börn tekjuminni foreldra og til að koma í veg fyrir stéttaskiptingu meðal barna er mikilvægt að sveitarfélög dragi umtalsvert úr gjaldtöku vegna skólagöngu [...] Einnig þurfa sveitarfélög að gera börnum kleift að stunda íþróttir og æskulýðsstörf án tillits til efnahags foreldra. Til að koma til móts við kostnað fjölskyldna í dreifbýli af því að senda börn í framhaldsskóla er mikilvægt að hækka styrki til jöfnunar á námskostnaði.

Alþýðusamband Íslands tekur undir að stefna ber að því að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum og mælir því með því að sú tillaga sem hér er til umsagnar verði samþykkt.

## **Pingsályktunartillaga um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 14. mál.**

*9. janúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 14. mál. Í greinargerð með tillögunni er fjallað um það mikla brottfall sem er meðal nemenda úr framhaldsskólum hér á landi og bent á að öflug náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum geti verið öflugt tæki í baráttunni gegn brottfallinu.

Alþýðusamband Íslands hefur ítrekað fjallað um brottfall nemenda úr framhaldsskólunum og lagt áherslu á mikilvægi þess að dregið verði úr því eins og kostur er, enda eigi framhaldsskólinn að þjóna öllum nemendum óháð áhugasviðum þeirra og hæfileikum. Ljóst er að margt þarf að koma til ef ásættanlegur árangur á að nást í þessum efnum. Það gildir m.a. um fjölbreytt námsframboð á framhaldsskólastigi við allra hæfi, aðstæður nemenda til náms og fleiri þætti. Einn af þeim þáttum sem hér skipta máli er að efla náms- og starfsráðgjöf til nemenda og að hún hefjist strax í efri bekkjum grunnskóla.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusamband Íslands farm komna tillögu til þingsályktunar og leggur til að hún verði samþykkt.

## **Pingsályktunartillaga um nýskipan í starfs- og fjöltækninámi, 15. mál.**

*9. janúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um nýskipan í starfs- og fjöltækninámi, 15. mál. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að markmiðið með tillögunni sé m.a. að efla starfsnám, fjölga valkostum iðnmenntaðra og fólks með styttri formlega skólagöngu til að bæta menntun sína og draga úr brottfalli í framhaldsskólum. Jafnframt að auka sveigjanleika í skipulagi náms og eyða aðgreiningu á milli verknáms og bóknáms og efla starfsnám á öllum skólastigum. Starfsnám er í tillögunni skilgreint sem nám sem fellur undir iðn-, verk og listnám hvers konar í framhaldsskólum. Þá er lagt til að komið verði á fót fjöltækninámi á sérstökum námsbrautum, m.a. til að auka framboð á fjölbreyttu verk- og tækninámi að loknum framhaldsskóla.

Á vettvangi Alþýðusambands Íslands hefur ítrekað verið fjallað um mikilvægi þess að efla verk- og tækninám hvers konar og gera það að áhugaverðum valkosti fyrir nemendur á öllum skólastigum, ekki síst fyrir þá sem lokið hafa verk- og tæknimenntun á framhaldsskólastigi. Efling verk- og tæknimenntunar er mikilvæg fyrir nemendur sem hafa áhuga og hæfileika á sviði verk- og tæknigreina og íslenskt atvinnulíf sem ekki getur eflst og þróast á eðlilegan hátt nema til staðar sé öflugur hópur starfsmanna með víðtæka og góða verk- og tæknimenntun.

Hugmyndin sem fram kemur í tillögunni um að þróað verði sérstakt skólastig við hlið háskólanáms að loknum framhaldsskóla, fjöltækninám, þar sem sérstök áhersla er lögð á að efla verk- og tækniþekkingu með hagnýtu námi fyrir þá sem lokið hafa slíku námi í framhaldsskóla og/eða aflað sér víðtækrar og viðurkenndrar reynslu í atvinnulífinu er mjög áhugaverð. Þróunin varðandi framboð á námi á háskólastigi síðustu árin, sem einkum hefur falist í mikilli þenslu bóklegra greina gefur fullt tilefni til að skoða nýja kosti í þessum efnum. Víða í nágrannalöndum okkar hefur fjöltækninám, á ensku Polytechnical Universities, þróast með áhugaverðum hætti og tryggt mikilvæga viðbót við hefðbundið háskólanám. Slíkt nám hefur gjarnan verið þróað í samstarfi við rannsóknarstofnanir og hagnýtar rannsóknir í atvinnulífinu og þannig tryggt mikilvægt samhengi milli verk- og tæknimenntunar og hagnýtrar rannsóknarstarfsemi.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusamband Íslands þá meginhugsun sem fram kemur í tillögunni um eflingu verk- og tæknimenntunar og nýrra leiða í þeim efnum.

### **Frumvarp til laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, 328 mál.**

*9. janúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands er sammála þeim meginþingarmíðum sem fram koma í þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland er aðili að á sviði hugverkaréttinda. Mikilægt er að íslensk stjórnvöld leggi sig fram um að haga löggjöf þannig að við þær sé staðið, jafnvel þó formleg skylda sé ekki til þess eins og á við í þessu tilviki hvað varðar tilskipun EB nr. 2004/48. Sú tilskipun er raunar ekki prentuð með frumvarpinu en telja verður nauðsynlegt að Alþingi hafi aðgang að þýddum eintökum þeirra EB gerða sem innleiddar eru hér á landi þó óbeint sé. Þetta er m.a. nauðsynlegt hvað þetta frumvarp varðar, þar sem í greinargerð segir að höfundar frumvarpsins hafi fylgt texta TRIPS samningsins þegar tilskipunin gengur lengra. Þessa fullyrðingu má draga í efa þegar texti 6. og 7. greinar tilskipunarinnar er borinn saman við frumvarpstextann og TRIPS samninginn.

Eins og fram kemur í greinargerð, lét réttarfarsnefnd uppi það álit sitt á sínum tíma um TRIPS samninginn (1999), að gildandi íslensk löggjöf fullnægði ákvæðum hans. Hún ætli sér hins vegar að hefja athugun á því hvernig styrkja megi vernd þeirra þegar um viðskipti er að ræða og þá með sérstöku tilliti til þess hvernig við verði brugðist í nágrannalöndum okkar. Réttarfarsnefnd hefur ekki að því er virðist haft frekari afskipti af málinu. Dómsmálaráðherra

skipaði síðan sérstaka 3 manna nefnd á árinu 2005 sem síðan skilaði því frumvarpi sem nú liggur fyrir.

Í greinargerð nefndarinnar er þess hvergi getið að kannað hafi verið með hvaða hætti þessum málum sé skipað í nágrannalöndum okkar né heldur hvaða aðstæður hafi breyst frá 1999 sem nú réttlæti þessa lagasetningu. Engin greining er gerð á því að hvaða leyti gildandi löggjöf sé ófullnægjandi eða hvort hægara sé að breyta henni til þess að ná þeim markmiðum sem lagasetning miðar að. Það er miður þar sem þessi nýja löggjöf er í nokkrum atriðum frávik frá almennum málsmeðferðar- og réttarforsreglum og kemur til viðbótar þeirri löggjöf sem almennt fjallar um samkynja aðgerðir ( L. 31/1990, l. 90/1989 og l. 19/1991 ).

Frumvarpið er gagnrýnt í heild sem hugsanlega óþörf aðgerð sem gangi mun lengra en þörf er á þegar hliðsjón er höfð af þeirri löggjöf sem fjallar um öflun sönnunargagna á forstigum einkamála og raunar einnig opinberra mála. Nokkur rök eru færð fram í greinargerð en engin þeirra byggja á könnun nefndarinnar eða opinberum skýrslum heldur álitni og ályktunum frumvarpshöfunda ( sjá m.a. nokkur ummæli á bls. 9-11 í greinargerð ).

Einnig gengur frumvarpið lengra í því efni að fullgilda EB tilskipanir en stjórnvöld hafa almennt viljað ganga þegar í hlut eiga tilskipanir um einstaklingsbundin réttindi t.d. á sviði félagslegra réttinda. Þetta er sérstaklega athyglivert þar sem ekki er skylt að hrinda í framkvæmd tilskipun EB 2004/48 frekar en t.d. tilskipun EB um bann við mismunun.

Ef þetta frumvarp verður að lögum, brýtur það blað í sókn Íslands til verndar þeim réttindum sem verndar njóta í lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Sé þörf sérstakrar löggjafar þegar í hlut eiga ætluð brot gegn framseljanlegum og efnahagslegum réttindum einstaklinga má ætla að ríkisstjórn og Alþingi fylgi þessari nýju stefnumótun eftir og þá um öflun sönnunargagna í málum vegna ætlaðra brota á þeim réttindum einstaklinga sem meiri verndar njóta. Má í því efni helst nefna bann gegn mismunun á grundvelli kynferðis, trúar, stjórnmalaskoðana, þjóðernis, efnahags o.fl. Það myndi þá t.d. eiga við um málshöfðanir launafólks gegn atvinnurekendum sem ætla má að hafi brotið gegn viðkomandi á þann veg að ætla megi að skaðabótaréttur og/eða refsikrafa hafi stofnast. Einnig má þá ætla að hið sama ætti við um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra en ókærðra kynferðisbrota gegn börnum en öll þessi réttindi eru bundin ríkari innlendri og alþjóðlegri vernd en framseljanleg höfundaréttindi.

**Frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, 389 mál.**

10. janúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:

Alþýðusamband Íslands fagnar framkomu þessa frumvarps og styður eindregið samþykkt þess. Frumvarpið bætir stöðu foreldra og langveikra barna og kemur til viðbótar og fyllingar þeim réttindum sem foreldrar á almennum vinnumarkaði njóta í sjúkrasjóðum aðildarféлага ASÍ. Gert er ráð fyrir samspili þessara úrræða í lokamáslíð 9.gr. frumvarpsins.

Gerðar eru athugasemdir við gildistöku ákvæði 19.gr. Þar er gert ráð fyrir að lögin muni einungis eiga við um börn sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun eftir 1.1 2006. Vegna þeirra barna sem greinast á árinu 2006 skapast 1 mánaðarréttur, vegna þeirra sem greinast á árinu 2007 skapast 2 mánaðaréttur og loks skapast fullur 3 mánaðaréttur vegna þeirra sem greinast eftir 1.1 2008 sbr. 2-3.mgr. 19.gr.

Það er mat ASÍ að gildistaka með þessum hætti skapi óásættanlega mismunun. ASÍ leggur til að réttur þessi taki til allra barna yngri en 18 ára sbr. a. lið 3.gr., óháð greiningartíma. Þetta er sérstaklega mikilvægt vegna barna sem greinast með hrörnunarjúkdóma. Jafnframt leggur ASÍ til að fallið verði frá því að hlutfalla réttinn inn og að hann verði látinn koma til fullra framkvæmda þegar við gildistöku en kostnaður vegna fullrar framkvæmdar á árinu 2008 er áætlaður 130 milljónir skv. mati fjármálaráðuneytisins.

**Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun ), 340 mál.**

10. janúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:

Með frumvarpinu er leitast við að jafna réttarstöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra varðandi sambúð, ættleiðingar og tæknifrjóvgun. Frumvarpið og sú stefna sem það endurspeglar er í samræmi við þau grundvallarsjónarmið um jafnrétti og bann við mismunun sem ASÍ styður.

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. 45. mál.**

10. janúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 45. mál.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að vinna gegn kynbundnum launamun og öðrum misrétti kynjanna. Fram hefur komið að lagasetningar hafa ekki dugað til og sértækar aðgerðir hafa heldur ekki skilað viðunandi

árangri. Áherslur í jafnrétti kvenna og karla hafa því í auknum mæli beinst að kerfislægri mismunun kynjanna og mikilvægt er að góð stjórnvaldstæki séu til staðar til að vinna á stöðmun kynjanna á vinnumarkaði.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að bætist við ný grein er verður 4. gr. laganna og fjallar um upplýsingaskyldu. Þar er mælt fyrir um víðtækari heimildir fyrir Jafnréttisstofu en núgildandi 4. mgr. 3. gr. hefur veitt henni, að krefja opinberar stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur og félagasamtök um allar almennar og sértækar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna verkefna Jafnréttisstofu og athugunar á einstökum málum.

Alþýðusamband Íslands telur aðgengi upplýsinga mikilvægt er varðar verkefni og athuganir á einstökum málum hvort sem Jafnréttisstofa eða kærunefnd jafnréttismála á í hlut og sér ekki mun á hvort sá réttur sé færður Jafnréttisstofu eða kærunefnd jafnréttismála.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusamband Ísland þá meginhugsun sem fram kemur í 2. gr. frumvarpsins.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að við 11. gr. núverandi laga bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og fjallar um kosningu jafnréttisfulltrúa í sérhverju fyrirtæki og stofnun, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn, til eftirlits með jafnréttisáætlun. Einnig er kveðið á um vegna mikilvægis starfa jafnréttisfulltrúa að rétt þyki að tryggja starfsöryggi þeirra og stöðu að öðru leyti með því að veita þeim sambærilega stöðu og trúnaðarmönnum er veitt með lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og ákvæðum kjarasamninga.

Hvað varðar jafnréttisfulltrúa í fyrirtækjum og stofnunum þar sem eru fleiri en 25 starfsmenn og jafnréttisfulltrúanum veitt sambærileg staða og trúnaðarmönnum er veitt með lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur og ákvæðum kjarasamninga, hefur ekki verið mótuð afstaða að hálfu Alþýðusambands Íslands.

Í 5. gr. laganna er lögð til breyting á 20. gr. gildandi laga er varðar þátttöku í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera. Lagt er til að sami háttur verði á við skipun og tilnefningar í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga, þar sem tilnefningaraðilar tilnefna einn karl og eina konu í þær. Í greinagerð er fylgir frumvarpinu er lagt til að veitingarvaldið hafi val og geti við það gætt þess að hlutfall kynjanna verði sem jafnast.

Stefna Alþýðusambands Íslands við tilnefningu fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga er að fulltrúar skulu tilnefndir án skilyrða eða afskipta veitingarvaldsins.



### **Pingsályktunartillaga um könnun á viðhorfum og væntingum til stjórn- málapáttöku, áhrifa og valda kvenna, 29. mál.**

*11. janúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar þar sem félagsmálaráðherra er falið að skipa nefnd sem m.a. kannar viðhorf til kvenna í stjórnámálum. Einnig skal nefndin kanna viðhorf til áhrifa kvenna og valda og til gildis og þýðingar stjórnámálapáttöku kvenna fyrir samfélagið.

Staðreyndir og tölulegar upplýsingar sýna hve illa konur standa gagnvart öllum áhrifum og völdum í samfélaginu. Þrátt fyrir að margt hefur áunnist í baráttunni um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla á undanförunum áratug þá er nauðsynlegt að halda baráttunni áfram og ekki síst að leggja áherslu á mikilvægi páttöku kvenna í stjórnámálum.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

### **Pingsályktunartillaga um hlut kvenna í sveitarstjórnnum, 34. mál.**

*11. janúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum.

Lagt er til að félagsmálaráðherra feli Jafnréttisstofu það verkefni að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnnum.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

### **Frumvarp um breytingu á hegningarlögum nr. 19, 12 febrúar 1940 (heim- ilisofbeldi), 365 mál**

*11. janúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands styður þá viðleitni löggjafans að styrkja og skýra refsheimildir er varða heimilisofbeldi. Nauðsynlegt er að lögð sé áhersla á það í löggjöf að líkamlegt ofbeldi og aðrar misgjörðir milli nákominna sé meðhöndlað sérstaklega. Það frumvarp sem fyrir liggur miðar að því, en gengur þó ekki mjög langt í að ná utan um „heimilisofbeldi“ sem sjálfstætt brot en um hvort það sé æskilegt og rétt eru nokkuð ólíkar skoðanir.

Eins og fram kemur í greinargerð hafa nágrennalönd okkar borið sig að með ýmsum hætti. Þau rök sem að baki því búa eru m.a., að heimili manna njóta að lögum sérstakrar friðhelgi sem „stofnanir“ ef svo má að orði komast. Það æskilega við að skilgreina „heimilisofbeldi“ sem sjálfstætt og sérstakt brot felst m.a. í að skilgreina ofbeldi sem unnið er innan þeirrar friðhelgi af ein-

staklingi sem þar dvelst sem sérstaklega alvarlegt, ekki einungis vegna tengsla brotamanns og brotaþola heldur einnig vegna vettvangs brotsins. Þá er m.a. haft í huga að ofbeldi framíð á þeim vettvangi getur haft djúpstæð og alvarleg áhrif á fleiri en hinn beina brotaþola. Þau sjónarmið styðja örllítið aðra nálgun en fyrirbyggjandi frumvarp gerir ráð fyrir.

### **Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997, 371. mál.**

*13. febrúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Frumvarpið er að mestu það sama og ASÍ veitti umsögn um á haustþingi og sér ASÍ ekki ástæðu til að endurtaka afstöðu sína frá þeirri umsögn.

Hins vegar hefur lægst inn í þetta frumvarp tillaga að breytingum á 2. gr. laganna sem að mati ASÍ getur leitt til algjörar kúvendingar í uppbyggingu þess hluta tryggingarkerfis landsmanna sem byggir á samtryggingu í skyldubundnum lífeyrissjóðum aðila vinnumarkaðarins. Hér er átt við þá breytingu sem lögð er til í 1.brtt. þar sem eftirfarandi er lagt til:

„Heimilt er að semja um það í kjarasamningi að hluti lágmarksiðgjalds komi til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla, en þó skal lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs aldrei vera lægra en 10% af iðgjaldsstofni.“

Alþýðusamband Íslands varar sterklega við þessari breytingu, og telur að hún muni leiða til þess nauðsynlegt verði að lækka þá lágmarkstryggingarvernd í samtryggingu, sem er grundvöllur bæði laganna og þeirrar sáttar sem um hana tókst milli aðila vinnumarkaðar, stjórnvalda, samtryggingarlífeyrissjóðanna og svokallaðra frjálsra lífeyrissjóða árið 1997. Í þeirri sátt var lagt upp með að allir landsmenn skyldu skyldaðir til þess að afla sér lágmarkslífeyrisréttinda á samtryggingargrunni með greiðslu a.m.k. 10% iðgjalds til lífeyrissjóðs. Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997 eru þessi réttindi skilgreind á eftirfarandi hátt:

4. gr. Lágmarkstryggingarvernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds skal fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hefst, þó ekki síðar en frá 70 ára aldri, sbr. 14. gr., og 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í örorkulífeyri á mánuði miðað við full réttindi til framreiknings, sbr. 15. gr. Enn fremur skal lágmarkstryggingarvernd fela í sér að jafnað sé milli sjóðsfélaga kostnaði vegna makalífeyris skv. 16. gr. og kostnaði vegna barnalífeyris skv. 17. gr.

Í þessari grein er kveðið á um ýmsa þætti samtryggingar sem lífeyrissjóðir eru skuldbundnir til að veita sínum sjóðsfélögum, s.s. ævilangan lífeyri frá 67 ára aldri, rétt til örorkulífeyris miðað við full réttindi til framreiknings og að kostnaði vegna maka- og barnalífeyris sé jafnað milli sjóðsfélaga.

Þegar löggin voru sett dugði 10% iðgjald í flestum tilfellum til þess að

standa undir þessum réttindum. Nú hefur komið í ljós þegar lífeyriskerfið á almennum markaði er skoðað í heild, þó staða einstakra sjóða kunnir að vera önnur, að kostnaður við að standa undir þessum réttindum reynist vera talsvert meiri en sem nemur þeim 10% sem bæði kjarasamningar og lög kváðu á um sem lágmarksiðgjald. ASÍ og SA sömdu því um það sérstaklega í kjarasamningunum 2004 að hækka þetta iðgjald í 12% í áföngum. Ljóst var að þessi hækkun ein og sér dygði ekki, sérstaklega m.t.t. örorkubótanna, en ríkisstjórnin lýsti yfir vilja sínum til að skoða þau mál sérstaklega. Þeim hluta málsins lauk, í bili a.m.k., með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við endurskoðun kjarasamninga 15. nóvember 2005. Með upphaflegu frumvarpi til breytinga á lögum 129/1997 er verið að færa þennan veruleika inn í viðeigandi lög sem nýtt lágmark og hefur ASÍ stutt þær breytingar, þó það hafi vakið athygli nefndarmanna á því með hvaða hætti svona réttindi verði til annars vegar á hinum svokallaða almenna vinnumarkaði og hins vegar öðrum kerfum.

Það var ljóst þegar í upphafi að sú staða kann að vera upp hjá einstaka lífeyrissjóðum, að þeir geti mætt lágmarksréttindum með lægra iðgjaldi en hinu nýja 12% lágmarki, jafnvel lægra en 10% lágmarkinu sem núgildandi lög kveða á um. Í þeim tilvikum njóta þeir sjóðsfélagar sem þannig háttar um þessarar hækkunar á iðgjaldi, og kemur hækkunin þá fram sem aukin réttindi í samtryggingu til handa þeim. Jafnframt er kveðið á um það í 3. mgr. 4. greinar laga nr. 129/1997 að geti sjóður uppfyllt lágmarkstryggingarverndina með lægra iðgjaldi en sem nemur lágmarksiðgjaldi er heimilt að ráðstafa því sem umfram er til séreignar. Sjóðsfélagi getur við þær aðstæður ráðið því sjálfur hvert slíku iðgjaldi er ráðstafað sbr. 1.mgr. 5.gr. laganna. Því verður ekki séð að þörf sé á umræddri breytingu þegar viðkomandi sjóður getur tryggt lágmarksréttindi í samtryggingu á lægra iðgjaldi en sem nemur lágmarksiðgjaldi skv. lögum eða kjarasamningi.

Alþýðusambandið vekur hins vegar athygli á því að þetta nýja ákvæði sem lagt er til að komi inn í 2.gr. laganna opnar möguleika á því, að ráðstafa megi allt að 2% af lágmarksiðgjaldi til séreignar, þrátt fyrir að lágmarkstryggingarvernd í samtryggingu sé ekki tryggð með 12% iðgjaldi. Verði það heimilað mun það óhjákvæmilega grafa undan samtryggingunni sem lögin og lífeyriskerfið í heild byggir á og birtist þá í því, að tilteknum hópum verði heimilað að víkja sér undan þeim kostnaði sem fylgir samtryggingarkerfum og þá án tengsla við tryggingafræðilega stöðu viðkomandi lífeyrissjóðs. ASÍ lítur því tillöguna mjög alvarlegum augum og telur hana vera í algjörrri andstöðu við megininntak laga 129/1997 og það samkomulag sem náðist við setningu þeirra. Því lýsir ASÍ sig algjörlega andsnúið þessari breytingu og leggur eindregið til að hún verði felld út úr frumvarpinu.

## **Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál**

*16. febrúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandið gaf umsögn um frumvarp það sem til umfjöllunar var á síðasta þingi, þegar fyrirhugað var að breyta Ríkisútvarpinu í sameignarfélag. Þá var lýst andstöðu við fyrirhugaðar breytingar á bæði rekstrarformi og fjármögnun Ríkisútvarpsins (RÚV). ASÍ var og er þeirrar skoðunar að víðtækt hlutverk RÚV í almannabágu, bæði í óháðri fréttamiðlun og menningarlegu hlutverki, sé þess eðlis að afar mikilvægt sé að RÚV verði með öruggum hætti áfram í almannaeigu.

ASÍ telur mikilvægt er að standa vörð um sjálfstæði RÚV og telur að það megi gera með því að taka upp svipað fyrirkomulag og þekkist víða, þ.e. að starfsmönnum og sjálfstæðum aðilum utan stofnunar verði auk þings og ráðherra gert að skipa fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Sem fyrr, lýsir ASÍ efasemdum sínum við fyrirhugaða breytingu á fjármögnun RÚV, þ.e. með sérstökum nefskatti í stað afnotagjalda eins og fram kom í fyrri umsögn. Jafnframt má benda á, að með því að breyta fjármögnun RÚV með þessum hætti getur það leitt til röskunar á samkeppnisstöðu gagnvart öðrum fjölmiðlafyrirtækjum, sem innheimta afnotagjöld.

Verði af fyrirhuguðum breytingum á rekstrarformi RÚV, leggur ASÍ áherslu á, að í hvívetna og með sýnilegum og virkum hætti verði fylgt lögum um aðilaskipti að fyrirtækjum og réttarstaða allra starfsmanna sem margir eiga allan starfstíma sinn hjá stofnuninni verði tryggð. Mörg undanfarin ár hefur og mörgum starfsmönnum RÚV verið haldið á endurteknum tímabundnum ráðningarsamningum og einskona verktökusamningum. ASÍ leggur áherslu á að öllum þessum starfsmönnum verði tryggð sama réttarstaða og annarra starfsmanna RÚV ef og þegar breytingarnar fara fram. Mikilvægt er að ráðherra gefi skýrar yfirlýsingar hér að lútandi svo þeir starfsmenn sem ekki hafa notið fullnægjandi réttarstöðu njóti sömu réttinda og fast starfslíð RÚV. Þá er og bent á, að til þess að tryggja sjálfstæði starfsmanna gagnvart stjórn og framkvæmdastjóra er og nauðsynlegt að lögin geymi sérstök ákvæði um málefnalegar, rökstuddar og áfrýjanlegar uppsagnir.

## **Frumvarp til laga um hlutafélög, 461. mál, EES-reglur, upplýsingaákvæði, og frumvarp til laga um einkahlutafélög, 462. mál. EES-reglur, upplýsingaákvæði**

*20. febrúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Í þessum frumvörpum er lagt til að í lög um hlutafélög annars vegar og lög um einkahlutafélög hins vegar verði tekin upp ákvæði um birtingu upplýsinga um heiti þeirra og annarra grunnupplýsinga á heimasíðum viðkomandi félaga.

ASÍ styður efni þessara frumvarpa.

### **Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 448. mál**

*21. febrúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 448. mál.

Frumvarpið felur í sér fjórar sjálfstæðar breytingatillögur á lögum um stjórn fiskveiða: Í fyrsta lagi að fellt verði brott ákvæði laganna er lýtur að dagakerfi fyrir krókabáta þar sem dagakerfið fellur niður í lok þessa fiskveiðiárs. Í öðru lagi að sett verði hámark á samanlagða krókaafhlutdeild fiskiskipa til að hlutdeildir dreifist á fleiri byggðalög. Í þriðja lagi að gera mögulegt að flytja aflamark milli fiskiskipa með einfaldari hætti en nú tíðkast. Í fjórða lagi að koma tímabundið til móts við þá sem lent hafa í vanda vegna erfiðleika í veiðum og vinnslu á úthafsrækju.

Alþýðusamband Íslands styður þessar breytingatillögur en bendir jafnframt á að við ákvörðun á hámarks krókaafhlutdeild þarf að gæta þess að þeir sem starfandi eru í krókaaflakefinu verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þess að þeir hafi áður en frumvarpið kom fram fjárfest í krókaafhlutdeild sem leiðir til þess að þeir fara yfir hámarkið.

### **Frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 388. mál**

*22. febrúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 388. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að sú breyting verði gerð á tóbaksvarnarlögum að reykingar í þjónusturými veitinga- og skemmtistaða verði bannaðar með öllu frá og með 1. júní 2007.

Út frá vinnuverndarsjónarmiðum telur Alþýðusamband Íslands að þessi breyting sé mjög til hagsbóta fyrir starfsfólk á veitinga- og skemmtistöðum.

Alþýðusamband Íslands er sammála umræddri breytingu og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Frumvarp til laga um hlutafélög, 444. mál, stjórnarhættir, starfskjör stjórnenda, og frumvarp til laga um einkahlutafélög, 445. mál með sama heiti

22. febrúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:

Í þessum frumvörpum er lagt til að í lög um hlutafélög annars vegar og lög um einkahlutafélög hins vegar verði tekin upp ákvæði sem stuðla eiga að bættum stjórnarháttum í slíkum félögum. Ýtarlega er gerð grein fyrir efni þessara tillagna og röksemdum fyrir þeim í athugasemdum. Ber að fagna því hve vel hefur verið staðið að allri vinnu við samningu þessa frumvarps.

Alþýðusambandið tekur undir þá stefnumótun sem liggur til grundvallar þessum frumvörpum og styður efni þeirra.

### **Frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög**

*22. febrúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög. Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði um hlutafélög í eigu hins opinbera. Alþýðusambandið styður þá stefnumótun sem liggur til grundvallar frumvarpinu, þ.e. að mælt sé fyrir um auknar skyldur varðandi upplýsingagjöf til almennings þegar í hlut eiga hlutafélög í eigu opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga, til viðbótar þeim sem almennt gilda í slíkum félögum.

Alþýðusambandið gerir hins vegar alvarlegar athugasemdir við efni einstakra ákvæða frumvarpsins. Að mati ASÍ tryggir frumvarpið ekki nægilega vel aðgengi starfsmanna, stjórnámálanna og fjölmiðla, að upplýsingum um málefni opinberra hlutafélaga, stefnumótun í þeirra nafni og/eða sölu á hlutum í þeim.

Eignarhald hins opinbera á hlutum í hlutafélögum er að sönnu ekki markmið í sjálfu sér heldur að jafnaði liður í ákveðnu ferli er tengist sölu opinberra eigna og/eða einkavæðingu opinberrar þjónustu. Það ferli getur gengið mjög hratt fyrir sig þegar allir hlutir í slíkum félögum eru seldir á sama tíma til eins eða fleiri einkaaðila. Ferlið getur hins vegar einnig tekið lengri tíma. Þannig getur sala á hlutum í opinberu hlutafélagi til einkaaðila farið fram í nokkrum skrefum, eftir því hver stefnumótun stjórnvalda á þessu sviði er á hverjum tíma. Hugtakið opinbert hlutafélag er hins vegar skilgreint í frumvarpi ríkisstjórnarinnar mjög þröngt og mun ef samþykkt verður valda því að slíkt félag mun missa sérstöðu sína sem opinbert hlutafélag við það eitt að einn hlutur er seldur út úr því til einkaaðila. Um leið munu þær auknu skyldur varðandi aðgang fjölmiðla og annarra að upplýsingum um málefni slíkra félaga ekki lengur eiga við. Geta stjórnvöld þá í framhaldi komið sér undan því að veita almenningi nauðsynlegar upplýsingar honum til stuðnings í opinberri umræðu um einkavæðingu opinberrar þjónustu með því að bera fyrir sig ómöguleika

við veitingu upplýsinga þar sem þær varði einkamálefni venjulegs hlutafélags. Að mati ASÍ stríðir hin þrönga skilgreining hugtaksins gegn markmiðum frumvarpsins. Sjá nánar athugasemdir með 1. gr. frumvarpsins.

Athygli vekur að með frumvarpinu fylgja litlar sem engar skýringar í greinargerð og er það mikið stílbrot miðað við annað frumvarp ríkisstjórnarinnar þar sem einnig eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, sbr. mál nr. 444.

Um 1. gr.

Lagt er til að tekið verði upp í frumvarpið ákvæði er skilgreinir hugtakið opinbert hlutafélag með sama hætti og gert er í dönsku hlutafélagalögin, sbr. 2. gr. a þeirra laga. Samkvæmt því ákvæði telst um opinbert hlutafélag að ræða ef danska ríkið hefur sömu tengsl við félagið og móðurfélag við dótturfélag. Sambærilegt ákvæði að þessu leyti er að finna 2. gr. íslensku hlutafélagalaganna.

Með því væri tryggt að hlutafélagið teldist áfram opinbert hlutafélag í skilningi laga þó seldir væri einn eða fleiri hlutir í félaginu til einkaaðila. Það væri ekki fyrr en meirihluti hluta félagsins væru komnir í eigu einkaaðila að félagið myndi missa stöðu sína sem opinbert hlutafélag. Slíkt ákvæði myndi samræmast betur tilgangi frumvarpsins sem er að skapa aukið traust á því ferli sem liggur til grundvallar hlutafélagavæðingu opinbers rekstrar.

Þá leggur ASÍ til að tekið verði upp í frumvarpið ákvæði þess efnis að opinbert hlutafélag geti verið eigu eins aðila, en í 1. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög er gert ráð fyrir því að í hlutafélagi skulu jafnan vera tveir hluthafar hið fæsta.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að félag skuli einungis teljast opinbert hlutafélag sé það 100% í eigu hins opinbera. Í þessu ákvæði frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir þeim möguleika að einstakir stjórnarmenn og/eða framkvæmdastjóri slíkra félaga eigi hluti í þeim. Með þeim breytingum sem ASÍ leggur til að gerðar verði á 1. gr. frumvarpsins þá getur 3. gr. frumvarpsins hins vegar staðið óbreytt. Hafa má hér hliðsjón af 53. gr. dönsku hlutafélagalaganna.

Um 4. gr.

Ekki er gerð athugasemd við efni þessarar greinar. Á það er þó bent að heppilegra væri ef frumvarpið hefði að geyma umfjöllun um efni slíkra starfsreglna. Má hafa hér 7. mgr. 56. gr. dönsku hlutafélagalaganna til hliðsjónar.

Um 5. og 6. gr.

Gerð er athugasemd við þá afmörkun sem felst í orðinu aðalfundur en með gagnályktun frá þessu ákvæði frumvarpsins má segja að aðrir hluthafafundir skuli samkvæmt ákvörðun stjórnar vera lokaðir fjölmiðlum, og öðrum.

Engin rökstuðningur fylgir þeirri tillögu frumvarpsins að takmarka aðgengi fjölmiðla við aðalfund opinberra hlutafélaga. Mikilvægar ákvarðanir í málefnum opinbers hlutafélags, s.s. breytingar á samþykktum félags, þ.m.t. að því er varðar tilgang þess og stefnu er hægt að taka á fundum hluthafa milli aðalfunda. Hið opinbera getur hvenær sem er í krafti eignarréttar síns óskað eftir boðun hluthafafundar til að skapa rétta lagaumgjörð fyrir ákvarðanir sem skipta miklu máli varðandi ferlið við sölu á hlutum í félaginu. Þarf ekki aðalfund til. Í dönsku hlutafélagalögunum er þessi greinarmunur ekki gerður á aðalfundi og hluthafafundi í þessu sambandi og engin ástæða að hann sé gerður samkvæmt íslensku hlutafélagalögunum.

Um 8. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um að upplýsingar stjórnar geti verið byggðar á fyrirspurn frá hluthafa. Slíkt ákvæði er þegar að finna í 91. gr. núgildandi laga og verður ekki séð hvaða nýmæli felst í þessari grein frumvarpsins. Í þessu ákvæði er hins vegar verið að undirstrika þá takmörkun á aðgengi að hluthafafundum í opinberum hlutafélagum sem lögð er til í 5. og 6. gr. frumvarpsins.

Alþýðusambandið leggur til að tekið verði upp í frumvarpið ákvæði er tryggi rétt starfsmanna eða fulltrúa þeirra til að sækja hluthafafundi í opinberum hlutafélagum og að þeir hafi þar málfrelsi. Myndi slíkur réttur styðja mjög við skyldur atvinnurekanda gagnvart fulltrúum starfsmanna samkvæmt lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

### **Frumvarp til laga um hlutafélög, 436. mál, opinber hlutafélög**

*22. febrúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Í þessu frumvarpi er fjallað um sömu efnisatriði og í frumvarpi ríkisstjórnarrinnar, sbr. 404. mál, einkum skilgreiningu hugtaksins opinbert hlutafélag og aðgengi að upplýsingum um málefni slíkra félaga, þ.m.t. starfsmanna og stjórnmalamanna.

Frumvarpinu fylgir greinargóður rökstuðningur og tekur ASÍ undir þær áherslur sem hann hefur að geyma.

Að öðru leyti er vísað til umsagnar Alþýðusambandsins um frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög.

### **Frumvarp til laga um hlutafélög, 461. mál, EES-reglur, upplýsingaákvæði, og frumvarp til laga um einkahlutafélög, 462. mál. EES-reglur, upplýsingaákvæði**

*22. febrúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Í þessum frumvörpum er lagt til að í lög um hlutafélög annars vegar og lög um einkahlutafélög hins vegar verði tekin upp ákvæði um birtingu upplýsinga



um heiti þeirra og annarra grunnupplýsinga á heimasíðum viðkomandi félaga. ASÍ styður efni þessara frumvarpa.

### **Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál**

*27. febrúar 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál.

Afstaða Alþýðusambandsins til frumvarpsins grundvallast á þeirri sýn að raforka sé ein af mikilvægustu forsendum lífskjara hér á landi. Uppbygging atvinnulífs ræðst að miklu leyti á ódýrri orku. Fram til þessa hefur verið litið á raforkudreifingu sem samfélagslega þjónustu og uppbyggingu dreifikerfisins sem samfélagslega fjárfestingu sem allir íbúar landsins njóti. RARIK hefur gengt lykilhlutverki við uppbyggingu dreifikerfis og dreifingu raforku til íbúa og fyrirtækja í dreifðum byggðum landsins. Með því hefur RARIK tekið þátt í uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Mikilvægt er að tryggja íbúum og fyrirtækjum á landsbyggðinni áfram raforku á hagstæðu verði. Forsenda fyrir uppbyggingu atvinnulífs í framtíðinni er hagstætt raforkuverð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um RARIK og að það verði áfram að fullu í eigu ríkisins. Frumvarpið gerir því ekki ráð fyrir að breyting verði á eignarhaldi félagsins, en ljóst er að breytingar á eignarformi geta haft áhrif á fjármögnunarkostnað fyrirtækisins vegna bakábyrgðar ríkisins. Óljóst er hvaða áhrif það kann að hafa á raforkuverð. Alþýðusambandið telur mikilvægt að RARIK verði áfram í opinberri eigu, hvort sem um er að ræða í eigu sveitarfélaga eða ríkisins, til að tryggja sem best samfélagslega ábyrgð í uppbyggingu raforkukerfisins.

Alþýðusambandið leggur áherslu á það að breytt rekstrarform RARIK leiði ekki til aukinnar samþjöppunar á raforkumarkaði og dragi þannig úr samkeppni með tilheyrandi hækkunum á raforkuverði til heimila og fyrirtækja.

Alþýðusambandið leggst ekki gegn frumvarpinu að sinni en áskilur sér rétt til að koma síðar á framfæri athugasemdum gefist tilefni til þess.

### **Þingsályktunartillaga um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009, 391. mál**

*09. mars 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009, 391. mál.

Stefna ASÍ í atvinnumálum Framtíð fyrir alla gengur út á samþættingu atvinnu-, félags- og efnahagsstefnu.

Ýmislegt í þeirri byggðaáætlun sem hér er til umsagnar er í ágætu samræmi við stefnu ASÍ. Þetta á m.a. við um það markmið áætlunarinnar að landshlutakjarnar verði efldir svo og það markmið að fólki sé gert kleyft að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum m.a. á grundvelli menntunar.

Það sem er síður í samræmi við stefnu ASÍ og sem Alþýðusambandið gerir alvarlegar athugasemdir við er eftirfarandi:

- Í fyrsta lagi, þá felst þversögn í því markmiði að „landshlutakjarnar skulu efldir“ en jafnframt „hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun“. ASÍ telur að það þurfi að taka af allan vafa um að byggðastefna á ekki að snúast um kyrrstöðu heldur um eðlilegar breytingar í búsetu sem samræmast þróun nútímalegra atvinnuhátta.
- Í öðru lagi, þá eru efnahagsmál ekki nægjanlega vel fléttuð inn í byggðaáætlunina. Of lítil áhersla á efnahagsþáttinn getur leitt til þess að tíðar og kröftugar sveiflur t.d. í gengi þurri út allan ávinning í atvinnuþróun. ASÍ telur að til að draga úr slíkri áhættu sé nauðsynlegt að formbinda samstarf stjórnvalda, Seðlabankans og aðila vinnumarkaðarins um að viðhalda stöðugleika.
- Í þriðja lagi, þá vantar í áætlunina leiðsögn um tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í atvinnuþróunarmálum. ASÍ telur að til að fjárfestingar í atvinnuþróun verði markvissar þurfi samræmdar aðgerðir í byggðastefnu, atvinnugreinastefnum og vísinda- og tæknistefnu.

### **Frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs, 403. mál**

*10. mars 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs, 403. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp gjaldtaka fyrir;

Beiðni til sýslumanns og héraðsdóms vegna öflunar sönnunargagna í málum er varða ætluð brot á hugverkaréttindum.

Fyrir afgreiðslu umsóknar um;

- EES dvalarleyfi
- Dvalar- og búsetuleyfi
- Beiðni um að setja nýtt nafn á mannanafnaskrá
- Sérstakt gjald fyrir rafræna áskrift af Lögbirtingarblaðinu

Að auki er lagt til að gjald fyrir umsókn um ríkisborgararétt hækki um 641% og gjald fyrir tilkynningu um ríkisborgararétt hækki um 270%.

Ekki er gerð nein tilraun í frumvarpinu til að rökstyðja upphæðir frumvarpsins aðrar en almennt orðalag um einstök gjöld erlendis eða að mikil vinna fylgi ákveðnum afgreiðslum.

Alþýðusambandið telur óeðlilegt að framangreind gjaldtaka sé nýtt til að auka sérstaklega tekjur ríkissjóðs og leggst því gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

### **Frumvarp um vatnalög, 268. mál**

*13. mars 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir setningu nýrra heildarlaga er skýri betur eignarhald á vatni, samhliða því sem mælt er fyrir um hagkvæma og sjálfbæra nýtingu þess. Er gert ráð fyrir að lög þessi komi í stað vatnalaga nr. 15/1923.

Alþýðusambandið gerir ekki athugasemdir við efni þessa frumvarps.

### **Frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 58. mál**

*20. mars 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 58. mál.

Alþýðusambandið tekur undir meginmarkmið frumvarpsins og mælir með því að það verði samþykkt. ASÍ telur þó nauðsynlegt að gildistaka laganna skv. 4. gr. verði endurskoðuð þannig að hún taki mið af ástandi efnahagsmála.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 5/1998, kosningar til sveitastjórna, 75.mál**

*21. mars 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Í frumvarpinu er lagt til að kjósandi geti við tilteknar aðstæður haft sér til aðstoðar við atkvæðagreiðslu einstakling að eigin vali í stað þess að vera bundinn af því að velja einn kjörstjórnarmanna á staðnum.

Frumvarpið er andstætt 49.gr. laganna sem mælir fyrir um hver megi vera viðstaddur í kjörstofu en það skulu einungis vera kjósendur, kjörstjórn og fulltrúar lista.

Ekki er augljóst hver tilgangur frumvarpsins er en það vísar frá þeim meginreglum sem lengi hafa gilt við leynilegar kosningar hér á landi og ekki verið tilefni deilna.

Eins og nú háttar er reynt að koma í veg fyrir að leynd sé rofin um hverjum atkvæði sé greitt. Verði opnað fyrir nálægð þriðja aðila sem ekkert erindi á í kjörstofu skapast hætta á því að atkvæði verði söluvara og fullnusta kaupanna

staðfest með nærveru aðila sem ekkert erindi á í kjörstofu annað en að fylgja viðkomandi kjósanda.

ASÍ mælir því ekki með samþykki þessa frumvarps.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998, 615. mál**

*03. apríl 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Frumvarpið felur að hluta í sér einföldun við útgáfu vegabréfa, jafnframt því sem leitast er við að aðlaga efni og form íslenskra vegabréfa að alþjóðlegum kröfum þar að lútandi. Allt er það til bóta.

Stefnt er að því jafnframt að fingraför vegabréfshafa komi fram í vegabréfi og verði varðveitt af útgefanda líkt og önnur gögn sem útgáfunni tengjast. Gagnagrunnur af þessu tagi er nýmæli. Í frumvarpinu er ekki skilgreint hvort fingraför teljist „viðkvæmar“ persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og verndun persónuupplýsinga, eða hvort þær séu almennar persónuupplýsingar. Sá greinarmunur skiptir máli sbr. 2. kafla laganna. Í 2.mgr. 3.gr. laga nr. 77/2000 er og að finna viðtækar og mikilvægar undanþágur frá ákvæðum laga nr. 77/2000 en ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. þeirra gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Í frumvarpi því sem til umsagnar er, er ekki tekið fram hvort vinnsla Þjóðskrár á fingrafaraupplýsingum falli undir þessar undanþágur eða ekki.

Með umsögn þessari er athygli nefndarinnar vakin á því, að vandlega þarf að huga að þeim reglum sem ætlað er að gilda um þær upplýsingar sem varðveittar verða vegna útgáfu vegabréfa og jafnframt að ef til vill þurfi af þessu tilefni að skýra ákvæði annarra þeirra laga sem varða skráningu og notkun persónuupplýsinga sem í mörgum tilvikum varða viðkvæm og mikilvæg borgaraleg mannréttindi.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, 172 mál**

*11. apríl 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur um árabíl barist fyrir því, að samþykkt ILO nr. 158 verði staðfest hér á landi og hrint í framkvæmd með löggjöf. Það frumvarp sem hér er til umsagnar gengur í sömu átt. Af þeim ástæðum þykir rétt að gera Alþingi grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ASÍ byggir afstöðu sína á.

Samstarfsnefnd félagsmálaráðuneytis, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um málefni Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, hefur fjallað um samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunar ILO-158 frá 1982, um uppsögn ráðningarsamninga.

Í þessari samþykkt er kveðið á um, að sú meginregla skuli gilda í ráðningarsambandi atvinnurekanda og starfsmanna, að ekki megi af hálfu atvinnurekanda segja því upp nema sú ákvörðun byggji á atvikum er varði hæfni eða háttsemi starfsmannsins eða rekstrarlegum ástæðum.

Þá hefur þessi samþykkt einnig að geyma upptalningu á ástæðum sem geta aldrei talist gildar fyrir uppsögn ráðningarsamnings, s.s. stéttarfélagsaðild, kynþáttur starfsmanns o.fl. Er þeim ákvæðum ætlað að standa vörð um tiltekin mannréttindi og/eða félagslega stöðu launafólks. Þessum reglum til viðbótar hefur samþykktin að geyma ákvæði um málsmeðferð, sönnunarbyrði o.fl.

Samþykkt ILO-158 hefur ekki með formlegum hætti verið leidd í lög hér á landi, en ákvæði sem svara að nokkru leyti til efnisákvæða hennar um réttarvernd fulltrúa starfsmanna annars vegar og forelda í fæðingar- og foreldraorlofi hins vegar, hafa verið lögfest hér á landi.

Að öðru leyti gildir sú meginregla að atvinnurekendur á hinum almenna vinnumarkaði er heimilt að segja upp ráðningarsamningi án takmarkana er varða ástæður uppsagnarinnar. Frá þeirri meginreglu eru fáeinar lögbundnar undantekningar og verður gerð grein fyrir þeim hér síðar.

## 1. Inngangur

Umræða um það hvort gera eigi breytingar á íslenskum vinnurétti í þá veru sem leiða myndi af innleiðingu á þeim reglum sem ILO-158 hefur að geyma getur ekki farið fram, nema því sé jafnframt lýst og dregið fram hvaða rök mæli helst með því að slíkar reglur skuli gilda á vinnumarkaði og hvað rök séu þar á móti.

Þá skiptir það ekki minna máli fyrir þá umræðu að aðilar geri sér grein fyrir því að þær reglur sem hér um ræðir er ekki aðeins að finna í samþykkt ILO-158. Samskonar reglur hafa einnig verið teknar upp í aðra alþjóðasáttmála á vegum stofnana sem Ísland á aðild að. Skiptir þar e.t.v. mestu máli Félagsmálasáttmáli Evrópu í endurskoðaðri útgáfu frá 1996, en ýmis ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu koma einnig til skoðunar. Þá skipta einnig máli þær reglur sem er að finna í tilskipunum Evrópusambandsins frá árinu 2000, þar sem mælt er fyrir um bann við mismunun launafólks á vinnumarkaði og tilgreindum sviðum samfélagsins eftir kynþætti, þjóðernisuppruna og ýmsum öðrum ástæðum.<sup>3</sup>

Mjög fá Evrópuríki hafa innleitt ILO-158. Samkvæmt upplýsingum á vef Alþjóðavinnumálastofnunar hafa Svíþjóð, Finnland, Frakkland, Lettland, Lúxemborg, Portúgal og Spánn fullgilt þessa samþykkt.

Sama máli gegnir um Félagsmálasáttmála Evrópu. Fljótt á litið virðast

<sup>3</sup> Sjá nánar tilskipun 2000/43/EB og tilskipun 2000/78/EB. Aðildarríkjum Evrópusambandsins bar að innleiða þessar tilskipanir fyrir árslok 2003.

einungis Belgía, Finnland, Írland, Noregur og Svíþjóð hafa innleitt ákvæði hans.<sup>4</sup>

Þegar löggjöf annarra Evrópuríkja á þessu sviði er skoðuð kemur það hins vegar í ljós að í löggjöf flestra þessarar ríkja er engu að síður að finna reglur er takmarka uppsagnarrétt atvinnurekanda með vísan til krafna um gildar/mál-efnalegar ástæður fyrir uppsögn. Slík lagasetning byggir fyrst og fremst á sjálfðæmi þessara ríkja frekar en þau hafi byggt þá lagasetningu á innleiðingu ILO-158 eða Félagsmálasáttmála Evrópu frá 1996.

Að því er varðar framangreindar tilskipanir Evrópusambandsins um bann við mismunun þá ber þess einnig að geta að í mörgum Evrópuríkjum hafa þessar reglur verið í gildi lengi og engin sérstök nýmæli sem felast í innleiðingu þeirra.

Af framansögðu má ráða að flest nágrannaríki okkar í Evrópu telja það skyldu sína að þær reglur gildi í samskiptum aðila á vinnumarkaði að mál-efnaleg sjónarmið og gildar ástæður skuli liggja til grundvallar ákvörðun atvinnurekanda um uppsögn starfsmanna. Í öllum þorra tilvika sé uppruna slíkra reglna að leita í ákvörðunum þjóðþinga viðkomandi ríkja en ekki alþjóðasamninga.

Slíkar reglur hafa hins vegar verið teknar upp í samninga alþjóðastofnana og þá væntanlega fyrir tilstilli þeirra þjóða sem hafa áður sett sér slíkar reglur. Er það síðan verkefni hlutadeigandi stofnana, að fá þær þjóðir sem skemmra eru á veg komnar að taka upp þessar reglur, annað hvort í heild sinni eða a.m.k. þær meginreglur sem þar er að finna.

Miklar breytingar hafa orðið á vinnumarkaði og þeim lögum sem á vinnumarkaði gilda frá því síðast var fjallað um þetta mál á vettvangi ILO-nefndarinnar árið 1984.<sup>5</sup> Má í því sambandi benda á að sumt af því sem bent er á í bréfi lögmanns til félagsmálaráðherra af því tilefni, á ekki lengur við, sbr. samþykkt laga um hópuppsagnir, laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og væntanlegar reglur um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum á landsvísu.<sup>6</sup> Breytingar sem myndu fylgja fullgildingu Íslands á samþykkt ILO-158, miðað við núverandi reglur á vinnumarkaði, yrðu m.ö.o. ekki eins umfangsmiklar og þá var talið.

## **2. Uppsögn ráðningarsamnings - ólík staða og hagsmunir aðila**

Þegar kemur að mati á efnahagslegri þýðingu uppsagnar ráðningarsambands fyrir aðila þess, þ.e. atvinnurekandann annars vegar og starfsmanninn hins

<sup>4</sup> Ísland undirritaði sáttmálann 4. nóvember 1998, en hefur hins vegar ekki fullgilt hann.

<sup>5</sup> Sjá hér bréf Gests Jónssonar hrl. til félagsmálaráðherra, dags. 29. október 1984.

<sup>6</sup> Sjá hér tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB, frá 11. mars 2002 um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópusambandsins. Tilskipunin er hluti EES-samningsins, sbr. samþykkt sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/02.

vegar, þá blasir við töluverður aðstöðumunur hvað varðar áhrif og afleiðingar slíkrar ákvörðunar.<sup>7</sup>

Atvinnustarfsemi byggist alla jafnan ekki á vinnuafli eins starfsmanns heldur margra. Ákvörðun atvinnurekanda um að segja upp einum úr hópi margra starfsmanna hefur því að jafnaði óveruleg áhrif á rekstur fyrirtækisins eða tekjuöflun þess. Ákvörðunin kann að vera honum erfið, valda honum óþægindum, hann verður eftir atvikum að leita að nýjum starfsmanni o.s.frv. en fyrirhöfnin og kostnaðurinn eru hins vegar lítil í hlutfalli við tjón starfsmannsins sem sagt er upp. Það kemur fram í því að meðan leit atvinnurekandans eftir nýjum starfsmanni stendur yfir, þá heldur fyrirtækið áfram að afla tekna.

Starfsmaðurinn hefur hins vegar einungis eina tekjulind, þ.e. þá tekjulind sem byggist á því vinnuafli sem hann selur atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsamningi. Hans lífsafkoma byggir á því að hann hafi reglulegar tekjur frá þessum eina atvinnurekanda. Efnahagslegt mikilvægi starfsins og launanna er í öllum tilvikum hlutfallslega miklu meira fyrir starfsmanninn en atvinnurekandann.

Uppsögn ráðningarsamnings að frumkvæði atvinnurekanda hefur því eðli máls samkvæmt miklu neikvæðari áhrif á efnahagslega afkomu þess starfsmanns sem fyrir þeirri uppsögn verður.

Reynt er að draga úr neikvæðum áhrifum starfsloka launafólks hér á landi með lög- og samningsbundnum rétti starfsmanna til uppsagnarfrests annars vegar og atvinnuleysisbótum hins vegar.

Slíkir þættir eru mikilvægir en breyta hins vegar ekki niðurstöðunni. Hlutadeigandi einstaklingur verður fyrir tímabundnu tjóni sem hann verður að mæta með einhverjum hætti. Hann er í fyrsta lagi án atvinnu og launatekna sem atvinnuleysisbætur bæta aðeins að hluta til. Í öðru lagi þarf hann að leita að nýju starfi og ekki víst sú atvinnuleit beri árangur eða að endanlegt val hans byggi í öllum tilvikum á réttum upplýsingum um starfið og hinn nýja atvinnurekanda.

Þá verður hann eðli máls samkvæmt að sanna sig í starfi hjá nýjum atvinnurekanda ef hann á að eiga von á því að komast í svipaða stöðu og hann var í áður hjá fyrri atvinnurekanda, m.v. launakjör og ábyrgð í starfi. Tjón hans felst þá í þeim launamun sem hann verður að setta sig við meðan hann reynir að ná fyrri stöðu.

Samningsbundnum ákvæðum um yfirfærslu áunninna réttinda við endurráðningu starfsmanna er ætlað að vinna að hluta til gegn neikvæðum áhrifum atvinnumissis.<sup>8</sup>

<sup>7</sup> Í því sambandi má einnig nefna sálrænar og félagslegar afleiðingar starfsloka fyrir starfsmanninn.

<sup>8</sup> Sjá m.a. grein 16.1. í kjarasamningi VR/SA. Áunnin réttindi. „Áunnin réttindi launþega skulu haldast við endurráðningu innan eins árs. Á sama hátt skulu áunnin réttindi taka gildi á ný eftir

Í þessu sambandi má einnig nefna stefnu stjórnvalda og aðila vinnu-  
aðarsins um fulla atvinnu, þar sem m.a. er byggt á sameiginlegri ábyrgð aðila  
á því að hér ríki efnahagslegur stöðugleiki og lítið atvinnuleysi, sem þannig  
tryggi launafólki almennt atvinnuöryggi.

### **3. Takmarkanir á uppsagnarrétti atvinnurekanda skv. ísl. lögum**

Í ljósi framanritaðs er forvitnilegt að skoða hvernig þessum málum er skipað  
í íslenskri löggjöf.

Eins og áður segir hafa atvinnurekendur á hinum almenna vinnu-  
markaði almennt sjálfðæmi um það hverja þeir ráða til starfa, þeir stjórna vinnu sinna  
starfsmanna, skipta með þeim verkum o.s.frv. Telji atvinnurekandi þörf á að  
fækka í starfslíði sínu þá gengur hann almennt óbundinn til þeirra verka.

Skipta má reglum er hafa að geyma takmarkanir á uppsagnarrétti atvinnu-  
rekanda í tvo flokka. Annars vegar er um ræða reglur þar sem kveðið er á um  
að tiltekin málsmeðferð skuli viðhöfð í aðdraganda starfsloka, sem að flestu  
leyti er mjög einföld og snýr að tilkynningu um uppsögn og uppsagnarfresti.  
Um almennar reglur er að ræða sem taka til allra launamanna en uppsagn-  
arfrestir eru þó mislangir eftir því hvaða kjarasamningur tekur til hlutaðeig-  
andi starfsmanns.<sup>9</sup>

Hins vegar er um að ræða reglur þar sem tilteknum hópum launafólks er  
veitt sérstök vernd gegn uppsögn af hálfu atvinnurekanda. Um sérgreinda hópa  
er að ræða, þ.e. trúnaðarmenn stéttarfélaga, barnshafandi konur og foreldra í  
fæðingar- og foreldraorlofi. Aðrir hópar launafólks koma einnig til skoðunar í  
þessu sambandi og verður fjallað um þá hér síðar.

Þessar reglur eiga það almennt sammerkt að byggt er á sjónarmiðum um  
vernd tiltekinna félagslegra réttinda og/eða samfélagslegrar stöðu þeirra ein-  
staklinga sem falla undir gildissviði viðkomandi reglna.

Verndarhagsmunir þessara reglna eru m.ö.o. ekki einungis efnahagsleg  
afkoma hlutaðeigandi starfsmanna heldur fyrst og fremst þau félagslegu mark-  
mið sem liggja þessum reglum almennt til grundvallar.

Takmörkun á uppsagnarrétti atvinnurekanda sem þessir hópar launafólks  
njóta góðs af, er þannig aðferð löggjafans til að vinna þessum markmiðum  
brautargengi. Þessi markmið njóta nægilega mikils fylgis í samfélaginu og

---

eins mánaðar starf ef endurráðning verður eftir meira en eitt ár en innan þriggja ára. Starfs-  
maður, sem unnið hefur 1 ár eða lengur samfellt hjá sama vinnuveitanda, skal á sama hátt njóta  
áunninna réttinda á ný eftir 3 mánaða starf, ef til endurráðningar kemur eftir meira en þriggja  
ára starfshlé en þó innan 5 ára.“

<sup>9</sup> Sjá nánar lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og  
slysaforfalla nr. 19/1979.



pólítíks stuðnings sem aftur leiðir til þess að þau verða ekki lögð á vogarskálina andspænis sjónarmiðum atvinnurekanda um óskertan uppsagnarrétt.

Hér eru talin upp helstu dæmi þar sem uppsagnarréttur atvinnurekanda sætir takmörkunum.

### **Trúnaðarmenn**

Trúnaðarmenn njóta sérstakrar verndar í starfi samkvæmt 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmenn eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannastörfum fyrir sig.

Uppsagnarvernd trúnaðarmanna er liður í því að treysta stöðu stéttarfélag, samningsumboð þeirra og framkvæmd þeirra kjarasamninga sem þau standa að, sbr. 5. gr. 1. 80/1938.<sup>10</sup>

### **Fæðingar- og foreldraorlof**

Samkvæmt 30. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, er óheimilt segja starfsmanni upp störfum vegna þess að hann hefur tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingar- eða foreldraorlofs skv. 9. eða 26. gr. eða er í fæðingar- eða foreldraorlofi nema gildar ástæður séu fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Sama gildir um uppsagnir þungaðrar konu og konu sem nýlega hefur alið barn.

Vernd laganna nær til þess tíma sem foreldrar eru í fæðingar- eða foreldraorlofi.<sup>11</sup> Sú réttarvernd sem launafólki er veitt á grundvelli þessara laga er eðlileg enda lítil ástæða til slíkrar lagasetningar ef ekki eru um leið lagðar ákveðnar hömlur á uppsagnarrétt atvinnurekanda. Atvinnurekendur verða að sönnu fyrir ákveðnu efnahagslegu tjóni vegna fjarvista starfsmanna af þessum sökum. Það sjónarmið hefur hins vegar samkvæmt mati löggjafans verið látið víkja fyrir þeim samfélagslegu markmiðum sem þessi löggjöf er byggð á.

### **Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla**

Samkvæmt 24. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000, er atvinnurekendum óheimilt að mismuna umsækjendum um starf

<sup>10</sup> 5. gr. 1. 80/1938. „Stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.“

<sup>11</sup> Samkvæmt 29. gr. 1. 95/2000, skal ráðningarsamband milli starfsmanns og vinnuveitanda haldast óbreytt í fæðingar- og foreldraorlofi og á starfsmaður að því loknu rétt á að hverfa aftur að starfi sínu. Sé þess ekki kostur skal hann eiga rétt á sambærilegu starfi hjá vinnuveitanda í samræmi við ráðningarsamning.

á grundvelli kynferðis. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, [uppsögn], vinnuáðstæður og vinnuskilyrði starfsmanna.

Þessari bannreglu er ætlað að treysta í sessi þá meginreglu laganna, að hvers kyns mismunun eftir kynferði, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil.

Atvinnurekanda er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum sökum þess að hann hafi krafist leiðréttingar á grundvelli þessara laga. Lögin leggja enn fremur þá skyldu á atvinnurekanda að hann skuli gæta þess að starfsmaður verði ekki beittur óréttlæti í starfi, svo sem með tilliti til starfsöryggis, starfskjara eða mats á árangri, á grundvelli þess að hafa kært kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

### **Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna**

Samkvæmt lögum um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar nr. 27/2000, er óheimilt að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber. Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmanns gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmönnum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar. Ekki hefur reynt á ákvæði þessara laga fyrir dómstólum hér á landi svo vitað sé til.<sup>12</sup>

### **Aðilaskipti að fyrirtækjum**

Í lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum nr. 72/2002, er kveðið á um, að framseljanda eða framsalshafa sé óheimilt að segja starfsmanni upp störfum vegna aðilaskipta að fyrirtæki eða hluta þess bæði fyrir og eftir aðilaskiptin nema efnahagslegar, tæknilegar eða skipulagslegar ástæður séu fyrir hendi sem hafa í för með sér breytingar á starfsmannahaldi fyrirtækis.

Þessum lögum er ætlað að standa vörð um atvinnuöryggi starfsmanna þegar fyrirtæki eða hluti þeirra er framseldur öðrum rekstraraðilum. Lögin byggja á ákveðinni atvinnupólítískri sýn á hugtakið fyrirtæki. Er þar vikið frá hefðbundnum viðhorfum eignarréttarins um rétt aðila eignarréttinda til að ráðstafa þeim réttindum í heild eða hluta til án annarra takmarkana en þeirra sem leiða má af eignarréttindum annarra.

---

<sup>12</sup> Lög þessi munu vera byggð á samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunar nr. 156 frá 1981, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Workers with Family Responsibilities. Meðal ríkja sem fullgilt hafa þessa samþykkt eru Noregur, Svíþjóð, Finnland, Litháen, Holland, Frakkland, Spánn, Portúgal og Grikkland.

### **Hópuppsagnir atvinnurekanda**

Í lögum um hópuppsagnir nr. 63/2000, er kveðið á um skyldu atvinnurekanda sem áformar hópuppsagnir að tilkynna þær trúnaðarmönnum starfsmanna með góðum fyrirvara og hafa við þá samráð sem m.a. hafi að markmiði að koma í veg fyrir uppsagnir starfsmanna.

Í þessum lögum er mælt fyrir um skyldu atvinnurekanda til að viðhafa tiltekna málsmeðferð hafi hann uppi áform um að segja upp hópi starfsmanna. Uppsagnarréttur atvinnurekanda gagnvart einstökum starfsmönnum sætir hins vegar ekki takmörkunum á grundvelli þessara laga.

### **Frjáls för launafólks**

Samkvæmt 7. gr. laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 47/1993, er óheimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars EES-ríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör, [uppsögn úr starfi] og, komi til atvinnumissis, endurskipun eða endurráðningu.

Öll ákvæði í kjarasamningum eða ráðningarsamningum sem varða aðgang að atvinnu og öll önnur starfsskilyrði eða uppsagnarákvæði eru ógild og að engu hafandi að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um eða heimila mismunun launþega sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja.

Þetta ákvæði verndar einungis EES-ríkisborgara sem koma hingað til starfa frá öðrum EES-löndum. Íslenskir ríkisborgarar njóta ekki verndar samkvæmt þessu ákvæði hér á landi, t.a.m. gagnvart innlendum eða erlendum fyrirtækjum sem hér eru með atvinnurekstur.

### **Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis**

Þessi samningur skuldbindur fyrst og fremst íslenska ríkið. Hann hefur hins vegar ekki verið lögfestur hér á landi.

Í 5. gr. segir að aðildarríki skuldbindi sig til að banna og afnema kynþáttamisrétti í öllum myndum og að ábyrgjast öllum rétt til jafnræðis fyrir lögnum, án nokkurs greinarmunar vegna kynþáttar, litarháttar, þjóðernis- eða þjóðlegs uppruna, sérstaklega varðandi eftirtalin réttindi:

„(i) Rétt til vinnu, til frjáls vals á atvinnu, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða, til verndar gegn atvinnuleysi, til jafna launa fyrir jafna vinnu og til sanngjarnra og hagstæðra launa.“

Í þessu ákvæði er ekki minnst berum orðum á að einstaklingar sem falla undir gildissvið samningsins skuli af þeim sökum njóta verndar gegn uppsögn ráðningarsamnings af hálfu atvinnurekanda. Það atriði þarf þó nánari skoðunar við. Aðferðafræðin við innleiðingu þessa samnings, sem birtist m.a. í orðalagi

og framsetningu á texta laganna er reyndar með þeim hætti að óvíst er um gildi laganna gagnvart aðilum á hinum almenna vinnumarkaði.<sup>13</sup>

### **Stjórnarskráin**

Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er svohljóðandi ákvæði:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

Í þessu ákvæði felst staðfesting á því að mannréttindi skulu teljast hluti af stjórnskipan ríkisins. Þessi yfirlýsing stjórnarskrárinnar bindur fyrst og fremst hinn almenna löggjafa en fulltrúum framkvæmdarvaldsins og dómurum ber að sjálfssögðu einnig að hafa þessi mannréttindi að leiðarljósi við framkvæmd sinna skyldustarfa.

Það er hins vegar óljóst hvaða lagalega gildi þessi yfirlýsing hefur gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum á hinum almenna vinnumarkaði. Það er þó ekki útilokað að dómstólar geti haft þetta ákvæði stjórnarskrárinnar að leiðarljósi við túlkun laga og úrlausn ágreiningsmála milli tveggja einkaaðila. Meðan ekki nýtur við löggjafar þar sem þessi grundvallarmannréttindi hafa verið nánar útfærð og skýrð þá eru hins vegar líkur fyrir því að dómstólar muni ekki ganga mjög langt í því efni.

Áhersla ákvæðisins, sbr. 2. mgr. 65., gr., á mikilvægi þess að konur og karla njóti jafns réttar skýrist væntanlega af sérstökum aðgerðum stjórnvalda á því sviði, einkum í formi sérstakra laga um það efni, rekstri opinberrar eftirlitsstofnunar o.s.frv. Gefur það ákveðna vísbendingu um að 1. mgr. 65. gr. muni ekki öðlast raunveruleg áhrif í samskiptum aðila á almennum markaði, þ.m.t. vinnumarkaði, fyrr en þau ákvæði hafi verið tekin upp í almenn lög.

## **4. Rök með og á móti takmörkun á uppsagnarrétti atvinnurekanda**

### **4.1. Rök gegn takmörkunum**

Málsvarar þess sjónarmiðs að engar takmarkanir skuli vera á uppsagnarrétti atvinnurekanda nefna einkum þrjú atriði máli sínu til stuðnings. Frelsi atvinnurekanda á þessu sviði hvetji starfsfólk til dáða, slíkt fyrirkomulag svari kröfum atvinnurekanda um sveigjanleika og sé sömuleiðis ódýrt í framkvæmd.<sup>14</sup>

---

<sup>13</sup> Þessi samningur tekur m.a. mið af samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunar, ILO-111 frá 1958, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfa.

<sup>14</sup> Sjá m.a. R.Epstein. „In defence of the contract at will“ (1984) 51. University of Chicago LR 947.

Uppsagnarréttur atvinnurekanda hvetur til betri frammistöðu starfsmanna en ella. Þessi rök ganga út á að reglur er takmarki uppsagnarrétt atvinnurekanda séu til þess fallnar að draga úr áhuga starfsmanna að standa sig vel í starfi. Slíkt leiði til minni og/eða lélegra afkasta starfsmanna sem fyrirtæki og starfsmenn beri síðan skaða af. Uppsagnarréttur atvinnurekanda er þannig hluti af agavaldi atvinnurekanda sem hann beiti til að halda starfsliði sínu við efnið.

Reglur er takmarka uppsagnarrétt atvinnurekanda vinna gegn kröfum um sveigjanleika á vinnumarkaði. Atvinnurekendur þurfi að geta brugðist hratt við breytingum í eftirspurn á markaði með vörur og þjónustu. Atvinnurekendur verði að geta brugðist við slíkum breytingum með því að lækka kostnað á móti. Það geri þeir einkum með því að breyta ráðningarsamningum starfsmanna, með því að segja upp starfsfólki og/eða sölu eigna. Lögbundnar takmarkanir á uppsagnarrétti skerði möguleika atvinnulífsins til að bregðast tímanlega við slíkum breytingum og dragi úr samkeppnishæfni fyrirtækja.

Slíkum reglum fylgir kostnaður. Engar takmarkanir á uppsagnarrétti atvinnurekanda leiða til þess að atvinnurekandi þarf ekki að verja ákvarðanir sínar um uppsagnir starfsmanna fyrir dómstólum. Ef hann hins vegar þarf að mæta fyrrverandi starfsmönnum sínum í dómsal þá sé ljóst að þeim málskostnaði sem því kann að fylgja og kostnaði vegna bótagreiðslna, eftir atvikum, yrði varpað yfir á aðra, þ.e. viðskiptavini og/eða starfsmenn atvinnurekandans.

#### **4.2 Rök með reglum er takmarka uppsagnarrétt atvinnurekanda**

Gagnrýni á óheftan uppsagnarrétt atvinnurekanda byggir m.a. á því að sá réttur henti atvinnurekendum fyrst og fremst. Hagur starfsmanna af slíkum reglum á vinnumarkaði sé í raun enginn, enda standi þeir ávallt frammi fyrir þeim möguleika að þeim verði sagt upp, hvort sem góðar ástæður kunni að búa þar að baki eða eftir atvikum hrein geðþóttaákvörðun atvinnurekandans.

Þessu sjónarmiði hefur reyndar verið svarað með þeim rökum að starfsmenn búi í raun við atvinnuöryggi þar sem markaðurinn verji þá gegn uppsögn án gildra ástæðna. Ákvörðun atvinnurekanda um uppsögn starfsmanns sem stendur sig í starfi veldur atvinnurekanda tjóni. Tjón atvinnurekanda felst fyrst og fremst í því að hann verður að leita að nýjum starfsmanni, velja úr hópi umsækjenda, leiða hann inn í starfið o.s.frv. Slíkt kostar fjármuni og ætti því eitt og sér að verja starfsmenn sem standa sig vel í starfi gegn ómálefnalegum uppsögnum. Markaðurinn passi þannig upp á þá starfsmenn sem standa sig vel.

Andspænis þessum rökum hafa menn einfaldlega sagt að tryggja verði launafólki ákveðna lágmarksvernd gegn misnotkun atvinnurekanda á þessum uppsagnarrétti. Það verði m.ö.o. að tryggja og er þar þá fyrst og fremst horft

til ríkisvaldsins, að settar séu reglur um að uppsögn ráðningarsamnings verði að styðjast við gildar ástæður eða málefnaleg sjónarmið.

Það sé síðan hlutverk dómstóla að skilgreina hvað felist nánar tiltekið í þessum viðmiðunum „gildar ástæður“, eða „málefnaleg sjónarmið“. Við mat á lögmæti uppsagna verði dómstólar að taka tillit til hagsmuna atvinnurekanda af því að geta rekið sitt fyrirtæki með árangursríkum hætti og hann eigi í því skyni að hafa svigrúm til að beita uppsögnum sem lið í því að halda uppi ákveðnu agavaldi gagnvart starfsmönnum. Hins vegar verði dómstólar að taka tillit til sjónarmiða um efnahagslegt öryggi starfsmanna og að starfsmönnum sé sýnd sú virðing að uppsögn ráðningarsamnings verði ávalt að vera byggð á málefnalegum sjónarmiðum.

Þá verði í öllum tilvikum að tryggja að launafólki sé ekki mismunað á vinnumarkaði og því ekki sagt upp störfum vegna kynþáttar þess, trúarskoðana eða annarra sambærilegra þátta sem njóta verndar mannréttindaákvæða.

## **5. Samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunar ILO-158 um uppsögn starfs hálfu atvinnurekanda**

Samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunar ILO-158 frá 1982, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda hefur ekki verið fullgild af Íslands hálfu.<sup>15</sup> Reglur um þetta voru upphaflega samþykktar á vettvangi Alþjóðavinnuálastofnunar í formi tilmæla árið 1963.<sup>16</sup>

Samþykkt ILO-158 hefur að geyma þá meginreglu að gildar ástæður skuli liggja til grundvallar uppsögn atvinnurekanda á ráðningarsamningi starfsmanns.

Það fyrirkomulag gildir varðandi innleiðingu á samþykktum Alþjóðavinnuálastofnunar, að gert er ráð fyrir því að aðildarríki stofnunarinnar fullgildi samþykktir hennar í heild sinni. Það er m.ö.o. ekki hægt að fullgilda samþykktir ILO með fyrirvara um einstök ákvæði.<sup>17</sup>

Eins og nefnt hefur verið hér að framan, þá hafa mörg Evrópuríki tekið upp reglur sem svara að hluta eða í heild til þeirra meginreglna sem ILO-158 hefur að geyma. Það eru hins vegar afar fá ríki í Evrópu sem hafa fullgilt þessa samþykkt eða einungis 5 ríki, þ.m.t. Finnland og Svíþjóð. Skýringu á þessu „ósamræmi“ kann að mega rekja til þess að, þó að ríki vilji að slíkar reglur gildi í

<sup>15</sup> C158 Termination of Employment Convention, 1982. Samþykkt á vettvangi ILO, 22. júní 1982. Tók gildi, 23. nóvember 1985.

<sup>16</sup> Termination of Employment Recommendation, 1963. Í formála samþykktar ILO-158 segir að veruleg þróun hafa átt sér stað í rétti og lagaframkvæmd margra aðildarríkja á þeim sviðum sem fjallað eru um í þessum tilmælum. Samþykkt ILO-158 fylgir ný tillaga nr. 166 sem leysir af hólmi tillöguna frá 1963.

<sup>17</sup> Sjá nánar 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunar.

samskiptum launafólks og atvinnurekanda þá vilji þau engu að síður hafa sjálf-dæmi um nánari inntak þeirra, gildissvið, túlkun, málsmeðferð o.s.frv.

## 5.1 Athugasemdir við einstakar greinar

### Article 1

The provisions of this Convention shall, in so far as they are not otherwise made effective by means of collective agreements, arbitration awards or court decisions or in such other manner as may be consistent with national practice, be given effect by laws or regulations.

Aðildarríki geta við fullgildingu þessarar samþykktar valið á milli ólíkra leiða. Kjarasamningar eru þar nefndir sem fyrsti valkostur, síðan dómafor-dæmi og gerðardómar. Að öðru kosti skuli fullgilding þessarar samþykktar eiga sér stað með lögum eða reglugerðum.

Þessi aðferð endurspeglar fyrst og fremst ólíkar hefðir aðildarríkja að því er varðar reglusetningu á vinnumarkaði og ólík lagakerfi aðildarríkja.

### Article 2

1. This Convention applies to all branches of economic activity and to all employed persons.

Engar athugasemdir, að svo stöddu. Bent er á hugtakið „economic activity“ hefur mjög víðtæka skírskotun samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins á sviði vinnuréttar. Eignarhald fyrirtækis, hvort sem það er í höndum hins opinbera eða einkaaðila, skiptir ekki máli í þessu sambandi svo framarlega sem þar fer fram efnahagsleg starfsemi.

2. A Member may exclude the following categories of employed persons from all or some of the provisions of this Convention:

- (a) workers engaged under a contract of employment for a specified period of time or a specified task;
- (b) workers serving a period of probation or a qualifying period of employment, determined in advance and of reasonable duration;
- (c) workers engaged on a casual basis for a short period.

a-liður. Tíma- eða verkefnabundnar ráðningar. Almennt eru engar hömlur lagðar við gerð slíkra samninga, sbr. þó lög um tímabundna ráðningu starfs-manna nr. 139/2003, að því er varðar endurnýjun slíkra samninga.<sup>18</sup>

<sup>18</sup> Lög þessi eru byggð á tilskipun ráðsins nr. 1999/70/EB frá 28. júní 1999 um tímabundna ráðn-ingarsamninga sem er staðfesting Evrópusambandsins á rammamningi milli Samtaka evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE), Evrópusamtaka fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) og Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC).

b-liður. Reynsluráðning. Það er ekkert sérstakt sem mælir gegn þessari undanþáguheimild. Það þyrfti hins vegar að skoða nánar ákvæði kjarasamninga þar sem mælt er fyrir um reynsluráðningar, tímallengd þeirra o.s.frv.

c-liður. Tilfallandi vinna í stuttan tíma. Það er ekkert sérstakt sem mælir gegn þessari undanþáguheimild, með fyrirvara þó um nánari skilgreiningu á inntaki þessara orða.

3. Adequate safeguards shall be provided against recourse to contracts of employment for a specified period of time the aim of which is to avoid the protection resulting from this Convention.

Sjá lög um tímabundna ráðningu starfsmanna nr. 139/2003, en þeim lögum er m.a. ætlað að koma í veg fyrir misnotkun er byggist á því að hver tímabundinn ráðningarsamningur taki við af öðrum án hlutlægra ástæðna.

4. In so far as necessary, measures may be taken by the competent authority or through the appropriate machinery in a country, after consultation with the organisations of employers and workers concerned, where such exist, to exclude from the application of this Convention or certain provisions thereof categories of employed persons whose terms and conditions of employment are governed by special arrangements which as a whole provide protection that is at least equivalent to the protection afforded under the Convention.

Engar athugasemdir, að svo stöddu.

5. In so far as necessary, measures may be taken by the competent authority or through the appropriate machinery in a country, after consultation with the organisations of employers and workers concerned, where such exist, to exclude from the application of this Convention or certain provisions thereof other limited categories of employed persons in respect of which special problems of a substantial nature arise in the light of the particular conditions of employment of the workers concerned or the size or nature of the undertaking that employs them.

Engar athugasemdir, að svo stöddu.

6. Each Member which ratifies this Convention shall list in the first report on the application of the Convention submitted under Article 22 of the Constitution of the International Labour Organisation any categories which may have been excluded in pursuance of paragraphs 4 and 5 of this Article, giving the reasons for such exclusion, and shall state in subsequent reports the position of its law and practice regarding the categories excluded, and the extent



to which effect has been given or is proposed to be given to the Convention in respect of such categories.

Engar athugasemdir, að svo stöddu.

### **Article 3**

For the purpose of this Convention the terms termination and termination of employment mean termination of employment at the initiative of the employer.

Engar athugasemdir, að svo stöddu. Hér þarf m.a. að skoða nánar inntak orðanna „að frumkvæði atvinnurekanda.“

### **Article 4**

The employment of a worker shall not be terminated unless there is a valid reason for such termination connected with the capacity or conduct of the worker or based on the operational requirements of the undertaking, establishment or service.

Í þessari grein er að finna meginreglu ILO-158, um að ráðningarsamningi starfsmanns megi ekki segja upp, nema til grundvallar ákvörðun atvinnurekandans liggja rök er varða hæfni eða framgöngu starfsmannsins eða uppsögn megi rekja til rekstrarlegra ástæðna.

Þessi meginregla hefur ekki verið tekin upp á almennum vinnumarkarkaði hér á landi.<sup>19</sup>

### **Article 5**

The following, inter alia, shall not constitute valid reasons for termination:

---

<sup>19</sup> Sjá hins vegar 44. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í þeirri grein er mælt fyrir um skyldu forstöðumanns stofnunar að veita starfsmanni áminningu skv. 21. gr. og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna sem þar eru greindar. Annars er ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi, þar á meðal ef uppsögn stafar af öðrum ástæðum, svo sem þeirri að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar. Ef starfsmaður óskar skal rökstyðja uppsögn skriflega. Ef hún á rætur að rekja til ástæðna sem greindar eru í 21. gr. má bera hana undir hlutaðeigandi ráðherra. Sjá einnig 21. gr. s.l. Þar segir að ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósamilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu skuli forstöðumaður stofnunar veita honum skriflega áminningu. Áður skuli þó gefa starfsmanni kost á að tala máli sínu ef það er unnt.

- (a) union membership or participation in union activities outside working hours or, with the consent of the employer, within working hours;
- (b) seeking office as, or acting or having acted in the capacity of, a workers' representative;
- (c) the filing of a complaint or the participation in proceedings against an employer involving alleged violation of laws or regulations or recourse to competent administrative authorities;
- (d) race, colour, sex, marital status, family responsibilities, pregnancy, religion, political opinion, national extraction or social origin;
- (e) absence from work during maternity leave.

Í þessari grein eru talin upp í fimm stafliðum atriði/atvik sem atvinnurekandi getur ekki byggt á sem gilda ástæðu fyrir uppsögn. Upptalningin er ekki tæmandi, sbr. orðin *inter alia* í upphafi greinarinnar.<sup>20</sup>

a-liður. Stéttarfélagsaðild eða þátttaka í starfsemi stéttarfélaga utan vinnutíma, eða með samþykki atvinnurekanda, í vinnutíma.

Með þessari grein er starfsmönnum atvinnurekanda veitt sambærileg vernd og trúnaðarmenn stéttarfélaga njóta í dag á grundvelli laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.<sup>21</sup>

Þessi grein veitir starfsmönnum vernd gegn uppsögn ef ákvörðun atvinnurekandans er einungis byggð á aðild þeirra að stéttarfélagi eða eftir atvikum þátttöku þeirra í málefnum stéttarfélags. Færa má rök fyrir því að uppsögn atvinnurekanda af slíkum ástæðum færi í bága við 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi<sup>22</sup> annars vegar og 73. gr. um skoðana- og tjáningarfrelsi hins

<sup>20</sup> Í tillögu 166 sem fylgir samþykktinni er lagt til í 5. gr., að aldur starfsmanna, með fyrirvara um starfslok vegna aldurs samkvæmt landslögum eða venju, skuli einnig vera meðal þeirra ástæðna sem ekki skuli flokkaðar sem gildar ástæður fyrir uppsögn.

<sup>21</sup> 11. gr. l. 80/1938. „Atvinnurekendur og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Nú þarf atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, og skal þá trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.“

<sup>22</sup> 74. gr. „Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórn-málafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulasarar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi. Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar

vegar.<sup>23</sup> Með upptöku slíkra reglna með kjarasamningi, eða eftir atvikum lögum, gæfist hins vegar tækifæri að skýra nánar gildissvið þessarar réttarverndar og þannig skapa ákveðið öryggi við túlkun og framkvæmd.

Um túlkun Félagsdóms á 11. gr. l. 80/1938 vísast m.a. til úrskurða hans í málum Fd. X:65, Fd. X:74, Fd. V:193 og Fd. VI:18.

Hér má einnig vísa til 4. gr. laga nr. 80/1938, en samkvæmt þessari grein er atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum eða vinnudeilum með:

a. uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn,

b. fjárgreiðslum, lofordum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.

b- liður. Ósk starfsmanns um verða skipaður fulltrúi starfsmanna, eða sú staðreynd að hann er eða hefur komið fram sem fulltrúi starfsmanna gagnvart atvinnurekanda.

Sams konar athugasemdir og vegna a-liðar að því er varðar samanburð við lög nr. 80/1938. Með þessari grein er uppsagnarréttur atvinnurekanda takmarkaður gagnvart þeim hópi launafólks sem býður sig fram til starfa sem trúnaðarmenn á vinnustöðum. Sjónum er ekki aðeins beint að núverandi vinnustað starfsmanna heldur er einnig horft til þess þegar starfsmenn hafa áður sinnt eða boðið sig fram til slíkra starfa.

c-liður. Kæra gegn atvinnurekanda eða þátttaka í málaferlum gegn honum vegna meintra brota á lögum eða reglum.

Samkvæmt þessari grein er atvinnurekanda óheimilt að segja upp starfsmanni af þeirri ástæðu að hann hafi borið mál varðandi meint brot atvinnurekanda á lögum eða reglum, undir dóm.

Upptaka á slíkri reglu væri nýmæli í íslensku vinnurétti, sbr. þó 25. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Þar segir, að atvinnurekanda sé óheimilt að segja starfsmanni upp störfum sökum þess að hann hafi krafist leiðréttingar á grundvelli laga þessara.<sup>24</sup>

---

samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.“

<sup>23</sup> 73. gr. „Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Rit-skoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“

<sup>24</sup> 3. mgr. 25. gr. l. 96/2000. Ef leiddar eru líkur að því að gengið hafi verið gegn ákvæði þessu skal atvinnurekandi sýna fram á að uppsögn eða meint óréttlæti grundvallist ekki á leiðréttingarkröfu starfsmanns eða kæru um kynferðislega áreitni eða aðra kynjamismunun. Þetta gildir

d. liður. Kynþáttur, litarháttur, kynferði, hjúskaparstaða, fjölskylduábyrgð, þungun o.fl.

Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Ákvæði þessu er fyrst og fremst ætlað að binda hendur löggjafans og framkvæmdavaldsins. Það er hins vegar óvíst hvaða þýðingu þetta ákvæði hefur við túlkun og framkvæmd samninga milli tveggja aðila á almennum vinnumarkaði. Það er þó hugsanlegt að dómarar geti tekið það upp hjá sér að leiða af þessu ákvæði stjórnarskrárinnar ákveðna meginreglu sem skuli beita við túlkun einkaréttarlegra samninga.

Að öðru leyti vísast til umfjöllunar í 3. kafla þessarar greinargerðar.

e-liður. Fjarvera frá vinnu vegna fæðingarorlofs.

Samkvæmt 30. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum vegna þess að hann hefur tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingar- eða foreldraorlofs skv. 9. eða 26. gr. eða er í fæðingar- eða foreldraorlofi nema gildar ástæður séu fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Sama gildir um uppsagnir þungu- aðrar konu og konu sem nýlega hefur alið barn.

Fjallað er um túlkun 30. gr. í Hrd. 61/2004. Gunnar Brynjólfsson gegn Jannicke Elvu Juvik.<sup>25</sup>

## Article 6

1. Temporary absence from work because of illness or injury shall not constitute a valid reason for termination.

2. The definition of what constitutes temporary absence from work, the extent to which medical certification shall be required and possible limitations to the application of paragraph 1 of this Article shall be determined in accordance with the methods of implementation referred to in Article 1 of this Convention.

Veikindi eða vinnuslys starfsmanns skerða ekki uppsagnarrétt atvinnurekanda samkvæmt gildandi reglum á almennum vinnumarkaði. Uppsögn ráðningarsamnings fellir hins vegar ekki brott áunnin réttindi starfsmanns til samningsbundinna veikinda- og/eða slysalauna og annarra bóta eftir atvikum, meðan veikinda- eða slysaforföll standa yfir.

---

ekki ef uppsögnin á sér stað meira en einu ári eftir að starfsmaðurinn setti fram leiðréttingarkröfu á grundvelli laga þessara.

<sup>25</sup> Dómur uppkveðinn 18. júní 2004.

Í þessari grein er byggt á því, að líta verði svo að fjarvera starfsmanns af þessum sökum skuli teljast lögmæt og geti því ekki verið grundvöllur að uppsögn ráðningarsamnings. Að teknu tilliti til hagsmuna atvinnurekanda er þó gert ráð fyrir því að skilgreina megi nánar hve lengi starfsmaður skuli njóta slíkrar verndar.

Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga á almennum vinnumarkaði geta atvinnurekendur gert það að skilyrði fyrir greiðslu veikindalauna að starfsmaður leggi fram læknisvottorð til staðfestingar veikindum.<sup>26</sup>

## Article 7

The employment of a worker shall not be terminated for reasons related to the worker's conduct or performance before he is provided an opportunity to defend himself against the allegations made, unless the employer cannot reasonably be expected to provide this opportunity.

Hér er fjallað um rétt starfsmanns til að eiga þess kost að verja sig gegn áformum atvinnurekanda um að segja honum upp störfum vegna ástæðna er varða hæfni eða framgöngu hans í starfi. Er í þessari grein lögð sú skylda á atvinnurekanda að gefa starfsmanni kost á að skýra mál sitt og/eða veita atvinnurekanda upplýsingar þannig að tryggt sé að ákvörðun hans sé byggð á sönnum og réttum upplýsingum.

Gildissvið meginreglu samþykktarinnar um málefnalegar ástæður, sbr. 4. gr., er hér víkkað út þannig að hún tekur ekki aðeins til sjálfrar ákvörðunar atvinnurekandans heldur skal hún einnig ná til undirbúnings og grundvallar þeirrar ákvörðunar.

Vanræksla atvinnurekanda hvað þennan þátt varðar gæti leitt til bótaskyldu, enda þótt hann hefði eftir atvikum góðar og gildar ástæður til að segja upp hlutaðeigandi starfsmanni.

Ekki er gert ráð fyrir þessum rétti starfsmanns þegar uppsögn er einungis byggð á rekstrarlegum ástæðum.

Fjallað er nánar um málsmeðferð atvinnurekanda í 7. til 13. grein tillögu 166 sem fylgir samþykkt ILO-158. Þar er m.a. lagt til, sbr. 7. gr., að ekki ætti að segja manni upp starfi vegna yfirsjóonar, sem samkvæmt landslögum eða venju myndi aðeins réttlæta uppsögn að hún hefði endurtekið sig einu sinni eða oftár, nema atvinnurekandinn hafi gefið starfsmanninum viðeigandi skriflega aðvörun.

Í 8. gr. er fjallað um aðvaranir atvinnurekanda vegna ófullnægjandi afkasta starfsmanns, 9. gr. um rétt starfsmanns til að hafa mann sér til aðstoðar til að verja sig., 10. gr. um áhrif þess ef of langur tími líður frá því að starfsmaður

<sup>26</sup> Sjá m.a. kafla 8.4. í kjarasamningi SGS/SA, kafla 8.3. í kjarasamningi VR/SA og kafla 8.4 í kjarasamningi Samiðnar.

vanrækir starf sitt þar til atvinnurekandi segir honum upp af þeirri ástæðu, 11. gr. um samráð við trúnaðarmann áður en endanleg ákvörðun er tekin, 12. gr. skriflega tilkynningu uppsagnar og 13. gr. um rétt starfsmanns til að fá eftir sinni ósk skriflega yfirlýsingu frá atvinnurekanda sínum um ástæðu eða ástæður fyrir uppsögninni.

### **Article 8**

1. A worker who considers that his employment has been unjustifiably terminated shall be entitled to appeal against that termination to an impartial body, such as a court, labour tribunal, arbitration committee or arbitrator.

2. Where termination has been authorised by a competent authority the application of paragraph 1 of this Article may be varied according to national law and practice.

3. A worker may be deemed to have waived his right to appeal against the termination of his employment if he has not exercised that right within a reasonable period of time after termination.

Engar athugasemdir, að svo stöddu. Hér er fjallað um rétt starfsmanns til að bera uppsögn ráðningarsamnings sem hann telur að hafi ekki verið byggð á réttmætum ástæðum undir dómstóla.

Í 3. mgr. 8. gr. er gert ráð fyrir þeim möguleika að réttur starfsmanns til að höfða mál gegn atvinnurekanda falli niður að ákveðnum tíma liðnum. Orðalag greinarinnar virðist gera ráð fyrir að beita skuli reglum um almenn tómlætisáhrif frekar en að miða skuli við tiltekna málshöfðunarfresti. Það þarfnast þó nánari skoðunar við.

### **Article 9**

1. The bodies referred to in Article 8 of this Convention shall be empowered to examine the reasons given for the termination and the other circumstances relating to the case and to render a decision on whether the termination was justified.

2. In order for the worker not to have to bear alone the burden of proving that the termination was not justified, the methods of implementation referred to in Article 1 of this Convention shall provide for one or the other or both of the following possibilities:

(a) the burden of proving the existence of a valid reason for the termination as defined in Article 4 of this Convention shall rest on the employer;

(b) the bodies referred to in Article 8 of this Convention shall be empowered to reach a conclusion on the reason for the termination having regard to

the evidence provided by the parties and according to procedures provided for by national law and practice.

3. In cases of termination stated to be for reasons based on the operational requirements of the undertaking, establishment or service, the bodies referred to in Article 8 of this Convention shall be empowered to determine whether the termination was indeed for these reasons, but the extent to which they shall also be empowered to decide whether these reasons are sufficient to justify that termination shall be determined by the methods of implementation referred to in Article 1 of this Convention.

Í 1. mgr. 9. gr. er mælt fyrir um að þeir úrskurðaraðilar sem taldir eru upp í 8. gr. samþykktarinnar, skuli hafa rétt til þess að kanna þær ástæður til uppsagnar sem fram eru bornar og önnur atriði er málið varða og að skera úr um hvort að uppsögnin hafi verið réttmæt.

Í þessu felst nánar tiltekið að úrskurðaraðilinn skal hafa rétt til að endurskoða mat atvinnurekandans á þeim ástæðum sem hann lagði til grundvallar ákvörðun sinni, sbr. 4. gr. og hvernig hann stóð að öðru leyti að þeirri ákvörðun sbr. 7. gr.

Í 2. mgr. 9. gr. er fjallað um sönnunarreglur og val aðildarríkja milli ólíkra reglna um sönnunarbyrði. Í a-lið 2. mgr. er gert ráð fyrir þeim möguleika að sönnunarbyrði um það hvort gildar og málefnalegar ástæður hafi legið til grundvallar uppsögn, sbr. 4. gr., skuli hvíla á atvinnurekanda. Í b-lið 2. mgr. er hins vegar gert ráð fyrir því að almennum réttarfarsreglum um sönnun og sönnunarbyrði skuli beitt.

Í 3. mgr. 9. gr. er gert ráð fyrir heimild aðildarríkja til að skilgreina nánar endurskoðunarrétt úrskurðaraðila, þegar uppsögn starfsmanns er byggð á rekstrarlegum ástæðum. Hér er um lykilatriði að ræða varðandi innleiðingu þessarar samþykktar og snýst nánar tiltekið um það hversu mikið svigrúm atvinnurekendum skuli veitt við mat á því hvað flokka megi sem rekstrarlegar ástæður í skilningi samþykktarinnar annars vegar og hvernig beri hins vegar að skoða vafann um það atriði þegar kemur að umfjöllun um bótakröfu starfsmanns sem telur að uppsögn hafi verið ólögumæt.

Ákvörðun aðildarríkis um þetta atriði skal tekin með þeim hætti sem um getur í 1. gr. samþykktarinnar. Þar er gert ráð fyrir fullgildingu samþykktarinnar með kjarasamningi, lögum, reglugerðum og úrskurðum dómstóla. Af orðalagi 1. gr. má ráða að fullgilding samþykktarinnar geti eftir atvikum verið byggð á fleiri en einni réttarheimild. Ef þessi samþykkt yrði fullgild hér á landi með kjarasamningi eða lögum þá yrðu sammingsaðilar, eða löggjafinn ef sú leið yrði valin, að taka með einhverju móti afstöðu til 3. mgr. 9. gr. Sú afstaða

gæti m.a. komið fram í greinargerð/skýringum með kjarasamningi eða lögum þar sem fram kæmi afstaða aðila til endurskoðunarréttar úrskurðaraðila.

Að öðru leyti, engar athugasemdir að svo stöddu.

### **Article 10**

If the bodies referred to in Article 8 of this Convention find that termination is unjustified and if they are not empowered or do not find it practicable, in accordance with national law and practice, to declare the termination invalid and/or order or propose reinstatement of the worker, they shall be empowered to order payment of adequate compensation or such other relief as may be deemed appropriate.

Í þessari grein er fjallað um það hvaða áhrif niðurstaða dómstóls/úrskurðaraðila um að uppsögn atvinnurekanda hafi verið ólöglegt skuli hafa.

Gerir landslög ekki ráð fyrir þeim möguleika að lýsa megi ákvörðun atvinnurekanda ógilda þannig að réttaráhrif hennar falli niður og/eða að skipa megi atvinnurekanda að taka aftur við starfsmanni, þá skuli mælt fyrir um greiðslu fullnægjandi skaðabóta eða annars konar bóta sem teljast viðeigandi.

Ekki er kunnugt um að dómstólar hér á landi hafi fallist á kröfu starfsmanns á almennum vinnumarkaði, sem sagt hefur verið upp með ólögsmætum hætti, um að atvinnurekandi hans verði með dómi úrskurðaður til að taka við honum aftur.<sup>27</sup>

Að öðru leyti, engar athugasemdir að svo stöddu.

### **Article 11**

A worker whose employment is to be terminated shall be entitled to a reasonable period of notice or compensation in lieu thereof, unless he is guilty of serious misconduct, that is, misconduct of such a nature that it would be unreasonable to require the employer to continue his employment during the notice period.

Í þessari grein er mælt fyrir um rétt starfsmanna til uppsagnarfrests, eða bóta í hans stað. Sá réttur geti þó fallið niður gerist starfsmaður sekur um alvarlegt brot, sem er af því tagi að ósanngjarnt sé að krefjast þess af atvinnurekanda að hann viðhaldi ráðningarsambandinu út uppsagnarfrestinn.

Sjá einnig reglur um uppsagnarfresti launafólks samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og lögum nr. 19/1979.

---

<sup>27</sup> Sjá hins vegar 2. ml. 11. gr. laga nr. 80/1938, sbr. úrskurð Félagsdóms IV:113. Forgangsréttur trúnaðarmanns við endurráðningu starfsmanna.



Að öðru leyti, engar athugasemdir að svo stöddu.

## **Article 12**

1. A worker whose employment has been terminated shall be entitled, in accordance with national law and practice, to:

(a) a severance allowance or other separation benefits, the amount of which shall be based inter alia on length of service and the level of wages, and paid directly by the employer or by a fund constituted by employers' contributions; or

(b) benefits from unemployment insurance or assistance or other forms of social security, such as old-age or invalidity benefits, under the normal conditions to which such benefits are subject; or

(c) a combination of such allowance and benefits.

Engar athugasemdir, að svo stöddu. Sjá m.a. ákvæði kjarasamninga um laun á uppsagnarfesti, lög nr. 19/1979 og lög um atvinnuleysisstryggingar nr. 12/1997.<sup>28</sup>

Að öðru leyti, engar athugasemdir að svo stöddu.

2. A worker who does not fulfil the qualifying conditions for unemployment insurance or assistance under a scheme of general scope need not be paid any allowance or benefit referred to in paragraph 1, subparagraph (a), of this Article solely because he is not receiving an unemployment benefit under paragraph 1, subparagraph (b).

3. Provision may be made by the methods of implementation referred to in Article 1 of this Convention for loss of entitlement to the allowance or benefits referred to in paragraph 1, subparagraph (a), of this Article in the event of termination for serious misconduct.

Að öðru leyti engar athugasemdir, að svo stöddu.

## **Article 13**

1. When the employer contemplates terminations for reasons of an economic, technological, structural or similar nature, the employer shall:

(a) provide the workers' representatives concerned in good time with relevant information including the reasons for the terminations contemplated, the number and categories of workers likely to be affected and the period over which the terminations are intended to be carried out;

---

<sup>28</sup> Sjá um hugtakið gild ástæða í 4. tölul. 5. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar nr. 12/1997. Þar kemur fram að launamaður sem sagt hefur starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem hann sjálfur á sök á, eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum í 40 bótadaga (þ.e. 2 mánuði).

(b) give, in accordance with national law and practice, the workers' representatives concerned, as early as possible, an opportunity for consultation on measures to be taken to avert or to minimise the terminations and measures to mitigate the adverse effects of any terminations on the workers concerned such as finding alternative employment.

2. The applicability of paragraph 1 of this Article may be limited by the methods of implementation referred to in Article 1 of this Convention to cases in which the number of workers whose termination of employment is contemplated is at least a specified number or percentage of the workforce.

3. For the purposes of this Article the term the workers' representatives concerned means the workers' representatives recognised as such by national law or practice, in conformity with the Workers' Representatives Convention, 1971.

Hér er kveðið á um sams konar reglur og fjallað er um í lögum um hópuppsagnir nr. 63/2000.<sup>29</sup>

#### **Article 14**

1. When the employer contemplates terminations for reasons of an economic, technological, structural or similar nature, he shall notify, in accordance with national law and practice, the competent authority thereof as early as possible, giving relevant information, including a written statement of the reasons for the terminations, the number and categories of workers likely to be affected and the period over which the terminations are intended to be carried out.

2. National laws or regulations may limit the applicability of paragraph 1 of this Article to cases in which the number of workers whose termination of employment is contemplated is at least a specified number or percentage of the workforce.

3. The employer shall notify the competent authority of the terminations referred to in paragraph 1 of this Article a minimum period of time before carrying out the terminations, such period to be specified by national laws or regulations.

Hópuppsagnir. Sama athugasemd og við 13. gr.

PART IV. FINAL PROVISIONS Art. 15. – 22.

Engar athugasemdir, að svo stöddu.

---

<sup>29</sup> Lögin eru byggð á tilskipun ráðsins 98/59/EB frá 20. júlí 1998, um samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir. Vakin er athygli á 23. og 24. gr. tillögu 166 sem fylgir samþykkt ILO-158 en þar er fjallað um röðun uppsagna og forgangsrétt til endurráðningar.

## 6. Félagsmálasáttmáli Evrópu

24. gr. Félagsmálasáttmála Evrópu, í endurskoðaðri útg. 1996, hljóðar svo:

„The right to protection in cases of termination of employment

With a view to ensuring the effective exercise of the right of workers to protection in cases of termination of employment, the Parties undertake to recognise:

a. the right of all workers not to have their employment terminated without valid reasons for such termination connected with their capacity or conduct or based on the operational requirements of the undertaking, establishment or service;

b. the right of workers whose employment is terminated without a valid reason to adequate compensation or other appropriate relief.

To this end the Parties undertake to ensure that a worker who considers that his employment has been terminated without a valid reason shall have the right to appeal to an impartial body.“

Í inngangi greinargerðar Evrópuráðsins [Explanatory Report] með Félagsmálasáttmálanum segir m.a., að endurskoðuð útgáfa hans taki mið af þróun á sviði vinnuréttar og félagslegra réttinda frá því árið 1961 þegar upphafleg gerð þessa sáttmála var samþykkt. Endurskoðuð útgáfa sáttmálans sé alhliða alþjóðlegur sáttmáli þar sem á einum stað sé að finna - öll þau réttindi sem upphaflegi sáttmálinn hafi að geyma ásamt þeim breytingum sem gerðar voru 1988 [1988 Additional Protocol], auk þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á þessum réttindi sem og ný réttindi sem samþykkt hafi verið af Charte-Rel nefndinni.

Í skýringum greinargerðarinnar með 24. gr., sbr. greinar 84-90, segir m.a. að hvatinn að samþykkt hennar sé ILO-158 frá 1982.

Í annarri skýringargrein með 24. gr. er kveðið á um heimild aðildarríkja til að útiloka ákveðna hópa launafólks frá gildissviði þessara reglna. Er þar nánar tiltekið um að ræða starfsmenn sem eru ráðnir:

tíma- eða verkefnabundinni ráðningu.

reynsluráðningu, að því tilskildu að um slíkt sé samið fyrirfram og slík tímabil séu hæfilega löng.

tilfallandi í skamman tíma.

Þriðja skýringargrein með 24. gr. hefur að geyma tæmandi talningu á þeim ástæðum sem ekki geta talist gildar ástæður fyrir uppsögn ráðningarsamnings af hálfu atvinnurekanda.

stéttarfélagasáild eða þátttaka í starfsemi stéttarféлага utan vinnutíma, eða með samþykki atvinnurekanda, í vinnutíma.

ósk starfsmanns um verða skipaður fulltrúi starfsmanna, eða sú staðreynd að hann er eða hefur komið fram sem fulltrúi starfsmanna gagnvart atvinnurekanda.

framlagning á kæru gegn atvinnurekanda eða þátttaka í málaferlum gegn honum vegna meintra brota á lögum eða reglum eða vísun starfsmanns á mál til þar til bærra stjórnvalda.

kynþáttur, litarháttur, hjúskaparstaða, fjölskylduábyrgð, þungun, trúarbrögð, stjórnmalaskoðanir, þjóðernisuppruni eða félagslegur uppruni.

skoðanir.<sup>30</sup>

fæðingar- eða foreldraorlof.

tímabundið hlé frá vinnu vegna veikinda eða slyss.

Að öðru leyti vísast til 24. gr. og nánari skýringa sem koma fram í framangreindri greinargerð.

## 7. Niðurlag

Alþýðusamband Íslands hefur um langt árabíl krafist þess að samþykkt ILO-158 verði fullgild hér á landi.<sup>31</sup>

Könnun á þeim reglum sem gilda á þessu sviði í nágrannalöndum okkar leiðir í ljós að ekki er verið með slíkum reglum að takmarka með sérstökum eða verulegum hætti uppsagnarrétt atvinnurekanda. Takmörkun þessa réttar er ekki markmið í sjálfu sér heldur fyrst og fremst að uppsögn atvinnurekanda skuli byggð á málefnalegum rökum.

Slík reglusetning felur í sér viðurkenningu á þeim aðstöðumun, efnahagslegum og félagslegum, sem er á atvinnurekendum annars vegar og launafólki hins vegar.

Í miklum meirihluta tilvika hafa ríkin í Evrópu komist að þeirri niðurstöðu að það beri að tryggja launafólki vernd gegn ómálefnalegum uppsögnum af hálfu atvinnurekanda. Þess skuli hins vegar gætt, að um leið og þessi réttindi launafólks séu tryggð þá sé ekki gengið of nærri svigrúmi þeirra til að haga starfsmannamálum sínum eftir aðstæðum á markaði hverju sinni.

Miklar breytingar hafa orðið á almennum vinnumarkaði hér á landi hvað varðar heimildir atvinnurekanda til að binda endi á ráðningarsamband sitt og starfsmanna, sbr. umfjöllun um það efni í 3. kafla þessarar greinargerðar. Það er því vandséð að fullgilding þessarar samþykktar nú myndi leiða til verulegrar röskunar á starfsskilyrðum fyrirtækja hér á landi, samanborið við stöðu þessara mála árið 1984.<sup>32</sup>

<sup>30</sup> Skoðanir eru ekki meðal þeirra atvika sem talin er upp í 5. gr. ILO-158.

<sup>31</sup> Sjá nú síðast, ályktun ársfundur Alþýðusambands Íslands, haldinn dagana 28. og 29. október 2004, um fullgildingu ILO samþykktar nr. 158. Þar er skorað á forustu Alþýðusambandsins og verkalýðsfélög vítt og breitt um landið að hefja nú þegar baráttu fyrir því að íslensk stjórnvöld fullgildi samþykkt nr.158 frá Alþjóðavinnuumálastofnuninni (ILO).

<sup>32</sup> Sjá hér bréf Gests Jónssonar hrl. til félagsmálaráðherra, dags. 29. október 1984.

**Þingsályktunartillaga um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu, 220. mál.**

*18. apríl 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu, 220. mál.

Tillagan felur í sér að skipuð verði nefnd til að undirbúa að hreyfing geti orðið valkostur í heilbrigðisþjónustu, sem lækning og í fyrirbyggjandi tilgangi, þannig að læknar geti vísað á hreyfingu sem meðferð við sjúkdómum á sama hátt og vísað er á lyf eða lækniáðgerðir.

ASÍ telur að hér sé um áhugaverða tillögu að ræða og mælir með því að hún verði samþykkt.

**Þingsályktunartillaga um opinbera nefnd sem vinnur gegn kynbundnum launamun. 224. mál**

*19. apríl 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar þar sem Alþingi ályktar að beina til ríkisstjórnarinnar að komið verði á fót þverpólítískri nefnd, skipuð fulltrúum stjórnmalaflokkanna ásamt fulltrúa Jafnréttisstofu, sem hafi það verkefni að vinna gegn kynbundnum launamun.

Kannanir á launamun kynjanna hafa verið gerðar á Íslandi allt frá árinu 1953, síðan þá hafa bæði stéttarfélag og opinberir aðilar gert kannanir og safnað upplýsingum um laun kvenna og karla. Frá upphafi hafa staðreyndir og tölulegar upplýsingar sýnt fram á kynbundinn launamun, konum í óhag.

Efnahagslegt sjálfstæði er mikilvægt öllum, það að hafa aðgang að eigin fjármunum skiptir ekki bara máli efnahagslega séð. Það hefur áhrif á möguleika okkar til þátttöku, áhrifa og valda, bæði heima og heiman.

Mikilvægt er að komið verði á nefnd sem hefur það verkefni að vinna gegn kynbundnum launamun en um leið telur Alþýðusamband Íslands nauðsynlegt að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins eigi sæti í nefndinni ásamt fulltrúum stjórnmalaflokkanna og fulltrúa Jafnréttisstofu.

## **Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 731. mál**

24. apríl 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 731. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að þrjár stofnanir – Iðntæknistofnun, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og sá hluti Byggðastofnunar sem ekki fæst við fjármögnunarstarfsemi – verði sameinaðar í eina, Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Stofnunin heyri undir iðnaðarráðherra sem skipi henni forstjóra til fimm ára í senn. Forstjórinn fari aftur með stjórn stofnunarinnar og daglegan rekstur. Innan Nýsköpunarmiðstöðvar verði stundaðar tæknirannsóknir svo og rannsóknir á atvinnu- og byggðaðróun. Þá verði innan hennar byggð upp þjónustumiðstöð. Nýsköpunarmiðstöðin hýsi jafnframt Byggðasjóð, Tryggingasjóð útflutnings og Tækniþróunarsjóð.

### **Athugasemdir ASÍ Sameining stofnana**

ASÍ styður sameiningu Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins.

ASÍ leggst hins vegar eindregið gegn sameiningu ofanefndra rannsóknarstofnana við óskylda starfsemi eins og þá fjármálafyrirgreiðslu sem fram fór hjá Byggðastofnun. Hætt er við að hagsmunaaðrekstrar komi upp þegar innan sömu stofnunar er að finna tæknirannsóknir, samkeppnisjóð og sjóð sem á að sinna hagsmunum landsbyggðarinnar (Byggðasjóð).

### **Stjórnskipulag**

ASÍ er andsnúið þeirri miðstýringu á stjórnskipulagi Nýsköpunarmiðstöðvar sem felst í frumvarpinu (1.-3. gr.). Hingað til hefur atvinnulífið átt beina aðild að stjórn þeirra stofnana iðnaðarins sem fyrirhugað er að sameina. Nú færast vald yfir þeim í hendur iðnaðarráðherra /forstjóra. Óljóst er hvernig atvinnulífið getur haft áhrif á verkefnavalið í framtíðinni.

### **Þjónustumiðstöð**

ASÍ styður þær megináherslur sem koma fram í frumvarpinu er lúta að rekstri þjónustumiðstöðvar (4. gr.).

ASÍ vill þó vekja athygli á að í frumvarpinu er í raun fátt nýtt að finna um rekstur slíkrar miðstöðvar. Frumvarpið gerir reyndar ráð fyrir því að Impra-nýsköpunarmiðstöð (núverandi þjónustumiðstöð) heyri undir Nýsköp-

unarmiðstöð. Í þessu sambandi áréttar ASÍ gagnrýni sína á þá miðstýringu á stjórnskipulagi Nýsköpunarmiðstöðvar sem felst í frumvarpinu.

Að öðru leyti eru ákvæði um nýsköpunarmiðstöð í núgildandi lögum um opinberan stuðning við tækniþróun (lög nr. 4/2003) færð lítt breytt inn í frumvarpið. Skynsamlegt væri að nota tækifærið nú til að styrkja þessi ákvæði, t.d. með því að auka sjálfstæði þjónustumiðstöðvarinnar og höfða til samstarfs við fleiri aðila. Samhliða þessu gæti verið gagnlegt að marka stefnu um hvaða verkefni einkaaðilar geta annast og eðlilegt væri að bjóða út.

### **Opinberar rannsóknir**

ASÍ telur að ganga eigi mun lengra í að sameina skyldar opinberar rannsóknarstofnanir heldur en lagt er til í frumvarpinu, t.d. með því að sameina fleiri rannsóknarstofnanir á sviði iðnaðar-, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis. Rétt er að vekja athygli á að í þeirri grein frumvarpsins sem fjallar um rannsóknir (5. gr.) er aðallega fjallað um tæknirannsóknir. Flétta hefði mátt inn í þessa grein ákvæði um rannsóknir á atvinnuþróun.

### **Fjármögnunarstarfsemi**

ASÍ leggst gegn öllum ákvæðum frumvarpsins sem fjalla um breytingar á fjármögnunarsjóðum (6.-17. gr.). Hæpið er að þörf sé á að halda úti sérstökum sjóði til að sinna atvinnuþróun landsbyggðarinnar (Byggðasjóði). Eðlilegra hefði verið að allar eignir fjármögnunarhluta Byggðastofnunar rynnu inn í Nýsköpunarsjóð. Þá eru engin augljós rök fyrir þeim tilfærslum á hýsingu Tryggingasjóðs útflutnings og Tækniþróunarsjóðs sem lagðar eru til

### **Aðrir liðir /staðsetning**

Undir liðnum „Önnur ákvæði“ er iðnaðarráðherra falið vald til að ákveða staðsetningu Nýsköpunarmiðstöðvar. Nú liggur fyrir ákvörðun hans um að staðsetja höfuðstöðvarnar á Sauðárkróki. Það er afleitt að höfuðstöðvar rannsóknarstofnana, þjónustufyrirtækja og fjármögnunarsjóða, sem eru með meginstarfsemi sína á höfuðborgarsvæðinu, sé flutt á brott með þessum hætti. Þetta er dæmi um þau óheillavænlegu áhrif sem of mikil miðstýring opinberra aðila á Nýsköpunarmiðstöð getur haft. Eðlilegra væri að sjálfstæð stjórn skipuð fulltrúum atvinnulífsins tæki ákvörðun um staðsetningu höfuðstöðvanna.

### **Samantekt**

Þrátt fyrir að í frumvarpinu sé eitt og annað sem til framfara horfir, sérstaklega sameining Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins, þá eru vankantarnir of margir. Alþýðusamband Íslands leggst því eindregið

gegn því að frumvarp það sem hér er til umsagnar verði samþykkt í þeirri mynd sem það er í dag.

### **Frumvarp til laga um kjararáð, 710. mál**

*24. apríl 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist beiðni um umsögn um ofangreint mál. Ekki þarf að fara mörgum orðum um aðdraganda þessa máls, en ASÍ hefur um langt árabíl gagnrýnt ríkjandi fyrirkomulag við ákvörðun launa kjörinna fulltrúa þjóðarinnar og æðstu embættismanna.

Í hjálögðu frumvarpi er um margt komið til móts við gagnrýni ASÍ, sérstaklega hvað varðar skipulag, skipan ráðsins og stjórnsýslulega stöðu þess. ASÍ fagnar því að Kjararáðmúr og kjaranefnd skuli lagðar af og þess í stað stofnuð ein nefnd, kjararáð. Jafnframt fagnar ASÍ því að tekin skuli af öll tvímæli um að ekki sé um dómstól að ræða heldur stjórnsýslunefnd, sbr. síðustu málsgrein 10. gr. þar sem kveðið er á um að ákvörðunum og úrskurðum ráðsins verði ekki skotið til æðra stjórnvalds.

ASÍ fagnar því að stefnt skuli að því að fækka þeim sem taka laun samkvæmt ákvörðun ráðsins, en í 1. gr. og 5. gr. er fjallað um þennan þátt. ASÍ telur að affarasælast sé að sem flestir hópar semji um sín kjör í beinum samningum. Engu að síður er ljóst að kjör ákveðinna „ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu“ fari í þennan farveg en mikilvægt er að halda umfangi þessa í hófi.

Í 10. gr. er opnuð heimild fyrir því að ráðið geti tekið ákvarðanir um launahlutföll og heildarstarfskjör sjaldnar en árlega og tengt viðkomandi við launabreytingar skv. launavísitölu í samráði við Hagstofu Íslands. ASÍ telur þetta rétt skref, sérstaklega þegar um er að ræða starfskjör kjörinna fulltrúa. Með þessu fyrirkomulagi væri hægt að ákvarða heildarstarfskjör t.d. á kjördegi og láta þau síðan fylgja launavísitölu, og þannig koma í veg fyrir að stjórn-málamenn missi trúverðugleika sinn líkt og gerðist um síðustu áramót.

Í 1., 8. og 9. gr. eru viðfangsefni ráðsins skilgreind nánar. ASÍ fagnar því að í frumvarpinu og greinargerð með því sé undirstrikuð skylda kjararáðs „að taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði“ eins og segir í síðustu mgr. 8. greinar.



ASÍ gagnrýnir hins vegar harðlega hvernig hugtökin „laun og starfskjör“ eru skilgreind í frumvarpinu, sérstaklega hvað varðar kjörna fulltrúa, ráðherra og hæstaréttardómara. Samkvæmt frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir því að Alþingi og forsætisnefnd Alþingis fari með veigamikla þætti í heildarkjörum þessara aðila en ekki kjararáð.

Þetta á sérstaklega við ákvæði laga nr. 88/1995 um þingfararkaup og þingfararkostnað, sérstaklega 2., 3., 5. grein sem fjalla um sérstakar launauppbætur vegna tiltekinna þátta og lög nr. 141/2003 um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Það hefur verið skýr krafa ASÍ að öll kjör þessara aðila verði til umfjöllunar á einum stað, hjá Kjararáði. Að afmarka og þrengja hlutverk Kjararáðs með þessum hætti er að mati ASÍ fullkomlega óeðlilegt að einungis til þess fallið að hylja gríðarleg sérrettindi þessara aðila, réttindi sem nema tugum prósentu m.v. hin beinu laun.

Það er mat ASÍ það muni aldrei ríkja friður um laun og starfskjör kjörinna fulltrúa svo lengi sem Alþingi viðheldur þessum feluleik og krefst þess að á þessu verði gerð breyting. Að óbreyttu lýsir ASÍ sig því andsnúð þessu frumvarpi þar sem það gengur ekki nógu langt og lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórn og Alþingi.

### **Frumvarp til laga um atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES og atvinnuréttindi útlendinga (ríkisborgarar nýrra aðildarríkja), 771 mál**

*25. apríl 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES og atvinnuréttindi útlendinga (ríkisborgarar nýrra aðildarríkja), 771 mál.

Alþýðusamband Íslands hefur í þeim viðræðum sem það hefur á síðustu vikum átt við stjórnvöld og samtök atvinnurekenda vegna stöðu launafólks frá nýjum aðildarríkjum EES, lagt áherslu á að treysta þurfi reglur og framkvæmd á vinnumarkaði og tryggja kjör og réttindi þessara starfsmanna óháð því hvaða ráðningarfyriðkomulag þeir búa við. Þannig hefur verkalýðshreyfingin m.a. lagt áherslu á að böndum verði náð yfir starfsemi þeirra erlendu fyrirtækja sem hér stunda þjónustustarfsemi af ýmsum toga og treysta stöðu starfsmanna þeirra sérstaklega.

Alþýðusambandið hefur lagt áherslu á að mikilvægt sé að hafa yfirlit yfir það launafólk sem hingað kemur til starfa frá nýju aðildarríkjunum, hjá hverjum það starfar og við hvað. Jafnframt þurfi að vera hægt að fylgja því eftir að þessir starfsmenn njóti launa og annarra starfskjara í samræmi við það sem gildir hér á landi.

Með fyrirbyggjandi frumvarpi til laga um atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES og atvinnuréttindi útlendinga (ríkisborgarar nýrra aðildarríkja) er í mikilvægum atriðum komið til móts við þessi sjónarmið, hvað varðar það launafólk sem kemur til starfa hjá fyrirtækjum sem starfa hér á landi. Það er þó ljóst að miklu skiptir hvernig staðið verður að framkvæmd mála af hálfu stjórnvalda og að hún verði í nánu samstarfi og samráði við aðila vinnu- og atvinnu- og búseturétt launafólks. Kveðið er á um að fyrirtækin tilkynni til Vinnu- og atvinnu- og búseturétt launafólks um alla starfsmenn sem þau ráða frá nýju aðildarríkjunum og leggi jafnframt fram afrit af ráðningarsamningi. Vinnu- og atvinnu- og búseturétt launafólks skal halda skrá yfir þessar tilkynningar og fylgjast með þróun mála í þessum efnum. Jafnframt er stofnuninni heimilt að beita fyrirtæki dagsektum ef þau uppfylla ekki tilkynningaskyldu sína.

Alþýðusambandið telur það einnig mjög mikilvægt að Vinnu- og atvinnu- og búseturétt launafólks er samkvæmt frumvarpinu skylt að afhenda hlutaðeigandi stéttarfélagi afrit af ráðningarsamningum ef grunur er um að fyrirtæki sé að brjóta á rétti starfsmanna. Það verður síðan stéttarfélaganna áfram sem hingað til að fylgja því eftir að hinir erlendu starfsmenn njóti kjara og annarra réttinda í samræmi við það sem gildir fyrir viðkomandi fyrirtæki/starfsgrein þar sem starfið er unnið.

Að hálfu Alþýðusambandsins hefur verið lögð rík áhersla á að koma þurfi böndum yfir starfsemi erlendra þjónustu- og verktakafyrirtækja sem eru með starfsemi sína hér á landi um lengri eða skemmri tíma og nota til þess útlenda starfsmenn, ekki síst frá nýju aðildarríkjunum. Kröfur ASÍ hafa m.a. beinst að því að útlendum þjónustu- og verktakafyrirtækjum verði gert skylt að veita upplýsingar um starfsemi sína og leggja fram staðfestingar um það að þau virði kjarasamninga og lög hér á landi sé þess óskað.

Alþýðusambandið hefur í þessu sambandi lagt áherslu á að skilgreind verði ábyrgð þeirra fyrirtækja hér á landi sem nota þjónustu framangreindra fyrirtækja, m.a. hvað varðar kjör og réttindi starfsmannanna. Þá hefur Alþýðusambandið lagt áherslu á mikilvægi þess að samræma og samþætta aðkomu, upplýsingamiðlun, eftirlit og aðgerðir stjórnvaldsstofnana og aðila vinnu- og atvinnu- og búseturétt launafólks, sem miða að því að treysta stöðu erlends launafólks sem hingað kemur til starfa á vegum þjónustuveitenda og verktakafyrirtækja og koma í veg fyrir brot þeirra á starfsmönnum sínum og gagnvart skyldum sínum við íslenskt samfélag.

Einnig hefur Alþýðusambandið lagt áherslu á skyldur stjórnvalda og atvinnurekenda sem nýta sér erlent launafólk, ekki síður en verkalýðshreyfingarinnar til að upplýsa það um réttindi sín og skyldur í íslensku samfélagi. Síðast en ekki síst hefur ASÍ bent á mikilvægi þess að sporna við gerviverk-

takastarfsemi og á samfélagslega ábyrgð stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að útboðum og gerð verksamninga vegna verklegra framkvæmda og vörukaupa af ýmsu tagi.

Framangreindum sjónarmiðum hefur verið haldið á lofti í viðræðum við stjórnvöld í tengslum við þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á stöðu launafólks frá nýju aðildarríkjunum 1. maí nk. Þau eru einnig sá grundvöllur sem fulltrúar ASÍ munu byggja á í starfi sínu á vettvangi nefndar félagsmálaráðherra um stöðu og réttindi erlends launafólks á vinnumarkaði sem ráðherra hefur boðað að setja á laggirnar ekki síst að kröfu Alþýðusambandsins og sem ljúka á störfum fyrir 1. nóvember nk.

Í ljósi framanritaðs er það afstaða Alþýðusambands Íslands að mikilvægt sé að framangreint frumvarp félagsmálaráðherra verði að lögum fyrir 1. maí nk. en áréttar jafnframt þá afstöðu sína að þetta frumvarp er aðeins fyrri hluti málsins. Eftir stendur mikilvægi þess að treysta kjör og réttindi starfsmanna erlendra þjónustu- og verktakafyrirtækja sem hér starfa og áskilur sér allan rétt til að fylgja eftir þeim sjónarmiðum sem hér hafa verið sett fram í þeirri vinnu sem framundan er á vettvangi nefndar félagsmálaráðherra.

### **Greinargerð:**

#### **Stækkun EES, frjáls för launafólks og íslenskur vinnumarkaður Minnisblað 25. apríl 2006**

Þegar metið er hvaða áhrif stækkun ESB/EES og hnattvæðingin almennt hefur haft á íslenskan vinnumarkað er ljóst að stærstu vandamálin sem komið hafa upp tengjast ekki launafólki frá nýju aðildarríkjunum sem komið hefur til starfa hér á landi í beint ráðningarsamband við fyrirtæki sem hér hafa staðfestu. Þá er ljóst að regluramminn er skýrastur hvað varðar það fyrirkomulag ráðningar, þar sem kjarasamningar og lög nr. 55/1980 gilda ótvírætt og án undantekninga.

Þau vandamál sem einkum hafa komið upp og tengjast íbúum nýju aðildarríkjanna eru bundin ýmiss konar þjónustustarfsemi, starfsmannaleigum og annarri þjónustustarfsemi, þar sem frestunin á frjálsri för á ekki við og þar sem ráðningarsamband viðkomandi starfsmanna er við fyrirtæki sem skráð eru erlendis. Í þeim tilfellum hefur upplýsingaöflun verið mjög erfið og ýmiss konar réttaróvissa hefur skapast varðandi réttarstöðu fyrirtækjanna og kjör starfsmanna.

Sú óvissa sem hér er vísað til varðar m.a. spurninguna um það að hve miklu leyti kjarasamningar og lög hér á landi gilda um hin erlendu þjónustufyrirtæki og starfsmenn þeirra. Þannig er ljóst að lög nr. 54/2001 um útsenda starfsmenn ná ekki til allra þeirra þátta sem lög og kjarasamningar hér kveða á um. Því er spurning að hve miklu leyti lög nr. 55/1980 vernda kjör hinna

erlendu starfsmanna. Þá hafa komið upp spurningar um hvort atriði eins og gildi vinnustaðabáttar kjarasamninga og ýmis sérkjör sem samið hefur verið um í tilteknum notendafyrirtækjum eigi við um starfsmenn sem eru í ráðningarsambandi við starfsmannaleigu, eða annað þjónustufyrirtæki, sem samið er við. Þá má benda á þætti eins og stéttarfélagasáðild og greiðslur í félagssjóði stéttarfélaga, orlofs- og sjúkrasjóðsiðgjöld, skattalega stöðu fyrirtækjanna og einstaklinga og fleira.

Þá liggur fyrir að allar upplýsingar og eftirlit með starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja, veru starfsmanna á þeirra vegum og launum og öðrum starfskjörum þeirra hér á landi hafa verið takmarkaðar og úrræði hefur skort til að bregðast við þegar tilefni hafa gefist til. Með lögum um starfsmannaleigur er reynt að bregðast við þessum vanda hvað varðar starfsmannaleigurnar, en önnur þjónustustarfsemi er þar undanskilin.

Loks má geta þess að þó ekki hafi enn sem komið er reynt mikið á gervi-verktöku af hálfu einstaklinga frá nýju aðildarríkjunum, þá er það vandamál sem eflaust á eftir að koma upp hér á landi í einhverjum mæli eins og annars staðar á næstu mánuðum.

Því hefur verið haldið fram að ákvörðunin um að fresta gildistöku frjálsu fararinnar gagnvart nýju aðildarríkjunum 1. maí 2004 hafi haft þveröfug áhrif miðað við það sem að var stefnt. Þannig hafi frestunin í reynd aukið þrýstinginn á að skorti á vinnuafli við stórfamkvæmdir og í byggingariðnaði hér á landi væri mætt með samningum við starfsmannaleigur og önnur þjónustufyrirtæki. Eitthvað kann að vera til í þessu. Í það minnsta jókst fjöldi umsókna um atvinnuleyfi og útgáfa þeirra verulega, þegar dregið var úr formkröfum vegna atvinnuleyfa fyrir borgara nýju ríkjanna sl. haust.

Á móti hefur verið bent á að áhrif frestunarinnar séu í reynd mjög takmörkuð eftir að fyrirkomulagi við afgreiðslu atvinnuleyfanna var breytt sl. haust og því felist í henni takmörkuð skýring á fjölda þeirra launamanna sem hingað koma á grundvelli þjónustusamninga. Þá er ákveðinn ótti við að ef allt verði gefið frjálst 1. maí nk. komi á skömmum tíma hingað til lands verulegur fjöldi verkafólks frá nýju aðildarríkjunum sem sé tilbúið til að sætta sig við lakari kjör en hér gilda án þess að við því verði spornað. Þannig sé ákveðin hætta á að það eftirlit sem þó er til staðar í dag muni glatast án þess að nokkuð annað komi í staðinn.

#### *Erlent launafólk í beinu ráðningarsambandi*

Fjölgun erlends launafólks í beinu ráðningarsambandi við fyrirtæki sem starfa hér á landi hefur einnig skapað nýjar aðstæður og vandamál á vinnumarkaði. Hér er verið að vísa til þeirrar staðreyndar að fyrirtæki sem hér starfa og ráða útlendinga til vinnu hafa í vaxandi mæli ráðið viðkomandi starfsmenn á lægstu

kjör verkafólks sem heimilud eru samkvæmt kjarasamningum, óháð því hvort viðkomandi einstaklingar vinna við sérfræðistörf eða störf sem krefjast löggiltra fagréttinda og ber að launa í samræmi við það. Þetta fyrirkomulag hefur sannanlega leitt til alvarlegra undirboða á íslenskum vinnumarkaði.

### **Hver eru markmiðin?**

Markmiðin af hálfu verkalýðshreyfingarinnar þegar meta á hvers sé þörf og hvað þurfi að gerast varðandi frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkjum EES og stöðu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði eru m.a. eftirfarandi:

- Að bein ráðning sé meginregla vegna starfa á íslenskum vinnumarkaði.
- Að erlent launafólk sem starfar hér á landi njóti sömu launa og starfskjara og annarra réttinda og þeir sem fyrir eru á vinnumarkaði.
- Að þær reglur sem gilda hér á landi um samskipti á vinnumarkaði séu viðurkenndar og virtar í reynd.
- Mikilvægt er að fullnægjandi úrræði séu til staðar til að fylgjast með að kjarasamningar og lög séu haldin og hægt sé að fylgja því eftir eins og nauðsyn krefur.
- Mikilvægt er að til séu á hverjum tíma sem áreiðanlegastar upplýsingar um þá útlendinga sem hér eru að störfum, fjölda, hvaðan þeir koma, hverjir það eru, hvar þeir starfa og við hvað þeir starfa.

### **Tillaga um frestun á frjálsri för**

*Í ljósi framanritaðs lagði ASÍ til að frjálsri för launafólks frá nýju aðildarríkjunum yrði frestað í allt að þrjú ár í viðbót.*

Til að mæta þeim sjónarmiðum að ekki megi þrengja svo að möguleikum fyrirtækja hér á landi til að ráða einstaklinga frá nýju aðildarríkjunum beint að þau leiðist þess vegna frekar út í að nýta sér þjónustu starfsmannaleiga eða annarra þjónustufyrirtækja var lagt til að „danska leiðin“ yrði farin. Með dönsku leiðinni er vísað til þeirrar leiðar sem Danir ákváðu að fara árið 2004 og mikil sátt var um, en hún felur í sér mildustu leið við frestun á frjálsri för launafólks frá nýju aðildarríkjunum.

Í sinni einföldustu mynd felur „danska leiðin“ í sér:

- Launafólk frá nýju aðildarríkjunum má koma og leita að starfi í Danmörku á sömu forsendum og aðrir EES borgarar.
- Atvinnuleyfi er veitt á grundvelli ráðningarsamnings sem lagður er fram og sem uppfyllir danska kjarasamninga og venjur.
- Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafa eftirlit með og fylgja eftir að kjarasamningar og venjur séu virt gagnvart þessu launafólki.

Markmið Dananna var að hafa sem besta yfirsýn yfir fjölda þeirra sem

koma frá nýju aðildarríkjunum til starfa í Danmörku og fylgja því eftir að viðkomandi njóti kjara í samræmi við kjarasamninga og venjur í Danmörku.

Rökin fyrir þessari afstöðu er að íslenskur vinnumarkaður sé ekki enn tilbúinn til að taka við frjálsri för launafólks frá nýju aðildarríkjunum og að mikilvægt sé að treysta frekar innviði vinnumarkaðarins og þær reglur og þau kjör sem þar gilda. Þá er mikilvægt að með þessari aðferð er helst mögulegt að fylgjast með fjölda þeirra sem koma hingað til að starfa hjá fyrirtækjum sem hér hafa staðfestu og hvaða kjörum þeir eru á.

Reynsla Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess hefur glögglega sýnt fram á að brot gagnvart erlendu starfsfólki eru mest þar sem upplýsingarnar eru minnstar og þar er jafnframt erfiðast að gæta hagsmuna þessara aðila.

Sú leið sem farin er með frumvarpi félagsmálaráðherra mætir í mikilvægum atriðum sjónarmiðum ASÍ varðandi frjálsu förina. Í því er hins vegar ekki að finna viðbrögð við örum áherslum ASÍ, þ.e. varðandi það launafólk sem ekki kemur hér á grundvelli frjálsrar farar.

### **Áherslur ASÍ í frekari vinnu til að treysta stöðu útlendinga á vinnumarkaði og aðhald með starfsemi þjónustu- og verktakafyrirtækja**

Eins og áður hefur komið fram er stærsti vandinn tengdur starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja sem nýta sér launafólk frá nýju aðildarríkjunum.

Hér á eftir er að finna þær áherslur sem ASÍ hefur sett fram í viðræðum við stjórnvöld og eru sá viðræðugrundvöllur sem fulltrúar ASÍ munu byggja á í starfi vinnuhóps félagsmálaráðherra sem skila á tillögum sínum fyrir 1. nóvember 2006.

#### *1. Lagt er til að sett verði lögjöf um skráningarskyldu, upplýsingaskyldu, eftirlit og aðhald með þjónustufyrirtækjum*

Með lögum um starfsmannaleigur náðist mikilvægur áfangi varðandi það að fylgjast með starfsemi starfsmannaleiga hér á landi, kjörum starfsmanna þeirra og hvernig bregðast mæti við ef ástæður þættu til. Markmiðið var að ná böndum yfir þessa starfsemi og treysta réttindi starfsmanna starfsmannaleiga, einkum erlendra.

Lagt er til að þjónustufyrirtæki sem bjóða vinnuframlag starfsmanna sinna sem hluta af þjónustu sem veitt er hér á landi þurfi að uppfylla sömu skyldur og nú gilda um starfsmannaleigur, þ.e.:

- Skrá sig hér á landi
- Tilnefna fulltrúa sinn
- Upplýsa um þá starfsmenn sem fyrirtækið hefur á sínum vegum hér á landi á hverjum tíma (sbr. starfsmannaleigulögin)

- Veita frekari upplýsingar um ráðningarsamninga og starfskjör eftir því sem Vinnumálastofnun gerir kröfur um
- Heimild Vinnumálastofnunar til að stöðva starfsemina ef ástæða er til
- Viðurlög í samræmi við heimildir í starfsmannaleigulögunum

Auk laganna um starfsmannaleigur má benda á að fordæmi fyrir upplýsingagjöf af þessu tagi er þegar til staðar í 110. gr. reglugerðar um útlendinga sem vísa má til. Einnig ber að hafa í huga þá sátt sem nú virðist í sjónmáli um vinnutímatilskipunina á vettvangi ESB.

Ljóst er að við óbreytt ástand mun þrýstingurinn aukast enn frekar á að nýta þjónustusamninga, aðra en samninga við starfsmannaleigur. Þegar af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að slíkir samningar lúti a.m.k. sömu skilyrðum og samningar við starfsmannaleigur.

### *2. Gerð verði krafa um ábyrgð notendafyrirtækja.*

Þetta er krafa sem ASÍ setti fram við undirbúning löggjafarinnar um starfsmannaleigur. Spurningin er hvort ekki er bæði rétt og skylt að halda þessari kröfu til haga og þá gagnvart öllum notendafyrirtækjum, óháð því hvort um er að ræða samninga við starfsmannaleigur eða aðra þjónustuveitendur/verktaka. Ekki eru líkur til að þessi krafa nái fram að ganga og því mætti á móti spyrja hvort rétt sé að láta hana liggja að þessu sinni.

### *3. Úrræði aðila vinnumarkaðarins til að fá upplýsingar um raunveruleg laun og starfskjör erlends verkafólks verði treyst frekar.*

Skoða má hvort hægt er að styrkja stöðu trúnaðarmanna/fulltrúa stéttarféлага til að hafa eftirlit með kjörum erlendra starfsmanna enn frekar en nú er, sbr. samkomulag ASÍ og SA frá 7. mars 2004 og 2. gr. laga nr. 55/1980. Reynslan hefur sýnt að það skortir á að samningurinn hafi að geyma fullnægjandi heimildir og skapi nauðsynlegt aðhald.

Þá er spurningin hvort leggja á til heimildir stjórnvalda (Vinnumálastofnunar) til að fá upplýsingar um kjör allra erlendra starfsmanna, líka þeirra sem eru í beinu ráðningarsambandi ásamt viðbragðsheimildum, líkt og gildir um starfsmannaleigur, þótt eftirfylgnin væri eftir sem áður fyrst og fremst í höndum aðila vinnumarkaðarins.

### *4. Skipulagt samstarf stjórnvaldsaðila og aðila vinnumarkaðarins verði formbundið og treyst með það að markmiði að samræma upplýsingagjöf og aðgerðir.*

Ljóst er að margt má bæta varðandi framkvæmdina af hálfu opinberra aðila, samræmda upplýsingasöfnun og miðlun og aðgerðir. Þetta gildir um þætti eins og útgáfu og eftirlit með kennitölum og virðisaukaskattsnúmerum

til einstaklinga. Skráningu og eftirlit með starfsemi og skattskilum og erlendra þjónustufyrirtækja sem hér starfa. Hér koma m.a. til álita Vinnuálastofnun, Ríkisskattstjóri, Hagstofan (bráðum dómsmálaráðuneytið vegna kennitöluútgáfu), Útlendingastofnun og Ríkislögreglustjóri (auk lögregluembætta/sýslumanna í einstaka umdæmum).

Ekki er víst að vilji sé til að koma á slíku formbundnu skipulegu samstarfi opinberlega. Þrátt fyrir það er mikilvægt að ASÍ og aðildarsamtökin efli tengsl og samstarf við stjórnvaldsstofnanir með það að markmiði að treysta framkvæmdina varðandi eftirlit með erlendum þjónustufyrirtækjum og kjörum og aðbúnaði erlendra starfsmanna hér á landi. Hér mætti skoða sérstaklega hvort rétt er og mögulegt að nýta með einhverjum hætti vinnustaðæftirlit Vinnueftirlitsins í þessum tilgangi.

*5. Aukin verði upplýsingagjöf og aðstoð við erlent verkafólk sem hér starfar.*

Gerð verði krafa um að stjórnvöld leggi aukna fjármuni í upplýsingagjöf og aðstoð við erlent verkafólk sem hér starfar.

*6. Leitað verði leiða til að koma í veg fyrir og draga eins og kostur er úr hættunni á gerviverktöku, þ.m.t. af hálfu útlendinga sem hingað koma til starfa.*

Hér er um að ræða vandamál sem hefur verið vaxandi og illviðráðanlegt víða í löndunum í kringum okkur, þar sem gerviverktaka hefur verið notuð af fyrirtækjum (og einstaklingum frá nýju aðildarríkjunum) til að komast undan þeim skyldum sem kjarasamningar og lög kveða á um.

*7. Ábyrgð vegna útboða og verksamninga af hálfu hins opinbera og fyrirtækja á þess vegum að koma í veg fyrir félagsleg undirboð.*

Kannaðir verði kostir þess að ILO samþykkt nr. 94 um samninga á vegum opinberra aðila verði fullgild hér á landi, eða meginreglum hennar a.m.k. hrint í framkvæmd hér á landi.

Samþykktin gengur í aðalatriðum út á að við gerð verksamninga setji opinberir aðilar og fyrirtæki í ráðandi eigu opinberra aðila skilyrði er fela í sér að þjónustuaðilar séu skuldbundnir til að fylgja reglum sem eiga að koma í veg fyrir að þeir geti stundað félagsleg undirboð á vinnumarkaði (sjá nánar minnisblað um þessa samþykkt sem dreift verður á miðvikudag).

*Frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, 712. mál. 25. apríl 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Á bak við frumvarp þetta liggur umfangsmikil og vönduð vinna og virðist frumvarpið í öllum aðalatriðum vera til bóta. Ein athugasemd er þó gerð.



Mansal og vændi er sorglegt birtingarform mannlegrar þjáningar. Í frumvarpinu er réttilega haldið áfram á þeirri braut að halda því refsínæmu að þriðji aðili hagnist fjárhagslega á slíku athæfi. Hins vegar er sú leið ekki gengin á enda og ekki mælt fyrir um refsínæmi þess að kaupa vændi. ASÍ mælir mjög eindregið með því að svo verði gert enda skiptir engu máli hvort sá sem hagnast af vændi nýtur þess hagnaðar í formi fjármuna eða annarra gæða sem hann metur nokkurs virði, þ.m.t. útrásar hvata sinna og langana á líkama og sál annarrar manneskju.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vísinda- og tækniráð, 744. mál**

*28. apríl 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vísinda- og tækniráð, 744. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að svið stefnumótunar Vísinda- og tækniráðs verði víkkað svo það nái til nýsköpunar og atvinnuþróunar, auk vísinda og tæknipróunar eins og nú. Þá er gerð tillaga um að fulltrúum í ráðinu verði fjölgað um tvo sem forsætisráðherra skipi án tilnefningar. Í greinargerð með frumvarpinu segir að miðað skuli við að þeir komi úr atvinnulífínu og hafi reynslu eða sérþekkingu sem nýst geti við hagnýtingu rannsókna.

#### **Athugasemdir ASÍ:**

##### **Víkkun sviðs stefnumótunar**

ASÍ styður þá tillögu að svið stefnumótunar Vísinda- og tækniráðs verði víkkað. ASÍ vill þó vekja athygli á að með því að takast á hendur stefnumótun í atvinnuþróun verður meiri þörf en áður innan ráðsins fyrir samræmingu milli ólíkra ráðuneyta. Heildstæð stefnumótun í atvinnuþróunarmálum gerir kröfu um öfluga samþættingu atvinnu-, efnahags- og félagsmála. Of lítil áhersla á efnahagsþáttinn getur leitt til þess að tíðar og kröftugar sveiflur í gengi þurrki út allan ávinning í atvinnuþróun jafnóðum. Of lítil áhersla á félagslega þáttinn getur leitt til þess að úrelt byggðamynstur og skortur á menntun við hæfi hamli atvinnuuppbyggingu.

##### **Fjölgun í ráðinu**

ASÍ telur að þar sem talað er um að tveir nýir fulltrúar í Vísinda- og tækniráði eigi að koma komi úr atvinnulífínu þá sé eðlilegt að annar þeirra komi úr röðum atvinnurekenda og hinn úr röðum launafólks. Þá telur ASÍ einnig eðlilegt að þessir tveir nýju fulltrúar séu tilnefndir af viðeigandi heildarsamtökum – til að leggja áherslu á að þeir eru fulltrúar heildarhagsmuna. Útfæra mætti

Þetta þannig að forsætisráðherra óskaði eftir tilnefningu heildarsamtakanna á grundvelli ákveðinnar sérþekkingar sem sóst væri eftir í ráðið.

### **Samantekt**

Alþýðusambandið mælir með því að það frumvarp sem hér er til umsagnar verði samþykkt, en vonast jafnframt til að við afgreiðslu þess verði tekið tillit til ofanefndra athugasemda.

### **Frumvörp til laga um atvinnuleysistryggingar (742. mál) og vinnumarkaðsaðgerðir (788. mál)**

*2. maí 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Veitt er sameiginleg umsögn um þessi frumvörp enda eru þau hugsuð sem ein samvirk heild. Þau byggja annars vegar á niðurstöðum nefndar félagsmálaráðherra sem ASÍ átti aðild að og sem skilaði niðurstöðum sl. haust og hins vegar á samkomulagi sem náðist í tengslum við endurskoðun á forsendum kjarasamninga í nóvember sl.

Í öllum aðalatriðum fylgja frumvörpin þessum niðurstöðum og eru ásættanleg. ASÍ áskilur sérr þó allan rétt til þess að sækja á um aukna tekjutengingu atvinnuleysisbóta.

ASÍ vill að auki benda á eftirfarandi atriði.

ASÍ telur mikilvægt að áfram verði tryggð tengsl stéttarfélaga við atvinnulausa og telur nauðsynlegt að þeim sé ætlað hlutverk m.a. hvað varðar aðstoð og fræðslu við atvinnulausa félagsmenn sína. ASÍ gerir því ákveðinn fyrirvara við niðurlagningu þeirra nefnda sem starfa skv. gildandi lögum og sem séð hafa um úthlutun og afgreiðslu atvinnuleysisbóta.

ASÍ gerir alvarlegar athugasemdir við þá ráðgerð að tvöfalda refsingu þess launafólks sem segir starfi sínu lausu án gildra ástæðna. Í fyrsta lagi tekur þá við 40 daga biðtími eftir bótum sbr. 54.gr. frumvarpsins og í öðru lagi svipting tekjutengingar sbr. 32.gr. þess. ASÍ hefur lagt til þá málamiðlun að umræddir dagar dragist frá hinu tekjutengda tímabili en upphefji það ekki með öllu. Sú málamiðlun er ítrekuð.

Jafnframt eru gerðar athugasemdir við að ekki sé gert ráð fyrir fullu mótframlagi til lífeyrissjóðs úr atvinnuleysistryggingasjóði. Skv. 37.gr. frumvarpsins er mótframlagið bundið við 6% í stað þeirra 7% sem kjarasamningar áskilja frá 1.1 2005 og 8% frá 1.1 2007.

Til þess að takast megi að hrinda lögum um vinnumarkaðsaðgerðir í framkvæmd og til að efnt verði til árangursríkra vinnumarkaðsaðgerða sem eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins er ljóst að tryggja þarf fjármuni til verkefnisins. Það er skilningur ASÍ að þeir fjármunir eigi að koma úr ríkissjóði en frumvarpið er ekki nógu skýrt hvað þetta varðar.

Að lokum leggur ASÍ áherslu á, að mikilvægt er að standa vel að undirbúningi og framkvæmd á gildistöku laganna sem miðuð er við þann 1.7 nk. Ljóst er að mikið starf er óunnið í því efni.

### **Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um flugleiðsögubjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, 708. mál**

*19. maí 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um flugleiðsögubjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, 708. mál.

Markmið frumvarpsins er að stofna sérstakt hlutafélag í eigu ríkisins um flugleiðsögubjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar – en að stjórnarsýslustarfsemi, þ.m.t. eftirlitsstarfsemi Flugmálastjórnar, verði sinnt af sérstakri stofnun, Flugmálastjórn Íslands.

Alþýðusamband Íslands sér ekkert því til fyrirstöðu að stofnað verði félag eins og það sem lagt er til í frumvarpi þessu.

Verði af stofnun þess leggur ASÍ samt áherslu á að í hvívetna og með sýnilegum og virkum hætti verði fylgt lögum um aðilaskipti að fyrirtækjum og réttarstaða allra starfsmanna verði tryggð.

Verði af stofnun hlutafélagsins leggur ASÍ einnig áherslu á að því verði sett skilyrði sem tryggja eðlileg gæði flugleiðsögubjónustu og flugvallareksturs og heilbriggt samkeppnisumhverfi á þessu sviði hér á landi.

### **Frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald ofl., 794. mál**

*26. maí 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald ofl., 794. mál.

Málið er í þremur þingskjölum, 1213, 1250 og 1270. Gerð er grein fyrir afstöðu Alþýðusambands Íslands til einstakra þingskjala hér á eftir.

Um þingskjal 1213.

Frumvarpið snýr að þremur atriðum;

- Að framlengja tímabundna lækkun olúgjalds um 4 kr. frá 1. júlí 2006 til 31. desember 2006 til að bregðast við óhagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði á dísilolíu samanborið við þróun heimsmarkaðsverðs á bensíni.
- Að breyta sambærilegum ákvæðum varðandi sérstakt kílómetragjald til samræmis við tímabundna lækkun olúgjaldsins.
- Að heimila björgunarsveitum að nota litaða gjaldfrjálsa olú á ökutæki sín en greiða þess í stað sérstakt kílómetragjald.

Alþýðusamband Íslands er sammála framangreindum breytingum og mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Um þingskjal 1250

Breytingartillagan snýr að því að 4,5% af innheimtum tekjum af olúgjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku kílómetragjaldi renni til að efla almennings- samgöngur og til að auka hlut vistvænna orkugjafa í samgöngum. Ekki er að finna í frumvarpinu neina útfærslu á því hvernig þessum fjármunum skuli varið né heldur hvernig mæta skuli samdrætti á fjárframlögum til Vegagerðarinnar. ASÍ mælir því ekki með samþykkt þessarar breytingartillögu.

Um þingskjal 1270

Breytingartillagan snýr að því að lækka olú- og bensíngjald tímabundið um 6 kr. frá því sem það er í dag, í þeim tilgangi að hafa tímabundin áhrif á vísitölu neysluverðs og slá þannig á vaxandi verðbólgu.

Alþýðusamband Íslands hefur miklar áhyggjur af vaxandi verðbólgu og telur brýnt að stjórnvöld bregðist við með ábyrgari stjórn á ríkisfjármálunum. Tímabundin lækkun á olú- og bensíngjaldi dugar ekki ein og sér til að slá á þann vanda sem blasir við. Samhliða slíkum aðgerðum er nauðsynlegt að grípa til aðgerða á sviði ríkisfjármála sem draga úr vaxandi verðbólgu.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, 793. mál**

*26. maí 2006 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald ofl., 794. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, 793. mál.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila fyrirtækjum skattalega frestun tekju- færslu gengishagnaðar umfram gengistap vegna rekstrarársins 2005.

Rökin fyrir frumvarpinu eru þau að sá aukni sveigjanleiki í fyrningarfresti varanlegra rekstrarfjármuna og auknu heimildir til yfirfærslu á eftirstöðvum rekstrartaps vegna fyrri ára, sem tekin voru upp samhliða afnámi verðbólgu- leiðréttinga í skattskilum og reikningsskilum árið 2001 dugi ekki við núverandi ójafnvægi í efnahagslífinu.

Alþýðusamband Íslands vill taka eftirfarandi fram um frumvarpið:

Frumvarpinu er ætlað að taka á gengishagnaði fyrirtækja umfram gengistap á rekstrarárinu 2005, rekstrarári sem þegar er liðið. Frumvarpinu er því ætlað að breyta skattareglum með afturvirkum hætti. Afturvirkar breytingar á skattalögum verða að teljast afar óheppilegar og gera verður þá kröfu að færð

séu sterk rök fyrir slíkum breytingum, jafnvel þó að breytingin sé ívilnandi eins og í þessu tilfalli. Almenn skírskotun í miklar gengissveiflur getur ekki talist fullnægjandi röksemdafærsla.

Óstöðugleiki í efnahagslífinu hittir fleiri illa fyrir en skuldsett útflutningsfyrirtæki. Launafólk fer einnig illa út úr gengissveiflum og öðrum myndum óstöðugleika. Heimilin í landinu skulda yfir 1.000 milljarða. Stærsti hluti þeirra lána er verðtryggður en gengisbundin lán heimilanna hafa aukist að undanfögnu. Sveiflur á gengi krónunnar og mikil verðbólga koma sér því afar illa fyrir heimilin í landinu. Ekkert í frumvarpinu kemur til móts við launafólk.

Frumvarpinu er ætlað að hjálpa skuldsettum útflutningsfyrirtækjum til að lifa með óstöðugleika. ASÍ er ekki sammála þeirri sýn sem í því felst. Allt frá því þjóðarsáttarsamningarnir voru undirritaðir árið 1990 hefur stöðugleiki verið megináhersla verkalýðshreyfingarinnar. ASÍ gerir þá kröfu til stjórnvalda að þau stuðli að stöðugleika í stað þess að aðstoða fyrirtæki við að lifa með óstöðugleika.

Alþýðusamband Íslands er því ósammála þeim smáskammtalækningum sem felast í frumvarpinu og mælir gegn því að það verði samþykkt.



*Alþýðusambandið á fulltrúa í margvíslegum nefndum og ráðum á vegum ýmissa aðila.*

## **Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum**

**m.v. 20. september 2006**

### ***Félagsmálaráðuneytið:***

#### ***Atvinnuleysistryggingasjóður***

*Á miðstjórnarfundi Alþýðusambandsins 7. júní 2006 var Vinnumarkaðsnefnd ASÍ falið að tilnefna fulltrúa ASÍ í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Vinnumarkaðsnefnd ASÍ tilnefndi eftirtalda í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.*

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Guðmund Þ. Jónsson. Varamenn eru Ísleifur Tómasson og Hilmar Harðarson.

Skipunartími: September 2010.

#### ***Ábyrgðasjóður launa***

*Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 24. nóvember 2004 var samþykkt að tilnefna Ingvar Sverrisson sem fulltrúa ASÍ í stjórn Ábyrgðasjóðs launa og Björn Snæbjörnsson til vara.*

Skipunartími: Október 2008.

***Eftirlitsnefnd um framkvæmd laga um frjálstan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES-svæðisins***

Á fundi sínum 23. janúar 2002 samþykkti miðstjórn Alþýðusambands Íslands að tilnefna Magnús M. Norðdahl sem aðalmann í eftirlitsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Varamaður er Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

Skipunartími: Ótilgreindur.

***Félagsdómur***

Miðstjórn Alþýðusambandsins Samþykkti á fundi sínum 20. október 2004 að tilnefna Láru V. Júlíusdóttur sem dómara í Félagsdómi og Vilhjálmi H. Vilhjálmsson til vara.

Skipunartími: 31. október 2007.

***Félagsdómur starfsgreinanna***

Í samræmi við samþykkt miðstjórnar ASÍ voru eftirtaldir skipaðir fulltrúar ASÍ í Félagsdóm á grundvelli 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80, 11. júní 1938. með síðari breytingum, en þar er m.a. vísað í 2. mgr. 44. gr. laganna.

***Verslun og þjónusta:***

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Til vara: Gunnar Páll Pálsson.

***Sjómennska:***

Sævar Gunnarsson.

Til vara: Hólmgeir Jónsson.

***Raf- og tækniönaður:***

Valgeir Jónasson.

Til vara: Bjarni Sigfússon.

***Matvælaíðnaður og framreiðsla:***

Niels S. Olgeirsson.

Til vara: Þorsteinn Gunnarsson.

***Störf verkafólks og sérhæfðra starfsmanna í öllum iðn- og starfsgreinum:***

Sigurður Bessason.

Til vara: Már Guðnason.

**Málmiðnaður, byggingariðnaður, garðyrkja, málun og hársnyrting:**

Halldór Jónasson.

Til vara: Pétur V. Maack.

Skipunartími: 31. október 2007.

**Félagsmálaskóli alþýðu**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti þá tillögu á fundi sínum 11. júní 2003 að Guðmundur Gunnarsson verði fulltrúi ASÍ í skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu og Níels S. Olgeirsson til vara.

Stjórn Menningar- og félagsmálaskóla alþýðu – MFA – samþykkti á fundi sínum 10. júní 2003 að tilnefna eftirtalda í skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu:

Aðalmenn:

Finnbjörn A. Hermannsson, Kolbeinn Gunnarsson, Björn Th. Árnason og Stefanía Magnúsdóttir.

Varamenn:

Hilmar Harðarson, Aðalsteinn Baldursson, Hrefna Hallgrímsdóttir og Ingi-björg R. Guðmundsdóttir.

Skipunartími: 28. september 2007.

**95. þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar 2006**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað á fundi sínum 8. mars 2006 að Magnús M. Norðdahl yrði fulltrúi á 95. þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) 2006. Varamaður hans er Sigurður Magnússon.

Skipunartími: Fram að ILO þingi 2007.

**Jafnréttisráð**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað á fundi sínum 11. júní 2003 að tilnefna Ísleif Tómasson sem fulltrúa ASÍ í Jafnréttisráði og Matthildi Sigurjónsdóttur til vara.

Skipunartími: Fram yfir næstu alþingiskosningar.

**Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd**

Að höfðu samráði við BSRB og BHM ákvað miðstjórn ASÍ á fundi sínum 25. ágúst 2004 að skipa Halldór Grönvold sem fulltrúa samtaka launafólks á Íslandi í ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd. Varamaður hans er Herdís Sveinsdóttir frá BHM.

Skipunartími: Ótilgreindur.



***Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 2. júní 1993 var ákveðið að tilnefna Halldór Grönvold sem fulltrúa Alþýðusambands Íslands í samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins um EES. Varamaður er Magnús M. Norðdahl.

Skipunartími: Ótilgreindur.

***Samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 20. apríl 2005 var samþykkt að tilnefna Halldór Grönvold sem fulltrúa ASÍ í samstarfsnefnd á grundvelli 25. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga og Magnús M. Norðdahl til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur.

***Starfshópur um bann við mismunun á vinnumarkaði***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 2. nóvember 2005 var ákveðið að skipa Magnús M. Norðdahl sem fulltrúa ASÍ í starfshópin og Björn Snæbjörnsson til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur.

***Starfshópur um styrkingu vinnumarkaðarins***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 24. maí 2006 var ákveðið að skipa Halldór Grönvold og Þorbjörn Guðmundsson í starfshóp um styrkingu vinnumarkaðarins. Varamenn eru Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Skúli Thoroddsen.

Skipunartími: Ótilgreindur.

***Starfsmenntaráð***

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 7. júní 2006 var samþykkt að Menntanefnd ASÍ tilnefndi fulltrúa í starfsmenntaráð. Menntanefnd ákvað að tilnefna Guðmundur Gunnarsson og Halldór Grönvold. Varamenn eru Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Skúli Thoroddsen.

Skipunartími: September 2008.

***Vinnueftirlit ríkisins***

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti fundi sínum 11. júní 2003 að tilnefna Guðrúnu Kr. Óladóttur og Halldór Grönvold sem fulltrúa í stjórn VER. Varamenn voru tilnefndir, Stefán Ó. Guðmundsson og Halldór Jónasson.

Skipunartími: 1. júní 2007.

### ***Vinnumálastofnun***

Á miðstjórnarfundi Alþýðusambandsins 7. júní 2006 var vinnumarkaðsnefnd ASÍ falið að tilnefna fulltrúa ASÍ í stjórn Vinnumálastofnunar. Fulltrúar ASÍ eru:

Sigurður Besson og Halldór Grönvold. Varamenn eru Finnbjörn A. Hermannsson og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Skipunartími: September 2010.

### ***Þríhliða nefnd um ILO***

Alþýðusambands Íslands ákvað að tilnefna Magnús M. Norðdahl sem fulltrúa ASÍ í þríhliða nefnd um ILO - Alþjóðavinnumálastofnunina.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### **Fjármálaráðuneytið:**

#### ***Nefnd um endurskoðun á skattkerfinu***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 11. janúar 2006 var samþykkt að tilnefna Ólaf Darra Andrason sem fulltrúa ASÍ í nefndinni og Stefán Úlfarsson til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### **Forsætisráðuneytið:**

#### ***Íslenska upplýsingasamfélagið***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. september 2003 var samþykkt að tilnefna Margræti Lind Ólafsdóttur í samráðshóp um íslenska upplýsingasamfélagið og Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur.

#### ***Nefnd um matvælavæð á Íslandi***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 11. janúar 2006 var samþykkt að tilnefna Stefán Úlfarsson sem fulltrúa ASÍ í nefndinni og Ólaf Darra Andrason til vara.

Nefndin lauk störfum í júní 2006.

#### ***Nefnd um örorkubætur***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 11. janúar 2006 var samþykkt að tilnefna Gylfa Arnbjörnsson sem fulltrúa ASÍ í nefndinni.

Skipunartími: Ótilgreindur.

#### ***Samráðshópur um einfaldara Ísland***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 2. nóvember 2005 var ákveðið að skipa Gylfa Arnbjörnsson sem fulltrúa ASÍ í starfshópinn og Ingvar Sverrisson til vara.

Nefndin lauk störfum í september 2006.

**Hagstofan:*****Ráðgjafanefnd um vísitölu neysluverðs***

28. ágúst 2002 ákvað miðstjórn ASÍ að skipa Ólaf Darra Andrason, hagfræðing ASÍ, sem fulltrúa Alþýðusambandsins í ráðgjafanefnd um vísitölu neysluverðs.

Skipunartími: Ótilgreindur.

**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið:*****Nefnd um endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 9. apríl 2003 var samþykkt að tilnefna Þorbjörn Guðmundsson sem fulltrúa ASÍ í nefnd um endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu og Stefán Úlfarsson til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur.

***Samráðshópur um lyfjastefnu og lyfjalög***

Í umboði miðstjórnar ASÍ tilnefndi velferðarnefnd ASÍ 13. september 2004, Skúla Thoroddsen sem fulltrúa ASÍ í samráðshóp heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins um lyfjastefnu og lyfjaverð. Til vara Stefán Úlfarsson.

Skipunartími: Ótilgreindur.

**Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið:*****Iðntæknistofnun Íslands***

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 19. nóvember 2003 var samþykkt að tilnefna Örn Friðriksson sem fulltrúa ASÍ í stjórn Iðntæknistofnunar Íslands og að Guðmundur Gunnarsson yrði varamaður hans.

Skipunartími: 1. nóvember 2005.

***Nýsköpunarsjóður***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. maí 2006 var samþykkt að tilnefna Grétar Þorsteinsson sem fulltrúi ASÍ í stjórn Nýsköpunarsjóðs. Varamaður er Kristján Gunnarsson.

Skipunartími: Til aðalfundar Nýsköpunarsjóðs 2007.

***Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 7. nóvember 2001 var samþykkt að tilnefna Finnbjörn A. Hermannsson fulltrúa ASÍ í ráðgjafanefnd Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins.

Skipunartími: 4 ár.

**Landbúnaðarráðuneytið:*****Nefnd um verðlagsefirlit í landbúnaði***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 11. janúar 2006 var samþykkt að skipa Henny Hinz sem fulltrúa ASÍ í nefnd um verðmyndum garðyrkjuvara og ávaxta og Stefán Úlfarsson til vara.

Skipunartími: Ótímabundinn.

***Starfshópur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 19. febrúar 2003 var samþykkt að skipa Stefán Úlfarsson í starfshóp um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar og Ólaf Darra Andrason til vara.

Skipunartími: Ótímabundinn.

***Verðlagsnefnd búvara – sex manna nefnd***

Á fundi miðstjórnar var samþykkt að Björn Snæbjörnsson yrði fulltrúi ASÍ í Verðlagsnefnd búvara – sex manna nefnd og Stefán Úlfarsson til vara.

Skipunartími: júní 2007.

**Menntamálaráðuneytið:*****Nefnd um starfsnám***

Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi sínum 11. janúar 2006 að fela Menntanefnd ASÍ að tilnefna fulltrúa sinn í nefnd menntamálaráðherra um starfsnám. Menntanefnd tilnefndi Stefán Ó. Guðmundsson sem aðalmenn og Hilmar Harðarson til vara.

Nefndin lauk störfum í júní 2006.

***Nefnd um starfsnám á vinnustöðum***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. febrúar 2003 var samþykkt að tilnefna Garðar Vilhjálmsson og Níels S. Olgeirsson sem fulltrúa ASÍ í nefnd um starfsþjálfun á vinnustöðum samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 3. desember 2002. Varamaður Garðars er Alda Sigurðardóttir. Varamaður Níelsar er Vignir Eypórsson.

Nefndin hefur lokið störfum.

***Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi***

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti á fundi sínum 14. ágúst 1996 að fela landssamböndum innan ASÍ að tilnefna fulltrúa í samstarfsnefnd á vegum menntamálaráðuneytisins um starfsnám á framhaldsskólastigi. Nokkrar breytingar hafa orðið á tilnefningum síðan.

Eftirtaldir eru fulltrúar ASÍ í samstarfsnefnd um starfsnám á framhalds-skólastigi, SAMSTARF:

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir Til vara Stefanía Magnúsdóttir.

Vignir Eypórsson. Til vara Finnbjörn A. Hermannsson.

Skúli Thoroddsen.

Guðmundur Gunnarsson. Til vara Niels S. Olgeirsson.

Fulltrúi nema: Jónína Brynjólfsdóttir. Til vara Hulda Kristín Stefánsdóttir.

Skipunartími: 11. febrúar 2009.

### ***Starfsgreinaráð skv. lögum um framhaldsskóla***

Meginreglan er sú að fulltrúar eru skipaðir samkvæmt tilnefningu beint af viðkomandi landssambandi eða landsfélagi. Af hálfu ASÍ hafa eftirtaldir verið tilnefndir samkvæmt tillögum hlutaðeigandi landssambanda og landsfélaga:

Starfsgreinaráð fyrir hönnun og handverksgreinar: Skúli Thoroddsen.

### ***Stjórn Landsskrifstofu Leonardó da Vinci II***

Miðstjórn ASÍ samþykkti á fundi sínum 5. febrúar 2003 að Halldór Grönvold yrði aðalmaður í stjórn Landsskrifstofu Leonardó da Vinci áætlunarinnar og Garðar Vilhjálmsson varamaður.

Skipunartími: 31. desember 2006.

### ***Verkefnisstjórn um símenntun***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. nóvember 2004 var samþykkt að tilnefna Gylfa Arnbjörnsson sem fulltrúa ASÍ í verkefnisstjórn um símenntun og Rannveigu Einarsdóttur til vara.

Skipunartími: 1. nóvember 2007.

### ***Vísinda- og tækniráð***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 8. mars 2006 var samþykkt að tilnefna Rúnar Backman og Stefán Úlfarsson sem fulltrúa ASÍ í Vísinda- og tækniráð. Varamenn voru tilnefnd: Finnbjörn A. Hermannsson og Harpa Ólafsdóttir.

Skipunartími: 1. apríl 2009.

### ***Sjávarútvegsráðuneytið:***

#### ***Ráðgjafarnefnd fyrir Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 23. janúar 2002 var samþykkt að tilnefnda Aðalstein Á. Baldursson sem aðalmann. Varamaður samkvæmt tilnefningu miðstjórnar ASÍ 10. desember 2003 er Skúli Thoroddsen.

Skipunartími: 31. desember 2005.

### **Umhverfissráðuneytið:**

#### ***Umhverfisfræðsluráð***

Í umboði miðstjórnar tilnefndi forseti ASÍ með bréfi dags. 29. júní 2004 Heimir Janusarson, sem fulltrúa ASÍ í umhverfisfræðsluráð og Margréti Hálf-dánardóttur, til vara.

Skipunartími: júní 2007.

### **Utanríkisráðuneytið:**

#### ***Kaupskrárnefnd***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 15. júní 2005 var samþykkt að skipa Ólaf Darra Andrason, hagfræðing ASÍ, sem fulltrúa Alþýðusambandsins í Kaupskrárnefnd og Stefán Úlfarsson sem varamann hans.

Skipunartími: júlí 2007.

#### ***Kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 15. júní 2005 var samþykkt að skipa Magnús Norð-dahl sem fulltrúa Alþýðusambandsins í kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar og Skúla Thoroddsen til vara.

Skipunartími: júlí 2007.

#### ***Samráðsnefnd utanríkisráðuneytisins um alþjóðaviðskipti***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 19. febrúar 2003 var samþykkt að skipa Gylfa Arnbjörnsson sem fulltrúa ASÍ í samráðsnefnd utanríkisráðuneytisins um alþjóðaviðskipti.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### **Með samtökum atvinnurekenda (og fleirum):**

#### ***Evrópufræðasetrið***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 9. mars 2005 var staðfest aðild ASÍ að Evrópufræðasetrinu í samstarfi við Viðskiptaháskólann að Bifröst, BSRB, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir er fulltrúi ASÍ í stjórn setursins. Varamaður hennar er Halldór Grönvold.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - FA***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 30. ágúst 2006 var ákveðið að skipa eftirtalda í stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til aðalfundar FA árið 2006: Atla Lýðsson, Finnbjörn A. Hermannsson og Gylfa Arnbjörnsson. Varamaður Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Skipunartími: Til aðalfundar FA 2007.

### ***Kjararannsóknarnefnd***

Frá 19. nóvember 2003 sitja eftirtaldir sem fulltrúar ASÍ í Kjararannsóknarnefnd: Sigurður Bessason, Gunnar Páll Pálsson og Grétar Þorsteinsson.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***Kjararannsóknarnefnd – aðferðafræðihópur***

Ólafur Darri Andrason og Stefán Úlfarsson eru fulltrúar ASÍ í aðferðafræðihóp Kjararannsóknarnefndar.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***MENNT – samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 16. nóvember 2005 var ákveðið að Menntanefnd ASÍ skipaði fulltrúa ASÍ í stjórn Menntar fyrir tímabilið 2005 til 2006. Menntanefnd skipaði Stefaníu Magnúsdóttur og Kolbeinn Gunnarsson sem aðalmenn og Níels Olgeirsson og Lindu Baldursdóttir til vara.

Skipunartími: Til ársfundar Menntar 2006.

### ***Nefnd um starfsmat hjá Reykjavíkurborg***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 13. nóvember 2002 var samþykkt að skipa Ólaf Darra Andrason sem fulltrúa ASÍ í nefnd um starfsmat hjá Reykjavíkurborg.

Skipunartími: Ótímabundinn.

### ***Samráðsnefnd með ríki, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga um vinnutíma***

Fulltrúi í samráðsnefnd með ríki, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga um vinnutíma er Guðrún Óladóttir. Varamaður er Halldór Grönvold.

Skipunartími: Ótímabundinn.

### ***Samráðsnefnd með SA um vinnutímasamninga***

Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 16. apríl 1997 með síðari breytingum eru fulltrúar ASÍ í samráðsnefnd með SA um vinnutíma Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Skúli Thoroddsen og Halldór Grönvold. Til vara Einar Gunnarsson.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### **Á vettvangi ASÍ**

#### ***Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 9. febrúar 2005 var ákveðið að Grétar Þorsteinsson, Halldór Björnsson og Sigurður Bessason skipuðu stjórn Minningarsjóðs Eðvarðs Sigurðssonar.

Skipunartími: Til tveggja ára.

#### ***Listasafn ASÍ***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 8. mars 2006 var ákveðið skipa eftirtalin í rekstrarstjórn Listasafns ASÍ, Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, Gylfa Arnbjörnsson og Huldu Ólafsdóttur.

Skipunartími: Til tveggja ára.

#### ***Mímír – símenntun***

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands ? júní 2006 var samþykkt að Menntanefnd ASÍ skipaði fulltrúa í stjórn Mímis - símenntunar. Menntanefnd ákvað að skipa eftirtalda.

Aðalmenn:

Þórunni Sveinbjörnsdóttur, Ólaf Darra Andrason, Lindu Baldursdóttur, Stefán Ó. Guðmundsson og Stefaníu Magnúsdóttur. Varamenn:

Skipunartími: Til aðalfundar Mímis – símenntunar 2007.

### ***Ýmislegt:***

#### ***Fulltrúaráðsfundur Skjóls***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 9. febrúar 2005 var samþykkt að eftirtaldir yrðu fulltrúar fyrir Alþýðusamband Íslands í fulltrúaráði Skjóls. Guðmundur Þ. Jónsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Jóhanna E. Vilhelmsdóttir.

Til vara: Linda Baldursdóttir.

Skipunartími: Til fulltrúaráðsfundar Skjóls 2006.



### ***Norræni Genfarskólinn***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. febrúar 2003 var samþykkt að Rannveig Einarsdóttir yrði fulltrúi ASÍ í stjórn Norræna Genfarskólans og Finnbjörn A. Hermannsson til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***Stjórnarnefnd Leonardo da Vinci menntaáætlunarinnar***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. september 2003 var samþykkt að Hulda Ólafsdóttir yrði fulltrúi ASÍ í Stjórnarnefnd Leonardo da Vinci menntaáætlunarinnar á Evrópuvísu og Halldór Grönvold til vara.

Stjórnarnefndin hefur nú lokið störfum.

### ***Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 7. janúar 2004 var samþykkt að skipa Grétar Þorsteinsson og Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur sem fulltrúa ASÍ í stjórn Sögusafns verkalýðshreyfingarinnar.

Skipunartími: Til ársbyrjunar árið 2006.

### ***Öldrunarráð***

Á aðalfundi Öldrunarráðs fyrir árið 2006 voru eftirtaldir fulltrúar fyrir Alþýðusamband Íslands: Stefán Ólafsson, Linda Baldursdóttir og Stefán Úlfarsson.

Skipunartími: Til aðalfundar Öldrunarráðs 2007.



Á vegum miðstjórnar ASÍ starfa nokkrar málefnanefndir, sem taka til ítarlegrar umræðu afmörkuð og skilgreind viðfangsefni.

## Fastanefndir ASÍ - málefnanefndir

Neðangreindar fastanefndir eru skipaðar af miðstjórn ASÍ.

### **Alþjóðanefnd**

*Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (formaður), miðstjórn ASÍ*  
Guðrún Erlingsdóttir, LÍV (Kristín Sigurðardóttir til vara)  
Þorsteinn Gunnarsson, MATVÍS (Sverrir Halldórsson til vara)  
Helgi Jónsson, RSÍ (Anna Vala Eyjólfsdóttir til vara)  
Hákon Hákonarson, Samiðn ( Sigfús R. Eysteinnsson til vara)  
Hólmgeir Jónsson, SSÍ  
Kristján Gunnarsson SGS (Guðmundur Þ. Jónsson til vara)  
Sigrún Jónsdóttir, bein aðild (Jarþrúður Guðnadóttir til vara)  
Starfsmaður: Gylfi Arnbjörnsson

### **Atvinnumálanefnd**

*Pétur Sigurðsson, (formaður)* miðstjórn ASÍ  
Kristín Björnsdóttir, LÍV (Páll H. Jónsson til vara)  
Níels S. Olgeirsson, MATVÍS (Sverrir Halldórsson til vara)  
Borgþór Hjörvarsson, RSÍ (Björn Eysteinnsson til vara)  
Hermann Guðmundsson, Samiðn (Guðmundur Ó. Guðmundsson til vara)  
Sævar Gunnarsson, SSÍ  
Signý Jóhannesdóttir (formaður), SGS (Guðmundur Þ. Jónsson til vara)  
Bragi Guðmundsson, bein aðild (Sæmundur Árnason til vara)  
Starfsmaður: Stefán Úlfarsson

### **Jafnréttis- og fjölskyldunefnd**

*Stefanía Magnúsdóttir (formaður)*, miðstjórn ASÍ  
Sigurður Sigfússon, LÍV (Margrét Ingbórsdóttir til vara)  
Sigurður Magnússon, MATVÍS (Þuríður H. Guðbrandsdóttir til vara)  
Ísleifur Tómasson, RSÍ (Jens Ragnarsson til vara)  
Súsanna Vilhjálmsdóttir, Samiðn (Tryggvi Arnarson til vara)  
Sævar Gunnarsson, SSÍ  
Matthildur Sigurjónsdóttir, SGS (Ingibjörg Magnúsdóttir til vara)  
Einar Sigurjónsson, bein aðild (Kristján Möller til vara)  
Starfsmaður: Marianna Traustadóttir

### **Mennta- og útbreiðslunefnd**

*Guðmundur Gunnarsson (formaður)*, miðstjórn ASÍ  
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, LÍV (Jón Ragnar Jónsson til vara)  
Níels S. Olgeirsson, MATVÍS (Jón K. Jónsson til vara)  
Stefán Ó. Guðmundsson, RSÍ (Stefán Sveinsson til vara)  
Hilmar Harðarson, Samiðn (Guðmundur Ó. Guðmundsson til vara)  
Elías Björnsson, SSÍ  
Kolbeinn Gunnarsson, SGS (Aðalsteinn Baldursson til vara)  
Stefán Ólafsson, bein aðild (Sigrún Jónsdóttir til vara)  
Starfsmaður: Halldór Grönvold

### **Kjara- og skattanefnd**

*Sigurður Bessason (formaður)*, miðstjórn ASÍ  
Gunnar Páll Pálsson, LÍV (Guðbrandur Einarsson til vara)  
Sigurður Magnússon, MATVÍS (Níels S. Olgeirsson til vara)  
Björn Ágúst Sigurjónsson, RSÍ (Georg Georgsson til vara)  
Vignir Eypórsson, Samiðn (Finnbjörn A. Hermannsson til vara)  
Sævar Gunnarsson, SSÍ

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, SGS (Sveinn Hálfánarson til vara)  
Sigurgeir Sigmundsson, bein aðild (Árni Scheving til vara)  
Starfsmaður: Ólafur Darri Andrason

### **Lífeyrisnefnd**

*Grétar Þorsteinsson (formaður), miðstjórn ASÍ*  
Gunnar Páll Pálsson, LÍV (Ingibjörg R. Guðmundsdóttir til vara)  
Níels S. Olgeirsson, MATVÍS (Þorsteinn Gunnarsson til vara)  
Guðmundur Gunnarsson, RSÍ (Andri Jóhannesson til vara)  
Þorbjörn Guðmundsson, Samiðn (Finnbjörn A. Hermannsson til vara)  
Konráð Alfreðsson, SSÍ  
Þórunn Sveinbjörnsdóttir, SGS (Björn Snæbjörnsson til vara)  
Georg Páll Skúlason, bein aðild (Bragi Guðmundsson til vara)  
Starfsmaður: Gylfi Arnbjörnsson

### **Skipulags- og starfsháttanefnd**

*Kristján Gunnarsson (formaður), miðstjórn ASÍ*  
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (formaður), LÍV (Valur M. Valtýsson til vara)  
Níels S. Olgeirsson, MATVÍS (Jón K. Jónsson til vara)  
Guðmundur Gunnarsson, RSÍ (Grétar Guðmundsson til vara)  
Finnbjörn A. Hermannsson, Samiðn (Vignir Eypórsson til vara)  
Konráð Alfreðsson, SSÍ  
Sigurður Bessason SGS (Gunnar Guðmundsson til vara)  
Sæmundur Árnason, bein aðild (Georg Páll Skúlason til vara)  
Starfsmaður: Magnús Norðdahl

### **Velferðarnefnd**

*Þórunn Sveinbjörnsdóttir, (formaður), miðstjórn ASÍ*  
Guðbrandur Einarsson, LÍV (Margrét Ingbórsdóttir til vara)  
Þuríður H. Guðbrandsdóttir, MATVÍS (Þorsteinn Gunnarsson til vara)  
Ísleifur Tómasson, RSÍ (Ómar Baldursson til vara)  
Þorbjörn Guðmundsson (formaður), Samiðn (Vignir Eypórsson til vara)  
Jón Rósant Þórarinsson, SSÍ  
Linda Baldursdóttir, SGS (Ragna Larsen til vara)  
Stefán Ólafsson, bein aðild (Georg Páll Skúlason til vara)  
Starfsmaður: Stefán Úlfarsson

### **Vinumarkaðsnefnd**

*Úlfhildur Rögnvaldsdóttir (formaður), miðstjórn ASÍ*  
Unnur Helgadóttir, LÍV (Júnía Þorkelsdóttir til vara)

Þorsteinn Gunnarsson, MATVÍS (Níels S. Olgeirsson til vara)  
Björn Ágúst Sigurjónsson, RSÍ (Þórunn S. Jónsdóttir til vara)  
Lilja Sæmundsdóttir, Samiðn (Hermann Guðmundsson til vara)  
Sævar Gestsson, SSÍ  
Björn Snæbjörnsson, SGS (Þorkell Kolbeins til vara)  
Magnús Oddsson, bein aðild (Ásta Óla til vara)  
Starfsmaður: Halldór Grönvold

Auk þess skipar miðstjórn beint eftirtaldar nefndir:

#### **Laganefnd**

Kristján Gunnarsson, Finnbjörn A. Hermannsson og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir. Skipaður starfsmaður, Magnús M. Norðdahl

#### **Launanefnd**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Kristján Gunnarsson og Níels S. Olgeirsson

#### **Starfs- og fjárhagsnefnd**

Guðmundur Gunnarsson, Kristján Gunnarsson og Gunnar Páll Pálsson. Starfar með forsetum ASÍ og framkvæmdastjóra, Grétari Þorsteinssyni, Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur og Gylfa Arnbjörnssyni.



*Mikið og öflugt starf fór fram á Listasafni ASÍ á árinu og margir gestir heimsóttu safnið.*

## Listasafn ASÍ

### **Yfirlit yfir starfsemi safnsins október 2005 - september 2006**

Listasafn ASÍ er til húsa í Ásmundarsal, fyrrum húsi Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara að Freyjugötu 41 og hefur verið svo frá árinu 1997. Forstöðumaður safnsins er Kristín G. Guðnadóttir, listfræðingur.

Rekstrarstjórn safnsins skipa: Gylfi Arnbjörnsson, formaður, Hulda Ólafsdóttir og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Listráð safnsins skipa: Einar Garibaldi Eiríksson prófessor við Listaháskóla Íslands og Júlíana Gottskálksdóttir, listfræðingur ásamt forstöðumanni safnsins.

Auk forstöðumanns í 100% starfi eru tveir starfsmenn í 34% starfshlutfalli við safnið. Þeir vinna hvora sína vikuna frá þriðjudegi til sunnudags milli kl. 13.00 og 17.00. Þeir sjá um gæslu sýninga og upplýsingamiðlun til safngesta, hjálpa til við uppsetningu sýninga, auk þess að sinna tilfallandi verkefnum.

### **Sýningastarfsemi Listasafns ASÍ**

Á tímabilinu frá október 2005 – september 2006 voru haldnar 19 sýningar í Listasafni ASÍ. Um 8.000 manns sóttu sýningar í safninu á umræddu tímabili.

Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13.00-17.00 og er aðgangur ókeypis.

Meirihluti sýninga sem haldnar eru í Listasafni ASÍ eru á vegum listamannanna sjálfra. Fyrirkomulag sýninga er þannig að safnið auglýsir eftir umsóknum og er öllum myndlistarmönnum heimilt að sækja um sýningarádstöðu. Listamenn þurfa ekki að greiða fyrir afnot af sölum safnsins, en þeir bera hins vegar allan kostnað af sýningum sínum. Sú breyting hefur orðið frá fyrra ári, að safnið kostar nú og sér um að láta prenta boðskort og sendir út á eigin boðslista. Safnið sér einnig um og kostar sýningaropnun og býður upp á óáfengar veitingar.

Fyrir árið 2005 bárust alls 75 umsóknir frá um 100 listamönnum alls og er það umtalsverð aukning umsókna frá árinu áður. Frestur til að sækja um sýningarádstöðu í safninu á árinu 2006 var til 15. febrúar 2005. Litráð safnsins fjallaði um umsóknir vorið 2005 og úthlutaði öllum sýningartímabilum ársins 2006. Litráðið hefur það að leiðarljósi við val á listamönnum að verk þeirra séu í háum gæðaflokki. Einnig telur litráð mikilvægt að dagskráin endurspegli þá breidd sem íslensk myndlist hefur upp á að bjóða, bæði hvað varðar viðhorf listamanna, tækni og liststefnur. Aldursdreifing listamanna var einnig umtalsverð en elsti listamaðurinn sem fékk úthlutað sýningartímabili er fæddur 1925 en sá yngsti 1979.

Verk í eigu safnsins voru sýnd í Arinstofu alls fimm sýningartímabil og leitast var við að tengja þessar sýningar við sýningar listamanna í húsinu. Sumarsýning safnsins var samstarfsverkefnið Akvarell ASÍ Reykjavík. Á sýningunni voru vatnslitamyndir Svavars Guðnasonar í eigu safnsins sýndar í tengslum við nýjar vatnslitamyndir Daða Guðbjörnssonar, Eiríks Smith, Hafsteins Austmanns og Kristínar Þorkelsdóttur. Á sýningunni ASÍ Fraktal grill var verkið Kröfuganga eftir Jón Engilberts hluti af innsetningu í Arinstofu. Olga Bergmann var með innskot í sýningu á verkum Jóns Stefánssonar í tengslum við sýninguna Utan garðs og innan.

### *Sýningar í Listasafni ASÍ október 2005 – september 2006*

15. október – 6. nóvember

Ásmundarsalur og Arinstofa:

**Þorbjörg Þorvaldsdóttir:** *Staðir fyrir minningar.* Þrívíddarverk og vídeóverk.

Gryfja:

**Karen Ósk Sigurðardóttir:** *Teikningar.*

12. nóvember – 4. desember

Ásmundarsalur, Gryfja og Arinstofa:

**Örn Þorsteinsson og Magnús Guðlaugsson:**

*Vinsamlegast. Höggmyndir og ljósmyndaverk*

14. jan – 5. febrúar

Ásmundarsalur, Gryfja og Arinstofa:

**Ragnheiður Ágústsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Tinna Gunnarsdóttir:** *Verk – hlutur – hlutverk.* Hönnun og myndlist.

11. febrúar – 5. mars

Ásmundarsalur:

**Ingibjörg Jónsdóttir:** *Fínofnar himnur og þulur um tímann.* Vefnaður Gryfja:

**Guðrún Marinósdóttir:** *Einskonar gróður.* Verk unnin úr hrosshári.

Arinstofa:

**Vigdís Kristjánsdóttir:** *Myndvefnaður í eigu Listasafns ASÍ.*

11. mars – 2. apríl

Ásmundarsalur og Gryfja

**Olga Bergmann:** *Utan garðs og innan.* skúlpúr/myndbandsverk.

Arinstofa:

**Jón Stefánsson:** *Málverk í eigu Listasafns ASÍ.* Olga Bergmann: Innskot.

8. – 30. apríl

Ásmundarsalur:

**Anna Jóelsdóttir:** *heima?/home?* Málverk

Gryfja:

**Ásta Ólafsdóttir:** *Túbab, túbab.* Innsetning og myndbandsverk.

Arinstofa:

**Ásta Ólafsdóttir:** *Ljósmyndir og myndbandsverk frá Malí.*

6. maí – 28. maí

Ásmundarsalur, Gryfja og Arinstofa:

**Kees Visser:** *Málverk*



3. – 25. júní

Ásmundarsalur, Gryfja og Arinstofa:

**Huginn Þór Arason og Unnar Örn Jónasson:** *ASÍ Fraktal Grill*. Innsetning.

1. júlí – 13. ágúst

Ásmundarsalur og Gryfja:

**Daði Guðbjörnsson, Eiríkur Smith, Kristín Þorkeldsdóttir og Hafsteinn Austmann:** *Akvarell ASÍ Reykjavík*. Vatnslitamyndir.

Arinstofa:

**Svavar Guðnason:** *Vatnslitamyndir í eigu Listasafns ASÍ*.

19. ágúst – 10. september

Ásmundarsalur:

**Alexandra Signer og Tumi Magnússon.** *Vídeó-innsetningar*. Myndbandsverk

Gryfja:

**Aleksandra Signer.** Innsetning

Arinstofa:

**Gunnlaugur Scheving, Jóhann Briem og Jóhannes S. Kjarval:**

*Málverk í eigu Listasafns ASÍ*.

16. september – 8. október

Ásmundarsalur:

**Ragnheiður Jónsdóttir:** *Storð. Teikningar*

Gryfja:

**Harpa Árnadóttir:** *Teikningar*. Innsetning

Arinstofa:

**Harpa Árnadóttir:** *Öll þessi orð og hljóðnaðir sálmar*. Innsetning

### ***Aðrir viðburðir í safninu***

Alls voru 11 sýningaropnanir á tímabilinu. Þær eru haldnar á laugardögum kl.14.00 eða 15.00 og boðið er til þeirra með útsendingu boðskorts auk þess sem safnið sendir út tilkynningar á netfangalista safnsins. Sýningaopnanir fá jafnan nokkra fjölmiðlaumfjöllun og eru vel sóttar.

Tekin hefur verið upp sú nýbreytni að bjóða upp á listamannspjall einn til tvo sunnudaga í mánuði. Þá taka þeir listamenn sem eiga verk á sýningum í safninu á hverjum tíma á móti gestum og ræða um verk sín.

Safnið tók þátt í *Vetrarhátíð og Safnanótt Reykjavíkurborgar* föstudaginn 24. febrúar frá kl. 19.00-24.00 undir yfirskriftinni „Textíll og tónlist“

Listakonurnar Guðrún Marinósdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir tóku á móti gestum og spjölluðu um verk sín auk þess sem Dúóið Stemma, þau Herdís Anna Jónsdóttir og Steef van Oosterhout héldu tvenna tónleika í safninu. Þau léku íslensk þjóðlög og síthvað fleira á víolu, steina og marimbu.

*Íslenski Safnadagurinn* var haldinn hátíðlegur í safninu þann 9. júlí. Þau Eiríkur Smith, Daði Guðbjörnsson og Kristín Þorkelsdóttir tóku á móti gestum og ræddu um verk sín auk þess sem gestum var boðið upp á léttar veitingar.

*Safnið tók þátt í Menningarnótt sem haldin var laugardaginn 19. ágúst 2006* var safnið þá opið til kl. 22.00. Framlag safnsins til Menningarnætur var sýningaropnun á vídeó-innsetningum Tuma Magnússonar og Aleksöndru Signer.

### **Safnaeign, safnauki og millisafnalán**

Skráð listaverk í eigu og vörslu safnsins eru um 1.650. Verkin eru skráð í skrásetningarforritið Virtual Collections II, sem er notað á flestum listasöfnum landsins. Skráningu á verkum safnsins er að mestu lokið, nema hvað eftir er að skrá fjölmargar teikningar eftir Kristinn Pétursson úr gjöf til safnsins. Áfram er smám saman unnið að því að ljósmynda verk safnsins og bæta myndum inn í skrásetningarforritið.

Á tímabilinu voru keypt til safnsins 31 verk sem öll eru unnin á pappír, ýmist með blýanti, vatnslitum eða þrykkt.

### **Listi yfir ný aðföng safnsins:**

#### **Eiríkur Smith**

ASÍ-S-1764. Gráveður, 2006. Vatnslitir, 49 x 63 cm.

ASÍ-S-1763. Úr landslagi, 2004. Vatnslitir, 49 x 63 cm

#### **Erró**

ASÍ-S-1751. Til heiðurs Halldóri Kiljan Laxness. 1979. 95/100. Silkiþrykk 50 x 75 cm ASÍ-S-1752. Til heiðurs Halldóri Kiljan Laxness. 1979. Epruve d'artiste. Silkiþrykk 50 x 75 cm

#### **Guðrún Gunnarsdóttir**

ASÍ-S-1769. Vatnslitahnyklar, 2006. Vatnslitir, kínverskur pappír, pappírþræðir.

13 einingar stærð frá 8 x 7 x 1,5 – 11 x 11 x 11 cm

#### **Hafsteinn Austmann**

ASÍ-S-1765. Andstæður, 2001. Vatnslitir, 58 x 45 cm

**Karen Ósk Sigurðardóttir**

ASÍ-S-1721-1724. Án titils, 2005. Blýantur á pappír, 66 x 95, 40 x 33, 29 x 29, 29 x 32 cm

**Karl Kvaran**

ASÍ-S-1770. Án titils, 1975. Vatnslitir, 53 x 73 cm

**Kees Visser**

ASÍ-S-1768. Bókverk, (catalogue raisonné) 1992-2002. 11/24. Akryl á pappír (ein mynd), þrykk á pappír, 42 x 30 cm

**Kristín Þorkelsdóttir**

ASÍ-S-1766. Akrafjall í ágústblíðu, 2005. Vatnslitir 30 x 40 cm

**Magdalena Margrét Kjartansdóttir:**

ASÍ-S-1718. Viljugur, 1993. Dúkrista og steinþrykk, 72 x 54 cm

ASÍ-S-1719. Dans á menningarári, 2000. Dúkrista 64 x 47 cm

ASÍ-S-1720. Í grasagarði, dúkrista og æting, 47 x 64 cm

**Ragnheiður Jónsdóttir**

ASÍ-S-1753-1762.

Til heiðurs Halldóri Kiljan Laxness, 1998. 19/50 Æting 53 x 65 cm myndröð  
alls fimm verk.

Til heiðurs Halldóri Kiljan Laxness, 1998. 20/50 Æting 53 x 65 cm myndröð  
alls fimm verk.

**Sigurður Örlygsson:**

ASÍ-S-1730. Tveir þrestir, 2005. Vatnslitir, 27 x 27 cm

ASÍ-S-1730. Fjórir spóar, 2005. Vatnslitir, 27 x 27 cm

ASÍ-S-1732. Jaðrakan, egg og fugl, 2005. Vatnslitir, 27 x 27 cm

**Sveinbjörg Hallgrímsdóttir**

ASÍ-S-1728. Hrafnamóðir, 2005. 5/10 Trérista, 54 x 116 cm

ASÍ-S-1729. Krunk, krunk, krá, 2005. Trérista 54 x 116 cm

**Millisafnalán:**

1.10. 2005– 30.3.2006 lánaði safnið eftirtalin verk eftir J.S.Kjarval  
á afmælisýninguna Essens sem haldin var að Kjarvalsstöðum til að minnast  
120 ára afmælis listamannsins:

ASÍ-S-688. J.S.Kjarval: Fjallamjólk, 1941, olía

ASÍ-S-689. J.S.Kjarval: Helligheiði, 1942, olía  
ASÍ-S-692. J.S.Kjarval: Sólarlag í hafi, 1934, vatnslitir  
ASÍ-S-693. J.S.Kjarval: Gaman að lifa, 1946, olía  
ASÍ-S-930. J.S.Kjarval: Þingvellir frá Háugjá, 1960-62 olía

24.4.-12.7.2006 lánaði safnið verk eftir Birgi Andrésson til Listasafns Íslands á yfirlitssýningu á verkum hans.

ASÍ-S-1650. Birgir Andrésson: Frímerki, 2000. Olía á plastfilmu.

18.9. – 6.12. 2006 lánaði safnið verk eftir Árna Ingólfsson til Listasafns Íslands á sýninguna Málverkið eftir 1980.

ASÍ-S-1312. Árni Ingólfsson: Án titils, 1983, olía.

### **Vinnustaðasýningar**

Listasafn ASÍ hefur um árabíl staðið að gerð fjölda sýninga í stofnunum og fyrirtækjum í Reykjavík og úti um land. Nú eru í gangi um 50 vinnustaðasýningar hjá verkalýðsfélögum, ýmsum opinberum stofnunum s.s. ráðuneytum og hjá einkafyrirtækjum. Listasafn ASÍ gerir tímabundinn samning við viðkomandi fyrirtæki og stofnanir. Verk eru lánuð til 6 mánaða í senn, með möguleika á framlengingu eftir því sem óskað er eftir. Þó er leitast við að skipta um sýningu á hverjum vinnustað árlega. Til að auka á fjölbreytni vinnustaðasýninga leigir Listasafn ASÍ listaverk af nokkrum listamönnum gegn gjaldi. Gott samstarf við listamenn hefur verið ein helsta stoðin undir aukningu vinnustaðasýninga og þar með aukinni tekjuöflun safnsins á þessum vettvangi. Innkaup safnsins á listaverkum styrkja einnig vinnustaðasýningarnar og gera safninu kleift að bjóða föstum viðskiptavinum upp á ný og áhugaverð verk. Sýningar Listasafns ASÍ í stofnunum og fyrirtækjum gera starfsemi safnsins frábrugðna starfsemi annarra listasafna og þjóna því markmiði safnsins að sem flestir fái notið myndlistar, einnig þeir sem ekki sækja söfn og sýningar að staðaldri.

### **Niðurlag**

Listasafn ASÍ hefur unnið út frá kjörorðunum Listina til fólksins – fólkið til listarinnar og hefur ræktað þetta hlutverk með fjölda vinnustaðasýninga og stöðugu sýningahaldi í húsakynnum safnsins. Haft hefur verið að leiðarljósi að fá til safnsins vandaðar og áhugaverðar sýningar, sem gefa margþætta inn-sýn í íslenska samtímalist og listhefð. Listasafn ASÍ hefur fullan hug á að þróa starfsemi áfram í þessum farvegi en leggja samtímis aukna áherslu á að efla sýningar á verkum í eigu safnsins, sem sum hver eru ómetanlegar perlu íslenskrar listasögu, og setja þau í nýtt samhengi.



## Fundir og fundasókn frá 5. október 2005 t

	2005			2006			
	5.	3.	10.	11.	25.	8.	2
	okt.	nóv.	nóv.	jan.	jan.	feb.	fe

### Miðstjórn

Björn Snæbjörnsson	x	x	x		x	x	
Finnbjörn A. Hermannsson	x	x		x	x	x	
Grétar Þorsteinsson	x	x	x	x			
Guðmundur Gunnarsson	x	x		x	x		
Gunnar Páll Pálsson	x			x	x		
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir				x	x	x	
Jón Ingi Kristjánsson		x	x	x	x	x	
Kristján Gunnarsson	x	x	x		x	x	
Niels S. Olgeirsson	x		x	x	x	x	
Pétur Sigurðsson		x	x	x		x	
Sigurður Bessason	x		x	x	x	x	
Stefanía Magnúsdóttir	x	x	x	x	x	x	
Sævar Gunnarsson	x	x	x	x	x	x	
Úlfhildur Rögnvaldsóttir			x	x	x		
Þórunn Sveinbjörnsdóttir		x	x	x	x	x	

### Varamenn

Björn Ágúst Sigurjónsson			x			x	
Georg Páll Skúlason	x	x	x				
Guðbrandur Einarsson			x	x		x	
Kolbeinn Gunnarsson	x	x			x		
Konráð Alfreðsson					x	x	
Kristín Björnsdóttir							
Ragna Larsen							
Sveinn Hálfðánarson		x		x			
Unnur Helgadóttir	x						
Þorsteinn Gunnarsson		x					
Örn Friðriksson			x				

# kn miðstjórnarmanna

15 til 4. október 2006

22. 8. 22. 5. 26. 10. 24. 7. 30. 5. 20. 4.  
feb. mar. mar. apr. apr. maí maí jún. ágú. sep. sep. okt.

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   | X | X | X | X |   | X |   |   |   | X | X |
| X |   |   |   |   |   |   | X | X | X | X | X |
| X | X | X | X |   | X | X | X | X | X | X | X |
| X | X | X | X | X |   | X |   | X |   | X | X |
|   |   | X | X | X | X |   |   | X | X | X | X |
| X | X | X | X | X | X | X | X |   | X |   | X |
| X | X | X | X |   | X | X | X | X | X |   | X |
| X | X | X | X | X |   | X |   | X | X | X | X |
|   | X | X |   | X | X | X | X | X | X | X | X |
| X | X | X | X | X |   | X | X | X | X | X | X |
| X | X | X |   | X | X | X | X | X | X | X | X |
| X | X | X |   | X |   | X |   |   | X | X | X |
| X | X | X |   | X | X | X | X | X | X | X | X |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   |   |   |   |   | X |   |   |   | X |   |   |
| X |   |   |   | X |   |   | X |   |   |   |   |
|   |   |   | X |   |   |   |   | X |   |   |   |
|   |   |   |   | X |   |   |   |   |   |   |   |
|   |   |   |   |   |   | X | X |   |   |   |   |
|   |   |   |   |   | X | X | X |   | X |   | X |
|   |   |   |   |   |   |   | X | X | X |   |   |
|   |   |   |   |   |   | X | X | X |   | X |   |
|   |   |   |   |   | X |   | X |   |   |   |   |
| X | X | X | X |   | X |   |   |   |   |   |   |

# Ýmsar upplýsingar úr skýrslum aðildarféлага

mv. 1. október 2006

|                                  | Greiðandi félagsmenn |                  |                  | Gjaldfrjálsir félagsmenn |                 |                  | Samtals          |
|----------------------------------|----------------------|------------------|------------------|--------------------------|-----------------|------------------|------------------|
|                                  | Karlar               | Konur            | Alls             | Karlar                   | Konur           | Alls             |                  |
| Bein aðild að ASÍ                | 2.246,00             | 1.363,00         | 3.609,00         | 259,00                   | 92,00           | 351,00           | 3.960,00         |
| Landssamband Ísl. Verzlunarmanna | 11.153,00            | 17.751,00        | 28.904,00        | 719,00                   | 1.131,00        | 1.850,00         | 30.754,00        |
| Rafiðnaðarsamband Íslands        | 3.664,00             | 499,00           | 4.163,00         | 416,00                   | 3,00            | 419,00           | 4.582,00         |
| Samíön, samband iðnfélaga        | 6.684,00             | 488,00           | 7.172,00         | 884,00                   | 6,00            | 890,00           | 8.062,00         |
| Sjómannasamband Íslands          | 3.126,00             | 59,00            | 3.185,00         | 305,00                   | 11,00           | 316,00           | 3.501,00         |
| Starfsgreinasambands Íslands     | 20.052,00            | 21.222,00        | 41.274,00        | 3.242,00                 | 4.206,00        | 7.448,00         | 48.722,00        |
| <b>Samtals</b>                   | <b>46.925,00</b>     | <b>41.382,00</b> | <b>88.307,00</b> | <b>5.825,00</b>          | <b>5.449,00</b> | <b>11.274,00</b> | <b>99.581,00</b> |

## Stjórnarmenn í félögum, skipt eftir kyni, flokkað eftir aðild að ASÍ - fjöldi

|            | Formenn |       | Varaformenn |       | Gjaldkerar |       | Ritarar |       | Meðstjórnendur |       | Samtals |       |      |
|------------|---------|-------|-------------|-------|------------|-------|---------|-------|----------------|-------|---------|-------|------|
|            | Karlar  | Konur | Karlar      | Konur | Karlar     | Konur | Karlar  | Konur | Karlar         | Konur | Karlar  | Konur | Alls |
| Bein aðild | 4       | 2     | 4           | 1     | 3          | 1     | 4       | 2     | 12             | 6     | 27      | 12    | 39   |
| LÍV        | 4       | 6     | 3           | 5     | 1          | 5     | 2       | 6     | 13             | 23    | 23      | 45    | 68   |
| RSÍ        | 7       | 2     | 6           | 1     | 7          | 1     | 6       | 2     | 14             | 1     | 40      | 7     | 47   |
